

Stjórnartíðindi

1998 - B-deild - 3. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 2326 og 2330.

Gallar á bls. 1722, 1857, 2143, og 2303.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1998

28. ágúst 1998

1693

Nr. 516

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 21. ágúst 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að tvær einbýlishúsalóðir eru gerðar að einni, Dimmuhvarfi 2. Á lóðinni er fyrirhugað að byggja einnar hæðar íbúðarhús, heimili fyrir einhverfa, um 470 m² að flatarmáli.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 6. júlí til 7. ágúst 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Kópavogi, 28. ágúst 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

27. ágúst 1998

Nr. 517

TILKYNNING

nr. 2/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. september 1998 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,80 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. ágúst 1998.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1998

Nr. 518

1694

26. ágúst 1998

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, Fífuhammsland, Salir.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. ágúst 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, frá 29. apríl 1994.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

- Arnarnesvegur er færður norðar og tengibraut sem var norðan við hann er felld út frá Leirdalsbotni að Jaðarseli.
- Verslunar- og þjónustusvæði í Leirdal er felld út.
- Iðnaðarsvæði í Rjúpnadal er felld út.
- Gert er ráð fyrir 9 holu golfvelli í Litla-Leirdal.
- Afmörkun fyrirhugaðs kirkjugarðs í Leirdal er breytt og hann stækkaður.
- Afmörkun bæjarverndar í Hádegishólum er breytt með tilvísan í ítarlegri afmörkun.
- Afmörkun íþrótta- og skólasvæðis breytist.
- Afmörkun íbúðarsvæðis breytist. Milli þess og íþrótta- og skólasvæðis er gert ráð fyrir hverfisþjónustu og leikskóla.
- Afmörkun íbúðarsvæðis við Arnarnesveg breytist og það færð til norðausturs.
- Göngu- og reiðleiðir breytast til samræmis við ofangreindar breytingar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 26. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1998

31. ágúst 1998

1695

Nr. 519

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts og útflutningsgjald.

Samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, og að tillögu Bændasamtaka Íslands frá 30. ágúst 1998, hefur verið ákveðið að hlutfall dilkakjöts af haustslátrun 1998, sem flutt verði á erlendan markað, skuli vera 15%. Engin útflutnings-skylda verði á kjöti af fullorðnu fé.

Þá hefur verið ákveðið, samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1998-1999, sbr. 5. mgr. 29. gr. greindra laga, verði kr. 166 á hvert kg af dilkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og óðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

2. september 1998

Nr. 520

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 377/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku (annarri en grænni) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, lituð	04.09.-30.09.98	ótilgr.	15	199

Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. september 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um skráningu samninga um kaupleigu eða leigu fiskiskipa.

1. gr.

Tilkynna skal til Fiskistofu fyrir 17. september 1998 um samninga um kaupleigu eða leigu á fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni með aflamarki og gerðir hafa verið fyrir 1. september 1998.

Skylda skv. 1. mgr. hvílir á kaupleigu- og leigutaka og skal ljósrit af samningi fylgja tilkynningu.

2. gr.

Sé samningi um kaupleigu- eða leigu sem tilkynntur hefur verið skv. 1. gr. sagt upp eða falli hann af öðrum ástæðum úr gildi fyrir þann tíma sem kveðið er á um í samningi skal leigutaki tilkynna Fiskistofu það innan 7 daga frá því að samningur fellur úr gildi.

3. gr.

Hafi tilkynning 1. gr. ekki borist innan tilskilins tíma er kaupleigu- eða leigutaka óheimilt að flytja aflamark milli hins leigða skips og annars skips leigutaka án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi sbr. ákvæði II til bráðabirgða við lög nr. 11/1998 og ákvæði II til bráðabirgða við lög nr. 12/1998.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. laga nr. 11, 27. mars 1998 um Kvótaþing og 13. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 1998

18. ágúst 1998

1697

Nr. 522

REGLUGERÐ

um vigtun sjávarafla.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Heimavigtunarleyfi: Leyfi til að endanleg vigtun afla fari fram í fiskvinnslustöð eða á fiskmarkaði, án þess að aflinn hafi áður verið vigtaður á hafnarvog.

Endurvigtunarleyfi: Leyfi til að endanleg vigtun afla fari fram í fiskvinnslustöð eða á fiskmarkaði, enda hafi aflinn áður verið vigtaður á hafnarvog.

Flutningsnóta: Nóta, gefin út af löggiltum vigtarmanni sem fylgja skal afla sem fluttur er frá löndunarhöfn, eða fiskmarkaði. Flutningsnóta skal afhent ökumanni flutningstækis sem flytur aflann.

Vigtarnóta: Nóta, gefin út af löggiltum vigtarmanni sem jafnframt er starfsmaður hafnar. Á vigtarnótu komi fram lokaniðurstaða vigtunar.

Úrtaksvigtarnóta: Nóta, gefin út af löggiltum vigtarmanni samkvæmt leyfi til endurvigtunar eða heimavigtunar.

I. KAFLI

Vigtun á hafnarvog.

2. gr.

Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Oheimilt er að flytja afla milli skipa, nema kveðið sé á um annað í reglugerð.

3. gr.

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog í eigu viðkomandi hafnar. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu. Sé hafnarvog ekki í viðkomandi verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa leyft vigtun með öðrum hætti, sbr. III. kafla og 36. gr.

4. gr.

Allur afli skal veginn ásamt ílátum og ís. Löggiltur vigtarmaður á hafnarvog skal skrá á vigtarnótu tegund, fjölda og áætlaða þyngd íláta og draga frá vegnum afla. Vigtarmanni er einnig heimilt að draga allt að 3% frá vegnum afla vegna áætlaðs íss í afla eftir að hafa gengið úr skugga um að ís sé til staðar.

Frádráttur vegna íss skal tilgreindur á vigtarnótu.

5. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar og vigtar aflann, gefur út og undirritar vigtarnótu með eftirfarandi upplýsingum:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afla.
4. Vegið aflamagn, sundurliðað eftir tegundum.
5. Undirmálsafla.
6. Tegundir íláta (t.d. kór, kassar, tunnur).
7. veiðarfæri.
8. Skrásetningarnúmer flutningstækis.

Ökumaður flutningstækis skal kynna sér aflasamsetningu farms sem hann flytur, og gefa vigtarmanni réttar upplýsingar þar um og gæta þess að upplýsingar á vigtarnótu gefi rétta mynd af farminum.

Ökumaður flutningstækis skal fá afrit af vigtarnótu og afhenda viðtakanda afla. Ökumanni er óheimilt að flytja afla frá löndunarhöfn fyrir en hann hefur fengið vigtarnótu afhenta.

6. gr.

Hafnaryfirvöld skulu tryggja að upplýsingar af vigtar- eða úrtaksvigtarnótum, sbr. 1. gr., séu skráðar í aflaskráningarkerfið Lóðs svo skjótt sem verða má og aldrei síðar en degi eftir að nóta liggur fyrir hjá viðkomandi höfn. Dragist skráning umfram það skulu hafnaryfirvöld tafarlaust tilkynna Fiskistofu um dráttinn og ástæður hans.

II. KAFLI

Endurvigtun.

7. gr.

Heimilt er Fiskistofu að veita leyfi til að ísaður afli, sem vigtaður hefur verið á hafnarvog sé endurvigtaður í tilteknu fiskvinnsluhúsi.

Um umsókn um endurvigtunarleyfi og veitingu leyfa vísast til ákvæða 8. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar getur enn fremur annast endurvigtun afla, enda sé löggilt vog notuð.

Fiskistofa skal tilkynna hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til endurvigtunar eða breytingar á þeim.

8. gr.

Aðili er óskar eftir leyfi til að vigta afla skal senda skriflega umsókn til Fiskistofu, sem tekur ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda.

Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn og kennitala umsækjanda.
2. Rök fyrir beiðni um endurvigtunarleyfi.
3. Starfsemi umsækjanda.
4. Staðsetning vinnsluhúss, sem vigtun fer fram í.
5. Nákvæm greinargerð um hvernig verði staðið að vigtun afla, hvers konar vogir verði notaðar og hvenær þær voru löggiltar.
6. Nöfn þeirra löggiltu vigtarmanna sem munu vigta aflann og hvenær þeir hlutu löggildinguna. Þá komi fram hjá hverjum hinn löggilti vigtarmaður starfi.
7. Rekstrarform fyrirtækisins og nöfn aðaleigenda.
8. Vinnsluleyfisnúmer.

Fiskistofu skal tilkynnt um breytingar á þeim atriðum sem upp eru talin að framan og getur Fiskistofa afturkallað vigtunarleyfi ef skilyrði fyrir leyfisveitingu teljast ekki uppfyllt að hennar mati.

Vanhæfur telst vigtarmaður ef tengsl hans við hlutaðeigandi fyrirtæki eða forsvarsmenn þess eru til þess fallin að draga megi óhlutdrægni hans í efa. Þó telst löggiltur vigtarmaður ekki vanhæfur þótt hann sé starfsmaður fiskvinnslu eða fiskmarkaðar þar sem vigtun fer fram, enda eigi hann ekki eignaraðild að rekstrinum. Minniháttar hlutafjäreign í almenningshlutafélagi telst ekki eignaraðild í þessu sambandi.

9. gr.

Fari afli til vinnslu í fiskvinnsluhúsi sem hefur leyfi til endurvigtunar eða á fiskmarkað sem hefur leyfi til endurvigtunar, skal löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar, gefa út flutningsnótu þar sem fram kemur eftirfarandi:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afla.
4. Fjöldi íláta og gerð, sundurliðað eftir tegundum afla.
5. Heildarþungi afla og íláta.
6. Sé um að ræða bretti eða palla sem ílátin eru flutt á skal gera grein fyrir fjölda þeirra.
7. Skrásetningarnúmer flutningstækis.

Ökumaður flutningstækis skal kynna sér aflasamsetningu farmsins, og gefa vigtarmanni réttar upplýsingar þar um og gæta þess að upplýsingar á flutningsnótu gefi rétta mynd af farminum.

Ökumaður flutningstækis skal fá afrit af flutningsnótu og afhenda viðtakanda afla. Ökumanni er óheimilt að flytja afla frá löndunarhöfn fyrr en hann hefur fengið flutningsnótu afhenta.

10. gr.

Þegar afli er endurvigtaður í fiskvinnsluhúsi eða á fiskmarkaði skal það gert svo fljótt sem verða má og án ástæðulauss dráttar.

Við endurvigtun er heimilt að vigta úrtak úr afla sem er ísaður í kassa eða kör í samræmi við reglur sem sjávarútvegsráðuneytið setur um lágmarksúrtak við vigtun.

11. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita úrtaks-vigtarnótu þar sem, auk þess sem segir í 5. gr., skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund:

1. Fjöldi og gerð íláta sem valin eru í úrtak.
2. Fyrir hvert ílát sem valið er í úrtak skal tilgreina:
 - a) þunga fisks í hverju íláti
 - b) þunga íss í hverju íláti
 - c) þunga íláts.
3. Reiknað hlutfall íss í afla. (Brúttóafla (þ.e. afli og ís skv. vigtun á hafnarvog) mínus nettóafla (við endurvigtun) margfaldað með 100, deilt með brúttóafla.)

III. KAFLI Heimavigtun.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur Fiskistofa veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog. Slík leyfi, þ.e. heimavigtunarleyfi, skulu aðeins veitt að fenginni jákvæðri umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað. Heimavigtunarleyfi nær aðeins til vigtunar á afla sem landað er á tilteknum löndunarstað, sem tilgreindur er í leyfisbréfi sem Fiskistofa gefur út. Fiskistofa getur bundið heimavigtunaleyfi skilyrðum, s.s. varðandi tegundir og aðferð við vigtun. Heimavigtunarleyfi skal þó því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit fyrirtækisins traust auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Aðili sem hefur heimavigtunarleyfi er jafnframt endurvigtunarleyfishafi sbr. II. kafla.

Um umsókn um heimavigtunarleyfi og veitingu leyfa vísast til ákvæða 8. gr.

Heimavigtunarleyfi má einnig veita í þeim tilvikum þegar loðnu, síld eða öðrum fisktegundum er landað beint úr veiðiskipi í hráefnisgeymslu fiskimjólsværksmiðja.

Loðnu, síld og annan fisk sem landað er á flutningstæki skal vigta á hafnarvog.

Fiskistofa getur í samráði við viðkomandi löndunarhöfn bundið heimavigtunarleyfi því skilyrði að leyfishafi tryggi, að tilkynningar um löndun og áætlaðan afla berist til löndunarhafnar og skal sú tilkynning sendast áður en löndun hefst.

13. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem annast heimavigtun skal velja úrtak, vigta afla og ganga frá úrtaksvigtarnótum skv. ákvæðum 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. og auglýsingar sjávarútvegsráðuneytisins um lágmarksúrtak.

Afli skal vigtaður án tafar eftir að honum hefur verið landað, og skal vigtarnótu eða úrtaksvigtarnótu skilað til löndunarhafnar þegar að vigtun lokinni.

IV. KAFLI Vigtun á fiskmarkaði.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. getur Fiskistofa veitt fiskmörkuðum leyfi til að endurvigta afla sbr. 7. gr. eða heimavigtunarleyfi sbr. 12. gr.

Leyfi til vigtunar á fiskmarkaði nær þó einungis til vigtunar á afla, sem seldur er á uppboði á viðkomandi fiskmarkaði.

Um umsókn um vigtunarleyfi til fiskmarkaða og veitingu leyfa vísast til ákvæða 8. gr.

15. gr.

Um vigtun afla á fiskmarkaði fer skv. ákvæðum II. og III. kafla reglugerðar þessarar um endurvigtun og heimavigtun eftir því sem við á.

Afla sem veginn hefur verið á fiskmarkaði og fluttur er til kaupanda skal fylgja flutningsnóta þar sem fram koma þau atriði sem tilgreind eru í 5. gr.

V. KAFLI Vigtun á humri.

16. gr.

Allur humar skal veginn á hafnarvog skv. ákvæðum 3. gr.

Um vigtun á humri sem er vigtaður samkvæmt endurvigtunarleyfi gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Humri, sem kemur slitinn í land, skal hellt í sérbúna ísskilju, ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af humarhólum áður en afli er veginn.

2. Humar sem slitinn er í landi, skal veginn að lokinni afísun áður en honum er pakkað.
3. Heimilt er að vigta heilan humar í umbúðum þegar að lokinni pökkun. Einungis skal draga þyngd umbúða frá heildarþyngd.

Á vigtarnótu skulu koma fram þau atriði sem tilgreind eru í 5. gr. Um skil á vigtarnótu gilda ákvæði 38. gr. Sé humar vigtaður skv. 3. tölulið þessarar greinar, gilda ákvæði lokamálsgreinar 25. gr. um skil á vigtarnótu.

VI. KAFLI

Vigtun á hörpudiski.

17. gr.

Allur hörpudiskur skal veginn á hafnarvog skv. ákvæðum 3. gr.

Vigtarmanni á hafnarvog er þó heimilt að draga allt að 4% frá vegnum afla vegna áætlaðra aðskotahluta í afla. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins leyfður að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að aðskotahlutir hafi verið í afla við löndun.

VII. KAFLI

Vigtun á ísaðri rækju.

18. gr.

Ísuð rækja skal veginn á hafnarvog skv. ákvæðum 3. gr.

Um ísaða rækju sem vigtuð er samkvæmt endurvigtunarleyfi gildir eftirfarandi:

Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtunina skal velja úrtak í samræmi við reglur sem sjávarútvegsráðuneytið setur um lágmarksúrtak við vigtun og láta það í sérbúna ísskilju. Hitastig vatns í ísskilju skal ekki vera yfir 15°C. Ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af rækjunni í allt að tvær klukkustundir áður en rækjan er veginn.

VIII. KAFLI

Skip er vinna afla um borð.

19. gr.

Skipstjórar skipa er vinna afla um borð frekar en að blóðga, slægja og ísa, skulu strax þegar veiðum er hætt tilkynna Fiskistofu í símskeyti (telefaxi eða telexi) um áætlað aflamagn hverrar fisktegundar eins nákvæmlega og unnt er ásamt fyrirhuguðum löndunardegi og löndunarstað. Er þeim skylt að landa afurðum sínum á Íslandi.

Þá skulu skipstjórar í lok hverrar veiðiferðar og áður en löndun hefst tilkynna viðkomandi löndunarhöfn skriflega og á því formi sem Fiskistofa ákveður, um áætlaðan fjölda eininga (t.d. kassa og/eða pakkninga) sem landað er af hverri afurð og þunga umbúða hverrar einingar. Í tilkynningunni skal einnig geta þess hvort einstakar afurðir, aðrar en flök, eru íshúðaðar sérstaklega. Vigtarmaður skal því aðeins draga frá vigtuðum afla vegna þyngdar umbúða og sérstakrar íshúðunar sbr. 3. mgr. 20. gr. að tilkynning skipstjóra hafi borist löndunarhöfn. Tilkynningar þessar skulu varðveittar hjá löndunarhöfn í samræmi við ákvæði 37. gr.

Vigtun afla skv. þessum kafla skal ætíð framkvæmd af starfsmönnum hafnar, sbr. þó 36. gr.

Afli skal vigtaður þegar við löndun, og skal vigtarnótu eða úrtaksvigtarnótu skilað til löndunarhafnar þegar að vigtun lokinni.

Einungis er heimilt að landa hluta af tiltekinni afurð vinnsluskips, ef allri framleiðslu tiltekinnna daga er landað, ásamt tilheyrandi vinnslusýnum.

20. gr.

Löggiltur vigtarmaður skal af handahófi velja það úrtak sem vigta skal þannig að það gefi sem réttasta mynd af framleiðsluafurðinni. Úrtakið skal miðað við áætlun skipstjóra hvað varðar fjölda eininga í viðkomandi afurð og skal vera í samræmi við reglur sem sjávarútvegsráðuneytið setur um lágmarksúrtak við vigtun. Með vigtun úrtaks skal finna meðalþyngd hvernar einingar í viðkomandi afurð.

Við útreikning á afla til aflamarks fyrir hverja tegund skal leggja til grundvallar meðalþunga eininga sem teknar voru í úrtak af hverri afurð af þeirri tegund, þunga umbúða, og reglur um ís í umbúðum sbr. 3. mgr. og nýtingarstuðla.

Er tekið er tillit til íss í afurðum skal margfalda nettóþunga flaka með 0,98. Heilfrysta grálúðu skal margfalda með 0,97 og heilfrystan karfa með 0,96. Um frádrátt vegna íss í öðrum afurðum sem sérstaklega eru íshúðaðar fer skv. ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.

21. gr.

Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun á afla skipa skv. þessum kafla skal ganga frá og gefa út vigtarnóta þar sem eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afla.
4. Fyrir hverja afurð komi eftirtaldar upplýsingar fram:
 - a) Fjöldi eininga skv. talningu við löndun.
 - b) Fjöldi eininga í úrtaki.
 - c) Heildarþungi úrtaks.
 - d) Nettóþungi úrtaks. (Heildarþungi að frádregnum þunga bretta, umbúða og íss.)
 - e) Nettóþungi einingar. (Nettóþungi úrtaks deilt með fjölda eininga í úrtaki.)
 - f) Nettóþungi afurðar. (Nettóþungi einingar margfölduð með heildarfjölda eininga.)

Rækjufrystiskip.

22. gr.

Vega skal heildarafla af rækju sem er lausfryst í pokum eða fryst í blokkir á hafnarvog skv. 3. gr.

Aðila sem hefur endurvigtunarleyfi er heimilt að endurvigta frysta rækju og skal þá löggiltur vigtarmaður standa að vigtun í samræmi við reglur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá 1. janúar 1990, um aðferð til ákvörðunar á nettóþyngd sjófrystar rækju.

23. gr.

Forsóðin rækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 3. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni.

Hrærækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 3. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni. Frá þannig vegnu aflamagni frystrar hrærækju skal síðan draga 10% vegna vatns í afla.

Vigtarnóta skal vera samkvæmt 21. gr. eftir því sem við á.

24. gr.

Rækju sem veidd er vestan 26°00'V og norðan 65°30'N (á Dohrnbanka) skal haldið aðgreindri frá annarri rækju eða auðkennd sérstaklega og skal hún vegin sérstaklega. Sérstaklega skal getið um þann afla í tilkynningu til Fiskistofu skv. 19. gr.

Skip sem fletja um borð.

25. gr.

Afli saltfiskskipa skal veginn skv. ákvæðum 3. gr.

Endurvigtun á saltfiski skal framkvæmd þannig að afli sem hefur legið minnst fjóra daga í þækli og telst full þækilsaltaður (vatnsinnihald minna en 60%) skal tekinn úr þæklinum, allt laust salt skal slegið af fiskinum og hann veginn af löggiltum vigtarmanni á löggilta vog.

Heildarþungi sem er niðurstaða þeirrar vigtunar, skal lagður til grundvallar útreikningi á afla skips þannig:

1. Flattur saltfiskur: Heildarþunginn skal margfaldaður með 1,931 til að reikna út afla skips miðað við slægðan fisk með haus.
2. Söltuð flök: Heildarþunginn skal margfaldaður með 1,428. Síðan skal við útreikning á afla skipsins, miðað við slægðan fisk með haus, leggja til grundvallar afurðastuðla skv. reglugerð um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum eða afurðastuðla sem fengist hafa með nýtingarmælingum um borð í veiðiskipinu í samræmi við ákvæði reglugerðar um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum.
3. Flattur fiskur (ósaltaður): Heildarþunginn skal margfaldaður með 1,389 til að reikna út afla skips miðað við slægðan fisk með haus.

Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun skv. þessari grein skal ganga frá og undirrita vigtarnótu í samræmi við ákvæði 21. gr.

Á vigtarnótu skulu koma fram þau atriði sem tilgreind eru í 5. gr. Nótunni skal skilað til viðkomandi löndunarhafnar undirritaðri af þeim löggilta vigtarmanni sem sá um vigtunina eigi síðar en næsta virka dag eftir að afli var veginn. Berist upplýsingar um endurvigtun ekki til löndunarhafnar innan 7 daga frá því afli var fyrst vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn, skulu hafnaryfirvöld skrá aflann í aflaskráningarkerfið Lóðs, skv. vigtun á hafnarvog.

IX. KAFLI

Vigtun afla sem fluttur er óunninn á markað erlendis.

26. gr.

Sé fyrirhugað að flytja út til sölu erlendis óunninn afla, þ.e. afla sem ekki hefur verið flakaður eða flattur, í gámum eða með öðru flutningsfari en viðkomandi veiðiskipi, skal skipstjóri veiðiskips tryggja að áður en afli er settur um borð í flutningsfarið sé tilkynnt til Fiskistofu um útflutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum og ílátum eins nákvæmlega og unnt er.

Tilkynning skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem Fiskistofa lætur í té. Sé afli skips fluttur út í fleiri en einum gámi skal skila eyðublaði fyrir hvern gám. Í hverju íláti skal að jafnaði einungis vera ein fisktegund. Þó er heimilt að fylla ílát með öðrum tegundum og skal þá hver tegund vera aðskilin og ílátið merkt sérstaklega með upplýsingum um þær tegundir sem í því eru og skal þess sérstaklega getið á áætlanareyðublaði til Fiskistofu. Aldrei er þó heimilt að flytja út þorsk með öðrum tegundum í sama íláti.

Verði gámur fylltur smám saman, þannig að afla er hlaðið oft í gáminn, er óheimilt að setja afla í gáminn eða taka afla úr honum nema að viðstöddum hafnarstarfsmanni. Hafnarstarfsmaður skal læsa gámnum eftir að afli hefur verið settur í hann. Allan afla, sem settur er í gám með þessum hætti, skal áður vigta á hafnarvog og skal aflinn strax að vigtun lokinni settur í gáminn.

27. gr.

Allur óunninn afli sem ætlaður er til útflutnings með gámum skal veginn á hafnarvog í gámum. Ef ekki er unnt að vega gám á hafnarvog þar sem afla er landað skal vega ílátin

á hafnarvog áður en þau eru sett í gáminn. Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar skal gefa út flutningsnótu sbr. 9. gr., sem fylgja skal farmi uns hann er kominn um borð í flutningsfar sem flytur hann á markað erlendis. Á þeirri nótu komi fram sundurliðaður upplýsingar um afla í gámnum eftir bátum sem eiga afla í gámnum, tegundum og magni. Afrit af þeirri nótu, ásamt upplýsingum um gámanúmer, skal varðveitt hjá hafnaryfirvöldum.

Flutningafyrirtækjum sem annast flutning á afla á erlendan markað er skylt að senda Fiskistofu farmskýrslur á því formi sem Fiskistofa óskar og eigi síðar en 24 klst. eftir að flutningsfar lætur úr höfn.

28. gr.

Fiskistofa viðurkennir, að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytis, erlenda uppboðsmarkaði sem vigtunarstaði á grundvelli athugana á vigtunaraðferðum, frágangi á vigtarnótum, uppboðsaðferðum og verðmyndun svo og á stærð markaðarins. Ef afli er seldur á viðurkenndum erlendum uppboðsmarkaði, er heimilt að endurvigta hann þar, enda hafi aflinn verið ísaður og frágenginn til útflutnings um borð í veiðiskipi.

Ef löndun, vigtun, uppboð eða skýrslugjöf vegna sölu afla á erlendum markaði sbr. 1. mgr. er að einhverju leyti í verkahring annarra aðila en viðkomandi markaðar, er viðkomandi aðila óheimilt að annast vigtun og/eða skýrslugjöf til íslenskra stjórnvalda sbr. 30. gr. nema hann hafi fengið formlega viðurkenningu til þess frá Fiskistofu. Fiskistofa getur bundið slíka viðurkenningu skilyrðum og varða brot gegn þeim eða ákvæðum reglugerðar þessarar sviptingu viðurkenningarinnar.

29. gr.

Sigli veiðiskip með eigin afla til sölu á markað erlendis, skal skipstjóri, strax þegar skipið hættir veiðum, senda Fiskistofu upplýsingar í símskeyti, telexi eða telefaxi þar sem tilgreint er magn hverrar fisktegundar, eins nákvæmlega og unnt er. Jafnframt skal tilgreina umboðsmann, sölustað og áætlaðan söludag. Dreifist afli til fleiri söluaðila erlendis skal þess getið sérstaklega.

30. gr.

Skipstjóri veiðiskips, sem landar afla erlendis og skipstjóri veiðiskips sem flytur óunninn afla úr landi skulu tryggja að umboðsmaður, kaupandi eða uppboðsmarkaður erlendis sendi samdægurs skýrslur með símskeyti, telexi eða telefaxi, eða á því formi sem Fiskistofa ákveður, til Fiskistofu eða þess aðila sem hún felur að taka á móti skýrslunum um sölu viðkomandi skips erlendis, þar sem tilgreint er endanlegt magn hverrar fisktegundar, söluverð og skipaskrárnúmer veiðiskips.

Vigtun á fiski sem dælt er úr lestum skipa.

31. gr.

Einungis er heimilt að landa erlendis afla sem dælt er úr lestum skipa í fiskimjölsverksmiðjur eða fiskvinnslur erlendis, þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

32. gr.

Skipstjóri skal strax og haldið er til erlendar hafnar, tilkynna Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu, löndunarstað og áætlaðan komutíma. Jafnframt skal Landhelgisgæslunni á sama tíma tilkynnt um áætlaðan afla um borð. Verði breyting á löndunarstað, eða áætluðum komutíma, skal það tilkynnt Fiskistofu þegar í stað. Óheimilt er að hefja löndun erlendis fyrr en samþykki Fiskistofu liggur fyrir.

Fiskistofu er heimilt að senda eftirlitsmann til þess að fylgjast með löndun erlendis á fiski sem dælt er úr lestum skipa telji hún ástæðu til þess.

33. gr.

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Telji Fiskistofa upplýsingar um aflamagn ekki fullnægjandi eða ótrúverðugar, svo sem ef landaður afli er umtalsvert minni en áætlun, sbr. 32. gr., vigtarnótur eru óglöggar eða aðrar upplýsingar misvísandi, skal við það miðað við útreikning afla skipsins að það hafi landað fullfermi, miðað við staðreynda burðargetu þess.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Teljast undirmálsafla að hluta utan aflamarks skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu hversu mikill undirmálsafla er í hverri veiðiferð.

Allur undirmálsafla seldur óunninn erlendis reiknast að fullu til aflamarks.

35. gr.

Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt.

Verði þau vör við að brotið sé gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skulu þau tilkynna það til Fiskistofu.

36. gr.

Fiskistofa getur að fenginni umsögn viðkomandi hafnarstjórnar, veitt sjálfstæðum aðilum heimild til að annast vigtun á afla við löndun. Skilyrði fyrir slíkri leyfisveitingu er að vigtun verði undir eftirliti og ábyrgð hafnaryfirvalda á viðkomandi stað, innra eftirlit vigtunaraðila traust auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Staðið skal að vigtun afla og skilum á skýrslum og vigtarnótum til hafnaryfirvalda í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem við á.

Aðilar sem fá slík leyfi skulu ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrirtæki eða fiskvinnslu, né annast eða hafa milligöngu um sölu á afurðum og ekki hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun fyrir slíkan aðila skal uppfylla skilyrði um hæfi sbr. 3. mgr. 8. gr.

Þá getur Fiskistofa að fenginni umsögn viðkomandi hafnarstjórnar, veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar um kröfur til vigtunarbúnaðar eða vigtarmanns, enda séu aðstæður þess eðlis að ekki sé unnt að vigta afla nema slík undanþága sé veitt, s.s. bilun í hafnarvog eða forföll löggilts vigtarmanns.

37. gr.

Fiskistofa getur ákveðið í hvaða formi vigtarnótur, flutningsnótur og úrtaksvigtarnótur skuli vera. Óheimilt er að nota nótur sem eru í öðru formi en Fiskistofa ákveður. Þá getur Fiskistofa gert kröfu um að allar viganir í vigtunarbúnaði sem vingar í sífellu, séu skráðar og aðgengilegar eftirlitsmönnum.

Reglur um meðferð og varðveislu bókhaldsgagna gilda um flutningsnótur, úrtaks- vigtarnótur og vigtarnótur.

38. gr.

Sé um endurvigtun afla að ræða skv. endurvigtunarleyfi skal vingarleyfishafi tryggja að vigtarnótur séu sendar til viðkomandi löndunarhafnar undirritaðar af þeim löggilta vingar- manni sem sá um vigtunina, eigi síðar en næsta virkan dag eftir að afli var veginn, sbr. þó 16. gr. og 25. gr.

Berist upplýsingar um endurvigtun frá endurvigtunarleyfishafa ekki til löndunarhafnar innan þriggja virkra daga frá því afli var fyrst vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn, skulu hafnaryfirvöld skrá aflann í aflaskráningarkerfið Lóðs, skv. vigtun á hafnarvog, skv. 3. gr. og skal sú vigt gilda, nema Fiskistofa heimili annað.

39. gr.

Hafnaryfirvöld skulu meta hvort upplýsingar sem fram koma á úrtaksvigtarnótum séu trúverðugar. Telji hafnaryfirvöld upplýsingar sem koma fram á úrtaksvigtarnótu ótrúverðugar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

40. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningsförum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að viga afla eða hafa eftirlit með vigtun hans.

41. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Hafnasambandi sveitarfélaga, einum tilnefndum af Fiskistofu og einum tilnefndum af samgönguráðherra, auk formanns sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar skal fjalla um álit- og ágreiningsmál varðandi vigtun afla. Skal nefndin gera tillögur um fyrirkomulag vigtunar þar sem almennum reglum verður ekki við komið.

42. gr.

Reglugerð þessi gildir um vigtun á afla íslenskra fiskiskipa án tillits til hvar hann er veiddur. Fiskistofu er þó heimilt að víkja frá ákvæðum hennar vegna afla sem veiddur er utan efnahagslögsögu Íslands.

Allur afli erlendra veiðiskipa, sem landað er til vinnslu hér á landi, skal veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

43. gr.

Skipstjóri fiskiskips ber ábyrgð á að afli skipsins sé veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

44. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, samkvæmt IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Þá er Fiskistofu heimilt að svipta vinnslustöðvar, fiskmarkaði eða aðra aðila sem fengið hafa vigtunarleyfi, viðkomandi leyfi, sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðar þessarar. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Fiskistofu, að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafra rekstrarleyfi samkvæmt lögum um það efni ef markaður eða þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar eða reglugerð þessari.

45. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengi um nytjastofna sjávar, laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast gildi 1. janúar 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 618, 25. nóvember 1994, um vigtun sjávarafra. Enn fremur falla úr gildi

auglýsing nr. 528, 5. nóvember 1991, um frádrátt vegna íss í afurðum frystiskipa og auglýsing nr. 68, 11. febrúar 1994, um útreikning afla skipa er salta afla um borð.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. ágúst 1998.

Dorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

**um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993
um almannatryggingar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 1998 að telja um 4% frá því sem þau voru í ágúst 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr. sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

REGLUGERÐ

um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

Eigendum sláturfjár, hvort sem þeir eru beingreiðsluhafar eða ekki, er skylt að taka þátt í útflutningi og sæta útflutningsuppgjöri fyrir framleiðslu sína í því hlutfalli sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert. Heimilt er að ákveða mismunandi hlutfall útflutnings fyrir dilkakjöt og fyrir kjöt af fullorðnu fé. Útflutningshlutfall skal reikna af allri framleiðslu viðkomandi aðila eftir gæðaflokkum, með þeim undantekningum sem reglugerð þessi kveður á um.

2. gr.

Sláturleyfishafi, sem tekur á móti sauðfé til slátrunar, er ábyrgur fyrir því að útflutningsskil eigenda þess sláturfjár er hann tekur við fari fram eftir ákvörðun ráðherra um útflutningshlutfall. Þó skal eiganda sláturfjár heimilt að gera samning við einn sláturleyfishafa um að annast allan útflutning fyrir sig þótt hann slátri einnig hjá öðrum sláturleyfishöfum. Slíkir samningar skulu miðast við að slátrað sé hjá þeim sláturleyfishafa, sem samið er um útflutning við, fyllilega sem svarar útflutningskyldu viðkomandi framleiðanda.

Afrit af þeim samningi skal framleiðandi afhenda þeim sláturleyfishöfum sem hann óskar eftir að vera undanþeginn útflutningsskyldu hjá, eigi þeim að vera heimilt að taka við framleiðslu hans án útflutningsskyldu. Afrit skal einnig sent til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Sé innlegg eiganda sláturfjár, sem samið hefur við einn sláturleyfishafa um fullnustu útflutningsskyldu, minna hjá þessum sláturleyfishafa en nemur reiknaðri útflutningsskyldu, sbr. 4. gr., bera aðrir sláturleyfishafar, sem viðkomandi sláturfjáreigandi skiptir við, ábyrgð á útflutningsskilum á því magni sem eftir stendur í réttu hlutfalli við slátrun sláturfjáreigandans hjá þeim.

Annist sláturleyfishafi slátrun án þess að sjá um sölu afurðanna, skal hann krefja eiganda sláturfjár um tryggingu fyrir útflutningsgjaldi sem eigandanum ber að greiða samkvæmt 5. gr., ella skal hann afhenda sláturleyfishafa það magn kjöts sem nemur útflutningsskyldu hans.

Sláturleyfishafa er skylt að tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um slátrun hvers mánaðar eigi síðar en 10. næsta mánaðar. Í tilkynningunni skal koma fram hver sé eigandi sláturfjár, fjöldi þess, magn í kg og skipting í gæðaflokka ásamt upplýsingum um hvort sláturleyfishafi annist sölu afurða eða ekki, samkvæmt nánari reglum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins setur.

3. gr.

Undanþeginn útflutningsskyldu og/eða útflutningsgjaldi er:

- a. Framleiðsla til heimanota allt að 240 kg á viðkomandi lögbýli, með skráð sauðfé á forðagæsluskýrslu haustið áður og 180 kg á skráðan sauðfjáreiganda í þéttbýli.
- b. Framleiðsla kindakjöts á lögbýlum, sem hafa staðfestingu búfjárefirtlitsmanns á að framleiðendur hafi samanlagt ekki fleiri en 0,7 vetrarfóðraðar kindur á hvert ærgildi greiðslumarks samkvæmt talningu í apríl ár hvert enda hafi þeir skuldbundið sig skriflega til að leggja aðeins inn afurðir þess fjár. Stundi sami aðili sjálfstæðan rekstur á tveimur eða fleiri lögbýlum, skulu framangreind skilyrði vera uppfyllt fyrir bæði eða öll lögbýlin áður en undanþága er veitt. Stundi tveir eða fleiri aðilar sjálfstæðan rekstur á sama lögbýli og sé greiðslumark þeirra jafnframt aðgreint í greiðslumarksskrá, nægir að einn eða fleiri þeirra uppfylli framangreind skilyrði til að fá undanþágu fyrir sína framleiðslu þótt lögbýlið í heild uppfylli þau ekki.
- c. Framleiðsla kindakjöts sem á sér stað fyrir 1. september eða eftir 31. október ár hvert.

4. gr.

Útreikningur á skiptingu magns hvers eiganda sláturfjár til sölu innanlands, til heimanota eða til útflutnings skal fara fram í lok sláturtíðar, þó eigi síðar en 1. desember.

Sláturleyfishöfum er skylt að flytja út kindakjöt að jafnvirði þess kjöts sem þeir hafa tekið til útflutnings af eigendum sláturfjár, metið eftir verði til framleiðenda, sbr. þó ákvæði 3. gr. Skal það annarsvegar reiknað fyrir dilkakjöt og hinsvegar fyrir kjöt af fullorðnu. Við kjötskipti skal útflutningsskyldan reiknuð á sama hátt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út og skráir útflutningsskyldu eða greiðsluskyldu afurðastöðva og eigenda sláturfjár og annast uppgjör við þá og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd útflutningsins.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september ár hvert, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, útflutningsgjald sem sláturleyfishöfum eða eigendum sláturfjár ber að greiða af því magni sem þeir flytja ekki út en ber að flytja út skv. 1. gr.

Gjaldið skal svara til mismunar á heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð f.o.b. við útflutning á undangengnum tólf mánuðum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafar þeim fjármunum sem innheimtir eru skv. þessari gr. til kaupa á kindakjöti til útflutnings.

Sláturleyfishafar sem ekki hafa lokið útflutningi eða greitt útflutningsgjald fyrir 1. nóvember að loknu framleiðsluári, skulu greiða útflutningsgjald af því magni sem ekki hafa verið gerð full skil á.

6. gr.

Þegar ákvörðun landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu liggur fyrir skal Framleiðsluráð landbúnaðarins birta sláturleyfishöfum áætlun um útflutningsþörf kindakjöts hjá hverjum þeirra, eigi síðar en 14 dögum eftir að ákvörðun ráðherra liggur fyrir.

7. gr.

Sláturleyfishafar skulu innan 14 daga frá því að þeim berst tilkynning samkvæmt 6. gr. gera Framleiðsluráði landbúnaðarins grein fyrir því hvernig þeir ætla að afsetja það kjöt sem er skylt að flytja út. Þær tilkynningar skulu bera með sér hvort:

- a. að sláturleyfishafi ætli að útflutningsverka það magn sem honum ber að flytja út og annast útflutning þess. Gera skal grein fyrir þeim mörkuðum sem ætlað er að flytja á; á hvaða markaði, í hvaða formi og á hvaða verðum.
- b. að sláturleyfishafi hafi samið við annan sláturleyfishafa um að hann uppfylli útflutningsskyldu skv. a-lið að meira eða minna leyti. Koma skulu fram sömu atriði og undir a-lið.
- c. að sláturleyfishafinn eigi þess ekki kost að verka kjöt til útflutnings eða semja við annan sláturleyfishafa um að uppfylla útflutningsskyldu sína og óski eftir því að greiða gjald vegna útflutningskvaðar skv. 5. gr. að hluta eða öllu leyti.

Framleiðsluráð landbúnaðarins fer yfir tilkynningar sláturleyfishafa og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um útflutning. Telji Framleiðsluráð nauðsynlegt að skipta útflutningi milli sláturleyfishafa eftir mörkuðum skal það tilkynna landbúnaðarráðherra um þá skiptingu og gera tillögu um leyfisveitingar. Óheimilt er að flytja til þeirra markaða, sem um ræðir, nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Útflutningur sláturleyfishafa á markaði sem ákveðið hefur verið að skipta, umfram það sem viðkomandi hefur fengið leyfi til, telst ekki fullnægja útflutningsskyldu, samkvæmt 1. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. ágúst 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Hugtök.

Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Sjálfstætt starfandi einstaklingur*: sá sem starfar við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að honum eða félagi er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglubundnum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi.
2. *Rekstur*: rekstur með eða án sérstaks atvinnutækis.
3. *Nákominn*, er sbr. 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 notað um eftirfarandi:
 - a. hjón og þá sem búa í óvígðri sambúð,
 - b. þá sem eru skyldir í beinan legg eða fyrsta lið til hliðar, en með skyldleika er í þessu sambandi einnig átt við tengsl sem skapast við ættleiðingu eða fóstur,
 - c. þá sem tengjast með hjúskap eða óvígðri sambúð með sama hætti og um ræðir í 2. tölul.,
 - d. mann og félag eða stofnun sem hann eða maður honum nákominn á verulegan hluta í,
 - e. tvö félög eða stofnanir ef annað þeirra eða maður nákominn öðru þeirra á verulegan hluta í hinu,
 - f. menn, félög og stofnanir sem eru í sambærilegum tengslum og um ræðir í liðum a-e.

II. KAFLI

Bótaréttur sjálfstætt starfandi einstaklinga.

2. gr.

Skilyrði bótaréttar.

Atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklings sem verður atvinnulaus, er í atvinnuleit, er fullfær til vinnu og uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar ákvarðast á eftirfarandi hátt:

1. Hafi sjálfstætt starfandi einstaklingur greitt tryggingagjald mánaðarlega af reiknuðu endurgjaldi miðað við fullt starf sbr. 4. gr., vegna síðustu 12 mánaða fyrir skráningu hjá svæðisvinnumiðlun, á hann rétt á hámarksbótum, sbr. 12. gr. laga nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, en hlutfallslega ella miðað við fjölda mánaða sem tryggingagjaldi var skilað. Hafi umsækjandi dregið greiðslu tryggingagjalds lengur en þrjá mánuði er heimilt að fella bótarétt niður vegna viðkomandi tímabils.
2. Hafi umsækjandi á liðnum 12 mánuðum verið bæði í launavinnu og rekstri þá skal hver mánuður sem tryggingagjald hefur verið greitt fyrir miðað við fullt starf samsvara fullri dagvinnu þann mánuð við ákvörðun bóta.
3. Hafi umsækjandi fengið leyfi til að hefja rekstur á nýjan leik samkvæmt 12. gr. geta greiðslur bóta aldrei hafist á ný fyrr en 10 virkum dögum eftir að hann skráði sig aftur atvinnulausan og ekki fyrr en 70 virkum dögum eftir að hann var síðast skráður atvinnulaus.

3. gr.

Ársmáður.

Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur fengið samþykki ríkisskattstjóra fyrir því að greiða tryggingagjald vegna reiknaðs endurgjalds einu sinni á ári (ársmáður), skal hann hafa gert upp skuld sína í tryggingagjaldi vegna síðastliðinna 12 mánaða áður en umsókn hans um atvinnuleysisbætur er afgreidd hjá úthlutunarnefnd.

4. gr.

Útreikningur bótahlutfalls.

Þegar bótahlutfall umsækjanda er ákveðið, sbr. 5. tl. 4. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, skal byggja á viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra samkvæmt 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um ákvörðun á endurgjaldi sem maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal reikna sér sem laun. Hafi fullt tryggingagjald miðað við lágmark reiknaðs endurgjalds í viðkomandi starfsgrein verið greitt skal það talið jafngilda fullri vinnu þann mánuð.

Hafi fullt tryggingagjald ekki verið greitt skal upphæðinni sem greiða átti deilt í upphæðina sem greidd var og þannig fengið út starfshlutfall viðkomandi fyrir þann mánuð.

Hafi umsækjandi einnig verið launamaður skal heimilt að leggja saman starfshlutfall hans sem launamanns við starfshlutfall hans sem sjálfstætt starfandi við endanlega ákvörðun bótahlutfalls, þó að hámarki samanlagt sem nemur 100% starfi í sama mánuði.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga um bótarétt og útreikning bóta.

III. KAFLI

Lok sjálfstæðrar starfsemi.

5. gr.

Meginregla.

Árstíðabundin stöðvun starfsemi eða tímabundin hlé vegna verkefnaskorts eða af öðrum ástæðum veita sjálfstætt starfandi einstaklingum ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

6. gr.

Atvinnuleysi sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst vera atvinnulaus, þegar hann uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

1. hefur stöðvað rekstur, sbr. 7.-10. gr.,
2. hefur ekki tekjur af rekstri,
3. hefur ekki hafið störf sem launamaður,
4. er sannanlega í atvinnuleit og er reiðubúinn að ráða sig til allra almennra starfa,
5. hefur tilkynnt lok rekstrarins til opinberra aðila, sbr. 7. gr.

7. gr.

Tilkynning um lok rekstrar.

Til að tilkynning um lok rekstrar teljist fullnægjandi þarf hún að bera með sér að:

1. lok sjálfstæðrar starfsemi hafi verið tilkynnt launagreiðendaskrá ríkisskattstjóra og
2. virðisaukaskattsskyldri starfsemi hafi verið hætt.

8. gr.

Staðfesting á sölu eða afskráningu atvinnutækja.

Staðfesting á sölu eða afskráningu atvinnutækja er að öllu jöfnu fullnægjandi trygging fyrir því að rekstur hafi verið stöðvaður. Hafi atvinnutæki ekki verið selt eða afskráð verður viðkomandi að sýna fram á að honum sé ekki lengur mögulegt að nýta atvinnutæki í rekstri, sbr. 9. gr. Í því sambandi skal miðað við eftirfarandi:

- a. Þeir sem notað hafa vélknúin ökutæki í rekstri sínum skulu hafa lagt inn númer þeirra eða afskráð þau hjá Skráningarstofunni hf.
- b. Þeir sem hafa notað skip eða bát í rekstri sínum skulu hafa lagt haffærisskírteini eða skoðunarvottorð inn hjá Siglingastofnun Íslands.
- c. Þeir sem hafa í rekstri sínum notað önnur tæki eða vélar, en tilgreind eru í a-b liðum, sem Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með, skulu hafa afskráð tækin og vélarnar hjá Vinnueftirlitinu.

Umsækjandi skal leggja fram hjá svæðisvinnumiðlun vottorð frá ofangreindum aðilum til staðfestingar á því að skilyrði ákvæðisins hafi verið uppfyllt.

9. gr.

Afhending eða lok rekstrar.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst hættur rekstri ef hann sannar að rekstur hafi verið stöðvaður, hann framseldur öðrum eða tekinn til gjaldþrotaskipta.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur getur talist vera hættur rekstri áður en til afhendingar eða lokunar kemur, ef hann leggur fram skriflega sönnun á því að honum hafi verið gert ókleift að halda rekstrinum áfram t.d. vegna vörslusviptingar atvinnutækis.

Sjálfstætt starfandi getur ekki uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. með því að afhenda reksturinn nákomnum í merkingu 3. tölul. 1. gr. Sjálfstætt starfandi einstaklingur getur þó uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. með því að afhenda reksturinn afkomendum eða öðrum nákomnum ef sýnt þykir að reksturinn framfleyti aðeins þeim sem tóku við rekstrinum þegar afhendingin átti sér stað. Leggja skal fram vottorð skattstofu og/eða löggilts endurskoðanda um heildarveltu síðastliðinna þriggja reikningsára. Stjórn Tryggingasjóðs er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði sem uppfylla þarf samkvæmt ákvæði þessu.

10. gr.

Báttöku í rekstri haldið áfram með launavinnu.

Einstaklingur sem hefur haldið áfram starfi sínu við rekstur eftir að hafa byrjað í launavinnu telst ekki atvinnulaus í skilningi laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga þó hann missi launavinnuna nema hann uppfylli skilyrði 6. sbr. 7. gr. eða sýnt þygi að reksturinn framfleyti aðeins öðrum aðila sem hefur starfað að fullu við reksturinn.

Miða skal við að hreinar tekjur af atvinnurekstri og reiknuð laun fyrir hvern þann aðila, sem hefur tekjur af rekstrinum og er í fullu starfi við hann, séu að jafnaði minni en fullar atvinnuleysisbætur á mánuði. Skal því til sönnunar lagt fram vottorð frá skattstofu.

11. gr.

Um þá sem starfa hjá fyrirtæki sem þeir eiga hlut í og/eða stjórna.

Sjóðfélagi sem starfar við eigin atvinnurekstur, einn eða ásamt maka sínum, eða við starfsemi sem hann rekur í sameign með öðrum aðila eða sem fer fram á vegum lögaðila sem hann á jafnframt 50% eða meiri eignarhluta í og/eða er aðili að stjórnun fyrirtækisins, skal ekki á sama tíma eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Sama gildir um þann sem vinnur við eigin atvinnurekstur og á, einn eða ásamt maka, börnum eða öðrum nákomnum sbr. 3. tl. 1. gr., 10% eða meiri eignarhluta í fyrirtæki, gegni hann jafnframt stöðu framkvæmdastjóra, hafi prókúru þess eða eigi sæti í stjórn þess.

Til að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta verður hlutaðeigandi að sýna fram á að hann hafi framselt eignarhluta sinn og/eða sagt sig í raun frá stjórn fyrirtækisins að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 9. gr. og að hann uppfylli að öðru leyti skilyrði laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og þessarar reglugerðar fyrir bótarétti.

12. gr.

Beiðni um að hefja rekstur að nýju.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur sem telst atvinnulaus samkvæmt 6. gr. og þegið hefur atvinnuleysisbætur getur sótt um það til stjórnar Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga að hefja sjálfstæða starfsemi að nýju áður en 12 mánuðir eru liðnir frá fyrstu skráningu hjá svæðisvinnumiðlun, án þess að sæta viðurlögum samkvæmt VI. kafla, enda hafi skapast forsendur fyrir því að hefja rekstur á nýjan leik í a.m.k. 60 virka daga. Skal hann leggja fram yfirlýsingu þess efnis að hann telji að rekstrargrundvöllur sé fyrir atvinnu- starfsemi sinni og verkefnaáætlun sem nái samfellt yfir a.m.k. 60 virka daga.

Sé um að ræða sjálfstæða starfsemi sem er sú sama eða hliðstæð þeirri sem hann stundaði áður skal hann jafnframt sýna fram á að verulegar breytingar hafi orðið frá því að hann hætti þeim rekstri og sótti um atvinnuleysisbætur.

IV. KAFLI

Atvinnuleysi maka.

13. gr.

Styrkur vegna atvinnuleysis maka.

Maka sjóðfélagi er heimilt að sækja um styrk til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga sýni hann fram á að styrkurinn muni nýtast honum við nýsköpun í atvinnu- rekstri. Skal hann í þessu skyni leggja fram greinargerð er hafi að geyma nákvæmar upp- lýsingar um það verkefni sem hann hyggst vinna að ásamt fjárhagsáætlun.

Styrkur skal nema hámarksbótum samkvæmt 12. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga og veittur að hámarki í 6 mánuði. Skilyrði styrkveitingar til maka eru eftirfarandi:

1. Að maki sé atvinnulaus en geti vegna búsetu sinnar ekki sótt vinnu á næsta atvinnu- svæði.
2. Að sjóðfélagi stundi atvinnurekstur þegar maki hans sækir um styrk.
3. Að samanlagðar tekjur sjóðfélaga og maka hafi á síðustu sex mánuðum ekki verið hærrí en sem nemur tvöföldum hámarksbótum að meðaltali. Ef svo er skal afgreiðslu styrks frestað þar til meðaltekjur fyrir liðinn mánuð verða jafnháar tvöföldum atvinnu- leysisbótum.
4. Að styrkveiting verði ekki talin fela í sér röskun á samkeppnisstöðu.

14. gr.

Umsókn.

Stjórn Tryggingasjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrks samkvæmt þessum kafla. Skal það gert á grundvelli 25. gr. laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga. Stjórn sjóðsins skal í upphafi hvers árs ákveða heildarfjárhæð sem skal vera til ráðstöfunar sam- kvæmt ákvæðum þessa kafla.

Styrkjum er úthlutað þrisvar á ári. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu Vinnuálastofn- unar fyrir 15. febrúar vegna fyrstu úthlutunar, fyrir 1. maí vegna annarrar úthlutunar og fyrir 15. september vegna þriðju úthlutunar.

Stjórn sjóðsins skal hafa eftirlit með því að framkvæmd verkefnis sé í samræmi við forsendur styrkveitingar og getur hún að eigin frumkvæði óskað eftir nauðsynlegum

upplýsingum og gögnum. Komi í ljós að framkvæmd verkefnis sé á einhvern hátt ekki í samræmi við forsendur styrkveitingar er stjórninni heimilt að stöðva greiðslur styrksins.

Innan átta vikna frá því að verkefni lýkur skal styrkhafi senda skrifstofu Vinnu-málastofnunar greinargerð um framkvæmd verkefnisins.

V. KAFLI

Deildir.

15. gr.

Skipting í deildir.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga starfar í þremur fjárhagslega sjálfstæðum deildum, A, B og C deild, sem skipta með sér rekstrarkostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar í rekstri sjóðsins. Starfsemi hverrar deildar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Bændur njóta bóta úr A-deild.

Smábátaeigendur njóta bóta úr B-deild.

Vörubifreiðastjórar njóta bóta úr C-deild.

16. gr.

Lágmarksfjöldi í deild.

Lágmarksfjöldi sjóðfélaga í deild skal vera 500 einstaklingar hið minnsta. Við ákvörðun þess hvort skilyrði þetta telst uppfyllt skal miða við meðaltal þeirra sem greitt hafa tryggingagjald samkvæmt lögum nr. 113/1990 um tryggingagjald í viðkomandi starfsgrein á síðastliðnum 12 mánuðum. Fækki sjóðfélögum í deild miðað við þetta lágmark skal stjórn sjóðsins gera tillögur til ráðherra um hvernig bregðast skuli við.

Ráðherra er heimilt að gera undanþágu frá skilyrði um lágmarksfjölda í deild.

VI. KAFLI

Viðurlög.

17. gr.

Endurkrafa greiddra bóta.

Ef stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga hefur ekki veitt samþykki sitt fyrir að rekstur sé hafinn á nýjan leik sbr. 12. gr. skal fara með brot hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði V. kafla laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sama gildir ef í ljós kemur að sjóðfélagi hefur haldið áfram sjálfstæðri starfsemi án tilskilinnar skattalegrar skráningar.

VII. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, öðlast þegar gildi.

Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 741/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1998.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

SAMÞYKKT

um stjórn Breiðdalshrepps og fundarsköp hreppsnefndar.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan hreppsnefndar.

Hreppsnefnd er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Verkefni hreppsnefndar.

Hreppsnefnd fer með stjórn Breiðdalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Verkefni hreppsnefndar.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Verkefni hreppsnefndar.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni hreppsnefndar.

Meðal verkefna hreppsnefndar er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og helstu starfsmenn hreppsins skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.

II. KAFLI Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Þriggja ára áætlun.

Árlega skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Skal áætlunin vera rammi um árlega fjárhagsáætlun hreppsins og skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunina skal senda til félagsmálaráðuneytisins strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndar.

8. gr.

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæðu fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaáætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

Áætlunina skal senda til félagsmálaráðuneytisins strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndar. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga.

9. gr.

Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd. Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hreppsnefnd er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu í hreppsnefnd, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar hreppsnefndarmönnum með fundarboði og dagskrá.

11. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert skv. 72. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 67. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna. Viðurlög skv. 4. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Fundartími hreppsnefndar.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og oddvita hreppsnefndar og skylt er að halda aukafundi í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

13. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar hreppsnefndar.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengsta setu í hreppsnefndinni kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafnlengi setu í hreppsnefndinni fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Boðun hreppsnefndarfunda.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykkjar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefnd ekki gert það. Hreppsþúum skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfunda.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsnefndar, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra fastra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins ef eða að svo miklu leyti sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykkjar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Boðun funda.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn á hreppsnefndarfund með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Boðun aukafunda.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn skriflega eða símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara ef aðkallandi mál biður afgreiðslu.

18. gr.

Kosning oddvita og varaoddvita hreppsnefndar.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á þar lengsta setu setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn. Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu. Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri 1. og 2. varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. hér að framan. Varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti. Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra. Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Kjör skrifara.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Fundarstaður.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks. Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almennungi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Lögmæti hreppsnefndarfunda.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Fundarstjórn.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi

þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum. Skjóta má ákvörðun oddvita til úrlausnar hreppsnefndar.

23. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef $\frac{2}{3}$ viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbragði.

24. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Arsreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Fundarsókn, varamenn.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé sveitarstjórmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista sem þeir eru kosnir af falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt eða um stundarsakir frá því að sitja í hreppsnefnd. Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður. Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveði sér hljóðs á hreppsnefndarfundum.

26. gr.

Fundarsköp, málfrelsi.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á málfrelsi.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefnda, ráða eða stjórna skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða. Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Ef hreppsnefndarmaður vill beina fyrirspurn til sveitarstjóra skal hann að jafnaði hafa hana skriflega og afhenda með sama fyrirvara og um tillögu sé að ræða, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar. Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

28. gr.

Fundarsköp, vítur á hreppsnefndarmann.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigsalum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem vítur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Fundarsköp, takmarkanir á ræðutíma.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en eina klukkustund ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Fundarsköp, meðferð tillagna.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Fundarsköp, afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Fundarsköp, atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að

því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndamanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

33. gr.

Fundarsköp, úrslit atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það. Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna. Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar, sbr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Fundarritun – fundargerð.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerðar í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Í lok fundar skal fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti hreppsnefndar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál. Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði. Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

35. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfunda.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Fundarseta.

Hreppsnefndarmönnum er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.

Lausn úr hreppsnefnd.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Málfrelsi, tillöguréttur, atkvæðisréttur.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Hreppsnefndarmönnum er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Hagsmunir hreppsins.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna hreppsnefndarstörfum sínum af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum, skjölum og öðrum gögnum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

41. gr.

Þagnarskylda.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

42. gr.

Vanhæfi hreppsnefndarmanna.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefnd eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefnd fjallar um málið. Ákvæði þetta á þó ekki við um sveitarstjóra.

Ákvæði 3. mgr. á ekki við þegar hreppsnefnd fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

43. gr.

Þóknun.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr hreppssjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Orlof og fundartími.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Fjarvera vegna veikinda, varamenn.

Þegar hreppsnefndarmaður vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi tímabundið skal varamaður taka sæti hans í þeirri röð sem hann var kosinn, sbr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Kosning í nefndir, ráð og stjórnir.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar

ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess. Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

48. gr.

Kjör formanna og varaformanna nefnda og ráða.

Hreppsnefnd kýs nefndum formann og varaformann, en nefndin kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

49. gr.

Fundarseta.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju. Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

50. gr.

Lokaðir fundir.

Fundir í nefndum og ráðum skulu haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

52. gr.

Hlutverk og valdsvið ráða, stjórna og nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

53. gr.

Fundargerðabækur.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefndin getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

54. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

(i) **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af hreppsnefnd með erindisbréfum. Hreppsnefnd kýs eða tilnefnir í nefndirnar á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar. Hreppsnefnd kýs nefndunum formann og varaformann, nema í þeim nefndum sem eru sameiginlegar með öðrum sveitarfélögum.

1. *Fræðslunefnd.* Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla skv. leikskólalögum, grunnskóla skv. grunnskólalögum, tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Nefndin fer með menningarmál í víðustum skilningi, þar með talin málefni bókasafna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn. Þá fer nefndin með íþrótta- og æskulýðsmál í sveitarfélaginu. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
2. *Félagsmálanefnd.* Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Hreppsnefnd getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega félagsmálanefnd með nágranna-sveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um. Heimilt er að undanskilja verkefni húsnæðisnefndar verkefnum sameiginlegrar félagsmálanefndar. Skal þá hreppsnefnd kjósa fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í húsnæðisnefnd.
3. *Skipulagsnefnd.* Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulagsnefnd. Skipulagsnefnd fer með verkefni byggingar- og skipulagsnefndar skv. skipulags- og byggingarlögum. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra skv. lögum þar um. Nefndin fer með umhverfismál og sinnir lögbundnum verkefnum náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum. Auk verkefna sem skipulagsnefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
4. *Landbúnaðarnefnd.* Hreppsnefnd kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í landbúnaðarnefnd. Landbúnaðarnefnd er hreppsnefnd til ráðuneytis um búfjárhald og landbúnaðarmál. Nefndin gerir tillögur til hreppsnefndar um hreindýraveiðar og önnur mál sem sveitarstjórn kann að vísa til hennar. Hreppsnefnd getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega landbúnaðarnefnd með nágranna-sveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um.
5. *Hafnarstjórn.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn. Auk verkefna sem hafnarstjórn hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Hreppsnefnd getur ákveðið við nefndarkjör að hreppsnefnd fari með verkefni hafnarstjórnar og gildir sú skipan þá út kjörtímabil hreppsnefndar.

(ii) Kjörstjórnir.

1. *Yfirkjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil hennar þá hið sama og hreppsnefndar. Yfirkjörstjórn fer með verkefni skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Hreppsnefnd kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í undirkjörstjórn. Undirkjörstjórn er fyrst kjörin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og síðan í júní ár hvert. Undirkjörstjórn fer með verkefni skv. ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

(iii) Samstarfsnefndir og stjórnir. Hér er um að ræða samstarfsnefndir og stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu hreppsnefndar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Hreppsnefnd kýs eða tilnefnir fulltrúana á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.

1. *Almannavarnanefnd.* Hreppsnefnd tilnefnir þrjá fulltrúa skv. ákvæðum laga og reglugerða um skipan almannavarna. Hreppsnefnd getur ákveðið með heimild dómsmálaráðherra að hafa samstarf um almannavarnir við nágrannasveitarfélög samkvæmt nánara samkomulagi þar um. Þrjú fjölmennustu sveitarfélögin tilnefna þá einn fulltrúa hvert í sameiginlega almannavarnanefnd.
2. *Stjórn heilsugæslustöðvar Djúpavogslæknishéraðs.* Hreppsnefnd kýs einn fulltrúa og annan til vara í stjórn heilsugæslustöðvar Djúpavogslæknishéraðs skv. ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu.

(iv) Fulltrúar á ársfundi. Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem sveitarfélagið á aðild að.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. lögum sambandsins. Hreppsnefnd kýs fulltrúana á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.
2. *Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.* Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi skv. samþykktum sambandsins. Fulltrúar sveitarfélagsins eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi aðalfundar.
3. *Héraðsskjalasafn Austfirðinga.* Hreppsnefnd kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austfirðinga skv. stofnsamningi Héraðsskjalasafnsins. Hreppsnefnd kýs fulltrúana á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.

(v) Lögbundin kosning embættismanna. Samkvæmt lögum ber sveitarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn.

1. *Skoðunarmenn hreppsreikninga.* Hreppsnefnd kýs tvo skoðunarmenn hreppsreikninga og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Skoðunarmenn eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar til loka kjörtímabils hreppsnefndar.
2. *Búfjárefirlitsmaður.* Hreppsnefnd kýs einn búfjárefirlitsmann og annan til vara skv. lögum um búfjárhald. Búfjárefirlitsmenn eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra þá hið sama og hreppsnefndar.

(vi) Verkefnabundnar nefndir. Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Hreppsnefnd útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreint.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

56. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

57. gr.

Hlutverk sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum. Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmál-efna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað. Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs, hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar hans. Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins. Hreppsnefnd ákveður hver gegnir störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

58. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna starfsmenn.

59. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðarmót. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest svo og starfs- svið þeirra. Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

60. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Breiðdalshrepps nr. 507/1993.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1998.

F. h. r.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um fyrirmynd að samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélaga.

1. gr.

Á grundvelli 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, hefur félagsmálaráðuneytið samið fyrirmynd að samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélaga. Gildir sú fyrirmynd fyrir sveitarfélög þar til ráðuneytið hefur staðfest sérstaka sambærilega samþykkt fyrir sveitarfélag. Fyrirmyndin birtist hér með sem fylgiskjal.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélags og fundarsköp fyrir sveitarstjórnir nr. 106/1987.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. ágúst 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp ... (nafn sveitarfélags).

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn ... (nafn sveitarfélagsins) er skipuð 3 (5, 7, 9, 11, 15) sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn ... (nafn sveitarfélagsins) samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar ... (nafn sveitarfélagsins) er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, byggðarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði (einu sinni í hverjum mánuði) fyrsta og þriðjadag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. ... Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundar-efni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, sbr. þó 14. gr., boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir byggðarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og framkvæmdarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það framkvæmdastjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundir nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnámálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um framkvæmdastjóra sveitarfélagsins né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd

um fundarstjórn oddvita. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigsalum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu byggðarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddviti að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjárseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvistastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í byggðarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það framkvæmdastjóra sveitarfélags skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bóköm og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar, getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalar-kostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í byggðarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá (fimm, sjö) sveitarstjórnarmenn í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í byggðarráð.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í byggðarráðið.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn byggðarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í byggðarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund tvisvar í hverjum mánuði (einu sinni í viku) annan og fjórða ...dag kl. ... Aukafundi skal halda ef framkvæmdastjóri sveitarfélagsins, formaður byggðarráðsins eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðsins. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna framkvæmdastjóra um forföll og boðar framkvæmdastjörinn varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins byggðarráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara byggðarráðsins. Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Byggðarráð getur ráðið sér fundarritara utan byggðarráðs. Um ritun fundargerða byggðarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Byggðarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér byggðarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Byggðarráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Byggðarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli byggðarráðsmanna eða við framkvæmdastjóra sveitarfélagsins um slíka afgreiðslu. Byggðarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi byggðarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar eru fundargerðir lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðsins og/eða sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir byggðarráðið og/eða sveitarstjórnina.

57. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Byggðarráð*. 3 (5, 7) sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. (Heimilt er að ákveða í samþykkt um stjórn og fundarsköp að þeir aðal- og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.)
2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987. (Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn. Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn.)

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
3. *Búfjáreftirlitsmaður*. Einn (tveir, þrír) og annar (jafnmargir) til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
4. *Byggingarnefnd*. ... og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. (Heitir skipulags- og byggingarnefnd ef sérstök skipulagsnefnd er ekki kosin.)
5. *Félagsmálanefnd/ráð*. Þrír (fimm, sjö) aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. (Minnst fimm nefndarmenn skulu kjörnir ef félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar.)
6. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.

7. *Gróðurverndarnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. (Starfa í hverri sýslu, kaupstað og bæ.)
8. *Hafnarstjórn.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
9. Heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
10. *Húsnæðisnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
11. *Jafnréttisnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991. (Í sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa.)
12. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
(Hverfiskjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hverfiskjörstjórnir geta verið jafnmargar og kjörstaðir. Undirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í bæ/kaupstað. Heimilt að kjósa síðar.)
12. *Leikskólanefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
13. *Náttúruverndarnefnd.* Þrír (fimm eða sjö) aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996. (Starfar á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar.)
14. *Skipulagsnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. (Heimilt að sameina byggingarnefnd og heitir þá skipulags- og byggingarnefnd.)
15. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. (Kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar.)
16. *Skólanefnd grunnskóla.* ... og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
17. *Skólanefnd framhaldsskóla.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996.
18. *Skólanefnd tónlistarskóla.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
19. *Stjórn sparisjóðs.* ... aðalmaður/aðalmenn og annar/jafnmargir til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993.
20. *Stjórn bókasafns.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
21. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Einn aðalmaður (tveir aðalmenn) og einn (jafnmargir) til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
22. *Stjórn sjúkrahúss.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
23. *Stjórn veitustofnana /stjórn hitaveitu /stjórn rafveitu /stjórn vatnsveitu.* (Sjá lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. rg. nr. 421/1992 og orkulög nr. 58/1967, sbr. rg. settar á grundvelli þeirra.)
24. *Umferðarnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
25. *Öldrunarnefnd.* ... aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.

[Auk þess fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarstjórn hefur ákveðið og á aðalfundi samtaka sem sveitarfélagið á aðild að. Þær nefndir, ráð, stjórnir og samtök skulu tilgreind í þessari grein ásamt fjölda fulltrúa, kjörtímabili og hlutverki.]

58. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélagsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og byggðarráðs og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita þar sem ekki er starfandi framkvæmdastjóri skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórninni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

61. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og byggðarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í byggðarráðið og sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Framkvæmdastjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Framkvæmdastjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Framkvæmdastjórnunum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Framkvæmdastjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Framkvæmdastjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

62. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

63. gr.

Byggðarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 62. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

64. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

65. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eda ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

66. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

67. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 66. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

68. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

69. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

70. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

71. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóri sveitarfélagsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

REGLUGERÐ

um stærð og þyngd ökutækja.

I. GILDISSVIÐ O.F.L.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um stærð og þyngd ökutækja í eftirfarandi flokkum: Hópbifreið I og II (M2, M3), sendibifreið (N1), vörubifreið I og II (N2, N3), svo og um eftirvagna þeirra ökutækja í flokkum I og II (O1, O2, O3, O4). Ákvæðin gilda einnig, eftir því sem við á, um dráttarvélur og vinnuvélur.

Ákvæðin gilda um ökutæki sem ætluð eru til notkunar á opinberum vegum, þ.e. þjóðvegum og öðrum vegum í eigu opinberra aðila, svo sem sveitarfélaga, sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar.

Ákvæðin gilda um notkun ökutækja hér á landi. Um stærð og þyngd ökutækja sem skráð eru hér á landi, en notuð í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES), gilda ákvæði tilskipunar nr. 96/53/EB og ákvæði viðkomandi ríkis.

2. gr.

Skilgreiningar.

Auk skilgreininga samkvæmt umferðarlögum og reglugerð um gerð og búnað ökutækja gildir eftirfarandi:

Samtengd ökutæki:

Vagnlest sem samanstendur af vélknúnu ökutæki og viðtengdum eftirvagni.

Eftirvagn:

Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga:

- Tengivagn:* Eftirvagn á tveimur ásum eða fleiri sem tengdur er við dráttartæki án þess að lóðréttir kraftar geti flust á milli ökutækjanna.
- Festivagn:* Eftirvagn á einum ási eða fleiri sem tengdur er við dráttartæki þannig að hluti af þyngd eftirvagnsins hvílir á því.
- Hengivagn:* Eftirvagn á einum ási eða tvíása sem tengdur er við dráttartæki þannig að lóðréttir kraftar færast á milli ökutækjanna.

Liðvagn:

Hópbifreið sem sett er saman úr tveimur ósveigjanlegum hlutum sem innangengt er í innbyrðis og tengdir eru saman með liðamótum.

Jafnhitavagn:

Ökutæki með fastri eða færanlegri yfirbyggingu sem sérstaklega er búin til að flytja vöru við stillanlegt hitastig og hefur a.m.k. 45 mm þykka hliðarveggi að einangrun meðtalinni.

Leyfður áspungi:

Mesti þungi sem flyst á veg af hjólum á einum ási eða ásasamstæðu ökutækis sem leyfður er í akstri.

Mesta leyfileg heildarþyngd:

Mesta þyngd ökutækis, eða samtengdra ökutækja, með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum, sem leyfð er í akstri.

II. STÆRÐ ÖKUTÆKJA.

Lengd ökutækja.

3. gr.

Ökutæki má ekki vera lengra en sem hér segir:

a.	Bifreið, önnur en hópibifreið	12,00 m
b.	Hópibifreið	15,00 m
c.	Eftirvagn	12,00 m
d.	Vagnlest, ökutæki með festi- eða hengivagni	20,00 m
e.	Vagnlest, ökutæki með tengivagni	22,00 m
f.	Liðvagn	18,00 m

Lengd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta sem standa lengst fram og lengst aftur. Þó skal mæla lengd eftirvagns frá hugsaðri lóðréttri línu í gegnum miðju tengihluta hans að aftasta hluta eftirvagnsins. Lárétt fjarlægð frá hugsaðri lóðréttri línu í gegnum miðju tengipinna að hvaða hluta sem er fremst á festivagninum má mest vera 2,04 m.

Bifreið, svo og samtengdum ökutækjum, skal vera hægt að aka innan snúningsboga með 12,50 m radíus í ytri hring og 5,30 m radíus í innri hring. Ákvæði þetta telst vera uppfyllt fyrir vagnlest með festivagni ef fjarlægð frá tengipinna vagnsins til miðju fræðilegs afturáss er ekki meiri en 7,90 m.

4. gr.

Fjarlægð mæld samhliða lengdarási vagnlestar með tengivagni frá fremsta hluta farmrýmis aftan við stýrishús að aftasta hluta tengivagnsins, að fráðreginni fjarlægðinni milli afturenda dráttartækisins og framenda vagnsins, má mest vera 18,90 m.

Fjarlægð mæld samhliða lengdarási vagnlestar með tengivagni frá fremsta hluta farmrýmis aftan við stýrishús að aftasta hluta tengivagnsins má mest vera 19,65 m.

Fjarlægð milli aftasta áss bifreiðar og fremsta áss tengivagns má ekki vera minni en 3,00 m.

Breidd ökutækja.

5. gr.

Breidd sendibifreiðar og eftirvagns I má mest vera 2,50 m. Breidd vörubifreiðar, hópibifreiðar og eftirvagns II má mest vera 2,55 m. Breidd yfirbyggingar jafnhitavagns má mest vera 2,60 m.

Breidd vinnuvélar, eftirvagns hennar eða tengitækis til landbúnaðarstarfa eða vegavinnu má mest vera 3,30 m. Lögreglan getur bannað akstur slíkra ökutækja þegar sérstaklega stendur á.

Breidd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta þess sem standa lengst til hliðar. Speglar eða ljósker, önnur en aðal-, vinnu- og hliðarljósker, svo og keðjur á hjólum, teljast ekki til breiddar þess.

6. gr.

Breidd eftirvagns eða tengitækis sem bifreið dregur má, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr. 5. gr., ekki ná meira en 0,30 m út fyrir hvora hlið bifreiðar.

Hæð ökutækja.

7. gr.

Hæð ökutækis má mest vera 4,20 m.

Hæð ökutækis skal mæld hornrétt frá yfirborði vegar að þeim hluta þess sem hæst stendur.

Almenn ákvæði.

8. gr.

Mál sem tilgreind eru um lengd, breidd og hæð ökutækja eiga einnig við lausar yfirbyggingar og staðlaðar farneiningar, t.d. gáma, svo og um farm ökutækisins.

9. gr.

Aftan á eftirvagni samtengdra ökutækja sem eru meira en 18,75 m að lengd skal vera a.m.k. eitt skilti með gulum fleti og rauðum jaðri, með áletruninni „LANGT ÖKUTÆKI“, sbr. viðauka III. Óheimilt er að hafa þessi skilti aftan á eftirvagni samtengdra ökutækja sem eru 16,50 m eða minna að lengd.

Undanþágur.

10. gr.

Lögreglustjóri getur, að höfðu samráði við veghaldara, veitt undanþágu frá ákvæðum um mestu lengd, breidd og hæð ökutækja þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi skal að jafnaði því aðeins veita að flutningarnir geti ekki með góðu móti farið fram með öðrum hætti. Leyfið skal vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.

Leyfi má veita fyrir einstökum flutningi eða sem almennt leyfi í allt að eitt ár. Lögreglustjóri getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi.

Þegar undanþága varðar flutning um tvö eða fleiri lögreglustjórarmumdæmi veitir lögreglustjóri þar sem ferð hefst leyfið.

Varúð.

11. gr.

Ökumaður fyrirferðarmikils ökutækis skal sýna sérstaka varúð og tillitssemi gagnvart annarri umferð. Hann skal og víkja greiðlega fyrir öðrum ökutækjum og nema staðar ef þörf krefur.

Þrátt fyrir ákvæði um hæð ökutækja hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínu eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um að aksturinn geti farið fram án hættu eða óþæginda.

III. HEILDARÞYNGD OG ÁSPUNGI ÖKUTÆKJA.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður áspungi ökutækja skal vera innan marka sem kveðið er á um í viðauka I. Á vegum sem ekki þola þá heildarþyngd og þann áspunga sem

tilgreindur er í viðauka I skal þyngdin vera innan marka sem kveðið er á um í viðauka II. Veghaldari skal gera og gefa út skrá yfir vegi sem falla undir ákvæði viðauka I eða viðauka II. Ef slík skrá er ekki gerð gilda ákvæði viðauka I.

Ásþyngd drifáss eða drifása ökutækis eða samtengdra ökutækja má ekki vera innan við 25% af mestri leyfilegri heildarþyngd lestaðs ökutækis eða samtengdra ökutækja.

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður áspungi ökutækis miðast við að loftþrýstingur í hjólbörðum sé ekki meiri en 8 bör eða 116 psi, mælt í köldum hjólbarða.

Heildarþyngd bifreiðar með fimm eða sex ásum má mest vera 32 tonn og gilda þá ákvæði liðar 1.3.3 í viðauka I.

Heildarþyngd bifreiðar á beltum má mest vera 12 tonn.

13. gr.

Ökutæki má aldrei hlaða þannig að heildarþyngd þess eða áspungi verði meiri en heimilað er í skráningarskírteini þess.

14. gr.

Veghaldari getur takmarkað tímabundið mestu leyfðu heildarþyngd og leyfðan áspunga ökutækja, sbr. 12. gr., miðað við burðarþol brúar eða vegar, svo sem á þeim árstíma þegar burðarþol vegar er skert vegna frostþíðuáhrifa.

Undanþágur.

15. gr.

Veghaldari getur leyft meiri heildarþyngd ökutækja á einstökum vegum eða vegar-köflum og leyft allt að:

- a. 44 tonn fyrir samtengd ökutæki sem samanstanda af þríása bifreið og tvíása eftirvagni, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
 - hver ás nema framás bifreiðar sé á tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem telst jafngildur,
 - samtengdu ökutækin séu knúin af a.m.k. tveimur sívirkum drifásum,
 - þungi á framási sé ekki meiri en 7 tonn en á öðrum ásum ekki meiri en 10 tonn, og
 - loftþrýstingur á hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 5 bör eða 70 psi, mælt í köldum hjólbarða eftir ástandi vegar, gerð ökutækis og kröfum veghaldara.
- b. 49 tonn fyrir samtengd ökutæki sem samanstanda af þríása bifreið með þríása eftirvagni, enda séu uppfyllt:
 - sömu skilyrði og tilgreind eru í a-lið, og
 - a.m.k. 14 m séu milli fremsta og aftasta áss samtengdra ökutækja og a.m.k. 6 m frá aftasta ási ökutækis að fremsta ási festivagns.

Veghaldari getur bundið heimild þessa við ástand vega hverju sinni og gerð ökutækis.

16. gr.

Veghaldari getur veitt undanþágu frá ákvæðum um heildarþyngd og áspunga ökutækis þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfið skal að jafnaði því aðeins veita að flutningarnir geti ekki með góðu móti farið fram með öðrum hætti. Leyfið skal vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.

Veghaldari getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi.

17. gr.

Brot á skilyrðum fyrir undanþágu eða akstur með þunga umfram heimild getur varðað afturköllun leyfis.

IV. LÖGREGLUAÐSTOÐ.

18. gr.

Sá sem fær undanþágu til flutninga samkvæmt 10. eða 16. gr. skal greiða fyrir lögregluaðstoð sem að mati lögreglustjóra er þörf á við flutninginn.

Lögreglustjóri getur krafist þess að kostnaður þessi verði greiddur fyrirfram eða að sett verði trygging sem hann metur gilda fyrir greiðslu hans.

V. ALMENN ÁKVÆÐI.

19. gr.

Ökutæki sem falla undir gildissvið tilskipunar nr. 96/53/EB, þ.e. hópbifreið I og II (M2, M3), vörubifreið I og II (N2, N3) og eftirvagnar þeirra í flokki II (O3, O4), og ætluð eru til aksturs í öðrum ríkjum EES, skulu búin varanlega festri plötu sem komið skal fyrir á aðgengilegum stað á ökutækinu. Á þessari plötu skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar, sbr. III. viðauka tilskipunarinnar:

1. Nafn framleiðanda.
2. Verksmiðjunúmer ökutækis.
3. Mesta leyfileg heildarþyngd ökutækis.
4. Mesta leyfileg heildarþyngd vélknúins ökutækis í vagnlest. Einnig hámarks heildarþyngd vagnlestar með festivagni í samsettum flutningum, ásamt 44 tonna mestri leyfilegri heildarþyngd í sviga ef um er að ræða þriggja ása dráttarþifreið.
5. Leyfður áspungi, talið í réttari röð framan frá.
6. Mesta leyfileg þyngd sem flyst af festivagni á dráttarstól bifreiðar telst leyfður áspungi fyrsta áss vagnsins.
7. Lengd (L).
8. Breidd (W).
9. Fjarlægð frá fremsta hluta bifreiðar til miðju tengibúnaðar (a). Ef fjarlægðin getur verið breytanleg skal gefa upp stærsta og minnsta gildi (a_{\min} og a_{\max}).
10. Fjarlægð frá miðju tengibúnaðar til aftasta hluta eftirvagns (b). Ef fjarlægðin getur verið breytanleg skal gefa upp stærsta og minnsta gildi (b_{\min} og b_{\max}).

Ef verksmiðjuplata skv. lið 04.10 (2) eða 04.50 (3) í reglugerð um gerð og búnað ökutækja er fyrir á ökutækinu nægir að bætt sé við hlið hennar plötu með upplýsingum skv. tilskipun nr. 96/53/EB, viðauka III. Bókstafir og tölustafir skulu vera a.m.k. 4 mm háir.

Í skráningarskírteini ökutækis sem fellur undir gildissvið tilskipunar nr. 96/53/EB og eingöngu er ætlað til aksturs innanlands skal skrá gildi skv. 9. og 10. tölul. 1. mgr.

Lengd samtengdra ökutækja skal mæla með ökutækin í beinni línu.

Mæld gildi í sambandi við ökutæki skulu vera í fullu samræmi við uppgefin gildi á áðurgreindum plötum eða í skráningarskírteini.

VI. GILDISTAKA.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af 15. a tölul. XIII. viðauka við EES samninginn (tilskipun 96/53/EB), öðlast þegar gildi.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 37. hefti 1997, bls. 55-73.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 425 19. júlí 1995, sbr. reglugerðir nr. 523 16. ágúst 1996 og nr. 316 28. maí 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nota má ökutæki eða vagnlest sem er lengri en leyft er í reglugerð þessari til 31. desember 1998 ef notkun ökutækisins var heimil samkvæmt eldri reglum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

VIÐAUKI I

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður áþungi á vegum.

1. Mesta leyfileg heildarþyngd		
<i>1.1. Ökutæki sem er hluti af samtengdu ökutæki</i>		
1.1.1.	Tvíása tengivagn	18 tonn
1.1.2.	Þríása tengivagn	24 tonn
<i>1.2. Samtengd ökutæki</i>		
1.2.1.	Fimm- eða sexása vagnlest (tengivagn) a. Tvíása bifreið með þríása tengivagni b. Þríása bifreið með tvíása tengivagni c. Þríása bifreið með þríása tengivagni	40 tonn 40 tonn -40 tonn -44 tonn ef drifás er með tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.2.	Fimm- eða sexása vagnlest (festivagn) a. Tvíása bifreið með þríása festivagni b. Þríása bifreið með tvíása festivagni c. Þríása bifreið með tví- eða þríása festivagni sem ber 40 feta ISO gám í samtengdum flutningum d. Þríása bifreið með þríása festivagni	40 tonn 40 tonn 44 tonn -40 tonn -44 tonn ef drifás er með tvöföldum hjólum og með loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og hámarksþyngd hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn

1.2.3.	Fjórása vagnlest sem samanstendur af tvíása bifreið og tvíása tengivagni	36 tonn
1.2.4.	Fjórása vagnlest sem samanstendur af tvíása bifreið og tvíása festivagni, ef fjarlægðin milli ása festivagns er:	
1.2.4.1.	- 1,3 m eða þar yfir, þó ekki yfir 1,8 m	36 tonn
1.2.4.2.	- yfir 1,8 m	36 tonn + 2 tonn þegar ákvæði um mestu leyfilega heildarþyngd ökutækisins (18 tonn) og tvíása festivagnsins (20 tonn) eru virt og drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB
1.3.	<i>Bifreið</i>	
1.3.1.	Tvíása bifreið	18 tonn
1.3.2.	Þríása bifreið	-25 tonn -26 tonn ef drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða ef hver drifás er með tvöföldum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.3.3.	Fjórása bifreið með tveimur stýrisásum	32 tonn þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða ef hver drifás er með tvöföldum hjólum og hámarksþungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.4.	<i>Þríása liðvagn</i>	28 tonn

2.	Leyfður áspungi	
2.1.	<i>Einn ás</i> Einn ás sem er ekki drifás	10 tonn
2.2.	<i>Tvíásasamstæða eftirvagns</i> Heildarásþungi á tvíásasamstæðu með fjarlægð milli ása (f):	
2.2.1.	- minni en 1 m ($f < 1,0$ m), má ekki fara yfir	11 tonn
2.2.2.	- frá 1,0 m og upp að 1,3 m ($1,0 \text{ m} \leq f < 1,3 \text{ m}$), má ekki fara yfir	16 tonn
2.2.3.	- frá 1,3 m upp að 1,8 m ($1,3 \text{ m} \leq f < 1,8 \text{ m}$), má ekki fara yfir	18 tonn
2.2.4.	- 1,8 m og þar yfir ($1,8 \text{ m} \leq f$), má ekki fara yfir	20 tonn
2.3.	<i>Þríásasamstæða eftirvagns</i> Heildarásþungi á þríásasamstæðu með fjarlægð milli ása (f):	
2.3.1.	- 1,3 m eða minna ($f \leq 1,3 \text{ m}$)	21 tonn
2.3.2.	- yfir 1,3 m og upp að 1,4 m ($1,3 \text{ m} < f \leq 1,4 \text{ m}$)	24 tonn
2.4.	<i>Drifás</i>	
2.4.1.	Drifás ökutækja sem um getur í liðum 1.2.1. og 1.2.2.	-11,5 tonn
2.4.2.	Drifás ökutækja sem um getur í liðum 1.2.3., 1.2.4., 1.3. og 1.4.	-11,5 tonn
2.5.	<i>Tvíásasamstæða bifreiðir</i> Samanlagður áspungi á hverja tvíásasamstæðu með fjarlægð milli ása (f):	
2.5.1.	- innan við 1 m ($f < 1,0$ m) má ekki fara yfir	11,5 tonn
2.5.2.	- frá 1,0 m og allt að 1,3 m ($1,0 \text{ m} \leq f < 1,3 \text{ m}$)	16 tonn
2.5.3.	- frá 1,3 m og allt að 1,8 m ($1,3 \text{ m} \leq f < 1,8 \text{ m}$)	-18 tonn -19 tonn þegar drifásinn er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur jafngildur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða ef hver drifás er með tvöföldum hjólum og hámarkspungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
3.	Aðrir eiginleikar ökutækja	
3.1.	<i>Mesta leyfileg heildarþyngd miðað við afstöðu ásanna.</i> Heildarþyngd í tonnum á fjórása bifreið má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð í metrum milli fremsta og aftasta áss ökutækisins.	

VIÐAUKI II

Mesta leyfileg heildarþyngd og leyfður áspungi á vegum
sem ekki falla undir viðauka I.

1.	Mesta leyfileg heildarþyngd	
1.1.	<i>Samtengd ökutæki</i>	
1.1.1.	Allar vagnlestir	40 tonn
2.	Leyfður áspungi	
2.1.	<i>Einn ás</i>	10 tonn með tvöföldum hjólum 7 tonn með einföldum hjólum
um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna samsettra flutninga.

1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 23/97 og 69/97 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir:

Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2255/96 frá 19. nóvember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum, skipgengum vatnaleiðum.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 543/97 frá 17. mars 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum, skipgengum vatnaleiðum.

2. gr.

Reglugerð sem vísað er til í 1. tölul. 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 37, dags. 4. september 1997, bls. 38 - 39.

Reglugerð sem vísað er til í 2. tölul. 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, dags. 5. febrúar 1998, bls. 173 - 174.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu nr. 33/1995, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 7. september 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

14. september 1998

Nr. 549

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 381, 25. júní 1997.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 381, 25. júní 1997, um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir suðurströndinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á umferð á Ísafirði.

Breyting verður á auglýsingu um umferð á Ísafirði nr. 189/1993, II. kafla B. 3. tölulið þannig, að bannað er að leggja ökutækjum á Austurvegi að norðanverðu, frá Hafnarstræti að Sundstræti að sunnanverðu og frá Hafnarstræti að Grundagötu, nema í þar til gerðum bifreiðastæðum.

Einnig verður sú breyting á III. kafla um einstefnuakstur að við bætist liður nr. 14 svohljóðandi:

Einstefnuakstur verður á Austurvegi til austurs frá gatnamótum við Norðurveg að eystra horni leikfimi húss/sundhallar. Öll almenn umferð um Austurveg frá Aðalstræti að eystra horni nefnds húss er takmörkuð við ferðir strætisvagna, skólabifreiða og neyðarakstur frá kl. 8.15 til 15.00 mánudaga til föstudaga þann tíma sem grunnskólinn starfar.

Reglur þessar, sem settar eru, samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, í samræmi við tillögur bæjarstjórnar Ísafjarðar, öðlast gildi hinn 1. október 1998.

Ísafirði, 10. september 1998.

Ólafur Helgi Kjartansson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 1998

17. september 1998

1777

Nr. 551

REGLUGERÐ

um skylduvátryggingar vegna loftferða.

1. gr.

Flugrekendur skulu taka og halda í gildi ábyrgðartryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari, eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því svo og gegn tjóni á innrituðum farangri og öðrum varningi, meðan flytjandi ber ábyrgð á honum skv. ákvæðum X. kafla loftferðalaga nr. 60/1998.

Skal vátryggingin taka yfir flutning með loftfari á farþegum, farangri og öðrum varningi, enda sé flutningurinn inntur af hendi í atvinnuskyni, sem liður í flugrekstri hlutaðeigandi flytjanda. Þó skal tryggingin jafnframt taka til flutnings af hálfu flugrekanda, enda þótt hann sé inntur af hendi án endurgjalds.

2. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skulu miðast við hlutlæga bótaábyrgð gagnvart hverjum farþega vegna lífs- og líkamstjóna að SDR 100.000 en jafnframt skal vátryggt gegn þeirri áhættu sem fjárhæðamörk íslenskra skaðabótalaga geta leitt til, umfram þá fjárhæð í tilvikum lífs- og líkamstjóna.

Fjárhæð bóta ákvarðast skv. íslenskum skaðabótalögum.

Bótaábyrgð vegna tjóna umfram SDR 100.000 fellur niður ef flytjandi leiðir sönnur að því, að hann sjálfur og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að afstýra tjóni eða það hafi eigi verið á þeirra valdi.

Tryggja skal fyrirframgreiðslu upp í væntanlegar bætur, ekki lægri en SDR 15.000 vegna hvers farþega, verði dauðaslys, sem greiðist nánasta aðstandanda. Við önnur slys en dauðaslys skal fyrirframgreiðsla þessi taka mið af aðstæðum, en henni er ætlað að mæta brýnustu fjárhagsþörf hins slasaða vegna slyssins. Fyrirframgreiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 15 dögum eftir að ljóst verður hver hinn slasaði eða látni er.

Innritaður farangur skal tryggður fyrir SDR 17, hvert kg.

Sá handfarangur sem hver einstakur farþegi má hafa í vörslu sinni skal tryggður fyrir SDR 332 til hvers farþega.

Nú sannar flytjandi að sá sem fyrir tjóninu varð, hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur að því og má þá færa skaðabætur niður eða fella þær niður.

Vátryggingarfjárhæð vegna bótaábyrgðar flugrekenda skv. ákvæðum þessarar greinar skal að lágmarki nema SDR 500.000 vegna hvers farþega.

3. gr.

Taka skal og halda í gildi ábyrgðartryggingu gegn tjóni, sem stafa kann af notkun sérhvers loftfars, á mönnum eða hlutum sem eru utan loftfarsins. Vátrygging þessi skal m.a. tryggja greiðslu kostnaðar við hreinsun á slysstað og brottnáám flaks.

Vátryggingarfjárhæðir vegna hvers tjónsatburðar, skulu fara eftir hámarksflugtaksþyngd og vera sem hér segir:

1. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtaksþunga undir 10 tonnum:
SDR 6.000.000 gagnvart tjóni á mönnum
SDR 500.000 gagnvart öðrum tjónum.
2. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtaksþunga á bilinu 10 - 350 tonn:
SDR 15.000.000 gagnvart tjóni á mönnum
SDR 2.000.000 gagnvart öðrum tjónum
3. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtaksþunga yfir 350 tonnum:
SDR 30.000.000 gagnvart tjóni á mönnum
SDR 4.000.000 gagnvart öðrum tjónum

Heimilt skal eigendum loftfara með minni flugtaksþunga en 25 kg að taka sameiginlega ábyrgðartryggingu vegna slíkra loftfara. Skal vátryggingarfjárhæð nema minnst SDR 500.000 vegna hvers tjónstilviks. Með þeirri ábyrgðartryggingu telst vátryggingarskyldu fullnægt.

4. gr.

Taka skal vátryggingu er bæti beinan útlagðan kostnað ríkisins og stofnana þess vegna leitar að loftfari sem saknað er, sé um að ræða loftfar með takmarkað lofthæfisskírteini, en sem fær allt að einu heimild til að fara um íslenskt yfirráðasvæði, t.a.m. í formi ferjuleyfis. Skal vátryggingarfjárhæð nema SDR 10.000 hið lægsta.

5. gr.

Ábyrgðartryggingar erlendra loftfara sem fljúga um íslenskt yfirráðasvæði, svo og tryggingar vegna leitarkostnaðar, skulu uppfylla sömu kröfur um bótasvið og lágmarksfjárhæðir og gilda gagnvart íslenskum loftförum, sbr. 3. og 4. gr.

6. gr.

Heimilt er vátryggingartaka og vátryggjanda að semja um eigin áhættu vátryggingartaka, en slíkt má í engu skerða rétt þriðja manns til greiðslu bóta frá félaginu. Skal það koma fram í vátryggingarskírteini, skilmálum eða iðgjaldskvittun, sé samið um eigin áhættu vátryggingartaka.

7. gr.

Eigendum og/eða umráðendum kennslu- og einkaflugvéla, skal skylt að taka og halda í gildi slysatryggingu fyrir þá, sem ferðast með slíkum vélum, þ.m.t. stjórnendur þeirra, vegna slysa sem rakin verða til notkunar loftfarsins. Auk þeirra slysa sem verða í loftfari, skal trygging þessi taka til farar í loftfar og úr því. Bætur samkvæmt slysatryggingu þessari greiðast þegar bótarétti er ekki til að dreifa úr ábyrgðartryggingu skv. 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar, sé vélin ýmist nýtt sem atvinnuflugvél eða til einkaflugs.

Örorku skal meta í hundraðshlutum skv. miskastigatöflu örorkunefndar, sem starfar skv. skaðabótalögum. Miða skal við töflur örorkunefndar sem í gildi eru þegar mat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega og þá með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Vátryggingarfjárhæð vegna dauða og 100% varanlegrar örorku skal að lágmarki miðast við jafnvirði 100.000 SDR í íslenskum krónum fyrir hvern mann. Við minni örorku greiðast bætur hlutfallslega.

Heimilt skal að lækka bætur eða fella þær niður vegna ásetnings eða stórkostlegs gáleysis hins slasaða.

8. gr.

Falli váttrygging skv. reglugerð þessari úr gildi, ber félagið allt að einu ábyrgð í tvo mánuði frá því er það tilkynnti Flugmálastjórn að váttryggingin væri úr gildi fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af loftfaraskrá, flugleyfi skv. c-lið, 3. gr. laga nr. 60/1998 verið afturkallað, eða önnur váttrygging verið tekin sem uppfyllir skilyrði reglugerðar þessarar.

9. gr.

Váttryggingar íslenskra loftfara skv. reglugerð þessari, skulu teknar hjá váttryggingarfélögum sem Váttryggingareftirlitið og frá 1. janúar 1999, Fjármálaeftirlitið staðfestir að hafi leyfi til þeirrar tryggingarstarfsemi sem hér er kveðið á um, sbr. lög nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi með síðari breytingum.

Váttryggingarskilmálar skulu kynntir Váttryggingaeftirliti, en Fjármálaeftirliti eftir að það tekur til starfa, áður en þeir eru boðnir váttryggingartökum. Jafnframt skal leitað viðurkenningar Flugmálastjórnar á váttryggingarfélagi og váttryggingarskilmálum.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að 5 árum.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 131. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 19. september 1998. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 116/1965 um váttryggingu vegna loftferða.

Samgönguráðuneytinu, 17. september 1998.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

15. september 1998

Nr. 552

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 469/1996 um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

1. gr.

1. málgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal verðmiðlunargjald af kindakjöti, sem nemur kr. 5,00 af hverju kg kjöts sem selt er frá afurðastöð á innanlandsmarkað og skal tekjum af gjaldinu varið til verkefna samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Greiðsla þessi tekur til kjöts sem innlagt er í afurðastöð frá og með 1. september 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 27. gr laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 650/1994 um eftirlit með fóðri,
sbr. breytingar með reglugerð nr. 718/1995 og reglugerð nr. 519/1996.

1. gr.

Við 15. gr. bætist eftirfarandi: „Allar fóðurvörur sem framleiddar eru til útflutnings skulu merktar á einu opinberu tungumáli kaupanda.“

2. gr.

Við 28. gr. bætist eftirfarandi: „hvað varðar framleiðslu fyrir innanlandsmarkað.“

3. gr.

Síðari málsliður í tölulið 2.1. í staflið B, VI. kafla fellur brott og í staðinn kemur eftirfarandi: „Forblandan skal vera að minnsta kosti 0,2% af heildarþyngd endanlegrar gerðar heilfóðursins.“

4. gr.

a) Við töflu í VI. kafla, staflið D, tölulið 4.0 sem ber heitið „Hníslalyf“, bætist eftirfarandi við:

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					mg/kg heilfóðurs		
„E 750	Amprólíum	1-(4-amínó-2-própýlpýramídín-5-ýl-metýl)- 2-metýl-pýrídínklóríð hýdróklóríð	Alifuglar	-	62,5	125	Notkun bönnuð frá varpaldri og þar til a.m.k. 3 dögum fyrir slátrun
E 752	Dínítólíð (DOT)	3,5-Dínítró-ó-tólúamíð	Alifuglar	-	62,5	125	Notkun bönnuð frá varpaldri og þar til a.m.k. 3 dögum fyrir slátrun
E 754	Dímetrídásól	1,2-dímetýl-5-nítróímíðásól	Kalkúnar	-	100	200	Notkun bönnuð frá varpaldri þar til a.m.k. 6 dögum fyrir slátrun
			Perluhænsni	-	125	150	Notkun bönnuð frá varpaldri þar til a.m.k. 6 dögum fyrir slátrun
E 755	Metíklór-pindól	3,5-díklór-2,6-dímetýlpýrídín-4-ól	Verðandi holda-kjúklingar, perluhænsni	-	125	125	Notkun bönnuð frá varpaldri þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
			Kanínur	-	125	200	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun
E 756	Dekókinat	3-etoxykarbónýl-4-hydroxy-6-dekýloxy-7etoxykínólín	Verðandi holda-kjúklingar	-	20	40	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 3 dögum fyrir slátrun
E 758	Róbenidín	1,3-bis[(4-klórbensýlfíden)-amínó]hydróklóríð	Verðandi holda-kjúklingar og kalkúnar	-	30	36	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun
			Alikanínur	-	50	66	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun
			Kanínur til undaneldis	-	50	66	Notkun bönnuð minnst 5 dögum fyrir slátrun
E 760	Ipronidasól	1-metýl-2ísóprópýl-5-nýtróimidásól	Kalkúnar	-	50	85	Notkun bönnuð frá varpaldri þar til a.m.k. 6 dögum fyrir slátrun
E 761	Metiklór-pindól/metýlbensókvat (blanda 100 hluta af a) metiklór-pindól og 8,35 hluta af b) metýlbensókvati)	a) 3,5-diklór-2,6-dýmetýl-pýridín-4-ól b) 7-bensýloxy-6-bútýl-3-metoxýkarbónýl-4-kínólón	Verðandi holda-kjúklingar	-	110	110	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun
			Verðandi varphænsni	16 vikur	110	110	-
			Kalkúnar	12 vikur	110	110	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun
E 762	Arprínósíð	9-(2-klór-6-flúrbensýl) adenín	Verðandi holda-kjúklingar	-	60	60	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun
			Verðandi varphænsni	16 vikur	60	60	-

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
E 764	Halófúg ínón	dl-trans-7-brómó- 6-klór-3-[3-(3- hýdroxý-2- piperídýl)- asetonýl]- kínasólín-4-(3H)- ón-hýdróbrómíð	Verðandi holda- kjúklingar	-	2	3	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun
E 765	Narasín	C ₄₃ H ₇₂ O ₁₁ (pólýeter úr mónókarboxýl- sýru sem framleidd er af Streptomyces aureofaciens)	Verðandi holda- kjúklingar	-	60	70	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 5 dögum fyrir slátrun Eftirfarandi skal tilgreina í notkunar- leiðbeiningum: „Hættulegt hrossum“ „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis og tiltekin lyf eru notuð (t.d. tíamúlín)“
E 768	Nikarbasín	Komplex með jöfnum mólíkúl hlutföllum úr 1,3- bis(4-nítrofenýl) þvagefni og 4,6 dímetýlpýrimí dín-2-ól	Verðandi holda- kjúklingar	4 vikur	100	125	Notkun bönnuð þar til a.m.k. 9 dögum fyrir slátrun
E 770	Madúra- mísín- ammoníum	C ₄₇ H ₈₃ O ₁₇ N (ammóníumsalt af pólýetermónócarb oxýlsýru framleitt af <i>Actinomadura yumaensis</i>)	Holda- kjúklingar	-	5	5	Tilgreina skal eftirfarandi í notkunar- leiðbeiningum: „Notkun bönnuð a.m.k. fimm dögum fyrir slátrun - Hættulegt hrossum“ „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis og tiltekin lyf eru notuð (t.d. tíamúlín)“
E 771	Díklasúrfl	(+)-4- klórfenýl(2,6- díklór-4-(2,3,4,5,-	Holda- kjúklingar	-	1	1	Notkun bönnuð a.m.k. fimm dögum fyrir

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
		tetróhýdró-3,5- díoxó-1,2,4- tríasín-2-ýl- fenýl)asetónítríl					slátrun.“

b) Í dálknum sem ber heitið „Dýrategundir“, eru eftirfarandi breytingar gerðar varðandi atriði E 757 að í stað orðanna „Verðandi holdakjúklingur“ kemur „Kjúklingur“ og í stað orðsins „Kjúklingur“ kemur „Verðandi holdakjúklingur“.

c) Í dálknum sem ber heitið „Dýrategundir“, eru eftirfarandi breytingar gerðar varðandi atriði E 763 að í stað orðsins „Holdakjúklingur“ kemur „Kjúklingur“ og í stað orðsins „Kjúklingur“ kemur „Holdakjúklingur“.

5. gr.

a) Við töflu í VI. kafla, staflíð D, tölulíð 5.0 sem ber heitið „Ýruefni, bindiefni, þykk-
ingarefni og hleypiefni“, í dálknum sem ber heitið „Dýrategundir“, eru þær breytingar gerðar varðandi atriði E 403 að við orðin „Allar dýrategundir eða -flokkar“ bætast orðin: „nema skrautfiskar“.

b) Í dálknum sem ber heitið „Önnur ákvæði“ eru þær breytingar gerðar varðandi atriði E 440, að eru felld niður orðin „Aðeins í gervimjólk“, en í staðinn koma orðin „Allt fóður“.

6. gr.

Í töflu í VI. kafla, staflíð D, í tölulíð 6.0 sem ber heitið „Litarefni, þar með taldir dreifulitir“ bætist eftirfarandi við:

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
„E 132	Indigótín	$C_{16}H_8N_2O_8S_2Na$	Skrautfiskar				
E 141	Klórþýllar kopar komplex	–	Skrautfiskar				
E153	Viðarkol svart	C					
E 160 B	Bixín	$C_{25}H_{30}O_4$	Skrautfiskar“				
E 172	Jámoxíð og jám- hýdroxíð	Fe_2O_3					

7. gr.

Í töflu í VI. kafla, staflíð D, í tölulið 7.0 sem ber heitið „Rotvarnarefni“ bætist eftirfarandi við:

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-magn	Hámarks-magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
„E 335	Natríum L tartrat						Allar fódurtegundir
E 507	Saltsýra	HCl					Aðeins vegna súrheysverkunar
E 513	Brenni-steinssýra	H ₂ SO ₄					Aðeins vegna súrheysverkunar“

8. gr.

a) Í töflu í VI. kafla, staflíð D, í tölulið 8.0 sem ber heitið „Vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með svipuð áhrif“ fellur atriði E 672 í 1. A-vítamín brott og í staðinn kemur:

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Hámarks-magn í ae/kg af heilfóðri eða af dagsskammti	Önnur ákvæði
„E 672	1. A-vítamín	-	Holda-kjúklingur	-	13 500	Allt fóður nema fóður handa ungvíði
			Aliendur	-	13 500	Allt fóður nema fóður handa ungvíði
			Alikalkúnar	-	13 500	Allt fóður nema fóður handa ungvíði
			Alilömb	-	13 500	Allt fóður nema fóður handa ungvíði
			Alisvín	-	13 500	Allt fóður nema fóður handa ungvíði
			Holdanaut	-	13 500	Allt fóður nema fóður handa ungvíði
			Kálfar	-	25 000	Aðeins gervimjólk
			Aðrar dýrategundir eða -flokkar	-	-	Allt fóður“

b) Við atriði E 670 í D2-vítamín í dálknum „Dýrategund eða -flokkur“ fellur eftirfarandi brott: „Aðrar dýrategundir eða -flokkar nema alifuglar“, og í staðinn kemur „Aðrar dýrategundir eða -flokkar að undanskildum alifuglum og fiski“.

c) Við atriði E 671 í D3-vítamín bætist eftirfarandi við á eftir ábendingunum sem varða flokkinn „Aðrir alifuglar“:

ESB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-magn	Hámarks-magn	Önnur ákvæði
					mg/kg heilfóðurs		
			„Fiskur	-		3 000	Samhliða notkun D2-vítamíns bönnuð“

9. gr.

Í töflu í VI. kafla, staflið D, í tölulið 10.0 sem ber heitið „Bindiefni, kekkjavarnarefni og storkuefni“, í dálknum „EBE-nr.“ fellur númerið „E 553“ brott og í staðinn kemur númerið „E 562“.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. september 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

Skólabókasafnssjóðs Helgu Proppé.

1. gr.

Sjóðinn stofnar Lúðvík Kristjánsson rithöfundur, til minningar um eiginkonu sína Helgu Proppé. Helga fæddist í Ólafsvík 1910 og lést 1989 í Hafnarfirði.

2. gr.

Aðsetur sjóðsins er í Ólafsvík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Lúðvíks Kristjánssonar kr. 500.000 sem lagt er fram 17. maí 1992. Stofnfé má eigi skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé hans svo og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast.

5. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til bókakaupa í þágu Grunnskólans í Ólafsvík.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Skólastjóri Grunnskólans í Ólafsvík, sem jafnframt skal vera formaður hennar, bókavörður skólans og Véný Lúðvíksdóttir kennari. Njóti hennar ekki lengur við skal elsti afkomandi hennar á hverjum tíma taka sæti í sjóðstjórn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Sjóðurinn skal varðveitast í Sparisjóði Ólafsvíkur. Skal hann verðtryggður og bera hæstu innlánsvexti sparisjóðsins á hverjum tíma.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Með tillögur um niðurlagningu sjóðsins skal fara sem breytingar á stofnskrá þessari en að auki þarf samþykki dómsmálaráðherra. Ef sjóðurinn verður lagður niður skulu eignir hans renna til bókasafns Grunnskóla Ólafsvíkur.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. september 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1998

18. september 1998

1787

Nr. 555

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Af hundum í Mosfellsbæ skal bæjarsjóður Mosfellsbæjar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ, nr. 332/1998, sbr. 3. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráning kr. 9.000

Skráning eftir útrunninn frest,

sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald kr. 13.000

Bráðabirgðaskráning kr. 2.250

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 6.300

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, kr. 11.000. Gjald fyrir fyrstu afhendingu skráðs hunds, þegar eftirlitsgjald og vottorð er í skilum, er þó kr. 5.500.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. október og eindagi 1. desember. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er heimilt að veita afslátt af gjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skv. nánari reglum sem bæjarstjórn setur. Bæjarstjórn getur enn fremur sett reglur um slík afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 18. september 1998.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Kristín Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagi á Búrfellslínu 3A í Skeiðahreppi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur verið auglýst breyting á skipulagi Búrfellslínu 3A í Skeiðahreppi.

Skipulagsbreytingin felur í sér eftirfarandi:

a.

Lega línunnar frá Framneslandi að landi Reykhóls hliðrast 100 m norðar en gert var ráð fyrir í skipulagi þannig að lega hennar verður 50 m norðan við Búrfellslínu 1 í stað þess að vera 50 m sunnan hennar.

b.

Vegna staðfestrar breytingar á skipulagi línunnar í Gnúpverjahreppi færast austasti hluti línunnar í Skeiðahreppi um 420 m til norðurs við Sandlæk en kemur inn á línuleiðina, sbr. lið a hér að ofan, um 500 m vestan við Skálholtsveg og liggur síðan 50 m norðan Búrfellslínu 1.

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Skeiðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 18. september 1998.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 1998

11. september 1998

1789

Nr. 557

REGLUGERÐ

um kanínurækt.

I. KAFLI

Yfirstjórn og gildissvið.

1. gr.

1.1. Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn allra mála er varða kanínur en yfirdýralæknir og héraðsdýralæknar hafa eftirlit með því að reglum um heilbrigði, innflutning og sóttkví kanína sé fylgt.

1.2. Kanínur, loðkanínur (angórakanínur)/feldkanínur teljast til loðdýra.

2. gr.

2.1. Eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar er á hendi búfjárefirlits samkv. 9. gr. laga nr. 46/1991 og skal leitað álits viðkomandi héraðsdýralæknis um mál er snerta heilbrigði dýranna.

II. KAFLI

Stofnun og gerð kanínubúa.

3. gr.

3.1. Hús og búr, þar sem kanínur eru aldar, nefnast kanínubú.

3.2. Áður en kanínubú er tekið í notkun skal héraðsráðunautur eða héraðsdýralæknir kanna aðstöðu alla og sannreyna að búnaður sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Skal eiganda afhent vottorð um skoðun á búinu, en afrit send Bændasamtökum Íslands og landbúnaðarráðuneytinu.

4. gr.

4.1. Hús fyrir loðkanínur skulu vera einangruð. Þar sem bústærð er yfir 100 dýr skal hólfa af pláss þar sem got og ungauppeldi fer fram. Veita má undanþágu frá einangrun ef upphitun er í húsinu.

4.2. Í gólfi loðkanínubúa skal vera niðurfall sem auðvelt er að hreinsa. Frárennsli með örugum vatnslásnum skulu vera frá hverju eldihúsi og skal það leitt í rotþró.

4.3. Hitastig loðkanínubúa skal vera sem næst 6-12°C og dagleg hitasveifla sem minnst, einkum þar sem kvendýr með unga og/eða nýklyppt dýr eru höfð. Vatn má ekki undir neinum kringumstæðum frjósa.

4.4. Loftræsting í húsum fyrir loðkanínur skal vera góð án þess að dragsúgur myndist. Húsin skulu vera laus við stækju og magn ammoníaks í loftinu ekki fara yfir 15 ppm/m³. Ljósstyrkur skal vera á bilinu 10-20 lux, en 75-100 lux við gegningar. Rakastig í húsum fyrir loðkanínur skal vera á bilinu 60-70%.

4.5. Hús sem notuð eru fyrir feldkanínur skulu vera þurr og björt og loftræsting þannig útbúin að ekki myndist dragsúgur. Magn ammoníaks í lofti má ekki fara yfir 15 ppm á rúmmetra. Slökkt skal vera á ljósum um nætur í að minnsta kosti átta stundir samfleytt.

4.6. Fóðurgeymslur skulu vera hreinar, þurrar og músa- og rottuheldar.

5. gr.

- 5.1. Búrasamstæður skulu ekki vera meira en þrjár hæðir og auðvelt að fylgjast með kanínunum í þeim. Ekki skulu vera fleiri en ein loðkanína á hvern 0,5 rúmmetra hússins.
- 5.2. Einstaklingsbúr skulu hafa minnst 0,32 m² gólflöt og fyrir fleiri kanínur minnst 0,25 á kanínu. Gólflötur gotbúra skal vera 0,64 m² hið minnsta. Gotbúr loðkanína skulu vera tvískipt og gólflötur þá samtals 0,65 m² hið minnsta og gólflötur hreiðurkassans 0,12 m² minnst, stysta hlið 30 sm og lágmarkshæð 30 sm. Búr skulu vera minnst 43 sm á hæð, hliðar a.m.k. 45 sm og ekki fleiri en þrjár þéttar hliðar. Búr mega vera með hallandi þaki og þá 45 sm að framan og 30 sm að aftan. Búr skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sóttþreinsa. Gólfnet þannig gert að ekki særi fætur.
- 5.3. Þegar veður leyfir er heimilt að hafa feldkanínur úti í búrum.

6. gr.

- 6.1. Loðkanínur skal klippa á minnst 90 daga fresti.
- 6.2. Halda skal húsum og búrum hreinum og lausum við meindýr. Bannað er að hafa hunda og ketti í kanínubúum, nema þar sem brýna nauðsyn ber til að hafa kött vegna útrýmingar á músum.
- 6.3. Hræ af kanínum skulu urðuð eða þeim eytt á þann hátt að frá þeim stafi ekki smithætta.

7. gr.

- 7.1. Ákvæði V. kafla laga nr. 46 25. mars 1991 um búfjárhald, með síðari breytingum, gilda um kanínubú og skal forðagæslumaður telja kanínur í búunum, athuga húsakost þeirra, hirðingu og fóðrun dýranna.

8. gr.

- 8.1. Merkja skal öll lífdýr á kanínubúi og dýr sem seld eru frá búinu á eftirfarandi hátt: Í hægra eyra komi númer viðkomandi bús, sem kynbótanefnd í kanínurækt úthlutar. Fyrsta tala í vinstra eyra táknar fæðingarár, næstu ein til tvær tákna fæðingarmánuð og síðan kemur hlaupandi raðnúmer innan búsins. Öll dýr skulu merkt á sérstakan hátt, þannig að ekki skapist hætta á að númer ruglist á dýrum.
- 8.2. Bændasamtök Íslands eða fulltrúi kanínubænda hafa umsjón með útgáfu skráningar-númera fyrir kanínubú.
- 8.3. Bændasamtök Íslands láta prenta og sjá um útgáfu á gögnum til skýrsluhalds og hafa aðgang að þessum skýrslum þegar þess er óskað.
- 8.4. Sala á feldkanínum innanlands er aðeins heimil til þeirra sem hafa látið taka út hús og búr og hlotið vottorð frá héraðsráðunaut eða héraðsdýralækni og skal seljandi fullvissa sig um það.
- 8.5. Flytja skal kanínur í lokuðum flutningatækjum.
- 8.6. Kanínur skal aflífa með eins fljótvirkum hætti og unnt er og þess gætt að valda þeim sem minnstum sársauka og kvölum.

III. KAFLI

Sæðingar kanína.

9. gr.

- 9.1. Þeim einum sem hafa aflað sér þekkingar og þjálfunar á námskeiði í sæðingu loðdýra, sem viðurkennt er af yfirdýralækni og kynbótanefnd í kanínurækt, er heimilt að stunda sæðingar kanína og sæðistöku.
- 9.2. Bændasamtök Íslands skulu standa fyrir námskeiðum í sæðingum kanína. Umsókn um þátttöku á námskeiðum skulu fylgja meðmæli frá stjórn kanínuræktarfélags í viðkomandi héraði. Dýralæknir sem veitir námskeiðinu forstöðu skal veita þátttakendum skriflegt

leyfisbréf. Í leyfisbréfi skal tilgreint um hæfni viðkomandi, hvar hann hafi heimild til að starfa og hve lengi leyfi hans til sæðinga á kanínum gildi.

10. gr.

Sæðingarstöðvar.

10.1. Með sæðingarstöð er í reglugerð þessari átt við kanínubú þar sem höfð eru í vörslu karldýr í þeim tilgangi að taka úr þeim sæði til sæðingar og kanínubú eða önnur húsakynni þar sem sæðing fer fram.

11. gr.

11.1. Félög kanínubænda eða einstaklingar sem hafa í hyggju að setja á stofn sæðingarstöð, skulu senda um það umsókn til landbúnaðarráðuneytisins, sem veitir heimild til starfrækslu hennar, að fenginni umsögn yfirdýralæknis og kynbótanefndar í kanínurækt. Í leyfi ráðuneytisins skal kveðið á um starfssvið sæðingarstöðvar.

12. gr.

12.1. Sæðistaka og sæðing kanína skal fara fram í sérstökum herbergjum sem eru eingöngu ætluð til þeirra nota þann tíma sem þessi starfsemi fer fram.

12.2. Á stöðum þar sem fram fer bæði sæðistaka og sæðing skal þessi starfsemi fara fram aðskilin frá hvor annarri.

13. gr.

13.1. Í sæðistöku- og sæðingarherbergi skulu gólf og veggir vera þannig að auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa. Í herberginu skal vera upphitun þannig að hitastig geti verið 18-24° C, heitt og kalt vatn, niðurfall í gólfi, aðstaða til handþvotta, rafmagn, hitaplata, vinnuborð fyrir smásjá, pappírshandþurrkur og sérstakur sæðingarbekkur sem auðvelt er að þrifa. Við inngöngudyr skal vera aðstaða til fata- og skóskipta og búnaður fyrir sótthreinsun á skófatnaði.

13.2. Sæðistöku- og sæðingarherbergi skulu vera vel hljóðeinangruð og þannig staðsett að sú starfsemi sem þar fer fram verði fyrir sem minnstu ónæði.

14. gr.

14.1. Á sæðingarstöð skal vera aðstaða fyrir þá sem koma með dýr til sæðingar sem og fyrir dýr þeirra (biðstofa).

14.2. Á sæðingarstöð skulu vera sérstök hlífðarföt fyrir þá sem starfa við stöðina. Sömuleiðis skulu þeir sem koma með dýr til sæðingar klæðast sérstökum hlífðarfötum og skóm eða sótthreinsa skófatnað sinn rækilega fyrir og eftir dvöl í sæðingarherbergi.

15. gr.

Val karldýra.

15.1. Einungis má nota sem sæðisgjafa karldýr sem að mati héraðsdýralæknis eru heilbrigð. Áður en karldýr eru tekin í notkun skal fara fram á þeim ítarleg heilbrigðis skoðun sem m.a. tekur til getnaðarfæra. Jafnframt skal héraðsdýralæknir athuga heilbrigði á þeim búum sem karldýrin koma frá og gefa vottorð þar um. Ekki má hafa orðið vart smitnæmra sjúkdóma á þessum búum síðustu 18 mánuðina.

15.2. Ekki má nota karldýr sem sæðisgjafa á sæðingarstöðvum, ef leitt hefur verið undir þau sama ár.

15.3. Sala á sæði út fyrir starfssvæði viðkomandi sæðingarstöðvar er óheimil án sérstaks leyfis yfirdýralæknis.

16. gr.

Framkvæmd sæðingar.

- 16.1. Einungis má koma með til sæðingar heilbrigð kvendýr frá búum þar sem ekki hefur orðið vart smitnæmra sjúkdóma síðustu 18 mánuðina.
- 16.2. Sæða má kvendýr frá sama búi án þess að sótthreinsun á sæðingarbekk fari fram á milli einstakra dýra. Áður en kvendýr frá öðru búi eru sædd skal þrifa sæðingarbekkinn vandlega og sótthreinsa.
- 16.3. Í lok hvers vinnudags skulu fara fram rækileg þrif og sótthreinsun á áhöldum, biðstofu, sæðistöku- og sæðingarherbergjum, sæðingarbekkjum og vinnuborðum.

17. gr.

Skýrslugerð.

- 17.1. Öllum karldýrum á sæðingarstöð skal gefið númer í raðnúmerakerfi, sbr. 8. gr. þessarar reglugerðar. Halda skal skrá um hvert einstakt karldýr, yfir allar sæðistökur og gæði sæðis (magn, þéttleika og lífsþrótt sæðisfruma). Skýrslum skal skilað inn til Landssambands kanínubænda fyrir 20. september ár hvert.
- 17.2. Þeim kvendýrum sem komið er með til sæðingar skulu fylgja útfyllt búrkort.
- 17.3. Sæðingarmaður heldur nákvæma skýrslu yfir allar sæðingar. Hann skal safna niðurstöðum um árangur sæðinganna og ungafjölda hjá hverju sæddu kvendýri og senda Landsambandi kanínubænda fyrir 20. september ár hvert.
- 17.4. Allar sæðingarskýrslur skulu vera tiltækar ráðunaut Bændasamtaka Íslands í kanínurækt.

18. gr.

Heilbrigðiseftirlit og sjúkdómavarnir.

- 18.1. Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með sæðingarstöðvum. Skulu þeir fullvissa sig um að stöðvarnar uppfylli öll skilyrði um aðstöðu og útbúnað og er óheimilt að hefja sæðingar fyrr en skoðun hefur farið fram.
- 18.2. Áður en sæðingar hefjast skal héraðsdýralæknir kanna heilbrigði dýra á viðkomandi sæðingarstöð og er stöðinni skylt að sjá honum fyrir nauðsynlegri aðstoð og veita þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru og óskað er eftir.
- 18.3. Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með þrifnaði og hreinlæti á sæðingarstöð og skal hann veita starfsmönnum leiðbeiningar um smitgát, sótthreinsun og sóttvarnir, eftir því sem þörf krefur.
- 18.4. Veikist dýr sem notað er á sæðingarstöð skal þegar í stað gera héraðsdýralækni aðvart, og er óheimilt að nota dýrið fyrr en hann gefur leyfi til þess.
- 18.5. Komi upp næmur sjúkdómur á búi þar sem sæðingarstöð er til húsa eða á starfssvæði sæðingarstöðvar, þannig að hætta sé á að sjúkdómurinn geti breiðst út vegna starfsemi sæðingarstöðvarinnar, er héraðsdýralækni heimilt í samráði við yfirdýralækni að takmarka eða stöðva sæðingar.
- 18.6. Komi upp rökstuddur grunur um að dýr á sæðingarstöð sé haldið næmum sjúkdómi, skal einangra það svo lengi sem þurfa þykir. Telji héraðsdýralæknir nauðsynlegt að lóga dýri sem þannig sýkist, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsins eða vegna þess að sterkar líkur séu fyrir því að dýrið nái ekki bata, má skjóta málinu til úrskurðar yfirdýralæknis. Sérstök rannsókn skal fara fram á dýrum sem lógað er af þessum ástæðum.

IV. KAFLI

Almennar sjúkdómavarnir.

19. gr.

- 19.1. Komi upp smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm í kanínubúi skal umsjónarmaður eða eigandi þegar í stað gera viðkomandi héraðsdýralækni aðvart. Skal héraðsdýralæknir þegar

gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja frekari útbreiðslu sjúkdómsins og tjón af hans völdum. Jafnframt skal hann hlutast til um að fá staðfesta sjúkdómsgreiningu með því að senda sýni eða heil hræ til rannsóknar að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Ennfremur skal hann tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn og hafa samráð við hann um frekari sóttvarnaáðgerðir.

19.2. Heimilt er að hneppa kanínubúi í sóttkví um lengri eða skemmri tíma ef upp kemur alvarlegur smitsjúkdómur í búinu og fyrirskipa aðrar ráðstafanir sem landbúnaðarráðuneytið telur nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins, þ. á m. slátrun dýranna. Skulu fyrirmæli um slíkar áðgerðir tilkynnt skriflega.

20. gr.

20.1. Nú er talið nauðsynlegt að gera ónæmissáðgerðir á kanínum til að girða fyrir eða hefta útbreiðslu smitsjúkdóma og skal þá bólusetja eftir reglum sem yfirdýralæknir setur. Bólusetningu annast héraðsdýralæknar eða menn undir þeirra umsjón, sem lært hafa meðferð bóluefnis og héraðsdýralæknar telja fullgilda til verksins.

20.2. Skýrslur um bólusetningu skal senda yfirdýralækni jafnskjótt og við verður komið. Skulu þær gerðar á sérstök eyðublöð sem hann afhendir héraðsdýralæknum.

20.3. Nú fyrirskipar yfirdýralæknir bólusetningu í tilteknu búi vegna yfirvofandi smithættu eða til varnar veiki sem upp hefur komið og skulu þá allir kanínueigendur er fyrirskipunin nær til veita næga aðstoð við bólusetningu, ella skal kveðja til aðstoðarfólk á þeirra kostnað. Kostnað við bólusetningu og bóluefni skulu eigendur kanínubúsins bera.

V. KAFLI Ýmis ákvæði.

21. gr.

21.1. Bændasamtök Íslands annast leiðbeiningaþjónustu í kanínurækt í samvinnu og samráði við stjórn Landssambands kanínubænda.

21.2. Kynbótanefnd skal starfa í kanínurækt. Ráðunautur Bændasamtaka Íslands í kanínurækt á hverjum tíma skal vera formaður hennar. Landssamband kanínubænda tilnefni tvo menn í nefndina til tveggja ára og tvo til vara. Ef ekki er starfandi ráðunautur í kanínurækt, skal stjórn Bændasamtaka Íslands skipa mann í þá stöðu.

21.3. Kynbótanefnd skal marka skýra stefnu í kynbótum á kanínum. Meðal verkefna nefndarinnar er að gera tillögur um:

- a. Afurðaskýrsluhald í kanínurækt, sem Bændasamtök Íslands sjá um.
- b. Dómstiga fyrir kynbótasýningar og val á kynbótadýrum, auk þjálfunar fyrir tilvonandi dómara.
- c. Innflutning á kanínum og sæði.
- d. Fyrirkomulag einstaklingsprófana og afkvæmarannsókna á kanínum.

21.4. Bændasamtökum Íslands er skylt að halda kynbótasýningar á kanínum í samráði við einstök kanínuræktarfélag eða Landssamband kanínubænda. Skulu Bændasamtök Íslands senda ráðunaut í kanínurækt, eða annan þann dómara sem kynbótanefnd hefur veitt tilskilin réttindi. Stjórn viðkomandi kanínuræktarfélags tilnefni tvo meðdómendur og annast undirbúning sýningar. Einstök kanínuræktarfélag geta haldið sýningar oftari, að því tilskildu að stjórn félagsins útvegi hæfa dómara á sýningu.

21.5. Heimilt er Bændasamtökum Íslands, Landssambandi kanínubænda, bændaskólunum og/eða öðrum þeim aðilum sem þess óska, að koma á fót uppeldis- og kynbótastöðvum í kanínurækt. Slíkar stöðvar skulu hlíta fyrirmælum kynbótanefndar um einstaklingsprófanir og afkvæmarannsóknir á kanínum.

22. gr.

22.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

22.2. Ítrekuð, alvarleg brot af ásetningi eða stórfelldu gáleysi skulu jafnframt valda réttinda-missi til að reka kanínubú.

22.3. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

23.1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum, lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993, lögum um dýralækna nr. 77/1981 og búnaðarlögum nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um kanínurækt nr. 263 5. júní 1991.

Ákvæði til bráðabirgða.

Héraðsráðunautar eða héraðsdýralæknir skulu fyrir 1. janúar 1999 skoða þau feldkanínubú sem starfandi eru við gildistöku þessarar reglugerðar og sannreyna að búnaður þeirra sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Fullnægi kanínubú sem hafið hefur starfsemi fyrir gildistöku reglugerðarinnar ekki ákvæðum hennar getur landbúnaðarráðuneytið, að fenginni umsögn héraðsráðunautar eða héraðsdýralæknis, veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum reglugerðarinnar, þó ekki lengur en til 1. júní 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013, íbúðasvæði suðvestan Sjávangötu.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 1. desember 1993.

Breytingin felst í því að tvö íbúðasvæði eru gerð að einu og heildarflötur minnkaður. Ennfremur breytast göngustígar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Arnarstapa 1991-2011, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Arnarstapa 1991 - 2011 frá 2. desember 1992.

Breytingar felast í því að opnu, óbyggðu svæði norðan byggðar er breytt í sumar- bústaðasvæði og iðnaðarsvæði á mótum Sölvaslóðar og Fornuslóðar er breytt í opið, óbyggt svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

11. september 1998

Nr. 560

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013, Laufskógar, Frumskógar og Hverahlíð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013 frá 19. maí 1994.

Breytingar felast í því að suðurhluta lóðanna við Hverahlíð 2, 4, 6, 8 og 10 er breytt úr útivistarsvæði í íbúðabyggð, lóðinni Frumskógar 18 er breytt úr íbúðarbyggð í útivistarsvæði og lóðinni Laufskógar 16 er breytt úr útivistarsvæði í íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

21. september 1998

Nr. 561

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Ósland hf., fiskmjölsverksmiðju, Höfn, Hornafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ósland hf., fiskmjölsverksmiðju, Höfn, Hornafirði, kt. 501192-2799. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlaðist gildi 17. september 1998 og gildir til 15. maí 1999.

Reykjavík, 21. september 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 195/1996
fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á Suðurnesjum.

1. gr.

Upphæðir gjalda í 2. gr. gjaldskrár nr. 195/1996 verða sem hér segir:

	kr.		kr.
1. flokkur	11.770	5. flokkur	70.620
2. flokkur	23.540	6. flokkur	94.160
3. flokkur	35.310	7. flokkur	141.240
4. flokkur	47.080		

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarfélögunum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurnesja, sbr. 8. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin staðfestist hér samkvæmt framangreindum lögum og tekur gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992
um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum
á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó).

1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 70/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn skal koma aftan við 53. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)) með þeirri aðlögun er þar greinir.

2. gr.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

3. gr.

Auglýsing þessi sem birt er samkvæmt heimild í siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 508/1998.

Samgönguráðuneytinu, 14. september 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.

REGLUGERD RÁÐSINS (EBE) nr. 3577/92

frá 7. desember 1992

um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af breyttri tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álit Evrópuþingsins⁽²⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Evrópuþingið samþykkti, 12. júní 1992, ályktun um afnám hafta á gestaflutningum á sjó og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þess.

Samkvæmt 61. gr. sáttmálans á frjáls þjónustustarfsemi í flutningum á sjó að lúta ákvæðum þess bólsks sem fjallar um flutninga.

Við stofnun hins innri markaðar er nauðsynlegt að gefa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna frjálsa. Innri markaðurinn myndar svæði þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Því ber að beita meginreglunni um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna.

Skipaeigendur innan bandalagsins, sem gera út skip skráð í aðildarríki og sigla undir fána þess, falla undir þessa meginreglu, hvort sem það liggur að sjó eða ekki.

Þessi meginregla mun verða rýmkuð og látin taka til skipa sem eru einnig skráð í skipaskrá bandalagsins (EUROS) þegar sú skrá hefur verið viðurkennd.

Til að komast hjá röskun á samkeppni skulu skipaeigendur innan bandalagsins, sem nýta sér meginregluna um frjálsa þjónustustarfsemi á sviði gestaflutninga, uppfylla öll skilyrði um gestaflutninga í aðildarríkinu þar sem skip þeirra eru skráð. Skipaeigendur innan bandalagsins, sem gera út skip skráð í aðildarríki en hafa ekki rétt til gestaflutninga í því ríki, eiga engu að síður að geta nýtt sér ákvæði þessarar reglugerðar á aðlögunartímabilinu.

Rétt er að þessi meginregla komi til framkvæmda smám saman og ekki endilega með sama hætti í allri þjónustustarfsemi, að teknu tilliti til sérstöðu tiltekkinnar þjónustustarfsemi og umfangs þeirrar starfsemi, sem tiltekin efnahagskerfi innan bandalagsins sem þróast á mismunandi hátt, þurfa að standa undir.

Ástæða getur verið til að koma á fót opinberri þjónustu sem felur í sér tiltekin réttindi og skyldur fyrir viðkomandi skipaeigendur til að tryggja nægilega og reglulega flutninga til, frá og á milli eyja, að því tilskildu að engin mismunur eigi sér stað á grundvelli þjóðernis eða búsetu.

Samþykking ber ákvæði sem miða að því að gerðar verði öryggisráðstafanir er lúta að sjóflutningamörkuðum, sem alvarleg truflun hefur orðið á, eða neyðartilvikum. Rétt er að ákveða málsmeðferð ákvarðanatöku um þetta efni.

Til að tryggja starfsemi hins innri markaðar sem best og með tilliti til hugsanlegra breytinga í ljósi reynslunnar er rétt að framkvæmdastjórnin gefi skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar og leggi fram viðbótarillögur ef þess gerist þörf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Frá 1. janúar 1993 skal skipaeigendum innan bandalagsins, sem hafa skráð skip sín í aðildarríki og sigla undir fána þess, vera frjálst að veita sjóflutningaþjónustu innan aðildarríkis (gestaflutningar á sjó), að því tilskildu að þessi skip uppfylli öll skilyrði um gestaflutninga í því aðildarríki, að meðtöldum þeim skipum sem eru skráð í EUROS, eftir að ráðið hefur viðurkennt þá skrá.

2. Undanþága er þó veitt til að fresta, tímabundið eða til 31. desember 1996, beitingu ákvæða 1. mgr. þar sem þess er krafist að skip uppfylli öll skilyrði um gestaflutninga í aðildarríkinu þar sem þau eru skráð á þeim tíma.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Sjóflutningaþjónusta innan aðildarríkis (gestaflutningar á sjó)“: þjónusta sem er venjulega veitt gegn gjaldi, einkum:

(¹) Stjtið. EB nr. C 73, 19. 3. 1991, bls. 27.

(²) Stjtið. EB nr. C 295, 26. 11. 1990, bls. 687, og álit sem var skilað 20. nóvember 1992 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

(³) Stjtið. EB nr. C 56, 7. 3. 1990, bls. 70.

- a) gestaflutningar með ströndum meginlands: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli hafna á meginlandi eða yfirráðasvæði sama aðildarríkis, án viðkomu á eyjum;
- b) gestaflutningar á haf út: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli hafnar í aðildarríki og stöðva eða bygginga á landgrunni sama aðildarríkis;
- c) gestaflutningar til og frá eyjum: flutningar á farþegum eða vörum á sjó milli:
- hafna á meginlandinu og einnar eða fleiri eyja sama aðildarríkis,
 - hafna á eyjum sama aðildarríkis;
- Ceuta og Melilla flokkast eins og eyjahafnir.
2. „Skipaeigandi innan bandalagsins“:
- a) ríkisborgarar aðildarríkis sem hafa staðfestu í aðildarríki í samræmi við lög þess aðildarríkis og reka útgerð;
- b) skipafélög með staðfestu í samræmi við lög aðildarríkis sem hafa aðalstarfsstöð í aðildarríki þar sem eftirlitið fer fram,
- c) ríkisborgarar aðildarríkis með staðfestu utan bandalagsins eða skipafélög, sem hafa staðfestu utan bandalagsins og eru undir eftirliti ríkisborgara aðildarríkis, ef um er að ræða skip sem eru skráð í aðildarríki og sigla undir fána aðildarríkis í samræmi við lög þess.
3. „Samningur um opinbera þjónustu“: samningur sem lögbær yfirvöld aðildarríkis og skipaeigandi innan bandalagsins gera með sér í þeim tilgangi að veita almenningi næga flutningaþjónustu.
- Í samningi um opinbera þjónustu getur einkum falist:
- flutningaþjónusta sem uppfyllir settar reglur um samfellu, reglufestu, flutningsgetu og gæði,
 - viðbótarflutningaþjónusta,
 - flutningaþjónusta gegn tilteknu gjaldi og með tilteknum skilyrðum, einkum með tilliti til tiltekinnna flokka farþega eða á tilteknum leiðum,
 - aðlögun þjónustunnar að raunverulegum þörfum.
4. „Skyldur um opinbera þjónustu“: skyldur sem skipaeigandi innan bandalagsins myndi ekki taka á sig eða ekki taka á sig í jafn miklum mæli eða með sömu skilmálum ef hans eigin viðskiptahagsmunir væru látnir ráða.
5. „Alvarleg truflun á innri flutningamarkaðinum“: vandamál er varða þennan markað eingöngu og:
- eru líkleg til að valda miklu og hugsanlega viðvarandi framboði umfram eftirsurn,
 - eru til komin vegna gestaflutninga á sjó eða hafa aukist við þá, og
 - eru alvarleg ógnun við tilveru og fjárhagslegan stöðugleika verulegs fjölda skipaeigenda innan bandalagsins,
- að því tilskildu að skammtímaspár og spár til meðalangs tíma fyrir þennan markað bendi ekki til umtalsverðra og varanlegra breytinga til batnaðar.
3. gr.
1. Þegar um er að ræða skip sem eru í gestaflutningum með ströndum meginlands og skip í skemmtisiglingum skulu öll mál er varða mannráðningar heyra undir ríkið þar sem skipið er skráð (fánaríkið), að undanskildum skipum undir 650 brúttótonnum sem geta verið háð skilyrðum gistiríkis.
2. Þegar um er að ræða skip sem eru í gestaflutningum til og frá eyjum skulu öll mál er varða mannráðningar heyra undir ríkið þar sem skipið er í sjóflutningum (gistiríkið).
3. Þegar um er að ræða flutningaskip yfir 650 brúttótonnum sem er í gestaflutningum til og frá eyjum skulu þó öll mál, er varða mannráðningar, heyra undir ríkið þar sem skipið er skráð (fánaríkið) frá og með 1. janúar 1999 ef viðkomandi ferð er farin í framhaldi af eða er undanfari ferðar til eða frá öðru ríki.
4. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka vandlega efnahagsleg og félagsleg áhrif þess að gefa gestaflutninga til og frá eyjum frjálsa og gefa ráðinu skýrslu um málið eigi síðar en 1. janúar 1997.
- Á grundvelli þeirrar skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið tillögu sem getur falið í sér tilslakanir á ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., um mannráðningar með tilliti til ríkisfangs svo að ráðið geti í tæka tíð og fyrir 1. janúar 1999 samþykkt endanlegt fyrirkomulag.
4. gr.
1. Aðildarríki getur gert samninga um opinbera þjónustu við skipafélög sem taka þátt í reglubundnum flutningum til, frá eða á milli eyja eða lagt þeim á herðar skyldur um opinbera þjónustu sem skilyrði fyrir gestaflutningum.

Þegar aðildarríki gerir samning um opinbera þjónustu eða leggur skipafélögum á herðar skyldur um opinbera þjónustu skal hann gerður á jafnræðisgrundvelli gagnvart öllum skipaeigendum innan bandalagsins.

2. Skyldur um opinbera þjónustu, sem aðildarríki leggja skipafélögum á herðar, skulu takmarkast við kröfur varðandi hafnir sem þjóna á, reglufestu, samfellu, tíðni, flutningsgetu, gjaldskrá og mannaáðningar á skipin.

Séu greiddar bætur fyrir að þurfa að veita opinbera þjónustu skulu allir skipaeigendur innan bandalagsins eiga kost á þeim.

3. Áður gerðir samningar um opinbera þjónustu mega gilda áfram þar til samningstími þeirra rennur út.

5. gr.

1. Verði alvarlegar truflanir á innri flutningamarkaðinum vegna þess að gestaflutningar hafa verið gefnir frjálsir getur aðildarríki krafist þess að framkvæmdastjórnin samþykki öryggisráðstafanir.

Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á og að höfðu samráði við hin aðildarríkin, taka ákvörðun um nauðsynlegar öryggisráðstafanir innan 30 virkra daga frá því að beiðni þar að lútandi berst frá aðildarríki. Í slíkum ráðstöfunum getur falist að viðkomandi svæði sé tímabundið undanþegið gildissviði þessarar reglugerðar, þó ekki lengur en í 12 mánuði.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu og aðildarríkjunum um allar ákvarðanir sem hún tekur um öryggisráðstafanir.

Ef framkvæmdastjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um málið að 30 virkum dögum liðnum hefur viðkomandi aðildarríki rétt til að gera umbeðnar ráðstafanir þar til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun.

Í neyðartilvikum geta aðildarríkin þó einhliða samþykkt bráðabirgðaráðstafanir sem geta gilt í þrjá mánuði hið lengsta. Aðildarríkin verða að tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um samþykkt slíkra ráðstafana. Framkvæmdastjórnin getur fellt ráðstafanirnar úr gildi eða staðfest þær, með eða án breytinga, þar til hún tekur lokaákvörðun í samræmi við aðra undirgrein.

2. Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt öryggisráðstafanir að eigin frumkvæði, að höfðu samráði við aðildarríkin.

6. gr.

1. Eftirfarandi sjóflutningaþjónusta á Miðjarðarhafinu og meðfram ströndum Spánar, Portúgals og Frakklands skal

þó tímabundið vera undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar:

— skemmtisiglingar, til 1. janúar 1995,

— flutningar á vörum til hernaðar (olífa, olíuvörur og drykkjarvatn), til 1. janúar 1997,

— flutningar með skipum undir 650 brúttótonnum, til 1. janúar 1998,

— reglubundnir farþegaflutningar og ferjuþjónusta, til 1. janúar 1999.

2. Gestaflutningar til og frá eyjum í Miðjarðarhafinu og gestaflutningar til og frá eyjaklósunum Kanarí, Asor og Madeira, svo og Ceuta og Melilla, frönsku eyjunum með ströndum Atlantshafs og frönsku umdæmunum handan hafs skulu þó tímabundið vera undanþegin gildissviði þessarar reglugerðar eða til 1. janúar 1999.

3. Með tilliti til félagslegs og efnahagslegs samhengis skal undanþágan sem um getur í 2. mgr. einnig ná til Grikklands fram til 1. janúar 2004, að því er varðar reglubundna farþegaflutninga og ferjuþjónustu og flutninga með skipum sem eru innan við 650 brúttótonn.

7. gr.

Ákvæði 62. gr. sáttmálans gilda um málefni sem fjallað er um í þessari reglugerð.

8. gr.

Með fyrirvara um ákvæði sáttmálans um staðfesturétt og þessa reglugerð getur einstaklingur, sem veitir sjóflutningaþjónustu, tímabundið haldið starfseminni áfram í aðildarríkjunum þar sem þjónustan er veitt með sömu skilyrðum og gilda fyrir ríkisborgara þess ríkis.

9. gr.

Áður en aðildarríkin samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli til framkvæmdar þessarar reglugerð skulu þau hafa samráð við framkvæmdastjórnina. Þau skulu tilkynna henni um samþykkt allra slíkra ráðstafana.

10. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu, fyrir 1. janúar 1995 og annað hvert ár eftir það, um framkvæmd þessarar reglugerðar og leggja fram allar nauðsynlegar tillögur eftir því sem við á.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

J. MacGREGOR

forseti.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 719/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.10.-31.12.98	1.200	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.10.-31.12.98	3.200	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 3. september 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Krossalind 21-31. Í breytingunni felst að einbýlishúsum á ofangreindum lóðum er breytt í parhús. Lóðamörk breytast jafnframt.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 1. júlí til 5. ágúst 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Kópavogi, 21. september 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1998

29. september 1998

1801

Nr. 566

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	12.10.-18.10.98	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	19.10.-31.10.98	ótilgr.	15	99
0704.1000	Blómkál	05.10.-11.10.98	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	12.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	26.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat	01.10.-31.10.98	ótilgr.	30	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.10.-31.10.98	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.10.-31.10.98	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifilsblöð	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.10.-13.12.98	ótilgr.	15	97
0705.2900	Annað	14.12.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0706.9000	Rauðrófur	01.10.-13.12.98	ótilgr.	22,5	102

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0707.0021	Gúrkur	12.10.-18.10.98	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	19.10.-31.10.98	ótilgr.	15	99
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	26.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.10.-15.03.99	ótilgr.	7,5	100
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0709.6003	Paprika	01.10.-18.10.98	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika	19.10.-31.10.98	ótilgr.	15	199
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0709.6003	Paprika, lituó	01.10.-11.10.98	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, lituó	12.10.-18.10.98	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, lituó	19.10.-31.10.98	ótilgr.	30	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1998

1. október 1998

1803

Nr. 567

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiðum í norðanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 5. október 1998 til og með 15. desember 1998 eru allar veiðar með dragnót bannaðar í Faxaflóa, norðan og austan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ}39,60'N - 22^{\circ}27,20'V$
2. $64^{\circ}40,00'N - 22^{\circ}50,00'V$
3. $64^{\circ}48,00'N - 22^{\circ}50,00'V$

2. gr.

Með mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1998

Nr. 568

1804

17. september 1998

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Akraneskaupstað.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

2. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt. Með hugtakinu almannafæri er átt við vegi, svæði og staði sem almenningur fari um eða ætlaðir séu til almenningsnota, utan húss eða innan, svo sem verlanir, samkomustaðir og aðrir þjónustustaðir.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verlanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

5. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Góðir umgengishættir og hreinlæti á almannafæri

6. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns og samþykkt bygginga- og skipulagsnefndar. Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

7. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í hífýli manna í söluverndum, ef húsráðandi leggur við því bann.

8. gr.

Í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugröðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir einnig um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhúta, báta, skipskrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bíflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta, mengun o.s.frv. stafar af.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Akraneskaupstaðar í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, nr. 81/1988, með áorðnum breytingum. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra.

9. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnireglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

10. gr.

Enginn má raska friði fugla á friðuðum útivistarsvæðum í bænum eða annars staðar í lögsagnarumdæminu.

Oheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 15/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.

11. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. spilliefnum o.s.frv.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrir mælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Gróður,

s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af garðyrkjustjóra Akraneskaupstaðar og kynntar bæjarbúum með tryggilegum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrir mælum bæjaryfirvalda um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi og því um líkt í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á, s.s. um áramót eða á þrettándanum.

14. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, einnig er slökkviliðsstjóra heimilt að takmarka samgang við skip sem flytja eldfim efni, svo sem olíuskip.

15. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slíkt verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

16. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrir mælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það er fjarlægt eða rífið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtaðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óþrýði.

17. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi bæjarstjórnar, sbr. 43. gr. byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hverskonar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra

er augsýnilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingayfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI

Um ökutæki, umferð o.fl.

18. gr.

Vörubifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðarhúshverfum eða almennum bifreiðastæðum bæjarins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna og þess háttar tækja á götum og almennum bifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

19. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

20. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í lögsagnarumdæmi Akraneskaupstaðar.

21. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annarskonar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en tvær mínútur, svo komast megi hjá ólofti og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

22. gr.

Almennur hámarkshraði í stjórnsýsluumdæmi Akraneskaupstaðar skal vera 50 km á klst. Utan þéttbýlis og á einstökum götum eða bæjarhverfum getur lögreglustjóri, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, ákveðið annan hámarkshraða.

23. gr.

Þeir, sem flytja hvers konar farm um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

24. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðir eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bygginganefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Bygginganefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

25. gr.

Á götum, vegum eða svæðum má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu geta valdið.

Börn yngri en fimmtán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað.

III. KAFLI

Um götuspjöld og húsnúmer.

26. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

IV. KAFLI

Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

27. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

28. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótélum og öðrum gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Dómsmálaráðherra getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Hið sama gildir um einkasamkvæmi á umræddum stöðum.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

29. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 16 ára aðgang að leiktækjum. Miðað skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 - 23.30 daglega.

30. gr.

Um opnunartíma verslana gilda sérstakar samþykktir sem bæjarstjórn setur.

V. KAFLI

Um útivistartíma barna og ungmenna.

31. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna gilda ákvæði laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

VI. KAFLI

Um hundahald, búfjárhald o.fl.

32. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 221/1996.

33. gr.

Búfjárhald er bannað í kaupstaðnum, nema með leyfi bæjarstjórnar, sbr. reglugerð um búfjárhald á Akranesi nr. 473/1984.

34. gr.

Alla flækingsketti, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

VII. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

35. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir stjórnarsýsluumdæmi Akraneskaupstaðar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, lögum um heilbrigðis- og hollustuvernd o.s.frv.

36. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem honum er skylt að gera samkvæmt samþykktinni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það eða gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiddist af hinum brotlega eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.

37. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála

Hagnaður sá, sem sakborningur kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

38. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Akraneskaupstað, nr. 472, 4. desember 1984, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Stefán Eiríksson.

REGLUGERÐ

um lögreglustjórásáttir.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

1. Markmið reglugerðar þessarar er að samræma meðferð mála sem lögreglustjórum er heimilt að ljúka skv. 115. gr. og 115. gr. a laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 ásamt síðari breytingum.

2. Ákvæði reglugerðarinnar taka til mála sem heimilt er að ljúka með sektarboði lögreglustjóra og til mála sem lögreglustjóra er heimilt að ljúka með sektargerð sem sakborningur gengst undir með undirritun sinni. Sektarboð og sektargerðir lögreglustjóra teljast til lögreglustjórásátta.

2. gr.

Lögregluskýrslur.

Gera skal lögregluskýrslu um öll brot sem lögregla hefur komist að eða kærð hafa verið til lögreglu. Efni og umfang lögregluskýrslu skal vera í samræmi við eðli brots og alvarleika. Leitast skal við að staðla sem mest lögregluskýrslur vegna algengra minniháttar brota.

3. gr.

Heimild til að ljúka málum með lögreglustjórásátt.

1. Berist lögreglustjóra kæra um brot sem hann hefur ákærvald um samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála og brotið er tilgreint á skrá ríkissaksóknara skv. 3. mgr. 115. gr. þeirra laga, er honum heimilt að ljúka því með lögreglustjórásátt, enda telji hann viðurlög við broti ekki fara fram úr sviptingu ökuréttar allt að einu ári, verðmæti þess sem gera á upptækt ekki fram úr kr. 35.000 eða fjárhæð sektar ekki fram úr kr. 100.000.

2. Þegar mál hefur verið skráð í málaskrá ákveður lögreglustjóri hvort því megi ljúka með lögreglustjórásátt og kannar hvort máli verði lokið án frekari rannsókna. Eigi lyktir máls að færast í sakaskrá samkvæmt reglugerð um sakaskrá ríkisins er óheimilt að ljúka því með sektarboði skv. 6. gr.

3. Lögreglustjóra er heimilt að fela löglærðum fulltrúum sínum að ákvarða sektir skv. 6. og 8. gr. Þá getur lögreglustjóri heimilað lögreglumönnum að ákvarða sektir skv. 6. gr., þ.m.t. skv. 5. mgr. þeirrar greinar.

4. gr.

Lögsagnarumdæmi.

1. Lögreglustjóri í umdæmi þar sem brot var framið, tekur ákvörðun um það hvort sakborningi skuli gefinn kostur á að ljúka máli með sektarboði skv. 6. gr. Hann skal enn fremur að jafnaði annast alla afgreiðslu málsins.

2. Mál sem heimilt er að ljúka með sektargerð skulu að jafnaði rekin í umdæmi þar sem sakborningur á lögheimili eða fastan dvalarstað. Lögreglustjóra í umdæmi sem brot var framið í ber, ef því er að skipta, að senda málið ásamt rannsóknargögnum svo fljótt sem unnt er til lögreglustjóra í því umdæmi þar sem sakborningur á lögheimili eða fastan dvalarstað.

5. gr.

Sektarfjárhæðir og önnur viðurlög.

1. Um viðurlög vegna brota á umferðarlögum gilda ákvæði reglugerðar um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

2. Um viðurlög vegna annarra brota sem lögreglustjórar hafa ákærvald um, og heimild skv. 1. mgr. 3. gr. nær til, fer samkvæmt skrá og leiðbeiningum sem ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té.

6. gr.

Sektarboð lögreglustjóra.

1. Ákveði lögreglustjóri að gefa sakborningi kost á að ljúka máli með greiðslu sektar og niðurstaða máls færist ekki í sakaskrá, sendir hann sakborningi, innan mánaðar frá því honum barst kæra, greiðsluseðil með sektarboði.

2. Í sektarboði skal koma fram dagsetning sektarboðs, nafn sakbornings, kennitala og heimilisfang, númer máls, stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið og þau refsíákvæði sem það varðar við. Greint skal frá því að sakborningur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar og sakarkostnaðar, ef því er að skipta, innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs. Í sektarboði skal tekið fram að greiði sakborningur sektina færist þau málalok ekki í sakaskrá. Þegar um umferðarlagabrot er að ræða skal, ef því er að skipta, koma fram í sektarboði hversu mörgum punktum brot varði samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

3. Ákveði lögreglustjóri að nýta sér heimild umferðarlaga til að veita afslátt af sektarfjárhæð skal koma fram í sektarboði að veittur sé afsláttur ef sektin ásamt sakarkostnaði greiðist að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs. Afsláttur skal ekki veittur af sakarkostnaði.

4. Ef sakborningur sinnir ekki sektarboði skal senda honum, innan 10 daga frá lokum frestsins, ítrekun þar sem honum er gefinn 30 daga frestur til að samþykkja sektarboðið með greiðslu. Þá skal koma fram í ítrekunarbréfi að sinni sakborningur ekki sektarboði sendi lögreglustjóri málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Ítrekun sektarboðs samkvæmt þessari grein skal birta með sannanlegum hætti fyrir sakborningi eða öðrum þeim sem birta mætti stefnu fyrir á hendur sakborningi í einkamáli.

5. Nú vill sakborningur ljúka máli með greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs, og er þá heimilt að gefa honum kost á að gangast skriflega undir sektargreiðslu og vararefsingu með sektargerð skv. 8. gr.

6. Ef lögreglustjóri telur að ekki séu að svo stöddu skilyrði til að ljúka máli með sektarboði skv. 1. mgr., getur hann að lokinni frekari rannsókn valið á milli þess að senda út sektarboð eða bjóða sakborningi að ljúka máli með sektargerð skv. 8. gr.

7. Ef sakborningur hafnar sektarboði, skal lögreglustjóri taka ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

7. gr.

Sátt á vettvangi.

Lögreglustjóra er heimilt að fela lögreglumönnum að bjóða vegfarendum, sem þeir standa að brotum á umferðarlögum eða reglum settum samkvæmt þeim, að ljúka málum með greiðslu sektar og taka við greiðslu, þ.á m. með kreditkortum. Ákvæði þetta tekur aðeins til mála sem heimilt er að ljúka skv. 6. gr.

8. gr.

Sektargerðir lögreglustjóra.

1. Ákveði lögreglustjóri að gefa sakborningi kost á að ljúka máli með sektargerð, sendir hann honum, innan mánaðar frá því honum barst kæra, boð um að mæta á skrifstofu lögreglustjóra innan 14 daga frá dagsetningu þess.

2. Í boði um að ljúka máli með sektargerð skal koma fram dagsetning, nafn sakbornings, kennitala og heimilisfang, númer máls, stutt lýsing á broti, hvar og hvenær það var framið, refsíákvæði sem það varðar við og að sakborningi verði gefinn kostur á að ljúka málinu með

sektargerð. Í boði skal tilgreina fjárhæð sektar auk sakarkostnaðar þegar um hann er að ræða, tímalengd sviptingar ökuréttinda og upptöku eigna, ef því er að skipta. Þá skal tilgreina lagagrundvöll vararefsingar og tímalengd varðhalds. Vararefsing ákvarðast samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga. Taka skal fram hvort niðurstaða máls færist í sakaskrá og enn fremur að málalok hafi sama gildi um ítrekunaráhrif og dómur ef því er að skipta. Þegar um umferðarlagabrot er að ræða skal koma fram í boði, ef því er að skipta, hversu mörgum punktum brot varði samkvæmt reglugerð um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

3. Ákveði lögreglustjóri að nýta sér heimild umferðarlaga til að veita afslátt af sektar-fjárhæð skal það koma fram í boði til sakbornings að veittur sé afsláttur ef sektin og sakarkostnaður greiðist að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektargerðar. Afsláttur skal ekki veittur af sakarkostnaði. Heimild til að veita afslátt af sekt gildir þó ekki ef sektargerð er gerð í kjölfar sektarboðs sem sakborningur hefur ekki sinnt.

4. Ef sakborningur kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan frestsins, jatar brot og lýsir sig reiðubúinn til að ljúka máli með þeim hætti sem fram kemur í boðinu, gengst hann skriflega undir sektargerð með undirritun sinni á boðið. Koma skal fram á sektarboðinu hvenær það var samþykkt og skal það jafnframt undirritað af lögreglustjóra eða löglærðum fulltrúa hans. Heimilt er að veita allt að 30 daga frest til greiðslu sektar og sakarkostnaðar samkvæmt sektargerð. Leiðbeina skal sakborningi um þýðingu vararefsingar.

5. Ef sakborningur greiðir ekki sekt og sakarkostnað samkvæmt sektargerð, en kemur á skrifstofu lögreglustjóra innan 30 daga frá undirritun gerðarinnar, er heimilt að gera við hann afborgunarsamning til allt að sex mánaða. Afborgunarsamningur skal hafa ákvæði þess efnis að verði dráttur á greiðslu einstakra afborgana sé öll sektin í gjalddaga fallin. Einnig skal koma fram að fjárnám megi gera til fullnustu sektargerðar eða vararefsing verði afplánuð.

6. Ef sakborningur sinnir ekki boði skal senda honum, innan 10 daga frá lokum frestsins, ítrekun þar sem honum er gefinn 14 daga frestur til að koma á skrifstofu lögreglustjóra og gangast skriflega undir sektargerð. Þá skal koma fram í ítrekunarbréfi að sinni sakborningur ekki boðinu taki lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

7. Ef lögreglustjóri telur að ekki séu að svo stöddu skilyrði til að ljúka máli með sektargerð getur hann að lokinni frekari rannsókn valið á milli þess að senda út boð skv. 1. mgr. eða bjóða sakborningi munnlega að ljúka máli með sektargerð.

8. Ef sakborningur sinnir ekki eða hafnar boði um sektargerð, tekur lögreglustjóri ákvörðun um saksókn eftir almennum reglum laga um meðferð opinberra mála.

9. gr.

Greiðslufall sektar.

1. Lögreglustjórar annast innheimtu sekta.

2. Lögreglustjóra ber að leita fullnustu sektar, og sakarkostnaðar ef því er að skipta, með aðför, nema hann telji það þýðingarlaust. Um aðför fer eftir fyrirmælum aðfararlaga um aðför eftir sátt sem komist hefur á fyrir yfirvaldi.

10. gr.

Afplánun vararefsingar.

1. Ef lögreglustjóri telur að innheimtuaðgerðir séu þýðingarlausar eða fullreyndar, skal hann ákveða að vararefsingu verði beitt. Tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar skal send sakborningi þegar ljóst þykir að innheimtutilraunir muni ekki bera árangur. Tilkynningu skal senda með sannanlegum hætti.

2. Sé sekt hvorki greidd né fullnægjandi trygging sett fyrir greiðslu og tilkynning skv. 1. mgr. hefur verið send, skal lögreglustjóri svo fljótt sem unnt er óska eftir að Fangelsismálastofnun ríkisins ákveði stað og stund fyrir afplánun vararefsingar. Ekki skal líða lengri tími en eitt ár frá sektarákvörðun þar til slík beiðni er send stofnuninni.

11. gr.

Innheimtakerfi fyrir sektir.

Á öllum stigum sektarákvörðunar og innheimtu skulu upplýsingar um stöðu máls skráðar þannig að unnt sé á skjótan og einfaldan hátt að fá yfirlit um stöðu máls hverju sinni.

12. gr.

Eftirlit ríkissaksóknara.

1. Senda skal ríkissaksóknara skýrslur um málalok samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eftir þeim reglum sem hann ákveður.

2. Telji ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir lögreglustjóra-sátt eða að málalok hafi verið fjarstæð að öðru leyti, getur hann innan mánaðar frá því að honum barst vitneskja um þau, fellt sáttina úr gildi, enda sé þá ekki liðið ár frá málalokum.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

1. Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. og 4. mgr. 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, sbr. 5. gr. laga nr. 57 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

2. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um lögreglustjórásáttir, nr. 39 16. janúar 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

1. september 1998

Nr. 570

REGLUGERÐ

um (7.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 29.217 í stað kr. 28.093.

Í 6. gr. komi kr. 29.217 í stað kr. 28.093.

Í 10. gr. komi kr. 23.473 í stað kr. 22.570.

Í 14. gr. komi kr. 23.473 í stað kr. 22.570.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30. sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. september 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Stöðvarhrepps nr. 548/1987, sbr. samþykkt nr. 386/1990.

1. gr.

1. töluliður B-liðar 56. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Félagsmálanefnd. Hreppsnefnd kys fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagspjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Hreppsnefnd getur ákveðið að tilfærna sameiginlega félagsmálanefnd með nágranna-sveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um. Heimilt er að undanskilja verkefni húsnæðisnefndar verkefnum sameiginlegrar félagsmálanefndar. Skal þá hreppsnefnd kjósa fimm fulltrúa í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 572

21. september 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um íslensk vegabréf, nr. 169 22. apríl 1987,
með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Dómsmálaráðherra getur þegar sérstaklega stendur á ákveðið almennt að gefa megi út neyðarvegabréf sem gilda allt að einu ári. Að öðru leyti gilda ákvæði þessarar reglugerðar um útgáfu slíkra vegabréfa.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Kolbeinn Árnason.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við
sameiningu Grafningshrepps og Grímsneshrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 34/1998, skal vera Grímsnes- og Grafningshreppur.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Egilsstaðabæjar,
Eiðahrepps, Hjaltastaðahrepps, Skriðdalshrepps og Vallahrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 33/1998, skal vera Austur-Hérað.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013,
við Kasthúsátjörn og sunnan Blikastígs.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. september 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993-2013 frá 1. desember 1993.

Breytingin felst í því að hætt er við áform um framtíðaríþróttasvæði við Kasthúsátjörn og íbúðarsvæði suður af Blikastíg er minnkað og í staðinn kemur útivistarsvæði (grænt svæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. september 1998.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 576

24. september 1998

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988,
með síðari breytingum.**

1. gr.

58. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrjú aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Einn áheyrnarfulltrúi og einn til vara.
2. *Stjórn Akranesveitu.* Fimm aðalmenn og fimm til vara samkvæmt reglugerð um Akranesveitu og samþykktum bæjarstjórnar.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Undirkjörstjórnir.* Þrjú aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. *Skóðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og reglugerð fyrir Akraneshöfn.
3. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. lög nr. 85/1985.
4. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin skal, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Hún annast umsjón markaðs- og ferðamála á Akranesi og gerir tillögur til bæjarstjórnar um þau mál svo og varðandi átaksverkefni og önnur mál sem varða atvinnulíf á Akranesi.
5. *Æskulýðs- og félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Æskulýðs- og félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991. Æskulýðs- og félagsmálaráð skipar þjónustuhóp aldraðra í samráði við hreppsnefndir sunnan Skarðsheiðar og fer þjónustuhópurinn með verkefni öldrunar-nefndar sbr. ákvæði laga um málefni aldraðra. Þá fer ráðið með æskulýðsmál, menningarmál æskunnar og samskipti við stofnanir bæjarins og æskulýðsfélög.
6. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál.

7. *Bygginganefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998. Nefndin annast húsafriðunarmál og er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun húsa. Að auki er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bættar samgöngur innan bæjarins og um aukið öryggi fyrir vegfarendur. Bygginganefnd skal fjalla um ferlimál fatlaðra og stuðla að bættu aðgengi fatlaðra að byggingum og öðrum mannvirkjum.
8. *Skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með skipulagsmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og er bæjarstjórn til ráðgjafar um skipulagsmál.
9. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með umhverfismál á Akranesi. Nefndin er bæjarstjórn einnig til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 93/1996 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur skal nefndin annast veitingu viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umhverfi. Nefndin kalli til ráðuneytis fulltrúa þeirra samtaka sem láta sig umhverfismál varða þegar veittar eru viðurkenningar.
10. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
11. *Undirkjörstjórnir*. Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.
12. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, lögum nr. 78/1994 um leikskóla, lögum um tónlistarskóla nr. 75/1985 og samkvæmt erindisbréfi skólanefndar. Nefndin fer einnig með málefni Tónlistarskóla Akraness og skipar tvo fulltrúa í stjórn skólans og tvo til vara.
13. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi um rekstur skólans, dags. 1. janúar 1987.
14. *Stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin er skipuð skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
15. *Íþróttanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþróttanefnd fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþróttar. Nefndin annast undirbúning hátíðarhaldar á 17. júní og annarra samkoma samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Íþróttanefnd tilnefnir samráðsnefndir við íþróttahreyfinguna eftir því sem um er samið.
16. *Menningarmála- og safnanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að málefnum safna og menningarstofnana á Akranesi. Hún skal stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfsemi í samstarfi við félagasamtök og hópa sem starfa að menningarmálum. Nefndin fer auk þess með eftirfarandi verkefni:
 - Stjórn héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns Akraness, en héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skipar einn fulltrúa fyrir hreppa sunnan Skarðsheiðar til að fjalla um málefni héraðsbókasafnsins. Starfað skal skv. lögum nr. 36/1997 um almenningsskjalasöfn og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.
 - Stjórn menningarsjóds skv. skipulagsskrá.
 - Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita skv. reglugerð um safnið frá 20. mars 1986.
 - Stjórn Bíóhallar skv. skipulagsskrá frá 1986.
17. *Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Stjórnin starfar skv. skipulagsskrá.
18. *Stjórn Lífeyrissjóds Akraneskaupstaðar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 15. janúar 1990.

19. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
20. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum SSV.
21. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
22. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
23. *Fulltrúaráð Grundartangahafnar*. Fjórir aðalmenn og fjórir til vara samkvæmt reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
24. *Stjórn dvalarheimilisins Höfða*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulags-skrá frá júní 1974.
25. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila og samþykktum HAB.
26. *Starfskjaranefnd*. Þrír aðalmenn skv. grein 12.1. kjarasamnings STAK og Akraneskaupstaðar, sem taki til meðferðar ágreiningsmál sem upp kunna að koma varðandi laun og kjör starfsmanna.
27. *Starfsmatsnefnd*. Tveir aðalmenn skv. grein 12.2. í kjarasamningi STAK og Akraneskaupstaðar.
28. *Búffjäreftirlitsmaður*. Tilnefning búffjäreftirlitsmanns skv. 9. gr. laga um búffjörhald nr. 46/1991.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir frístundahús úr landi Finnstungu í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Bólstaðarhlíðarhrepps þann 10. ágúst 1998 samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir frístundahús úr landi Finnstungu í Bólstaðarhlíðarhreppi.

Skipulagsuppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skrifstofu Bólstaðarhlíðarhrepps, 8. september 1998.

F. h. sveitarstjórnar Bólstaðarhlíðarhrepps,

Erla Hafsteinsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru Gunnar Sigurðsson yfirlæknir, Brúnalandi 30, Reykjavík, Kári Stefáns-son forstjóri, Víðihlíð 6 Reykjavík, Kristján Erlendsson læknir, Vaðlaseli 12, Reykjavík og Íslensk erfðagreining ehf., Lynghálsi 1, Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að annast aðstoð við lækna þá sem á hverjum tíma eru í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu ehf. um rannsóknir á erfðabáttum sjúkdóma, með því að starfrækja sérstaka þjónustumiðstöð rannsóknarverkefna og ráða til starfa og hafa tiltækt í sameiginlegri starfsaðstöðu samstarfslæknanna starfsfólk sem læknarnir geti leitað til um aðstoð við skipulagningu og framkvæmd rannsókna.

4. gr.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er kr. 500.000 sem stofnendur leggja fram.

Stofnféð skal ávallt haldast óskert að raungildi.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru rekstrartekjur, vaxtatekjur og frjáls framlög. Tekjum stofnunarinnar skal varið til að standa undir starfsemi hennar samkvæmt 3. gr. Hagnaði sem verða kann af starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar skal einungis varið til almenningsheilla samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar að afloknu hverju reikningsári.

5. gr.

Sjálfseignarstofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

6. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara og skulu stjórnarmenn valdir til tveggja ára í senn. Samstarfslæknar Íslenskrar erfðagreiningar ehf. sem nýta þjónustu sjálfseignarstofnunarinnar á þeim tíma þegar ný stjórn er valin kjósa einn stjórnarmann og einn til vara á fundi sínum sem boðaður skal í þessu skyni. Íslensk erfðagreining ehf. tilnefnir einn stjórnarmann og einn mann til vara og fráfarandi stjórn sjálfseignarstofnunarinnar tilnefnir einn stjórnarmann og einn til vara.

Eftirtaldir skipa fyrstu stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og er kjörtímabil þeirra til 1. október árið 2000:

Aðalmenn:

Gunnar Sigurðsson læknir, Brúnalandi 30, Reykjavík.

Kristján Erlendsson læknir, Vaðlaseli 12, Reykjavík.

Baldur Guðlaugsson hrl., Laugarásvegi 6, Reykjavík.

Varamenn:

Ísleifur Ólafsson læknir, Kleifarvegi 11, Reykjavík.

Kristleifur Kristjánsson læknir, Viðarrima 38, Reykjavík.

Jóhannes Bjarni Björnsson hdl., Lækjarsmára 86, Kópavogi.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila. Ákvarðanir stjórnar skulu teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnin ræður forstöðumann sem annast daglegan rekstur sjálfseignarstofnunarinnar og er yfirmaður annars starfsfólks. Stjórnin veitir prókúru. Forstöðumaður ber ábyrgð á fjárvörslu stofnunarinnar.

7. gr.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjálfseignarstofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

8. gr.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og staðfestur af stjórn og skal, ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári, sendur Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní næsta ár.

9. gr.

Meirihluti stjórnar getur samþykkt breytingar á skipulagsskrá þessari og lagt sjálfseignarstofnunina niður. Ef stofnunin er lögð niður skal stofnframlagið og aðrar eignir renna til styrktar sambærilegri starfsemi skv. ákvörðun stjórnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskrá þessari og breytingum sem á henni kynnu að verða gerðar.

Reykjavík, 23. september 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Faney Óskarsdóttir.

Nr. 579

1. október 1998

AUGLÝSING

um breytingu á staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar, hvað varðar Austurstræti 18.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur, þann 22. september 1998, samþykkt breytingu á staðfestu deiliskipulagi Kvosarinnar, dags. 22. febrúar 1988. Breytingin nær til lóðarinnar Austurstrætis 18 og felst í breyttu útliti 1. og 2. hæðar götuhliðar og útliti 2. hæðar bakhliðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 1. október 1998.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um verðmerkingar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja vöru og þjónustu beint til neytenda.

Verðmerkja skal vöru hvar sem hún er til sýnis, þ.m.t. vöru í búðargluggum og sýningar-kössum.

Þegar söluverð vöru eða þjónustu er birt í auglýsingu skal fara eftir reglum um verðmerkingar eftir því sem við á.

Reglur þessar gilda ekki um uppboðssölu.

2. gr.

Almennt um verðmerkingar.

Skylt er að verðmerkja vöru og þjónustu með söluverði.

Verðmerking skal vera skýr svo greinilegt sé til hvaða vöru verðmerkingin vísar.

Auðvelt á að vera að sjá verð vöru og þjónustu á sölustað. Ef fleiri en ein verðmerking er á vöru, skal koma skýrt fram hvaða verð neytendur eiga að greiða.

Uppgefið söluverð skal vera endanlegt verð með virðisaukaskatti. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram.

Kjósi fyrirtæki að innheimta sérstakan kostnað í kreditkortaviðskiptum skal það a.m.k. koma skýrt fram við inngöngudyr fyrirtækis.

3. gr.

Verðmerking á útsölu.

Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var, sbr. 28. gr. samkeppnislaga.

4. gr.

Verðmerking vegna neytendalána.

Í auglýsingum eða tilboðum, sem liggja frammi á starfsstöð lánveitanda, skal tilgreina vexti, lántökukostnað og árlega hlutfallstölu kostnaðar. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð sbr. 13. gr. laga um neytendalán.

5. gr.

Verðmerking á vörum.

Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða söluveiningu.

Þegar vara er seld í lausri vigt skal söluverð hennar gefið upp miðað við kíló, lítra eða aðra viðeigandi mælieiningu.

Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Ef framangreint er ekki hægt má verðmerkja með hillumerki, skilti eða verðlista enda sé ávallt tryggt að neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið.

Auk söluverðs er skylt að gefa upp mælieiningarverð samkvæmt reglum sem gilda þar um.

6. gr.

Verðmerking á þjónustu.

Skýr verðskrá eða skilti með verði á allri þjónustu sem þjónustufyrirtæki veitir skal vera hjá afgreiðslukassa eða á áberandi stað þar sem þjónustan er veitt.

Einnig skal þjónustufyrirtæki, eftir því sem við verður komið, hafa verðskrá við inngöngudyr. Þar skal gefa upp verð á algengustu þjónustu sem er á boðstólum.

7. gr.

Undanþága.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8. gr.

Viðurlög.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna nr. 576/1994 sem falla jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun, 25. september 1998.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 22. maí 1998 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi við Auðbrekku 13-15. Í tillögunni felst að ofangreindar lóðir eru sameinaðar í eina lóð og á henni byggð ein bygging í stað tveggja eins og mæliblað, sem unnið var á grundvelli skipulagsuppráttar sem ekki hlaut formlega afgreiðslu sem deiliskipulag, gerir ráð fyrir. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að byggingarreitir verði færður 13 metrum norðar miðað við framangreint mæliblað og að hin fyrir hugaða bygging verði tvær hæðir auk kjallara um 500 fermetrar að grunnfleti. Gert er ráð fyrir gönguleiðum milli Auðbrekku og Dalbrekku bæði austan og vestan fyrirhugaðrar byggingar.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 18. mars til 22. apríl 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Kópavogi, 29. september 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnun Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun.

1. gr.

Sjálfseignarstofnun Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) er sjálfseignarstofnun, sem starfar undir vernd Verslunarráðs Íslands. Heimili og varnarþing hennar er í Reykjavík.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er eigið fé hennar þann 31. desember 1997, kr. 418.163.476 í fasteignum, kennslutækjum, verðbréfum og bankainnstæðum.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhalds- og háskólastigi. Í þeim tilgangi rekur hún Verzlunarskóla Íslands, sem er framhaldsskóli, Viðskiptaháskólann í Reykjavík og Húsbyggingasjóð. Stofnunin skal sinna rannsóknum, nýsköpun og þróun innan Viðskiptaháskólans og jafnframt miðla þekkingu til almennings eftir því sem tilefni er til.

3. gr.

Stjórn Verslunarráðs Íslands myndar fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar og fer með æðsta vald í málefnum hennar.

Stjórnin skipar að loknum aðalfundi sínum fimm (5) menn í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og jafnframt menn í undirnefndir sjálfseignarstofnunarinnar, sbr. 3. mgr. Einn stjórnarmanna skal skipaður formaður stjórnar og jafnframt formaður stjórnar Húsbyggingasjóðs. Aðrir stjórnarmenn skulu jafnframt skipaðir til trúnaðarstarfa í undirnefndir stofnunarinnar. Skal einn skipaður formaður skólanefndar Verzlunarskólans, annar skal skipaður varaformaður skólanefndarinnar, sá þriðji skal skipaður formaður háskólaráðs Viðskiptaháskólans og sá fjórði varaformaður háskólaráðsins. Stjórn Verslunarráðs skal kveða nánar á um störf stjórnarmanna sjálfseignarstofnunarinnar í erindisbréfi.

Stjórn Verslunarráðs skal skipa þrjár undirnefndir fyrir mismunandi svið sjálfseignarstofnunarinnar. Skal hún skipa skólanefnd Verzlunarskólans, háskólaráð Viðskiptaháskólans og stjórn Húsbyggingasjóðs. Auk formanns og varaformanns skulu tilnefndir þrír nefndarmenn í skólanefnd Verzlunarskólans. Jafnframt skulu auk formanns og varaformanns vera tilnefndir þrír nefndarmenn í háskólaráð Viðskiptaháskólans. Að síðustu skal auk formanns tilnefna tvo menn í stjórn Húsbyggingasjóðs. Stjórn Verslunarráðs skal kveða nánar á um störf undirnefnda og nefndarmanna í erindisbréfi.

Kjörtímabil stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar er hið sama og stjórnar Verslunarráðs. Stjórn Verslunarráðs er heimilt að leita eftir tilnefningum aðila utan Verslunarráðs um menn til setu í skólanefnd og háskólaráði. Þó skal meiri hluti fulltrúa í hvorri stjórnarnefndinni vera valinn af Verslunarráði, án tilnefningar annarra aðila.

4. gr.

Formaður stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar er jafnframt formaður stjórnar Húsbyggingasjóðs. Formenn skólanefnda skólanna skiptast á um að gegna varaformennsku í stjórnum, eitt ár í senn.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Hún ein getur skuldbundið stofnunina fjárhagslega. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum en þó þurfa minnst þrjú (3) stjórnarmenn að greiða tillögu atkvæði sitt til þess að hún teljist samþykkt. Stjórnin skal setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn Verslunarráðs Íslands.

Formaður boðar fundi stjórnar með dagskrá og minnst þriggja daga fyrirvara nema brýn nauðsyn sé að halda fund með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna situr hann. Formanni er skylt að boða fund ef einn stjórnarmanna, rektor Viðskiptaháskólans, skólastjóri Verzlunarskólans, framkvæmdastjóri stofnunarinnar og Húsbyggingasjóðs eða endurskoðandi stofnunarinnar krefst þess. Það sem gerist á fundum stjórnarinnar skal bókað í gerðabók.

Stjórnin heldur fundi eftir þörfum, þó aldrei færri en tvo á ári. Hún skal halda sérstaka fundi þar sem (1) rekstraráætlun, (2) fjárfestingaráætlun, (3) ársreikningur, og (4) önnur sameiginleg mál skólanna eru til afgreiðslu. Að öðru leyti starfa skólanefnd og háskólaráð að sérmálum skólanna.

Stjórnin, að fengnu áliti stjórnar Húsbyggingasjóðs, ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til. Er hann jafnframt framkvæmdastjóri Húsbyggingasjóðs. Stjórnin veitir framkvæmdastjóra, svo og öðrum starfsmönnum, ef henta þykir, prókúruumboð.

Framkvæmdastjóri, skólastjóri Verzlunarskólans og rektor Viðskiptaháskólans sitja fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt, nema stjórnin ákveði annað um einstaka fundi.

5. gr.

Á vegum stofnunarinnar er starfræktur Húsbyggingasjóður, sem er fjárhagslega aðgreindur frá skólarekstrinum. Sjálfseignarstofnunin ábyrgist skuldbindingar Viðskiptaháskólans í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands með eignum sínum. Stofnunin ber einnig fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum Húsbyggingasjóðs.

6. gr.

Stjórn Húsbyggingasjóðs kýs sér sjálf varaformann og setur sér starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn Verslunarráðs Íslands. Formaður boðar fundi stjórnar og er fundur lögmætur ef meirihluti stjórnar situr hann. Formanni er skylt að boða fund ef einn stjórnarmanna, framkvæmdastjóri Húsbyggingasjóðs eða endurskoðandi stofnunarinnar krefjast þess. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók. Verði ágreiningur um afgreiðslu einstakra mála í stjórninni, getur sérhver nefndarmaður skotið honum til umfjöllunar hjá stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.

Stjórn Húsbyggingasjóðs ber að ávaxta eignir sjóðsins þannig að þær beri að lágmarki þá hlutfallslegu ávöxtun er nemur vöxtum á þeim skuldbindingum sem sjóðurinn hefur tekið á sig.

Framkvæmdastjóri sjálfseignarstofnunarinnar er jafnframt framkvæmdastjóri Húsbyggingasjóðs. Stjórn Húsbyggingasjóðs veitir honum, svo og öðrum starfsmönnum, ef henta þykir, prókúruumboð. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar Húsbyggingasjóðs með málfrelsi og tillögurétt, nema stjórnin ákveði annað um einstaka fundi.

7. gr.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar og Húsbyggingasjóðs skal sjá um að bókhald sjóðsins og skólanna sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna þeirra sé með tryggilegum hætti. Framkvæmdastjóri situr fundi skólanefndar og háskólaráðs með málfrelsi og tillögurétt, nema viðkomandi skólanefnd ákveði annað um einstaka fundi.

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með framkvæmdum á vegum Húsbyggingasjóðs og annast samningagerð fyrir Húsbyggingasjóð og í umboði hans.

Framkvæmdastjóri er ekki yfirmaður daglegs rekstrar skólanna, heldur fer hann með fjármálalega framkvæmdastjórn fyrir þeirra hönd. Hann hefur eftirlit með framkvæmd rekstrar- og fjárfestingaráætlaða skólanna og gerir stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og viðkomandi skólanefnd viðvart um frávik. Hann annast einnig ávöxtun eigna skólanna og sjóða í vörslu þeirra.

8. gr.

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands markar stefnu skólans, ákveður námsframboð, inntökuskilyrði og meginstarfstilhögun skólans. Jafnframt ákveður hún skólagjöld og greiðslu tilhögun þeirra. Skólanefndin skal setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn Verslunarráðs Íslands.

Skólanefnd skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð á fjárunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er skólanum tilheyra. Skólanefnd afgreiðir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir skólann og ársreikning hans til endanlegrar afgreiðslu stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar.

Stjórn Verslunarráðs, eða skólanefnd í umboði hennar eftir erindisbréfi skv. 3. gr., ræður skólastjóra Verzlunarskólans, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til.

Verði ágreiningur um afgreiðslu einstakra mála í nefndinni, getur sérhver nefndarmaður skotið honum til umfjöllunar hjá stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.

9. gr.

Skólastjóri Verzlunarskóla Íslands kemur fram fyrir hönd skólans, annast daglegan rekstur hans og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart skólanefnd. Skólastjóri situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, nema skólanefnd ákveði annað um einstaka fundi.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða meiriháttar. Slíkar ráðstafanir getur skólastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá skólanefnd, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana skólanefndar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi skólans. Í slíkum tilvikum skal skólanefnd tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn skólans, og vikir þeim frá, hvort tveggja í samráði við skólanefnd. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs.

10. gr.

Háskólaráð Viðskiptaháskólans í Reykjavík markar stefnu skólans, ákveður námsframboð, inntökuskilyrði og meginstarfstilhögun skólans. Jafnframt ákveður það skólagjöld og greiðslutilhögun þeirra. Háskólaráð skal setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af stjórn Verslunarráðs Íslands.

Háskólaráð skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð á fjárunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er skólanum tilheyra. Háskólaráð afgreiðir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir skólann og ársreikning hans til endanlegrar afgreiðslu stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar.

Stjórn Verslunarráðs, eða háskólaráð í umboði hennar eftir erindisbréfi skv. 3. gr., ræður rektor Viðskiptaháskólans, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til.

Verði ágreiningur um afgreiðslu einstakra mála í háskólaráði, getur sérhver nefndarmaður skotið honum til umfjöllunar hjá stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.

11. gr.

Rektor Viðskiptaháskólans í Reykjavík kemur fram fyrir hönd skólans, annast daglegan rekstur hans og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart háskólaráði. Rektor situr fundi háskólaráðs með málfrelsi og tillögurétt, nema háskólaráð ákveði annað um einstaka fundi.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða meiriháttar. Slíkar ráðstafanir getur rektor aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá háskólaráði, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana háskólaráðs án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi skólans. Í slíkum tilvikum skal háskólaráði tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Rektor ræður prófessora, lektora og aðra starfsmenn skólans, og vikir þeim frá, hvort tveggja í samráði við háskólaráð. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs.

12. gr.

Reikningsár stofnunarinnar, það er beggja skólanna, svo og Húsbyggingasjóðs, er frá 1. janúar til 31. desember ár hver. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal senda Verslunarráði Íslands ársreikning skólanna, svo og Húsbyggingasjóðs, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda, og ársskýrslu eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert.

Eigi síðar en í júnímánuði ár hvert skal haldinn ársfundur stofnunarinnar þar sem fjárhagur hennar og meginatriði starfseminnar eru kynnt. Fundurinn skal öllum opin og boðaður með tryggilegum hætti.

13. gr.

Verði sjálfseignarstofnunin lögð niður skal Verslunarráð Íslands ráðstafa hreinni eign hennar með tilliti til markmiða hennar.

14. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari getur stjórn Verslunarráðs Íslands gert með samþykki 2/3 stjórnarmanna sem sækja stjórnarfund. Leita skal staðfestingar hjá menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar og breytingum á henni.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað áður útgefnar skipulagsskrár fyrir Verzlunarskóla Íslands frá 15. júní 1993, (Stjórnartíðindi B-deild nr. 272/1993).

Skipulagsskrá þessi hefur hlotið staðfestingu menntamálaráðherra samkvæmt lögum um háskóla nr. 136/1997.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. september 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um aukaleik Íslenskra getrauna.

Ráðuneytið hefur í dag samþykkt samkvæmt 3. tl. 4. gr. og 36. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995, að Íslenskar getraunir efni til tímabundins aukaleiks sem nefnist Eurogoals og starfræktur er í samvinnu við Dansk Tipstjeneste í Danmörku og Aktiebolaget Svenska Spel í Svíþjóð.

Samþykkt er að leikur þessi verði starfræktur til 30. apríl 1999.

Um leik þennan gilda reglur þær sem fylgja hér með sem fylgiskjal I.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 1998.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Fylgiskjal I.

Spilareglur fyrir Eurogoals.

1. Aðildarfélögin.

- 1.1 Eurogoals er getraunaleikur sem norrænu getraunafélögin Dansk Tipstjeneste (Danmörk), Íslenskar getraunir (Ísland) og Aktiebolaget Svenska Spel (Svíþjóð), hér á eftir nefnd félögin, standa sameiginlega fyrir. Í leiknum er giskað á úrslit ákveðinna leikja sem félögin velja á ákveðnu tímabili (getraunaumferð).
- 1.2 Hæsti vinningur getraunarinnar er sameiginlegur hjá félögunum. Af hverri seldri röð fer jafn há upphæð í fyrsta vinningsflokk sama hvert félaganna tekur við henni. Allir þeir sem fá fyrsta vinning fá jafn stóran hluta af vinningsupphæðinni.

2. Getraunaformið o.fl.

- 2.1 Í Eurogoals getrauninni á þátttakandinn að giska á hvort liðin í sex leikjum geri hvert um sig ekkert mark (0), eitt mark (1), tvö mörk (2) eða fleiri en tvö mörk (M) á þeim leiktíma, sem ágiskunin tekur til.
- 2.2 Sé annað ekki tekið fram er leiktíminn báðir hálfleikir venjulegs leiktíma en getur einnig verið hluti leiks, t.d. annar hálfleikurinn. Með hugtökunum leikur og leiktími er í reglum þessum átt við þann hluta leiksins sem getraunin miðast við.
- 2.3 Ef annað er ekki tekið fram verður Eurogoals getraunin haldin vikulega frá september og fram fjórðu viku í apríl (getraunatímabilið). Leikdagur eru venjulega miðvikudagar og fimmtudagar.
- 2.4 Leik í Eurogoals verður að vera lokið á ákveðnum tíma til að úrslitin gildi í getrauninni. Sé annað ekki tekið fram er getraunaumferðin frá klukkan 18 CET (mið-Evróputími) fyrsta leyfilega leikdag og til klukkan 24 CET síðasta leyfilega leikdag. Við leikjalistanum á leikskrá sem félagið gefur út vikulega, er tekið fram hvaða dagar eru leyfilegir leik dagar.
- 2.5 Ef munur er á leikjalistanum hér á landi og leikjalistanum sem félögin hafa komið sér saman um, þá gildir sameiginlegur leikjalisti félaganna.
- 2.6 Þátttaka í getrauninni getur annaðhvort verið í formi einfaldra raða eða kerfa. Það síðarnefnda er aðferð þar sem mörgum röðum er skilað inn með styttri útfyllingu eins og hér segir: Hver ágiskun í kerfi er sjálfstæð eining (röð).

3. Þátttökuform, vinningar og ógildingar.

- 3.1 Verð getraunaraðar er 10 kr.
- 3.2 Einstaklingar spila Eurogoals á Internetinu og er þátttaka greidd með greiðslukorti. Vinningar eru þá eingöngu færðir á sama greiðslukort og greiddi fyrir þátttöku.
- 3.3 Íþrótta- og ungmennafélög sem hafa umboð frá Íslenskum getraunum geta selt Eurogoals til þátttakenda með sérstöku söluforriti á Internetinu. Greiðsla fer þá fram með greiðslukorti þátttakenda eða greiðslukorti umboðsaðila. Vinningar eru þá annaðhvort færðir á greiðslukortið sem greiddi fyrir þátttökuna eða þátttakandi gefur upp númer á bankareikningi, og eru þá vinningar færðir inn á viðkomandi bankareikning.
- 3.4 Þátttakendur eru ábyrgir fyrir því að gefa upp réttan bankareikning, enda komi þær upplýsingar greinilega í ljós á kvittun.
- 3.5 Vinningar eru að jafnaði greiddir út daginn eftir að seinasta leik ágiskunar lýkur (getraunaumferð). Ef vafi kemur upp um fjölda vinningshafa, þá hafa Íslenskar getraunir rétt til að fresta vinningsútborgun 1. vinnings þar til kærufrestur er útrunninn skv. 42. gr. reglugerðar.
- 3.6 Aðeins er hægt að skila inn þátttöku þegar móðurtölvan er opin.
- 3.7 Allar þátttökukvittanir eru geymdar miðlægt í móðurtölvunni en þátttakendur og umboð geta prentað út kvittun. Ef mismunur er á þátttökukvittun í móðurtölvu og prentaðri kvittun, þá gildir sú í móðurtölvunni. Á þátttökukvittuninni er öryggisnúmer sem er sérstakt fyrir hverja kvittun.
- 3.8 Raðir eru aðeins gildar í því formi og í því umfangi sem skráð er í móðurtölvu skv. 11. gr. reglugerðar um Íslenskar getraunir nr. 543 frá 1995.
- 3.9 Vilji þátttakandi afturkalla ágiskun sína sem hann keypti hjá umboði verður hann að gera það hjá sama umboði og hann skilaði henni inn til sama dag. Aldrei er þó hægt að afturkalla ágiskun eftir að 5 mínútur eru liðnar frá því að félagið lokaði móðurtölvunni fyrir móttöku ágiskana í viðkomandi umferð.
- 3.10 Þátttakandi ber ábyrgð á að þátttökukvittunin eigi við um rétta umferð, fjöldi þeirra sé réttur og sé í samræmi við þær ágiskanir sem hann óskaði eftir.
- 3.11 Hvorki félagið né umboð eru skaðabótaskyld vegna tjóns sem þátttakandi verður fyrir vegna þess að félagið eða umboð vöktu ekki athygli hans á skyssu sem hann gerði í sambandi við ágiskunina.

4. Hvernig úrslit leikja eru fengin.

- 4.1 Leik sem er á getraunaseðlinum og lýkur áður en getraunaumferðinni lýkur telst hafa lokið með þeim úrslitum sem fyrir lágu við lok venjulegs leiktíma. Tími sem dómari kann að bæta við vegna tafa telst til venjulegs leiktíma. Úrslit sem fást eftir framlengingu eða kæru gilda ekki.
- 4.2 Ef leikur í getraunaumferðinni er stöðvaður áður en venjulegum leiktíma lýkur og það knattspyrnusamband e.þ.h., sem sér um skipulag lýsir honum lokið, gilda þau úrslit sem fyrir lágu þegar honum lauk. Með loknum leik er hér átt við leik, sem ekki á að leika til enda eða leika aftur síðar. Hafi engin tilkynning borist um hvort leik sé lokið eða ekki frá því knattspyrnusambandi e.þ.h. sem skipulagði leikinn í síðasta lagi á miðnætti síðasta dags getraunaumferðarinnar telst leiknum ólokið.
- 4.3 Ef leik er ekki lokið áður en getraunaumferðinni lýkur eða leikur er stöðvaður áður en leiktíma lýkur samkvæmt því sem segir í grein 4.2, fást úrslit með sérstöku hlutkesti. Þetta gildir einnig um leiki þar sem annað liðið vinnur vegna þess að hitt liðið mætir ekki til leiks. Ef sérstök ástæða er að öðru leyti til þess að víkja frá úrslitum leiks geta félögin ákveðið að hlutkesti skuli gilda.
- 4.4 Ágiskun telst vera rétt því aðeins að rétt sé giskað á markafjölda beggja liða í leiknum.

5. Útreikningur vinningsupphæða.

- 5.1 Af heildarþátttökugjöldum fyrir Eurogoals á Íslandi fara a.m.k. 40% í vinninga.
- 5.2 Í Eurogoals eru þrír vinningsflokkar.
- 5.3 Í fyrsta vinningsflokknum eru raðir með sex leiki rétt ágiskaða, í öðrum vinningsflokknum raðir með fimm leiki rétta og í þriðja vinningsflokknum raðir með fjóra leiki rétta.
- 5.4 Fyrsti vinningsflokkurinn er sameiginlegur fyrir aðildarfélögin. Af hverri seldri röð, óháð því hjá hverju aðildarfélaganna hún er seld, fara 0,03 ECU í fyrsta vinningsflokk.
- 5.5 Aðrir vinningsflokkar eru bundnir við einstök lönd.
- 5.6 Þegar búið er að leggja í fyrsta vinningsflokkinn samkvæmt grein 5.4 skiptist upphæðin sem eftir er á milli innlendu vinningsflokka þannig að 70% fara í annan vinningsflokk og 30% í þriðja vinningsflokk. Við gengisútreikninga skal nota gengisskráningu daginn eftir getraunaumferðina skv 5.9.
- 5.7 Vinningur fyrir röð í fyrsta vinningsflokki er sama sem vinningsupphæðin deilt með fjölda allra réttra raða hjá öllum aðildarfélögunum.
- 5.8 Vinningur fyrir röð í innlendu vinningsflokkunum er sama sem vinningsupphæðin deilt með fjölda réttra raða í viðkomandi vinningsflokki.
- 5.9 Endanlegar vinningsupphæðir eru að jafnaði staðfestar af eftirlitsmanni dómsmálaráðuneytis í síðasta lagi daginn eftir getraunaumferðina. Félagið hefur þó leyfi til að fresta útborgun 1. vinnings skv. 3.5.
- 5.10 Vinningsupphæðin í fyrsta vinningsflokki er staðfest af aðildarfélögunum sameiginlega. Félagið staðfestir vinningsupphæðir innlendu vinningsflokka skv. 5.9.
- 5.11 Um innlendu vinningsflokka gildir að vinningur á röð í lægri vinningsflokki má ekki vera hærri en vinningur á röð í hærri vinningsflokki. Umframupphæðin skiptist jafnt á milli raðanna í viðkomandi vinningsflokkum.
- 5.12 Ef engin röð er með alla rétta hjá aðildarfélögunum fellur vinningur niður og vinningsupphæðin bætist við fyrsta vinningsflokk í næstu umferð á eftir á getraunatímabilinu.
- 5.13 Ef engin röð er með alla rétta hjá aðildarfélögunum í síðustu umferð getraunatímabilsins er hluta félagsins í sameiginlega vinningsflokknum skipt jafnt á milli innlendu vinningsflokka.
- 5.14 Ef engin vinningsröð finnst hérlendis í öðrum vinningsflokki þá flyst vinningsupphæðin á annan vinningsflokk næstu umferðar. Í seinustu umferð getraunatímabilsins hliðrast vinningsflokkar niður á við þ.e. ef engin röð kemur fram með 5 rétta þá flyst annar vinningsflokkur á 4 rétta, þriðji vinningsflokkur flyst á 3 rétta o.s.frv.
- 5.15 Áður en vinningur er útborgaður er vinningsupphæðin jöfnuð í næsta heila tug krónutölu niður á við.
- 5.16 Félagið sér um að birta endanlegar vinningsupphæðir á Internetinu.

6. Kærur vegna vangreiddra vinninga.

- 6.1 Þátttakandi, sem telur sig ekki hafa fengið réttmætan vinning eða ranga vinningsupphæð getur borið fram skriflega kæru til félagsins.
- 6.2 Kæra skal hafa borist skrifstofu félagsins innan fjögurra vikna frá viðkomandi getraunaumferð, sbr. 42. gr. reglugerðar fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995.
- 6.3 Kæru sem berst eftir að kærufrestur er liðinn eða nauðsynlegar upplýsingar vantar til að hægt sé að finna ágiskunina, verður hafnað.
- 6.4 Að öðru leyti skal fara með kærur í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 543/1995.
- 6.5 Rísi ágreiningur um túlkun á reglum þessum skal miða við samning um Eurogoals milli aðildafélaganna og reglugerð fyrir Íslenskar getraunir nr. 543/1995.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 74/1997 fyrir Séreignalífeyrissjóðinn.

1. gr.

3. mgr. 3. gr. orðast svo:

Þeir sem gerast vilja sjóðfélagar geta gert það með eftirfarandi hætti:

- a) með skriflegri inntökubeiðni,
- b) með munnlegri beiðni samkvæmt símtali við sjóðinn. Ef umsókn berst með þessum hætti skal stjórn sjóðsins tilkynna umsækjanda skriflega ef umsókn hans er samþykkt.

Í skriflegri inntökubeiðni felst yfirlýsing um að umsækjandi vilji hlíta samþykktum sjóðsins. Með sama hætti felst í innborgun sjóðfélaga, sem gerist sjóðfélagi skv. b-lið, samþykki að hlíta samþykktum sjóðsins.

2. gr

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr.

1. Í stað 1. mgr. 6. gr. kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en réttthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum í 1.-3. tl. hér á eftir:

1. Þegar réttthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun séreignasparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem réttthafa vantar upp á 67 ára aldur.
 2. Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá séreignasparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.
 3. Deyi réttthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát réttthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar upp á 67 ára aldur við andlát réttthafa. Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins.
2. 3. mgr. 6. gr. orðast svo:

Í þeim tilvikum sem talin eru undir stafliðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 7 ár, eða á þann tíma sem réttthafa vantar up á 67 ára aldur, en þó svo að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum sem þar eru taldar.

3. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma eða til æviloka réttthafa.

3. gr.

8. gr. orðast svo:

Fjárfestingarheimildir.

Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins er heimilt að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánnum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og vixlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti bankaeftirlits.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteininum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.-6. mgr.
8. Í öðrum verðbréfum.
9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

Verðbréf skv. 1., 2. og 5.-8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.

Eign sjóðsins skv. 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. 1. mgr. samanlagt skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.-9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyrja sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er sjóðnum heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Þó er sjóðnum heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn sjálfan.

Sjóðurinn skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.-6. mgr. er átt við hreina eign Séreignalífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.-6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

Sjóðnum er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein en skal þegar hann kaupir verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.

Sjóðurinn má ekki fjárfesta í fasteignum eða lausafé nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi sjóðsins. Sjóðnum er þó heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku þeirra. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins.

Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Sjóðnum er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins. Sjóðnum er þó heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtímalán til þess að jafna fjárstreymi.

Sjóðnum er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

4. gr.

Á eftir 8. gr. kemur ný grein sem verður 9. gr. og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Fjárfestingaleiðir.

Stjórn sjóðsins er heimilt að deildaskipta sjóðnum upp í deildir með mismunandi fjárfestingastefnu enda sé fjárfestingastefna hvernar deildar innan þeirra marka sem skilgreind eru í 8. grein.

Jafnframt er einstökum sjóðfélögum heimilt að gera samning við Séreignalífeyrissjóðinn um að ávaxta inneign þeirra í sérstökum verðbréfasöfnum með eignasamsetningu að þeirra vali.

Ef sjóðfélagi nýtir sér ekki heimild til að velja milli þeirra fjárfestingaleiða sem í boði eru, sbr. 1. mgr., er stjórn sjóðsins heimilt að velja fyrir hann og skal þá tilkynna sjóðfélaga skriflega hvaða fjárfestingaleið var valin.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 20. ágúst 1998 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir Vatnsendablett 96. Í tillögunni felst að heimiluð er viðbygging við hús sem stendur á lóðinni.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 9. júní til 17. júlí 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Kópavogi, 29. september 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Listaháskóla Íslands.

1. gr.

Listaháskóli Íslands er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er eigið fé hennar þann 21. september 1998, kr. 500.000. Stofnféð skal ávallt haldast óskert að raungildi.

2. gr.

Listaháskóli Íslands er háskólastofnun sem sinnir æðri menntun á sviði listgreina, sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til kennslu og rannsókna á háskólastigi. Listaháskóli Íslands skal jafnframt vinna að eflingu listmennta með þjóðinni og miðla fræðslu um listir og menningu til almennings.

3. gr.

Stjórn skólans er skipuð 5 mönnum til tveggja ára í senn og skal enginn þeirra hafa framfæri sitt af starfi við skólann eða stunda nám við skólann. Menntamálaráðherra tilnefnir tvo menn í stjórnina en þrír skulu kjörnir á aðalfundi félags um Listaháskóla Íslands. Stjórnin kys sér formann og varaformann úr sínum hópi. Starfsár stjórnarinnar hefst 1. apríl ár hvert.

Stjórn skólans er heimilt að skipa starfsnefndir til þess að sinna sérstökum málaflokkum. Stjórnarmenn skulu eiga sæti í starfsnefndum. Hver slík nefnd ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn.

4. gr.

Stjórn skólans skal standa vörð um hlutverk skólans og gæta þess að starfsemin þjóni settum markmiðum. Hún ber ábyrgð á rekstri, fjárhag, eignum og ákvarðar skólagjöld. Stjórnin ræður jafnframt rektor skólans.

5. gr.

Rektor er ráðinn til fimm ára í senn. Staðan skal auglýst laus til umsóknar. Rektor annast rekstur og stjórn skólans í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni. Hann er ábyrgur fyrir að starfstilhögun sé í samræmi við hlutverk, markmið og gæðakröfur, m.a. hvað varðar námsskrá og kennslufyrirkomulag. Rektor er ábyrgur fyrir ráðningu starfsmanna. Helstu yfirmenn skólans skal rektor ráða í samráði við stjórn.

6. gr.

Skipa skal starfi skólans í deildir eftir listgreinum. Stjórn skólans ákvarðar deildaskiptingu. Stjórn skólans setur deildum starfsreglur. Yfirstjórn hverrar deildar er falin deildarforseta. Störf deildarforseta skulu auglýst laus til umsóknar til allt að þriggja ára í senn. Rektor ræður deildarforseta að höfðu samráði við stjórn.

7. gr.

Fyrir hverja deild skólans skal setja námsskrá sem kveður á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins. Deildarforsetar bera ábyrgð á gerð námsskrár en rektor skal

staðfesta hana. Á grundvelli námsskrár skal árlega gefa út kennsluskrá þar sem m.a. er gerð grein fyrir tilhögun náms, kennsluháttum og námsmati. Rektor ber ábyrgð á gerð kennsluskrár. Í kennsluskrá eða öðrum starfsáætlunum einstakra deilda skal enn fremur kveðið á um missera- eða annaskiptingu, kennslutíma, próftímabil, leyfi og önnur atriði er varða skipulag náms.

8. gr.

Við skólann starfar skólaráð sem skal vera stjórn skólans til ráðgjafar. Jafnframt skal skólaráð vera æðsti úrskurðaraðili innan skólans í agamálum og í málum er varða réttindi nemenda. Í skólaráði eiga sæti rektor, sem er formaður ráðsins, deildarforsetar, fulltrúi kennara úr hverri deild, sem skulu tilnefndir af kennurum hvernar deildar til eins árs í senn og fulltrúi nemenda úr hverri deild, sem eru kjörnir af nemendum hvernar deildar til eins árs í senn. Stjórn skólans getur leitað umsagnar skólaráðs um hvað eina er varðar starfsemi skólans og þróun hans. Stjórn skólans setur skólaráði starfsreglur.

9. gr.

Eftir tilnefningu stjórnar skal rektor skipa innan hvernar deildar skólans þriggja manna dómnefnd til tveggja ára í senn, til þess að dæma um hæfi umsækjenda til þess að gegna stöðu fastráðinna kennara eða deildarforseta við skólann. Í einstökum tilfellum getur rektor skipað sérstaka dómnefnd eftir tilnefningu stjórnar ef hann telur það nauðsynlegt til þess að tryggja rétt hæfismat. Engan má ráða, sem fastráðinn kennara eða sem deildarforseta, nema meirihluti dómnefndar hafi látið það álit í ljós að hann sé til þess hæfur.

10. gr.

Reikningsár skólans er almanaksárið og skal rektor innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs leggja endurskoðaðan ársreikning ásamt skýrslu um starfsemina fyrir stjórn skólans. Rektor skal fyrir 1. maí ár hvert leggja rekstraráætlun næsta reikningsárs fyrir stjórn skólans til afgreiðslu.

11. gr.

Ákveði stjórn Listaháskóla Íslands að leggja skólann niður sem sjálfseignarstofnun skal skilanefnd, skipuð einum fulltrúa frá hvorum tilnefningaraðila fyrir sig í stjórn skólans skólans, ákveða hvernig að niðurlagningu verður staðið.

12. gr.

Menntamálaráðuneyti ábyrgist fjárstuðning við Listaháskóla Íslands er byggist á samningi fyrir þá þjónustu er skólinn veitir. Menntamálaráðherra ábyrgist jafnframt að gerður verði sérstakur samningur við skólann um afnot af húsnæðinu að Laugarnesvegi 91, Reykjavík.

Skólanum er heimilt að gera samninga um fjárstuðning eða annars konar stuðning við hvern þann sem vill veita skólanum fjárhagslegt lið eða nýta sér þjónustu hans. Skólinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum.

13. gr.

Stjórn skólans skal árlega halda opinn ársfund, þar sem fjárhagur skólans og meginatriði starfsáætlunar hans eru kynnt. Stjórn skólans skal setja reglur um fyrirkomulag ársfundar.

14. gr.

Stjórn skólans getur með samhljóða samþykkt breytt skipulagsskrá þessari.

Breytingar á skipulagsskrá þessari verða aðeins samþykktar á löglega boðuðum fundi stjórnar enda hafi tillaga um slíkt verið kynnt í fundarboði.

Þannig samþykkt á stofnfundi mánudaginn 21. september 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

30. júní 1998

Nr. 587

SAMÞYKKTIR

fyrir Lífeyrissjóð Suðurnesja.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Suðurnesja. Heimili hans og varnarþing er í Reykjanesbæ.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktra þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og á grundvelli samkomulags stéttarféлага og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinin.
- 2.3. Sjóðurinn skiptist í deildir, samtryggingadeild og séreignadeild. Ákvæði 19. greinar samþykktra þessara gilda um lífeyrissparnað og tryggingavernd sjóðféлага í séreignadeild sjóðsins.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar í samtryggingadeild skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og byggja starfskjör sín á kjarasamningum eftirtalinnna stéttarféлага sem ákvarða lágmarkskjör í viðkomandi starfsgreinum á því svæði sem samningarnir taka til, ráðningarbundin starfskjör þeirra byggjast á kjarasamningum þessara féлага: Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrr., Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðs- og sjómannafélag Gerðahrepps, Iðnsveinafélag Suðurnesja, Vélstjórafélag Suðurnesja og Bifreiðastjórafélagið Keilir.
- 3.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns. Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.

- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12. - 14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni. Sama á við um þá aðila sem ekki eru bundnir af kjarasamningi ákveðins starfssviðs eða að ráðningarbundin starfskjör þeirra byggjast ekki á kjarasamningi, en óska eigi að síður eftir aðild að sjóðnum.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatóxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launamanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignasparnað í samræmi við lög nr. 129/1997, og gera samninga við þá aðila, sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga, um einstaka þætti viðbótartryggingaverndar og rekstur séreignadeildar.
- 3.6. Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar. Sama gildir um þá sem einvörðungu greiða til séreignadeildar.
- 3.7. Aðild að sjóðnum fellur niður, ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi, sbr. 18.2. og 19.9., eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð fjórum mönnum og skulu tveir kjörnir af þeim stéttarfélögum sem aðild eiga að sjóðnum og tveir af samtökum atvinnurekenda sem aðild eiga að sjóðnum. Fjórir varamenn skulu kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Fulltrúar stéttarfélaga skulu tilnefndir eftir þeim reglum, sem þau stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum koma sér saman um og fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.
- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamenn þeirra.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu 5 árum hafa, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar, eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast innra eftirlit.
- 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
- 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.
- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, og endurskoðanda allar upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Hvorki stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega taka þátt í meðferð máls, ef þeir hafa hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir grein 4.3.
- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

5. Ársfundur.

- 5.1. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðruvísi ákveðið í samþykktum þessum. Meðlimir fulltrúaráðs, samkvæmt gr. 5.3., eiga rétt til setu á aðalfundi sjóðsins með málfrelsi og tillögu- og atkvæðisrétt. Allir sjóðfélagar svo og elli- og örorkulífeyrisþegar eiga rétt til setu á ársfundum sjóðsins, með málfrelsi og tillögurétt. Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir júnílok ár hvert.
- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skyld er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarféлага, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarféлага sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.
- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði samþykktu þessara. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarféлага skulu þannig valdir að hvert stéttarfélag, sem aðild á að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., kys úr sínum hópi í fulltrúaráðið einn fulltrúa fyrir allt að 200 féлага og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðið skulu valdir eftir þeim reglum sem Vinnuveitendasamband Íslands setur.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarféлага greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Dagskrá ársfundar:
 - 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
 - 5.5.2. Kynning ársreiknings.
 - 5.5.3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
 - 5.5.4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
 - 5.5.5. Stjórnarkjör samkvæmt grein 4.1.
 - 5.5.6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
 - 5.5.7. Laun stjórnarmanna.
 - 5.5.8. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reiknings-skilavenju.

7. Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.

Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins til slíks starfs.

- 7.2. Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að meira en 10% munur sé á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga, skv. 7.2., er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum hans. Sama gildir, ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.
- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum, samkvæmt 7.2., skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.
- 7.5. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum skv. 7.2. miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð, eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins.
- 7.6. Ef eignir eru umfram skuldbindingar lífeyrissjóðsins og fyrir liggur að mati tryggingafræðings að örugg ávöxtun á fjármunum umfram reiknigrundvöll tryggingafræðilegrar úttektar leyfi greiðslu uppbótar á lífeyri getur sjóðstjórn gert tillögu til ársfundar um tímabundna greiðslu uppbótar á lífeyri. Uppbót skv. þessu getur numið allt að 10%. Ákvörðun um greiðslu uppbótar gilda þá fyrir 5 ár í senn. Greiði sjóðurinn uppbætur á lífeyri skv. þessu ákvæði skal sú ákvörðun endurmetin árlega fyrir 5. árið þaðan í frá.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins skal ákveða fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Skipting á eignasafni sjóðsins í einstaka eignaflokka, sem og frekari viðmiðanir og skilyrði varðandi einstakar fjárfestingar, skulu á hverjum tíma vera í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins og ákvæði laga nr. 129/1997.
Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:
 - 8.1.1. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
Í ríkisskuldabréfum, ríkisvixlum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum.

- 8.1.2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.1.3. Með innlánam í bönkum og sparisjóðum.
- 8.1.4. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign, að hámarki 65% af metnu markaðsverði, nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði, þá skal hámark þetta vera 35%.
- 8.1.5. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þau samkvæmt sérstökum lögum, eða séu undir eftirliti banka- eftirlits Seðlabanka Íslands. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.1.6. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum og engar hömlur lagðar á viðskipti með bréfin og ársreikningar öllum aðgengilegir. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.1.7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.
- 8.1.8. Í traustum erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa milliliðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum. Hlutfall erlendra eigna fari þó ekki umfram 40% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
- 8.1.9. Með gerð afleiðusamninga til að draga úr áhættu sjóðsins.
- 8.2. Í öðrum verðbréfum. Verðbréf þessi skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals 10% af hreinni eign sjóðsins í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin útgefin af innlendum aðilum. Heildarkröfur á hendur einum aðila mega einungis vera 5%. Heildareign sjóðsins í verðbréfum þessa flokks má ekki fara yfir 35% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.3. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við, að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þessi takmörk eiga ekki við um kröfur með ríkisábyrgð. Einnig eru frekari takmarkanir við lið 8.2., en þar mega heildarkröfur á hendur einum aðila einungis vera 5%.
- 8.4. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingarstefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.5. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

9. Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins skulu vera 10% af launum sjóðfélaga 16 ára til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. Sé um launamann að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launamaður greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.
- 9.2. Lágmarksiðgjald samkvæmt 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hverskonar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrk, dagpeninga og fæðispeninga sbr. 3.gr. laga nr. 129/1997.
- 9.3. Iðgjaldastofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal verða jafnhá fjárhæð skv. 2. mgr. 1. töluliðar A-liðar 7. greinar laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga.
- 9.4. Launagreiðandi ber að halda eftir 4% iðgjöldum sbr. 9.1. af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjald-dagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum, ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi, þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launamenn hafa látið af störfum.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.8. Þó ber lífeyris-sjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993.
- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd.
- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli, þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslu-stöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagreini telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 10.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.
- 10.4. Stig skal reikna frá byrjun næsta mánaðar eftir að 16 ára aldri er náð. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 10.4., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. greinar.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundradshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

12. Örorkulífeyrir.

- 12.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 12.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig eða greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.
- 12.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekju-skerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 14. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 12.2. Hundradshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álitum trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundradshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.
- 12.2.1. Heimilt er, að fengnu álitum trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.
- 12.3. Þegar skilyrði 12.1. og þessa tölulíðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stiga-

fjöldi, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 12.4., margfölduðum með 1,4, enda hafi sjóðfélagi:

- a. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
 - b. Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
 - c. Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.
- 12.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 12.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.
- 12.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a.-lið 12.3., er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.
- 12.4. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 12.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:
- 12.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt, vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- 12.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal þá miða framreikning við þetta meðaltal.
- 12.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími stuttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- 12.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 12.4.1. eða 12.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- 12.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.
- 12.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.

- 12.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 12.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 12.7. Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunninn stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.
- 13.3. Sé eftirlifandi maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við andlát sjóðfélagans.
- 13.4. Sé eftirlifandi maki orðinn 50 ára við fráfall sjóðfélaga greiðist fullur makalífeyrir til 67 ára aldurs.
- 13.5. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 13.4. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 48 mánuði og 50% makalífeyrir í 48 mánuði til viðbótar.
- 13.6. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.5. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.
- 13.7. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 12.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 12.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.2.
- 13.8. Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda

hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð, eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar sambúðar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.
- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaks mánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 10.2. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.
- 14.3. Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 12.3.a. og 12.3.b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 14.2. með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaks mánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 12. grein metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.
- 14.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurðað skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 15.2. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 15.1.

16. Endurgreiðsla iðgjalda.

- 16.1. Heimilt er, skv. umsókn, að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.
- 16.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, yngri en 16 ára og þeirra sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 9.1. og 10.4., skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélagi iðgjaldahluta sinn og skapast þá ekki réttur hjá sjóðnum vegna þessara iðgjalda. Vegna starfsmanna, yngri en 16 ára og þeirra sem náð hafa 70 ára aldri skal

einnig endurgreiða iðgjaldahluta launagreiðenda til viðkomandi launagreiðanda. Slík endurgreiðsla skal eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

- 16.3. Endurgreiðslufjárhæðin er tiltekið hlutfall af grundvallarfjárhæð, skv. mati tryggingafræðings, á greiðsludegi, miðað við heilt ár, samkvæmt 10.2., margfölduðum með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

- 17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykktu þessara í því skyni, að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum, skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrir en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

- 18.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Sjóðfélagi getur ákveðið að eftirlaunagreiðslur hans, allt að hálfu, renni til maka hans eða fyrrverandi maka, en þær falla niður við andlát sjóðfélagsins. Deyi makinn eða fyrrverandi maki, sem nýtur slíkra greiðslna, hins vegar á undan sjóðfélaganum, skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.
- 18.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

19. Séreignadeild.

- 19.1. Stjórn sjóðsins fer með stjórn séreignadeildar.
- 19.2. Sjóðfélögum, sem greiða til sameignadeildar, er heimilt að greiða í séreignadeild iðgjald, sem er umfram lágmarksiðgjald skv. 9.1. Kallast það iðgjald til viðbótartryggingaverndar. Jafnframt er séreignadeildinni heimilt að taka við iðgjöldum til viðbótartryggingaverndar frá einstaklingum sem kaupa sér lágmarkstryggingavernd hjá öðrum lífeyrissjóði, og séreignahluta lágmarksiðgjalds þeirra einstaklinga sem hafa lágmarkstryggingavernd samsetta af séreign og tryggingum í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997.
- 19.3. Þátttakendur í séreignadeild skulu gera um það sérstakan samning við lífeyrissjóðinn, þar sem tilgreindir eru skilmálar varðandi framlög og tryggingavernd, sem og yfirlýsing um að þeir hlíti samþykktum sjóðsins.
- 19.4. Lífeyrissjóðnum er heimilt, samkvæmt skriflegri beiðni viðkomandi sjóðfélaga, að draga frá iðgjöldum hans upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- og heilsutryggingar.
- 19.5. Framlög hvers sjóðfélaga í séreignadeild skulu færð á sérreikning hans. Á hvern reikning skal færa vexti og verðbætur á þann hátt að jafngildi meðalávöxtun lífeyris-

sjóðsins. Ávöxtun þá, sem færa skal á sérreikningana í árslok, skal reikna þannig, að ávöxtun hvers sérreiknings sé reiknuð af inn- og útborgunum á árinu í samræmi við ávöxtun lífeyrissjóðsins. Í árslok skal færa rekstrarkostnað séreignadeildar á hvern sérreikning í hlutfalli við stöðu hans.

- 19.6. Framlag í séreignadeild verður ekki metið til stigaútreiknings og gefur ekki fyrirfram-ákvæðinn lífeyrissrétt, heldur skulu endurgreiðslur reiknast í samræmi við endurgreiðslutíma lífeyrissparnaðar hvers og eins.
- 19.7. Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá lífeyrissparnað sinn greiddan með jöfnum, mánaðarlegum eða árlegum greiðslum, á eigi skemmri tíma en 7 árum, eða á þeim tíma, sem sjóðfélagi vantar á að hafa náð 67 ára aldri. Sama rétt hefur sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar, áður en hann nær 60 ára aldri. Nú er örorka metin minni en 100% og lækkar þá árleg endurgreiðsla í sama hlutfalli, og endurgreiðslutíminn lengist sem því svarar.
- 19.8. Við andlát sjóðfélaga, fellur eign hans í séreignadeild til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut eftirlifandi maka ber að greiða með jöfnum greiðslum á 7 árum, eða á þeim tíma, sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát sjóðfélaga. Hlut barns undir 18 ára aldri skal greiða með jöfnum greiðslum á fimm árum eða á þeim árum sem upp á vantar að barnið nái 18 ára aldri, hvort sem lengra er.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er svo lítil að árlegar greiðslur geta ekki náð eftirtöldum upphæðum:

- a. Til sjóðfélagans 125% þess árgjalds, sem hann greiddi síðast til sjóðsins.
- b. Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því, sem vísað er til undir lið a.
- c. Til hvers barns 20% af árgjaldi því, sem vísað er til undir lið a.

- 19.9.1. Í þeim tilvikum, sem talin eru í 19.9. undir staflíðum a – c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 7 ár, en þó ekki á skemmri tíma en svo að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum, sem þar eru taldar.
- 19.9.2. Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar til tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

20. Bann við framsali og veðsetningu.

- 20.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

21. Ágreiningsmál, málsmeðferð og gerðardómur.

- 21.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.
- 21.2. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyrissjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn, og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að

nýju til úrskurðar. Gerðardómurinn skal hafa lokið við að leggja dóm innan eins mánaðar frá því að öll gögn eru fram komin í máli. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um sammingsbundna gerðardóma.

22. Eftirlit.

- 22.1. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997.

23. Breytingar á samþykktunum.

- 23.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum, samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.
- 23.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.
- 23.3. Breytingar á samþykktum þessum taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

24. Gildistaka.

- 24.1. Samþykktir þessar koma í stað reglugerðar þeirrar sem gilt hefur frá 1. janúar 1997 og gilda frá 30. júní 1998.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestast samþykktir þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, sendi- og hópbifreiðum, sem nýttar eru í atvinnurekstri, skal árgjaldið vera 25% hærra en að framan greinir. Ákvæðið tekur þó aðeins til þeirra sendibifreiða sem notið hafa innskattsfrádráttar á virðisaukaskatti og eru á rauðhvítum skráningarnúmerum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, er orðast svo: Af bifreiðum og eftirvögnum sem eru að leyfðri heildarþyngd 14.000 kg eða meira, skal auk gjalds vegna ekinna kílómetra greitt fast árgjald að fjárhæð 100.000 kr. Skattskylda fasts árgjalds telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráð ökutæki er að ræða en ella frá upphafi gjaldárs kílómetragjalds þungaskatts, þ.e. 11. október ár hvert.
- b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, er orðast svo: Við ákvörðun fasts árgjalds skal miðað við leyfða heildarþyngd ökutækis, en við ákvörðun fasts árgjalds hópbifreiða, með skráða gjaldþyngd lægri en leyfða heildarþyngd vegna ákvæða 8. gr. reglugerðar nr. 411/1993, um gerð og búnað ökutækja, skal miðað við skráða gjaldþyngd þeirra.
- c. 4. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skal vera sem hér segir:

<i>Gjaldþyngd ökutækis kg</i>	<i>Kílómetragjald kr.</i>	<i>Gjaldþyngd ökutækis kg</i>	<i>Kílómetragjald kr.</i>
4.000 – 4.999	6,74	18.000 – 18.999	12,95
5.000 – 5.999	7,16	19.000 – 19.999	13,94
6.000 – 6.999	7,74	20.000 – 20.999	14,69
7.000 – 7.999	8,13	21.000 – 21.999	15,53
8.000 – 8.999	8,48	22.000 – 22.999	16,51
9.000 – 9.999	8,86	23.000 – 23.999	17,30
10.000 – 10.999	9,41	24.000 – 24.999	18,08
11.000 – 11.999	9,76	25.000 – 25.999	18,96
12.000 – 12.999	10,99	26.000 – 26.999	19,80
13.000 – 13.999	12,02	27.000 – 27.999	20,69
14.000 – 14.999	9,80	28.000 – 28.999	21,57
15.000 – 15.999	10,55	29.000 – 29.999	22,44
16.000 – 16.999	11,39	30.000 – 30.999	23,32
17.000 – 17.999	12,22	31.000 og yfir	24,21

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki, nema greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. Sé þungaskattur greiddur eftir akstri er óheimilt að skrá eigendaskipti, nema lesið hafi verið af öikumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur og fast árgjald þungaskatts skv. 5. gr. verið greitt til þess dags sem álestur er skráður í álestrarskrá öikumæla.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo:

Að uppfylltum skilyrðum fyrsta málslíðar skal lækka eða endurgreiða fast árgjald þungskatts skv. 5. gr. að rétttri tiltölu ef ökutækið hefur verið flutt tímabundið úr landi í a.m.k. þrjátíu daga samfellt.

- b. 2. mgr. orðast svo:

Lækka skal eða endurgreiða fast árgjald þungskatts skv. 5. gr. að rétttri tiltölu hafi skattskyld ökutæki verið afskráð sem ónýtt eða skráningarmarki ökutækisins verið afhent Skráningarstofunni hf. til geymslu í a.m.k. þrjátíu daga samfellt.

5. gr.

1. mgr. 19. gr. orðast svo:

Gjaldár fasts gjalds þungskatts skv. 4. gr. er 1. janúar til 31. desember ár hvert.

6. gr.

1. mgr. 21. gr. orðast svo:

Gjaldár kílómetragjalds þungskatts og fasts árgjalds skv. 5. gr. er frá 11. október ár hvert til 10. október næsta árs.

7. gr.

2. mgr. 26. gr. orðast svo:

Endurákvörðun skv. 20., 23. og 24. gr. og úrskurði ríkisskattstjóra um kærur skv. 1. mgr. má skjóta til yfirsattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirsattanefnd.

8. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, er orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Lækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 4. mgr. 5. gr., tekur þó gildi strax og álestur hefur farið fram á 3. álestrartímabili 1998, sem er frá 20. september til 10. október. Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á álestrartímabili skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað fyrir lok 3. álestrartímabils 1998 skal reiknaður afsláttur og miðað við gjaldið fram til 11. október en innheimt hið lækkaða gjald af meðaltalsakstri eftir lok 3. álestrartímabils. Geti gjaldandi sannanlega sýnt fram á hver akstur hans hafi verið til loka 3. álestrartímabils skal taka mið af því við ákvörðun þungskatts.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. eru bifreiðar sem nota innlendan orkugjafa í tilraunaskyni undanþegnar greiðslu þungskatts frá gildistöku reglugerðar þessarar til 31. desember 2000.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 11. október 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 5. október 1998.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Eggert J. Hilmarsson.

SAMÞYKKT

um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ.

1. gr.

Mosfellsbær annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun almenns húsasorps) og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Sorphirða fer fram undir stjórn tækni- og umhverfissviðs Mosfellsbæjar og eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphreinsun samkvæmt samningi við Mosfellsbæ skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda í Mosfellsbæ er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpeymslu og -hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Húsráðendur skulu halda tunnum hreinum og hreinsa snjó frá sorpeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Mosfellsbær leggur íbúðum til sorphilát þegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi sorphirðu, sbr. 3 gr. samþykktar þessarar.

Í sorphilátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. gr. Ekki má setja í sorphilát mold, grjót, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorphilát. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorphilát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorphilátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

6. gr.

Bæjarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd hversu oft sorphreinsun fer fram á vegum bæjarins.

7. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum úrgangi en heimilissorpi skal skila á endurvinnslu- eða söfnunarstöð, sem hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Jarðvegsefnum skal komið fyrir á sérstökum losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma.

8. gr.

Fyrirtæki og stofnanir geta samið við þar til bærar aðila um að annast sorphirðu á þeirra vegum, enda greiði þau ekki sorphirðugjöld til sveitarfélagsins.

Mosfellsbær getur tekið að sér að annast sorphirðu fyrir fyrirtæki og stofnanir gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá sem sett er af bæjarstjórn og staðfest af umhverfisráðherra.

Frágangur og umgengni um sorphilát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta sorphirðugjöld fyrir sorphreinsun og sorpeyðingu á vegum bæjarins samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjöld miðast við stærð og fjölda íláta, hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sorp og tíðni sorphirðu. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorphíláta sem fylgja hverri fasteign.

10. gr.

Kvartanir vegna sorphirðu á vegum Mosfellsbæjar skal bera upp við starfsmenn áhaldahúss bæjarins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá bæjaryfirvöldum getur hann skotið málinu til heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis.

11. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðiseftirliti.

12. gr.

Ekki má henda rusli, garðaúrgangi eða sorpi á opin svæði, götur, gangstíga eða fjörur innan bæjarmarkanna, eða skilja númerslausa bíla og aðrar vélar eða tæki eftir á þessum stöðum.

Starfsmenn áhaldahúss Mosfellsbæjar hafa, í umboði heilbrigðisnefndar, eftirlit með því að hlutir séu ekki geymdir þannig að í bága fari við heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerð. Þetta á t.d. við um númerslausar bifreiðar og bílflok, kerrur, báta, tæki og vinnuvélar. Í umboði heilbrigðisnefndar er þeim heimilt að fjarlægja slíka hluti að undangenginni viðvörum sem límd hefur verið á tækið. Viðvörunin skal auðkennd heilbrigðisnefnd.

Ákvörðun þar að lútandi er heimilt að skjóta til heilbrigðisnefndar.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

14. gr.

Samþykkt þessi, sem er samin af heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis og samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 2. október 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina eftirtaldar heilbrigðisstofnanir:

1.1. Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði

Heilsugæslustöðina á Ísafirði ásamt útibúum á Súðavík og Suðureyri

Öldrunarstofnun Önfirðinga á Flateyri

Heilsugæslustöðina á Flateyri

Sjúkraskýlið á Þingeyri

Heilsugæslustöðina á Þingeyri

undir nafninu Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ;

1.2. Heilbrigðisstofnunina á Egilsstöðum

Heilbrigðisstofnunina á Seyðisfirði

Heilbrigðisstofnunina í Neskaupstað

Heilsugæslustöðina á Djúpavogi

Heilsugæslustöðina á Eskifirði

Heilsugæslustöðina á Fáskrúðsfirði

Heilsugæslustöðina á Vopnafirði

undir nafninu Heilbrigðisstofnunar Austurlands;

1.3. Heilsugæslustöðina á Hellu

Heilsugæslustöðina á Hvolsvelli

undir nafninu Heilsugæslustöðinn Rangárfingi.

2. gr.

Ráðherra skipar hverri hinna sameinuðu heilbrigðisstofnana fimm manna stjórn og fer um skipan þeirra skv. ákvæðum 3. mgr. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Ráðherra skipar fyrrgreindum heilbrigðisstofnunum framkvæmdastjóra til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi stofnunar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. málsl. 2. málsg. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 5. október 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 350/1998, um Orðabók Háskólans.

1. gr.

f.-liður 4. gr. reglugerðar nr. 350/1998, um Orðabók Háskólans fellur brott.
g.-liður sömu greinar reglugerðarinnar verður liður f.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, sbr. 65. gr. háskólareglugerðar, nr. 98/1993, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 25. september 1998.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

Nr. 592

5. október 1998

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 193/1998, skal vera Dalvíkurbyggð.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 593

5. október 1998

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps og fundarsköp bæjarstjórnar.

1. gr.

Í stað orðanna „sameinaðs sveitarfélags Árskógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps“ í heiti samþykktarinnar kemur: Dalvíkurbyggðar.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 1998.

F. h. r.
Sturlaugur Tómasson

Sesselja Árnadóttir.

REGLUR

varðandi umsagnir vegna undanþágu frá ákvæðum 5. og 6. mgr. 23. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

1. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 8. mgr. 23. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Í samræmi við ofanefnda grein skal veiðimálastjóri setja reglur um umsagnir fagaðila vegna fiskræktar með aðfluttum stofnum og flutningi á hafbeitar- og eldisfiski til stangaveiði. Samkvæmt lögunum skal dýralæknir fisksjúkdóma veita framkvæmdaaðila umsögn varðandi fisksjúkdóma en Veiðimálastofnun gefa umsögn varðandi önnur áhrif viðkomandi framkvæmdar, þar með talda erfðablöndun. Umsagnir þessar skulu fylgja umsókn framkvæmdaaðila til veiðimálastjóra varðandi undanþágu frá ákvæðum 5. og 6. mgr. 23. greinar ofan nefndra laga.

2. gr.

Í samræmi við laganna hljóðan skulu umsagnaraðilar hver á sínu sviði vinna hnitmiðaða, hlutlæga og rökstudda greinargerð um líkleg áhrif fiskræktaraðgerða og/eða fiskflutnings á lífríki í viðkomandi veiðivatni eða nærliggjandi veiðivötnum til skemmri og lengri tíma lítið. Skal í því tilfelli vísað til innlendra eða erlendra upplýsinga og vísindalegra gagna eftir því sem kostur er.

3. gr.

Innan sviðs fisksjúkdóma teljast smitsjúkdómar, sníkjudýr og faraldursfræði.

Til annarra þátta teljast áhrif erfðablöndunar laxfiska, samkeppni við náttúrulegan lax og aðra laxfiska á svæðinu og önnur vistfræðileg atriði, sem til greina koma, að frátöldum sjúkdómum.

4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 6. október 1998.

Árni Ísaksson veiðimálastjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag - Galtarholt í Borgarbyggð.

Sveitarstjórn hefur samþykkt deiliskipulag í landi Galtarholts í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 5. október 1998.

Sigurður Páll Harðarson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hafnarfirði. Flatahraun - Helluhraun, iðnaðar- og þjónustusvæði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 17. mars 1998, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, breytingu á deiliskipulagi:

Flatahraun - Helluhraun, iðnaðar- og þjónustusvæði.

Breytingatillagan gerir ráð fyrir tveggja hæða skrifstofu- og þjónustubyggð að Flatahrauni á þremur lóðum og einnar hæða iðnaðar- og þjónustubyggð á alls átta baklóðum auk lóðar fyrri hátt fjarskiptamastur nyrst á svæðinu. Að Helluhrauni er gefinn kostur á að reisa „akið-takið“ greiðaðþjónustu í stakstæðu smáhýsi og lagt er til að varðveita stóra hraungjótu á svæðinu.

Breyting þessi kemur í stað deiliskipulags sem samþykkt var af bæjarstjórn Hafnarfjarðar í júní 1984.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 23. september 1998.

Magnús Gunnarsson bæjarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1998

30. júní 1998

1857

Nr. 597

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóðinn Hlíf.

1. gr.

Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóðurinn Hlíf. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem hér fara á eftir.

3. gr.

Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar skulu vera þeir félagar Vélstjórafélags Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem samkvæmt kjarasamningum félaganna eru tryggð lífeyrisréttindi og ekki eru stöðu sinnar vegna, í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.
- 3.2. Stjórn sjóðsins er heimilt að taka í tölu sjóðfélaga aðra starfsmenn þeirra fyrirtækja, sem tryggja starfsfólk í sjóðnum, svo og aðra starfshópa, enda telji hún ekki þátttöku þeirra brjóta í bága við hagsmuni sjóðfélaga skv. 1. málsg. r.
- 3.3. Heimilt er sjóðfélaga, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í sjóðnum, þá skal atvinnurekanda í hlutaðeigandi starfsgreinum heimilt að gerast sjóðfélagi.
- 3.4. Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa Vélstjórafélagi Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.
- 3.5. Þeir sem njóta elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum, teljast sjóðfélagar. Einnig þeir sem greitt hafa í sjóðinn í 25 ár eða eiga 25 stig í sjóðnum, en eru hættir inngreiðslum.
- 3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við sjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að áunninn réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.
- 3.7. Þeir sem greiða til séreignardeildar eru sjóðfélagar þeirrar deildar. Um réttindi þeirra og skyldur gilda ákvæði 15. greinar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af stjórn Vélstjórafélags Íslands, einum tilnefndum af stjórn Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og tveimur kosnum óhlutbundinni kosningu af sjóðfélögum. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera 4 ár. Fyrsta fjögurra ára kjörtímabil fulltrúa Vélstjórafélags Íslands og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar hefst að hálfnuðu kjörtímabili þeirra stjórnarmanna sem sjóðfélagar kjósa, þ.e. eftir aðalfund 1985.
- 4.3. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þurfa þrír stjórnarmenn að greiða henni atkvæði.

5. gr.

Ársfundur.

- 5.1. Ársfund lífeyrissjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins. Fundurinn skal auglýstur í útvarpi og a.m.k. einu dagblaði með minnst 4 daga fyrirvara. Heimilt er að boða til aukaársfundar sem heimild hefur til reglugerðarbreytinga. Skal hann boðaður á sama hátt.
- 5.2. Á ársfundi skal taka fyrir eftirfarandi: Gerð skal grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu sjóðsins og tillögum stjórnar til breytinga á reglugerð sjóðsins. Þá skal ársfundurinn ennfremur taka ákvörðun um laun stjórnar.

6. gr.

Rekstur og innra eftirlit.

- 6.1. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Deildirnar eru reknar sameiginlega og skipta með sér kostnaði í hlutfalli við umfang hvorrar deildar, samkvæmt reglum sem sjóðurinn setur.
- 6.2. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin ræður endurskoðanda sem jafnframt gegnir eftirlitshlutverki með sjóðnum samkvæmt lögum.

7. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

- 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum sjóðsins fyrir hvert starfsár.
- 7.2. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn til þess að veita. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarrettinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.
- 7.3. Telji tryggingafræðingur með hliðsjón af ávöxtun, aldursdreifingu sjóðfélaga og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur um hlutfallslega lækkun réttinda, ef ekki finnast aðrar leiðir til þess að rétta hag sjóðsins. Leiði rannsókn hins vegar í ljós, að hagur sjóðsins sé svo góður að hægt sé að auka réttindin, skal tryggingafræðingur gera tillögur um hækkun réttinda. Ekki skal þó gera tillögur til hækkunar eða lækkunar á einstökum lífeyristegundum, nema frávik sé orðið meira en 5% til lengri tíma litið.

8. gr.

Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu.
- 8.2. Í skuldabréfum aðildarríkja OECD.
- 8.3. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.

- 8.4. Í bönkum og sparisjóðum.
- 8.5. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framfar standa, sé innan við 65% af brunabótamati fasteignar eða markaðsvirði, sé það álitid lægra.
- 8.6. Í skuldabréfum banka, sparisjóða, sveitarfélaga, fjárfestingarlánasjóða, svo og annarra lánastofnana en að framan greinir, sem starfa á grundvelli laga eða njóta viðurkenningar Seðlabanka.
- 8.7. Í skuldabréfum, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða á verðbréfaþingum aðildarríkja OECD, sem samþykkt eru af þarlandum yfirvöldum.
- 8.8. Í hlutabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða skráðum verðbréfaþingum í aðildarríkjum OECD. Einnig má kaupa í óskráðum innlendum fyrirtækjum, en sá hluti má ekki fara umfram 10% af heildareign að því tilskyldu að sjóðurinn eigi fyrir skuldbindingum.
- 8.9. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem samþykktir eru af yfirvöldum viðkomandi ríkis.
- 8.10. Í verðbréfum sem ætlað er að verja eignir sjóðsins gagnvart öðrum myntum, vaxta-sveiflum og öðrum breytingum sem taldar eru getað ógnað ávöxtun sjóðsins.

9. gr.

Iðgjöld.

- 9.1. Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem þær nefnast og ber að gera skil á þeim mánaðarlega. Gerður er sá fyrirvari að kjarasamningar viðkomandi sjóðfélaga heimili þetta. Nú eru laun greidd vikulega og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, 4 eða 5, sem lýkur í mánuðinum. Sé um launþega að ræða skiptist gjaldið þannig að launþegi greiðir 4% en vinnuveitandi 6%. Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem gerast atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða vinnu við inngöngu í sjóðinn svo og þeirra sem hún veitir heimild til þátttöku.
- 9.2. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldþagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjaldþaga. Verði vanskil skulu iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum frá gjaldþaga.
- 9.3. Réttindi vegna aukaframlaga í lífeyrissjóðinn umfram reglubundin framlög skulu reiknuð miðað við greiðsludag. Sams konar skylda hvílir á launagreiðanda varðandi aukaframlög að því er varðar innheimtu og skil á iðgjaldi eins og getið er í grein 9.2.
- 9.4. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

10. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.
- 10.2. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaks mánuð fast mánaðar-kaup miðað við dagvinnu, skv. 1. launaflokki sammings Vélstjórafélags Íslands, um kaup og kjör vélstjóra í Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni og hjá Landsvirkjun miðað við hæsta starfsaldur. Frá 1. janúar 1994 voru grundvallarlaun sjóðsins fastsett kr. 96.000 á mánuði skv. tillögu tryggingafræðings sjóðsins til ársloka 1995.

Frá og með 1. janúar 1996 skulu þau taka mánaðarlegum breytingum skv. vísitölu neysliverðs. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákvarða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.

- 10.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar (10.2).
- 10.4. Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 10.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 10.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 4. málsgr. þessarar greinar, fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 17. gr.

11. gr.

Ellilífeyrir.

- 11.1. Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 11.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum, eins og þau eru 1. dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér margfölduðum með 1,48.
- 11.3. Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku lífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ár aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.
- 11.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, er heimilt eftir hverja 12 mánuði að bæta áunnum réttindum við áður ákvarðaðan rétt hans og gildir þetta til 70 ára aldurs.

12. gr.

Örorkulífeyrir.

- 12.1. Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 50% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir annað starf, sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir, sökum örorkunnar.
- 12.2. Hámark örorkulífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið eða meðaltal stiga þann tíma, er hann hefur verið í sjóðnum, ef sá tími er skemmri en þrjú ár. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla, eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfifæða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.
- 12.3. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsgr.

- 12.4. Skyll er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 12.5. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyrir þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 12.6. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð um örorkulífeyri voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

13. gr.

Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- og örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og á þá maki hans rétt til lífeyris úr sjóðnum á meðan skilyrði skv. greinum 13.2., 13.3. og 13.4. eru uppfyllt, þó skal óskertur makalífeyrir ætíð greiddur í minnst 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 13.2. Maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal makalífeyrir samkvæmt 4. tölulið skerðast um 2% fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925 og um 2% að auki fyrir hvert ár sem maki er fæddur eftir 1. janúar 1930 og um 2% að auki fyrir hvert ár sem maki er fæddur eftir 1. janúar 1935 og um 2% að auki fyrir hvert ár sem maki er fæddur eftir 1. janúar 1940.
- 13.3. Yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri maka.
- 13.4. Maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 50% öryrki. Hlýtur hann þá lífeyri úr sjóðnum, sem er sami hundraðshluti af makalífeyri samkvæmt 5. tölulið þessarar greinar og örorkutap hans er metið.
- 13.5. Upphæð makalífeyris er hundraðshluti grundvallarlauna og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda hins látna sjóðfélaga að viðbættum framreikningi til 67 ára aldurs margfölduðum með 0,74, sbr. gr. 12.2.
- 13.6. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.
- 13.7. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar um lengri eða skemmri tíma til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabil fyrir andlát hans.

14. gr.

Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þess sjóðs.

- 14.2. Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er kr. 7.500 með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð og breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við neysluverðsvísitölu 173,5 stig. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við grein 13.2. eru a.m.k. eitt stig. Séu áætluð stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5 stig.
- 14.3. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundradshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.
- 14.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

15. gr.

Séreignardeild.

- 15.1. Séreignardeild lítur sömu stjórn og samtryggingardeild.
- 15.2. Til séreignardeildar er heimilt að greiða það framlag, sem greitt er umfram 10% af heildarlaunum. Jafnframt getur stjórn sjóðsins heimilað, að allir einstaklingar, er leggja stund á sjálfstæða starfsemi og ekki er skylt samkvæmt lögum að greiða 10% iðgjald til annars lífeyrissjóðs geti greitt 10% af heildarlaunum sínum til deildarinnar. Þá er stjórn sjóðsins einnig heimilt að veita viðtöku iðgjaldi frá einstaklingum, sem uppfylla lagaskyldu sína með greiðslum í annan lífeyrissjóð, en vilja greiða viðbótar-iðgjald til þessa sjóðs.
- 15.3. Þeir sem vilja greiða til séreignardeildarinnar skulu afhenda skrifstofu sjóðsins skriflega beiðni og felst í henni yfirlýsing um, að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.
- 15.4. Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra, upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsu-tryggingar.
- 15.5. Færður er sérreikningur fyrir framlag hvers sjóðfélaga í séreignardeild. Á þennan reikning reiknast vextir og verðbætur og skulu þeir reiknast jafnháir meðalávöxtun sjóðsins. Í árslok skal draga frá séreigninni rekstrarkostnað skv. grein 6.1. í hlutfalli við séreignina í árslok.
- 15.6. Framlag í séreignardeild gefur ekki rétt til stiga eða fyrirfram ákveðins lífeyris heldur skulu greiðslur reiknast í samræmi við rétt hvers og eins.
- 15.7. Sjóðfélagi sem orðinn er 60 ára á rétt á að fá inneign sína greidda smám saman. Skal miðað við að innstæðan verði greidd með jöfnum árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum. Sama rétt hefur sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar, áður en hann nær 60 ára aldri.
- 15.8. Deyi sjóðfélagi fellur inneign hans í sjóðnum til eftirlifandi maka hans og ber að skipta með jöfnum greiðslum hluta hans á minnst 10 ár. Falli sjóðfélagi frá og skilji ekki eftir sig maka eða falli hann frá skiptist inneign sjóðfélaga eftir reglum erfðalaga um lögerfðir. Hluta barna, undir 18 ára aldri, ber að skipta með jöfnum greiðslum á 10 ár eða þau ár sem barnið vantar í 18 ára aldur, hvort sem lengra er.
- 15.9. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er svo lítil, eða árlegar greiðslur geta ekki náð eftirgreindum upphæðum.
 - a. Til sjóðfélagans 125% þess árgjalds, sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
 - b. Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.
 - c. Til hvers barns 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.

Í þeim tilfellum, sem talin eru undir stafliðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó svo, að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum, sem þar eru taldar. Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur

að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar til þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

16. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

- 16.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.
- 16.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunninn stig geymd nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 17. gr.
- 16.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 1. og 2. málsgrein þessarar greinar.
- 16.4. Sjóðfélagi sem átt hefur aðild að sjóðnum vegna árstíðarbundinnar vinnu telst sjóðfélagi, þótt iðgjaldagreiðslur falli niður í meira en 6 mánuði, hafi hann greitt iðgjöld tvö síðastliðin tímabil og stig hans þau tímabil séu a.m.k. 1,5. Fellur þá ekki niður réttur til örorku-, maka- og barnalífeyris.

17. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

- 17.1. Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 70 ára aldri, sbr. grein 10.4., skal hann endurgreiða innborguð iðgjöld vegna launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

18. gr.

Flutningur réttinda.

- 18.1. Gerist sjóðfélagi sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með 4% vöxtum á ári. Sama gildir ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal ennfremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsg. að tilsvarendi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og eftir þessari reglugerð.
- 18.2. Fé sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

19. gr.

Samningur um gagnkvæm réttindi o.fl.

- 19.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma.

- 19.2. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði.

20. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

- 20.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.
- 20.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrir-sjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verði ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
- 20.3. Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

21. gr.

Heimild til skiptingar lífeyrisréttinda á milli hjóna eða sambúðaraðila.

- 21.1. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála samkvæmt 1.-3. tölulið þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:
1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Viðkomandi lífeyrissjóður skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum, skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.
 2. Í síðasta lagi 7 árum áður en taka lífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, getur sjóðfélagi ákveðið að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagsins sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagsins.
 3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæðan rétt fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar og viðbótartryggingarverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt á milli hans og makans eins og iðgjaldinu.
- 21.2. Að öðru leyti en greinir í 21.1. að framan verður réttur til lífeyris hvorki af hendi látinn, né veðsettur.

22. gr.

Gerðardómur.

- 22.1. Rísi ágreiningur út af reglugerð þessari, skal skjóta málinu til gerðardóms, er skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af stjórn sjóðsins, einum af þeim aðila sem ágreiningur gerir og oddamanni, sem dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur tilnefnir.

23. gr.

Samningar við tryggingarfélög um líf- eða heilsutryggingar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við tryggingarfélag um líf- eða heilsutryggingar fyrir einstaka hópa sjóðfélaga, enda komi til sérstakt iðgjald vegna tryggingarinnar og greiðslu kostnaðar, sem til kann að falla vegna hennar, þannig að slík þjónusta greiðist ekki af 10% skylduiðgjaldi sjóðfélaga.

24. gr.

Breytingar á reglugerðinni.

- 24.1. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari verða að hafa borist stjórn sjóðsins a.m.k. fjórum vikum fyrir ársfund (aukaársfund) skv. 5. gr. Hafi tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins áhrif til aukningar eða skerðingar á réttindum sjóðfélaga skal fylgja þeim tryggingarfræðileg úttekt á áhrifum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Tillögur til breytinga á reglugerð skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins viku fyrir ársfund.
- 24.2. Reglugerðarbreytingar taka aðeins gildi ef þær hljóta samþykki a.m.k. 2/3 hluta fundarmanna og hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytis.

25. gr.

Gildistaka.

- 25.1. Reglugerð þessi tekur gildi 30. júní 1998.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag á Egilsstöðum.

Á fundi bæjarstjórnar Austur-Héraðs 6. október 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi á Egilsstöðum við Fagradalsbraut 21-27. Í breytingunni felst að þrem lóðum, nr. 21,23 og 25 er breytt í tvær lóðir; önnur nr. 21-23 og hin nr. 25-27, ásamt því að tenging við Kelduskóga breytist. Lóðamörk breytast jafnframt.

Tillagan var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 29. maí til 29. júní 1998, yfirfarin af Skipulagsstofnun og staðfest skv. 3. mgr. 25. gr. sömu laga.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Egilsstöðum, 7. október 1998.

Guðmundur Pálsson bæjartækni-fræðingur.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Austurlands.

I. KAFLI

Skipulag og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Nafn sjóðsins og heimili.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Austurlands. Heimili hans og varnarþing er í Neskaupstað.

2. gr.

Deildaskipting.

Sjóðurinn starfar í þremur deildum. Tveimur hefðbundnum samtryggingadeildum sem eru A-deild landverkafólks og B-deild sjómanna og beitingamanna og S-deild sem er deild séreigna og viðbótartryggingaverndar.

Um aðild að A-deild fer eftir ákvæðum V. kafla. Um aðild að B-deild fer eftir ákvæðum VI. kafla. Um S-deild, stjórn hennar og aðild að henni fjallar VII. kafli.

Ákvæði I. - IV. kafla og ákvæði VIII. kafla reglugerðar þessarar gilda öll um A- og B-deildir lífeyrissjóðsins. Ákvæði þessi gilda um S-deild skv. VII. kafla eftir því sem við á og ekki er öðruvísi kveðið á um í reglugerð þessari eða leiða má af efni og sérstöðu einstakra ákvæða.

3. gr.

Aðgreining fjárhags og skipting reksturskostnaðar.

Fjárhagur allra deilda skal vera aðgreindur og bera einstakar deildir sjóðsins ekki fjárhagslega ábyrgð hver á annarri.

Sameiginlegum reksturskostnaði skal að jafnaði skipt milli deilda í hlutfalli við eigna-hlutdeild hvernar deildar í heildareignum sjóðsins. Leiði slík skipting til óeðlilegrar mismununar vegna mismunandi umfangs hvernar deildar í rekstri sjóðsins er stjórn sjóðsins heimilt að skipta reksturskostnaði í hlutfalli við umfang hvernar deildar í rekstri sjóðsins skv. nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins.

Hlutverk A- og B-deilda sjóðsins, sem báðar eru samtryggingadeildir, er að veita viðtöku, varðveita og ávaxta iðgjöld sjóðfélaga sem ráðstafað skal til lágmarkstryggingaverndar samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar sbr. og 4. gr. laga nr. 129/1997. Deildirnar tryggja þannig a.m.k. þau lágmarksréttindi sem kjarasamningar aðildarfélagar þeirra greina.

Hlutverk S-deildar er að veita viðtöku, varðveita og ávaxta iðgjöld sem sjóðfélagar A- og B-deilda lífeyrissjóðsins, aðrir launamenn og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi mega skv. 1. mgr. 8. gr. sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 verja til öflunar lífeyrisréttinda í séreign eða sameign eftir þeim reglum sem greinir í 7. kafla þessarar reglugerðar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarfélagar og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Hún skal skipuð fjórum mönnum og skulu tveir kjörnir af þeim stéttarfélögum sem aðild eiga að A- og B-deild sjóðsins og tveir skulu tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Fjórir varamenn skulu kjörnir og tilnefndir með sama hætti og til jafnlangs tíma og aðalmenn skv. 1. mgr.

Um kosningu fulltrúa stéttarfélaganna fer eftir ákvæðum 23. gr. þessarar reglugerðar.

Meðan einungis eru starfandi tvær samtryggingadeildir, deildir A og B, er stjórn þeirra deilda sameiginleg og um leið stjórn Lífeyrissjóðs Austurlands.

Fyrir S-deild sjóðsins er sérstök stjórn sbr. VII. kafla reglugerðar þessarar.

6. gr.

Kjörtímabil stjórnar.

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal á hverju ári kjósa helming stjórnarmanna, einn frá hvorum aðila.

7. gr.

Almennt hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmenn skulu hafa náð 20 ára aldri, vera fjár síns ráðandi, hafa forræði á búi sínu, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

8. gr.

Starfshættir stjórnar.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn.

Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar.

9. gr.

Verkefni og heimildir stjórnar.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að starfsemi hans sé á hverjum tíma í samræmi við lög um lífeyrissjóði, reglugerðir settar samkvæmt þeim og reglugerð þessa. Hún skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna hans.

Stjórnin setur sér starfsreglur og gerir tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins á ársfundi.

Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi og annast m.a. eftirfarandi verkefni:

- 1) Að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans eða þeirra samkvæmt sérstöku erindisbréfi.
- 2) Að semja við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.
- 3) Að móta fjárfestingarstefnu sjóðsins í samræmi við reglugerð þessa.
- 4) Að setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinning og ráðstöfun eigna sjóðsins.
- 5) Að ákveða hver skuli vera fulltrúi af hálfu sjóðsins í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, nema lög kveði á um annað.
- 6) Að láta tryggingafræðilega athugun fara fram á fjárhag sjóðsins.
- 7) Að veita og afturkalla prókúrumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

Stjórninni er heimilt að taka á leigu húsnæði undir starfsemi sjóðsins ef nauðsyn ber til.

Stjórninni er heimilt að semja við banka, tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki, aðrar fjármálastofnanir og aðra lífeyrissjóði um samvinnu að þeim verkefnum sem sjóðnum er

ætlað að sinna eða sem hann ákveður að taka að sér og sinna og sem rúmast innan ramma þessarar reglugerðar, laga og reglugerða settra samkvæmt þeim.

10. gr.

Framkvæmdastjóri. Verkefni, þátttaka í atvinnurekstri og almennt hæfi.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirætlunum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.

Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.

Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

Um almennt hæfi framkvæmdastjóra fer skv. 7. gr. þessarar reglugerðar og gilda í því efni sömu reglur og gilda um stjórnarmenn eftir því sem við á.

11. gr.

Heimild til breytinga á skipulagi sjóðsins.

Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

12. gr.

Ábyrgð framkvæmdastjóra á bókhaldi og fjárfestingarstefnu.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundum og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um hreyfingar í fjárfestingum, rekstur og efnahag sjóðsins.

13. gr.

Upplýsingaskylda framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.

14. gr.

Sérstakt hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sjóðsins.

Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins.

Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.

Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga.

Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu.

15. gr.

Hagsmunaárekstrar og þagnarskylda.

Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

16. gr.

Seta í stjórnnum atvinnufyrirtækja.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

17. gr.

Ársfundur A- og B-deilda og boðun hans.

Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til sameiginlegs ársfundar A- og B-deilda sjóðsins. Meðan ekki eru starfandi fleiri samtryggingadeildir innan sjóðsins er ársfundur A- og B-deildar ársfundur Lífeyrissjóðs Austurlands. Hann hefur æðsta vald í mál-efnum sjóðsins og deilda hans, annarra en S-deildar, ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari.

Stjórnin skal boða til ársfundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

Með sama hætti skal senda þeim atvinnurekendum fundarboð, sem rétt hafa til setu í fulltrúaráði sjóðsins sbr. 1. mgr. 21. gr.

Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

18. gr.

Verkefni og dagskrá ársfundar A- og B-deilda.

Á ársfundi skal tekið fyrir:

- a. Skýrsla stjórnar.
- b. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
- c. Tryggingafræðileg úttekt.
- d. Fjárfestingarstefna sjóðsins.
- e. Stjórnarkjör, samkvæmt 23. gr.
- f. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum VIII. kafla.
- g. Laun stjórnar.
- h. Önnur mál.

Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

19. gr.

Réttur til setu á ársfundi A- og B-deilda. Hverjir teljast sjóðfélagar.

Allir sjóðfélagar sjóðsins, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

Sjóðfélagar teljast þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjald til sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.

Allir vinnuveitendur sem skilað hafa iðgjöldum til sjóðsins á síðasta starfsári sjóðsins eiga og rétt til setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétt.

20. gr.

Aukafundir.

Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarfélagana, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk berst frá VSÍ.

Stjórnin skal boða til aukafunda með sama hætti og mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr.

21. gr.

Fulltrúaráð og atkvæðisréttur á ársfundi A- og B-deilda.

Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélagana og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum.

Fulltrúar stéttarfélagana skulu þannig valdir að hvert stéttarfélag, sem aðild á að A- og B-deild sjóðsins kys úr sínum hópi í fulltrúaráðið einn fulltrúa fyrir allt að 200 félagana og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira.

Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðið skulu skipaðir af framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands úr hópi vinnuveitenda á samningssvæði þeirra stéttarfélagana sem aðild eiga að sjóðnum.

22. gr.

Afl atkvæða og skipting atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélagana greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.

23. gr.

Kosning stjórnarmanna stéttarfélaganna.

Fulltrúar stéttarfélaganna í fulltrúaráði sjóðsins kjósa fulltrúa sína í stjórn sjóðsins á sérstökum lokuðum fundi sínum.

24. gr.

Lausn ágreiningsmála.

Rísi ágreiningur um grundvöll lífeyrisréttinda eða útreikning lífeyris samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal leiða ágreininginn til lykta með úrskurði sjóðstjórnar. Meðan úrskurði sjóðstjórnar hefur ekki verið hnekkt skal lífeyrir greiddur í samræmi við úrskurð stjórnar.

Við meðferð ágreiningsmála í sjóðstjórn skv. 1. mgr., skulu gilda meginreglur stjórnsýslulaga. Stjórn sjóðsins er heimilt að setja sérstakar reglur um meðferð ágreiningsmála fyrir sjóðstjórn byggðar á meginreglum þeirra laga.

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, sem skotið hefur verið til hennar, getur hann skotið þeim úrskurði til gerðardóms. Málsskotsréttur þessi skal kynntur sjóðfélaga samhliða kynningu á úrskurði sjóðstjórnarinnar.

Gerðardómur skv. 3. mgr. skal skipaður þremur mönnum. Einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum af sjóðstjórn og oddamanni tilnefndum af stjórn Sambands almennra lífeyrisjóða.

Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi aldrei greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

Um gerðardóminn að öðru leyti gilda lög um sammingsbundna gerðardóma eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 53/1989.

II. KAFLI Fjármál sjóðsins.

25. gr.

Mótun fjárfestingarstefnu.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal ennfremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins leggja fram fjárfestingarstefnu sína.

26. gr.

Ávöxtun á fé lífeyrissjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélaga að mati sjóðstjórnar traustur, þegar hliðsjón er höfð af skuldastöðu þess, ábyrgðarskuldbindingum og árlegum tekjum.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði eða atvinnuhúsnæði sem ekki telst sérhæft atvinnuhúsnæði, sem er innan við 40% af brunabótamati. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessu mati, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til en þó þannig, að aldrei sé farið umfram 50% af metnu markaðsvirði. Þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði skal hámark þetta ætíð vera 35% af metnu markaðsvirði.
4. Með innlánnum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og vixlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti bankaeftirlitsins.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteininum skal skipt á aðra tölulíði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.-6. mgr.
8. Í öðrum verðbréfum.
9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

Verðbréf skv. 1., 2. og 5.-8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.

Eign sjóðsins skv. 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. 1. mgr. samanlagt skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.-9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er sjóðnum heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Þó er sjóðnum heimilt að eiga stærrí hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir sjóðinn sjálfan.

Sjóðurinn skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.-6. mgr. er átt við hreina eign sjóðsins til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.-6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

Sjóðnum er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein en skal þegar hann kaupir verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.

27. gr.

Fasteignir og lausafé sjóðsins.

Sjóðnum er einungis heimilt að fjárfesta í fasteignum og lausafé að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfsemi hans.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er sjóðnum heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku eignanna. Heimilt er þó að draga sölu lengur sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

28. gr.

Lántökur sjóðsins og lán til nákominna.

Sjóðnum er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi hans. Sjóðnum er þó heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtímalán til þess að jafna fjárstreymi.

Sjóðnum er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, lögmanna, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

29. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag allra deilda sjóðsins. Skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót og skal hún send bankaefirlitinu fyrir 1. júlí ár hvert.

Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna lágmarksréttinda skv. ákvæðum þessarar reglugerðar. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem veitt kunna að vera umfram ofangreint lágmark.

30. gr.

Eignir umfram lífeyriskuldbindingar.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir deildar innan sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyrisskuldbindingar hennar, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

31. gr.

Lífeyrisskuldbindingar umfram eignir.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að lífeyrisskuldbindingar deildar innan sjóðsins eru meira en 10% umfram eignir hennar, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag deildarinnar. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

32. gr.

Eignir duga ekki fyrir lágmarksréttindum.

Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins eða einstakra deilda hans sé svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem skylt er að veita. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu deildarinnar við aðra deild sjóðsins, eða sameiningu sjóðsins við annan samtryggingarsjóð, eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyris-sjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.

33. gr.

Ársreikningur sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem hefur í gildi fullnægjandi starfsábyrgðatryggingu. Ennfremur skulu reikningar endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum, sem kjörnir eru á ársfundi.

Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Hann skal hafa að geyma efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóra hans. Hafi stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mótbáruð fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu allra deilda sjóðsins og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Sendi skal bankaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Meginniðurstöður ársreiknings skulu liggja frammi í skrifstofu sjóðsins og vera aðgengilegar fyrir sjóðfélaga.

34. gr.

Skýrsla stjórnar.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins og allra deilda hans á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og afkomu hans á reikningsárinu er ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. Atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu.
2. Vætanlega þróun sjóðsins.
3. Aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda greiðandi sjóðfélaga á árinu, fjölda virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, fjölda lífeyrisþega, fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins.

35. gr.

Verkefni eftirlitsaðila sjóðsins.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins skal m.a. annast eftirfarandi verkefni:

1. Hafa eftirlit með að skráning iðgjalda og lífeyrisréttinda sé samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins.
2. Hafa eftirlit með að lífeyrisréttindi séu reiknuð í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.
3. Gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits.
4. Hafa eftirlit með að í viðskiptum með eignir lífeyrissjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka.
5. Hafa eftirlit með því að fjárfestingarstefnu sé fylgt og að ávöxtun eigna sé eðlileg.
6. Hafa eftirlit með að iðgjöldum og öðru ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði um iðgjöld, skil þeirra, ráðstöfun og innheimtu.

36. gr.

Iðgjöld og iðgjaldsstofn.

Lágmarksiðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skal nema 10% af launum starfsmanna eins og þau eru tilgreind í 37. gr. Sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%.

Lífeyrisiðgjald skal reiknað af heildarjánhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldsstofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. lög um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldsstofns. Iðgjaldshluti launagreiðanda telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldsstofnsins.

Lífeyrisiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarkstryggingaverndar í samtryggingu og eftir atvikum til viðbótartryggingaverndar, skv. VII. kafla.

Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

37. gr.

Iðgjöld og lágmarkstryggingavernd.

Lífeyrissjóðurinn skal tilgreina fyrir A- og B-deild sjóðsins það iðgjald sem þarf til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem þar er veitt. Sú lágmarkstryggingavernd má ekki vera lakari en sú sem ákveðin er í lögum á hverjum tíma.

Geri lágmarksiðgjald skv. 36. gr. meira en að duga til lágmarkstryggingaverndar skv. 1. mgr. 37. gr. skal því sem umfram er ráðstafað samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga honum að kostnaðarlausu.

Hið útreiknaða nauðsynlega iðgjald skal tilkynnt hverjum sjóðfélagi með tryggilegum hætti og auglýst á þann hátt sem stjórn sjóðsins telur heppilegan. Séu iðgjöld til ráðstöfunar skv. 2. mgr. 37. gr. skal sjóðfélögum gefinn frestur í fjórar vikur til þess að tilkynna launagreiðanda eða skrifstofu lífeyrissjóðsins um ráðstöfun þess sem umfram er. Berist slík tilkynning ekki innan frestsins skal umframiðgjöldum ráðstafað til séreignar skv. 7. kafla reglugerðar þessarar.

Heimilt er í samræmi við tryggingafræðilega athugun, að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign skv. VII. kafla og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingadeildum sjóðsins.

38. gr.

Skil á iðgjöldum, gjalddagi og dráttarvextir.

Launagreiðanda ber að halda eftir af launum starfsmanna sinna iðgjaldahluta þeirra og standa skil á þeim ásamt eigin iðgjaldahluta.

Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar sbr. þó ákvæði 101. gr.

Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti þá sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga til greiðsludags.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna sjóðum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

39. gr.

Iðgjöld í vanskilum og upplýsingaskylda.

Réttur til lífeyris samkvæmt reglugerð þessari reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði.

Iðgjöld launþega til lágmarkssamtryggingaverndar sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið skil á, svo og iðgjaldshluta hans, skal þó meta að fullu til réttinda frá eindaga iðgjaldagreiðslu, enda hafi sjóðnum borist vitneskja um iðgjaldsgreiðsluskyldu innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits skv. 40. gr. Þó ber sjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda sem glatast við gjaldþrot og ábyrgðasjóður launa ber ekki ábyrgð á samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

40. gr.

Yfirlit til sjóðfélaga og upplýsingaskylda.

Tvisvar á ári skal senda virkum sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum eða öðrum gögnum og skýringum ef launaseðlum er ekki til að dreifa, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits fer um réttindaöflun eftir ákvæðum 39. gr.

Lífeyrissjóðurinn heldur skrá um alla þá sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins og þá sem öðlast hafa rétt til lífeyrisgreiðslna með öðrum hætti en greiðslu iðgjalda. Í skránni skal vera nafn og kennitala þessara aðila. Þá skulu vera í skránni upplýsingar um fjárhæð iðgjaldagreiðslna hvers aðila, greiðslutímabil og áunnin réttindi svo og þau atriði sem geta haft áhrif á rétt til lífeyris.

Lífeyrissjóðurinn skal samhliða greiðsluyfirliti skv. 1. mgr. og eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri.

Lífeyrissjóðurinn skal að hverju tekjuári liðnu gera ríkisskattstjóra grein fyrir því iðgjaldi sem greitt hefur verið fyrir hvern launamann og þá sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á því ári.

41. gr.

Innheimta vanskila og gerð áætlana.

Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum eða öðrum sannanlegum hætti, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda.

Heimilt er lífeyrissjóði að innheimta iðgjöld og byggja innheimtuaðgerðir á álagningu ríkisskattstjóra og/eða áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutadeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.

42. gr.

Ráðstöfun innborgana.

Öllum innborgunum, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagreini eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli, þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. 41. gr. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

43. gr.

Innheimtuaðilar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða lögfræðing eða lögmann til starfa á skrifstofu sjóðsins til þess að annast um lögfræðilega innheimtu iðgjalda og annarra krafna sjóðsins sem í vanskilum eru í nafni og á ábyrgð sjóðsins.

Sé innheimta falin sjálfstætt starfandi lögmanni, lögmonnum eða öðrum innheimtuaðilum skulu ekki aðrir til verksins ráðnir en þeir sem hafa fullnægjandi starfsábyrgðatryggingu í gildi fyrir sig og starfsmenn sína, löglærða jafnt sem ólöglærða. Þegar metið er hvort starfsábyrgðatrygging er fullnægjandi skal höfð hliðsjón m.a. af mánaðarlegru veltu í uppgjörum innheimtuaðila, verðmæti þeirra verðbréfa sem hann hefur til innheimtu hverju sinni og umfangi iðgjaldainnheimtunnar.

44. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður vegna veikinda eða atvinnuleysis.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

45. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður af öðrum ástæðum.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til virkra sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda og slík endurgreiðsla er heimil að lögum.

46. gr.

Geymd stig.

Áunnin réttindi sjóðfélaga skv. ákvæðum reglugerðar þessarar falla ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn hans miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

47. gr.

Endurgreiðsla iðgjalda.

Heimilt er, skv. umsókn, að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari þegar réttindin áunnust.

Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahags-svæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.

48. gr.

Iðgjöld greidd án skyldu.

Iðgjöld sem sjóðnum eru greidd vegna launamanna, sem vegna aldurs er ekki að lögum eða samkvæmt kjarasamningum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði skal endurgreiða.

Endurgreiddur skal eingöngu iðgjaldahluti launamanns og skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

49. gr.

Útreikningur endurgreiðslu skv. 48. gr.

Endurgreiðslufjárhæð er 4% af grundvallarfjárhæð á greiðsludegi, miðað við heilt ár, margfölduð með stigum viðkomandi sjóðfélaga.

IV. KAFLI

Grundvöllur lífeyrisréttinda, gagnkvæm réttindi, greiðsla lífeyris o.fl.

50. gr.

Iðgjöld umreiknast í stig.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.

51. gr.

Grundvallarfjárhæð stigaútreiknings.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neyslulverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn reynist síðar ónothæfur.

52. gr.

Útreikningur stiga og lífeyris.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutadeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 51. gr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

53. gr.

Upphafs- og lokaviðmiðun vegna stigaútreiknings.

Stig reiknast frá næsta mánuði eftir að aldri til skylduaðildar að sjóðnum er náð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga eða laga og hætta að reiknast eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær hámarksaldri samkvæmt kjarasamningum eða lögum til sjóðsaðildar.

54. gr.

Fjöldi aukastafa við útreikning stiga.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

55. gr.

Um iðgjöld sem ekki verða umreiknuð í stig.

Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, skv. 53. gr. fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 47.-49. gr.

56. gr.

Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings og iðgjaldaflutnings. Í þeim samningum skal þess gætt að sjóðfélagar hvorki glati eða öðlist meiri rétt vegna þess að iðgjaldagreiðslur skiptast á milli tveggja eða fleiri sjóða. Um efni þessara samninga fer að lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

57. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

58. gr.

Réttindi sem ekki ná einu stigi.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrir-sjánlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins

heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

59. gr.

Fyrning, framsal og veðsetning lífeyris og lífeyrisréttinda.

Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 10 ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn, sbr. þó 60. gr. Réttur til lífeyris verður ekki veðsettur.

60. gr.

Skipting lífeyrisréttinda milli maka.

Sjóðfélag og maka hans er heimilt að ákveða skiptingu lífeyrisréttinda. Samkomulag þeirra skal eftir því sem við á ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur. Semja má um:

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til sjóðfélaga skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Sjóðurinn skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
2. Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda sjóðfélaga skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding sjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans.
3. Að iðgjald vegna sjóðfélagans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

V. KAFLI

A-deild landverkafólks.

61. gr.

Hverjum skylt er að eiga aðild að A-deild.

Öllum launamönnum, öðrum en sjómönnum og beitingamönnum sem aðild eiga að B-deild sjóðsins, og náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og ekki eru eldri en 70 ára, er skylt að eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs Austurlands enda starfi þeir á samningssviði eftirtalinnna stéttarféлага:

Verkalýðs- og sjómannafélags Vopnafjarðar og Skeggjastaðahrepps,
 Verkamannafélagsins Fram, Seyðisfirði,
 Verkalýðsfélags Fljótisdalshéraðs,
 Verkalýðsfélags Norðfirðinga,
 Verkamannafélagsins Árvakurs, Eskifirði,
 Verkalýðsfélags Reyðarfjarðahrepps,
 Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar,

Verkalýðs- og sjómannafélags Stöðvarfjarðar,
Verkalýðs og sjómannafélags Breiðdælinga,
Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs,
Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn Hornafirði,
Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Sindra.

62. gr.

Aðrir sem heimild hafa til aðildar.

Heimilt er launamanni, sem tekur upp atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að halda áfram þátttöku í þessari deild sjóðsins. Þá er öllum þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimil aðild að þessari deild sjóðsins sem og launamönnum sem ekki er að lögum eða kjarasamningum skylt að eiga aðild að öðrum lífeyrissjóði og/eða annarri deild þessa lífeyrissjóðs, en biðtími vegna örorku-, maka- og barnalífeyris skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni.

63. gr.

Skylda til aðildar að öðrum sjóði eða annarri deild.

Sé launamanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, eða annarri deild þessa lífeyrissjóðs veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessari deild sjóðsins.

64. gr.

Ný aðildarfélög og starfsmenn aðildarfélaganna.

Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessari deild sjóðsins og er þá heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast félagar.

Þá er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að þessari deild sjóðsins, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

65. gr.

Samruni við aðra lífeyrissjóði.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við þessa deild sjóðsins. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.

66. gr.

Sjóðfélagar í A-deild.

Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjald til A-deildar sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.

Ellilífeyrir.

67. gr.

Réttur til ellilífeyris.

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

68. gr.

Upphæð ellilífeyris og margföldunarstuðull.

Upphæð ellilífeyris er hundradshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,6.

69. gr.

Frestun á töku ellilífeyris.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

70. gr.

Ávinnsla réttinda ellilífeyrisþega.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

Berist iðgjöld til sjóðsins vegna sjóðfélaga, sem orðinn er 70 ára skal endurgreiða þau iðgjöld í samræmi við ákvæði 48. - 49. gr.

Örorkulífeyrir.

71. gr.

Réttur til örorkulífeyris.

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira sbr. nánari ákvæði þessa kafla og sem hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

72. gr.

Samhengi tekjuskerðingar og orkutaps.

Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. ákvæðum þessa kafla vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

73. gr.

Forsendur örorkumats.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álitu trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

74. gr.

Endurhæfing.

Heimilt er, að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfing sem bæt gæti heilsufar hans.

75. gr.

Skilyrði og útreikningur örorkulífeyris. Margföldunarstuðull.

Þegar skilyrði 71. gr. og þessarar greinar eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 67.-70. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 79. gr., margfölduðum með 1,6 enda hafi sjóðfélagi:

- Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
- Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- Ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

76. gr.

Réttur til örorkulífeyris úr öðrum sjóði.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

77. gr.

Starfsskipti vegna heilsubrests.

Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.

78. gr.

Undanþágur frá tímaskilyrðum 75. gr.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a.-lið 75. gr., er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

79. gr.

Framreikningur stiga.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 75. gr. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

- a) Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt, vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- b) Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
- c) Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- d) Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum a eða b meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.
- e) Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, til þess tíma er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

80. gr.

Upphæð örorkulífeyris.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 71. gr.

81. gr.

Biðtími og tímabundin örorka.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.

82. gr.

Upplýsingaskylda örorkulífeyrisþega.

Skylt er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

83. gr.

Breyting örorkulífeyris vegna breyttrar starfsorku.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

84. gr.

Brottfall örorkulífeyris vegna aldurs.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn og þá þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

Makalífeyrir.

85. gr.

Réttur til makalífeyris.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr A-deild sjóðsins, eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr A-deild sjóðsins.

86. gr.

Skilyrði um aldur eftirlifandi barna. Réttur kjörbarna.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

87. gr.

Örorka eftirlifandi maka.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.

88. gr.

Lágmarksgreiðslutími makalífeyris.

Stofníst réttur til makalífeyris skv. 85.-87. gr. eða 46. gr. skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

89. gr.

Makalífeyrisréttur umönnunaraðila.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða makalífeyri samkvæmt 85.-88. gr. reglugerðar þessarar til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.

90. gr.

Upphæð og útreikningur makalífeyris. Framreikningur stiga.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samantöldum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7.

Þegar skilyrði 85. gr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 79. gr.

Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 84. gr. en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Séu skilyrði 85. gr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 46. gr.

91. gr.

Rétthafar makalífeyris.

Maki samkvæmt reglugerð þessari telst sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát.

Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

Barnalífeyrir.

92. gr.

Réttur til barnalífeyris.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

93. gr.

Upphæð og útreikningur barnalífeyris.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 51. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 90. gr. eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

94. gr.

Barnalífeyrir vegna barna örorkulífeyrisþega.

Sé sjóðfélag, sem uppfyllir skilyrði 75. gr. a. og b., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 93. gr. með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaks mánuð er 5.500 kr. með hverju barni.

Sé örorka skv. ákvæðum þessa kafla metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

95. gr.

Réttur fósturbarna og stjúpbarna.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

96. gr.

Réttahafar barnalífeyris.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

VI. KAFLI

B-deild sjómanna og beitingamanna.

97. gr.

Hverjum skylt er að eiga aðild að B-deild.

Skylt er öllum sjómönnum og beitingamönnum, sem lögskráðir eru á vélskip og eiga lögum samkvæmt að eiga aðild að lífeyrissjóði og eru ekki eldri en 70 ára að eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs Austurlands vegna undanþágu samkvæmt 2. gr. laga nr. 94/1994 enda starfi þeir á samningssviði eftirtalinna stéttarfélaga:

Verkalýðs- og sjómannafélags Vopnafjarðar og Skeggjastaðahrepps,
 Verkamannafélagsins Fram, Seyðisfirði,
 Verkalýðsfélags Fljótisdalshéraðs,
 Verkalýðsfélags Norðfirðinga,
 Verkamannafélagsins Árvakurs, Eskifirði,
 Verkalýðsfélags Reyðarfjarðarhrepps,
 Verkalýðs- og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar,
 Verkalýðs- og sjómannafélags Stöðvarfjarðar,
 Verkalýðs- og sjómannafélags Breiðdælinga,
 Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs,
 Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn Hornafirði,
 Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Sindra.

98. gr.

Skylda til aðildar að öðrum sjóði eða annarri deild.

Sé sjómanni eða beitingamanni, hér eftir nefndur sjóðfélagi, samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, eða annarri deild þessa lífeyrissjóðs veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessari deild sjóðsins.

99. gr.

Samruni við aðra lífeyrissjóði.

Heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við þessa deild sjóðsins. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.

100. gr.

Sjóðfélagar í B-deild.

Sjóðfélagar eru þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjald til B-deildar sjóðsins og eiga hjá honum réttindi.

101. gr.

Sérákvæði um gjalddaga og launatímabil.

Á þeim skipum þar sem hver mánuður telst sérstakt launatímabil, er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 15. dagur næsta mánaðar. Á þeim skipum þar sem hver veiðiferð telst sérstakt kauptryggingartímabil er gjalddagi iðgjalda 15. dagur eftir að veiðiferð lýkur.

Ellilífeyrir.

102. gr.

Réttur til ellilífeyris.

Sjóðfélagi sem orðinn er fullra 65 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

103. gr.

Upphæð ellilífeyris og margföldunarstuðull.

Upphæð ellilífeyris er hundradshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,7.

104. gr.

Heimild til töku ellilífeyris.

Heimilt er sjóðfélaga sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslensk skip í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga hvert ár, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 65 ára aldur, er taka lífeyris hefst.

105. gr.

Ávinnsla réttinda ellilífeyrisþega.

Taki sjóðfélagi ellilífeyri á aldrinum 60–65 ára og greiði á sama tíma iðgjöld til sjóðsins, ávinnur hann sér réttindi að hálfu vegna þeirra iðgjalda.

106. gr.

Frestun á töku lífeyris.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

107. gr.

Endurreikningur og endurgreiðsla iðgjalda.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir 65 ára aldur og hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 70 ára aldri.

Berist iðgjöld til sjóðsins vegna sjóðfélaga, sem orðinn er 70 ára skal endurgreiða þau iðgjöld í samræmi við ákvæði 48. - 49. gr.

Örorkulífeyrir.

108. gr.

Réttur til örorkulífeyris.

Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 40% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

- Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 1 stig hvert þessara þriggja ára.
- Greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 6 mánuði og að lágmarki 100 daga á undanfarandi 12 mánuðum.
- Orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

109. gr.

Undanþága frá tímaskilyrðum 108. gr.

Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a- og b-lið 108. gr., er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist.

110. gr.

Forsendur örorkumats og endurmat.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum og heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álitni trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis, hafi sjóðurinn ekki ráðið sér trúnaðarlækni.

Fyrstu 3 árin eftir orkutapið skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu.

111. gr.

Takmörkun á framreikningi við lágmarksörorku.

Aldrei skal framreikna réttindi örorkulífeyrisþega sem ekki nær að lágmarki 20% almennri örorku.

112. gr.

Útreikningur örorkulífeyris og takmarkanir.

Þegar skilyrði 108. gr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 101. - 107. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknað samkvæmt 113. gr.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominis tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fikniefna, skal ekki reikna réttindi vegna ókominis tíma.

Séu skilyrði 108. gr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast hámark örorkulífeyris í samræmi við 46. gr.

113. gr.

Framreikningur stiga.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 60 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 112. gr. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

- a) Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu fimm almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta fimm ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.
- b) Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt a-lið meira en fjórum stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 60 ára aldurs reiknað með fjórum stigum á ári.

114. gr.

Samhengi orkutaps og örorkulífeyris.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið.

115. gr.

Biðtími vegna örorkulífeyris.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap.

116. gr.

Upplýsingaskylda örorkulífeyrisþega.

Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

117. gr.

Endurmat örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

118. gr.

Brottfall örorkulífeyris vegna aldurs.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum til 60 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélagi.

Makalífeyrir.

119. gr.

Réttur til makalífeyris.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans í a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hinn eftirlifandi maki þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagsins og hjónabandið hafi staðið í a.m.k. 5 ár og til þess verið stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

120. gr.

Skilyrði um aldur eftirlifandi barna. Réttur kjörbarna.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka.

Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

121. gr.

Lágmarksgreiðslutími makalífeyris. Örorka maka.

Nú andast sjóðfélagi sem uppfyllir skilyrði 108. gr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt 119. gr. né 120. gr., eða greiðsla samkvæmt 120. gr. stendur skemur en 24 mánuði, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans. Heimilt er sjóðstjórn að lengja þetta tímabil, ef starfsorka hins eftirlifandi maka er talin skert um a.m.k. 50%.

122. gr.

Makalífeyrisréttur umönnunaraðila.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 119.-121. gr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

123. gr.

Upphæð og útreikningur makalífeyris. Framreikningur stiga.

Upphæð makalífeyris er hundradshluti af grundvallarlaunum sjóðsins og nemur hundradshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 60 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 112. gr. en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir til 60 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri.

Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

124. gr.

Rétthafar makalífeyris.

Maki samkvæmt þessum kafla reglugerðarinnar telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

Barnalífeyrir.

125. gr.

Réttur til barnalífeyris.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs.

Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

126. gr.

Upphæð og útreikningur barnalífeyris.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almanna-trygginga. Að öðrum kosti er barnalífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almanna-trygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

127. gr.

Barnalífeyrir vegna barna örorkulífeyrisþega.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé 75%. Sé örorka metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

128. gr.

Réttur fósturbarna og stjúpbarna.

Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

129. gr.

Rétthafar barnalífeyris.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

VII. KAFLI

S-deild séreigna og viðbótartryggingaverndar.

130. gr.

Hlutverk S-deildar.

Hlutverk S-deildar er að veita viðtöku, varðveita og ávaxta iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda í séreign eða sameign sem ætlað er að tryggja sjóðfélögum og erfingjum þeirra lífeyri eftir þeim reglum sem greinir í kafla þessum, lögum um lífeyrissjóði eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 129/1997, reglugerðum settum með heimild í þeim lögum og samningum gerðum við sjóðfélaga.

131. gr.

Aðild að S-deild.

Aðild að S-deild geta átt sjóðfélagar annarra deilda Lífeyrissjóðs Austurlands, aðrir launamenn og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og mega skv. 1. mgr. 8. gr. sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 verja öllu lífeyrissjóðsiðgjaldi sínu eða hluta þess til öflunar lífeyrisréttinda í séreign eða sameign.

Þeir sem eiga séreign eða önnur réttindi skv. ákvæðum þessa kafla eða samkvæmt samningum við S-deild, teljast sjóðfélagar hennar, hér eftir nefndir rétthafar.

132. gr.

Bann við ráðstöfun innstæðu eða réttinda.

Rétthafa er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd hvort heldur er í séreign eða sameign.

Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt slíkum samningi og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða réttindin á nokkurn hátt

133. gr.

Stjórn S-deildar.

Stjórn S-deildar skal skipuð sex mönnum. Fjórum skipuðum af stjórn Lífeyrissjóðs Austurlands og tveimur kosnum á sérstökum ársfundi S-deildar til tveggja ára í senn.

Einn varamaður skal tilnefndur af stjórn Lífeyrissjóðs Austurlands og annar kosinn á ársfundi réttihafa.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og eru stjórnarfundir lögmætir ef löglega er til þeirra boðað og meirihluti stjórnar sækir fund.

134. gr.

Ársfundur S-deildar og boðun hans.

Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn deildarinnar boða til ársfundar S-deildar sjóðsins. Hann hefur æðsta vald í málefnum deildarinnar ef ekki er öðruvísi ákveðið í reglugerð þessari.

Stjórn deildarinnar skal boða til ársfundar með skriflegu fundarboði til réttihafa með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

135. gr.

Verkefni og dagskrá ársfundar S-deildar.

Á ársfundi skal tekið fyrir:

- a. Skýrsla stjórnar.
- b. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
- c. Tryggingafræðileg úttekt.
- d. Kynning á fjárfestingarstefnu deildarinnar.
- e. Stjórnarkjör.
- f. Tillögur um breytingar á þessum kafla reglugerðarinnar þegar slíkar tillögur liggja fyrir.
- g. Laun stjórnarmanna.
- h. Önnur mál löglega fram borin.

Tillögur um breytingar á þessum kafla reglugerðarinnar má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund deildarinnar.

Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn deildarinnar eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Tillögur skal senda út samhliða fundarboði samkvæmt 134. gr.

136. gr.

Réttur til setu á ársfundi S-deildar og atkvæðisréttur.

Allir réttihafar í S-deild hafa rétt til setu á ársfundi með atkvæðisrétt, tillögurétt og málfrelsi. Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Austurlands hafa og rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

Atkvæðisréttur réttihafa telst jafn hlutfalli inneignar hans af heildareignum deildarinnar við næstliðin áramót. Ef viðbótarlífeyrisréttindi eru reiknuð í stigum skal umreikna þau til krónutölu miðað við næstliðin áramót og reikna atkvæðisrétt réttihafa í samræmi við hana. Með inneign er átt við uppsafnaða peningalega inneign réttihafa eða stig sem umreikna má til peninga.

Skrá um atkvæðisrétt réttihafa skal liggja frammi á ársfundi deildarinnar.

Leggja skal allar samþykktir ársfunda S-deildar fyrir stjórn Lífeyrissjóðs Austurlands til samþykktar eða synjunar. Skal stjórn sjóðsins taka samþykktir ársfundar S-deildar til afgreiðslu svo fljótt sem verða má og öðlast þær ekki gildi fyrir en að fengnu því samþykki.

137. gr.

Lausn ágreiningsmála.

Stjórn S-deildar fer með það úrskurðarvald sem stjórn sjóðsins fer með samkvæmt 24. gr. þessarar reglugerðar.

Vilji réttthafi eða erfingjar hans ekki hlíta úrskurði stjórnar S-deildar um eitthvert atriði varðandi deildina getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Hann skal þá tilkynna stjórninni það bréflaga innan mánaðar eftir að hann fékk úrskurð hennar og skal þeirra tímamarka getið í úrskurði stjórnar.

Stjórn deildarinnar og réttthafi skulu koma sér saman um oddamann til setu í gerðardómi og er hann formaður dómsins en komi þeir sér ekki saman um hann skal hann skipaður af dómstjóra héraðsdóms Austurlands.

Að öðru leyti gildir almennar reglur þessarar reglugerðar um lausn ágreiningsmála.

138. gr.

Ávöxtun, reksturskostnaður og framkvæmdastjórn.

Ávöxtun á fé S-deildar, mótun fjárfestingarstefnu sem og öll umsjón, starfræksla og samningsgerð við réttthafa og samstarfsaðila er í höndum Lífeyrissjóðs Austurlands.

Um hlutdeild S-deildar í sameiginlegum reksturskostnaði fer eftir ákvæðum 2. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar. Skal kostnaðarhluti þessi reiknaður misserislega og dreginn frá tekjum deildarinnar áður en þeim er ráðstafað til réttthafa.

Framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Austurlands er jafnframt framkvæmdastjóri S-deildar.

139. gr.

Endurskoðun og eftirlit.

Endurskoðendur og eftirlitsaðilar Lífeyrissjóðs Austurlands skulu jafnframt vera endurskoðendur og eftirlitsaðilar S-deildar en auk þess skal árleg endurskoðun á deildinni falin löggiltum endurskoðanda er stjórn deildarinnar skipar í því skyni.

Um tryggingafræðilega athugun fer eftir ákvæðum 29. gr. en hún skal fara fram árlega og fylgja reikningsskilum deildarinnar til ársfundar.

140. gr.

Gjaldalagi iðgjalda og réttindaöflun.

Iðgjald samkvæmt kafla þessum skal greitt reglulega í hverjum mánuði og er réttinda einungis aflað í samræmi við iðgjöld sem borist hafa sjóðnum og reiknast þau réttindi miðað við greiðsludag.

141. gr.

Samstarfsaðilar.

Lífeyrissjóði Austurlands er heimilt f.h. S-deildar sjóðsins að semja við eftirtalda aðila um samstarf að framkvæmd þessa kafla reglugerðar sjóðsins, alveg eða að hluta, enda hafi þeir aðilar heimild til að stunda þá starfsemi sem samið er um:

1. Viðskiptabanka og sparissjóði sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um viðskiptabanka og sparissjóði.
2. Líftryggingafélag sem hafa starfsstöð hér á landi, sbr. lög um váttryggingastarfsemi.

3. Verðbréfafyrirtæki sem starfa samkvæmt 8. gr. laga um verðbréfavíðskipti og hafa starfsstöð hér á landi.
4. Lífeyrissjóð Austurlands, aðrar deildir hans eða aðra lífeyrissjóði.
Samningar þessir geta m.a. kveðið á um innlegg á bundna innlánsreikninga, kaup á líf-
eða lífeyristryggingu eða um samtryggingarsparnað.

142. gr.

Gerð samninga við rétthafa og upphaf greiðslna.

Í samningi um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað skv. ákvæðum þessa kafla skal koma fram nafn og kennitala greiðanda, mánaðarlegt innlegg og hvaða reglur gilda um útborgun og réttindi að öðru leyti. Allir skilmálar varðandi viðbótartryggingaverndina skulu koma fram í samningnum.

Greiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður.

143. gr.

Uppsögn og flutningur réttinda.

Heimilt er að segja upp samningi um viðbótartryggingavernd með sex mánaða fyrirvara. Uppsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en hlutadeigandi samningsaðili hefur tilkynnt viðkomandi lífeyrissjóði um hana.

Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda, en í reglum um tryggingaverndina er heimilt að kveða svo á um að flytja megi innstæðu eða réttindi á milli þeirra aðila sem tilgreindir eru í 141. gr.

144. gr.

Flutningur réttinda frá deildinni.

Nú gerist rétthafi, sem fer úr S-deild rétthafi að séreign eða viðbótartryggingavernd í öðrum lífeyrissjóði eða stofnun sem starfar eftir lögum um lífeyrissjóði og reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, og er þá heimilt að greiða alla inneign hans í S-deild í einu lagi til þess aðila.

Kostnaður við flutning inneignar telst vera allt að 2% hennar samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar og greiðist af inneign rétthafa.

145. gr.

Flutningur réttinda til deildarinnar.

Taki maður upp aðild að S-deild, sem verið hefur rétthafi að séreign eða viðbótartryggingavernd í öðrum lífeyrissjóði, er heimilt að taka við sem eingreiðslu vegna hans því fé er hann fær útborgað úr sjóðnum er hann flyst úr.

146. gr.

Staðfesting þess sjóðs sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar.

Taki S-deild einungis við iðgjaldi frá tilteknum sjóðfélaga samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd skal sjóðurinn fá staðfestingu um aðild viðkomandi launamanns að þeim lífeyrissjóði sem veitir móttöku iðgjaldi til lágmarkstryggingaverndar ef um er að ræða annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð Austurlands.

147. gr.

Almennar reglur um séreignareikninga.

Um séreignareikninga í S-deild Lífeyrissjóðs Austurlands og séreignareikninga sem stofnað er til í samvinnu S-deildar við þriðja aðila skulu gilda eftirfarandi meginreglur:

1. Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrissréttinda í séreign, þó aldrei fyrr en réttthafi hefur fullnægt sérstökum viðbótarskilyrðum skv. tölulíðum 2 til 4.
2. Þegar réttthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem réttthafa vantar upp á 67 ára aldur.
3. Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.
4. Deyi réttthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát réttthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát réttthafa. Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. mgr. 132. gr.

Heimilt er að víkja frá undanfarandi ákvæðum þessarar greinar ef innstæðan er svo lítil að árlegar greiðslur geta ekki náð eftirtöldum upphæðum:

- a. Til réttthafa 125% þess árgjalds sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
- b. Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.
- c. Til hvers barns 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.

Í þeim tilfellum, sem talin eru undir staflíðum a-c, má dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó svo að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum sem þar eru taldar.

148. gr.

Jöfn útborgun inneignar.

Með jöfnum greiðslum samkvæmt 147. gr. er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að réttthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu. Útborgunin skal þá breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur að hluta til eða öllu leyti verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 147. gr. um lágmarkstíma, eða til æviloka réttthafa.

149. gr.

Staðfesting ráðherra á samningsskilmálum og breytingum á þeim.

Reglur sjóðsins og samningsskilmála um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað sem S-deild býður upp á skv. ákvæðum laga og reglugerða um lífeyrissjóði eins og þau eru á hverjum tíma, nú lög nr. 129/1997, skal fyrir fram fá staðfestingu fjármálaráðherra á.

Allar breytingar á reglum og skilmálum skv. 1. mgr. skal einnig tilkynna fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær.

150. gr.

Breytingar á ákvæðum þessa kafla.

Ákvæðum þessa kafla verður einungis breytt á ársfundi S-deildar.

Til þess að tillaga til breytinga teljist samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða enda hafi tillögur til breytinga fylgt fundarboði.

Til breytingarinnar þarf jafnframt samþykki stjórnar Lífeyrissjóðs Austurlands og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

151. gr.

Um atriði sem ekki er getið í VII. kafla.

Að öðru leyti en greinir í kafla þessum og eftir því sem við á hverju sinni gilda almennar reglur I-IV. og VIII. kafla þessarar reglugerðar um S-deild sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar.

VIII. KAFLI

Breytingar á reglugerð sjóðsins, gildistaka o.fl.

152. gr.

Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal, fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og VSÍ tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði.

Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins.

Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt kjarasamningum viðkomandi aðildarfélaga eða lögum skal vísað frá ársfundi.

Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

Um breytingar á ákvæðum þessarar reglugerðar um séreignadeild, fer eftir ákvæðum VII. kafla.

153. gr.

Um tillögur sem teljast efni kjarasamninga.

Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi að fengnu samþykki 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga, sem að sjóðnum standa.

Um atkvæðavægi fer eftir ákvæðum 21. gr. og þarf þá bæði samþykki tilskilins meirihluta stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda, sem að sjóðnum standa.

154. gr.

Um aðrar tillögur til reglugerðabreytinga.

Aðrar reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

155. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. júlí 1992 og gildir frá 30. júní 1998.

Ákvæði 60. gr. reglugerðar þessarar taka þó ekki gildi fyrr en 1. maí 1999.

156. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði reglugerðar þessarar kemur ákvæði 3. gr. hennar ekki til framkvæmda fyrr en lokið hefur verið við uppreikning áfallinna skuldbindinga og skiptingu eigna sem tilheyra hvorri deild fyrir sig, A- og B-deild, sem frá upphafi hafa verið reknar sem ein deild.

Skiptingu eigna og skuldbindinga skal lokið eigi síðar en 31. desember 1998. Skal tillaga stjórnar þar að lútandi vera lögð fyrir ársfund þess árs eða aukafund skv. 20. gr. ef henta þykir.

Þegar frá gildistöku þessarar reglugerðar skal skrá greidd iðgjöld og réttindi sérstaklega, eftir því hvort þau tilheyra A- eða B-deild sjóðsins.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 25. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.*Margrét Gunnlaugsdóttir.***GJALDSKRÁ****fyrir sorphirðu í Bæjarhreppi, Strandasýslu**

1. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimt er með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér segir:

- A. Íbúðarhús í þéttbýli kr. 5.000.
B. Lögbyli greiði kr. 5.000.

Heimilt er þó að veita afslátt kr. 2.500 þeim heimilum þar sem sorp er að jafnaði minna en einn poki hálfsmánaðarlega.

- C. Sumarhús greiði kr. 2.000.
D. Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar greiði gjald er miðist við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	4.000	5	72.000
2	8.000	6	150.000
3	25.000	7	200.000
4	48.000		

Hreppsnefnd skipar aðilum í gjaldflokka. Heimilt er að fella niður sorphirðugjald samkvæmt staflíð D, af aðilum sem annast sjálfir flutning á viðurkenndan eyðingarstað enda greiði aðilar fyrir eyðingu úrgangsins.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bæjarhrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 7. október 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Sigurðar Óskars Sigvaldasonar
frá Gilsbakka í Öxarfirði, N-Þing.

1. gr.

Í samræmi við vilja Sigurðar Óskars Sigvaldasonar frá Gilsbakka í Öxarfirði, N-Þing. fyrrverandi leigubifreiðarstjóra, f. 6. desember 1908, d. 15. júlí 1998, síðast með lögheimili að Fellsmúla 14 í Reykjavík, stofna undirritaðir minningarsjóð.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigurðar Óskars Sigvaldasonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er í samræmi við erfðaskrá Óskars að reisa og viðhalda minnismerki um foreldra hans, Sigurlaugu Jósefsdóttur og Sigvalda Sigurgeirsson, sem bjuggu á Gilsbakka í Öxarfirði, N-Þing.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

Íbúð á 1. hæð að Fellsmúla 14 í Reykjavík, að fasteignamati kr. 4.173.000.

Af stofnfé sjóðsins má ekki skerða kr. 471.000.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, ásamt höfundarlaunum vegna ljósmynda í vörslu Ljósmyndasafns Reykjavíkur samkv. samningi þar að lútandi.

Nettótekjum sjóðsins skal varið til viðhalds minnismerkis.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 ættingjar Óskars, sem nefndir eru tilsjónarmenn minnismerkisins í erfðaskrá hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, skipa styttnabörn Óskars og að þeim frágengnum, niðjar þeirra, nýja stjórnarmenn.

Stjórnarmaður skal víkja úr sæti ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann gerist sekur um verknáð, sem gerir hann óverðugan til að sitja áfram í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Sjóðstjórnin semur reikninga sjóðsins og skulu þeir árlega endurskoðaðir af endurskoðanda eða skoðunarmönnum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðun innan stjórnarinnar.

7. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef stjórn sjóðsins eða meirihluti er því sammála.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til Byggðasafns Norður-Þingeyinga.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. október 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Öldrunarmiðstöðina Höfn í Hafnarfirði.

1. gr.

Neðanskráð félagasamtök og stofnanir stofna hér með sjálfseignarstofnun sem starfar í Hafnarfirði og ber heitið *Öldrunarmiðstöðin Höfn*:

Hafnarfjarðarbær,
Sólvangur, sjúkrahús,
Félag eldri borgara (hét áður styrktarfélag aldraðra),
Bandalag kvenna Hafnarfirði,
Verkakvennafélagið Framtíðin,
Verkamannafélagið Hlíf,
Sjómannafélag Hafnarfjarðar,
Starfsmannafélag Hafnarfjarðar,
Skátafélagið Hraunbúar,
Lionsklúbbur Hafnarfjarðar,
Lionsklúbburinn Ásbjörn,
Lionsklúbburinn Kaldá,
Kíwanisklúbburinn Hraunborg,
Kíwanisklúbburinn Eldborg.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum sem berast og safnað verður til byggingar öldrunarmiðstöðvar í Hafnarfirði.

Stofnfé nemur kr. 500.000 og skal það haldast óskert að raungildi.

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar.

Heimili og varnarþing er í Hafnarfirði.

Markmið.

3. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að reisa og reka almennar og félagslegar kaupleiguíbúðir er veiti öldruðum húsnæði í vernduðu umhverfi og þjónustumiðstöð tengdri þeim íbúðum. Jafnframt að reka félagslegar leiguíbúðir bæjarsjóðs Hafnarfjarðar fyrir eldri borgara í húsnæði byggðu af Öldrunarmiðstöðinni Höfn.

Markmiði þessu hyggst stofnunin ná meðal annars með því að: Afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana og leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda sbr. lög um málefni aldraðra nr. 82/1989 svo og samkvæmt öðrum lagaákvæðum eða fyrirmælum opinberra stjórnvalda.

4. gr.

Hver húseining eða framkvæmd sem ráðist er í verður sjálfstæð rekstrareining.

Eignar- og afnotaréttur að almennum og félagslegum kaupleiguíbúðum verður með eftirfarandi hætti:

Leiga með kauprétti.

Leiga með kaupum á eignarhluta í íbúð.

Kaup á íbúðinni

Íbúar eiga val um einn af ofangreindum kostum.

Um eignarhaldsíbúðir eða söluíbúðir sem rísa innan öldrunarmiðstöðvarinnar skal stjórnin setja reglugerðir, sem bera skal undir fulltrúaráðið til staðfestingar.

Sama gildir um starfsemi þjónustumiðstöðvar og aðra þá starfsemi sem kann að verða tekin upp.

Afnotarétturinn að félagslegum íbúðum bæjarsjóðs Hafnarfjarðar innan Öldrunarmiðstöðvarinnar er leiga með kaupum á eignarhluta í íbúð. Við félagsslit yfirtekur bæjarsjóður Hafnarfjarðar ofangreindar íbúðir.

Réttur til íbúða er að öðru leyti bundinn við þau atriði, er fram koma í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og V. kafla reglugerðar nr. 375/1996.

Fulltrúaráð.

5. gr.

Fulltrúaráð fer með æðstu stjórn stofnunarinnar.

Hver stofnaðili velur einn fulltrúa og einn til vara til setu í fulltrúaráði til fjögurra ára nema bæjarstjórn Hafnarfjarðar sem velur þrjá fulltrúa til fjögurra ára og þrjá til vara.

Kjör fulltrúa og varafulltrúa eða tilnefning skal gerð á viðtekinn hátt eftir reglum hvers félags.

Taki varamaður sæti aðalmanns á kjörtímabilinu skal velja mann í hans stað, svo fulltrúaráðið haldi ávallt fullri tölu aðal- og varamanna.

Fundi fulltrúaráðs skal boða með sannanlegum hætti með a.m.k. viku fyrirvara. Fundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Skýlt er að kalla fulltrúaráðið til fundar ef 1/4 hluti fulltrúaráðsmanna óskar þess eða endurskoðendur gera um það tillögu.

6. gr.

Hlutverk fulltrúaráðs er:

- * að fylgjast með rekstri stofnunarinnar og vera tengiliður milli stjórnar hennar og stofnenda,
- * að kjósa stjórn og endurskoðendur stofnunarinnar,
- * að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

Til að sinna hlutverki sínu skal ráðið koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skal þá fara yfir skýrslur stjórnar og forstjóra um rekstur stofnunarinnar, fjárreiður og önnur þau atriði, er snerta rekstur hennar sem og önnur þau umsvif, sem nauðsynleg reynast.

Stjórn.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara.

Kjörtímabil stjórnar skal vera fjögur ár.

Formann skal kjósa sérstaklega, enda er hann jafnframt formaður fulltrúaráðsins og boðar fundi þess.

Meðstjórnendur skal kjósa í einu lagi svo og varamenn.

Á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör skulu stjórnarmenn skipta með sér verkum.

Forfallist formaður tekur varaformaður sæti hans.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar fer með fjármál stofnunarinnar, annast framkvæmdir hennar og ræður starfsfólk eftir því sem henta þykir. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur.

Stjórnin getur falið sérstakri framkvæmdanefnd ákveðin verkefni tímabundið og ber þá ábyrgð á störfum hennar.

Arlega skal gera rekstrar- og efnahagsreikning stofnunarinnar er kjörnir endurskoðendur skulu yfirfara og árita ásamt stjórninni. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fulltrúaráðið til úrskurðar ásamt greinargerð hins löggilta endurskoðanda.

Vistun.

9. gr.

Óski einhver aðili að tryggja vistrými fyrir aldraða félaga sína með því að greiða stofn-kostnað slíks rýmis, skal stjórnin gera um það sérsamning við hlutaðeigandi aðila. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði stofnunarinnar og laga og reglugerða um vistun.

Stjórnin getur falið sérstakri nefnd að fara með vistunarmat fyrir sig.

Starfsemi hætt.

10. gr.

Telji fulltrúaráðið sér ekki fært að annast rekstur stofnunarinnar áfram, skal gefa aðildar-félögum, einum eða fleirum kost á að taka við rekstri hennar enda verði hlutverk stofnunarinnar óbreytt.

Að þeim frágengnum falla eignir stofnunarinnar til ríkisins og/eða sveitarfélagsins með þeirri kvöð að hún verði áfram rekin í þjónustu aldraðra.

Eigi ekkert þessara atriða við skal ráðstafa eignum stofnunarinnar í sem líkustum til-gangi við upprunalegan tilgang hennar.

Nýir aðilar.

11. gr.

Stofnfélagar eru þau félagasamtök og stofnanir sem talin eru upp í 1. gr.

Þeir sem óskuðu eftir að gerast aðilar að samtökum þessum fyrir 1. maí 1991 teljast stofnfélagar. Heimilt er að fjölga félögum með samþykki tveggja þriðju hluta fulltrúaráðsins. Hætti einhver aðili samtakanna þátttöku fækkar fulltrúum í fulltrúaráði að rétttri tiltölu. Á sama hátt fjölgar í fulltrúaráðinu gangi ný félög til samstarfs við samtökin.

Breyting á skipulagsskrá.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði 2/3 fulltrúaráðsmanna falli á þann veg á lögsmætum fundi, enda hljóti breytingin staðfestingu réttra yfirvalda.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. október 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

*Fanney Óskarsdóttir.***REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglumanna nr. 528/1997, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. kafla reglugerðarinnar:

- a. Heiti kaflans verður: Einkennisfatnaður lögreglunnar.
- b. 2. másl. töluliðar 1.5 orðast svo: Við buxur 1 skal nota svart belti með einfaldri venjulegri sylgju eða innra belti tækjabeltis.
- c. 1. másl. 6. mgr. töluliðar 1.8 orðast svo: Yfir brjóstvösum skulu vera endurskinsborðar, 2,5 sm breiðir.
- d. Töluliður 1.9 orðast svo:
1.9 Buxur 2 skulu vera úr svörtu, slitsterku, eldtefjandi efni, þær eru síðar, án uppbrota, með sjö vösum, þar af tveimur vösum á buxnaskálmum neðan við hliðarvasa og vasa fyrir kylfu innan á hliðarvasa öðru hvoru megin. Við buxur 2 skal nota svart belti með einfaldri venjulegri sylgju eða innra belti tækjabeltis. Heimilt er að nota axlabönd ef þau eru svört eða sem líkust skyrtulit.
- e. Nýir töluliðir 1.13 - 1.18 bætast við svohljóðandi:
1.13 Einkennisbúningur 1: Svartur síður jakki og svartar buxur. Á jakkanum eru axlar-sprotar með tveimur 10 mm gylltum borðum og stöðueinkennum, í mittið er jakkinn með svörtu leðurbelti 4 sm breiðu með lögreglusylgju úr kopar. Gyllt flauta í keðju

festist í vinstri sprota og vinstra brjóstvasalok. Hvít skyrta, svart bindi, svartir sokkar, svartir lágir skór, hvítir hanskar. Einkennishúfa með hvítum kolli og merki lögreglunnar úr málmí. Lögreglunúmer er ekki á jakka 1 en stöðueinkenni á ermum þar sem það á við. Svartur einhnepptur regnfrakki með einkennistölum, á honum eru axlasprotar sem á eru dregnir smeygar og stöðueinkenni á ermum.

1.14 Einkennisbúningur 2: Svartur mittisjakki með axlasprotum sem á eru dregnir smeygar með videigandi stöðueinkennum og stöðueinkenni á ermum þar sem það á við. Lögreglumerki á báðum ermum, á baki og hægra megin á brjósti er orðið Lögreglan með endurskinsstöfum, lögreglunúmer á vinstra brjóstvasaloki, svartar buxur með sjö vösum, fölblá skyrta, svart bindi, svartir skór, svartur strokkur, svartir hanskar. Svört einkennishúfa með ísaumuðu taumerki lögreglunnar.

1.15 Einkennisbúningur 3: Svört síð úlpa og svartar buxur, undir þann fatnað er notaður svartur flísjakki og svartar flísbuxur þegar það hentar. Á úlpunni eru axlasprotar sem á eru dregnir smeygar með videigandi stöðueinkennum. Lögreglumerki eru á báðum ermum og stöðueinkenni þar sem það á við. Á baki og vinstra megin á brjósti er orðið Lögreglan með endurskinsstöfum, lögreglunúmer á vinstra brjóstvasaloki, fölblá skyrta, svart bindi, svartir skór, svartur strokkur, svartir hanskar. Svört kuldahúfa með lögreglumerki úr málmí.

1.16 Endurskinsvesti: Vestið skal vera neongult, með 5 sm endurskinsröndum, vinstra megin að framan og á baki er áprentað orðið Lögreglan og á baki einnig orðið Police.

1.17 Samsetning einkennisbúninga: Ekki er heimilt að nota hluta einkennisbúninga 2 eða 3 með einkennisbúningi 1 en heimilt er að nota buxur 1 með fölblárrí skyrta við einkennisjakka 2 og 3 og húfu 1 þar sem það er sérstaklega heimilað í reglugerð þessari. Heimilt er að nota saman hluta einkennisfatnaðar 2 og 3, svo sem buxur 2 er heimilt að nota með jakka 3 og flísfatnað með einkennisbúningi 2. Húfu 2 er heimilt að nota með einkennisjakka 3. Flísfatnaður er notaður undir einkennisbúninga. Endurskinsvesti er notað utan um jakka 2, 3 og samfesting. Slík vesti er einnig heimilt, við sérstakar aðstæður, að nota með húfu 2 án annars einkennisfatnaðar. Regnfrakki er eingöngu notaður með einkennisbúningi 1.

1.18 Notkun einkennisbúnings 1. Einkennisbúningur 1 er hátíðabúningur íslensku lögreglunnar og ber að hafa það í huga við notkun búningsins. Heimilt er að nota einkennisbúning 1 á stórhátíðadögum, svo sem 17. júní, aðfangadag, jóladag, páskadag, hvítasunnudag, þegar lögreglumenn taka þátt í kirkjulegum athöfnum, við sérstakar móttökur eða við önnur tilefni þegar lögreglustjóra þykir við hæfi að lögreglan klæðist hátíðlega.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. kafla reglugerðarinnar:

a. Töluliður 2.1 orðast svo:

2.1 Einkennisjakki skal vera svartur mittisjakki eða síðari, sem lokast með rennilás að framan, úr leðri eða sérstöku viðurkenndu efni til hlífðar fyrir öikumenn bifhjóla. Á jakkanum skulu vera tveir brjóstvasar með smelltum lokum og tveir innri vasar. Ermar skulu vera þröngar að framan með rennilás. Við jakkann skal borin gyllt flauta í festi á sama hátt og við jakka 1. Á báðum öxlum skulu vera sprotar úr sama efni og jakkinn. Smeygar með tilheyrandi einkennum skulu dregnir upp á sprotana.

b. Töluliður 2.4 orðast svo:

2.4 Hanskar skulu vera úr svörtu leðri, fóðraðir, með svörtum eða hvítum uppslögum. Endurskinsborðar, 5 sm breiðir, skulu vera á uppslögnum og ná allan hringinn.

c. Töluliður 2.5 orðast svo:

2.5 Skór skulu vera leðurstígvél með reiðstígvélasniði eða sérstakir bifhjólaskór.

3. gr.

4. kafli reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

- 4.1** Lögregluskóli ríkisins ber kostnað af einkennisfatnaði og búnaði embættismanna sem reglugerð þessi tekur til og starfa í fullu starfi við skólann, í réttu hlutfalli við starfstíma þeirra.
- 4.2** Fatnaður lögreglunema á fyrri önn grunnnáms skal vera fölblá einkennisskyrta án axlasmeyga, svart bindi, svartir sokkar, einkennisbuxur 2 og skór samkvæmt ákvörðun skólastjóra.
- 4.3** Lögregluskóli ríkisins ber kostnað af fatnaði lögreglunema á fyrri önn grunnnáms sem þeim er úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.
- 4.4** Fatnaður lögreglunema í starfsþjálfun og á síðari önn grunnnáms skal vera almennur einkennisklæðnaður lögreglumanna.
- 4.5** Skólastjóra er heimilt að ákveða að við störf í skólanum noti lögreglunemar annan nauðsynlegan fatnað, svo sem dökka inniskó, íþróttafatnað, strokk, derhúfu og samfesting. Þessi fatnaður má vera merktur skólanum.
- 4.6** Ef lögreglunemi hættir námi eða nær ekki tilskildum árangri á prófum námsannar, ber honum að skila þeim fatnaði og búnaði sem hann hefur fengið úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.
- 4.7** Lögreglunemum er einungis heimilt að nota fatnað þann og búnað sem þeir hafa fengið úthlutað samkvæmt reglugerð þessari við nám í Lögregluskóla ríkisins og við lögreglustörf ef því er að skipta.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. kafla reglugerðarinnar:

- a. Heiti 5. kafla verður: Annar einkennisfatnaður og búnaður lögreglunnar.
- b. Við tölulið 5.10 bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Við sérstök störf er lögreglumönnum heimilt að klæðast bláum samfestingi með lögreglumerkjum á báðum ermum, endurskinsborða á ermum og skálmum og orðið Lögreglan á baki. Sprotar skulu vera á samfestingi sem á eru dregnir smeygar með stöðueinkennum en önnur stöðueinkenni eða lögreglumerki eru ekki á samfestingi.
- c. Töluliður 5.12 orðast svo:
5.12 Kylfa. Allir lögreglumenn, sem til þess hafa hlotið þjálfun, skulu bera á sér kylfu við störf. Óheimilt er að nota kylfur af annarri gerð en þeirri sem ríkislögreglustjóri hefur samþykkt.
- d. Töluliður 5.13 orðast svo:
5.13 Handjárn. Allir lögreglumenn skulu bera á sér handjárn við störf. Óheimilt er að nota aðra gerð handjárna en þá sem ríkislögreglustjóri hefur samþykkt.
- e. Töluliður 5.15 orðast svo:
5.15 Öllum búnaði samkvæmt töluliðum 5.12 til 5.14 skal lögreglumaður skila til viðkomandi lögreglustjóra við starfslok eða ef lögreglumaður tekur launalaust leyfi. Flytjist lögreglumaður milli lögregluumdæma skal hann hafa með sér búnað sinn samkvæmt framangreindum töluliðum.
- f. Töluliður 5.16 orðast svo:
5.16 Notkun tækjabeltis. Tækjabelti með tilheyrandi búnaði er notað með einkennisbúningum 2 og 3 en ekki með einkennisbúningi 1. Heimilt er að nota tækjabelti utan um jakka 3 og samfestinga.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. kafla reglugerðarinnar:

- a. Heiti 6. kafla verður: Klæðaburður lögreglunnar.
b. Töluliður 6.1 orðast svo:

6.1 Klæðnaður almennt. Lögreglumenn skulu klæðast einkennisbúningi 2 eða 3 og nota einkennishúfu 2 eða 3 við dagleg störf, samkvæmt reglugerð þessari. Með einkennisbúningi 2 og 3 skal alltaf nota fölbláa einkennisskyrtu, sbr. tölulið 1.6. Heimilt er að nota einkennisbuxur 1 með einkennisjökkum 2 og 3 en óheimilt er að nota einkennisbuxur 2 eða 3 með einkennisjakka 1.

Lögreglumönnum er heimilt að vera án einkennisjakka og húfu við dagleg störf innan lögreglustöðvar og í lögreglubifreiðum. Jafnframt er lögreglumönnum heimilt að vera án einkennisjakka við dagleg störf utandyra á góðviðrisdögum.

- c. Töluliður 6.3 orðast svo:

6.3 Einkennishúfur. Einkennisklæddur lögreglumaður skal bera einkennishúfu á almannafæri. Einkennishúfa 1 skal borin með jakka 1 og regnfrakka. Aðstoðaryfirlögregluþjónum og hærra settum er heimilt að bera einkennishúfu 1 með öllum einkennisfatnaði.

- d. Töluliður 6.4 orðast svo:

6.4. Klæðaburður ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra í Reykjavík, skólastjóra Lögregluskóla ríkisins og varalögreglustjóra í Reykjavík. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjóri í Reykjavík, varalögreglustjóri í Reykjavík og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins skulu klæðast einkennisbúningi við dagleg störf, sbr. tölulið 6.1.

Ríkislögreglustjóri getur þó heimilað ofangreindum embættismönnum að vera óeinkennisklæddir við dagleg störf í sérstökum tilvikum.

Öðrum lögreglustjórum en þeim sem taldir eru í 1. mgr. og staðgenglum þeirra er ekki skylt að klæðast einkennisbúningi við dagleg störf en þeir skulu að jafnaði klæðast einkennisbúningi við opinber eða hátíðleg tækifæri, sérstakar móttökur o.þ.h.

- e. Töluliður 6.5 orðast svo:

6.5 Óeinkennisklæddir lögreglumenn. Lögreglustjóri getur heimilað lögreglumönnum að starfa óeinkennisklæddir við sérstök lögregluverkefni. Við slík störf er lögreglumönnum heimilt að einkenna sig með því að klæðast húfu 2 og/eða endurskinsvestum.

Lögreglustjóri getur heimilað yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjónum að vera óeinkennisklæddir við störf að sérstökum verkefnum.

Ríkislögreglustjóri getur sett nánari fyrirmæli um til hvaða verkefna heimildir lögreglustjóra ná, samkvæmt þessari grein.

- f. Nýr töluliður 6.8 bætist við svohljóðandi:

6.8 Ríkislögreglustjóri getur sett nánari fyrirmæli um notkun einkennisklæðnaðar lögreglumanna, lögreglustjóra og skólastjóra lögregluskólans.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. kafla reglugerðarinnar:

- a. Töluliður 8.7 orðast svo:

8.7 Merki Lögregluskóla ríkisins. Merki Lögregluskóla ríkisins skal vera eins og armmerkið (8.6) að lögun og gerð en til viðbótar að neðan, milli hringjanna, skal vera ísaumað með gylltum þræði Lögregluskólinn í sömu leturgerð og stærð.

Lögreglumenn sem starfa við Lögregluskóla ríkisins og lögreglunemar í starfsþjálfun og á síðari önn skólans skulu bera einkenni eins og aðrir lögreglumenn í lögreglu ríkisins

samkvæmt þessari reglugerð. Armmerki Lögregluskóla ríkisins verður ekki notað á einkennisfatnað þeirra. Ef þeir fá annan fatnað getur hann haft merki skólans eftir ákvörðun skólastjóra.

b. Nýr töluliður bætist við kaflann svohljóðandi

8.8 Merki Sameinuðu þjóðanna. Íslenskum lögreglumönnum sem starfa í alþjóðlegum lögreglusveitum Sameinuðu þjóðanna er heimilt að nota við slík störf einkennisbúninga íslensku lögreglunnar. Heimilt er að merkja slíka einkennisbúninga með merkjum Sameinuðu þjóðanna. Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um þessar merkingar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. kafla reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. töluliðar 9.1 orðast svo:

9.1 Lögreglunúmer. Allir lögreglumenn skulu bera fjögurra stafa númer í einkennisbúningi sínum, öðrum en búningi 1. Ríkislögreglustjóri annast úthlutun lögreglunúmera og haldast þau óbreytt meðan lögreglumenn eru í starfi.

b. 4. til 6. másl. 3. mgr. töluliðar 9.1 orðast svo: Lögreglunúmer á einkennisskyrtum skal staðsett ofan við vinstri brjóstvasa og fyrir miðju hans. Lögreglunúmer á jakka 2 og 3 skal staðsett efst á miðju vasaloki vinstri brjóstvasa. Lögreglunúmer er ekki notað á jakka 1.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. kafla reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. töluliðar 11.1 orðast svo:

11.1 Ríkislögreglustjóri. Axlasprotar á jakka 1 og smeygar á öðrum fatnaði skulu vera gylltir. Á hvorum sprota/smeyg skulu vera fjögur lögreglumerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera fjórir borðar, 20 mm breiðir. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldarmerki.

b. 1. mgr. töluliðar 11.2 orðast svo:

11.2 Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins. Axlasprotar á jakka 1 og smeygar á öðrum fatnaði skulu vera gylltir. Á hvorum sprota/smeyg skulu vera þrjú lögreglumerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera þrír borðar, 20 mm breiðir. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldarmerki.

c. 1. mgr. töluliðar 11.3 orðast svo:

11.3 Varalögreglustjóri í Reykjavík. Axlasprotar á jakka 1 og smeygar á öðrum fatnaði skulu vera gylltir. Á hvorum sprota/smeyg skulu vera tvö lögreglumerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skulu vera tveir borðar, 20 mm breiðir. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldarmerki.

d. Nýr töluliður 11.4 bætist við svohljóðandi, og breytist röð liða samkvæmt því:

11.4 Löglerður fulltrúi sem er staðgengill lögreglustjóra. Axlasprotar á jakka 1 og smeygar á öðrum fatnaði skulu vera gylltir. Á hvorum sprota/smeyg skal vera eitt lögreglumerki. Á hvorri jakkaermi, ofan við ermahnappa, skal vera einn borði, 20 mm breiður. Á hvoru kragahorni á jakka 1 skal vera gyllt skjaldarmerki.

Á einkennishúfu 1 og 2 skal vera gyllt ól, 14 mm breið. Ofan á skygginnu, meðfram brún þess, skulu vera ísaumaðir tveir gylltir laufborðar, hvor um sig, 13,5x2 sm, sem koma saman á miðju skyggni.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. kafla reglugerðarinnar:

- a. Við töluð 13.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi: Öllum lögreglumönnum sem skipaðir eru til starfa samkvæmt 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er skylt að eiga tiltækan einkennisfatnað 1, 2 og 3.
- b. Við töluð 13.2 bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um úthlutun einkennisfatnaðar og annan búnað til lögreglunema.
- c. Töluð 13.3 orðast svo:
13.3 Héraðslögreglumenn. Héraðslögreglumenn fá afhentan einn jakka 2 og einar buxur 2, eina húfu 2, tvær skyrtur og eitt hálsbindi. Annan fatnað, þar með talið skófatað og endurnýjun fatnaðar fá þeir eftir ákvörðun viðkomandi lögreglustjóra.
- d. Töluð 13.5 orðast svo:
13.5 Meðaltalsúthlutun til lögreglumanna. Með samþykki ríkislögreglustjóra er lögreglustjórum heimilt í stað reglubundinnar úthlutunar einkennisfatnaðar samkvæmt töluð 14.1 að úthluta lögreglumönnum við sérstakar aðstæður almennri fatabeiðni. Ríkislögreglustjóri mælir nánar fyrir um fjárhæð slíkrar úthlutunar.
- e. 1. mgr. töluð 13.6 orðast svo:
13.6 Lögreglumaður á bifhjóli lögreglunnar. Þegar lögreglumenn hefja störf á bifhjólum lögreglunnar skal þeim úthlutað eftirtöldum fatnaði: Leðurjakka og leðurbuxum eða jakka og buxum úr sérstöku viðurkenndu efni til hlífðar öllum öðrum bifhjólum, öryggishjálmi, leðurhönskum, leðurstígvélum eða sérstökum bifhjólaskóm og hvítu leðurbelti.

10. gr.

16. kafli reglugerðarinnar fellur niður.

11. gr.

Heiti reglugerðarinnar verður: Reglugerð um einkennisbúninga, merki og búnað lögreglunnar.

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

13. gr.

Við 18. kafla bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Ákvæði töluða 6.1. og 13.1. koma að fullu til framkvæmda 1. mars 2000 hvað varðar lögreglumenn.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Björg Thorarensen.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 589/1994.

1. gr.

Á eftir 11. tölulið í X. viðauka komi nýr töluliður sem orðist svo:

- 12) CTR 2: (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 96/71/EB): um aðgang að pakka-
skiptum almennum gagnanetum (PSPDN) með X.25-silkiflötum samkvæmt CCITT-
tilmælum.

Samhæfði staðallinn er:
NET 2 - önnur útgáfa 1994,
9. og 10. þáttur frátaldir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 og með
hliðsjón af ofangreindum ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB, staðfestist hér með til að
öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. september 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

7. október 1998

Nr. 605

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 281/1995 um ferðaskrifstofur.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 281, 5. maí 1995, um ferða-
skrifstofur.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með
síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 7. október 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um svæðisráð málefna fatlaðra.

I. KAFLI

Skipun í svæðisráð.

1. gr.

Á hverju starfssvæði málefna fatlaðra skal starfa svæðisráð.

Svæðisráð er sjö manna ráð skipað af félagsmálaráðherra til fjögurra ára í senn.

Svæðisráð skal skipað á eftirfarandi hátt:

1. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna sinn aðilann hvor.
2. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af samtökum sveitarfélaga á hlutaðeigandi svæði og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu.
3. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar.
4. Auk fulltrúa skv. tilnefningu, sbr., 1.-3. tölul. skal héraðslæknir eiga sæti í ráðinu. Varamenn, sbr., 1.-3. tölul. skulu tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Varamaður skv. 4. tölul. skal vera staðgengill héraðslæknis. Svæðisráð kýs sér sjálft formann.

II. KAFLI

Stjórnsýsluleg staða svæðisráðs.

2. gr.

Svæðisráð er sjálfstætt fjölskipað ráð.

Svæðisráð hefur eftirlit með því að á vegum svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, svo og sveitarfélaga, sé fötludum veitt sú þjónusta sem samræmist markmiði laga um málefni fatlaðra. Sama á við um þjónustu á vegum félagasamtaka fatlaðra og sjálfseignarstofnana sem vinna að málefnum fatlaðra.

Um verkefni svæðisráðs vísast að öðru leyti til III. kafla reglugerðar þessarar.

3. gr.

Svæðisráð hefur samvinnu við svæðisskrifstofu eftir því sem við á eðli máls samkvæmt.

III. KAFLI

Hlutverk svæðisráðs.

4. gr.

Tillögur og umsagnir.

1. Svæðisráð gerir tillögur um þjónustu á svæðinu. Sömuleiðis fjallar það um tillögur svæðisskrifstofu um nýja og breytta þjónustu, m.a. í tengslum við fjárlagagerð og veitir félagsmálaráðuneyti umsögn um þær.

2. Svæðisráð fjallar um svæðisáætlanir svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og veitir umsögn um þær til svæðisskrifstofu og félagsmálaráðuneytis.

3. Svæðisráð skal stuðla að samræmingu á þjónustu allra þeirra aðila sem hafa á sinni könnu framkvæmd þjónustu við fatlaða á svæðinu og skal koma á framfæri ábendingum til viðkomandi aðila, svo og félagsmálaráðuneytis, eftir því sem ástæða þykir til.

4. Svæðisráð veitir svæðisskrifstofu umsögn um það hvernig staðið skuli að ráðstöfun þess fjármagns sem ætlað er til frekari liðveislu samkvæmt heimildum fjárlaga hverju sinni.

5. gr.

Eftirlit.

Svæðisráð skal hafa eftirlit með því að þjónusta, starfsemi og rekstur stofnana fatlaðra séu í samræmi við markmið laganna. Annars vegar er um að ræða faglegt eftirlit og hins vegar fjárhagslegt eftirlit.

Faglegu eftirliti skal m.a. fylgt eftir með því að safna saman skýrslum um framkvæmd þjónustu fatlaðra, svo og um markmið hennar, frá viðkomandi aðilum. Þ.e. svæðisskrifstofu, sveitarfélögum, félögum fatlaðra og sjálfseignarstofnunum. Jafnframt getur eftirlitið verið fólgið í heimsóknum á vettvang og viðtölum við neytendur þjónustunnar.

Fjárhagslegt eftirlit getur verið framkvæmt með þeim hætti að svæðisráð óskar eftir upplýsingum um fjárreiður stofnana eða annarra framkvæmdaraðila þjónustu. Þá geta svæðisráð óskað eftir því að sjálfseignarstofnanir og stofnanir á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka skili ársreikningi sbr. 53. gr. laga um málefni fatlaðra. Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu sendar félagsmálaráðuneyti.

6. gr.

Samningur við sveitarfélög.

Svæðisráð, í samvinnu við svæðisskrifstofu, beitir sér fyrir því við sveitarfélög á svæðinu að þau taki á sig aukna ábyrgð á málefnum fatlaðra og undirbýr könnunarviðræður við sveitarstjórnir að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti. Komi í ljós vilji sveitarstjórnarmanna á viðfangsefninu getur svæðisráð óskað eftir því við félagsmálaráðuneyti að hafnar verði formlegar viðræður við hlutaðeigandi sveitarfélög. Skal þá félagsmálaráðuneyti, í samstarfi við svæðisráð og svæðisskrifstofu, hefja könnunarviðræður við sveitarfélögin.

7. gr.

Ágreiningur varðandi umsókn um þjónustu eða búsetu.

Svæðisráð skal fjalla um þann ágreining sem kann að koma upp varðandi umsóknir um þjónustu á þjónustustofnun, sbr. 1.-3. tölul. 9. gr. laga um málefni fatlaðra, svo og um búsetu skv. 2.-6. tölul. 10. gr. laganna. Takist ekki sættir skal svæðisráð vísa málinu til úrlausnar félagsmálaráðuneytis.

IV. KAFLI

Réttindagæsla fatlaðra.

8. gr.

Almenn réttindagæsla.

Svæðisráð annast almenna réttindagæslu, sbr. 36. gr. laga um málefni fatlaðra.

Með almennri réttindagæslu er átt við eftirlit með því að fatlaðir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á bæði almenna þjónustu, svo og sértæka þjónustu sem ætluð er fötluðum eingöngu.

Svæðisráð skal fjalla um kvartanir og ábendingar sem berast því skriflega. Telji svæðisráð að umkvörtun eigi við rök að styðjast skal það beina þeim tilmælum til viðkomandi aðila að leita leiðréttingar. Beri sú málaleitan ekki árangur skal mál sent til úrlausnar hlutaðeigandi stjórnvalds.

Svæðisráð skulu sérstaklega huga að stöðu fatlaðra einstaklinga sem eru sviptir lögræði og fylgjast með því að skipaður sé lögráðamaður.

Telji svæðisráð að gengið sé á réttindi fatlaðs einstaklings við veitingu starfs getur svæðisráðið krafðið veitingarvaldhafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

9. gr.

Sérstök réttindagæsla.

Svæðisráð annast sérstaka réttindagæslu, sbr. 37. gr. laga um málefni fatlaðra. Með sérstakri réttindagæslu er átt við meðferð svæðisráða á kvörtunum og ábendingum, sem því berast frá trúnaðarmönnum fatlaðra og fötluðum einstaklingum er búa á sambýlum, vistheimilum fyrir börn og áfangastöðum, sbr. 3.-6. tölul. 10. gr. laga um málefni fatlaðra. Um meðferð slíkra erinda fer eftir því sem segir í V. kafla þessarar reglugerðar.

10. gr.

Trúnaðarmaður fatlaðra.

Hvert svæðisráð skal skipa trúnaðarmann fatlaðra á sínu svæði sem sér um réttindagæslu fatlaðra, sbr. 2. mgr. Leitast skal við að ráða mann með þekkingu á málefnum fatlaðra. Trúnaðarmaður skal ráðinn gegn ákveðinni heildargreiðslu. Skal gerður við hann sérstakur starfssamningur þar sem kveðið er á um þær kröfur sem til hans eru gerðar.

Trúnaðarmaður fatlaðra skal gæta hags þeirra fötluðu sem búa á sambýlum, vistheimilum fyrir börn og áfangastöðum, sbr. 3.-6. tölul. 10. gr. laga um málefni fatlaðra. Hann skal fylgjast með högum fatlaðra á framangreindum heimilum fatlaðra að eigin frumkvæði. Skal hann í því skyni heimsækja heimili fatlaðra reglubundið og kynna sér hagi hinna fötluðu á sviði einkalífs og fjármuna. Forstöðumaður og aðrir starfsmenn skulu veita trúnaðarmanni liðsinni við öflun upplýsinga.

Telji fatlaður einstaklingur að hagar hans sé fyrir borð borinn getur hann upplýst trúnaðarmann um það og skal trúnaðarmaður þegar í stað kanna málið með viðeigandi hætti.

Telji aðstandendur fatlaðra, hagsmunasamtök eða aðrir sem láta sig hag hins fatlaða varða, að réttur fatlaða sé ekki virtur skal tilkynna trúnaðarmanni það sem kannar málið tafarlaust, sbr. 3. mgr.

Trúnaðarmaður skal kynna svæðisráði reglulega störf sín og þau mál sem til hans hafa borist, svo og afgreiðslu þeirra.

Heimilt er svæðisráði í sérstökum tilfellum að fela trúnaðarmanni önnur verkefni er varða réttindagæslu einstaklinga, enda rúmist þau innan heildargreiðslu skv. 1. mgr. og skerði á engan hátt þá þjónustu sem trúnaðarmanni ber að veita fötluðum á heimilum og stofnunum samkvæmt grein þessari.

Trúnaðarmaður skal auglýsa aðsetur sitt og símanúmer með rækilegum hætti á svæðinu.

V. KAFLI

Meðferð kvartana og ábendinga.

11. gr.

Aðild.

Hafi trúnaðarmanni verið gert kunnugt um aðstæður fatlaðs einstaklings sbr. 3. mgr. og 4. mgr. 10. gr. metur trúnaðarmaður að könnun lokinni hvort málið skuli lagt fyrir svæðisráð. Einnig getur viðkomandi einstaklingur sjálfur eða forráðamaður hans lagt mál fyrir svæðisráð.

Hagsmunasamtök eða aðrir sem láta sig hag hins fatlaða varða geta borið fram kvörtun eða ábendingu við svæðisráð ef talið er að réttur hins fatlaða hafi ekki verið virtur samkvæmt lögum um málefni fatlaðra sem og öðrum lögum eftir því sem við á.

12. gr.

Tilkynning um meðferð máls.

Nú ákveður svæðisráð að taka til meðferðar kvörtun eða ábendingu skv. 11. gr. og skal þá skýra forstöðumanni viðkomandi þjónustustofnunar eða heimilis fyrir fatlaða frá efni kvörtunar eða ábendingar nema hætta sé á að rannsókn kunni að torveldast af þeim sökum.

Áður en svæðisráð tekur ákvörðun um meðferð máls eftir kvörtun eða ábendingu skv. 2. mgr. 11. gr. skal svæðisráð leitast við að kanna viðhorf hins fatlaða og forráðamanns hans til málsins.

13. gr.

Rannsókn og málshraði.

Svæðisráð skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst og að ekki verði óþarflegur dráttur á meðferð máls.

Svæðisráð getur krafðið forstöðumenn viðkomandi þjónustustofnunar eða heimilis um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til úrlausnar máls. Ef um er að ræða persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni hins fatlaða skal leitað eftir samþykki hans sbr. 2. mgr. 37. gr. laga um málefni fatlaðra.

Jafnan skal gefa forstöðumanni þjónustustofnunar eða heimilis, sem kvörtun eða ábending beinist að, kost á að skýra málið fyrir svæðisráði áður en það lýkur málinu með álitsgerð skv. b-lið 2. mgr. 15. gr.

Beinist kvörtun eða ábending að athöfn eða athafnaleysi tiltekins starfsmanns skal leita eftir skýringum hans, áður en svæðisráð lýkur meðferð málsins.

14. gr.

Þagnarskylda.

Fulltrúum svæðisráðs ber að gæta þagnarskyldu um þau atvik sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

15. gr.

Lyktir máls.

Telji svæðisráð þegar í upphafi að kvörtun eða ábending gefi ekki nægilegt tilefni til nánari athugunar skal það tilkynnt hlutaðeigandi og er málinu þá lokið.

Hafi svæðisráð tekið mál til meðferðar geta lyktir þess orðið:

- a. Það getur látið málið niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu forstöðumanns viðkomandi þjónustustofnunar eða heimilis.
- b. Það getur látið í ljós álit á því hvort athöfn eða athafnaleysi starfsmanna tiltekinnar þjónustustofnunar eða heimilis brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn góðum starfsháttum. Sæti athafnir þjónustustofnunar eða heimilis aðfinnslum eða gagnrýni svæðisráðs getur það jafnframt beint tilmælum til stofnunar eða heimilis um úrbætur.
- c. Telji það að um sé að ræða brot í starfi sem varðar viðurlögum samkvæmt lögum skal það gera viðeigandi yfirvöldum viðvart.

Beri málaleitan svæðisráðs ekki árangur skal málið sent til úrlausnar hlutaðeigandi stjórnvalds.

VI. KAFLI

Starfshættir svæðisráðs.

16. gr.

Svæðisráð hefur í störfum sínum, sbr. III. og IV. kafla, samvinnu við svæðisskrifstofu og fær þaðan þá aðstoð við skrifstofuhald sem það þarf á að halda. Þetta á þó ekki við í þeim tilvikum þar sem slík samvinna getur ekki átt sér stað eðli máls samkvæmt, sbr. eftirlit svæðisráðs með þjónustu á vegum svæðisskrifstofu og stofnana á vegum hennar, svo og réttindagæslu svæðisráðs.

Svæðisskrifstofa veitir svæðisráði fundaaðstöðu sé þess óskað.

Fundargerðir eru tvenns konar. Annars vegar fundargerðir almenns eðlis, þ.e. opinber skjöl, sem veittur skal aðgangur að samkvæmt almennum stjórnsýslureglum. Hins vegar fundargerðir um málefni einstaklinga sem færðar skulu í sérstaka trúnaðarbók.

Aðgangur að síðarnefndum fundargerðum er utanaðkomandi aðilum óheimill nema með samþykki viðkomandi einstaklings eða málsvara hans.

VII. KAFLI

Fjármál svæðisráða.

17. gr.

Svæðisráð fær úthlutað ákveðinni fjárhæð á fjárlögum hvers árs til útgjalda vegna þóknunar til fulltrúa í svæðisráði annars vegar og útlagðs kostnaðar hins vegar. Svæðisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun fjárens. Fjárhæðin skal vistuð hjá svæðisskrifstofu undir sérstöku fjárlaganúmeri og annast hún útgreiðslur. Útgreiðslur eru því aðeins heimilar að fyrir liggja fyrirsmæli og samþykki formanns svæðisráðs.

Félagsmálaráðherra ákveður laun vegna starfa í svæðisráði.

18. gr.

Félagsmálaráðuneyti skal, að fengnum tillögum svæðisráðs, áætla útgjöld vegna starfa trúnaðarmanna fatlaðra, sem ráðnir eru af svæðisráði skv. 7. gr. og staðfesta ráðningarsamning þeirra.

19. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 142/1993 um svæðisráð málefna fatlaðra.

Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 1998.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 342, 19. júní 1998, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 1998/1999.

1. gr.

Í stað: „7 færeysk skip“ í 2. mgr. 5. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 405, 13. júlí 1998, komi: 8 færeysk skip.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 1998

22. október 1998

1913

Nr. 608

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 148, 5. mars 1998,
um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

1. gr.

A-liður 2. gr. breytist og orðist svo: Frá og með 1. febrúar til og með 31. maí og frá og með 15. september til og með 30. nóvember milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Selvogsvita og Reykjanesvita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 26. október 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 1998

Nr. 609

1914

8. október 1998

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Jarðasjóð Vestur - Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jarðasjóður Vestur-Húnavatnssýslu. Hann er eign sýslunnar. Heimili og varnarþing er í Vestur-Húnavatnssýslu. Um ráðstöfun á eignum og tekjum sjóðsins fer eftir því, sem fyrir er mælt í skipulagsskrá þessari.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 10. janúar 1940 af Skúla Guðmundssyni, kaupfélagsstjóra á Hvammstanga, til minningar um foreldra hans:

Guðrúnu Einarsdóttur og Guðmund Sigurðsson.

Guðrún (Magðalena Guðrún) er fædd að Tannstaðabakka í Hrótafirði 13. júlí 1868, dóttir hjónanna Guðrúnar Jónsdóttur og Einars, bónda og gullsmiðs, Skúlasonar. Guðmundur er fæddur að Urðarbaki í Vesturhópi 26. mars 1875, sonur hjónanna Ólafar Guðmundsdóttur og Sigurðar Jónssonar, er þar bjuggu þá, en fluttust 8 árum síðar að Svertingsstöðum í Miðfirði. Þau Guðrún og Guðmundur giftust að Tannstaðabakka 20. júní 1898 og hófu búskap á Svertingsstöðum, en fluttust vorið 1915 til Hvammstanga, þar sem Guðmundur var kaupfélagsstjóri til ársloka 1922. Guðmundur andaðist á Landakotsspítala í Reykjavík 14. janúar 1923, en Guðrún að Staðarbakka í Miðfirði 11. október 1929.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er jörðin Syðri-Velli í Kirkjuhvammshreppi, með öllum húsum og mannvirkjum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

Eftirgjald eftir jörðina Syðri-Velli.

Eftirgjald eftir aðrar jarðir sem sjóðurinn kann að eignast.

Vextir, verðbætur og annar hagnaður af sjóði.

Önnur framlög.

5. gr.

Eignir sjóðsins, aðrar en fasteignir, skulu ávaxtaðar hjá Sparisjóði Vestur-Húnavatnssýslu eða annarri tryggri peningastofnun að mati sjóðstjórnar.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a. Kaupa jarðir í Vestur-Húnavatnssýslu, sem boðnar eru til sölu, á sem hagstæðustu verði, að mati sjóðstjórnar, enda liggi jarðirnar ekki undir skemmdum af völdum náttúru, séu þannig í sveit settar að sjóðstjórn telji eigi hættu á að þær leggist í eyði og engar aðrar

sérstakar ástæður mæli gegn kaupunum. Jarðir þær sem sjóðurinn kann að kaupa skulu byggðar í samræmi við ákvæði Ábúðarlaga.

- b. Verja eða veita peningum til sérstakra verkefna, sem lúta að framförum búnaðarmála eða sem styrkir landbúnað í Vestur-Húnavatnssýslu.

Sjóðstjórn skal gæta þess að ávallt sé til í sjóðnum, í formi peninga, ríkistryggðra verðbréfa, fasteigna eða á annan trygган hátt jafnvirði upphaflegs uppfærðs stofnfjár sjóðsins.

Sjóðstjórn skal heimilt að veðsetja eða selja eignir sjóðsins, þ.m.t. jörðina Syðri-Velli, þegar og ef hún telur nauðsynlegt til að ná sem best fram tilgangi og markmiðum sjóðsins, allt að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og með samþykki dómsmálaráðherra.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, til þriggja ára í senn. Einn kosinn á aðalfundi Kaupfélags Vestur-Húnavetninga, annar kosinn af Búnaðarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu og sá þriðji tilnefndur af héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, á meðan hún starfar, en síðan af hinu nýja sameinaða sveitarfélagi í sýslunni, frá og með 1.júní 1998. Hætti annað tveggja fyrst greindu félaga starfsemi, skal hið nýja sveitarfélag kjósa mann í stjórnina. Komi síðar samvinnufélag eða samband búnaðarfélaga í sveitinni, í stað þess sem kynni að hætta starfsemi, skulu þau hljóta fyrrgreindan rétt til að kjósa fulltrúa í stjórn. Stjórn sjóðsins hefir umsjón með eignum hans, semur um leigu á jarðeignum þegar þær losna úr ábúð og gefur út byggingarbréf. Hún varðveitir skjöl sjóðsins, innlánsbækur og önnur verðmæti, og annast reikningsbókhald hans.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af sömu aðilum og endurskoða reikninga sveitarfélagsins. Reikningsár skal vera almanaksárið. Reikningar skulu birtir með reikningum hins sameinaða sveitarfélags.

9. gr.

Ekki verða gerðar breytingar á skipulagsskrá nema með samþykki stjórnar og að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og með samþykki dómsmálaráðherra. Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið til framfaramála í landbúnaði í sýslunni, samkvæmt tillögu stjórnar, en að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og með samþykki dómsmálaráðherra.

Að öðru leyti gilda um sjóðinn ákvæði laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Jarðasjóð Vestur-Húnavatnssýslu, sem staðfest var 8. apríl 1940 og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 73, 8. apríl 1940.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. október 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Almennan lífeyrissjóð VÍB.

1. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn sjóðs og heimili.

Heiti sjóðsins er Almennur lífeyrissjóður VÍB, skammstafað ALVÍB. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau til þess að tryggja sjóðfélögum og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt þeim reglum sem hér fara á eftir. Hlutverk sjóðsins er að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri og lágmarkstryggingavernd skv. lögum nr. 127/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Auk þess geta einstakir sjóðfélagar greitt í ALVÍB og áunnið sér viðbótartryggingavernd vegna ellilífeyris til æviloka, örökulífeyris og maka- og barnalífeyris við fráfall sjóðfélaga.

3. gr.

Aðild.

Félagar í sjóðnum geta orðið allir einstaklingar sem leggja stund á sjálfstæða starfsemi eða er ekki skylt, lögum samkvæmt, að vera í öðrum lífeyrissjóðum. Jafnframt geta einstaklingar, sem skylt er, lögum samkvæmt, að greiða í aðra lífeyrissjóði, greitt viðbótariðgjöld í sjóðinn. Þeir, sem vilja gerast sjóðfélagar, skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntökubeiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins. Þeir, sem eiga inneign í sjóðnum, teljast sjóðfélagar.

4. gr.

Iðgjöld.

Framlag sjóðfélaga í sjóðinn er frjálst, en takmarkast þó af gildandi lögum um lágmarks-greiðslur í lífeyrissjóð á hverjum tíma. Lífeyrissjóðsiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarks- og/eða viðbótartryggingaverndar.

Gerist maður sjóðfélagi í þessum sjóði, sem verið hefur sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.

5. gr.

Lágmarkstryggingavernd.

Sjóðfélagar geta tryggt sér lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum nr. 127/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með greiðslum í tryggingadeild ALVÍB. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar skal vera eins og fram kemur í töflu 1.

Ef sjóðfélagar taka ekkert annað fram skal miðað við að tryggingadeild ALVÍB tryggi þeim ellilífeyri frá 70 ára aldri til æviloka, annars geta þeir valið að afla hluta af lágmarkstryggingavernd í séreignarsjóði ALVÍB og breytist þá iðgjald til lágmarkstryggingaverndar skv. eftirfarandi reglum:

1. Lífeyrissparnaður fer fram í séreignarsjóði en í starfslok verður sjóðfélagi að verja hluta af inneign til þess að tryggja lífeyrisgreiðslur til æviloka. Miðað skal við að sjóðfélagi tryggi sér, með eingreiðslu úr séreignarsjóði, sambærilegar lífeyrisgreiðslur til æviloka frá 70, 75, 80 eða 85 ára aldri og ef hann hefði safnað upp ellilífeyrisréttindum í tryggingadeildinni. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar kemur fram í töflu 1.
2. Ellilífeyrir er greiddur úr séreignarsjóði á aldrinum 70-74 ára og úr tryggingadeild frá 75 ára aldri til æviloka. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar og skipting þess á milli tryggingadeildar og séreignarsjóðs kemur fram í töflu 1.
3. Ellilífeyrir er greiddur úr séreignarsjóði á aldrinum 70-79 ára og úr tryggingadeild frá 80 ára aldri til æviloka. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar og skipting þess á milli tryggingadeildar og séreignarsjóðs kemur fram í töflu 1.
4. Ellilífeyrir er greiddur úr séreignarsjóði á aldrinum 70-84 ára og úr tryggingadeild frá 85 ára aldri til æviloka. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar og skipting þess á milli tryggingadeildar og séreignarsjóðs kemur fram í töflu 1.

Ef sjóðfélagi ákveður að afla hluta af lágmarkstryggingavernd í séreignarsjóði er sá hluti séreignarinnar bundinn fram yfir 70 ára aldur og skal miðað við að séreignarsjóður ALVÍB tryggi sambærilegar lífeyrisgreiðslur á aldrinum 70-74 ára, 70-79 ára eða 70-84 ára og sjóðfélaginn fær í lágmarksellilífeyri úr tryggingadeild. Í töflu 6 eru stuðlar til að reikna þann hluta af séreignarsjóði sem er bundinn fram yfir 70 ára aldur.

2. KAFLI

Stjórn, ársfundir og fjárfestingarheimildir.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, þremur skipuðum af stjórn VÍB og tveimur kjörnum á ársfundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn.

Einn varamaður skal tilnefndur af stjórn VÍB og annar kjörinn á ársfundi sjóðfélaga. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, lögráða og fjár síns ráðandi.

Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður kveður til stjórnarfundar og skal fund halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það, sem gerist á stjórnarfundum, skal haldin gerðabók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.

Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd sjóðsins og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, sbr. 25. gr.

Stjórn ALVÍB hefur heimild til að bjóða fulltrúum hópa sjóðfélaga að sitja stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Ársreikningur og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur VÍB, sbr. 25. gr. skulu jafnframt vera aðalendurskoðendur sjóðsins. Að auki skal almennur fundur sjóðfélaga kjósa tvo endurskoðendur sjóðsins til þriggja ára í senn og skal a.m.k. annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi, óháður endurskoðendum VÍB.

Stjórnin semur ársreikning fyrir lok marsmánaðar næsta árs eftir reikningsárið og leggur þá fyrir endurskoðendur sjóðsins er ljúka skulu athugun hans fyrir lok næsta mánaðar. Skal ársreikningur liggja frammi á skrifstofu VÍB til athugunar fyrir sjóðfélaga. Ársreikningur skal einnig sendur bankaeftirliti Seðlabankans til athugunar.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, svo og samkvæmt reglum er kunna að verða settar um ársreikning lifeyrissjóða. Endurskoðendur skulu staðfesta með áritun á ársreikninginn að reikningurinn og bókhald sjóðsins, sem hann er byggður á sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, svo og að öll ráðstöfun á fé sjóðsins sé í samræmi við ákvæði þessara samþykktu. Jafnframt skal í áritun endurskoðenda felast staðfesting á því að allar þóknarir og launagreiðslur, svo og bótagreiðslur, er sjóðurinn hefur greitt, hafi verið réttilega gefnar upp til skattfirvalda.

8. gr.

Ársfundur.

Skylt er stjórn sjóðsins að boða til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári fyrir júnílok, sbr. 6. gr., svo og til breytinga á samþykktum þessum eða kynningar á högum og starfsemi sjóðsins þegar þess er óskað með skriflegri beiðni sjóðfélaga er ráða yfir 10% af heildarinnstæðum í sjóðnum við næstliðin áramót.

Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst 14 daga fyrirvara með bréfi eða á annan sannanlegan hátt. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

9. gr.

Breyting á samþykktum.

Samþykktum þessum má breyta á ársfundi með 2/3 greiddra atkvæða, enda hafi tillögur til breytinga á samþykktum fylgt fundarboði. Atkvæðisréttur sjóðfélaga telst eftir inneign þeirra við næstliðin áramót. Til breytingarinnar þarf jafnframt samþykki stjórnar VÍB.

10. gr.

Fjárfestingarheimildir.

Stjórn ALVÍB skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn ALVÍB skal ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánnum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og vixlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti bankaeftirlits.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteininum skal skipt á aðra tölulíði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
8. Í öðrum verðbréfum.
9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
10. Með gerð afleiða sem draga úr áhættu sjóðsins.

Verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.

Eignir ALVÍB skv. 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. 1. mgr. samanlagt skulu ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Samanlögð eign ALVÍB í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.

ALVÍB skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign ALVÍB til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.–6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

3. KAFLI Séreignarsjóður.

11. gr.

Séreignarsjóður.

Fé það, sem lagt er inn í séreignarsjóð í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum.

Stjórn ALVÍB er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum viðbótariðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsutryggingar hjá viðurkenndu líftryggingarfélagi.

Nettótekjur ALVÍB skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

12. gr.

Verðbréfasöfn.

Sjóðfélagar geta valið á milli þess að ávaxta inneign sína í þremur verðbréfasöfnum. Eignasamsetning verðbréfasafnanna tekur mið af aldri sjóðfélaga en eignum þeirra er raðað saman í hlutföllum sem talin eru henta fyrir mismunandi æviskeið. Verðbréfasöfnin eru:

Ævisafn I er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka nokkra áhættu og hentar vel fyrir sjóðfélaga á aldrinum 16–44 ára.

Ævisafn II er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka meðaláhættu og hentar vel fyrir sjóðfélaga á aldrinum 45–64 ára.

Ævisafn III er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka litla áhættu og hentar vel fyrir þá sem eru 65 ára og eldri.

Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum verðbréfasöfnum eða valið að ávaxta inneign sína í því verðbréfasafni sem tilheyrir aldri þeirra. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa án kostnaðar úr *Ævisafni I* í *Ævisafn II* á 45 ára afmælisdegi sínum og

síðan úr Ævisafni II í Ævisafn III á 65 ára afmælisdegi sínum. Þeir sem ekki velja sér verðbréfasafn greiða í Ævisafn II.

Jafnframt er stjórn ALVÍB heimilt að gera samning við einstaka sjóðfélaga um að ávaxta inneign þeirra í sérstökum verðbréfasöfnum með eignasamsetningu að þeirra vali.

Akvæði 10. gr. um fjárfestingarheimildir gilda fyrir hvert og eitt verðbréfasafn.

13. gr.

Endurgreiðsla inneignar.

Inneignir sjóðfélaga greiðast þannig:

Þegar sjóðfélagi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem réttihafa vantar upp á 67 ára aldur.

Þetta fyrirkomulag gildir þó ekki um þann hluta inneignar sjóðfélaga sem er hluti af lágmarkstryggingavernd hans sbr. 5. gr. Inneign í séreignardeild sem hluti af lágmarkstryggingavernd kemur til útborgunar 70 til 74 ára, 70 til 79 ára eða 70 til 84 ára.

Verði sjóðfélagi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

Deyi sjóðfélagi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

- Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát réttihafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum.
- Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar á 67 ára aldur við andlát réttihafa.
- Láti réttihafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbús sbr. 11. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um skilgreiningu á maka og börnum vísast til 16. og 17. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 127/1997.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum þessarar greinar ef innstæðan er svo lítil að árlegar greiðslur geta ekki náð eftirtöldum upphæðum:

- Til sjóðfélagans 125% þess árgjalds sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
- Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir a).
- Til hvers barns 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir a).

Í þeim tilvikum, sem talin eru undir staflíðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en sjö ár, en þó svo að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum sem þar eru taldar.

Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

Umsókn um endurgreiðslu inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg.

14. gr.

Skipting inneignar milli sjóðfélaga og maka.

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. a–c þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til lífeyris-

greiðslna, inneignar í séreignardeild og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:

- a) Að lífeyrisgreiðslur sem renna eiga til sjóðfélaga skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. ALVÍB skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsans, en þær falla niður við andlát hans.
- b) Sjóðfélagi getur ákveðið að inneign hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæða inneign fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og lækkar þá inneign sjóðfélagsans sem því nemur.
- c) Að iðgjald vegna sjóðfélaga í séreignardeild skuli allt að hálfu renna til að mynda séreignarreikning fyrir maka hans.

15. gr.

Flutningur inneignar.

Nú gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum sjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem starfsleyfi hefur, lögum samkvæmt, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir, og er stjórn sjóðsins þá heimilt að greiða alla inneign sjóðfélagsans í einu lagi. Það er skilyrði þess að greiða megi alla inneignina í einu lagi að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga samkvæmt þeim almennu reglum sem gilda um samskipti lífeyrissjóða.

Endurgreiðslufjárhæðin er inneign sjóðfélaga að frádregnum kostnaði sem nemur allt að einu prósentu af inneign viðkomandi sjóðfélaga. Sjóðfélagi getur flutt inneign sína yfir í annan lífeyrissjóð án kostnaðar áður en 36 mánuðir eru liðnir frá fyrstu innborgun.

16. gr.

Um framsöl og veðsetningu inneignar.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir í sjóðnum, hvort heldur er sem heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.

4. KAFLI

Tryggingadeild ALVÍB.

17. gr.

Um tryggingadeildina.

Tryggingadeild ALVÍB hefur það að markmiði að taka við lágmarksiðgjöldum sjóðfélaga og tryggja þeim lágmarkstryggingavernd skv. lögum nr. 127/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Auk þess geta einstakir sjóðfélagar greitt í tryggingadeildina og áunnið sér viðbótartryggingavernd vegna ellilífeyris til æviloka, örorkulífeyris og maka- og barnalífeyris við fráfall sjóðfélaga.

Tryggingadeild ALVÍB er heimilt að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, að hluta til eða öllu leyti, hjá váttryggingafélögum, sbr. lög um váttryggingastarfsemi. Jafnframt er honum heimilt að kaupa tiltekna tryggingavernd hjá váttryggingafélögum eða öðrum lífeyrissjóðum fyrir einstaka sjóðfélaga sína. Enn fremur er ALVÍB heimilt að hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar.

Tryggingadeild ALVÍB er sjálfstæður rekstraradili og er rekstur hennar fjárhagslega aðskilinn rekstri séreignarsjóðs.

Iðgjöld tryggingadeildar skulu ávöxtuð í sérstöku verðbréfasafni fyrir tryggingadeildina. Fjárfestingarstefna tryggingadeildarinnar skal ákveðin af stjórn ALVÍB og verður að vera í samræmi við fjárfestingarheimildir í 10. gr. reglugerðarinnar.

18. gr.

Réttindi í tryggingadeild ALVÍB.

18.1. Lágmarkstryggingavernd.

Með greiðslu iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar ávinnur sjóðfélagi sér rétt til eftirfarandi lífeyris:

1. Ellilífeyris.
2. Örorkulífeyris.
3. Maka- og barnalífeyris.

18.1.1. Ellilífeyrir.

Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70, 75, 80 eða 85 ára aldri til æviloka. Miðað við 40 ára inngreiðslutíma skal ellilífeyrir vera 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt hefur verið af í tryggingadeild ALVÍB. Sjóðfélagi getur flýtt töku lífeyris og hafið lífeyrisgreiðslur 65 ára en þá lækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris skv. töflu 3 í 6. kafla reglugerðarinnar.

18.1.2. Örorkulífeyrir.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri til 70 ára aldurs ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 40% eða meira. Miðað við full réttindi til framreiknings skal örorkulífeyrir vera 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt hefur verið af til tryggingadeildar ALVÍB.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 40% eða meira og hefur orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Sjóðfélagi hefur greitt til tryggingadeildar ALVÍB í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum.
2. Sjóðfélagi hefur greitt til tryggingadeildar ALVÍB í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.
3. Sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi ekki öðlast rétt til framreiknings vegna tímabundinnar fjarveru af vinnu- markaði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til tryggingadeildar ALVÍB.

18.1.3. Maka- og barnalífeyrir.

Við fráfall sjóðfélaga er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka. Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 36 mánuði en hafi maki barn yngra en 18 ára á framfæri, eða ef maki er 40% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Andstí sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til tryggingadeildarinnar í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- og örorkulífeyris við andlátið skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris ef börnin eru fædd eða ættleidd fyrir orkutap og allt að 12 mánuðum eftir orkutapið. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

18.2. Viðbótartryggingavernd.

Sjóðfélagar geta hækkað iðgjald til tryggingadeildar ALVÍB og bætt við sig eftirfarandi lífeyrisréttindum:

1. Viðbót við lágmarkstryggingavernd.
2. Viðbótarellilífeyri.
3. Viðbótarörorkulífeyri.
4. Fjölskyldulífeyri.

18.2.1. Viðbót við lágmarkstryggingavernd.

Sjóðfélagar geta óskað eftir því að viðbótariðgjaldi verði varið til að bæta við sig lágmarkstryggingavernd sbr. gr. 18.1.

18.2.2. Viðbótarellilífeyrir.

Sjóðfélagar geta aukið ellilífeyrisréttindi með því að greiða iðgjald til viðbótarellilífeyris sem tryggir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá 65 ára aldri til æviloka.

18.2.3. Viðbótarörorkulífeyrir.

Sjóðfélagar geta tryggt sér viðbótarörorkulífeyri ef starfsorka skerðist um 40% eða meira vegna sjúkdóms eða slyss. Sjóðfélagar greiða fyrir trygginguna iðgjald sem ræðst af fjárhæð örorkulífeyris og aldri sjóðfélagsans við greiðslu iðgjalda. Viðbótarörorkulífeyrir getur verið tvenns konar:

1. Árleg réttindi. Sjóðfélagi getur bætt við sig örorkulífeyrstryggingu einstök ár.
2. Áunnin réttindi sem fylgja sjóðfélaganum áfram þrátt fyrir að hann hætti að kaupa viðbótartryggingavernd ef hann hættir að greiða í sjóðinn.

Hámarkstryggingavernd viðbótarörorkulífeyris skal taka mið af launum síðustu 12 mánaða og aldrei vera hærra en 100% af launum sjóðfélaga.

Vilji sjóðfélagi bæta við sig viðbótarörorkutryggingu eða hækka örorkutryggingu sína getur tryggingadeildin krafist læknisvottorða áður en samþykkt er að hækka fjárhæðina. Ef örorkutrygging skv. vali sjóðfélaga hækkar um meira en 25% á ári skal stjórn deildarinnar óska eftir heilsufarslýsingu frá sjóðfélaganum.

Ef trúnaðarlæknir tryggingadeildar telur heilsu hans verulega ábótavant eða verulegar líkur á að sjóðfélaginn þurfi að sækja um örorkulífeyri á næstu misserum skal stjórn sjóðsins hafna beiðni hans um viðbótarörorkuvernd.

18.2.4. Fjölskyldulífeyrir.

Sjóðfélagar geta tryggt fjölskyldum sínum rétt til fjölskyldulífeyris sem er eingreiðsla við fráfall sjóðfélaga með því að greiða iðgjald fyrir fjölskyldulífeyri. Sjóðfélagar velja sjálfir hversu háa upphæð þeir tryggja sig fyrir. Fjölskyldulífeyrir er greiddur inn á séreignarreikning til eftirlifandi maka og barna látinna sjóðfélaga og skiptist á milli barna og maka skv. reglum erfðalaga. Sjóðfélagar geta valið á milli þriggja tegunda fjölskyldulífeyris:

1. Tímabundin réttindi sem falla niður eftir tryggingartímabil (a.m.k. eitt ár).
2. Áunnin réttindi til 65 ára aldurs.
3. Áunnin réttindi til æviloka.

Hámarksfjárhæð fjölskyldulífeyris án læknisskoðunar þegar sjóðfélagi velur fjölskyldulífeyrstryggingu í fyrsta sinn skal miðast við eftirtalin fjárhæðarmörk:

17 - 40 ára	8 m.kr.
41 - 45 ára	6 m.kr.
46 - 50 ára	4 m.kr.
51 - 60 ára	3 m.kr.
61 - 64 ára	0 kr.

Vilji sjóðfélagi hækka fjölskyldulífeyristryggingu sína getur tryggingadeildin krafist læknisvottorða áður en samþykkt er að hækka fjárhæðina. Ef fjölskyldulífeyrir skv. vali sjóðfélaga hækkar um meira en 25% á ári skal stjórn deildarinnar óska eftir heilsufarslýsingu frá sjóðfélaganum enda fari fjárhæð fjölskyldulífeyris umfram framangreind fjárhæðamörk. Ef trúnaðarlæknir tryggingadeildarinnar telur heilsu hans verulega ábótavant skal stjórnin hafna beiðni hans um aukinn fjölskyldulífeyri.

18.3. Um skiptingu réttinda á milli sjóðfélaga og maka.

Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta lífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga nr. 127/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða:

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Tryggingadeildin skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.
2. Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, getur sjóðfélagi ákveðið að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans og skal farið eftir töflum 2 og 4 í 6. kafla reglugerðarinnar við skiptingu réttinda og tekið tillit til aldurs maka.
3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda lífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarks-tryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagans hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

19. gr.

Útreikningur á réttindum.

19.1. Lágmarkstryggingavernd.

Réttindi sjóðfélaga til ellilífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í ellilífeyrisdeild tryggingadeildar ár hvert. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt til tryggingadeildar ALVÍB sbr. töflu nr. 2 í 6. kafla reglugerðarinnar. Í dálki 2 eru sýnd réttindi miðað við að tryggingadeildin greiði ellilífeyri frá 70 ára aldri en í dálki 3 til 4 eru sýnd réttindi miðað við að ellilífeyrir sé greiddur frá 75, 80 eða 85 ára aldri.

Heimilt er sjóðfélagi að flýta töku lágmarksellilífeyris um allt að fimm ár og lækkar þá fjárhæð ellilífeyris. Tafla 3 í 6. kafla sýnir hvernig árlegur ellilífeyrir lækkar ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris fyrir 70 ára aldur.

Örorkulífeyrir er reiknaður á sama hátt og ellilífeyrir frá 70 ára aldri. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða lífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér með greiðslum til 65 ára aldurs sbr. töflu 2 í 6. kafla. Við framreikning réttinda skal reikna með meðalinnborgun næstu þriggja ára áður en orkutapið átti sér stað. Fullur örorkulífeyrir er greiddur miðað við 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 40% til 100%.

Fullur makalífeyrir er 50% af áunnum örorkulífeyri sjóðfélaga við andlátið miðað við 100% örorku.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorku-lífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Barnalífeyrir er greiddur með hverju barni látins sjóðfélaga til 18 ára aldurs.

19.2. Viðbótarellilífeyrir.

Réttindi sjóðfélaga til viðbótarellilífeyri eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er til að tryggja sér viðbótarellilífeyri ár hvert. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysliverðs. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga sbr. töflu 4 í 6. kafla reglugerðarinnar, dálk 1 og 2.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris í allt að 15 ár eða flýta töku hans um allt að 5 ár og breytist þá fjárhæð mánaðargreiðslu til æviloka skv. töflu 5 í 6. kafla reglugerðarinnar. Tafla 5, sýnir hvernig árlegur ellilífeyrir breytist miðað við mismunandi aldur við töku ellilífeyris.

Við notkun taflanna ber að miða við lífaldur sjóðfélaga. Hækkun vegna frestunar samkvæmt töflu 4 reiknast í heilum mánuðum miðað við lífaldur og er breyting á milli ára jöfnuð út línulega með fjölda mánaða. Fyrsta frestun reiknast þegar sjóðfélagi er a.m.k. 65 ára og eins mánaða gamall.

19.3. Viðbótarörorkulífeyrir.

Sjóðfélagar geta aukið örorkutryggingu sína og tryggt sér viðbótarörorkulífeyri úr trygg-ingadeildinni. Upphæð viðbótarörorkulífeyris fer eftir töflu 4 í 6. kafla, dálkum 1 og 3 sem sýnir það iðgjald sem svarar til einnar milljónar króna í örorkubætur á ári, frá örorkudegi til 65 ára aldurs. Iðgjaldið hækkar/lækkar hlutfallslega með bótafjárhæð.

Sjóðfélagar geta einnig keypt réttindi til viðbótarörorkulífeyris sem geymast til 65 ára aldurs.

Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til örorkulífeyris fer eftir töflu 4, dálkum 1 og 4. Hún sýnir það iðgjald sem samsvarar eitt hundrað þúsund króna örorkubótum á ári frá örorkudegi til 65 ára aldurs. Iðgjaldið hækkar/lækkar hlutfallslega með bótafjárhæð. Geymd réttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

19.4. Fjölskyldulífeyrir.

Iðgjald fjölskyldulífeyris ræðst af aldri sjóðfélagans við greiðslu iðgjaldsins. Upphæð ið-gjalds fyrir fjölskyldulífeyri sem er 1.000.000 króna eingreiðsla við fráfall sjóðfélaga er sýnt í 6. kafla í töflu 4, dálkum 1 og 5, og hækkar/lækkar hlutfallslega miðað við bótafjárhæð.

Sjóðfélagar geta einnig tryggt fjölskyldu sinni rétt til fjölskyldulífeyris við fráfall sjóðfélaga sem geymast til 65 ára aldurs. Réttindin falla niður ef sjóðfélagi nær 65 ára aldri. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til fjölskyldubóta fer eftir töflu 4, dálkum 1 og 6. Hún sýnir iðgjald á ári fyrir fjölskyldubætur sem eru eitt hundrað þúsund ef viðkomandi sjóðfélagi deyr fyrir 65 ára aldur. Geymd réttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

Sjóðfélagar geta einnig tryggt fjölskyldu sinni rétt til fjölskyldulífeyris sem geymast til æviloka. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til fjölskyldubóta fer eftir töflu 4 í 6. kafla reglugerðarinnar, dálkum 1 og 7. Hún sýnir iðgjald á ári fyrir fjölskyldubætur sem eru eitt hundrað þúsund krónur þegar viðkomandi sjóðfélagi deyr. Geymd réttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

20. gr.

Um lífeyrisgreiðslur.

20.1. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

Umsókn um lífeyri skal vera skrifleg. Lífeyrir greiðist að jafnaði mánaðarlega nema fjölskyldulífeyrir sem er eingreiðsla. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegu umboð.

Lífeyrir skal greiddur fyrir þann mánuð, sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð, sem réttur til hans fellur úr gildi. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst til sjóðsins og greiðist ekki aftur í tímann. Hafi ekki borist umsókn um ellilífeyri við 70 ára aldur sjóðfélaga skal hefja greiðslur ellilífeyris án umsóknar.

Stjórn tryggingadeildar ALVÍB er ekki skylt að greiða örorkulífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn barst sjóðnum.

20.2. Ellilífeyrir.

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er 65 ára og á ellilífeyrisréttindi, á rétt á ellilífeyri. Ellilífeyrir er greiddur sem föst fjárhæð á mánuði til dauðadags skv. uppsöfnuðum réttindum sbr. gr. 11 og 12. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.

20.3. Örorkulífeyrir.

Sjóðfélagi sem vegna örorku verður vanhæfur til að gegna starfi sínu á rétt á örorkulífeyri og viðbótarörorkulífeyri úr sjóðnum hafi hann valið slíka tryggingu og greitt fyrir hana á undanförmum 12 mánuðum eða eigi geymd viðbótarörorkulífeyrisréttindi. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjú mánuði eftir orkutap.

Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins eða tryggingayfirlæknir meta læknisfræðilega örorku að minnsta kosti 40% (örorkuprósentu). Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjumissi af völdum örorkunnar.

Örorkumatið skal miða við hæfi sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. Telji stjórn sjóðsins þrjú síðustu ár sjóðfélaganum óhagstæð vegna t.d. sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.

Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftar ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Stjórn tryggingadeildarinnar skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá stafsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

Örorkulífeyri skal margfalda með örorkuprósentunni. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.

Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem gæti leitt til betra heilsufars og hæfni til þess að afla sér launatekna í framtíðinni.

Skylt er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr tryggingadeild eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Ákveðnum hluta örorkulífeyrisgreiðslna skal varið til kaupa á lífeyrisréttindum í séreignar- og tryggingadeild kjósi sjóðfélaginn svo.

20.4. Maka-, barna- og fjölskyldulífeyrir.

Maki og börn öðlast rétt til maka-, barna- og fjölskyldulífeyris við fráfall sjóðfélaga.

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar.

Makalífeyrir er greiddur til maka látins sjóðfélaga í minnst þrjú ár og síðan helmingur makalífeyris í tvö ár þar á eftir. Fullur makalífeyrir er greiddur lengur ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

1. Yngsta barn maka sem sjóðfélagi hafði áður á framfæri sínu er yngra en 18 ára.
2. Makinn er a.m.k. 40% öryrki og yngri en 67 ára.

Maki og börn sjóðfélaga öðlast rétt til fjölskyldulífeyris úr tryggingadeild við andlát sjóðfélaga hafi sjóðfélagi valið slíka tryggingu og greitt til sjóðsins næstu 12 mánuði fyrir andlát eða eigi geymd réttindi. Maki eða börn geta ákveðið að í stað eingreiðslu greiðist fjölskyldulífeyririnn út mánaðarlega á ákveðnu árabili.

21. gr.

Tryggingafræðileg athugun og bónusgreiðslur.

21.1. Tryggingafræðileg athugun.

Árlega skal stjórn tryggingadeildar fá óháðan tryggingafræðing til þess að meta stöðu tryggingadeildarinnar. Hann skal semja skýrslu til stjórnar deildarinnar um athugun sína og skal hún liggja frammi á aðalfundi.

Við mat á stöðu tryggingadeildar og greiðslugetu í framtíðinni skal gengið út frá spá um 3,5% ávöxtun. Almennt er miðað við að úttektin taki mið af reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar úttektir.

Ef eignir tryggingadeildar reynast meiri en skuldbindingar sjóðsins skal deila út bónus til sjóðfélaga og skal hann greiddur sem iðgjald sjóðfélaga til viðkomandi lífeyrissjóðs. Ef eignir tryggingadeildar nægja ekki fyrir skuldbindingum skal skerða réttindi sjóðfélaga í tryggingadeildinni. Tryggingafræðingur sjóðsins skal gera tillögur um það til sjóðstjórnar ef hann telur ástæðu til þess að úthluta bónus eða skerða réttindi.

21.2. Tryggingafræðilegur grunnur tryggingadeildarinnar

Tryggingafræðilegur grunnur tryggingadeildar ALVÍB er sérstakur viðauki við reglugerðina sem er dagsettur miðað við gildistíma grunnsins. Ef grunnurinn breytist kemur hann sem nýr viðauki.

Réttindatöflur í reglugerðinni skulu ætíð reiknaðar skv. nýjasta tryggingafræðilegum grunni.

5. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Upplýsingaskylda.

Stjórn ALVÍB er skylt að upplýsa sjóðfélaga um inneign þeirra í séreignarsjóði og réttindi þeirra í tryggingadeildinni með því að senda a.m.k. yfirlit tvisvar á ári.

23. gr.

Flutningur réttinda til annarra lífeyrissjóða.

Heimilt er stjórn ALVÍB að flytja réttindi einstakra sjóðfélaga sem þess óska úr tryggingadeildinni yfir til annars löglegs lífeyrissjóðs. Skal flutningurinn eiga sér stað um áramót þegar niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar liggur fyrir. Viðkomandi sjóðfélagi skal greiða 10.000 kr. fyrir flutninginn og er sú tala verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs í janúar 1998, 182,4.

24. gr.

Gerðardómur.

Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélagi, einum tilnefndum af ALVÍB og oddamanni tilnefndum af bankaftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en sem nemur einum þriðja hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um sammingsbundna gerðardóma.

25. gr.

Daglegur rekstur.

VÍB, Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf., skal annast daglegan rekstur sjóðsins og skal gert um það sérstakt samkomulag milli stjórnar sjóðsins og stjórnar VÍB.

Bráðabirgðaákvæði.

Reglugerð þessi tekur gildi 30. júní 1998. Ákvæði 13. og 18. greinar um skiptingu inneignar og réttinda tekur gildi 1. maí 1999. Ákvæði um lágmarksiðgjald og lágmarks-tryggingavernd taka gildi 1. júlí 1999.

6. KAFLI

Iðgjaldatöflur.

Töflur í þessum kafla eru reiknaðar skv. tryggingagrundi eftir ákvæðum 20. gr. og kunna þess vegna að breytast miðað við breyttar forsendur. Töflurnar eru dagsettar miðað við þann dag sem þær taka gildi og skulu nýjustu töflur alltaf vera fyrirliggjandi hjá ALVÍB.

Iðgjaldatöflur tryggingadeildar ALVÍB eru eftirtaldar:

Tafla	Heiti töflu	Gildistaka
1	Lágmarksiðgjöld í tryggingadeild og séreignarsjóð	1. júlí 1998
2	Iðgjaldtafla fyrir lágmarkstryggingavernd	1. júlí 1998
3	Breyting á lágmarksellífeyri ef taka lífeyris hefst fyrir 70 ára aldur	1. júlí 1998
4	Iðgjaldtafla fyrir viðbótartryggingavernd	1. júlí 1998
5	Breyting á viðbótarellífeyri ef töku lífeyris er flýtt eða frestað frá 65 ára aldri	1. júlí 1998
6	Stuðlar til að reikna út séreign til útgreiðslu á aldrinum 70-84 ára.	1. júlí 1998

Tafla 1. Lágmarksiðgjöld í tryggingadeild og séreignarsjóð.

Tryggingadeild greiðir lífeyri frá	70 ára	75 ára	80 ára	85 ára	
Séreignarsjóður greiðir lífeyri frá		70 til 74 ára	70 til 79 ára	70 til 84 ára	70 ára*
Lágmarks iðgjald, % af launum	8,24	8,52	8,93	9,49	2,97
Tryggingadeild	8,24	6,35	4,93	3,95	2,97
Séreignarsjóður		2,17	4,00	5,54	

* Í starfslok verður sjóðfélagi að verja hluta af inneign í séreignarsjóði í hlutfalli við inngreiðslu frá 1. júlí 1999 til að tryggja sér lífeyrisgreiðslur til æviloka úr tryggingadeild ALVÍB.

Tafla 2. Iðgjaldtafla fyrir lágmarkstryggingavernd.

1. Aldur þegar iðgjald er greitt	2. Árlegur lífeyrir frá 70 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald	3. Árlegur lífeyrir frá 75 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald	4. Árlegur lífeyrir frá 80 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald	5. Árlegur lífeyrir frá 85 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald
16	3.409	4.298	5.318	6.325
17	3.315	4.188	5.192	6.188
18	3.223	4.078	5.066	6.050
19	3.132	3.969	4.940	5.910
20	3.040	3.859	4.811	5.766
21	2.948	3.746	4.676	5.611
22	2.856	3.632	4.537	5.450
23	2.763	3.515	4.394	5.281
24	2.668	3.395	4.245	5.102
25	2.583	3.288	4.114	4.949
26	2.496	3.178	3.977	4.784
27	2.414	3.075	3.849	4.633
28	2.335	2.976	3.729	4.491
29	2.260	2.882	3.614	4.355
30	2.185	2.787	3.496	4.215
31	2.122	2.712	3.407	4.116
32	2.059	2.634	3.314	4.010
33	1.997	2.558	3.223	3.906
34	1.940	2.490	3.145	3.820
35	1.882	2.419	3.060	3.722
36	1.826	2.350	2.978	3.628
37	1.773	2.285	2.901	3.543
38	1.718	2.218	2.820	3.448
39	1.667	2.155	2.744	3.362
40	1.618	2.094	2.671	3.279
41	1.569	2.033	2.598	3.194
42	1.520	1.972	2.524	3.107
43	1.474	1.915	2.455	3.029
44	1.429	1.859	2.387	2.949
45	1.385	1.804	2.321	2.873
46	1.343	1.752	2.258	2.801
47	1.301	1.700	2.195	2.727
48	1.262	1.651	2.135	2.659
49	1.224	1.605	2.080	2.597
50	1.187	1.559	2.026	2.535
51	1.152	1.516	1.975	2.478
52	1.119	1.477	1.930	2.430
53	1.087	1.438	1.885	2.382
54	1.057	1.403	1.846	2.343
55	1.075	1.454	1.960	2.557
56	1.003	1.340	1.780	2.284
57	978	1.314	1.756	2.269
58	955	1.289	1.735	2.259
59	934	1.269	1.721	2.262
60	915	1.250	1.712	2.275
61	897	1.236	1.710	2.303
62	881	1.224	1.715	2.346
63	865	1.214	1.723	2.399
64	851	1.206	1.740	2.473
65	837	1.200	1.761	2.565
66	821	1.191	1.779	2.659
67	806	1.182	1.800	2.770
68	786	1.165	1.806	2.858
69	763	1.140	1.793	2.909

Tafla 3. Breyting á lágmarksellilífeyri ef taka lífeyris hefst fyrir 70 ára aldur.

1. Aldur þegar taka lífeyris hefst	2. Breyting á lágmarks elli- lífeyri ef töku lífeyris er flýtt frá 70 ára aldri
65	69%
66	74%
67	80%
68	86%
69	92%
70	0%

Tafla 4. Iðgjaldtafla fyrir viðbótartryggingavernd.

1.	Viðbótar ellilífeyrir	Viðbótar örorkulífeyrir		Fjölskyldulífeyrir		
	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Aldur þegar iðgjald er greitt	Arlegur lífeyrir frá 70 ára aldri fyrir hvert 10 þús. kr. iðgjald	Iðgjald á ári fyrir örorkubætur sem eru 1 m.kr. á ári til 65 ára aldurs ef sjóðfélagi verður öryrki á árinu	Iðgjald fyrir örorkubætur sem eru 100 þús.kr. á ári til 65 ára. Geymd réttindi til 65 ára	Iðgjald á ári fyrir fjölskyldubætur sem eru 1 m.kr. eingreiðsla ef sjóðfélagi deyr á árinu	Iðgjald fyrir fjölskyldulífeyri sem eru 100 þús. kr. eingreiðsla ef sjóðfélagi deyr fyrir 65 ára	Iðgjald fyrir fjölskyldulífeyri sem eru 100 þús. kr. eingreiðsla þegar sjóðfélagi fellur frá
17	6.115	9.012	42.475	805	4.920	14.615
18	5.906	9.040	43.072	810	5.013	15.055
19	5.704	9.078	43.688	814	5.108	15.511
20	5.508	9.129	44.324	820	5.207	15.982
21	5.319	9.193	44.977	826	5.309	16.470
22	5.137	9.275	45.649	834	5.413	16.974
23	4.961	9.374	46.337	842	5.521	17.496
24	4.791	9.495	47.040	852	5.631	18.036
25	4.626	9.640	47.758	864	5.745	18.595
26	4.468	9.812	48.488	877	5.862	19.172
27	4.314	10.015	49.229	892	5.981	19.770
28	4.166	10.254	49.977	909	6.104	20.387
29	4.023	10.531	50.730	929	6.229	21.025
30	3.885	10.852	51.484	952	6.356	21.684
31	3.752	11.223	52.235	978	6.486	22.366
32	3.623	11.650	52.978	1.007	6.619	23.069
33	3.498	12.138	53.708	1.041	6.753	23.796
34	3.378	12.695	54.418	1.080	6.888	24.546
35	3.261	13.329	55.103	1.125	7.025	25.320
36	3.149	14.046	55.752	1.175	7.162	26.119
37	3.040	14.858	56.359	1.233	7.300	26.942
38	2.935	15.770	56.911	1.298	7.436	27.791
39	2.834	16.795	57.399	1.373	7.572	28.666
40	2.736	17.941	57.809	1.457	7.705	29.566
41	2.641	19.218	58.127	1.553	7.835	30.494
42	2.549	20.636	58.339	1.662	7.961	31.448
43	2.460	22.204	58.428	1.786	8.081	32.429
44	2.375	23.930	58.375	1.926	8.193	33.438
45	2.292	25.823	58.161	2.084	8.296	34.474
46	2.211	27.886	57.766	2.263	8.388	35.537
47	2.134	30.120	57.166	2.465	8.466	36.628
48	2.059	32.526	56.340	2.693	8.527	37.745
49	1.986	35.094	55.263	2.949	8.570	38.890
50	1.915	37.809	53.910	3.239	8.589	40.061
51	1.847	40.646	52.259	3.564	8.582	41.259
52	1.781	43.568	50.286	3.930	8.543	42.482
53	1.717	46.521	47.971	4.341	8.468	43.730
54	1.654	49.431	45.296	4.802	8.350	45.002
55	1.594	52.198	42.249	5.319	8.184	46.297
56	1.535	54.689	38.827	5.897	7.961	47.615
57	1.478	56.731	35.037	6.545	7.674	48.953
58	1.423	58.096	30.901	7.269	7.312	50.311
59	1.369	58.494	26.464	8.077	6.864	51.686
60	1.317	57.555	21.796	8.980	6.318	53.078
61	1.265	54.805	17.008	9.985	5.659	54.485
62	1.216	49.647	12.263	11.105	4.872	55.904
63	1.167	41.326	7.793	12.350	3.935	57.333
64	1.120	28.893	3.925	13.734	2.829	58.771
65	1.073					
66	1.028					
67	983					
68	940					
69	897					
70	855					

Tafla 5. Breyting á viðbótarellilífeyri ef töku lífeyris er flýtt eða frestað frá 65 ára aldri.

1. Aldur þegar taka lífeyris hefst	2. Breyting á viðbótarellilífeyri ef töku lífeyris er flýtt eða frestað frá 65 ára aldri
60	-54%
61	-51%
62	-47%
63	-43%
64	-39%
65	-34%
66	29%
67	-23%
78	-16%
69	-9%
70	0%
71	-8%
72	18%
73	29%
74	41%
75	55%
76	70%
77	89%
78	110%
79	134%
80	163%
81	197%
82	238%
83	286%
84	345%
85	417%

Tafla 6. Stuðlar til að reikna út séreign til útgreiðslu á aldrinum 70-84 ára.

Stuðlar til að reikna út séreign sem bundinn er fram yfir 70 ára aldur ef sjóðfélagar afla hluta af lágmarksellilífeyri með greiðslum í séreignarsjóð.

Aldur	Greiðslutími lífeyris úr séreignarsjóð		
	70-74	70-79	70-84
17	8,89	16,37	22,68
18	9,20	16,95	23,47
19	9,52	17,54	24,29
20	9,86	18,15	25,14
21	10,20	18,79	26,02
22	10,56	19,45	26,93
23	10,93	20,13	27,87
24	11,31	20,83	28,85
25	11,71	21,56	29,86
26	12,12	22,32	30,91
27	12,54	23,10	31,99
28	12,98	23,91	33,11
29	13,43	24,74	34,26
30	13,90	25,61	35,46
31	14,39	26,50	36,71
32	14,89	27,43	37,99
33	15,41	28,39	39,32
34	15,95	29,39	40,70
35	16,51	30,41	42,12
36	17,09	31,48	43,59
37	17,69	32,58	45,12
38	18,31	33,72	46,70
39	18,95	34,90	48,33
40	19,61	36,12	50,03
41	20,30	37,39	51,78
42	21,01	38,70	53,59
43	21,74	40,05	55,46
44	22,50	41,45	57,41
45	23,29	42,90	59,42
46	24,11	44,40	61,49
47	24,95	45,96	63,65
48	25,82	47,57	65,87
49	26,73	49,23	68,18
50	27,66	50,96	70,57
51	28,63	52,74	73,04
52	29,63	54,58	75,59
53	30,67	56,50	78,24
54	31,74	58,47	80,98
55	32,86	60,52	83,81
56	34,01	62,64	86,74
57	35,20	64,83	89,78
58	36,43	67,10	92,92
59	37,70	69,45	96,17
60	39,02	71,88	99,54
61	40,39	74,39	103,02
62	41,80	77,00	106,63
63	43,26	79,69	110,36
64	44,78	82,48	114,23
65	46,35	85,37	118,22
66	47,97	88,36	122,36
67	49,65	91,45	126,64
68	51,38	94,65	131,08
69	53,18	97,96	135,66
70	55,04	101,39	140,41

Stuðlarnir eru notaðir til að reikna út þann hluta af séreign sem er hluti af lágmarksellilífeyri og er bundin fram yfir 70 ára aldur. Ef 60 ára sjóðfélagi hefur t.d. tryggt sér 50 þús. kr. í ellilífeyri úr tryggingadeild frá 75 ára aldri eru 1.951 þús. kr. (50.000 * 39,02) af inneign í séreignarsjóði til úttekta á aldrinum 70-74 ára.

VIÐAUKI

Tryggingafræðilegur grunnur tryggingadeildar ALVÍBF.

Skuldbindingar.

x er aldur sjóðfélaga í árum.

$x+n$ er lífeyrisaldur sjóðfélaga.

y er aldur maka sjóðfélaga í árum.

m er árafjöldi tímabundinna lífsháðra greiðslna.

g er árafjöldi tímabundinna greiðslna.

δ er árahliðrun í skuldbindingum vegna ellilífeyris.

h er hlutfallsstuðull í örorkuforsendum.

r er aldur barns, þegar barnalífeyrir fellur niður.

s er aldur yngsta barns, þegar makalífeyrir fellur niður.

Eftirfarandi formúlur tilgreina hvernig reikna skal núvirði þeirra réttinda sem tilgreind eru.

Ævilangur lífeyrir

Ein króna greidd árlega frá $x+n$ ára aldri og til æviloka sjóðfélaga.

$$K1(x, n) = \frac{\overline{N}_{x+n-\delta}}{D_{x-\delta}}$$

Tímabundinn lífeyrir.

Ein króna greidd árlega meðan sjóðfélagi lifir frá $x+n$ ára aldri til $x+n+m$ ára aldurs.

$$K2(x, n, m) = \frac{\overline{N}_{x+n-\delta} - \overline{N}_{x+n+m-\delta}}{D_{x-\delta}}$$

Eingreiðslulífeyrir.

Ein króna greidd ef sjóðfélagi lifir til $x+n$ ára aldurs.

$$K3(x, n) = \frac{D_{x+n-\delta}}{D_{x-\delta}}$$

Séreign.

Ein króna er greidd eftir n ár.

$$K4(n) = v^n$$

Ein króna er greidd árlega í g ár eftir n ár.

$$K5(n, g) = v^n \cdot \overline{a}_g$$

Örorkutrygging.

Ein króna greidd árlega til $x+n$ ára aldurs sjóðfélaga meðan hann er á lífi og óvinnufær ef hann missir starfsorkuna á aldrinum x til $x+m$ ára.

$$K6(x, n, m) = \left\{ \frac{\bar{N}_x - \bar{N}_{x+n}}{D_x} - \frac{\bar{N}_x^a - \bar{N}_{x+m}^a}{D_x^a} - \frac{D_{x+m}^a}{D_x^a} \cdot \frac{\bar{N}_{x+m} - \bar{N}_{x+n}}{D_{x+m}} \right\} \cdot h$$

Líftrygging.

Ein króna greidd, ef sjóðfélagi deyr fyrir $x+n$ ára aldur.

$$K7(x, n) = \frac{\bar{M}_x - \bar{M}_{x+n}}{D_x}$$

Ein króna er greidd árlega í g ár frá andláti sjóðfélaga, ef hann deyr fyrir $x+n$ ára aldur.

$$K8(x, n, g) = \frac{\bar{M}_x - \bar{M}_{x+n}}{D_x} \cdot a_g$$

Lágmarkstryggingavernd.

Ein króna greidd árlega samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Ellilífeyrisaldur er $x+n$ og óskertur örorkulífeyrir vegna starfsorkumissis er greiddur til sama aldurs. Makalífeyrir er tímabundinn og er árlegur makalífeyrir helmingur ellilífeyrisréttinda. Barnalífeyrir er tímabundinn og er óskertur barnalífeyrir ákvarðaður sem tiltekin krónutala á mánuði í reglugerð en er reiknaður hér sem 5% af ellilífeyrisréttindum.

$$\begin{aligned} K9(x, n, g) &= K1(x, n+g) + K5(n, g) \\ &+ K6(x, n, n) + \min(40, n) \cdot K6(x, n, 1) \\ &+ \frac{0,5 \cdot g_x}{l_x \cdot l_{y-\delta}} \cdot \sum_{k=0}^{119-x} (l_{x+k} - l_{x+k+1}) \cdot \sum_{i=1}^s l_{y+k+i-0,5-\delta} \cdot v^{k+i-0,5} \cdot b_{x+k+0,5,i} \\ &+ \min(40, n) \cdot \frac{0,5 \cdot g_x}{l_x \cdot l_{y-\delta}} \cdot (l_x - l_{x+1}) \cdot \sum_{i=1}^s l_{y+k+i-0,5-\delta} \cdot v^{k+i-0,5} \cdot b_{x+k+0,5,i} \\ &+ \frac{0,05 \cdot v^{0,5}}{l_x \cdot (1-v)} \cdot \sum_{k=0}^{119-x} (l_{x+k} - l_{x+k+1}) \cdot \sum_{i=1}^r c_{x+k+i-r} \cdot (1-v^i) \end{aligned}$$

$$b_{x,k} = 1 \quad \text{fyrir } 1 \leq k \leq 3$$

$$b_{x,k} = \max \left\{ 0,5; 1 - \prod_{i=0}^s (1 - c_{x-i}) \right\} \quad \text{fyrir } 4 \leq k \leq 5$$

$$b_{x,k} = 1 - \prod_{i=0}^s (1 - c_{x-i}) \quad \text{fyrir } k \geq 6$$

Iðgjöld og réttindi.

x er aldur sjóðfélaga í árum.

h er hlutfallsstuðull í örorkuforsendum.

Réttindin eru reiknuð sem hlutfallið á milli iðgjaldagreiðslu að frádregnu kostnaðarhlutfalli iðgjalda og núvirði skuldbindinganna að viðbættu kostnaðarhlutfalli skuldbindinga. Núvirðið er reiknað samkvæmt formúlum í kaflanum um skuldbindingar sem vegið meðaltal, annars vegar út frá áhættulíkum karla og hins vegar út frá áhættulíkum kvenna eins og þær eru tilgreindar í kaflanum um forsendur. Réttindin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Hlutfall karla og kvenna í vegnu meðaltali skuldbindinganna, þegar réttindin eru reiknuð út eru tilgreind í kaflanum um forsendur sem og kostnaðarhlutföllin. Iðgjöld sjóðfélaga á hverju almanaksári gefa sömu réttindi miðað við aldur sjóðfélaga í árslok.

Jafnaðariðgjald á ári er reiknað sem hlutfallið á milli núvirðis réttinda, þegar búið er að hækka núvirðið um kostnaðarhlutfall skuldbindinga og iðgjalda og

$$\overline{a^a}(x, r) = \frac{\overline{N}_x - \overline{N}_{x+r}}{D_x} \cdot (1-h) + \frac{\overline{N}_x^a - \overline{N}_{x+r}^a}{D_x^a} \cdot h$$

þar sem r er greiðslutími tryggingarinnar.

Formúlur.

x er aldur sjóðfélaga í árum.

$$\mu_x = f(x) \quad \text{gefur dánarþéttleikann}$$

$$\mu_x^{ai} = f(x) \quad \text{gefur örorkuþéttleikann}$$

$$l_x = l_0 \cdot e^{-\int_0^x \mu_t \cdot dt} \quad l_0 = 100.000$$

$$l_x^{ai} = l_0 \cdot e^{-\int_0^x \mu_t^{ai} \cdot dt} \quad l_0 = 1$$

$$l_x^a = l_x \cdot l_x^{ai}$$

$$D_x = v^x \cdot l_x$$

$$D_x^a = D_x \cdot l_x^{ai}$$

$$\overline{N}_x = \int_x^{120} D_t \cdot dt$$

$$\overline{N}_x^a = \int_x^{120} dt$$

$$\overline{M}_x = \int_x^{120} D_t \cdot \mu_t \cdot dt$$

$$\begin{aligned} \int_a^b f(t) \cdot dt &= \frac{1}{60480} \cdot \{-863 \cdot f(b+5) + 5449 \cdot f(b+4) - 14762 \cdot f(b+3) \\ &\quad + 22742 \cdot f(b+2) - 23719 \cdot f(b+1) + 41393 \cdot f(b)\} \\ &\quad + f(b-1) + f(b-2) + \dots + f(a+1) + f(a) \\ &\quad + \frac{1}{60480} \cdot \{-41393 \cdot f(a) + 23719 \cdot f(a+1) - 22742 \cdot f(a+2) \\ &\quad + 14762 \cdot f(a+3) - 5449 \cdot f(a+4) + 863 \cdot f(a+5)\} \end{aligned}$$

$$v = \frac{1}{1+i}$$

i eru ársvextir

$$\overline{a}_n = \frac{1-v^n}{\ln(1+i)}$$

Forsendur.

Lífslíkur og líkur á varanlegri örorku.

Almennar dánarlíkur á Íslandi samkvæmt útjafnaðri reynslu árána 1991 - 1995 gefa dánarþéttleika íslenskra karla sem

$$\mu = 7,62214 \cdot 10^{-4} + e^{-13,22729884 + 0,165928024 \cdot x - 0,000414662 \cdot x^2}$$

og dánarþéttleika íslenskra kvenna sem

$$\mu = 1,66837 \cdot 10^{-4} + e^{-11,6749834 + 0,10868192 \cdot x}$$

Örorkulíkur samkvæmt danska grunninum G82 gefur örorkuþéttleika karla sem

$$\mu = 4 \cdot 10^{-4} + e^{-12,57211 + 0,13815504 \cdot x}$$

og örorkuþéttleika kvenna sem

$$\mu = 6 \cdot 10^{-4} + e^{-12,16665 + 0,13815504 \cdot x}$$

x er aldur sjóðfélaga í árum.

a) Skuldbindingar vegna líftryggingar.

Nota skal ofangreindar dánarlíkur og þegar réttindin eru reiknuð út skal miða við að hlutfall karla sé 100%.

b) Skuldbindingar vegna lífeyris.

Nota skal ofangreindar dánarlíkur, þó þannig að dánarlíkur sjóðfélaga séu eins og hjá einstaklingi, sem er þremur árum yngri. Þetta þýðir að δ í formúlum í kaflanum um skuldbindingar er jafnt og 3. Þegar réttindin eru reiknuð út skal miða við að hlutfall karla sé 50%.

c) Skuldbindingar vegna örorku.

Nota skal ofangreindar örorkulíkur og dánarlíkur og stuðullinn h skal vera 0,7. Þegar réttindin eru reiknuð út skal miða við að hlutfall karla sé 50%.

d) Ávöxtun.

Miða skal við 3,5% ávöxtun umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

e) Kostnaður.

Framlag til rekstrarkostnaðar sjóðsins skal nema 3,5% af iðgjöldum og 0,5% af reiknaðri skuldbindingu.

f) Lágmarkstryggingavernd.

Nota skal gildi í eftirfarandi töflu þegar skuldbindingar vegna lágmarkstryggingaverndar eru reiknaðar. Við útreikning á réttindum er hærra hjónabandshlutfallið og hærri barneignalíkurnar notaðar og aldur maka jafn aldri sjóðfélaga.

Gildi fyrir karla eru táknuð með x og með y fyrir konur								
Aldur	Hlutfall í hjónabandi			Barneignalíkur			Aldur maka	
	Gx	Gy	G	Cx	Cy	C	y	x
16	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0148	0,0148	17,0	18,2
17	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0416	0,0416	18,0	19,2
18	0,0004	0,0004	0,0004	0,0998	0,0752	0,0998	19,0	23,3
19	0,0008	0,0084	0,0084	0,1113	0,0998	0,1113	19,5	23,8
20	0,0051	0,0283	0,0283	0,1315	0,1228	0,1315	19,8	24,5
21	0,0114	0,0712	0,0712	0,1327	0,1417	0,1417	20,6	25,1
22	0,0469	0,1261	0,1261	0,1366	0,1376	0,1376	21,9	25,2
23	0,0963	0,2009	0,2009	0,1399	0,1458	0,1458	22,9	26,3
24	0,1444	0,3043	0,3043	0,1404	0,1465	0,1465	23,8	27,6
25	0,2138	0,3547	0,3547	0,1404	0,1388	0,1404	24,6	28,2
26	0,2861	0,4381	0,4381	0,1389	0,1414	0,1414	25,2	28,9
27	0,3803	0,4947	0,4947	0,1363	0,1412	0,1412	26,1	30,2
28	0,4373	0,5401	0,5401	0,1309	0,1286	0,1309	27,2	30,8
29	0,4928	0,5758	0,5758	0,1251	0,1135	0,1251	28,0	32,0
30	0,5401	0,6293	0,6293	0,1187	0,1118	0,1187	29,1	33,4
31	0,5868	0,6455	0,6455	0,1105	0,1008	0,1105	30,4	33,8
32	0,6299	0,6868	0,6868	0,1015	0,0907	0,1015	30,9	34,5
33	0,6412	0,7304	0,7304	0,0932	0,0724	0,0932	31,4	35,8
34	0,6752	0,7138	0,7138	0,0841	0,0723	0,0841	32,7	37,3
35	0,7169	0,7402	0,7402	0,0750	0,0564	0,0750	33,6	38,2
36	0,7191	0,7557	0,7557	0,0674	0,0479	0,0674	34,6	39,0
37	0,7246	0,7387	0,7387	0,0576	0,0441	0,0576	35,1	39,3
38	0,7406	0,7655	0,7655	0,0492	0,0342	0,0492	36,2	40,4
39	0,7393	0,7633	0,7633	0,0434	0,0177	0,0434	37,7	41,4
40	0,7529	0,7532	0,7532	0,0365	0,0110	0,0365	37,9	42,7
41	0,7381	0,7526	0,7526	0,0287	0,0087	0,0287	39,0	43,3
42	0,7559	0,7804	0,7804	0,0224	0,0054	0,0224	40,0	44,1
43	0,7533	0,7666	0,7666	0,0205	0,0029	0,0205	41,0	45,4
44	0,7737	0,7718	0,7737	0,0147	0,0009	0,0147	42,2	45,5
45	0,7547	0,7664	0,7664	0,0138	0,0000	0,0138	42,1	47,2
46	0,7502	0,7410	0,7502	0,0093	0,0005	0,0093	43,6	48,2
47	0,7702	0,7586	0,7702	0,0078	0,0000	0,0078	44,5	49,6
48	0,7745	0,7410	0,7745	0,0051	0,0000	0,0051	45,1	50,5
49	0,7493	0,7361	0,7493	0,0045	0,0000	0,0045	46,6	51,4

Gildi fyrir karla eru táknuð með x og með y fyrir konur								
Aldur	Hlutfall í hjónabandi			Barneignalíkur			Aldur maka	
	Gx	Gy	G	Cx	Cy	C	y	x
50	0,7603	0,7279	0,7603	0,0036	0,0000	0,0036	47,5	52,8
51	0,7694	0,7487	0,7694	0,0030	0,0000	0,0030	48,2	53,4
52	0,7379	0,7210	0,7379	0,0018	0,0000	0,0018	49,1	54,9
53	0,7648	0,7360	0,7648	0,0013	0,0000	0,0013	49,8	56,2
54	0,7626	0,7117	0,7626	0,0011	0,0000	0,0011	51,5	57,1
55	0,7441	0,7216	0,7441	0,0013	0,0000	0,0013	52,0	58,3
56	0,7668	0,7134	0,7668	0,0008	0,0000	0,0008	53,7	58,7
57	0,7459	0,6997	0,7459	0,0007	0,0000	0,0007	53,8	60,0
58	0,7692	0,6957	0,7692	0,0004	0,0000	0,0004	55,3	60,5
59	0,7570	0,6891	0,7570	0,0004	0,0000	0,0004	56,0	62,0
60	0,7639	0,6710	0,7639	0,0003	0,0000	0,0003	56,5	62,8
61	0,7525	0,6538	0,7525	0,0002	0,0000	0,0002	57,7	64,3
62	0,7234	0,6251	0,7234	0,0003	0,0000	0,0003	58,7	64,9
63	0,7510	0,6349	0,7510	0,0003	0,0000	0,0003	59,4	65,9
64	0,7236	0,5978	0,7236	0,0000	0,0000	0,0000	60,3	66,4
65	0,6797	0,5954	0,6797	0,0001	0,0000	0,0001	61,7	67,7
66	0,7269	0,5512	0,7269	0,0001	0,0000	0,0001	61,8	68,6
67	0,6645	0,5382	0,6645	0,0002	0,0000	0,0002	63,2	69,9
68	0,6996	0,5276	0,6996	0,0006	0,0000	0,0006	64,3	70,4
69	0,7001	0,5020	0,7001	0,0001	0,0000	0,0001	65,1	71,9
70	0,6994	0,4427	0,6994	0,0001	0,0000	0,0001	65,4	73,4
71	0,6759	0,4544	0,6759	0,0001	0,0000	0,0001	67,1	73,7
72	0,6799	0,4229	0,6799	0,0000	0,0000	0,0000	67,0	74,4
73	0,6585	0,4028	0,6585	0,0000	0,0000	0,0000	68,9	75,7
74	0,6507	0,3922	0,6507	0,0000	0,0000	0,0000	69,6	76,5
75	0,6324	0,3669	0,6324	0,0000	0,0000	0,0000	70,0	77,4
76	0,6426	0,3232	0,6426	0,0000	0,0000	0,0000	71,6	79,1
77	0,5931	0,3243	0,5931	0,0000	0,0000	0,0000	71,8	79,6
78	0,6004	0,3364	0,6004	0,0000	0,0000	0,0000	73,5	80,5
79	0,5506	0,2708	0,5506	0,0000	0,0000	0,0000	74,1	80,7
80	0,5722	0,2525	0,5722	0,0000	0,0000	0,0000	74,2	82,1
81	0,5111	0,2385	0,5111	0,0000	0,0000	0,0000	75,1	82,5
82	0,5719	0,1935	0,5719	0,0000	0,0000	0,0000	76,5	84,3
83	0,5310	0,2185	0,5310	0,0000	0,0000	0,0000	77,8	85,5
84	0,5140	0,1486	0,5140	0,0000	0,0000	0,0000	78,5	86,2
85	0,4724	0,1505	0,4724	0,0000	0,0000	0,0000	79,6	87,5
86	0,4343	0,1331	0,4343	0,0000	0,0000	0,0000	80,6	88,5
87	0,4675	0,1102	0,4675	0,0000	0,0000	0,0000	80,9	89,5
88	0,3796	0,1403	0,3796	0,0000	0,0000	0,0000	80,9	90,5
89	0,4375	0,1117	0,4375	0,0000	0,0000	0,0000	83,5	91,5

Gildi fyrir karla eru táknuð með x og með y fyrir konur								
Aldur	Hlutfall í hjónabandi			Barneignalíkur			Aldur maka	
	Gx	Gy	G	Cx	Cy	C	y	x
90	0,2917	0,1034	0,2917	0,0000	0,0000	0,0000	83,1	92,5
91	0,3235	0,0800	0,3235	0,0000	0,0000	0,0000	84,5	93,5
92	0,2353	0,0385	0,2353	0,0000	0,0000	0,0000	85,5	94,5
93	0,3333	0,0283	0,3333	0,0000	0,0000	0,0000	86,5	95,5
94	0,3478	0,0526	0,3478	0,0000	0,0000	0,0000	87,5	96,5
95	0,1364	0,0244	0,1364	0,0000	0,0000	0,0000	88,5	97,5
96	0,1176	0,0606	0,1176	0,0000	0,0000	0,0000	89,5	98,5
97	0,5000	0,0588	0,5000	0,0000	0,0000	0,0000	90,5	99,5
98	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	91,5	100,5
99	0,5000	0,0000	0,5000	0,0000	0,0000	0,0000	92,5	101,5

Breyting á forsendum.

Forsendur þær sem notaðar eru við útreikning skuldbindinga, réttinda og iðgjalda eru tilgreindar hér að framan. Þar er fjallað um dánarlíkur, örorkulíkur, ávöxtun og fleira. Skuldbindingar þær sem þessi grunnur fjallar um geta verið til mjög langs tíma og reynslan hefur sýnt að áhættulíkurnar breytast með tímanum. Eins er ekki hægt að slá því föstu að alltaf verði unnt að ná tiltekinni ávöxtun í framtíðinni, til að mynda gætu tilskipanir stjórnvalda gert það ómögulegt. Því er gert ráð fyrir því að forsendunum megi breyta.

Ef til slíkra breytinga kemur skulu uppsöfnuð réttindi haldast og ný réttindi reiknuð samkvæmt nýju forsendunum. Réttindatöflur í reglugerð sjóðsins skulu vera dagsettar með gildistíma váttryggingargrunnsins. Ef í ljós kemur þegar skuldbindingarnar eru reiknaðar samkvæmt nýju forsendunum að sjóðurinn á ekki fyrir uppsöfnuðum réttindum skulu þau skert hlutfallslega þannig að jafnvægi náist á milli skulda og eigna.

Ofangreindar forsendur skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og skal þeim breytt, ef slík endurskoðun leiðir í ljós að forsendurnar eða hluti þeirra er ekki í samræmi við raunveruleikann. Þá skal tekið mið af því að varðveisla og ávöxtun sjóða sé með eðlilegum hætti og að sýnt þyki að þróun þeirra verði slík að þeir nái ekki að standa undir skuldbindingunum eða að sú fjárhæð sem komi til úthlutunar árlegs bónuss verði meiri en tíu hundraðshlutar af stærð sjóðanna.

Bónus.

a. Stjórn sjóðsins ákveður einu sinni á ári þegar ársreikningur sjóðsins liggur fyrir hversu hári fjárhæð skuli úthlutað á árinu sem bónus fyrir einstaka þætti (lífeyrisvernd, líftryggingavernd, vernd vegna starfsorkumissis) tryggingaverndar sjóðsins. Heildarbónus hvers þáttar skiptist í þrennt: Bónus vegna ávöxtunar HB1, bónus vegna áhættu HB2 og bónus vegna kostnaðar HB3. Við ákvörðun bónussins skal úthluta að minnsta kosti 70% af því sem fæst samkvæmt eftirfarandi reikniaðferðum:

$$HB1 + HB2 = V_0 \cdot [1 + i] + \sum_v \pi_v \cdot [1 + i]^{1-t_v} - V_1$$

V er nettósjóður allra trygginga viðkomandi þáttar reiknaður samkvæmt tryggingagrunninum í byrjun og lok reikningsársins.

π er greiðsla til eða frá tryggingunni á tímanum t_v .

i eru bónusvextir samkvæmt formúlunni

$$i = \frac{2 \cdot I}{A + B - I} - 0,005$$

A er heildarskuldir + eigið fé samkvæmt ársreikningi í upphafi reikningsárs.

B er heildarskuldir + eigið fé samkvæmt ársreikningi í lok reikningsárs.

I er nettó fjármunatekjur samkvæmt ársreikningi að frádregnum afskriftum á iðgjöldum og kröfum.

$$HB2 = \sum_v K_v - \sum_\zeta K_\zeta$$

K_v eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í byrjun reikningsársins eða tóku gildi á reikningsárinu reiknaðar fyrir lok reikningsársins samkvæmt tryggingagrunninum.

K_ζ eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í lok reikningsársins reiknaðar samkvæmt tryggingagrunninum.

HB3 = kostnaðarpáttur iðgjalda ársins - kostnaður ársins.

- b. Allar váttryggingar taka þátt í bónus samkvæmt þessum reglum nema ef um séreign er að ræða, þá er henni haldið fjárhagslega aðskilinni.
- c. Bónus ársins vegna hvers sjóðfélaga er gefinn sem

$$B_j = \frac{B1}{\sum_i V_i} \cdot V_j + \frac{B2}{\sum_i [S_i - V_i]} \cdot [S_j - V_j] + \frac{B3}{\sum_i p_i} \cdot p_j$$

V er nettósjóður samkvæmt tryggingagrunninum í lok reikningsársins.

S er fjárhæð réttinda í lok reikningsársins.

p er ársiðgjald fyrir reikningsárið.

B1 er heildarbónus vegna ávöxtunar (að minnsta kosti 70% af HB1).

B2 er heildarbónus vegna áhættu (að minnsta kosti 70% af HB2).

B3 er heildarbónus vegna kostnaðar (að minnsta kosti 70% af HB3).

Summa af i er summa fyrir alla sjóðfélaga sem njóta tryggingaverndar.

- d. Heildarbónus B1 + B2 + B3 í hverjum tryggingaflokki má ekki vera minni en 0.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi Hulduhlíðar í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt óverulegar breytingar á deiliskipulagi Hulduhlíðar. Breytingin felst í því að byggingarreitum fjölbýlishúsa B er breytt og íbúðum er fjölgað úr 8 í 10 og fellur úr gildi áður staðfest deiliskipulag.

13. október 1998

1943

Nr. 611

Skipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem ekki gerir athugasemdir.

Breytingin öðlist gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 13. október 1998.

Jóhann Sigurjónsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

13. október 1998

Nr. 612

AUGLÝSING

um deiliskipulagi í landi Akra.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir land Akra og Hvamms í Mosfellsbæ

Skipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem ekki gerir athugasemdir.

Breytingin öðlist gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 13. október 1998.

Jóhann Sigurjónsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

13. október 1998

Nr. 613

AUGLÝSING

um óverulegar breytingar á deiliskipulagi Blómvangs í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt óverulegar breytingar á deiliskipulagi Blómvangs, vegna lóðanna Reykjamelis 15-19. Breytingin felst í því að byggingarreitum er breytt og hús lækkuð frá upphaflegu skipulagi og fellur úr gildi áður staðfest deiliskipulag frá 20. júní 1998.

Skipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun sem ekki gerir athugasemdir.

Breytingin öðlist gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 13. október 1998.

Jóhann Sigurjónsson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Eyjafjarðarsveitar.



1. gr.

Byggðarmerki Eyjafjarðarsveitar skal vera tvílitur skjöldur, blár (Pantone process blue) og hvítur. Merkið sýnir fjöllin og ána, sem einkenna staðhætti. Grasið er tákni um gróðursæld og búsaeld ásamt sólinni, sem undirstríkar veðursæld.

2. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins kemur silfraður litur (Pantone 877) í stað hvíta litarins. Hátíðarútgáfu byggðarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

3. gr.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar, sveitarstjóri og stofnanir hreppsins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Eyjafjarðarsveitar er óheimil án samþykkis sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum eða nota það til stjórnsmálaáróðurs.

5. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki hreppsins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdrættir af merkinu eins og á að nota það. Hreppsskrifstofan í Eyjafjarðarsveit leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.


Félagsmálaráðuneytinu, 7. október 1998.

Páll Pétursson.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Vesturbyggðar.



1. gr.

Byggðarmerki Vesturbyggðar er saman sett úr einföldum formum sem mynda þau tákn er einkenna byggðarlagið. Táknin er koma fram í merkinu eru Hrafna Flóki ásamt hröfnunum þrem er varða söguna, eins og segir í Landnámu: „*Þeir Flóki sigldu vestur yfir Breiða-fjörð og tóku þar land sem heitir Vatnsfjörður við Barða-strönd.*“ Í sömu sögu segir einnig: „*Þá gekk Flóki upp á fjall eitt hátt og sá norður yfir fjöllin, fjörð fullan af hafsum, því kölluðu þeir landið Ísland sem það hefur síðan heitið.*“ Látrabjarg, vestasti oddi Evrópu, eitt af einkennum byggðarlagsins er í forgrunni og minnir á sambúð manns og náttúru og nýtingu landgæða. Blár sjór táknar hreinleika hafsins og sjósókn við Vesturbyggð.

2. gr.

Merkið er útfært þannig að það er hægt að nota jafnt í svarthvítu sem í lit. Gengið er út frá Pantone litakerfi og eru litirnir fjórir samkvæmt teikningunni, þ.e. í forgrunn grænn (Pantone 347), litur Látrabjargs. Blár (Pantone 284) litur hafsins, gulur litur (Pantone 131) á hjálmi víkingsins. Svartur litur á hröfnunum og bjarginu og í útlínunum táknanna í merkinu.

3. gr.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar, bæjarstjóri og stofnanir bæjarins nota byggðarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunarinnar á bréfsfni og í prentuðu máli þar sem það á við svo og í stimplum.

4. gr.

Notkun á byggðarmerki Vesturbyggðar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Vesturbyggðar sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins sbr. meðfylgjandi teikningu nema í sérstakri háttíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að nota merkið í firmamerkjum og vörumerkjum og nota það til stjórnmálaáróðurs.

5. gr.

Svart hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart hvítri útgáfu er merkið rastað frá 10% upp í 100% svartan lit. Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins.

6. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdættir af merkinu eins og á að nota það. Bæjarskrifstofan í Vesturbyggð leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. október 1998.

Páll Pétursson.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga. Heimili hans og varnarping er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.
- 2.2. Maki samkvæmt reglugerð þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélaga, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.
- 2.3. Með börnum er í reglugerð þessari átt við börn sjóðfélaga, einnig börn og stjúpbörn sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti síðustu tvö árin fyrir andlát hans.

3. gr.

Aðild.

- 3.1. Sjóðfélagar geta orðið allir arkitektar og tæknifræðingar en stjórn sjóðsins er heimilt að veita einstökum mönnum eða hópi aðild að sjóðnum, enda gegni þessir menn störfum, sem hliðstæð eru störfum arkitekta og tæknifræðinga.
- 3.2. Stjórninni er ennfremur heimilt að veita þeim sem hafa lokið námi á háskólastigi aðild að sjóðnum.
- 3.3. Þeir sem gerast vilja sjóðfélagar, skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntöku-beiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.
- 3.4. Þeir sem eiga inneign eða réttindi í sjóðnum, teljast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Stjórnarmenn eru kjörnir til þriggja ára í senn. Að jafnaði skulu kosnir tveir stjórnarmenn og einn til vara á aðalfundi en þriðja hvert ár skal þó kjósa einn stjórnarmann og einn til vara. Varamenn skulu kallaðir á stjórnarfundi í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Stjórnin skal vera launuð og skal aðalfundur ákveða stjórnarlaun fyrir liðið ár.
- 4.2. Stjórn sjóðsins sér um rekstur hans samkvæmt reglugerð þessari. Hún skal halda gjörða bók og skrá í hana allar samþykktir. Til þess að samþykkt sé lögleg, þarf meirihluti stjórnarinnar að greiða henni atkvæði. Til að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.
- 4.3. Stjórninni er heimilt að ráða sérstakan starfsmann til að annast innheimtu sjóðsins og önnur afgreiðslustörf eða semja við lögaðila um rekstur sjóðsins eða hluta hans.

5. gr.

Aðalfundur og aukaaðalfundur.

- 5.1. Aðalfundur skal halda fyrir lok aprílmánaðar hvert ár. Stjórnin skal boða fundinn með minnst 14 daga fyrirvara með bréfi eða á annan sannanlegan hátt. Í fundarboði skal geta dagskrár.
Ennfremur skal boða fundinn með einni auglýsingu í dagblöðum. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- 5.2. Á aðalfundi skal stjórn sjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Þá skulu á aðalfundi kjörnir þeir trúnaðarmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
1. Skýrsla stjórnar skoðenda.
 2. Skýrsla um rekstur séreignardeildar.
 3. Skýrsla um rekstur tryggingadeildar.
 4. Reikningar séreignardeildar.
 5. Reikningar tryggingadeildar.
 6. Tillögur um breytingar á reglugerð.
 7. Kosning stjórnar, sbr. gr. 4.1.
 8. Kosning félagslegra endurskoðenda.
 9. Önnur mál.
- 5.3. Atkvæðisrétt á aðalfundi eiga allir sjóðfélagar sem áttu inneign eða réttindi í sjóðnum um næstliðin áramót og hefur hver sjóðfélagi 1 atkvæði.
- 5.4. Aukaaðalfundur skal halda, þegar meirihluti sjóðstjórnar telur ástæðu til eða ef 50 sjóðfélagar krefjast þess. Aukaaðalfundur skal boða á sama hátt og aðalfundur. Aukaaðalfundur hefur heimild til að breyta reglugerð sjóðsins sbr. 31. gr.

6. gr.

Reikningar og endurskoðun.

- 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og af tveimur félagslegum skoðendum sem kosnir eru á aðalfundi sjóðsins.
- 6.2. Stjórnin leggur endurskoðaða og undirritaða reikninga sjóðsins fyrir aðalfund hans til samþykktar. Þeir skulu liggja frammi sjóðfélögum til sýnis á þeim stað sem sjóðurinn hefur afgreiðslu, í minnst hálfan mánuð fyrir aðalfund.

7. gr.

Iðgjöld.

- 7.1. Iðgjald til Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga skal vera a.m.k. 10% af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu sbr. 3. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 7.2. Lífeyrissjóðsiðgjaldi skal ráðstafa til lágmarks- og viðbótartryggingaverndar. Þeir sjóðfélagar sem ekki tryggja sér lágmarkstryggingaréttindi í öðrum lífeyrissjóði skulu greiða lágmarksiðgjald í tryggingadeild. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar er ákveðið í 14. gr. reglugerðarinnar.
- 7.3. Sjóðfélaga er heimilt að afla hluta af lágmarkstryggingavernd með greiðslum í sér-eignardeild og lækkar þá iðgjald til lágmarkstryggingarverndar í tryggingadeildina.

Velji sjóðfélagi að afla hluta af lágmarkstryggingavernd með greiðslum í séreignardeild verður að geyma upplýsingar um hlutfall séreignar sem verður greitt sem hluti af ellilífeyri frá 70 ára aldri og kemur sá hluti séreignarinnar til útborgunar frá 70 til 74 ára eða frá 70 til 79 ára aldurs.

- 7.4. Sjóðfélagar geta tryggt sér viðbótartryggingavernd með greiðslum í séreignar- og/eða tryggingadeild.
- 7.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 7.6. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta sbr. 7. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Gjaldldagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Sjóðfélaga ber að fylgjast með því að iðgjaldagreiðslur berist sjóðnum. Ef sjóðfélagi tilkynnir ekki sjóðnum um vangoldin lífeyrisiðgjöld ber hann kostnað við innheimtu vangoldinna lífeyrisiðgjalda sem fallið hafa í gjalddaga 19 mánuðum fyrir frestdag eða fyrr.
- 7.7. Gerist maður sjóðfélagi í þessum sjóði, sem verið hefur sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.
- 7.8. Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- eða heilsu-tryggingar hjá viðurkenndu líftryggingarfélagi.

8. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

- 8.1. Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:
 1. Í ríkisvígslum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
 2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
 3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
 4. Með innlánnum í bönkum og sparissjóðum.
 5. Í skuldabréfum og víglum banka, sparissjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti bankaeftirlits.
 6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
 7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteinunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
 8. Í öðrum verðbréfum.
 9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
 10. Með gerð afleiða sem draga úr áhættu sjóðsins.
- 8.2. Verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. gr. 8.1. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfa-

markað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal bankaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

- 8.3. Þrátt fyrir ákvæði gr. 8.2. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. gr. 8.1. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.
- 8.4. Eignir Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga skv. 2., 5. og 8. tölul. gr. 8.1. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. skv. gr. 8.1. samanlagt skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.5. Samanlögð eign Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. gr. 8.1. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er lífeyrissjóði heimilt að eiga meira en 15% af hlutfé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði.
- 8.6. Lífeyrissjóður arkitekta og tæknifræðinga skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.7. Með hreinni eign í gr. 8.3.–8.6. er átt við hreina eign Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í gr. 8.3.–8.6. skulu halda á hverjum tíma.
- 8.8. Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein en skal þegar hann kaupir verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.
- 8.9. Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga er óheimilt að tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaga sem lífeyrissjóðurinn á hlut í eða taka þátt í stjórnarkjöri á aðalfundi hlutafélaga.

I. HLU TI. SÉREIGNARDEILD.

II. KAFLI

Séreignarreikningar sjóðfélaga.

9. gr.

Séreignardeild.

- 9.1. Fé það sem lagt er inn í séreignardeild í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eigna hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem séreignardeildinni áskotnast vegna eignar hans í séreignardeildinni.
- 9.2. Nettótekjur séreignardeildar skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig í séreignardeildinni og færast árlega á sérreikning þeirra.
- 9.3. Inneignir sjóðfélaga í séreignardeildinni greiðast þannig: Þegar réttthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta með jöfnum árlegum greiðslum á ekki skemmri tíma en sjö árum eða á þeim tíma sem réttthafa vantar upp á 67 ára aldur.
- 9.4. Þetta fyrirkomulag gildir þó ekki um þann hluta inneignar sjóðfélaga sem er hluti af lágmarkstryggingavernd hans sbr. gr. 7.2. Inneign í séreignardeild sem hluti af

lágmarkstryggingavernd kemur til útborgunar frá 70-74 ára aldurs eða 70 til 79 ára aldurs.

9.5. Verði réttthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.

9.6. Deyi réttthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga.

a) Hlut barns undir 13 ára aldri ber að skipta með jöfnum greiðslum á þau ár sem vantar á að barnið nái 18 ára aldri. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát réttthafa skal hlutur þess greiddur út á fimm árum.

b) Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár eða á þann tíma sem makann vantar upp á 67 ára aldur við andlát réttthafa.

c) Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbús sbr. 11. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Um skilgreiningu á maka og börnum vísast til gr. 2.2. í reglugerð þessari. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi er stjórn sjóðsins heimilt að víkja frá tímamörkum endurgreiðslu inneignar.

9.7. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá ákvæðum um dreifingu greiðslna, ef innstæðan er svo lítil, að árgreiðslur geta ekki náð eftirtöldum hundradshlutum þeirra launa, sem sjóðfélaginn greiddi síðast iðgjöld af í sjóðinn.

a) Til sjóðfélaga 25%.

b) Til eftirlifandi maka 15%.

c) Til hvers barns 4%.

Þá má stytta greiðslutímann svo, að árlegar greiðslur nemi ofangreindum fjárhæðum. Við ákvörðun árgreiðslna, skal reiknað með áætlun á vöxtum, sem færast eiga á sérreikninga samkvæmt gr.10.2.

9.8. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. a–c tölul. þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til lífeyrisgreiðslna, inneignar í séreignardeild og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur:

a) Að lífeyrisgreiðslur sem renna eiga til sjóðfélaga skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. LAT skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagens, en þær falla niður við andlát hans.

b) Sjóðfélagi getur ákveðið að inneign hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæða inneign fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og lækkar þá inneign sjóðfélagens sem því nemur. Heildareignir lífeyrissjóðsins aukast ekki við þessa ákvörðun sjóðfélagens og skal þess gætt að ekki sé gengið á rétt lögbundinna erfingja.

c) Að iðgjald vegna sjóðfélaga í séreignardeild skuli allt að hálfu renna í sér-eignarreikning fyrir maka hans.

III. KAFLI

Lífeyrisgreiðslur og endurgreiðslur iðgjalda úr séreignardeild.

10. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna úr séreignardeild.

- 10.1. Umsókn um lífeyri úr séreignardeild skal vera skrifleg.
- 10.2. Lífeyrir greiðist mánaðarlega.
- 10.3. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegt umboð.

11. gr.

Endurgreiðslur iðgjalda.

- 11.1. Nú gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum sjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem starfsleyfi hefur, lögum samkvæmt eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir og er stjórn sjóðsins þá heimilt að greiða alla inneign sjóðfélagsins í séreignardeild í einu lagi. Það er skilyrði þess að greiða megi alla inneignina í einu lagi að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga samkvæmt þeim almennu reglum sem gilda um samskipti lífeyrissjóða.
- 11.2. Endurgreiðslufjárhæðin úr séreignardeild er inneign sjóðfélaga að frádregnum kostnaði sem nemur einu prósentu af séreign viðkomandi sjóðfélaga.

II. HLUTI. TRYGGINGAÐEILD.

IV. KAFLI

Tryggingadeild.

12. gr.

Um tryggingadeildina.

- 12.1. Innan Lífeyrissjóðs arkitekta er starfandi tryggingadeild sem hefur það að markmiði að taka við lágmarksiðgjöldum sjóðfélaga og tryggja þeim lágmarkstryggingavernd skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Auk þess geta einstakir sjóðfélagar greitt í tryggingadeildina og áunnið sér viðbótartryggingavernd vegna ellilífeyris til æviloka, örökulífeyris og maka- og barnalífeyris við fráfall sjóðfélaga.
- 12.2. Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga er heimilt að tryggja áhættudreifingu vegna lífeyrisskuldbindinga sinna, að hluta til eða öllu leyti, hjá váttryggingafélögum, sbr. lög um váttryggingastarfsemi. Jafnframt er honum heimilt að kaupa tiltekna tryggingavernd hjá váttryggingafélögum eða öðrum lífeyrissjóðum fyrir einstaka sjóðfélaga sína. Enn fremur er Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga heimilt að hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar.

13. gr.

Um ávöxtun iðgjalda og fjárhag tryggingadeildarinnar.

- 13.1. Tryggingadeild arkitekta og tæknifræðinga er sjálfstæður rekstraraðili og er rekstur hennar fjárhagslega aðskilinn rekstri séreignardeildar.
- 13.2. Iðgjöld tryggingadeildar skulu ávöxtuð í sérstöku verðbréfasafni fyrir tryggingadeildina. Fjárfestingarstefna tryggingadeildarinnar skal ákveðin af stjórn Lífeyris-

sjóðs arkitekta og tæknifræðinga og verður að vera í samræmi við fjárfestingarheimildir í 8. gr. reglugerðarinnar.

14. gr.

Iðgjöld í tryggingadeildina.

- 14.1. Sjóðfélagar aðildarsjóða geta tryggt sér lágmarkstryggingavernd skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða með greiðslum í tryggingadeildina. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar skal vera eins og fram kemur í töflu 1. Ef sjóðfélagar taka ekkert annað fram skal miðað við að tryggingadeildin tryggi þeim ellilífeyri frá 70 ára aldri til æviloka, annars geta þeir valið að afla hluta af lágmarkstryggingavernd í séreignardeildinni sbr. gr. 14.2.
- 14.2. Sjóðfélagi er heimilt að ákveða lágmarkstryggingavernd þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í tryggingadeild og breytist þá iðgjald til lágmarkstryggingaverndar skv. eftirfarandi reglum:
1. Lífeyrissparnaður fer fram í séreignardeild en í starfslok verður sjóðfélagi að verja hluta af inneign til þess að tryggja lífeyrisgreiðslur til æviloka. Miðað skal við að sjóðfélagi tryggi sér með eingreiðslu úr séreignardeild sambærilegar lífeyrisgreiðslur til æviloka frá 70, 75, 80 eða 85 ára aldri og ef hann hefði valið leiðir 2-4 fyrir neðan. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar kemur fram í töflu 1.
 2. Ellilífeyrir er greiddur úr séreignardeild á aldrinum 70-74 ára og úr tryggingadeild frá 75 ára aldri til æviloka. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar og skipting þess á milli tryggingadeildar og séreignarsjóðs kemur fram í töflu 1.
 3. Ellilífeyrir er greiddur úr séreignardeild á aldrinum 70-79 ára og úr tryggingadeild frá 80 ára aldri til æviloka. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar og skipting þess á milli tryggingadeildar og séreignarsjóðs kemur fram í töflu 1.
 4. Ellilífeyrir er greiddur úr séreignardeild á aldrinum 70-84 ára og úr tryggingadeild frá 85 ára aldri til æviloka. Iðgjald til lágmarkstryggingaverndar og skipting þess á milli tryggingadeildar og séreignarsjóðs kemur fram í töflu 1.
- Ef sjóðfélagi ákveður að afla hluta af lágmarkstryggingavernd í séreignardeild er sá hluti séreignarinnar bundinn fram yfir 70 ára aldur og skal miðað við að séreignardeildin tryggi sambærilegar lífeyrisgreiðslur á aldrinum 70-74 ára, 70-79 ára eða 70-84 ára og sjóðfélaginn fær í lágmarksellilífeyri úr tryggingadeild. Í töflu 6 eru stuðlar til að reikna þann hluta af inneign í séreignardeild sem er bundin fram yfir 70 ára aldur.

V. KAFLI

Réttindi í tryggingadeild.

15. gr.

Lágmarkstryggingavernd.

- 15.1. Með greiðslu iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar ávinnur sjóðfélagi sér rétt til eftirfarandi lífeyris:
1. Ellilífeyris, sbr. gr. 15, 18 og 23.
 2. Örorkulífeyris, sbr. gr. 15, 18 og 24.
 3. Maka- og barnalífeyris, sbr. gr. 15, 18 og 25.
- 15.2. Ellilífeyrir. Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70, 75, 80 eða 85 ára aldri til æviloka. M.v. 40 ára inngreiðslutíma skal ellilífeyrir vera 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt hefur verið af til tryggingadeildar. Sjóðfélagi getur flýtt töku lífeyris og hafið lífeyrisgreiðslur 65 ára en þá lækkar fjárhæð mánaðarlegs ellilífeyris samkvæmt töflu 3.

15.3. Örorkulífeyrir. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri til 70 ára aldurs ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 40% eða meira. M.v. full réttindi til framreiknings skal örorkulífeyrir vera 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt hefur verið af til tryggingadeildar.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 40% eða meira og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir er m.v. áunnin lífeyrisréttindi og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Sjóðfélagi hefur greitt til tryggingadeildarinnar í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum.
2. Sjóðfélagi hefur greitt til tryggingadeildarinnar í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.
3. Sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Hafi sjóðfélagi ekki öðlast rétt til framreiknings vegna fjarveru af vinnumarkaði, vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til tryggingadeildarinnar.

15.4. Maka- og barnalífeyrir. Við fráfall sjóðfélaga er greiddur makalífeyrir til eftirlifandi maka. Fullur makalífeyrir skal aldrei greiddur skemur en í 36 mánuði en hafi maki barn yngra en 18 ára á framfæri, eða ef maki er a.m.k. 40% öryrki og yngri en 67 ára skal fullur makalífeyrir greiddur á meðan það ástand varir.

Andist sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til tryggingadeildarinnar í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum eða notið elli- og örorkulífeyris við andlátið skulu börn hans og kjörbörn sem yngri eru en 18 ára eiga rétt á lífeyri til 18 ára aldurs. Sama rétt til lífeyris öðlast börn sjóðfélaga sem nýtur fulls örorkulífeyris ef börnin eru fædd eða ættleidd fyrir orkutap og allt að 12 mánuðum eftir orkutapið. Ef örorka er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri.

16. gr.

Viðbótartryggingavernd.

16.1. Sjóðfélagar geta hækkað iðgjald til tryggingadeildar og bætt við sig eftirfarandi lífeyrisréttindum:

1. Viðbót við lágmarkstryggingavernd, sbr. gr. 16 og 18.
2. Viðbótarellilífeyri, sbr. gr. 16, 19 og 23.
3. Viðbótarörorkulífeyri, sbr. gr. 16, 20 og 24.
4. Fjölskyldulífeyri, sbr. gr. 16, 21 og 25.

16.2. Viðbót við lágmarkstryggingavernd. Sjóðfélagar geta óskað eftir því að viðbótar-iðgjaldi verði varið til að bæta við sig lágmarkstryggingavernd sbr. gr. 7.

16.3. Viðbótarellilífeyrir. Sjóðfélagar geta aukið ellilífeyrisréttindi með því að greiða iðgjald til viðbótarellilífeyris sem tryggir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá 65 ára aldri til æviloka.

16.4. Viðbótarörorkulífeyrir. Sjóðfélagar geta tryggt sér viðbótarörorkulífeyri ef starfsorka skerðist um 40% eða meira vegna sjúkdóms eða slyss. Sjóðfélagar greiða fyrir trygginguna iðgjald sem ræðst af fjárhæð örorkulífeyris og aldri sjóðfélagsans við greiðslu iðgjalda. Viðbótarörorkulífeyrir getur verið tvenns konar:

1. Árleg réttindi. Sjóðfélagi getur bætt við sig örorkulífeyrstryggingu einstök ár.
2. Áunnin réttindi sem fylgja sjóðfélaganum áfram þrátt fyrir að hann hætti að kaupa viðbótartryggingavernd ef hann hættir að greiða í sjóðinn.

Hámarkstryggingavernd viðbótarörorkulífeyris skal taka mið af launum síðustu 12 mánaða og aldrei vera hærri en 100% af launum sjóðfélaga.

Vilji sjóðfélagi bæta við sig viðbótarörorkutryggingu eða hækka örorkutryggingu sína getur tryggingadeildin krafist læknisvottorða áður en samþykkt er að hækka fjárhæðina. Ef örorkutrygging skv. vali sjóðfélaga hækkar um meira en 25% á ári skal stjórn deildarinnar óska eftir heilsufarslýsingu frá sjóðfélaganum.

Ef trúnaðarlæknir tryggingadeildar telur heilsu hans verulega ábótavant eða verulegar líkur á að sjóðfélaginn þurfi að sækja um örorkulífeyri á næstu misserum skal stjórn sjóðsins hafna beiðni hans um viðbótarörorkuvernd.

- 16.5. Sjóðfélagar geta tryggt fjölskyldum sínum rétt til fjölskyldulífeyris sem er eingreiðsla við fráfall sjóðfélaga með því að greiða iðgjald fyrir fjölskyldulífeyri. Sjóðfélagar velja sjálfir hversu háa upphæð þeir tryggja sig fyrir. Fjölskyldulífeyrir er greiddur inn á séreignarreikning til eftirlifandi maka og barna látinna sjóðfélaga og skiptist á milli barna og maka skv. gr. 9.6. Sjóðfélagar geta valið á milli þriggja tegunda fjölskyldulífeyris:

1. Tímabundin réttindi sem falla niður eftir tryggingatímabil (a.m.k. eitt ár).
2. Áunnin réttindi til 65 ára aldurs.
3. Áunnin réttindi til æviloka.

Hámarksfjárhæð fjölskyldulífeyris án læknisskoðunar þegar sjóðfélagi velur fjölskyldulífeyrstryggingu í fyrsta sinn skal miðast við eftirtalin fjárhæðarmörk:

- 17 - 40 ára 8 m.kr.
- 41 - 45 ára 6 m.kr.
- 46 - 50 ára 4 m.kr.
- 51 - 60 ára 3 m.kr.
- 61 - 64 ára 0 kr.

Ofangreindar fjárhæðir breytast með vísitölu neysliverðs frá janúar 1998, gildi 181,4.

Vilji sjóðfélagi hækka fjölskyldulífeyrstryggingu sína getur tryggingadeildin krafist læknisvottorða áður en samþykkt er að hækka fjárhæðina. Ef fjölskyldulífeyrir skv. vali sjóðfélaga hækkar um meira en 25% á ári skal stjórn deildarinnar óska eftir heilsufarslýsingu frá sjóðfélaganum enda fari fjárhæð fjölskyldulífeyris umfram framangreind fjárhæðamörk. Ef trúnaðarlæknir tryggingadeildarinnar telur heilsu hans verulega ábótavant skal stjórnin hafna beiðni hans um aukinn fjölskyldulífeyri.

17. gr.

Um skiptingu réttinda á milli sjóðfélaga og maka.

- 17.1. Sjóðfélagi getur ákveðið að skipta lífeyrisréttindum á milli sín og maka síns í samræmi við 14. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Tryggingadeildin skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagens, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagens.

2. Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagens sem því nemur.

Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagens og skal farið eftir töflum 2 og 4 við skiptingu réttinda og tekið tillit til aldurs maka.

3. Að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda lífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds til lágmarkstryggingaverndar og viðbótartryggingaverndar skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagens hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu.

VI. KAFLI

Útreikningur á réttindum í tryggingadeild.

18. gr.

Lágmarkstryggingavernd.

- 18.1. Réttindi sjóðfélaga til ellilífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í ellilífeyrisdeild tryggingadeildar ár hvert. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysliverðs. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt til tryggingadeildarinnar sbr. meðfylgjandi töflu nr. 2. Í dálki 2 eru sýnd réttindi m.v. að tryggingadeildin greiði ellilífeyri frá 70 ára aldri en í dálkum 3 - 5 eru sýnd réttind m.v. að ellilífeyrir sé greiddur frá 75, 80 eða 85 ára aldri.
- 18.2. Heimilt er sjóðfélaga að flýta töku lágmarksellilífeyris um allt að fimm ár og lækkar þá fjárhæð ellilífeyris. Tafla 3 sýnir hvernig árlegur ellilífeyrir lækkar ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris fyrir 70 ára aldur.
- 18.3. Örorkulífeyrir er reiknaður á sama hátt og ellilífeyrir frá 70 ára aldri. Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða lífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér með greiðslum til 65 ára aldurs sbr. töflu 2. Við framreikning réttinda skal reikna með meðalinnborgun næstu þriggja ára áður en orkutapið átti sér stað. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 40% til 100%.
- 18.4. Fullur makalífeyrir er 50% af áunnum örorkulífeyri sjóðfélaga við andlát m.v. 100% örorku.
- 18.5. Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Barnalífeyrir er greiddur með hverju barni látins sjóðfélaga til 18 ára aldurs.

19. gr.

Viðbótarellilífeyrir.

- 19.1. Réttindi sjóðfélaga til viðbótarellilífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er til að tryggja sér viðbótarellilífeyri ár hvert. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysliverðs. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga sbr. töflu 4, dálka 1 og 2.
- 19.2. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris í allt að 15 ár eða flýta töku hans um allt að 5 ár og breytist þá fjárhæð mánaðargreiðslu til æviloka skv. töflu 5. Tafla 5, sýnir hvernig árlegur ellilífeyrir breytist miðað við mismunandi aldur við töku ellilífeyris.

- 19.3. Við notkun taflanna ber að miða við lífaldur sjóðfélaga. Hækkun vegna frestunar samkvæmt töflu 4 reiknast í heilum mánuðum miðað við lífaldur og er breyting á milli ára jöfnuð út línulega með fjölda mánaða. Fyrsta frestun reiknast þegar sjóðfélagi er a.m.k. 65 ára og eins mánaðar gamall.

20. gr.

Viðbótarörorkulífeyrir.

- 20.1. Sjóðfélagar geta aukið örorkutryggingu sína og tryggt sér viðbótarörorkulífeyri úr tryggingadeildinni. Upphæð viðbótarörorkulífeyris fer eftir töflu 4, dálkum 1 og 3 sem sýnir það iðgjald sem svarar til einnar milljónar króna í örorkubætur á ári frá örorkudegi til 65 ára aldurs. Iðgjaldið hækkar/lækkar hlutfallslega með bótafjárhæð.
- 20.2. Sjóðfélagar geta einnig keypt réttindi til viðbótarörorkulífeyris sem geymast til 65 ára aldurs. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til örorkulífeyris fer eftir töflu 4, dálkum 1 og 4. Hún sýnir það iðgjald sem samsvarar eitt hundrað þúsund króna örorkubótum á ári frá örorkudegi til 65 ára aldurs. Iðgjaldið hækkar/lækkar hlutfallslega með bótafjárhæð. Geymd réttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

21. gr.

Fjölskyldulífeyrir.

- 21.1. Iðgjald fjölskyldulífeyris ræðst af aldri sjóðfélagans við greiðslu iðgjaldsins. Upphæð iðgjalds fyrir fjölskyldulífeyri sem er 1.000.000 króna eingreiðsla við fráfall sjóðfélaga er sýnt í töflu 4, dálkum 1 og 5, og hækkar/lækkar hlutfallslega miðað við bótafjárhæð.
- 21.2. Sjóðfélagar geta einnig tryggt fjölskyldu sinni rétt til fjölskyldulífeyris við fráfall sjóðfélaga sem geymast til 65 ára aldurs. Réttindin falla niður ef sjóðfélagi nær 65 ára aldri. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til fjölskyldubóta fer eftir töflu 4, dálkum 1 og 6. Hún sýnir iðgjald á ári fyrir fjölskyldubætur sem eru eitt hundrað þúsund ef viðkomandi sjóðfélagi deyr fyrir 65 ára aldur. Geymd réttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.
- 21.3. Sjóðfélagar geta einnig tryggt fjölskyldu sinni rétt til fjölskyldulífeyris sem geymast til æviloka. Upphæð iðgjalds fyrir geymd réttindi til fjölskyldubóta fer eftir töflu 4, dálkum 1 og 7. Hún sýnir iðgjald á ári fyrir fjölskyldubætur sem eru eitt hundrað þúsund krónur þegar viðkomandi sjóðfélagi deyr. Geymd réttindi eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

VII. KAFLI

Um lífeyrisgreiðslur úr tryggingadeild.

22. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

- 22.1. Umsókn um lífeyri úr tryggingadeild skal vera skrifleg. Lífeyrir greiðist að jafnaði mánaðarlega nema fjölskyldulífeyrir sem er eingreiðsla. Lífeyrir greiðist lífeyrisþeganum eða þeim, sem hann veitir til þess skriflegt umboð.
- 22.2. Lífeyrir skal greiddur fyrir þann mánuð, sem réttur til hans stofnast, og fyrir þann mánuð, sem réttur til hans fellur úr gildi. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst til sjóðsins og greiðist ekki aftur í tímann. Hafi ekki borist umsókn um ellilífeyri við 70 ára aldur sjóðfélaga skal hefja greiðslur ellilífeyris án umsóknar.
- 22.3. Stjórn tryggingadeildar er ekki skylt að greiða örorkulífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar, er umsókn barst sjóðnum.

23. gr.

Ellilífeyrir.

- 23.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er 65 ára og á ellilífeyrisréttindi, á rétt á ellilífeyri. Ellilífeyrir er greiddur sem föst fjárhæð á mánuði til dauðadags skv. uppsöfnuðum réttindum sbr. gr. 11 og 12. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.

24. gr.

Örorkulífeyrir.

- 24.1. Sjóðfélagi sem vegna örorku verður vanhæfur til að gegna starfi sínu á rétt á örorkulífeyri og viðbótarörorkulífeyri úr sjóðnum hafi hann valið slíka tryggingu og greitt fyrir hana á undanförunum 12 mánuðum eða eigi geymd viðbótarörorkulífeyrisréttindi. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjú mánuði eftir orkutap.
- 24.2. Örorkulífeyrir er greiddur ef trúnaðarlæknir sjóðsins eða tryggingayfirlæknir meta læknisfræðilega örorku að minnsta kosti 40% (örorkuprósentu). Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjumissi af völdum örorkunnar.
- 24.3. Örorkumatið skal miða við hæfi sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi. Telji stjórn sjóðsins að þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna t.d. sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.
- 24.4. Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftár ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Stjórn tryggingadeildarinnar skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömu leiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.
- 24.5. Örorkulífeyri skal margfalda með örorkuprósentunni. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.
- 24.6. Heimilt er að fengnu álitu trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem gæti leitt til betra heislufars og hæfni til þess að afla sér launatekna í framtíðinni.
- 24.7. Skyld er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr tryggingadeild eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 24.8. Ákveðnum hluta örorkulífeyrisgreiðslna skal varið til kaupa á lífeyrisréttindum í séreignar- og tryggingadeild kjósi sjóðfélaginn svo.

25. gr.

Maka-, barna- og fjölskyldulífeyrir.

- 25.1. Maki og börn öðlast rétt til maka-, barna- og fjölskyldulífeyris við fráfall sjóðfélaga.
- 25.2. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátíð var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris

fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný, stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar.

- 25.3. Fullur makalífeyrir er greiddur til maka látins sjóðfélaga í þrjú ár og síðan helmingur makalífeyris í tvö ár þar á eftir. Fullur makalífeyrir er greiddur lengur ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
1. Yngsta barn maka sem sjóðfélagi hafði áður á framfæri sínu er yngra en 18 ára.
 2. Makinn er a.m.k. 40% öryrki og yngri en 67 ára.
- 25.4. Maki og börn sjóðfélaga öðlast rétt til fjölskyldulífeyris úr tryggingadeild við andlát sjóðfélaga hafi sjóðfélagi valið slíka tryggingu og greitt til sjóðsins næstu 12 mánuði fyrir andlát eða eigi geymd réttindi. Maki eða börn geta ákveðið að í stað eingreiðslu greiðist fjölskyldulífeyririnn út mánaðarlega á ákveðnu árabili.

26. gr.

Flutningur réttinda til annarra lífeyrissjóða.

- 26.1. Heimilt er stjórn tryggingadeildar með samþykki viðkomandi aðildarsjóðs að flytja réttindi einstakra sjóðfélaga sem þess óska yfir til annars löglegs lífeyrissjóðs. Skal flutningurinn eiga sér stað um áramót þegar niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar liggur fyrir. Viðkomandi sjóðfélagi skal greiða 10.000 kr. fyrir flutninginn og er sú tala verðtrygð m.v. vísitölu neysluverðs í janúar 1998, 182,4.

VIII. KAFLI

Tryggingafræðileg athugun og bónusgreiðslur úr tryggingadeild.

27. gr.

Tryggingafræðileg athugun.

- 27.1. Árlega skal stjórn tryggingadeildar fá óháðan tryggingafræðing til þess að meta stöðu tryggingadeildarinnar. Hann skal semja skýrslu til stjórnar deildarinnar um athugun sína og skal hún liggja frammi á aðalfundi.
- 27.2. Við mat á stöðu tryggingadeildar og greiðslugetu í framtíðinni skal gengið út frá spá um 3,5% ávöxtun. Almenn er miðað við að úttektin taki mið af reglum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um tryggingafræðilegar úttektir.
- 27.3. Ef eignir tryggingadeildar reynast meiri en skuldbindingar deildarinnar skal deila út bónus til sjóðfélaga og skal hann greiddur sem iðgjald sjóðfélaga til séreignardeildar. Ef eignir tryggingadeildar nægja ekki fyrir skuldbindingum skal skerða réttindi sjóðfélaga í tryggingadeildinni. Tryggingafræðingur sjóðsins skal gera tillögur um það til sjóðstjórnar ef hann telur ástæðu til þess að úthluta bónus eða skerða réttindi.

28. gr.

Tryggingafræðilegur grunnur tryggingadeildarinnar.

- 28.1. Tryggingafræðilegur grunnur tryggingadeildarinnar er sérstakur viðauki við reglugerðina sem er dagsettur m.v. gildistíma grunnsins. Ef grunnurinn breytist kemur hann sem nýr viðauki.
- 28.2. Réttindatöflur í reglugerðinni skulu ætíð reiknaðar skv. nýjasta tryggingafræðilegum grunni.

*III. HLUTI. ÝMIS ÁKVÆÐI.***IX. KAFLI****Upplýsingaskylda, framsal og veðsetning lífeyris, gerðardómur.**

29. gr.

Upplýsingaskylda.

- 29.1. Stjórn sjóðsins er skylt að upplýsa sjóðfélaga um inneign þeirra í séreignardeild og réttindi í tryggingadeild með því að senda yfirlit til sjóðfélaga a.m.k. yfirlit tvisvar á ári.

30. gr.

Framsal, veðsetning og aðför lífeyris

- 30.1. Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir og réttindi í sjóðnum, hvort heldur er sem heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.
- 30.2. Lífeyrisgreiðslur eru undanþegnar aðför.

31. gr.

Gerðardómur.

- 31.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af viðkomandi sjóðfélagi, einum tilnefndum af stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 hluta málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

X. KAFLI**Um breytingu á reglugerðinni og gildistöku.**

31. gr.

Breytingar á reglugerðinni.

- 31.1. Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins löglegar að þær hafi verið samþykktar af löglegum aðalfundi sjóðsins eða löglegum aukaáðalfundi með atkvæðum a.m.k. 10% allra sjóðfélaga eða að breytingin hafi verið samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða á 2 aðalfundum (eða aðalfundi og aukaáðalfundi) sem haldnir eru í röð. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn sjóðsins að minnsta kosti einum mánuði fyrir aðalfund og ber að geta hennar í fundarboði.

32. gr.

Gildistaka.

- 32.1. Reglugerð þessi gildir frá 30. júní 1998 og kemur í stað eldri reglugerða Lífeyrissjóðs arkitekta og Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði um skiptingu iðgjalds í lágmarks- og viðbótariðgjald og lágmarkstryggingavernd taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 1999. Fram til þess tíma skulu iðgjöld fyrrum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði arkitekta renna öll í tryggingadeildina til að tryggja þeim lágmarkstryggingavernd nema að sjóðfélagarnir velji annað. Iðgjöld fyrrum sjóð-

félaga í Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands skulu hins vegar renna öll í séreignardeildina nema að sjóðfélagarnir velji annað. Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga skal senda sjóðfélögum bréf strax og sjóðurinn hefur starfsemi og tilkynna um ofangreinda skiptingu og möguleika í boði fyrir sjóðfélaga.

2. Sjóðfélagar Lífeyrissjóðs arkitekta og Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands koma inn á sama grundvelli í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga. Eignir gömlu sjóðanna skulu metnar á sama hátt þannig að tryggt sé að sjóðfélagar beggja sjóðanna fá sambærileg réttindi í Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga.

Flutt réttindi í tryggingadeild Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga miða við réttindatöflur sem reiknast nákvæmlega út frá væntingum um það sem sjóðurinn á að geta staðið við og verður miðað við raunverulega kyn- og aldursdreifingu sjóðfélaga.

3. Flutningur á réttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði arkitekta yfir í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga miðast við 30. júní 1998 og verður sjóðfélögum tryggt eftirfarandi réttindi m.v. réttindi í Lífeyrissjóði arkitekta á sama tíma:

1. Ellilífeyrisréttindi frá 65 ára aldri sem svara til áunninna réttinda frá 65 ára aldri í Lífeyrissjóði arkitekta.
2. Örorkuréttindi til 65 ára aldurs sem svara til áunninna örorkuréttinda í Lífeyrissjóði arkitekta.
3. Fjölskyldulífeyrir við fráfalið sjóðfélaga þannig að eftirlifandi maki fái greiddan fjölskyldulífeyri sem svarar til þess að fá áunnin eftirlaunaréttindi m.v. 65 ára aldur greiddan í tvö ár.

Í september 1998 verður sjóðfélögum í Lífeyrissjóði arkitekta sent bréf þar sem þeim gefst kostur á að gera athugasemdir við flutning réttinda yfir í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga fyrir 1. desember 1998. Ef athugasemdir berast á réttum tíma hefur stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga heimild til að taka tillit til þeirra.

Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði arkitekta geta einnig óskað eftir því fyrir 1. desember 1998 að allt að 40% af áunnum ellilífeyrisréttindum þeirra verði fluttur yfir í séreignardeild Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga.

4. Örorkuskuldbinding Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands verður flutt yfir í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga miðað við 30. júní 1998. Allir sjóðfélagar sem þá áttu örorkuréttindi í LTFÍ fá sambærileg örorkuréttindi til 65 ára aldurs í Lífeyrissjóði arkitekta og tæknifræðinga og greiða fyrir hana af séreign sinni við stofnun sjóðsins. Í september 1998 verður viðkomandi sjóðfélögum sent bréf og þeim gefinn kostur á að segja tryggingunni skriflega upp fyrir 1. desember 1998 og fá iðgjaldið endurgreitt inn á séreignarreikning sinn.

Sjóðfélögum í Lífeyrissjóði Tæknifræðingafélags Íslands verður jafnframt gefinn kostur á að nota hluta af séreign sinni til að bæta við sig öðrum tryggingum í tryggingadeildinni og fá þeir frest til 1. desember 1998 til að óska eftir því. Réttindin m.v. réttindatöflur sem reiknast nákvæmlega út frá væntingum um það sem sjóðurinn á að geta staðið við og verður miðað við raunverulega kyn- og aldursdreifingu sjóðfélaga.

5. Á aðalfundi Lífeyrissjóðs arkitekta 1998 verður kosinn einn stjórnarmaður í Lífeyrissjóð arkitekta og tæknifræðinga til þriggja ára.

Á aðalfundi Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands 1998 verður kosinn einn stjórnarmaður til þriggja ára og einn varamaður. Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta mun síðan tilnefna einn stjórnarmann til tveggja ára og einn varamann til eins árs. Stjórn Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands mun tilnefna tvo stjórnarmenn til eins og tveggja ára og einn varamann til tveggja ára.

Stjórn Lífeyrissjóðs arkitekta og tæknifræðinga verður þá þannig skipuð:

		Sitja í 1 ár : 1998-1999:	Sitja í 2 ár : 1998-2000:	Sitja í 3 ár: 1998-2001:	Samtals:
La	Aðalmenn		1 tilnefndur af stjórn	1 kosinn á aðalfundi La 1998.	2 aðalmenn
	Varamenn	1 tilnefndur af stjórn			1 varamaður
LTFÍ	Aðalmenn	1 tilnefndur af stjórn	1 tilnefndur af stjórn	1 kosinn á aðalfundi LTFÍ 1998.	3 aðalmenn
	Varamenn		1 tilnefndur af stjórn	1 kosinn á aðalfundi LTFÍ 1998.	2 varamenn
Samtals:		1 stjórnarmaður 1 varamaður	2 stjórnarmenn 1 varamaður	2 stjórnarmenn 1 varamaður	5 aðalmenn 3 varamenn

XI. KAFLI Iðgjaldatöflur.

Töflur í þessum kafla eru reiknaðar skv. tryggingagrunni eftir ákvæðum 28. gr. og kunna þess vegna að breytast m.v. breyttar forsendur. Töflurnar eru dagsettar m.v. þann dag sem þær taka gildi og skulu allar töflur alltaf vera fyrirbyggjandi hjá aðildarsjóðum og nýjustu töflur birtar þessum kafla hverju sinni.

Iðgjaldatöflur tryggingadeildar arkitekta og tæknifræðinga eru eftirtaldar:

<i>Tafla</i>	<i>Heiti töflu</i>	<i>Gildistaka</i>
1	Lágmarksiðgjöld í tryggingadeild og séreignarsjóð.	1. júlí 1998
2	Iðgjaldtafla fyrir lágmarkstryggingavernd.	1. júlí 1998
3	Breyting á lágmarks ellilífeyri ef taka lífeyris hefst fyrir 70 ára aldur.	1. júlí 1998
4	Iðgjaldtafla fyrir viðbótartryggingavernd.	1. júlí 1998
5	Breyting á viðbótarellilífeyri ef töku lífeyris er flýtt eða frestað frá 65 ára aldri.	1. júlí 1998

Tafla 1. Lágmarksiðgjöld í tryggingadeild og séreignardeild.

Tryggingadeild greiðir lífeyri frá		70 ára	75 ára	80 ára	85 ára
Séreignardeild greiðir lífeyri frá	70 ára*		70 til 74 ára	70 til 79 ára	70 til 84 ára
Lágmarks iðgjald, % af launum	2,97	8,24	8,52	8,93	9,49
Tryggingadeild	2,97	8,24	6,35	4,93	3,95
Séreignardeild			2,17	4,00	5,54

* Í starfslok verður sjóðfélagi að verja hluta af inneign í séreignardeild í hlutfalli við inngreiðslu frá 1. júlí 1999 til að tryggja sér lífeyrisgreiðslur til æviloka úr tryggingadeild.

Tafla 2. Iðgjaldtafla fyrir lágmarkstryggingavernd.

1.	2.	3.	4.	5.
Aldur þegar iðgjald er greitt	Árlegur lífeyrir frá 70 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald	Árlegur lífeyrir frá 75 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald	Árlegur lífeyrir frá 80 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald	Árlegur lífeyrir frá 85 ára aldri fyrir hvert 10 þús.kr. iðgjald
16	3.409	4.298	5.318	6.325
17	3.315	4.188	5.192	6.188
18	3.223	4.078	5.066	6.050
19	3.132	3.969	4.940	5.910
20	3.040	3.859	4.811	5.766
21	2.948	3.746	4.676	5.611
22	2.856	3.632	4.537	5.450
23	2.763	3.515	4.394	5.281
24	2.668	3.395	4.245	5.102
25	2.583	3.288	4.114	4.949
26	2.496	3.178	3.977	4.784
27	2.414	3.075	3.849	4.633
28	2.335	2.976	3.729	4.491
29	2.260	2.882	3.614	4.355
30	2.185	2.787	3.496	4.215
31	2.122	2.712	3.407	4.116
32	2.059	2.634	3.314	4.010
33	1.997	2.558	3.223	3.906
34	1.940	2.490	3.145	3.820
35	1.882	2.419	3.060	3.722
36	1.826	2.350	2.978	3.628
37	1.773	2.285	2.901	3.543
38	1.718	2.218	2.820	3.448
39	1.667	2.155	2.744	3.362
40	1.618	2.094	2.671	3.279
41	1.569	2.033	2.598	3.194
42	1.520	1.972	2.524	3.107
43	1.474	1.915	2.455	3.029
44	1.429	1.859	2.387	2.949
45	1.385	1.804	2.321	2.873
46	1.343	1.752	2.258	2.801
47	1.301	1.700	2.195	2.727
48	1.262	1.651	2.135	2.659
49	1.224	1.605	2.080	2.597
50	1.187	1.559	2.026	2.535
51	1.152	1.516	1.975	2.478
52	1.119	1.477	1.930	2.430
53	1.087	1.438	1.885	2.382
54	1.057	1.403	1.846	2.343
55	1.075	1.454	1.960	2.557
56	1.003	1.340	1.780	2.284
57	978	1.314	1.756	2.269
58	955	1.289	1.735	2.259
59	934	1.269	1.721	2.262
60	915	1.250	1.712	2.275
61	897	1.236	1.710	2.303
62	881	1.224	1.715	2.346
63	865	1.214	1.723	2.399
64	851	1.206	1.740	2.473
65	837	1.200	1.761	2.565
66	821	1.191	1.779	2.659
67	806	1.182	1.800	2.770
68	786	1.165	1.806	2.858
69	763	1.140	1.793	2.909

Tafla 3. Breyting á lágmarksellilífeyri ef taka lífeyris hefst fyrir 70 ára aldur.

1. Aldur þegar taka lífeyris hefst	2. Breyting á lágmarksellilífeyri ef töku lífeyris er flýtt frá 70 ára aldri
65	69%
66	74%
67	80%
68	86%
69	92%
70	0%

Tafla 4. Iðgjaldtafla fyrir viðbótartryggingavernd.

1. Aldur þegar iðgjald er greitt	Viðbótar- ellilífeyrir	Viðbótarörorkulífeyrir		Fjölskyldulífeyrir		
	2. Árlegur lífeyrir frá 70 ára aldri fyrir hvert 10 þús. kr. iðgjald	3. Iðgjald á ári fyrir örorkubætur sem eru 1 m.kr. á ári til 65 ár aldurs ef sjóðfélagi verður öryrki á árinu	4. Iðgjald fyrir örorkubætur sem eru 100 þús.kr. á ári til 65 ára. Geymd réttindi til 65 ára	5. Iðgjald á ári fyrir fjölskyldubætur sem eru 1 m.kr. eingreiðsla ef sjóðfélagi deyr á árinu	6. Iðgjald fyrir fjölskyldulífeyri sem er 100 þús. kr. eingreiðsla ef sjóðfélagi deyr fyrir 65 ára	7. Iðgjald fyrir fjölskyldulífeyri sem er 100 þús. kr. eingreiðsla þegar sjóðfélagi fellur frá
17	6.115	9.012	42.475	805	4.920	14.615
18	5.906	9.040	43.072	810	5.013	15.055
19	5.704	9.078	43.688	814	5.108	15.511
20	5.508	9.129	44.324	820	5.207	15.982
21	5.319	9.193	44.977	826	5.309	16.470
22	5.137	9.275	45.649	834	5.413	16.974
23	4.961	9.374	46.337	842	5.521	17.496
24	4.791	9.495	47.040	852	5.631	18.036
25	4.626	9.640	47.758	864	5.745	18.595
26	4.468	9.812	48.488	877	5.862	19.172
27	4.314	10.015	49.229	892	5.981	19.770
28	4.166	10.254	49.977	909	6.104	20.387
29	4.023	10.531	50.730	929	6.229	21.025
30	3.885	10.852	51.484	952	6.356	21.684
31	3.752	11.223	52.235	978	6.486	22.366
32	3.623	11.650	52.978	1.007	6.619	23.069
33	3.498	12.138	53.708	1.041	6.753	23.796
34	3.378	12.695	54.418	1.080	6.888	24.546
35	3.261	13.329	55.103	1.125	7.025	25.320
36	3.149	14.046	55.752	1.175	7.162	26.119
37	3.040	14.858	56.359	1.233	7.300	26.942
38	2.935	15.770	56.911	1.298	7.436	27.791
39	2.834	16.795	57.399	1.373	7.572	28.666
40	2.736	17.941	57.809	1.457	7.705	29.566
41	2.641	19.218	58.127	1.553	7.835	30.494
42	2.549	20.636	58.339	1.662	7.961	31.448
43	2.460	22.204	58.428	1.786	8.081	32.429
44	2.375	23.930	58.375	1.926	8.193	33.438
45	2.292	25.823	58.161	2.084	8.296	34.474
46	2.211	27.886	57.766	2.263	8.388	35.537
47	2.134	30.120	57.166	2.465	8.466	36.628
48	2.059	32.526	56.340	2.693	8.527	37.745
49	1.986	35.094	55.263	2.949	8.570	38.890
50	1.915	37.809	53.910	3.239	8.589	40.061
51	1.847	40.646	52.259	3.564	8.582	41.259
52	1.781	43.568	50.286	3.930	8.543	42.482
53	1.717	46.521	47.971	4.341	8.468	43.730
54	1.654	49.431	45.296	4.802	8.350	45.002
55	1.594	52.198	42.249	5.319	8.184	46.297
56	1.535	54.889	38.827	5.897	7.961	47.615
57	1.478	56.731	35.037	6.545	7.674	48.953
58	1.423	58.096	30.901	7.269	7.312	50.311
59	1.369	58.494	26.464	8.077	6.864	51.686
60	1.317	57.555	21.796	8.980	6.318	53.078
61	1.265	54.805	17.008	9.985	5.659	54.485
62	1.216	49.647	12.263	11.105	4.872	55.904
63	1.167	41.326	7.793	12.350	3.935	57.333
64	1.120	28.893	3.925	13.734	2.829	58.771
65	1.073					
66	1.028					
67	983					
68	940					
69	897					
70	855					

Tafla 5. Breyting á viðbótarellilífeyri ef töku lífeyris er flýtt eða frestað frá 65 ára aldri.

1. Aldur þegar taka lífeyris hefst	2. Breyting á viðbótarellilífeyri ef töku lífeyris er flýtt/frestað frá 65 ára aldri
60	-54%
61	-51%
62	-47%
63	-43%
64	-39%
65	-34%
66	-29%
67	-23%
68	-16%
69	-9%
70	0%
71	8%
72	18%
73	29%
74	41%
75	55%
76	70%
77	89%
78	110%
79	134%
80	163%
81	197%
82	238%
83	286%
84	345%
85	417%

Tafla 6. Stuðlar til að reikna út séreign til útgreiðslu á aldrinum 70-84 ára.

Stuðlar til að reikna út séreign sem bundinn er fram yfir 70 ára aldur ef sjóðfélagar afla hluta af lágmarksellilífeyri með greiðslum í séreignardeild.

Aldur	Greiðslutími lífeyris úr séreignardeild		
	70-74	70-79	70-84
17	8,89	16,37	22,68
18	9,20	16,95	23,47
19	9,52	17,54	24,29
20	9,86	18,15	25,14
21	10,20	18,79	26,02
22	10,56	19,45	26,93
23	10,93	20,13	27,87
24	11,31	20,83	28,85
25	11,71	21,56	29,86
26	12,12	22,32	30,91
27	12,54	23,10	31,99
28	12,98	23,91	33,11
29	13,43	24,74	34,26
30	13,90	25,61	35,46
31	14,39	26,50	36,71
32	14,89	27,43	37,99
33	15,41	28,39	39,32
34	15,95	29,39	40,70
35	16,51	30,41	42,12
36	17,09	31,48	43,59
37	17,69	32,58	45,12
38	18,31	33,72	46,70
39	18,95	34,90	48,33
40	19,61	36,12	50,03
41	20,30	37,39	51,78
42	21,01	38,70	53,59
43	21,74	40,05	55,46
44	22,50	41,45	57,41
45	23,29	42,90	59,42
46	24,11	44,40	61,49
47	24,95	45,96	63,65
48	25,82	47,57	65,87
49	26,73	49,23	68,18
50	27,66	50,96	70,57
51	28,63	52,74	73,04
52	29,63	54,58	75,59
53	30,67	56,50	78,24
54	31,74	58,47	80,98
55	32,86	60,52	83,81
56	34,01	62,64	86,74
57	35,20	64,83	89,78
58	36,43	67,10	92,92
59	37,70	69,45	96,17
60	39,02	71,88	99,54
61	40,39	74,39	103,02
62	41,80	77,00	106,63
63	43,26	79,69	110,36
64	44,78	82,48	114,23
65	46,35	85,37	118,22
66	47,97	88,36	122,36
67	49,65	91,45	126,64
68	51,38	94,65	131,08
69	53,18	97,96	135,66
70	55,04	101,39	140,41

Stuðlamir eru notaðir til að reikna út þann hluta af séreign sem er hluti af lágmarksellilífeyri og er bundin fram yfir 70 ára aldur. Ef 60 ára sjóðfélagi hefur t.d. tryggt sér 50 þús. kr. í ellilífeyri úr tryggingadeild frá 75 ára aldri eru 1.951 þús. kr. ($50.000 * 39,02$) af inneign í séreignarsjóði til úttektar á aldrinum 70-74 ára.

VIÐAUKI

Tryggingafræðilegur grunnur tryggingadeildar arkitekta og tæknifræðinga.

Skuldbindingar.

x er aldur sjóðfélaga í árum.

$x+n$ er lífeyrisaldur sjóðfélaga.

y er aldur maka sjóðfélaga í árum.

m er árafjöldi tímabundinna lífsháðra greiðslna.

g er árafjöldi tímabundinna greiðslna.

δ er árahliðrun í skuldbindingum vegna ellilífeyris.

h er hlutfallsstuðull í örorkuforsendum.

r er aldur barns, þegar barnalífeyrir fellur niður.

s er aldur yngsta barns, þegar makalífeyrir fellur niður.

Eftirfarandi formúlur tilgreina hvernig reikna skal núvirði þeirra réttinda sem tilgreind eru.

Ævilangur lífeyrir.

Ein króna greidd árlega frá $x+n$ ára aldri og til æviloka sjóðfélaga.

$$K1(x, n) = \frac{\overline{N}_{x+n-\delta}}{D_{x-\delta}}$$

Tímabundinn lífeyrir.

Ein króna greidd árlega meðan sjóðfélagi lifir frá $x+n$ ára aldri til $x+n+m$ ára aldurs.

$$K2(x, n, m) = \frac{\overline{N}_{x+n-\delta} - \overline{N}_{x+n+m-\delta}}{D_{x-\delta}}$$

Eingreiðslulífeyrir.

Ein króna greidd ef sjóðfélagi lifir til $x+n$ ára aldurs.

$$K3(x, n) = \frac{D_{x+n-\delta}}{D_{x-\delta}}$$

Séreign

Ein króna er greidd eftir n ár.

$$K4(n) = v^n$$

Ein króna er greidd árlega í g ár eftir n ár.

$$K5(n, g) = v^n \cdot \overline{a}_g$$

Örorkutrygging.

Ein króna greidd árlega til $x+n$ ára aldurs sjóðfélaga meðan hann er á lífi og óvinnufær ef hann missir starfsorkuna á aldrinum x til $x+m$ ára.

$$K6(x, n, m) = \left\{ \frac{\overline{N}_x - \overline{N}_{x+n}}{D_x} - \frac{\overline{N}_x^a - \overline{N}_{x+m}^a}{D_x^a} - \frac{D_{x+m}^a}{D_x^a} \cdot \frac{\overline{N}_{x+m} - \overline{N}_{x+n}}{D_{x+m}} \right\} \cdot h$$

Líftrygging.

Ein króna greidd, ef sjóðfélagi deyr fyrir $x+n$ ára aldur.

$$K7(x, n) = \frac{\overline{M}_x - \overline{M}_{x+n}}{D_x}$$

Ein króna er greidd árlega í g ár frá andláti sjóðfélaga, ef hann deyr fyrir $x+n$ ára aldur.

$$K8(x, n, g) = \frac{\overline{M}_x - \overline{M}_{x+n}}{D_x} \cdot a_g$$

Lágmarkstryggingavernd.

Ein króna greidd árlega samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Ellilífeyrisaldur er $x + n$ og óskertur örorkulífeyrir vegna starfsorkumissis er greiddur til sama aldurs. Makalífeyrir er tímabundinn og er árlegur makalífeyrir helmingur ellilífeyrisréttinda. Barnalífeyrir er tímabundinn og er óskertur barnalífeyrir ákvarðaður sem tiltekin krónutala á mánuði í reglugerð en er reiknaður hér sem 5% af ellilífeyrisréttindum.

$$\begin{aligned} K9(x, n, g) = & K1(x, n + g) + K5(n, g) \\ & + K6(x, n, n) + \min(40, n) \cdot K6(x, n, 1) \\ & + \frac{0,5 \cdot g_x}{l_x \cdot l_{y-\delta}} \cdot \sum_{k=0}^{119-x} (l_{x+k} - l_{x+k+1}) \cdot \sum_{i=1}^5 l_{y+k+i-0,5-\delta} \cdot v^{k+i-0,5} \cdot b_{x+k+0,5,i} \\ & + \min(40, n) \cdot \frac{0,5 \cdot g_x}{l_x \cdot l_{y-\delta}} \cdot (l_x - l_{x+1}) \cdot \sum_{i=1}^5 l_{y+k+i-0,5-\delta} \cdot v^{k+i-0,5} \cdot b_{x+k+0,5,i} \\ & + \frac{0,05 \cdot v^{0,5}}{l_x \cdot (1-v)} \cdot \sum_{k=0}^{119-x} (l_{x+k} - l_{x+k+1}) \cdot \sum_{i=1}^r c_{x+k+i-r} \cdot (1-v^i) \end{aligned}$$

$$b_{x,k} = 1 \text{ fyrir } 1 \leq k \leq 3$$

$$b_{x,k} = \max \left\{ 0,5; 1 - \prod_{i=0}^s (1 - c_{x-i}) \right\} \text{ fyrir } 4 \leq k \leq 5$$

$$b_{x,k} = 1 - \prod_{i=0}^s (1 - c_{x-i}) \text{ fyrir } k \geq 6$$

Iðgjöld og réttindi.

x er aldur sjóðfélaga í árum.

h er hlutfallsstuðull í örorkuforsendum.

Réttindin eru reiknuð sem hlutfallið á milli iðgjaldagreiðslu að frádregnu kostnaðarhlutfalli iðgjalda og núvirði skuldbindinganna að viðbættu kostnaðarhlutfalli skuldbindinga. Núvirðið er reiknað samkvæmt formúlum í kaflanum um skuldbindingar sem vegið meðaltal, annars vegar út frá áhættulíkum karla og hins vegar út frá áhættulíkum kvenna eins og þær eru tilgreindar í kaflanum um forsendur. Réttindin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs. Hlutfall karla og kvenna í vegnu meðaltali skuldbindinganna, þegar réttindin eru reiknuð út eru tilgreind í kaflanum um forsendur sem og kostnaðarhlutföllin. Iðgjöld sjóðfélaga á hverju almanaksári gefa sömu réttindi miðað við aldur sjóðfélaga í árslok.

Jafnaðariðgjald á ári er reiknað sem hlutfallið á milli núvirðis réttinda, þegar búið er að hækka núvirðið um kostnaðarhlutfall skuldbindinga og iðgjalda og

$$\overline{a^a}(x, r) = \frac{\overline{N}_x - \overline{N}_{x+r}}{D_x} \cdot (1-h) + \frac{\overline{N}_x^a - \overline{N}_{x+r}^a}{D_x^a} \cdot h$$

þar sem r er greiðslustími tryggingarinnar.

Formúlur.

x er aldur sjóðfélaga í árum.

$$\mu_x = f(x) \quad \text{gefur dánarþéttleikann}$$

$$\mu_x^{ai} = f(x) \quad \text{gefur örorkuþéttleikann}$$

$$l_x = l_0 \cdot e^{-\int_0^x \mu_t \cdot dt} \quad l_0 = 100.000$$

$$l_x^{ai} = l_0 \cdot e^{-\int_0^x \mu_t^{ai} \cdot dt} \quad l_0 = 1$$

$$l_x^a = l_x \cdot l_x^{ai}$$

$$D_x = v^x \cdot l_x$$

$$D_x^a = D_x \cdot l_x^{ai}$$

$$\overline{N}_x = \int_x^{120} D_t \cdot dt$$

$$\overline{N}_x^a = \int_x^{120} D_t^a \cdot dt$$

$$\overline{M}_x = \int_x^{120} D_t \cdot \mu_t \cdot dt$$

$$\begin{aligned} \int_a^b f(t) \cdot dt &= \frac{1}{60480} \cdot \{-863 \cdot f(b+5) + 5449 \cdot f(b+4) - 14762 \cdot f(b+3) \\ &\quad + 22742 \cdot f(b+2) - 23719 \cdot f(b+1) + 41393 \cdot f(b)\} \\ &\quad + f(b-1) + f(b-2) + \dots + f(a+1) + f(a) \\ &\quad + \frac{1}{60480} \cdot \{-41393 \cdot f(a) + 23719 \cdot f(a+1) - 22742 \cdot f(a+2) \\ &\quad + 14762 \cdot f(a+3) - 5449 \cdot f(a+4) + 863 \cdot f(a+5)\} \end{aligned}$$

$$v = \frac{1}{1+i} \quad \text{i eru ársvextir}$$

$$a_n = \frac{1 - v^n}{\ln(1+i)}$$

Forsendur.**Lífslíkur og líkur á varanlegri örorku.**

Almennar dánarlíkur á Íslandi samkvæmt útjafnaðri reynslu árána 1991 - 1995 gefa dánarþéttleika íslenskra karla sem:

$$\mu = 7,62214 \cdot 10^{-4} + e^{-13,22729884 + 0,165928024 \cdot x - 0,000414662 \cdot x^2}$$

og dánarþéttleika íslenskra kvenna sem:

$$\mu = 1,66837 \cdot 10^{-4} + e^{-11,6749834 + 0,10868192 \cdot x}$$

Örorkulíkur samkvæmt danska grunninum G82 gefur örorkuþéttleika karla sem:

$$\mu = 4 \cdot 10^{-4} + e^{-12,57211 + 0,13815504 \cdot x}$$

og örorkuþéttleika kvenna sem

$$\mu = 6 \cdot 10^{-4} + e^{-12,16665 + 0,13815504 \cdot x}$$

x er aldur sjóðfélaga í árum.

a) Skuldbindingar vegna líftryggingar.

Nota skal ofangreindar dánarlíkur og þegar réttindin eru reiknuð út skal miða við að hlutfall karla sé 100%.

b) Skuldbindingar vegna lífeyris.

Nota skal ofangreindar dánarlíkur, þó þannig að dánarlíkur sjóðfélaga séu eins og hjá einstaklingi, sem er þremur árum yngri. Þetta þýðir að δ í formúlum í kaflanum um skuldbindingar er jafnt og 3. Þegar réttindin eru reiknuð út skal miða við að hlutfall karla sé 50%.

c) Skuldbindingar vegna örorku.

Nota skal ofangreindar örorkulíkur og dánarlíkur og stuðullinn h skal vera 0,7. Þegar réttindin eru reiknuð út skal miða við að hlutfall karla sé 50%.

d) Ávöxtun.

Miða skal við 3,5% ávöxtun umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

e) Kostnaður.

Framlag til rekstrarkostnaðar sjóðsins skal nema 3,5% af iðgjöldum og 0,5% af reiknaðri skuldbindingu.

f) Lágmarkstryggingavernd.

Nota skal gildi í eftirfarandi töflu þegar skuldbindingar vegna lágmarkstryggingaverndar eru reiknaðar. Við útreikning á réttindum er hærra hjónabandshlutfallið og hærri barneignalíkur notar notaðar og aldur maka jafn aldri sjóðfélaga.

Gildi fyrir karla eru táknúð með x og með y fyrir konur								
Aldur	Hlutfall í hjónabandi			Barneignalíkur			Aldur maka	
	Gx	Gy	G	Cx	Cy	C	y	x
16	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0148	0,0148	17,0	18,2
17	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0416	0,0416	18,0	19,2
18	0,0004	0,0004	0,0004	0,0998	0,0752	0,0998	19,0	23,3
19	0,0008	0,0084	0,0084	0,1113	0,0998	0,1113	19,5	23,8
20	0,0051	0,0283	0,0283	0,1315	0,1228	0,1315	19,8	24,5
21	0,0114	0,0712	0,0712	0,1327	0,1417	0,1417	20,6	25,1
22	0,0469	0,1261	0,1261	0,1366	0,1376	0,1376	21,9	25,2
23	0,0963	0,2009	0,2009	0,1399	0,1458	0,1458	22,9	26,3
24	0,1444	0,3043	0,3043	0,1404	0,1465	0,1465	23,8	27,6
25	0,2138	0,3547	0,3547	0,1404	0,1388	0,1404	24,6	28,2
26	0,2861	0,4381	0,4381	0,1389	0,1414	0,1414	25,2	28,9
27	0,3803	0,4947	0,4947	0,1363	0,1412	0,1412	26,1	30,2
28	0,4373	0,5401	0,5401	0,1309	0,1286	0,1309	27,2	30,8
29	0,4928	0,5758	0,5758	0,1251	0,1135	0,1251	28,0	32,0
30	0,5401	0,6293	0,6293	0,1187	0,1118	0,1187	29,1	33,4
31	0,5868	0,6455	0,6455	0,1105	0,1008	0,1105	30,4	33,8
32	0,6299	0,6868	0,6868	0,1015	0,0907	0,1015	30,9	34,5
33	0,6412	0,7304	0,7304	0,0932	0,0724	0,0932	31,4	35,8
34	0,6752	0,7138	0,7138	0,0841	0,0723	0,0841	32,7	37,3
35	0,7169	0,7402	0,7402	0,0750	0,0564	0,0750	33,6	38,2
36	0,7191	0,7557	0,7557	0,0674	0,0479	0,0674	34,6	39,0
37	0,7246	0,7387	0,7387	0,0576	0,0441	0,0576	35,1	39,3
38	0,7406	0,7655	0,7655	0,0492	0,0342	0,0492	36,2	40,4
39	0,7393	0,7633	0,7633	0,0434	0,0177	0,0434	37,7	41,4
40	0,7529	0,7532	0,7532	0,0365	0,0110	0,0365	37,9	42,7
41	0,7381	0,7526	0,7526	0,0287	0,0087	0,0287	39,0	43,3
42	0,7559	0,7804	0,7804	0,0224	0,0054	0,0224	40,0	44,1
43	0,7533	0,7666	0,7666	0,0205	0,0029	0,0205	41,0	45,4
44	0,7737	0,7718	0,7737	0,0147	0,0009	0,0147	42,2	45,5
45	0,7547	0,7664	0,7664	0,0138	0,0000	0,0138	42,1	47,2
46	0,7502	0,7410	0,7502	0,0093	0,0005	0,0093	43,6	48,2
47	0,7702	0,7586	0,7702	0,0078	0,0000	0,0078	44,5	49,6
48	0,7745	0,7410	0,7745	0,0051	0,0000	0,0051	45,1	50,5

Gildi fyrir karla eru táknud með x og með y fyrir konur								
Aldur	Hlutfall í hjónabandi			Bameignalikur			Aldur maka	
	Gx	Gy	G	Cx	Cy	C	y	x
49	0,7493	0,7361	0,7493	0,0045	0,0000	0,0045	46,6	51,4
50	0,7603	0,7279	0,7603	0,0036	0,0000	0,0036	47,5	52,8
51	0,7694	0,7487	0,7694	0,0030	0,0000	0,0030	48,2	53,4
52	0,7379	0,7210	0,7379	0,0018	0,0000	0,0018	49,1	54,9
53	0,7648	0,7360	0,7648	0,0013	0,0000	0,0013	49,8	56,2
54	0,7626	0,7117	0,7626	0,0011	0,0000	0,0011	51,5	57,1
55	0,7441	0,7216	0,7441	0,0013	0,0000	0,0013	52,0	58,3
56	0,7668	0,7134	0,7668	0,0008	0,0000	0,0008	53,7	58,7
57	0,7459	0,6997	0,7459	0,0007	0,0000	0,0007	53,8	60,0
58	0,7692	0,6957	0,7692	0,0004	0,0000	0,0004	55,3	60,5
59	0,7570	0,6891	0,7570	0,0004	0,0000	0,0004	56,0	62,0
60	0,7639	0,6710	0,7639	0,0003	0,0000	0,0003	56,5	62,8
61	0,7525	0,6538	0,7525	0,0002	0,0000	0,0002	57,7	64,3
62	0,7234	0,6251	0,7234	0,0003	0,0000	0,0003	58,7	64,9
63	0,7510	0,6349	0,7510	0,0003	0,0000	0,0003	59,4	65,9
64	0,7236	0,5978	0,7236	0,0000	0,0000	0,0000	60,3	66,4
65	0,6797	0,5954	0,6797	0,0001	0,0000	0,0001	61,7	67,7
66	0,7269	0,5512	0,7269	0,0001	0,0000	0,0001	61,8	68,6
67	0,6645	0,5382	0,6645	0,0002	0,0000	0,0002	63,2	69,9
68	0,6996	0,5276	0,6996	0,0006	0,0000	0,0006	64,3	70,4
69	0,7001	0,5020	0,7001	0,0001	0,0000	0,0001	65,1	71,9
70	0,6994	0,4427	0,6994	0,0001	0,0000	0,0001	65,4	73,4
71	0,6759	0,4544	0,6759	0,0001	0,0000	0,0001	67,1	73,7
72	0,6799	0,4229	0,6799	0,0000	0,0000	0,0000	67,0	74,4
73	0,6585	0,4028	0,6585	0,0000	0,0000	0,0000	68,9	75,7
74	0,6507	0,3922	0,6507	0,0000	0,0000	0,0000	69,6	76,5
75	0,6324	0,3669	0,6324	0,0000	0,0000	0,0000	70,0	77,4
76	0,6426	0,3232	0,6426	0,0000	0,0000	0,0000	71,6	79,1
77	0,5931	0,3243	0,5931	0,0000	0,0000	0,0000	71,8	79,6
78	0,6004	0,3364	0,6004	0,0000	0,0000	0,0000	73,5	80,5
79	0,5506	0,2708	0,5506	0,0000	0,0000	0,0000	74,1	80,7
80	0,5722	0,2525	0,5722	0,0000	0,0000	0,0000	74,2	82,1
81	0,5111	0,2385	0,5111	0,0000	0,0000	0,0000	75,1	82,5
82	0,5719	0,1935	0,5719	0,0000	0,0000	0,0000	76,5	84,3
83	0,5310	0,2185	0,5310	0,0000	0,0000	0,0000	77,8	85,5
84	0,5140	0,1486	0,5140	0,0000	0,0000	0,0000	78,5	86,2
85	0,4724	0,1505	0,4724	0,0000	0,0000	0,0000	79,6	87,5
86	0,4343	0,1331	0,4343	0,0000	0,0000	0,0000	80,6	88,5
87	0,4675	0,1102	0,4675	0,0000	0,0000	0,0000	80,9	89,5
88	0,3796	0,1403	0,3796	0,0000	0,0000	0,0000	80,9	90,5
89	0,4375	0,1117	0,4375	0,0000	0,0000	0,0000	83,5	91,5
90	0,2917	0,1034	0,2917	0,0000	0,0000	0,0000	83,1	92,5
91	0,3235	0,0800	0,3235	0,0000	0,0000	0,0000	84,5	93,5
92	0,2353	0,0385	0,2353	0,0000	0,0000	0,0000	85,5	94,5
93	0,3333	0,0283	0,3333	0,0000	0,0000	0,0000	86,5	95,5
94	0,3478	0,0526	0,3478	0,0000	0,0000	0,0000	87,5	96,5
95	0,1364	0,0244	0,1364	0,0000	0,0000	0,0000	88,5	97,5
96	0,1176	0,0606	0,1176	0,0000	0,0000	0,0000	89,5	98,5
97	0,5000	0,0588	0,5000	0,0000	0,0000	0,0000	90,5	99,5
98	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	0,0000	91,5	100,5
99	0,5000	0,0000	0,5000	0,0000	0,0000	0,0000	92,5	101,5

Breyting á forsendum.

Forsendur þær sem notaðar eru við útreikning skuldbindinga, réttinda og iðgjalda eru tilgreindar hér að framan. Þær er fjallað um dánarlíkur, örorkulíkur, ávöxtun og fleira. Skuldbindingar þær sem þessi grunnur fjallar um geta verið til mjög langs tíma og reynslan hefur sýnt að áhættulíkurnar breytast með tímanum. Eins er ekki hægt að slá því föstu að alltaf verði unnt að ná tiltekinni ávöxtun í framtíðinni, til að mynda gætu tilskipanir stjórnvalda gert það ómögulegt. Því er gert ráð fyrir því að forsendunum megi breyta.

Ef til slíkra breytinga kemur skulu uppsöfnuð réttindi haldast og ný réttindi reiknuð samkvæmt nýju forsendunum. Réttindatöflur í reglugerð sjóðsins skulu vera dagsettar með gildistíma vátryggingargrunnsins. Ef í ljós kemur þegar skuldbindingarnar eru reiknaðar samkvæmt nýju forsendunum að sjóðurinn á ekki fyrir uppsöfnuðum réttindum skulu þau skert hlutfallslega þannig að jafnvægi náist á milli skulda og eigna.

Ofangreindar forsendur skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og skal þeim breytt, ef slík endurskoðun leiðir í ljós að forsendurnar eða hluti þeirra er ekki í samræmi við raunveruleikann. Þá skal tekið mið af því að varðveisla og ávöxtun sjóða sé með eðlilegum hætti og að sýnt þyki að þróun þeirra verði slík að þeir nái ekki að standa undir skuldbindingunum eða að sú fjárhæð sem komi til úthlutunar árlegs bónuss verði meiri en tíu hundradshlutar af stærð sjóðanna.

BÓNUS

- a. Stjórn sjóðsins ákveður einu sinni á ári þegar ársreikningur sjóðsins liggur fyrir hversu hári fjárhæð skuli úthlutað á árinu sem bónus fyrir einstaka þætti (lífeyrisvernd, líftryggingarvernd, vernd vegna starfsorkumissis) tryggingaverndar sjóðsins. Heildar-bónus hvers þáttar skiptist í þrennt: bónus vegna ávöxtunar HB1, bónus vegna áhættu HB2 og bónus vegna kostnaðar HB3. Við ákvörðun bónussins skal úthluta að minnsta kosti 70% af því sem fæst samkvæmt eftirfarandi reikniaðferðum:

$$HB1 + HB2 = V_0 \cdot [1 + i] + \sum_v \pi_v \cdot [1 + i]^{1-t_v} - V_1$$

V er nettósjóður allra trygginga viðkomandi þáttar reiknaður samkvæmt trygginga-grunninum í byrjun og lok reikningsársins.

π er greiðsla til eða frá tryggingunni á tímanum t_v .

i eru bónusvextir samkvæmt formúlunni:

$$i = \frac{2 \cdot I}{A + B - I} - 0,005$$

A er heildarskuldir + eigið fé samkvæmt ársreikningi í upphafi reikningsárs.

B er heildarskuldir + eigið fé samkvæmt ársreikningi í lok reikningsárs.

I er nettó fjármunatekjur samkvæmt ársreikningi að frádregnum afskriftum á iðgjöldum og kröfum.

$$HB2 = \sum_v K_v - \sum_{\zeta} K_{\zeta}$$

K_v eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í byrjun reikningsársins eða tóku gildi á reikningsárinu reiknaðar fyrir lok reikningsársins samkvæmt tryggingargrunninum.

K_{ζ} eru skuldbindingar fyrir tryggingar sem eru í gildi í lok reikningsársins reiknaðar samkvæmt tryggingargrunninum.

HB3 = kostnaðarpáttur iðgjalda ársins - kostnaður ársins.

- b. Allar váttryggingar taka þátt í bónus samkvæmt þessum reglum nema ef um séreign er að ræða þá er henni haldið fjárhagslega aðskilinni.
- c. Bónus ársins vegna hvers sjóðfélaga er gefinn sem

$$B_j = \frac{B1}{\sum_i V_i} \cdot V_j + \frac{B2}{\sum_i [S_i - V_i]} \cdot [S_j - V_j] + \frac{B3}{\sum_i P_i} \cdot p_j$$

V er nettósjóður samkvæmt tryggingargrunninum í lok reikningsársins.

S er fjárhæð réttinda í lok reikningsársins.

p er ársiðgjald fyrir reikningsárið.

B1 er heildarbónus vegna ávöxtunar (að minnsta kosti 70% af HB1).

B2 er heildarbónus vegna áhættu (að minnsta kosti 70% af HB2).

B3 er heildarbónus vegna kostnaðar (að minnsta kosti 70% af HB3).

Summa af i er summa fyrir alla sjóðfélaga sem njóta tryggingaverndar.

- d. Heildarbónus B1 + B2 + B3 í hverjum tryggingaflokki má ekki vera minni en 0.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

SAMÞYKKT

**bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Eyrarbakkahepps,
Sandvíkurhepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhepps
um útvistartíma barna.**

1. gr.

Börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannaferi eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13-16 ára, skulu að sama skapi ekki vera á almannaferi eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna um tvær klukkustundir.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhepps hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 1998.

Páll Pétursson.


Þorgerður Benediksdóttir.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Reykjanesbæjar.

1. gr.

Byggðarmerki Reykjanesbæjar skal vera blár skjöldur (Pantone blue) með hvítum fugli. Blái liturinn er litur himins og hafs en fuglinn (súla) er tákn um lifandi samfélag. Súlan breiðir út vængina og hefur sig til flugs, en um leið eiga vængirnir að minna á hvítfyssandi öldur.



2. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar, bæjarstjóri, helstu embættismenn og stofnanir nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum.

3. gr.

Notkun á byggðarmerki Reykjanesbæjar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Reykjanesbæjar sbr. 5. gr. laga nr. 288/1998. Ekki er heimilt að breyta út af samþykktri gerð merkisins.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðprent og er hún heimil án leyfis.

5. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdættir af merkinu eins og á að nota það. Bæjarritari leiðbeinir um notkun merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. október 1998.

Páll Pétursson.

Sigríður Lilly Baldursdóttir.

REGLUGERÐ

um akstur í óbyggðum.

1. gr.

Öllum er skylt að sýna varúð svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmatum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

2. gr.

Allur akstur utan vega og merktra slóða þar sem náttúruspjöll geta af hlotist er bannaður.

Með náttúruspjöllum er meðal annars átt við spjöll á gróðri, jarðvegi og jarðmyndunum, myndun nýrra slóða, hvort sem er á grónu landi, þar með töldu mosavöxnu landi, eða ógrónu og skiptir ekki máli hvort líkur eru á varanlegum skaða eða tímabundnum.

A friðlýstum svæðum gilda auk þess sérákvæði um akstur, sbr. friðlýsingarákvæði.

3. gr.

Nauðsynlegum akstri utan vega í óbyggðum skal jafnan hagað svo að engin náttúruspjöll eða lýti á landi hljótist af.

Með nauðsynlegum akstri utan vega er átt við akstur vegna rannsókna, björgunarstarfa og þess háttar. Við undirbúning ferðaáætlunar skal haft samráð við Náttúruvernd ríkisins sem getur sett skilyrði varðandi tækjabúnað og leiðaval.

Tilkynna skal fyrirfram um akstur til viðkomandi sýslumanns eða lögreglustjóra. Um nauðsynlegan fyrirvaralausán akstur utan vega skal tilkynna til viðkomandi sýslumanns við fyrsta tækifæri.

4. gr.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskygni takmarkað umferð tímabundið eða lokað svæðum í óbyggðum enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu til umhverfisráðherra. Slíkar reglur skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Náttúruvernd ríkisins og vegamálastjóri gefa út kort, m.a. á vorin, með upplýsingum um ófærð á vegum og hvar óheimilt er að aka og á hvaða tímabili.

6. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 1. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Hlíðarhrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 616/1997, skal vera Norður-Hérað.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 621

15. október 1998

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps um útvístartíma barna og unglinga.

1. gr.

Útvístartími barna og unglinga í sameinuðu sveitarfélagi Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps skal vera sem hér segir:

	<u>Sunnudaga til fimmtudaga</u>		<u>Föstudaga og laugardaga</u>	
	<u>Vetur:</u>	<u>Sumar:</u>	<u>Vetur:</u>	<u>Sumar:</u>
6 ára (1. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
7 ára (2. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
8 ára (3. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
9 ára (4. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 20.00	til kl. 22.00
10 ára (5. bekkur)	til kl. 20.00	til kl. 22.00	til kl. 21.00	til kl. 22.00
11 ára (6. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
12 ára (7. bekkur)	til kl. 21.00	til kl. 23.00	til kl. 22.00	til kl. 23.00
13 ára (8. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00	til kl. 24.00
14 ára (9. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00
15 ára (10. bekkur)	til kl. 23.00	til kl. 24.00	til kl. 01.00	til kl. 01.00

Vetrartími samkvæmt ofangreindu er frá 1. september til og með 30. apríl, en sumartími frá 1. maí til og með 31. ágúst.

2. gr.

Aldursmörk samkvæmt þessum reglum miðast við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ung-

menna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. október 1998.

Páll Pétursson.

Forgerður Benediktsdóttir.

16. október 1998

Nr. 622

REGLUR

um ferðastyrk sjúklinga vegna brýnnar sjúkdómsmeðferðar erlendis.

1. gr.

Réttur til ferðastyrks.

Tryggðir sjúklingar, sem nefnd skv. 35. gr. laga um almannatryggingar hefur metið að brýn nauðsyn sé að njóti sjúkdómsmeðferðar erlendis, skulu eiga rétt á ferðastyrk skv. reglum þessum, sbr. þó reglur um þátttöku í kostnaði við glasaftrývgun erlendis. Heimilt er að greiða ferðastyrk að hluta eða að fullu skv. reglum þessum fyrir aðra tryggða sjúklinga sem af ótvíræðri nauðsyn leita sjúkdómsmeðferðar erlendis.

2. gr.

Fargjald.

Fargjald er greitt að fullu báðar leiðir milli Íslands og þess staðar þar sem meðferð er fyrirhuguð.

3. gr.

Fylgdarmaður.

Greiða skal ferðastyrk fyrir fylgdarmann sjúklings ef sjúklingur er innan 18 ára aldurs, ósjálfbjarga eða mjög mikil áhætta fylgir meðferð/ferðalagi. Við sérstakar aðstæður getur verið nauðsynlegt að fylgdarmaður sé heilbrigðisstarfsmaður. Að jafnaði skal einungis greitt fyrir einn fylgdarmann, en ef læknisfræðilegar ástæður krefjast þess að heilbrigðisstarfsmaður fylgi sjúklingi er heimilt að greiða fyrir tvo fylgdarmenn. Þetta á aðallega við ef sjúklingur er yngri en 18 ára. Ef um er að ræða erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er þó heimilt að greiða ferðastyrk fyrir báða foreldra (eða tvo nánustu aðstandendur) ef sjúklingur er innan 18 ára aldurs.

Ef sjúklingur sem fengið hefur samþykktu fylgd verður að dveljast erlendis a.m.k. sex vikur er heimilt að greiða ferðastyrk vegna mánaðarlegra skipta á fylgdarmanni.

4. gr.

Uppihaldskostnaður.

Nauðsynlegur uppihaldskostnaður sjúklings erlendis utan sjúkrastofnunar svo og nauðsynlegur uppihaldskostnaður fylgdarmanns skv. 3. gr. greiðist í formi dagpeninga. Dagpeningar fara eftir sömu reglum og gilda um þjálfun, nám og eftirlitsstörf ríkisstarfsmanna á ferðalögum erlendis, sbr. nú auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/1998 og umburðarbréf nefndarinnar frá 1. júní 1998. Þó skulu aldrei greiddir almennir dagpeningar og einungis greiddur fjórðungur dagpeninga fyrir börn yngri en fjögurra ára og hálfir dagpeningar fyrir fjögurra til ellefu ára börn. Ef fylgd heilbrigðisstarfsmanns hefur reynst nauðsynleg skal hann eiga rétt á greiðslu dagpeninga í samræmi við gildandi kjarasamninga. Ef samþykktur hefur verið ferðastyrkur fyrir báða foreldra (nánustu aðstandendur) barns greiðast uppihaldsdagpeningar að fullu til annars foreldris en að hálfu til hins.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði skv. e.-lið 1. mgr. 33. gr. laga um almanna-tryggingar nr. 117/1993 og taka gildi 1. nóvember 1998. Jafnframt falla úr gildi reglur tryggingaráðs frá 13. september 1996 um ferðastyrk sjúklinga í utanlandsferðum.

Tryggingastofnun ríkisins, 16. október 1998.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Kelduneshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Kelduneshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald), sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	<i>Sorphirðugjald kr.</i>
Jarðir í byggð	4 500
Jarðir sem nýttar eru eða eru með húsnæði sem nýtt er sem orlofshús/sumarhús	4.500
Sumarbústaðir	2.000
Fyrirtæki:	
Flokkur a)	5.000
" b)	15.000
" c)	30.000
" d)	60.000
" e)	120.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Kelduneshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. október 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í f-lið 3. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum.

1. gr.

Aðild að viðskiptum á millibankamarkaði í íslenskum krónum.

Aðilar að viðskiptum á millibankamarkaði í íslenskum krónum geta þeir orðið, sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði eða á grundvelli laga nr. 123/1993 um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur samkvæmt ákvæðum þessara reglna.

Hver sá, sem æskir þess að verða þátttakandi í viðskiptum á millibankamarkaði skv. reglum þessum, skal sækja um það skriflega til Seðlabanka Íslands. Í umsókn skal koma fram með hvaða hætti umsækjandi er undir það búinn að taka þátt í viðskiptum á þessum markaði skv. reglum þessum sbr. einkum 4., 5., 9., 10. og 13. gr. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við fullbúinni umsókn innan mánaðar frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það aðilum á markaðnum í síðasta lagi fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn aðildar að viðskiptum á millibankamarkaði skv. reglum þessum gilda ákvæði 15. gr.

2. gr.

Skyldur þátttakenda vegna tilboða og viðskipta.

Þátttakanda er skylt að gefa upp bindandi inn- og útlánstilboð ef annar þátttakandi óskar þess. Tilboð þátttakanda skulu taka til eftirfarandi lánstíma og lágmarksfjárhæða:

Eins dags inn- eða útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.

Einnar viku inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.

Eins mánaðar inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.

Þriggja mánaða inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.

Sex mánaða inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 50 m.kr.

Tilboð eru bindandi svo fremi sem lánalínur, sbr. 10. gr. þessara reglna eru ekki fullnýttar. Ef þátttakandi óskar eftir viðskiptum fyrir hærri fjárhæðir en tilgreindar eru að framan er mótaðila í sjálfsvald sett hvort hann vill eiga slík viðskipti. Þátttakanda, sem gert hefur tilboð, sem leitt hefur til viðskipta, er eigi skylt að gera sama mótaðila tilboð aftur fyrir en 10 mínútur hafa liðið frá fyrri viðskiptum.

Tilboð og viðskipti fara fram um síma en um tilkynningar til Seðlabanka um viðskipti fer skv. 5. og 8. gr. þessara reglna.

3. gr.

Markaðstími.

Viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum fara fram frá kl. 9.30 til 14.00 hvern viðskiptadag.

4. gr.

Leiðbeinandi vaxtartilboð.

Þátttakendur skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi vaxtartilboð á millibankainn- og útlánnum á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters, Telerate, eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi, sem markaðsaðilar koma sér saman um að nota. Leiðbeinandi vexti skal uppfæra eigi sjaldnar en á 5 mínútna fresti. Þar skulu að öðru jöfnu sýndir þeir vextir sem þátttakandi er reiðubúinn að greiða af innlánnum eða taka af lánnum til þátttakenda á millibankamarkaðinum.

5. gr.

Upplýsingakvöð þátttakenda.

Þátttakandi, sem gefið hefur upp vexti er leitt hafa til inn- eða útlánsviðskipta, skal tilkynna Seðlabanka símleiðis, með „Reuter-mail“ eða eftir öðrum sambærilegum boðleiðum um þau viðskipti, eigi síðar en 5 mínútum eftir að viðskipti hafa átt sér stað. Þar skal koma fram mótaðili, fjárhæð, lánstími og vextir. Seðlabankinn ákveður hvaða boðleið skuli notuð í þessu skyni.

Þátttakendum ber einnig að veita Seðlabankanum símleiðis aðrar upplýsingar um viðskipti og annað það sem líklegt er til þess að hafa umtalsverð áhrif á markaðinn. Þátttakendum ber að veita slíkum símtölum eðlilegan forgang.

6. gr.

Upplýsingakvöð Seðlabanka Íslands.

Í tengslum við ákvörðun daglegra viðmiðunarvaxta birtir Seðlabankinn vexti daglega á Reutersíðu og/eða í öðru sambærilegu upplýsingakerfi.

Seðlabankinn sendir reglulega öllum þátttakendum upplýsingar um heildarviðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum. Jafnframt miðlar Seðlabankinn jafnóðum upplýsingum um viðskipti á markaðnum þar sem fram kemur fjárhæð, vextir og lánstími.

7. gr.

Skráning daglegra viðmiðunarvaxta.

Seðlabankinn skráir millibankavexti í íslenskum krónum (REIBOR og REIBID) með hliðsjón af leiðbeinandi vaxtatilboðum þátttakenda. Hvern viðskiptadag milli kl. 11.15 og 11.30 skoðar Seðlabankinn tilboð allra þátttakenda, reiknar út meðaltal vaxta og birtir millibankavexti á þeim grundvelli. Við útreikning meðaltals tilboða skal sleppa hæsta og lægsta tilboði í inn- og útlán fyrir hvern lánstíma.

8. gr.

Aðferð við útreikning/samskipti.

Við útreikning vaxtafjárhæðar er notuð aðferð Actual/360. Tilboð verða sett fram með einföldum vöxtum. Við gerð samnings um inn- og útlán koma aðilar sér saman um upphafs- og lokafjárhæð, vexti, fjárhæð vaxta og gildis- og endurgreiðsludag. Báðir aðilar staðfesta gerðan samning með SWIFT- eða fakskeytum. Lánveitandi tilkynnir Seðlabankanum um millifærslu og greiðsludag til mótaðila og lántaki um endurgreiðslufjárhæð og endurgreiðsludag. Tilkynningar um millifærslur skulu í síðasta lagi berast Seðlabankanum kl. 15.00 þann dag sem millifærslur fara fram.

9. gr.

Vaxtabil í viðskiptum og tilboðum.

Bil milli inn- og útlánsvaxta skal vera innan hóflegra marka. Ekki er skilgreint neitt hámarksbil sem aðilar verða að halda sig innan, en enginn einn aðili skal að staðaldri verðleggja sig út af markaðnum með óhagstæðum tilboðum. Seðlabankinn fylgist með vaxtabili þátttakenda og getur svipt þátttakanda aðild að markaðnum telji hann að þátttakandinn hegði sér óeðlilega á markaðnum.

10. gr.

Lánalínur.

Hver og einn þátttakandi ákveður hversu há útistandandi dagleg lánastaða annars þátttakenda gagnvart honum má hæst vera. Þessar lánalínur og breytingar á þeim skulu fyrirfram ákveðnar og kynntar milli aðila og til Seðlabankans.

11. gr.

Tímabundin stöðvun viðskipta.

Við sérstakar aðstæður getur meirihluti þátttakenda samþykkt að stöðva viðskipti á millibankamarkaði, og gildir þá slík ákvörðun til loka viðskiptadags. Þó geta viðskipti hafist aftur samdægurs ef allir þátttakendur samþykkja það. Ákvarðanir skv. þessari grein skulu þátttakendur tilkynna Seðlabankanum án tafar.

12. gr.

Gildisdagsetning viðskipta.

Fyrir út- og innlán í einn dag er afhendingardagur og fyrsti vaxtadagur sami dagur og samningurinn er gerður. Fyrir út- og innlán í viku og mánuð gildir tveggja daga gildisdagaregla fyrir afhendingu og útreikning vaxta.

13. gr.

Hæfniskröfur.

Þátttakendur skulu sjá til þess að starfsmenn þeirra, sem annast viðskipti á millibankamarkaði, hafi næga þekkingu til að annast viðskipti. Þátttakendur skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi innri eftirlitskerfum til að meta og stýra áhættu í millibankaviðskiptum. Þátttakendur skulu tilkynna Seðlabankanum fyrirfram hverjir sinna viðskiptum á millibankamarkaði fyrir þeirra hönd, svo og ef starfsemi þátttakenda tekur breytingum eða skipt er um yfirmenn viðskipta á millibankamarkaði.

14. gr.

Fundir markaðsaðila, siðareglur o.fl.

Þátttakendur skulu tilnefna tengiliði vegna samskipta við Seðlabankann og skal við það miðað að þeir séu yfirmenn viðskipta þátttakenda á millibankamarkaði. Seðlabankinn skal reglulega boða til funda tengiliða, þar sem fjallað verði um leikreglur markaðarins. Þátttakendur skulu stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum, m.a. með því að setja siðareglur fyrir millibankamarkaðinn með hliðsjón af alþjóðlegum siðareglum.

Þátttakendur skulu fylgjast með öllum vísbendingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang viðskipta og tilkynna Seðlabankanum um slíkt verði þeir þess áskynja og enn fremur um hvaðeina annað sem óeðlilegt gæti talist.

15. gr.

Uppsögn þátttöku og viðurlög.

Þátttakandi, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að þátttakandi standi ekki við skuldbindingar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann aðild að millibankaviðskiptum. Sú ákvörðun skal tilkynnt öllum þátttakendum. Tilboð og viðskipti slíks þátttakanda teljast þá ekki lengur gild millibankaviðskipti.

16. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. nóvember 1998. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 308 frá 8. júní 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samkomulag er um að notast verði við upplýsingakerfi Reuters vegna leiðbeinandi tilboða sbr. 4. gr. og „Reuter-mail“ vegna upplýsingagjafar skv. 5. gr. þar til annað verður ákveðið.

Aðilar að millibankamarkaðnum við gildistöku þessara reglna verða:

Landsbanki Íslands hf.
Búnaðarbanki Íslands hf.
Íslandsbanki hf.
Sparisjóðabanki Íslands hf.
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
Sparisjóður Hafnarfjarðar
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.
Kaupþing hf.

Reykjavík, 21. október 1998.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 411 11. nóvember 1993.**

1. gr.

7. gr. breytist þannig:

Liður 07.10 (9), sbr. reglugerðir nr. 401/1994, 242/1994 og 70/1998, orðist svo:

- (9) Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna bifreiðar telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/756 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipun nr. 97/28, eða ákvæði í ECE reg. nr. 48 eru uppfyllt.

Virkni og gerð ljóskera bifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 76/758 með síðari breytingum, síðast í tilskipun nr. 97/30, EBE tilskipunar nr. 76/759 með breytingum í tilskipun nr. 89/277, EBE tilskipunar nr. 76/760 með breytingum í tilskipun nr. 97/31, EBE tilskipunar nr. 77/538 með breytingum í tilskipun nr. 89/518, EBE tilskipunar nr. 77/539 með breytingum í tilskipun nr. 97/32 og EBE tilskipunar nr. 77/540 eru uppfyllt.

2. gr.

12. gr. breytist þannig:

Liður 12.10 (3), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

Búnaður bifreiðar til aksturs aftur á bak og búnaður til mælingar á ökuhraða bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 75/443 með breytingu í tilskipun nr. 97/39.

3. gr.

18. gr. breytist þannig:

- a. Liður 18.10 (2), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

Afl hreyfils skal vera a.m.k. 6 kW fyrir hvert tonn af leyfðri heildarþyngd bifreiðar án eftirvagns, en a.m.k. 5 kW fyrir bifreið með eftirvagn, skv. ákvæðum um mælingar- aðferð í EBE tilskipunum nr. 80/1269 með síðari breytingum, síðast í tilskipun nr. 97/21.

- b. Liður 18.10 (6), sbr. reglugerðir nr. 242/1994 og 83/1997, orðist svo:
Eldsneytisgeymar og eldsneytisleiðslur skulu vera úr seigu og endingargóðu efni sem stentst tæringu, áhrif hita og kulda og þolir það eldsneyti sem notað er. Eldsneytisgeymir skal vera úr óeldfimu efni eða uppfylla ákvæði um prófun í EBE tilskipun nr. 70/221 með síðari breytingum, síðast í tilskipun nr. 97/19, eða sambærileg ákvæði.
- c. 2. mgr. liðar 18.10 (9), sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo:
Við prófun á sótmengun í útblæstri bifreiðar sem búin er dísilhreyfli skv. EBE tilskipun nr. 72/306 með síðari breytingum, síðast í tilskipun nr. 97/20, skulu ákvæði tilskipunarinnar um mesta leyfilegt magn mengandi efna vera uppfyllt.

4. gr.

22. gr. breytist þannig:

- a. Nýr liður, 22.12 (8), orðist svo:
(8) Þyngd og stærð hópbifreiðar telst innan marka ef ákvæði í EB tilskipun nr. 97/27 eru uppfyllt.
- b. Núverandi liður 22.12 (8) verði 22.12 (9).
- c. Nýr liður, 22.13 (4), orðist svo:
(4) Þyngd og stærð sendibifreiðar telst innan marka ef ákvæði í EB tilskipun nr. 97/27 eru uppfyllt.
- d. Nýr liður, 22.14 (3), orðist svo:
(3) Þyngd og stærð vörubifreiðar telst innan marka ef ákvæði í EB tilskipun nr. 97/27 eru uppfyllt.
- e. Nýr liður, 22.50, orðist svo:

22.50 Eftirvagn.

- (1) Þyngd og stærð eftirvagns telst innan marka ef ákvæði í EB tilskipun nr. 97/27 eru uppfyllt.

5. gr.

Í niðurlag töflu í viðauka II, sbr. reglugerðir nr. 83/1997 og 70/1998, komi:

97/27/EB	Stærð og þyngd tiltekinna ökutækja.	Talan 4 í dálkunum M2, M3, N1, N2, N3, O1, O2, O3 og O4
----------	--	--

6. gr.

Í niðurlag skrár undir liðnum „Bifreiðir og eftirvagnar“ í viðauka III, sbr. reglugerðir nr. 83/1997 og 70/1998, komi:

97/27/EB	22.12 (8), 22.13 (4), 22.14 (3), 22.50 (1)	Stærð og þyngd tiltekinna ökutækja.
----------	---	--

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka við EES samninginn, öðlast þegar gildi. EB gerðir sem vísað er til eru birtar í Stjórnartíðindum EB, EES viðbættum. Skráningarstofan hf. veitir nánari upplýsingar um efni einstakra tilskipana og hvar þær er að finna.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag vegna frístundabyggðar í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulag þriggja svæða fyrir sumarbústað í landi Tjarnar, í landi Hrauntúns og í Miðhúsaskógi í Biskupstungnahreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreind deiliskipulög öðlast þegar gildi.

Biskupstungnahreppi, 20. október 1998.

Ragnar Sær Ragnarsson, sveitarstjóri Biskupstungnahrepps.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Brandshúsahverfis, Gaulverjabæjarhreppi.

Sveitarstjórn Gaulverjabæjarhrepps hefur þann 9. nóvember 1996 samþykkt deiliskipulag íbúðarbyggðar í Brandshúsahverfi, Gaulverjabæjarhreppi.

Deiliskipulagið er birt samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og öðlast þegar gildi.

Gaulverjabæjarhreppi, 12. október 1998.

F. h. sveitarstjórnar,

Geir Ágústsson oddviti.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001, Lagarfell 4.

Að ósk sveitarstjórnar Fellahrepps hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 1981-2001 frá 8. febrúar 1982, sbr. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, að því er tekur til Lagarfells 4.

Breytingin er að hluti verslunarsvæðis verður svæði fyrir blandaða starfsemi verslunar og iðnaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skiplags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfisráðuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um (30.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi er felld úr viðauka 4 við reglugerðina:

Efni.	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Levonorgestrelum Ethinylestradiolum	Töflur. Í hverri töflu levonorgestrelum 0,25 mg, ethinylestradiolum 50 míkrog. Mest 4 stk. handa einstaklingi.	Tetragynnon, töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni.	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Codeini phosphas Ibuprofenum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 10 mg/200 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	Íbúkód, töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.
Penciclovirum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 1 túpa eða 20 mg.	Vectavir, krem	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. nóvember 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. október 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017.

Staðfestingin tekur til þéttbýlis í Borgarnesi, og næsta nágrenni, en frestað er aðalskipulagsgerð annarra hluta sveitarfélagsins.

Staðfesting þessi nær ekki til svæða umhverfis núverandi og fyrirhugaða legu Hringvegar 1 og er fyrirvari gerður á tilhögun deiliskipulags á þeim svæðum þar til mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram um legu þjóðvegarins.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun mælt með staðfestingu hennar.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Borgarness er staðfest var 30. mars 1978.

Umhverfissráðuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, Þingvallavegur nr. 36.

Að ósk sveitarstjórnar Þingvallahrepps hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015, frá 17. desember 1996, sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Óveruleg breyting er gerð á legu Þingvallavegar nr. 36.

Lögbundið mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram sbr. úrskurð skipulagsstjóra dags.

22. apríl 1998 og úrskurð ráðuneytis dags. 28. júlí 1998.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 19. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að lagning ökutækja í Ánanaustum, húsagötu, sé bönnuð annars staðar en í bílastæðum sem liggja þvert á götuna.
 2. að umferð á Ánanaustum, húsagötu, víki gagnvart umferð á Holtsgötu.
 3. að umferð á Ánanaustum, húsagötu, víki gagnvart umferð á Vesturgötu.
- Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. október 1998.

Georg Kr. Lárusson settur.

REGLUR

um innkaup og sölu tóbaks og skilmálar í viðskiptum við birgja.

1. Reglur um flokka tóbaks.

1.1 Tóbaki er deilt í 4 söluflokka¹⁾:

- Kjarna
- Reynsluflokk
- Sérflokk
- Sérpantanir

1.2 Í *kjarna* eru sölutegundir¹⁾ (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 15. nóvember 1996 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu tóbaks. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Nái sölutegund í kjarna ekki 0,5% af heildarsölu vöruflokks (sjá 1.7) á undanförunum 12 mánuðum fellur hún úr kjarna. Sölutegund í vöruflokki 33 (1) þarf þó að ná 30% af heildarsölu vöruflokks og að lágmarki 100.000 vindlinga sölu til að haldast í kjarna. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu tóbakstegundar¹⁾ boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala tóbakstegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegund, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

1.3 Tóbak í kjarna er að jafnaði til sölu í öllum verslunum ÁTVR nema verslunum ÁTVR í Mjódd, Kópavogi, Kringlu og Holtagörðum.

1.4 Í reynsluflokki eru að jafnaði 30% af tölu sölutegunda sem eru í kjarna. Vara í þessum flokki er í reynslusölu í 14 mánuði. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna, hafi hún náð 0,5% af heildarsölu vöruflokksins. Sölutegund í vöruflokki 33 (1) þarf þó að ná 30% af heildarsölu vöruflokks og að lágmarki 100.000 vindlinga sölu. Við útreikning skal miða við sölu í 12 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vöruflokksins á sama tímabili.

Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til reynslu getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama birgi.

1.5 *Sérflokkur* tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali vindla og pípu-tóbaks. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir tóbaks eru falar í sérflokki. Sala vöru í sérflokki telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

1.6 Tóbak sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

1.7 Tóbaki í kjarna og reynslusölu er skipt í eftirfarandi vöruflokka:

30 Neftóbak

32 Reyktóbak

33 (1) Vindlingar, tjara minni en eða jöfn 6 mg

33 (2) Vindlingar, tjara yfir 6 mg

¹⁾ Sjá orðskýringar í tl. 1.8.

- 34 (1) Vindlar $\leq 3,15$ gr/stk.
- 34 (2) Vindlar $> 3,15 - 4,25$ gr/stk.
- 34 (3) Vindlar $> 4,25$ gr/stk.

1.8 Orðskýringar

- Söluflökkur:** Röðun vöru í hóp eftir rétti til söluframboðs hjá ÁTVR.
Dæmi: Kjarni.
- Vöruflökkur:** Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum er tengjast mismunandi framleiðsluáðferðum.
Dæmi: Vindlingar, neftóbak.
- Tóbakstegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum.
Dæmi: London Docks.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskram ÁTVR.
Dæmi: 10 vindla pakki af London Docks.

2. Um meðferð tilboða á vöru í reynslusölu.

2.1 Sótt skal um hverja sölutegund á eyðublaði sem ÁTVR lætur í té. Tilboð á að færa á skrá í þeirri röð sem þau berast. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Skráin liggja frammi í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, 110 Reykjavík, þeim til skoðunar, sem óska.

2.2 Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalsnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er fól þeim sem bauð fram vöruna.

2.3 Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim sem tilboð gaf niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, tilkynnir innkaupastjóri birgi, hvenær reynslusala eigi að hefjast og gengur frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst.

2.4 Pöntun á vöru fari fram skv. ákvæðum viðskiptasamnings, sbr. lið 2.3.

3. Um sérpantanir.

3.1 ÁTVR sérpantar tóbak af frísvæði eða erlendis frá fyrir einstaklinga til eigin neyslu gegn greiðslu á 400 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að engin pantaðra tegunda sé fánleg. Greiðslan er óháð magni og fjölda tegunda. Að auki greiðir sá er pantar ÁTVR tryggingarfé er nemur áætluðu cif-verði vörunnar. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

3.2 Sala sérpantaðrar vöru telst ekki, þegar metinn er söluárangur í kjarna eða í reynsluflokki.

4. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

4.1 Reglur fyrir birgja sem selja vilja tóbak í kjarna eða í reynsluflokki.

4.2 Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Birgi á EES svæði er heimilt

að bjóða verð vöru í mynt lands innan svæðisins að eigin vali. Birgir utan svæðisins skal bjóða verð í USD eða GBP. Allir verðþættir vöru skulu vera í sömu mynt.

4.3 Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té. Texti eyðublaðanna er á íslensku og ensku.

4.4 Þegar ljóst er hvaða tegundir komast í reynslusölu tilkynnir ÁTVR það öllum birgjum og umboðsmönnum þeirra með formlegum hætti. Sýnishorn, tvær sölueiningar og vöruvottun, skulu send ÁTVR án endurgjalds, þegar þess er óskað, að jafnaði 4 mánuðum áður en reynslusala hefst. Eyðublað fyrir vottun er fylgiskjal með reglum þessum. Reynslusala skal hefjast í síðasta lagi innan sex mánaða frá formlegri tilkynningu um upphaf reynslusölu.

4.5 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög og reglur og reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki – EAN eða UPS – verða að vera á hverri sölu-einingu.

4.6 Um aðvörunarmerki á umbúðum tóbaks fer skv. reglugerð nr. 433/1995.

4.7 Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímamann nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fáa hún nýtt efnainnihald, breytta stærð og útlit umbúða og gerð sölueiningar.

4.8 ÁTVR kaupir ekki fínkornótt neftóbak og ekki munntóbak að undanskildu skrotóbaki.

4.9 Vindlingur má ekki gefa frá sér meira magn tjöru en 12 mg.

4.10 Þeir sem bjóða vöru í reynslusölu skuldbinda sig til að lána ÁTVR hana (cif-verð) reynslutímamann. ÁTVR greiðir birgi mánaðarlega andvirði seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig einnig til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Sé birgir utan Evrópu eða Bandaríkjanna kaupir ÁTVR vöru á cif-verði, Reykjavík, eða fob-verði í höfn í Evrópu eftir því sem nánar semst um. Inkóskilmálar 1990 gilda um allar vörusendingar.

4.11 Í samningi skal tilgreina, hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR geti hafist. Pöntun skal jafnan staðfesta innan 9 daga. Með staðfestingu fylgi upplýsingar um afhendingartíma. Berist ÁTVR ekki staðfesting eða upplýsingar um afhendingu vöru innan 30 daga frá pöntun fellur samningur um kaup vörunnar úr gildi. Skeiki meiru en 30 dögum, að afhending vöru sé í samræmi við upplýsingar, fellur samningurinn úr gildi.

4.12 ÁTVR greiðir vöru 60 dögum eftir dagsetningu reiknings birgja.

4.13 Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. nóvember, 1. mars og 1. júlí.

5. Ábyrgð á vöru.

5.1 Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.

5.2 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.

5.3 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að

hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu á vörum birgis.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að hafa allt að 3 sölutegundum af vindlingum í vöruflokki 33 (1) samtímis í reynslusölu þar til sölutegundir í kjarna í þeim vöruflokki eru orðnar 3. Eftir það fer um töku vöru til reynslusölu eftir almennum reglum.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 529/1996 og taka gildi 1. október 1998.

Reykjavík, 29. september 1998.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen.

Sigurður M. Magnússon.

Árni Tómasson.

Reglur þessar um innkaup og sölu tóbaks og skilmála í viðskiptum við birgja staðfestast hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 23. október 1998.

F. h. r.

Bergþór Magnússon.

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Laugavegi frá Snorrabraut og að Lækjargötu verði 30 km/klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögglustjórinn í Reykjavík, 5. október 1998.

Georg Kr. Lárusson settur.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 1998

26. október 1998

1993

Nr. 635

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 8/1998 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 6/1998 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1998.

Frá og með 1. nóvember 1998 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greiddar vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarkna, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) Almennt gjald:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 36,15	verði	kr. 36,45
	10.001 - 20.000 km	kr. 32,35	verði	kr. 32,60
	20.001 - >	kr. 28,55	verði	kr. 28,75

b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr. 5,55	verði	kr. 5,55	(sérst. gjald	1 - 10.000 km)
	kr. 16,65	verði	kr. 16,70	(torfærugjald	1 - 10.000 km)
	kr. 4,95	verði	kr. 5,00	(sérst. gjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 14,90	verði	kr. 14,95	(torfærugjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 4,35	verði	kr. 4,40	(sérst. gjald	20.001 - >)
	kr. 13,15	verði	kr. 13,20	(torfærugjald	20.001 - >)

2. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 4.3. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 9.300, verði kr. 7.500
Gisting í eina nótt:	kr. 5.500, verði kr. 3.800
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag:	kr. 3.800, verði kr. 3.700
Fæði hvern hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag:	kr. 1.900, verði kr. 1.850

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. nóvember 1998.

Reykjavík, 26. október 1998.

Gardar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 1998

Nr. 636

1994

30. október 1998

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum við Eldey.

1. gr.

Frá og með 3. nóvember 1998 til og með 31. desember 1998 eru allar síldveiðar bannaðar við Eldey á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 63°25'N - 24°40'V

3. 63°32'N - 23°40'V

2. 63°41'N - 24°04'V

4. 63°14'N - 24°15'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. október 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 637

AUGLÝSING

26. október 1998

um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr.,
sbr. 22. gr. laga um erfðafjárskatt nr. 83/1984.

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 690.613.

Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 49.707.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1998 og gildir til jafnlangdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. október 1998.

F. h. r.

Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 1998

4. nóvember 1998

1995

Nr. 638

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4/1998 um útgáfu húsbréfa á árinu 1998 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 1998 skal ekki vera umfram 19.500 milljónir króna á árinu 1998, m.v. reiknað markaðsvirði húsbrefanna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 118. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, nr. 58/1995 og nr. 150/1995 og nr. 76/1996, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. nóvember 1998.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1998

Nr. 639

1996

30. október 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Í stað flokkunarinnar „Varúð hættulegt (Xn)“ í 1. mgr. 5. gr. kemur flokkunin: Hættulegt heilsu (Xn).

2. gr.

Í stað orðanna „Varúð hættulegt (Xn)“ í 1. tl. 12 gr. reglugerðarinnar, kemur: Hættulegt heilsu (Xn).

3. gr.

Í stað orðanna „Xn (varúð hættulegt)“ í 18 gr. reglugerðarinnar, kemur: Xn (hættulegt heilsu).

4. gr.

Í stað textans í skýringum í inngangi að efnalista í fylgiskjali 1, kemur texti sem birtur er í I. viðauka við reglugerð þessa.

5. gr.

Við lista í fylgiskjali 1 bætist við efni sem birt eru í II. viðauka við reglugerð þessa.

6. gr.

Í stað varnaðarmerkisins „Xn (VARÚÐ HÆTTULEGT)“ í fylgiskjali 2 kemur varnaðarmerkið: Xn (HÆTTULEGT HEILSU), sem birt er í III. viðauka við reglugerð þessa.

7. gr.

Í stað orðanna „varúð hættulegt“ í fylgiskjöllum reglugerðarinnar kemur: hættulegt heilsu.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. og heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 1. tl., XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipun 92/37/EBE og tilskipun 93/101/EBE).

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir umbúðir sem þegar eru í notkun er veittur frestur til 1. janúar 2002 til að uppfylla ákvæði 6. gr. reglugerðar þessarar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. október 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Listi yfir eiturefni og hættuleg efni.

Skýringar.

1. dálkur Heiti efna.
2. dálkur Varnaðarmerki í samræmi við flokkun efnisins, sjá fylgiskjal 2.
3. dálkur Tilheyrandi hættusetningar, sjá fylgiskjal 3. Bandstrik (-) aðskilur sjálfstæðar hættusetningar, en skástrik (/) er notað til að mynda samtengdar setningar.
4. dálkur Tilheyrandi varnaðarsetningar, sjá fylgiskjal 4. Bandstrik (-) aðskilur sjálfstæðar hættusetningar, en skástrik (/) er notað til að mynda samtengdar setningar.
Þegar varnaðarsetningar V1 og V2 eru í sviga má sleppa þeim á merkingu efna sem eingöngu eru seld til iðnaðarnota.
5. dálkur CAS-nr.: Chemical Abstracts Service Registry Number - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.^{1), 2)}
6. dálkur EB-nr.: Númer sem gefin eru öllum efnum sem skráð eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Númerin eru sjö stafa talnaraðir, xxx-xxx-x og eru þau birt í annarri af eftirtöldum skráum: ^{1), 2)}
 - EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances - Evrópuskrá yfir markaðssett efni.
 - ELINCS: European List of Notified Chemical Substances - Evrópuskrá yfir tilkynnt efni.
7. dálkur Raðnúmer: Númer sem efninu er gefið þegar það er tekið inn í Evrópulista yfir hættuleg efni (Viðauki I við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna).
Númerið er talnaröð af gerðinni ABC-RST-VW-Y, þar sem:
 - ABC er annað hvort sætistala þess frumefnis sem er mest einkennandi fyrir eiginleika efnisins (með einu eða tveimur núllum fyrir framan til uppfyllingar) eða flokksnúmer lífrænna efna,

¹⁾ CAS-nr. eru yfirleitt mismunandi fyrir vatnsfrjár og vatnaðar myndir efnisins. CAS-nr. sem hér er tilgreint á þó eingöngu við um vatnsfrjár myndir en EB-nr. á hins vegar við um báðar myndir.

²⁾ EB- eða CAS-nr. eru yfirleitt ekki tekin með í færslum sem ná til fleiri en þriggja einstakra efna.

- RST er raðtala efnisins í röðinni ABC,
- VW gefur til kynna á hvaða formi efnið er framleitt eða markaðssett,
- Y er vartala í samræmi við ISBN (International Standard Book Number).

8. dálkur

Athugasemdir.

- A: Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar ber að tilgreina heiti efnis á merkimiða eins og það er birt í fylgiskjali 1. Í fylgiskjali 1 eru stundum skráð safnheiti á borð við „-sambönd“ eða „-sölt“. Hér ber að tilgreina EINECS/ELINCS-heiti eða annað viðurkennt alþjóðlegt efnaheiti (s.s. IUPAC³⁾ eða ISO⁴⁾) á merkimiða, t.d. beryllíumklóríð fyrir BeCl₂.
- D: Sum efni hafa tilhneigingu til sjálfkrafa fjölliðunar eða niðurbrots en eru þó venjulega seld í stöðugu formi. Á þessu formi koma þau fram á listanum. Séu efnin hins vegar á óstöðugu formi skal þess getið á merkimiðanum, t.d. metakrýlat (óstöðugt).
- E: Athugasemdin á við um efni sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytivaldandi eða hafa skaðleg áhrif á æxlun, flokkur 1 eða flokkur 2, og sem einnig eru flokkuð sem mjög eitruð (Tx), eitruð (T) eða hættuleg heilsu (Xn). Fyrir efni sem fá athugasemd E bætist orðið „einnig“ við setningar H20, H21, H22, H23, H24, H25, H26, H27, H28, H39, H40, H48 og samtengingar þeirra, t.d. H45-23 „Getur valdið krabbameini. Einnig eitruð við innöndun“, H46-27/28 „Getur valdið arfgengum skaða. Einnig mjög eitruð í snertingu við húð og við inntöku“.
- H: Athugasemdin á við um efni sem ekki hafa verið flokkuð með tilliti til allra áhættuþátta. Hættuflokkun og varnaðarsetningar sem tilgreindar eru í efnalistanum eiga eingöngu við um þá áhættuþætti sem þar eru tilteknir. Eftir sem áður ber framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila að flokka efnið með tilliti til annarra áhættuþátta og merkja efnið í samræmi við það.*
- J: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,1%⁵⁾ af benzeni (CAS-nr. 71-43-2).*
- M: Flokkun efnisins sem krabbameinsvaldandi á ekki við ef sýnt er fram á að efnið inniheldur minna en 0,005% af benzo[a]pýreni (CAS-nr. 50-32-8).*
- Ú: Notkun og sala á efninu í úðunarílátum er óheimil nema aðrar reglugerðir heimili það sérstaklega.
- 1: Miðað er við styrk málmsins (frumefnisins) sem er reiknaður á grundvelli heildarþyngdar efnablöndunnar. Styrkurinn er tilgreindur sem hundradshluti miðað við þyngd.

*Athugasemdir H, J og M eiga eingöngu við um tilteknar olíu- og kolaafurðir í fylgiskjali 1.

³⁾ IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry.

⁴⁾ ISO: International Standardization Organization - Alþjóðlegu staðlasamtökin.

⁵⁾ %: Hlutfall miðað við þyngd.

II. VIÐAUKI

Heiti efna	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	CAS-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
2-akrylóxyloxyéthyldrógensýklóhexan-1,2-dikarboxýlat (1), 2-metakrylóxyloxyéthyldrógen-sýklóhexan-1,2-dikarboxýlat (2), blanda af (1) og (2)	Xi	38-41-43-52/53	(2)-24-26-37/39-61		405-360-6	607-226-00-4	
C _{12-14-tert} -alkýlamín, metýlfosfónýrsalt	C; N	22-34-51/53	(1/2)-26-28- 36/37/39-45-61	119415-07-5	404-750-3	612-117-00-X	
C _{12-14-tert} -alkýlammóníumdifénylító- fosfat (1), dínónýlsúlfíð (eða -dísúlfíð) (2), blanda af (1) og (2)	Xi; N	38-41-43-51/53	(2)-24-26-37/39-61		400-930-0	015-147-00-6	
(C ₁₆ eða C _{18-n} -alkýl)(C ₁₆ eða C _{18-n} - alkýl)ammóníum-2-((C ₁₆ eða C _{18-n} - alkýl)(C ₁₆ eða C _{18-n} -alkýl)- karbamóyl)benzensúlfónat	Xi	38-43-53	(2)-24-37-61		402-460-1	016-053-00-8	
C ₈₋₁₈ -alkýlbis(2-hýdroxyétyl)- ammóníumbis(2-etylhexýl)fosfat	T; N	23-34-43-50/53	(1/2)-26-36/37/39- 45-60-61	68132-19-4	404-690-8	612-116-00-4	Ú
2-amínó-6-etoxy-4-metylamínó-1,3,5- triazín	Xn	22	(2)	62096-63-3	403-580-7	613-096-00-X	
4-amínó-3-flúorfenól	T; N	45-22-43-51/53	53-45-61	399-95-1	402-230-0	604-028-00-X	Ú, E
7-amínó-3-(5-karboxýmetyl-4-metyl- 1,3-tiazól-2-ýltíð)metyl)-8-oxó-5-tía- 1-azabísýklól[4.2.0]okt-2-en-2- karboxýlsýra	Xn	42/43-52/53	(2)-22-24-37-61	111298-82-9	403-690-5	613-097-00-5	
3-azídósúlfónýlbenzósýra	E; Xn	2-41-43-48/22	(2)-22-26-35- 36/37/39	15980-11-7	405-310-3	607-225-00-9	

Heiti efna	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	CAS-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
α -3-(3-(2 <i>H</i> -benzotriazol-2-ýl)-5- <i>tert</i> -bútyl-4-hýdroxyfenýl)própíonýl- ω -hýdroxypólý(oxýetýlen) (1), α -3-(3-(2 <i>H</i> -benzotriazol-2-ýl)-5- <i>tert</i> -bútyl-4-hýdroxyfenýl)própíonýl- ω -3-(3-(2 <i>H</i> -benzotriazol-2-ýl)-5- <i>tert</i> -bútyl-4-hýdroxyfenýl)própíonýl-oxýpólý(oxýetýlen) (2), blanda af (1) og (2)	Xn; N	43-48/22-51/53	(2)-36/37-61		400-830-7	607-176-00-3	
benzýldímetylloktadekýlammóníum-3-nítróbenzensúlfónat	Xi; N	38-41-50/53	(2)-26-37/39-60-61	124088-59-1	405-330-2	612-119-00-0	
S-benzýl- <i>N,N</i> -díprópylítkarbat	Xn; N	22-48/22-51/53	(2)-37-61	52888-80-9	401-730-6	006-072-00-X	
(<i>N</i> -benzýl- <i>N</i> -etýl)amínó-3'-hýdroxyasetófenonvæmisklórfó	Xi; N	41-51/53	(2)-26-39-61	55845-90-4	401-840-4	606-040-00-0	
benzýl-2-hýdroxýdódekýldímetyl-ammóníumbenzóat	C; N	22-34-50/53	(1/2)-26-28-36/37/39-45-60-61	113694-52-3	402-610-6	612-095-00-1	
benzýltríbútylammóníum-4-hýdroxýnaftalen-1-súlfónat	Xn; N	20-51/53	(2)-22-61	102561-46-6	402-240-5	016-052-00-2	
bis(3,5-dí- <i>tert</i> -bútylsalísýlató- <i>O</i> 1, <i>O</i> 2)sínk	F; Xn; N	11-22-50/53	(2)-7-22-60-61	42405-40-3	403-360-0	030-007-00-4	
2,9-bis(3-(díetýlamínó)própyl-súlfamóýl)kínó[2,3- <i>b</i>]laktrín-7,14-díón	Xi	43-53	(2)-24-37-61	164578-11-4	404-230-6	613-100-00-X	
2,5-bis(1,1-dímetylbútyl)hýdrókínón	N	51/53	61	57246-09-0	400-220-0	604-025-00-3	
bis(4-dódekýlfenýl)jóðóníumhexaflúor-antímónat	Xi	43-52/53	(2)-24-37-61	71786-70-4	404-420-9	051-007-00-0	
3-(bis(2-etylhexýl)amínómetýl)-benzotriazol-2(3 <i>H</i>)-tíón	C; N	34-43-50/53	(1/2)-26-28-36/37/39-45-60-61	105254-85-1	402-540-6	613-080-00-2	
bis(2-etylhexýl)díetíódiasetat	Xn; N	22-43-51/53	(2)-24/25-37-61	62268-47-7	404-510-8	607-219-00-6	

Heiti efna	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	CAS-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
<i>N,N</i> -bis(2-etylhexýl)-(1,2,4-triazól-1-ýl)metyl)amín	C; N	34-43-51/53	(1/2)-26-28-36/37/39-45-61	91273-04-0	401-280-0	613-072-00-9	
bis(4-flúorfenýl)metyl-(1,2,4-triazól-4-ýl)metyl)sílanvetnisklórfó	Xi; N	36-51/53	(2)-26-61	101804-03-9	401-380-4	014-006-00-6	
bis(2,2,6,6-tetrametyl-4-piperidýl)-súksínat	Xi	36-52/53	(2)-26-61	62782-03-0	402-940-0	607-187-00-3	
bis(3-(trimetoxýsilýl)própýl)amín	Xi; N	41-51/53	(2)-24-26-39-61	82985-35-1	403-480-3	014-012-00-9	
brómbenzýlbrómíólúen, blanda ísómara	Xn; N	43-48/22-50/53	(2)-24-37-41-60-61	99688-47-8	402-210-1	602-071-00-9	
2-(2-brómetoxý)anisól	Xn	22-52/53	(2)-22-61	4463-59-6	402-010-4	603-090-00-5	
bútýl(dialkylóxy)(dibútoxýfosfórýloxý)-títan)(trialkylóxytítan)fosfat	F; Xi; N	11-36-51/53	(2)-7/9-16-26-43-61		401-100-0	015-142-00-9	
<i>O,O</i> -tert-bútýl- <i>O</i> -dókósýlmónóperoxýoxalat	O; N	7-50/53	(2)-7-14-36/37/39-47-60-61	116753-76-5	404-300-6	617-013-00-8	
3-(3-tert-bútýl-4-hýdroxyfenýl)-própiónsýra	Xn	22-36	(2)-25-26-36	107551-67-7	403-920-4	607-215-00-4	
5-tert-bútýl-3-ísoxazolýlaminvetnisklórfó	Xn	22-41-48/22-52/53	(2)-26-36/39-61	164578-13-6	404-840-2	613-104-00-1	
5(óða 6)-tert-bútýl-2-klór-6-etylaminó-3,7-dimetylspíró(ísobenzólfúran-1(1 <i>H</i>),9'-xanten)-3-on	Xn; N	20-50/53	(2)-60-61	98181-47-6	400-680-2	606-039-00-5	
1-bútýl-2-metylprýridíníumbromíó	Xn	22-52/53	(2)-61	26576-84-1	402-680-8	613-081-00-8	
díamínadíósýanatósink	Xn; N	22-41-42/43-50	(2)-22-26-36/37/39-41-61	122012-52-6	401-610-3	030-005-00-3	
3-(2-díamínómetýlenamínó)triazól-4-ýlmetylítíóprópiónítírl	Xn	22-52/53	(2)-22-61	76823-93-3	403-710-2	608-021-00-2	
2,4-dí-tert-bútýlísýklóhexanon	Xi; N	38-51/53	(2)-37-61	13019-04-0	405-340-7	606-043-00-7	

Heiti efna	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	CAS-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
2-(4-(dietylaminóprópylkarbamóyl)-feny lazó)-3-oxó-N-(2,3-dihýdró-2-oxobenzimidazol-5-yl)butýramíð	Xi; N	43-51/53	(2)-24-37-61	164578-14-7	404-910-2	611-017-00-3	
dífeny[(4-fenyliófenyl)sulfóníum-hexaflúorantimónat	Xi; N	43-50/53	(2)-24-37-60-61	159120-95-3	403-500-0	051-006-00-5	
2-(dífosfónómetýl)ratsýra	C	34-43	(1/2)-26-36/37/39-45	51395-42-7	403-070-4	015-148-00-1	
1,1'-(dihýdroxyfenylen)bis(azó-3,1-fenylenazó(1-(3-(dímetýlaminó)própyl)-1,2-dihýdró-6-hýdroxy-4-metýl-2-oxópýridín-5,3-díyl))-dípyridíniumdíklóríð, dívetnisklóríð, blanda ísómera (1), 1-(1-(3-(dímetýlaminóprópyl)-5-(3-((4-(1-(3-(dímetýlaminóprópyl))-1,6-dihýdró-2-hýdroxy-4-metýl-6-oxó-5-pýridíníð-3-pýridýlazó)fenýlazó)-2,4(eða 2,6 eða 3,5)-dihýdroxyfeny lazó)fenýlazó)-1,2-dihýdró-6-hýdroxy-4-metýl-2-oxó-3-pýridýl)pyridíniumdíklóríð (2), blanda af (1) og (2)	Xi	43	(2)-22-24-37		404-540-1	611-016-00-8	
O,O'-díisóprópyl(pentatíó)dítríóformíat (1), O,O'-díisóprópyl(tetratíó)dítríóformíat (2), O,O'-díisóprópyl(trítíó)dítríóformíat (3), blanda af (1), (2) og (3)	Xr; N	22-38-43-50/53	(2)-36/37-60-61		403-030-6	607-209-00-1	
3,5-díklór-2,4-díflúorbenzózýlflúoríð	T; C	22-23-29-34-43-52/53	(1/2)-26-36/37/39-45-61	101513-70-6	401-800-6	607-181-00-0	Ú
tekin um breytingu á vinnuskilyrðum, vinnutíma eða verkefnum. Breyting á vinnutíma,
vinnuskilyrðum eða verkefnum hefur ekki áhrif á launakjör til lækkunar, sbr. 2. málsl. 6.
gr. laga um fæðingarorlof.

Ef af tæknilegum ástæðum er óæskilegt eða ekki unnt að fela starfsmanninum önnur
verkefni eða ekki er hægt að fara fram á það með gildum rökum svo að sanngjarnt geti
talist skal veita honum leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda
öryggi hans og heilbrigði. Atvinnurekandi getur leitað umsagnar Vinnueftirlits ríkisins áður
en ákvörðun er tekin um veitingu leyfis. Starfsmaður sem sækir um greiðslu skv. 15. og
16. gr. laga um almannatryggingar í slíku leyfi skal leggja fram vottorð atvinnurekanda um
leyfið ásamt rökstuðningi hans fyrir ástæðum þess.

Hlutaðeigandi starfsmaður og/eða Tryggingastofnun ríkisins geta óskað eftir því að
Vinnueftirlit ríkisins endurskoði ákvörðun atvinnurekanda um leyfisveitingu. Beiðni um
endurskoðun skal liggja fyrir innan 14 daga frá því ákvörðun var formlega tilkynnt.

Ákvæði þessarar greinar gilda að breyttu breytanda um starfsmann sem stundar starf
sem bannað er skv. 5. gr. og verður þungaður eða hefur barn á brjósti, sbr. 2. gr.

5. gr.

Tilvik þar sem vinna er bönnuð.

Óheimilt er að skylda þungaða starfsmenn til að vinna störf sem mat skv. 1. mgr. 3.
gr. hefur sýnt að gætu verið hættuleg vegna mengunar eða vinnuskilyrða, sbr. A-lið II.
viðauka og gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða.

Einnig er óheimilt að skylda starfsmenn sem hafa barn á brjósti til að vinna störf sem
mat skv. 1. mgr. 3. gr. hefur sýnt að gætu verið hættuleg sakir mengunar eða vinnuskilyrða,
sbr. B-lið II. viðauka, og gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða.

6 gr.

Vinna að næturlagi.

Óheimilt er að skylda starfsmann skv. 1. sbr. 2. gr., til að vinna að næturlagi á
meðgöngutíma og jafnframt í allt að sex mánuði eftir barnsburð, enda sé slíkt nauðsynlegt
vegna öryggis og heilbrigðis starfsmannsins og hann staðfesti það með læknisvottorði.

Ef af tæknilegum ástæðum er óæskilegt eða ekki unnt að breyta vinnutíma eða ekki
er hægt að fara fram á það með gildum rökum svo að sanngjarnt geti talist skal veita starfs-
manni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hans og
heilbrigði. Starfsmaður sem sækir um greiðslu í slíku leyfi skv. 15. og 16. gr. laga um
almannatryggingar skal leggja fram vottorð atvinnurekanda um leyfið ásamt rökstuðningi
hans fyrir ástæðum þess.

7. gr.

Eftirlit og kæruleiðir.

Vinnueftirlit ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar og annast
kynningu hennar.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á reglugerðinni gilda ákvæði
98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 73. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun nr. 92/85/EBE í viðbæti við XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 432/1997, um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 1998.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

VIÐAUKI I.

**Skrá yfir helstu skaðvalda, vinnuaðferðir og vinnuskilyrði
sem getið er um í 1. mgr. 3. gr.**

A. Skaðvaldar.

1. Eðlisfræðilegir skaðvaldar, sem teljast vera skaðvaldar sem valda fósturskaða og/eða geta valdið því að legkaka losnar, einkum:
 - a) högg, titringur eða hreyfing;
 - b) handleika byrðar sem hafa hættu í för með sér, einkum fyrir hrygg og lendar;
 - c) hávaði;
 - d) jónandi geislun; sjá reglugerð nr. 356/1986 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun og aðrar reglugerðir settar með stöð í lögum nr. 117/1985 um geislavarnir;
 - e) ójónandi geislun;
 - f) funhiti og brunakuldi;
 - g) hreyfingar og stellingar, ferðir milli staða - annaðhvort innan eða utan starfsstöðvar - andleg og líkamleg þreyta og annð líkamlegt álag sem tengist vinnu starfsmanns í skilningi 2. gr. reglugerðarinnar.
2. Líffræðilegir skaðvaldar.
Líffræðilegir skaðvaldar samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 554/1996 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum ef vitað er að þeir eða meðferð sem þeir krefjast geti skaðað heilsu þungaðra kvenna og fóstra og þá er ekki að finna í II. viðauka.
3. Efnafræðilegir skaðvaldar.
Eftirtaldir efnafræðilegir skaðvaldar þegar vitað er að þeir geti skaðað heilsu þungaðra kvenna og fóstra og þá er ekki að finna í II. viðauka;
 - a) efni merkt H 40, H 46 og H 47 samkvæmt reglugerð nr. 236/1990; reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum;

- b) efnafræðilegir skaðvaldar í I. viðauka við reglur nr. 621/1995 um krabbameinsvaldandi efni;
- c) kvikasilfur og kvikasilfurssambönd;
- d) mítósuheftandi lyf;
- e) kolmónoxíð;
- f) efnafræðilegir skaðvaldar sem vitað er að hafa skaðleg áhrif gegnum húð.

B. Vinnuaðferðir.

Vinnuaðferðir í I. viðauka reglna nr. 621/1995 um vinnu með krabbameinsvaldandi efni.

C. Vinnuskilyrði.

Vinna neðanjarðar í námum.

VIÐAUKI II.

Skrá yfir helstu skaðvalda og vinnuskilyrði sem getið er um í 5. gr.

A. Þungaðir starfsmenn í skilningi 2. gr.

1. Skaðvaldar.

a) Eðlisfræðilegir skaðvaldar.

Vinna undir miklum þrýstingi, t.d. í þrýstiklefum og við köfun.

b) Líffræðilegir skaðvaldar.

Eftirtaldir líffræðilegir skaðvaldar:

- bogfrymill,
- veira rauðra hunda

nema þungaðir starfsmenn séu sannanlega nægilega varðir gegn slíkum áhrifavöldum með ónæmisaðgerð.

c) Efnafræðilegir skaðvaldar.

Blý og blýsambönd, ef hættu er á að mannlíkaminn taki þessa skaðvalda upp, sbr. og 5. mgr. 10. gr. reglna nr. 698/1995 um vinnu með blý og blýsölt.

2. Vinnuskilyrði.

Vinna neðanjarðar í námum.

B. Starfsmenn með barn á brjósti í skilningi 2. gr.

1. Skaðvaldar.

a) Efnafræðilegir skaðvaldar.

Blý og blýsambönd, ef hættu er á að mannlíkaminn taki þessa áhrifavalda upp, sjá nánar reglur nr. 698/1995 um vinnu með blý og blýsölt.

2. Vinnuskilyrði.

Vinna neðanjarðar í námum.

TILKYNNING

nr. 4/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun um flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum sem hér segir frá og með 1. desember 1998 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 27. nóvember 1998.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

1. gr.

Nafn og aðsetur.

Nefndin heitir rannsóknarnefnd umferðarslysa og hefur hún aðsetur á skrifstofu Umferðarráðs í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk og markmið.

Hlutverk nefndarinnar er að rannsaka umferðarslys og starfar hún sjálfstætt og óháð öðrum stjórnvöldum og rannsóknaraðilum. Rannsóknir hennar skulu miða að því einu að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur og stuðla að því að umferðaröryggi megi aukast. Nefndin skal gera tillögur til úrbóta um umferðaröryggi til viðeigandi stjórnvalda, eftir því sem rannsóknir á orsökum umferðarslysa gefa tilefni til.

3. gr.

Nefndarmenn og starfsmenn.

Nefndarmenn skulu vera þrír. Dómsmálaráðherra skipar nefndarmenn og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn. Hann skipar einnig formann og varaformann nefndarinnar. Um þóknun vegna starfa nefndarmanna fer eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Nefndarmenn skulu hafa sérfræðiþekkingu, svo sem varðandi umferðarlöggjöf, lög-gæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða váttryggingar.

Nefndin ræður sér starfsmenn að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið og getur hún einnig leitað aðstoðar sérfróðra einstaklinga eða rannsóknarstofnana ef þörf krefur.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna rannsóknarnefndar umferðarslysa fer eftir stjórnarsýslulögum.

4. gr.

Rannsóknarverkefni og starfshættir.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa ákveður hvenær efni eru til rannsóknar umferðarslyss í samræmi við hlutverk og markmið nefndarinnar. Tilkynna skal lögreglu um hvaða flokka slysa nefndin hefur til rannsóknar á hverjum tíma.

Nú verður umferðarslys í flokki sem nefndin hefur ákveðið að rannsaka og skal lögreglan þá tafarlaust tilkynna Neyðarlínunni um slysið, sem kemur boðum til nefndarinnar.

Eftir atvikum skulu einn eða fleiri nefndarmenn eða starfsmenn nefndar fara í rannsóknarskygni á vettvang. Lögreglunni skal tilkynnt svo fljótt sem unnt er hvort fulltrúi nefndarinnar muni fara á vettvang.

Þegar umferðarslys verður í flokki sem nefndin hefur ákveðið að rannsaka skal lögreglan vernda verksummerki slyss, eins og kostur er, fram að þeim tíma er nefndin kemur á slysstað, þótt lögreglan hafi áður lokið vettvangsrannsókn sinni.

5. gr.

Heimildir í starfi.

Dómsmálaráðuneytið lætur nefndarmönnum og starfsmönnum nefndarinnar í té skilríki til sönnunar um störf þeirra.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal hafa aðgang að slysstað í samráði við lögreglu.

Lögreglunni ber að veita nefndinni aðstoð við rannsóknarstörf á slysstað eftir því sem hún hefur tök á.

Nefndinni er heimilt að leita eftir upplýsingum varðandi ökutækið, ökumann, farþega, vitni og annað er kann að skipta máli varðandi rannsóknina. Þá er nefndinni heimilt að leita eftir upplýsingum um atvik frá ökumanni, farþegum og hverjum öðrum sem ætla má að kunni að geta veitt vitneskju er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

Nefndin getur óskað eftir því við lögregluna að hún taki í sínar vörslur ökutæki eða hluta þess, sem rannsóknin beinist að.

Nefndarmönnum og starfsmönnum hennar ber að gæta fyllstu þagmælsku og hindra að óviðkomandi fái upplýsingar um þau atvik er þeir komast að í starfi sínu í nefndinni.

6. gr.

Lok rannsóknar.

Rannsókn umferðarslyss telst lokið þegar fram hafa komið allar þær upplýsingar sem nefndin telur nauðsynlegar um viðkomandi umferðarslys.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa getur, af sjálfsdáðum eða samkvæmt tilmælum ráðherra, endurupptekið áður rannsakað mál ef fram koma ný gögn sem haft geta verulega þýðingu fyrir rannsóknina.

7. gr.

Kostnaður.

Kostnaður vegna starfa rannsóknarnefndar umferðarslysa greiðist af framlögum sem nefndinni hefur verið veitt til starfseminnar.

8. gr.

Starfsreglur.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa setur sér starfsreglur sem dómsmálaráðherra staðfestir.

9. gr.

Kynning.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa skal gefa út yfirlitsskýrslu um störf sín í byrjun hvers árs. Í skýrslunni skal gera tillögur um úrbætur í umferðaröryggismálum og þar skal vera yfirlit um hvernig fyrri tillögum hefur verið framfylgt.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 114. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 138 18. desember 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. nóvember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 1998

Nr. 682

2060

30. nóvember 1998

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 566/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðrófum í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0706.9000	Rauðrófur	01.12.-15.03.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. nóvember 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 1998

23. nóvember 1998

2061

Nr. 683

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um gæsluvarðhaldsvist
nr. 179/1992 með síðari breytingum.**

1. gr.

3. mgr. 74. gr. orðist svo:

Þegar og þar sem ekki er unnt að útvega gæsluvarðhaldsfanga vinnu skal hann fá greidda dagpeninga svo að hann eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu svo sem hreinlætisvörum.

Á eftir 3. mgr. komi eftirfarandi málsgreinar:

Gæsluvarðhaldsfangi sem er í vinnu eða á kost á vinnu fær ekki dagpeninga. Nú er gæsluvarðhaldsfanga vikið úr vinnu og fær hann þá ekki dagpeninga. Sama gildir um gæsluvarðhaldsfanga sem útvegar sér sjálfur vinnu.

Gæsluvarðhaldsfangi sem á kost á vinnu en getur ekki sinnt henni sökum veikinda samkvæmt læknavottorði, fær greidda dagpeninga.

Fjárhæð dagpeninga er nú 460 kr. á dag, og tekur breytingum til samræmis við breytingar á reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga til afplánunarfanga. Dagpeningar eru einungis greiddir virka daga.

Gæsluvarðhaldsfangi sem vistaður er um stundarsakir utan fangelsis, svo sem á sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, skal ekki fá greidda dagpeninga, nema að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 108. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1992, sbr. lög nr. 136/1996 og 36. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1998 sbr. lög nr. 123/1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. nóvember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

25. nóvember 1998

Nr. 684

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðbæjar sunnan gamla Vesturlandsvegur, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag miðbæjar sunnan gamla Vesturlandsvegur í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 28. október 1998. Á svæðinu er gert ráð fyrir átta lóðum undir stakar byggingar af ýmsum stærðum fyrir verslunar- og þjónustustarf í samræmi við gildandi aðalskipulag. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið. Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

Mosfellsbæ, 25. nóvember 1998.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps hefur samþykkt deiliskipulag vegna söluskála við Gullfoss í landi Brattholts, Biskupstungnahreppi og deiliskipulag lóða undir gistiheimili og smáhýsi einnig í landi Brattholts, Biskupstungnahreppi.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. ákvæðum 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997. Ofangreint öðlast þegar gildi.

Biskupstungnahreppi, 27. nóvember 1998.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Búrfells I og II, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar, svæði 1 í landi Búrfells I og Búrfells II, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 25. nóvember 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Svínavatns, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Svínavatns, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 30. nóvember 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Happraetti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976, með síðari breytingum.

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr., sbr. reglugerð nr. 638/1995, orðist svo:
Verð hlutamiða er 800 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 9.600 kr.

2. gr.

14. gr., sbr. reglugerð nr. 625/1996, orðist svo:

Vinningar í happraettinu skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal fjárhæð vinninga nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum. Vinningar í hverjum flokki skiptast í tvo hluta, almennan hluta og sjóðshluta.

Stjórn happraettisins ákveður, að fengnu samþykki happraettisráðs, vinningatölu og verðmæti vinninga í hinum almenna hluta vinninga hvers flokks. Til almennra vinninga skal verja 7/8 hlutum af heildarfjárhæð vinninga ársins. Vinningaskráin vegna almenna hlutans skal samin fyrirfram fyrir hvert ár. Til vinninga í sjóðshluta skal verja 70% af 1/8 hluta af andvirði hvers selds miða í hverjum flokki. Falli sjóðsvinningur í flokki á óseldan miða skal hann leggjast við heildarfjárhæð sjóðsvinninga í næsta flokki. Í 12. flokki skal útdrætti sjóðsvinninga haldið áfram með þeim hætti að einn seldur miði í hverri útgefni miðaröð happraettisins hljóti vinning. Fjárhæð sjóðsvinninga í 12. flokki skal ákvörðuð þannig að þeirri fjárhæð sem varið var á árinu til vinninga í sjóðshluta verði að fullu ráðstafað sem vinningum á selda miða.

3. gr.

19. gr., sbr. reglugerð nr. 705/1997, orðist svo:

Útdráttur vinninga fer fram sem hér segir:

I. Fyrri hluti útdráttar vinninga í hverjum flokki fer fram með eftirfarandi hætti:

A. Útdráttur hæstu vinninga í almenna hlutanum:

Vinningsnúmer vegna hæstu vinninga í 1.-12. flokki eru dregin út með notkun fimm hólfa stokksins. Númerin skulu vera á bilinu 1 - 60.000. Tölur sem koma fram í hólfum stokksins mynda miðanúmerið. Lesið skal frá vinstri til hægri þegar horft er framan á stokkinn. Ef ekki reynist unnt af tæknilegum ástæðum að nýta fimm hólfa stokkinn við útdrátt hæstu vinninga er heimilt að nýta átta hólfa stokkinn í hans stað. Tölur sem koma fram í þeim fimm hólfum stokksins sem eru fjærst snúningshnúð mynda miðanúmerið. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Útdregið vinningsnúmer er því aðeins gilt að það sé á bilinu 1 - 60.000.

B. Útdráttur annarra vinninga en hinna hæstu og næst hæstu í almenna hlutanum fer fram með tvennum hætti:

1. Með notkun tölvu:

- Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfa stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
- Tölvun er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
- Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaður sem tekinn er undan innsigli og

búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út önnur miðanúmer en þau sem hlotið hafa hæsta vinning.

d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.

e. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.

2. Með notkun stokks:

Valdar eru tveggja stafa tölur. Valið fer fram með notkun fimm eða átta hólfa stokks og er sú tala, sem fram kemur og síðustu tveir stafir mynda, skráð. Þegar fimm hólfa stokkur er notaður skal lesið frá vinstri til hægri þegar horft er framan á stokkinn. Lesið skal frá þeim enda átta hólfa stokksins sem fjær er snúningshnúð. Val er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinningaskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

C. Að þessum útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Sé óskað eftir afriti skrárinnar á disklingi eða segulbandi skal það nú gert.

Dráttarforrit og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði.

Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdrattarins.

II. Síðari hluti útdrattar vinninga í hverjum flokki happdrættisins fer fram með eftirfarandi hætti:

A. Útdráttur næst hæstu vinninga í almenna hlutanum.

Vinningsnúmer vegna næst hæstu vinninga almenna hlutans í 1.-12. flokki eru dregin út með notkun tölvu:

a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfa stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.

b. Tölvun er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.

c. Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaður sem tekinn er undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út miðanúmer úr skrá seldra miðanúmera (tölunúmer ásamt bókstöfunum B,E,F,G eða H).

d. Skrá seldra miðanúmera er flutt í tölvuna. Hvert selt trompmiðanúmer skal hafa verið skráð fimm sinnum í skrána þar eð trompmiði hefur sama gildi og fimm einfaldir miðar. Vinningsnúmer (tölunúmer ásamt bókstöfunum B,E,F,G og H) vegna þegar útdregins hæsta vinnings skulu tekin úr skránni ef þau er þar að finna.

e. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.

f. Tölvun dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá. Í hvert sinn sem trompmiðanúmer er dregið út úr skránni hlýtur eigandi þess sömu fjárhæð og eigendur útdreginna einfaldra miðanúmera. Í útdrætti er mögulegt að fimm vinningar falli á sama trompmiðann.

B. Í 1.-11. flokki fer útdráttur vinninga í sjóðshluta þannig fram:

1. Vinningsnúmer vegna hæstu vinninga eru dregin út með notkun fimm hólfa stokksins. Lesið skal frá vinstri til hægri þegar horft er framan á stokkinn. Númerin skulu vera á bilinu 1 - 60.000. Tölur sem koma fram í hólfum stokksins mynda miðanúmerið.

2. Útdráttur annarra vinninga fer fram með eftirfarandi hætti:
 - a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfa stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
 - b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
 - c. Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaður sem tekinn er undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út önnur miðanúmer en þau sem hlotið hafa hæsta vinning.
 - d. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.
 - e. Tölvan dregur og prentar út skrá sem verður hluti af vinningaskrá.
- C. Í 12. flokki eru vinningsnúmer í sjóðshluta dregin út með notkun tölvu:
 - a. Valin er 48 stafa lykiltala. Fer valið fram með notkun átta hólfa stokksins og er sú átta stafa tala sem fram kemur skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Aðgerðin er endurtekin þar til fyrir liggur 48 stafa tala.
 - b. Tölvan er hreinsuð og færð í upphafsstöðu.
 - c. Valið er dráttarforrit og annar hugbúnaður sem tekinn er undan innsigli og búnaðurinn settur í tölvuna. Dráttarforritið skal hannað til að draga út miðanúmer úr skrá seldra miðanúmera (tölunúmer ásamt bókstöfunum B, E, F,G og H), þó þannig að aðeins dragist út eitt vinningsnúmer í hverri bókstafsroð.
 - d. Skrá seldra miðanúmera er flutt í tölvuna.
 - e. Lykiltalan og upplýsingar varðandi útdráttinn, svo sem fjöldi númera og vinningsfjárhæðir, eru settar inn frá lykllaborði tengdu tölvunni og prentast jafnframt út.
 - f. Tölvan dregur og prentar út vinningaskrá.
- D. Að þessum útdrætti loknum er prentuð út heildarvinningaskrá sem happdrættisráð staðfestir með undirskrift sinni.

Sé óskað eftir afriti skrárinnar á disklingi eða segulbandi skal það nú gert. Dráttarforrit og annar hugbúnaður er tekinn til varðveislu af happdrættisráði. Happdrættisráðið færir í gerðabók skýrslu um framkvæmd útdráttarins.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. nóvember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps er skipuð 5 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Svalbarðsstrandarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins, að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu skv. V. kafla þessarar samþykktar.
5. Að annast hlutverk skipulagsnefndar sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, þriðja þriðjudag hvers mánaðar, eða samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 14. gr., boðar sveitarstjórnarfundu og ákveður jafnframt fundarstað, hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu, hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiddan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verkvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau berist þeim í síðasta lagi fjórum sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreiðu í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef allir viðstaddir sveitarstjórnarmenn samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem sveitarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundum sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar

hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef

einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmann sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða felld án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei, eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar samkvæmt d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra,

aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari. Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar, getur sveitarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmat forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefnda stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum.

Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðir lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórna í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.

- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 2. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
Félagsmálanefnd fer með stjórn og rekstur heimilisþjónustu, framfærslumál og öldrunarmál. Barnaverndarmál skv. lögum nr. 58/1992 og húsnæðismál skv. 6. gr. laga nr. 44/1998.
 3. *Skóla- og leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
 4. *Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Landbúnaðarnefnd fer með stjórn búfjáreftlits, fjallskila og tilnefnir tvo búfjáreftlitsmenn skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 og skipar fjallskilastjóra skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.
 5. *Svæðisbyggingarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 7. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 8. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
 9. *Héraðsnefnd Eyjafjarðar.* Einn fulltrúi og annar til vara.
 10. *Öldrunarnefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara (í samvinnu við Grýtubakkahrepp og Hálshrepp).
 11. *Heilbrigðisnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara (í samvinnu við sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar, aðrar en bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar) skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
 12. *Hafnasamlag Norðurlands.* Einn aðalmaður og annar til vara í samvinnu við sveitarstjórn Grýtubakkahrepps.
 13. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir fulltrúar og tveir til vara.
 14. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og einn til vara.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá í samráði við oddvita og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórn þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum, en þó getur sveitarstjórn falið nefndum að ráða forstöðumenn þeirra stofnana sem heyra undir málaflokk þeirra. Sveitarstjórn getur á sama hátt falið forstöðumanni stofnunar að ráða starfslið hennar, svo fremi að heimild sé til þess í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir að ákveðinni stofnun á vegum sveitarfélagsins eða með 3 mánaða uppsagnarfresti.

56. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra

útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps nr. 85/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. nóvember 1998.

F. h. r.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa.

1. gr.

Á eftir orðunum „ætluð fyrir notendur“ í e-lið 3. tölul. 1. gr. kemur: vélknúinna.

2. gr.

Lokamálsliður III. viðauka, sem hefst á orðunum „Viðbótarupplýsingar“ fellur brott.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun nr. 96/58/EB eru hér með staðfestar til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. nóvember 1998.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

Nr. 691

30. nóvember 1998

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1999.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 1999 vera kr. 6 752. Gjaldldagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 1999.

Umhverfissráðuneytinu, 30. nóvember 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 390/1995 um ölkelduvatn.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Leyfi samkvæmt 1. mgr. gildir að hámarki í fimm ár. Ef leyfi er endurnýjað áður en gildistími þess er liðinn þarf ekki að leggja fram að nýju gögn sem krafa er gerð um samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að meðhöndla ölkelduvatn í upprunalegu ástandi nema á eftirtalinn hátt og að því tilskildu að meðhöndlun samkvæmt 1., 2. og 3. tl. hafi ekki áhrif á samsetningu vatnsins hvað varðar þau undirstöðuefni sem gefa því séreiginleika:

1. Með síun eða fellingu til að fjarlægja óstöðug efni þess svo sem járn og brennisteinssambönd, mögulega að undangenginni súrefnisbindingu.
2. Með ósoni til að fjarlægja járn-, mangan- og súlfúrsambönd og arsen.
3. Með því að fjarlægja óæskileg efni og efnasambönd önnur en þau sem tilgreind eru í 1. og 2. tl.
4. Með eðlisfræðilegum aðferðum til eyðingar óbundins koltvísýrings, algjörlega eða að hluta.
5. Með því að bæta koltvísýringi í vatnið, ef það er gert í samræmi við skilgreiningar á freyðandi ölkelduvatni, sbr. 9. gr.

Þegar ákvörðun er tekin um meðhöndlun samkvæmt 2. og 3. tl. skal hún tilkynnt Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og skal lúta sérstöku eftirliti þess.

Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir notkun ölkelduvatns við framleiðslu svaladrykkja.

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðamerkingum:

1. Upplýsingar um samsetningu vatnsins samkvæmt efnagreiningu þar sem einkennandi efnisþættir eru tilgreindir.
2. Heiti svæðis þar sem vatnið er tekið og heiti upptökustaðar. Heiti svæðis getur verið hluti af heiti vörunnar eða nánari vörulýsing, sbr. 9. gr., ef heitið er ekki á nokkurn hátt villandi um uppruna vörunnar.
3. Upplýsingar um hvort vatnið hefur verið meðhöndlað eins og um getur í 2. eða 3. tl. 6. gr.

Heimilt er að sérmerkja umbúðir ölkelduvatns með þeim upplýsingum sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari, þegar tryggt er að viðeigandi skilyrðum um þær er fullnægt.

4. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi eftirlitsaðili gilda ástæðu til að ætla að ölkelduvatn, sem þegar er komið á markað, fullnægi ekki ákvæðum þessarar reglugerðar eða að neysla þess geti stofnað heilsu almennings í hættu, er honum heimilt að banna eða takmarka sölu vatnsins tímabundið.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 26. tl., XII. kafla, II. viðauka, tilskipun nr. 96/70/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að selja birgðir af vöru sem framleidd hefur verið og merkt fyrir gildistöku reglugerðar þessarar samkvæmt áður gildandi ákvæðum reglugerðar nr. 390/1995 um ölkelduvatn.

Umhverfissráðuneytinu, 27. nóvember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUR

**um breytingu á reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd
allt að 15 metrum, nr. 592/1994 með síðari breytingum.**

1. gr.

Grein 4.4. í kafla V-8 um vélbúnað orðast svo:

- 4.4. Útblástursop á opnum bátum skal vera minnst 100 mm yfir hleðsluvatnslínu. Þó má opið vera neðar ef lögnin frá opinu er pípa af minnst sama styrk og súðin, sem er tryggilega fest við bolinn og nær minnst 100 mm upp fyrir hleðsluvatnslínuna. Útblásturslagnir skulu lagðar á þann veg að hluti þeirra sé minnst 350 mm yfir hleðsluvatnslínu með fallrennsli til opins á súðinni.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 10. nóvember 1998.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um lögverndun á starfsheiti framhaldsskólakennara.

1. gr.

Reglugerð þessi fjallar um útgáfu leyfisbréfa til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og um ráðningu sérfræðinga.

Um útgáfu leyfisbréfa.

2. gr.

Umsókn um leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skal send menntamálaráðuneytinu á þar til gerðum eyðublöðum. Í umsókn skal koma fram um hvaða kennslugrein eða sérsvið sótt er um að tilgreint verði í leyfisbréfi.

Kennslugrein er skilgreind í aðalnámskrá framhaldsskóla. Jafnframt er heimilt að meta sérgrein í skólanámskrá sem jafngildi kennslugreinar enda sé kennslumagn greinarinnar að mati menntamálaráðuneytisins, sambærilegt við kennslugrein samkvæmt aðalnámskrá.

Sérsvið merkir safn kennslugreina á framhaldsskólastigi sem viðkomandi kennari hefur sérhæft sig til kennslu í.

3. gr.

Umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skal leggja fram skírteini um lokapróf, yfirlit yfir námsferil og auk þess lýsingu á einstökum námsáföngum sem hann hefur lokið sé þess óskað. Umsækjandi sem leggur fram próf- og námsgögn frá erlendum skóla skal jafnframt leggja fram löggilta þýðingu á prófgögnunum, ef fram á það er farið.

Um skilyrði til að fá útgefið leyfisbréf.

4. gr.

- a) Umsækjandi sem lokið hefur námi á háskólastigi sem veitir undirbúning til kennslu í faggrein eða á fagsviði framhaldsskóla og jafngildir a.m.k. 120 námseiningum ásamt fullgildum lokaprófum; þar af skulu 60-90 einingar vera í aðalgrein og 30-60 einingar í aukagrein; til viðbótar þessu námi komi 15 eininga nám í kennslufræði og kennsluæfingum í samræmi við námskrá viðkomandi kennaramenntunarstofnunar.
- b) Umsækjandi sem lokið hefur námi í tæknifræði eða meistaranámi skal auk þess hafa lokið 15 eininga námi í kennslufræði og kennsluæfingum í samræmi við námskrá viðkomandi kennaramenntunarstofnunar, enda hafi viðkomandi að minnsta kosti 2ja ára starfsreynslu og hafi haft nema í samningsbundnu námi.
Með tæknifræði er átt við iðnfræðingsnám við Tækniskóla Íslands ásamt fullgildum prófum eða annað jafngilt nám.
- c) Umsækjandi sem lokið hefur öðru fagnámi sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og miðast við kennslu í framhaldsskóla. Auk þessa skal hlutaðeigandi hafa lokið 30 eininga námi í uppeldis- og kennslufræðum.
- d) Umsækjandi sem lokið hefur öðru jafngildu námi sem hefur að markmiði að veita undirbúning til kennslu á framhaldsskólastigi. Námið skal fólgið í faglegu og kennslufræðilegu námi sem fullnægir kennslufræðilegum kröfum viðkomandi greinar eða sérsviðs að mati menntamálaráðuneytisins.
- e) Umsækjandi sem lokið hefur fullnægjandi fagnámi samkvæmt lögum og hefur auk þess lokið prófi frá Kennaraskóla Íslands getur fengið útgefið leyfisbréf til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari.

5. gr.

Heimilt er að meta kennslureynslu til 15 eininga af 30 eininga námi í uppeldis- og kennslufræðum enda hafi viðkomandi að minnsta kosti 5 ára starfsreynslu sem kennari og hafi náð góðum árangri í kennslu að mati viðkomandi skólastjórnanda/-stjórnenda.

Um mat á umsóknum.

6. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari uppfylli skilyrði laganna og þessarar reglugerðar leitar ráðuneytið umsagnar matsnefndar. Nefndin metur umsóknir með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til kennara hér á landi samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Telji nefndin að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði laga skal hún tilgreina hvað á vantar.

Nefndin skilar rökstuddri umsögn til menntamálaráðherra. Í umsögninni skal vísað til þess lagaákvæðis sem nefndin byggir mat sitt á.

Um ráðningu sérfræðinga.

7. gr.

Skólameistara er heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein. Starfið má þó ekki fara umfram 6 kennslustundir á viku. Sérfræðingurinn skal hafa fullnægjandi fagmenntun í viðkomandi grein eða á viðkomandi sviði að mati skólameistara en ekki er áskilið að hann hafi hlotið tilskylda menntun í uppeldis- og kennslufræðum.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Gjaldtaka og útgáfa á leyfisbréfi, samkvæmt þessari reglugerð, fer eftir lögum nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs.

Um setningu reglugerðar og gildistöku.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11., 12., 14. og 15. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. nóvember 1998.

Björn Bjarnason.

Pórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ**um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara.**

1. gr.

Útgáfa leyfisbréfa.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995 um grunnskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra gefur út leyfisbréf handa grunnskólakennurum samkvæmt lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Umsóknir um leyfisbréf skulu sendar menntamálaráðuneytinu á þar til gerðum eyðublöðum.

2. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfisbréfs.

Umsækjandi sem uppfyllir skilyrði 2. gr. laga nr. 86/1998 á rétt á að nota starfsheitið grunnskólakennari og starfa sem slíkur í grunnskólum hér á landi.

Umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skal leggja fram, ásamt umsókn, skírteini um lokapróf, yfirlit yfir námsferil og auk þess lýsingu á einstökum námsáföngum sem hann hefur lokið sé þess óskað. Umsækjandi skal leggja fram próf- og námsgögn frá erlendum skólum ef um slík próf er að ræða og löggilta þýðingu á prófgögnum ef fram á það er farið.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem 15 eininga hluta af kennslufræði til kennsluréttinda enda hafi viðkomandi að lágmarki fimm ára kennslureynslu með góðum árangri að mati viðkomandi skólastjóra samkvæmt skriflegri umsögn hans.

3. gr.

Matsnefnd.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari uppfylli skilyrði 2. gr. laga nr. 86/1998 og ákvæði þessarar reglugerðar, skal leita umsagnar matsnefndar samkvæmt 4. gr. laga nr. 86/1998.

Nefndin metur umsóknir með hliðsjón af kröfum laga og reglugerða um menntun og starfsreynslu grunnskólakennara.

Nám umsækjanda skal metið í námseiningum þar sem hver eining jafngildir námsvinnu einnar viku.

Telji nefndin að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði laga og reglugerða skal hún tilgreina hvað á vantar.

Matsnefndin er ráðgefandi og skilar rökstuddri umsögn til menntamálaráðherra.

4. gr.

Ýmis ákvæði.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar nr. 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Skólastjórar skulu, eftir því sem kostur er, sjá til þess að grunnskólakennarar í 8.-10. bekk kenni þær greinar sem þeir hafa sérhæft sig í.

Um gjaldtöku vegna útgáfu leyfisbréfa samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum í 2., 4. og 5. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. nóvember 1998.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu
Borgarhafnarhrepps, Bæjarhrepps, Hofshrepps og Hornafjarðarbæjar.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 234/1998, skal vera Sveitarfélagið Hornafjörður.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu
Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps,
Sauðárkrókskaupstaðar, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps,
Staðarhrepps og Viðvíkurhrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 229/1998, skal vera Sveitarfélagið Skagafjörður.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 1998

7. desember 1998

2085

Nr. 698

REGLUGERÐ

um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til samninga um lífeyrisréttindi, sem stofnað er til á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Samningar samkvæmt reglugerð þessari taka ekki til iðgjalds sem rennur til öflunar lágmarkstryggingarverndar í sameign skv. III. kafla laga nr. 129/1997.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir.

Lífeyrissjóður: Félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í I., II. og III. kafla laga nr. 129/1997 og hefur starfsleyfi samkvæmt þeim lögum, starfar samkvæmt staðfestri reglugerð, sbr. lög nr. 55/1980, um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda eða starfar samkvæmt sérlögum.

Sjóðfélagi: Einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðs og á hjá honum réttindi.

Rétthafi: Einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Lágmarksiðgjald: Iðgjald sem nemur a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni og ákveðið er í sérlögum, kjara- eða ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Viðbótariðgjald: Iðgjald umfram lágmarksiðgjald.

Lágmarkstryggingarvernd: Sú tryggingarvernd sem lífeyrissjóður veitir samkvæmt lögum eða samþykktum sínum miðað við 40 ára inngreiðslutíma iðgjalds.

Iðgjald til lágmarkstryggingarverndar: Það iðgjald sem lífeyrissjóður reiknar að þurfi til að standa undir lágmarkstryggingarvernd.

Séreignarhluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar: Sá hluti iðgjalds sem renna skal til séreignarmyndunar þegar lífeyrissjóður skilgreinir hluta lágmarkstryggingarverndar með séreignarréttindum.

Viðbótartryggingarvernd: Sú tryggingarvernd sem er umfram þá lágmarkstryggingarvernd sem lífeyrissjóður skilgreinir og greitt er fyrir með greiðslu iðgjalds samkvæmt sérstökum samningi við þá aðila sem tilgreindir eru í 1.-4. tölul. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar: Þeir aðilar sem heimild hafa skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 til að stunda starfsemi skv. II. kafla þeirra laga og taka við iðgjaldi með samningi um viðbótartryggingarvernd, þ.e. lífeyrissjóðir, bankar, sparisjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki sem starfa skv. 8. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, enda hafi þessir aðilar starfsstöð hér á landi.

II. KAFLI

Um aðila samnings.

3. gr.

Samningsaðilar.

Aðilar að samningi um lífeyrissparnað eru réttthafi og vörsluaðili lífeyrissparnaðar.

Vörsluaðili lífeyrissparnaðar skal hafa fengið staðfestingu fjármálaráðherra á því, að reglur sem um tryggingarverndina gilda séu í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Allar breytingar á reglunum skal einnig tilkynna til fjármálaráðherra og öðlast þær ekki gildi fyrr en ráðherra hefur staðfest þær að fenginni umsögn viðkomandi eftirlitsaðila. Taka skal afstöðu til reglnanna og breytinga á þeim skriflega eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúið erindi berst ráðherra.

4. gr.

Greiðendur samkvæmt samningi.

Launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að gera samning um tryggingarvernd á grundvelli iðgjalda sem þeir hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir. Sjóðfélögum er heimilt að ráðstafa iðgjöldum samkvæmt 1. gr. til þess vörsluaðila sem þeir kjósa. Launagreiðanda er skylt, samkvæmt beiðni launamanns, að draga umsamið iðgjald af launum og skila því til viðkomandi vörsluaðila.

III. KAFLI

Um form og efni samnings.

5. gr.

Form samnings.

Samningur um lífeyrissparnað skal vera skriflegur. Hann skal gefinn út í tveimur samhljóða eintökum, einu heldur réttthafi og einu heldur vörsluaðili. Afrit skal réttthafi eða vörsluaðili senda til þess aðila sem sér um ráðstöfun á framlagi réttthafa til lífeyrissparnaðar. Þess skal gætt að samningurinn uppfylli skilyrði II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Samningur um lífeyrissparnað, sem gerður er við viðskiptabanka eða sparisjóð skal kveða á um innlegg á bundinn innlánsreikning.

Sé samningur gerður við verðbréfafyrirtæki skal iðgjald varðveitt samkvæmt bundnum vörslusamningi, með ákvæðum um útgreiðslu í samræmi við 11. gr.

Sé samningur gerður við líftryggingafélag skal hann kveða á um kaup á lífeyristryggingu eða vera gerður á grundvelli heimildar sem líftryggingafélag hefur fengið skv. 11. gr. laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi.

Sé samningur gerður við lífeyrissjóð skal hann annað hvort kveða á um innborgun í séreignardeild eða samtryggingadeild sjóðsins og vera í samræmi við samþykktir hans.

6. gr.

Efni samnings.

Í samningnum skal koma fram:

1. Nafn og kennitala réttthafa.
2. Nafn og kennitala vörsluhafa.
3. Mánaðarlegt innlegg til öflunar lífeyrisréttinda. Skal fjárhæðin tilgreind í krónum eða sem hlutfall af launum. Heimilt er að breyta fjárhæðinni með sérstökum samningi.

4. Reglur þær sem gilda um útborgun og réttindi þau, sem samningnum er ætlað að veita, þar á meðal um hvers konar samning er að ræða, sbr. ákvæði IV. kafla.
5. Heimild til að segja samningi upp með sex mánaða fyrirvara sbr. 12. gr.
6. Að greiðslur skuli eigi hefjast síðar en tveimur mánuðum frá undirritun.
7. Önnur atriði sem varða samningsaðilana.

IV. KAFLI

Tegundir samninga um lífeyrissparnað.

7. gr.

Ráðstöfun séreignarhluta iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar.

Ákveði lífeyrissjóður að hluta af lágmarkstryggingarvernd sem hann veitir megi afla með séreignarsparnaði er sjóðfélögum hans heimilt að ráðstafa séreignarhluta iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar.

Velji sjóðfélagi að ráðstafa séreignarhluta iðgjalds vegna lágmarkstryggingarverndar til annars aðila en þess sem móttækur lágmarksiðgjaldið skulu um útborgun séreignarinnar gilda sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélaginn greiðir samtryggingarhluta lágmarksiðgjaldsins til.

8. gr.

Ráðstöfun viðbótariðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í sameign.

Sjóðfélagi er heimilt að ráðstafa viðbótariðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda í sameign samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 129/1997. Sjóðfélagi er heimilt að ráðstafa viðbótariðgjaldi með þessum hætti til hvers þess aðila sem heimilt er að veita því viðtöku samkvæmt þeim reglum sem um starfsemina gilda.

9. gr.

Ráðstöfun viðbótariðgjalds til séreignarmyndunar og viðbótartryggingarverndar.

Sjóðfélagi getur gert samning við vörsluaðila lífeyrissparnaðar um greiðslu viðbótariðgjalds til séreignarmyndunar og viðbótartryggingarverndar. Slíkur samningur er ekki bundinn við þann lífeyrissjóð sem veitir lágmarksiðgjaldi viðtöku.

10. gr.

Fjárhagslegur aðskilnaður.

Aðilar sem móttaka iðgjald til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingarverndar skulu tryggja að sá hluti rekstrarins sem lýtur að varðveislu og ávöxtun iðgjalds er sjóðfélagar hafa beinan ráðstöfunarrétt yfir, sé fjárhagslega aðskilinn og ekki niðurgreiddur af annarri starfsemi. Þannig skal sameiginlegum kostnaði skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti á milli rekstrarþátta þeirra aðila sem taka á móti iðgjaldi til séreignarsparnaðar eða viðbótartryggingarverndar.

V. KAFLI

Útborgun.

11. gr.

Útborgun viðbótarlífeyris.

Í samningi um viðbótarlífeyrissparnað skal koma fram að réttthafi geti hafið úttekt á innstæðu eða gert sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu, en þó aldrei fyrir en hann hefur fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Útborgun lífeyrissparnaðar í séreign, ásamt vöxtum, er heimilt að hefja með jöfnum árlegum greiðslum þegar réttthafi er orðinn 60 ára. Útborgun má þó ekki vera lokið fyrir en réttthafi hefur náð 67 ára aldri.

2. Verði réttthafi öryrki og orkutapið, sem hann verður fyrir, er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Árleg útborgun lækkar og úttektartími lengist í hlutfalli við lækun örorkuprósentu sbr. 3. mgr. 11. gr. laganna.
3. Erfingjar réttthafa öðlast rétt til innstæðunnar eftir reglum erfðalaga. Börnum réttthafa undir 13 ára aldri skal úthluta þeim hluta innstæðunnar, sem þeim ber, með jöfnum greiðslum á þeim árum sem vantar á að viðkomandi barn verði 18 ára. Hafi barn náð 13 ára aldri við andlát réttthafa skal hlutur þess greiddur út á 5 árum. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á sjö ár. Greiðslum skal þó lokið fyrir 67 ára aldur maka, hafi hann ekki þegar náð honum við andlát réttthafa. Láti réttthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús réttthafa án takmarkana skv. 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laganna.
4. Ef innstæða er undir kr. 500.000 skal heimilt að kveða á um skemmri útborgunartíma en að ofan greinir. Skal viðmiðunarfrjárhæð þessi breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Réttthafa og viðtakanda greiðslu er heimilt að gera sérstakan samning um mánaðarlega útborgun tiltekinnar krónutölu, sem fylgja skal vísitölu neysluverðs. Samningur þessi getur, að hluta til eða öllu leyti, verið til ákveðins tíma, sbr. skilyrði 11. gr. laganna um lágmarkstíma, eða til æviloka réttthafa.

VI. KAFLI

Uppsögn og framsal.

12. gr.

Uppsagnarákvæði.

Samningi um viðbótartryggingarvernd, lífeyrisréttindi í séreign eða sameign er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara. Þegar samningurinn nær til séreignarhluta iðgjalds vegna lágmarkstryggingarverndar, sbr. 7. gr. tekur uppsögnin gildi þegar hún hefur verið tilkynnt til hlutadeigandi lífeyrissjóðs.

Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Aðilar samnings um lífeyrissparnað geta samið um að heimilt sé að flytja innstæðu eða réttindi eftir uppsögn milli þeirra sem boðið geta upp á samninga af þessu tagi sbr. 3. mgr. 8. gr. laganna.

13. gr.

Framsal réttinda.

Rétthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingarvernd eða lífeyrisréttindi í séreign. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. tl. 3. mgr. 14. gr. laganna um skiptingu réttindanna milli réttthafa og maka hans svo og að flytja innstæðuna milli vörsluaðila, sbr. 2. mgr. 12. gr.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Upplýsingaskylda.

Sjóðfélagi skal tilkynna með hæfilegum fyrirvara þeim lífeyrissjóði, sem tekur við lágmarksiðgjaldi, um fyrirhugaða ráðstöfun þess hluta iðgjaldsins, sem runnið getur til séreignarmyndunar og sjóðfélagi hefur ráðstöfunarrétt yfir. Geri hann það ekki skal iðgjaldið greiðslufært hjá viðkomandi lífeyrissjóði, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997.

Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar skulu upplýsa réttihafa um skyldu þeirra til að tryggja sér lágmarkstryggingarvernd, inntak hennar og um heimildir þeirra til ráðstöfunar hluta iðgjalds eftir því sem við á, sbr. IV. kafla.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 7. desember 1998.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Indriði H. Þorláksson.

27. nóvember 1998

Nr. 699

REGLUGERÐ

um undanþágunefnd framhaldsskóla.

1. gr.

Undanþágunefnd framhaldsskóla metur umsóknir skólameistara um lausráðningu starfsmanns sem ekki hefur leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla sbr. 11. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Undanþágunefndin úrskurðar hvort umbeðin heimild skuli veitt eða henni synjað. Heimild sem veitt er á grundvelli c. liðar 4. gr. reglugerðar þessarar skal bundin því skilyrði að viðkomandi starfsmaður hafi sérmenntun í auglýstri kennslugrein.

Undanþágunefnd framhaldsskóla getur einvörðungu heimilað lausráðningu til kennslustarfa til bráðabirgða og aldrei lengur en til eins árs að fullnægðum þeim skilyrðum sem sett eru í reglugerð þessari. Starfsmaður sem ráðinn er á grundvelli heimildar undanþágunefndar framhaldsskóla skal ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

2. gr.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af heildarsamtökum kennara, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

3. gr.

Umsókn til undanþágunefndar framhaldsskóla um heimild til að lausráða tímabundið starfsmann án réttinda skal rituð á þar til gert eyðublað.

Í umsókn um undanþágu skal greina eftirfarandi:

1. Nákvæmar upplýsingar um það hvar og hvenær starfið var auglýst.
2. Heiti kennslugreinar ásamt tímafjöldi eða starfshlutfalli.
3. Ráðningartímabil.

Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Ljósrit af auglýsingu.
- b. Gögn um menntun, kennsluferil og starfsreynslu þess sem óskað er að ráða, ásamt umsögnum um starfshæfni sé fagmenntun ábótavant.
- c. Skrá yfir alla umsækjendur um viðkomandi starf með nöfnum, kennitölum og upplýsingum um fagmenntun og hvort þeir hafi leyfisbréf á framhaldsskólastigi. Óski skólameistari þess frekar getur hann sent nefndinni umsóknir umsækjenda.
- d. Rökstuðningur skólameistara og skólanefndar fyrir því ef umsækjandi án réttinda er tekinn fram yfir umsækjanda með leyfisbréf á framhaldsskólastigi.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að undanþágunefnd fjalli um umsóknir skólameistara skv. 1. gr. eru:

- a. Að laust kennslustarf í framhaldsskóla hafi verið auglýst; í samræmi við reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 86/1998, þar sem kveðið er á um að í auglýsingum skuli tilgreina í hvaða kennslugrein/kennslugreinum eða á hvaða sérsviði eru laus störf. Ekki er skylt að auglýsa kennlustörf þegar um er að ræða tímabundna forfallakennslu eða til afleysinga, enda sé um framhaldsskólakennara að ræða.
- b. Að enginn framhaldsskólakennari hafi sótt um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Skólameistara er ekki skylt að leita til undanþágunefndar þegar um er að ræða kennslu sem nemur sex kennlustundum á viku eða minna.
- c. Að þrátt fyrir að framhaldsskólakennari hafi sótt um starfið geti hvorki skólameistari né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mælt með ráðningu hans.
- d. Að upplýsingar og gögn skv. 3. gr. liggi fyrir eftir því sem við á.

5. gr.

Undanþágunefnd gætir þess að skilyrðum 4. gr. sé fullnægt áður en nefndin tekur umsókn til efnislegrar umfjöllunar. Telji nefndin að ekki hafi verið staðið rétt að auglýsingum ber henni að tilkynna það skólameistara bréflega og leita skýringa. Ef skriflegar skýringar skólameistara reynast ekki fullnægjandi að mati nefndarinnar, vísar hún umsókninni frá og kemur hún ekki til úrskurðar nefndarinnar.

6. gr.

Séu skilyrði 4. gr. uppfyllt metur undanþágunefnd umsókn og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða réttindalausan starfsmann til kennslu.

Undanþágunefnd framhaldsskóla ber að leggja mat á umsókn um lausráðningu starfsmanns á faglegum grunni. Nefndinni ber að byggja mat sitt á málefnalegum sjónarmiðum sem eru til þess fallin að markmið 2. gr. framhaldsskólalaga nr. 80/1996 nái fram að ganga.

Nefndin skal taka mið af upplýsingum um menntun, kennsluferil og starfsreynslu þess sem óskað er að ráða og öðrum atriðum er fram koma í umsögn er snerta hæfi hans til starfans.

7. gr.

Ef sótt er um undanþágu vegna þess að hvorki skólameistari né skólanefndarmaður treystir sér til að mæla með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf ber undanþágunefndinni að gefa framhaldsskólakennaranum kost á að tjá sig um framkomin gögn í málinu áður en nefndin kveður upp úrskurð sinn.

8. gr.

Nefndin skal kveða upp úrskurð eins fljótt og verða má, að jafnaði innan tveggja vikna frá því að umsókn barst henni í hendur. Sé mál viðamiklið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tilgreina hvenær afgreiðslu sé að vænta.

9. gr.

Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Úrskurður nefndarinnar skal vera skriflegur. Synji undanþágunefnd framhaldsskóla umsókn, skal fylgja úrskurði nefndarinnar ítarleg greinargerð þar sem fram koma þau sjónarmið sem nefndin byggir niðurstöðu sína á.

Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir skólameistara svo fljótt sem auðið er.

Nefndin skal halda málaskrá og gerðabók. Nefndin skal árlega senda menntamálaráðherra og þeim sem tilnefna fulltrúa í nefndina skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.

10. gr.

Undanþágunefnd og starfsmönnum hennar ber að gæta þagmælsku um öll einkamál sem þeir komast yfir í starfi sínu eða í tengslum við það. Undanþágunefnd endursendir skólameistara fylgigögn með umsókn að uppkveðnum úrskurði.

11. gr.

Unnt er að skjóta ákvörðun undanþágunefndar framhaldsskóla til menntamálaráðherra. Synji undanþágunefnd umsókn, er skólameistara óheimilt að ráða þann sem sótt var um heimild til að ráða í starfið, þrátt fyrir að úrskurði nefndarinnar hafi verið skotið til ráðherra.

12. gr.

Um málsmeðferð undanþágunefndar fer að öðru leyti skv. stjórnsýslulögum.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 20. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. nóvember 1998.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

7. desember 1998

Nr. 700

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest aðalskipulag Arnarneshrepps 1997-2017.

Endurprentað blað.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Arnarneshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi hluta úr sameinuðu sveitarfélagi Vestur-Húnavatnssýslu, (áður Ytri-Torfustaðahreppur), 1996-2016.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra í dag staðfest aðalskipulag Ytri-Torfustaðahrepps 1996-2016, sem nú er hluti sameinaðs sveitarfélags í Vestur-Húnavatnssýslu.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun mælt með staðfestingu hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Austurvegur 2.

Að ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, sbr. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, að því er tekur til Austurvegar 2.

Breytingin felst í því að landnotkun á reit sem afmarkast af Norðurvegi, Austurvegi, Aðalstræti og húseigninni Austurvegi 2 er breytt úr verslun og þjónustu í blandaða notkun verslunar, þjónustu og opinberra bygginga.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 1998

10. desember 1998

2093

Nr. 703

REGLUGERÐ

um bann við síldveiðum á Eldeyjarbanka.

1. gr.

Frá og með 15. desember 1998 til og með 31. janúar 1999 eru allar síldveiðar bannaðar innan svæðis á Eldeyjarbanka, sem markast af línnum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. $64^{\circ}00'N - 23^{\circ}00'V$
2. $63^{\circ}43'N - 23^{\circ}00'V$
3. $63^{\circ}20'N - 24^{\circ}00'V$
4. $64^{\circ}00'N - 24^{\circ}00'V$

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 1998

Nr. 704

2094

15. desember 1998

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 566/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Úr tollnúmeri:</i>			kg	%	kr./kg
0704.9002	Rauðkál	16.12.-15.03.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Nordmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 1998

27. nóvember 1998

2095

Nr. 705

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, sbr. breytingu nr. 576/1997.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þar til skilgreindar verða sérstakar aðferðir til að framkvæma flæðiprófanir á plasti skal notast við hefðbundnar flæðiprófanir með hermum. Í viðauka 2A eru skilgreindir þeir hermar sem nota skal við mælingar á flæði efna úr plasti í matvæli.

Ef flæðipróf með hermi D í viðauka 2A eru óhentug vegna tæknilegra erfiðleika við greiningu skal framkvæma mælingar eins og sagt er til um í viðauka 2B. Í stað flæðiprófana með hermi D er einnig heimilt að nota önnur flæðipróf, sem fram koma í viðauka 2C, ef skilyrðum þar um er fullnægt.

Í framangreindum flæðiprófum er leyfilegt að:

- a) Framkvæma aðeins þær mælingar, sem í hverju tilfelli fyrir sig, teljast til verstu aðstæðna samkvæmt vísindalegum gögnum.
- b) Sleppa mælingum þegar sönnun liggur fyrir því að flæði fer ekki yfir leyfileg mörk við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður plastsins.

2. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir plast sem er ætlað að snerta margskonar matvæli gildir að framkvæma skal flæðiprófanir með hermum A, B, C og D, sbr. viðauki 2A og nota nýtt plast fyrir hvern hermi. Í stað hefðbundins hermis D er leyfilegt að nota aðra fituherma, sbr. viðauka 2A. Ef flæði mælist yfir mörkum í öðrum fituhermum er skylda að staðfesta niðurstöður með hermi D (ólífuolífu). Ef það er ekki tæknilega mögulegt telst plastið ónothæft.

Plast sem einungis er ætlað fyrir ákveðna gerð matvæla skal prófa með eftirfarandi hætti. Fyrir liði a) og c) skal velja hermi samkvæmt viðauka 3 og fyrir lið b) skal velja hermi samkvæmt viðauka 5. Ef matvælin eða matvælaflokkinn er ekki að finna í viðauka 3 skal nota viðauka 5.

- a) Plastið er þegar notað fyrir þekkt matvæli.
- b) Plastinu fylgja upplýsingar fyrir hvaða matvæli, í viðauka 2A, má nota það.
- c) Plastinu fylgja upplýsingar fyrir hvaða matvæli eða matvælaflokka, í viðauka 3, má nota það. Á smásölustigi skulu upplýsingarnar gefa til kynna á einfaldan hátt fyrir hvaða matvæli eða matvælaflokka nota má plastið. Á öðrum sölustigum skal koma fram tilvísunarnúmer eða lýsing á matvælum samkvæmt viðauka 3.

3. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Mæling á flæði efna úr plastefnum og plasthlutum í matvæli skal gerð undir ströngustu notkunarskilyrðum (tími og hitastig) sem gera má ráð fyrir.

Við mælingar á mögulegu flæði efna úr plasti í hermi, skal fylgja grundvallarreglum um flæðiprófanir sem gefnar eru upp í viðauka 4A.

4. gr.

Í stað viðauka 2 koma viðauki 2A, viðauki 2B og viðauki 2C:

VIÐAUKI 2A

Tafla yfir herma til notkunar við mælingar á flæði efna úr plastefnum og plasthlutum.

Matvæli	Flokkun	Hermar	Stytting
Vatnskennd matvæli með pH >4,5	Matvæli samanber viðauki 3	Eimað eða afjónað vatn	Hermir A
Súr matvæli með pH ≤ 4,5	Matvæli samanber viðauki 3	3% (w/v) ediksýrulausn	Hermir B
Áfeng matvæli	Matvæli samanber viðauki 3	10% (v/v) etanóllausn ¹⁾	Hermir C
Feit matvæli	Matvæli samanber viðauki 3	Hreinsuð ólífuolía eða aðrir fituhermar ²⁾	Hermir D
Þurr matvæli		Enginn	

Gera skal ráð fyrir því að eðlisþyngd allra hermanna sé 1 g/cm³. Þannig er það magn efnis sem dregst út fyrir hvern lítra það sama og dregst út fyrir hvert kíló hermis.

Eiginleikar hreinsaðrar ólífuolíu:

Joðtala (Wijs)	= 80-88
Ljósbrotsstuðull við 25 °C	= 1,4665-1,4679
Sýrustig (gefið upp í % olíusýru)	= hámark 0,5 %
Peroxiðtala (í millíjafngildum súrefnis/kg olíu)	= hámark 10

Samsetning blöndu tilbúinna tríglyseríða:*Dreifing fitusýra*

Fjöldi C-atóma í fitusýruleifum	6	8	10	12	14	16	18	annað
GLC-svæði (%)	1	6-9	8-11	45-52	12-15	8-10	8-12	≤1

Hreinleiki

Mónóglyseríðmagn (ensímákvarðað)	≤ 0,2 %
Díglyseríðmagn (ensímákvarðað)	≤ 2,0 %
Ósápanleg efni	≤ 0,2 %
Joðtala (Wijs)	≤ 0,1 %
Sýrustig	≤ 0,1 %
Vatnsinnihald	≤ 0,1 %
Bræðslumark	28 ± 2°C

Dæmigert gleypniróf (þykkt lags d = 1 cm; samanburður: vatn við 35°C)

Bylgjulengd (nm)	290	310	330	350	370	390	430	470	510
Gegnhleypni (%)	2	15	37	64	80	88	95	97	98

A.m.k. 10 % ljósgegnhleypni við 310 nm (1 cm kúvetta, samanburður: vatn 35°C)

Eiginleikar sólblómaolíu:

Joðtala (Wijs)	= 120 - 145
Ljósbrotsstuðull við 20°C	= 1,474 - 1,476

¹⁾ Ef alkóhólstyrkur matvæla er meiri en 10% miðað við rúmmál skal mæla flæði með etanóllausn af sama styrkleika og matvælin.

²⁾ Aðrir fituhermar eru tríglyseríðblanda, sólblómaolía og maísolía.

Sápunartala	= 188 - 193
Eðlismassi við 20°C	= 0,918 - 0,925
Ósápanleg efni	= 0,5% - 1,5%

VIÐAUKI 2B

Próf sem nota skal þegar flæðipróf með hermi D eru óhentug vegna tæknilegra erfiðleika við greiningu.

1. Ef ekki er hentugt að nota hermi D vegna tæknilegra erfiðleika við greiningu skal framkvæma próf með öllum hermum sem fram koma í töflunni hér að neðan. Ef notast á við aðrar aðstæður en þær sem fram koma í töflunni, skal nota hana til viðmiðunar en taka einnig mið af fenginni reynslu af plastinu sem um ræðir.
2. Nota skal nýtt plasticsýni fyrir hvert próf. Sömu reglur gilda fyrir þessi próf og fyrir próf með hermi D eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð. Þar sem við á skal deila í niðurstöður mælinga eins og gert er ráð fyrir í viðauka 3. Þegar flæðið er metið skal miða við hæsta gildi sem fæst út úr þessum prófum.
3. Ef eðlisbreyting eða önnur breyting verður á plastinu við þau skilyrði sem mælt er við, en ekki við verstu fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði, skal sleppa þeirri niðurstöðu og taka í staðinn mið af hæsta gildi þeirra niðurstaðna sem eftir standa.
4. Mögulegt er að sleppa einu eða tveimur prófum, sem fram koma í töflunni hér að neðan, ef þau þykja óviðeigandi fyrir plastið sem verið er að prófa og hægt er að sýna fram á vísindaleg rök sem styðja það.

Mæliaðstæður fyrir herma sem notaðir eru í stað hermis D.

Mæliaðstæður fyrir hermi D	Mæliaðstæður fyrir ísóoktan	Mæliaðstæður fyrir 95% etanóllausn	Mæliaðstæður fyrir MPPO(*)
10 dagar við 5°C	0,5 dagar við 5°C	10 dagar við 5°C	—
10 dagar við 20°C	1 dagur við 20°C	10 dagar við 20°C	—
10 dagar við 40°C	2 dagar við 20°C	10 dagar við 40°C	—
2 klst. við 70°C	0,5 klst. við 40°C	2 klst. við 60°C	—
0,5 klst. við 100°C	0,5 klst. við 60°C(**)	2,5 klst. við 60°C	0,5 klst. við 100°C
1 klst. við 100°C	1 klst. við 60°C(**)	3 klst. við 60°C(**)	1 klst. við 100°C
2 klst. við 100°C	1,5 klst. við 60°C(**)	3,5 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 100°C
0,5 klst. við 121°C	1,5 klst. við 60°C(**)	3,5 klst. við 60°C(**)	0,5 klst. við 121°C
1 klst. við 121°C	2 klst. við 60°C(**)	4 klst. við 60°C(**)	1 klst. við 121°C
2 klst. við 121°C	2,5 klst. við 60°C(**)	4,5 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 121°C
0,5 klst. við 130°C	2 klst. við 60°C(**)	4 klst. við 60°C(**)	0,5 klst. við 130°C
1 klst. við 130°C	2,5 klst. við 60°C(**)	4,5 klst. við 60°C(**)	1 klst. við 130°C
2 klst. við 150°C	3 klst. við 60°C(**)	5 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 150°C
2 klst. við 175°C	4 klst. við 60°C(**)	6 klst. við 60°C(**)	2 klst. við 175°C

(*) MPPO = Umbreytt polyfenýl oxíð („Modified polyphenyl oxide“).

(**) Hámarks hitastig fyrir rokgjörnu hermanna er 60°C. Forsenda þess að nota þessi próf er að plastið þoli þær aðstæður sem notaðar væru fyrir hermi D. Dýfa skal plasticsýni í ólífuoilú við þær mæliaðstæður sem notaðar eru fyrir hermi D. Ef eðlisbreytingar verða telst plastið óhentugt til notkunar við það hitastig. Ef engar breytingar verða skal taka nýtt plasticsýni og framkvæma próf samkvæmt töflunni.

VIÐAUKI 2C

**Próf sem nota má, í stað flæðiþrófa með hermi D,
að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.**

1. Leyfilegt er að nota prófin að þessum skilyrðum uppfylltum:
 - a) Samanburðarpróf sýna að niðurstöður úr þeim eru jafn háar eða hærri en niðurstöður úr flæðiþrófum með hermi D.
 - b) Niðurstöður úr þeim eru innan leyfilegra marka þegar búið er að deila í niðurstöðurnar eins og gert er ráð fyrir í viðauka 3.
2. Leyfilegt er að sleppa samanburðarþrófum ef til eru vísindalegar niðurstöður sem sýna að niðurstöður úr umræddum prófum eru jafn háar eða hærri en niðurstöður úr flæðiþrófum með hermi D.
3. Flæðiþrófum sem uppfylla ofangreind skilyrði má skipta á eftirfarandi hátt:
 - a) Próf með rokgjörnum leysum: Í þessi próf eru notaðir rokgjarnir leysar, s.s. ísóoktan og 95% etanóllausn, eða aðrir rokgjarnir leysar eða blöndur þeirra.
 - b) Útdráttar próf: Próf með miðlum, sem hafa sterka útdráttareiginleika við ítrustu aðstæður, má nota ef vísindaleg gögn sýna að niðurstöður úr þeim eru jafn háar eða hærri en niðurstöður úr flæðiþrófunum með hermi D.

5. gr.

Í stað skýringar (3) aftast í viðauka 3 kemur skýring sem orðast svo:

(3) Ef akólhólstyrkur matvæla er meiri en 10% miðað við rúmmál skal mæla flæði með etanóllausn af sama styrk og matvælin.

6. gr.

Í stað viðauka 4 koma viðaukar 4A og 4B:

VIÐAUKI 4A

Grundavallarreglur fyrir flæðiþrófanir með hermum.

1. Hermirinn skal vera í snertingu við sýnið við það hitastig og í svo langan tíma sem samsvarar verstu fyrirsjáanlegu notkunarskilyrðum. Nota skal töfluna hér að neðan til þess að ákveða hversu lengi og við hvaða aðstæður hermirinn á að snerta sýnið.
2. Ef plastefnin eða plasthlutirnir eru ætluð til endurtekinnar notkunar við mismunandi aðstæður skal mæla flæði úr sýninu við allar verstu fyrirsjáanlegu aðstæður eins og sagt er til um í töflunni hér að neðan. Nota skal sama herminn við allar mælingarnar. Ef plastið er ætlað til endurtekinnar notkunar við sömu aðstæður skal draga þrisvar sinnum út við þau skilyrði sem samsvara þessum aðstæðum og nota nýjan hermi í hvert sinn. Hins vegar nægir að mæla magn efna eftir þriðja útdráttinn. Ef hægt er að sýna fram á að ekki dragist meira út í öðrum og þriðja útdrætti er ekki nauðsynlegt að endurtaka útdrátt, að því gefnu að flæðið eftir fyrsta útdrátt mælist undir flæðimörkum.
3. Ef engar leiðbeiningar eru gefnar um snertihitastig og snertitíma skal framkvæma flæðiþrófanir, með viðeigandi hermum, við eftirfarandi aðstæður:
Hermar A, B og C: 4 klst. við 100 °C eða 4 klst. við endurflæðishitastig.
Hermir D: 2 klst. við 175 °C.
4. Ef plastefnið eða plasthlutirnir er merkt til notkunar við stofuhita eða lægra hitastig eða ef hluturinn er eðli sínu samkvæmt til notkunar við það hitastigsbil skal prófa flæði við 40 °C í 10 daga.

5. Þegar mæla á flæði rokkgjarnra efna skal miða við verstu fyrirsjáanlegu aðstæður.
6. Ef mæla á flæði úr plastefnum eða plasthlutum sem ætluð eru til notkunar í örbylgjuofnum, má notast við hvort sem er hefðbundinn ofn eða örbylgjuofn, að því gefnu að viðeigandi snertitíma og snertihitastigi sé náð.
7. Ef eðlisbreyting eða önnur breyting verður á plastinu við þau skilyrði sem mælt er við, en ekki við verstu fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði, skal framkvæma flæðipróf við verstu fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði þar sem þessar breytingar koma ekki fram.
8. Ef plastefnið eða plasthlutirnir er ætlað til notkunar í minna en 15 mínútur við hitastig á bilinu 70-100 °C, skal prófa flæði við 70 °C í 2 klst. Ef plastið er einnig ætlað til geymslu við stofuhita skal í staðinn nota flæðipróf við 40 °C í 10 daga.
9. Í þeim tilfellum sem taflan hér að neðan nær ekki yfir notkunaraðstæður, skal framkvæma flæðiprófanir við aðstæður sem eiga betur við, að því gefnu að um verstu fyrirsjáanlegu notkunarskilyrði sé að ræða.

Tafla

Mæliaðstæður (tími (t) og hiti (T)) fyrir prófanir á flæði efna úr plasti í herma.

Verstu fyrirsjáanlegu notkunaraðstæður	Mæliaðstæður
Snertitími:	Mælitími:
t ≤ 5 mín.	Sjá lið nr. 9 hér að framan
5 mín. < t ≤ 0,5 klst.	0,5 klst.
0,5 klst. < t ≤ 1 klst.	1 klst.
1 klst. < t ≤ 2 klst.	2 klst.
2 klst. < t ≤ 4 klst.	4 klst.
4 klst. < t ≤ 24 klst.	24 klst.
t > 24 klst.	10 dagar
Snertihitastig:	Mælihitastig:
T ≤ 5°C	5°C
5°C < T ≤ 20°C	20°C
20°C < T ≤ 40°C	40°C
40°C < T ≤ 70°C	70°C
70°C < T ≤ 100°C	100°C eða endurflæðishitastig (reflux temp.)
100°C < T ≤ 121°C	121°C (*)
121°C < T ≤ 130°C	130°C (*)
130°C < T ≤ 150°C	150°C (*)
T > 150°C	175°C (*)

(*) Þetta hitastig skal aðeins nota fyrir hermi D. Fyrir herma A, B og C skal mæla flæði við 100°C eða við endurflæðishitastig í fjórfaldan þann tíma sem við á samkvæmt töflunni.

VIÐAUKI 4B

Sérákvæði um mælingu á heildarflæði.

10. Heildarflæði í vatnsleysanlega herma má ákvarða með því að láta herminn gufa upp og vigta efnaleifarnar.
11. Heildarflæði í fituleysanlega herma (hermir D) er heimilt að ákvarða á eftirfarandi hátt: Plastsýnið er vegið fyrir og eftir snertingu við herminn. Hermirinn sem sýnið hefur dregið í sig er skilinn frá sýninu og magn hans ákvarðað. Vigt hermisins sem plastsýnið dró í sig er dregið frá vigt sýnisins. Mismunurinn á leiðréttri vigt plastsýnisins

- eftir snertingu við herminn og vigt plastsýnisins fyrir snertingu við herminn er heildarmagn efna sem flætt hafa úr sýninu.
12. Ef plastsýnið er ætlað til endurtekinnar notkunar og ógerlegt er að framkvæma þá mælingu sem lýst er í 2. tölulið í viðauka 4A, er leyfilegt að breyta mælingunni að því tilskildu að hægt sé að mæla flæðið þegar þriðji hermimirinn hefur verið notaður til að draga efni út úr plastinu. Einn möguleiki er að mæla þrjú sams konar sýni af plastinu, hér nefnd M_1 , M_2 og M_3 . M_1 skal snerta herminn eins og segir í töflunni í Viðauka 4A en M_2 og M_3 í tvöfalt og þrefalt lengri tíma. Plastið telst uppfylla þær kröfur sem til þess eru gerðar ef flæði úr M_1 og $M_3 - M_2$ mælist undir heildarflæðimarki.
13. Ef heildarflæði úr plasti fer ekki yfir leyfileg mörk en sem nemur eftirtöldum vikmörkum telst það uppfylla kröfur varðandi heildarflæði:
- Olíur: 3 mg/dm² eða 20 mg/kg
Vatnslausnir: 1 mg/dm² eða 6 mg/kg
14. Mæling á heildarflæði með olíur sem herma skulu ekki framkvæmdar ef sýnt er að slík greining er tæknilega ófullkomin. Þá gildir, fyrir þau efni sem undanþegin eru skilyrðum varðandi flæði eða hámarks magn í plasti, almennt flæðimark 60 mg/kg eða 10 mg/dm². Hins vegar má summan fyrir flæði einstakra efna aldrei fara yfir heildarflæðimark.

7. gr.

Við reglugerð þessa bætist við nýr viðauki, viðauki 5, sem orðast svo:

VIÐAUKI 5

Tafla yfir herma sem velja skal fyrir flæðiþrófanir á plasti, sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli.

Matvæli sem plast á að snerta	Hermir
Aðeins vatnskennd matvæli	A
Aðeins súr matvæli	B
Aðeins áfeng matvæli	C
Aðeins feit matvæli	D
Öll vatnskennd og súr matvæli	B
Öll áfeng og vatnskennd matvæli	C
Öll áfeng og súr matvæli	C og B
Öll feit og vatnskennd matvæli	D og A
Öll feit og súr matvæli	D og B
Öll feit, áfeng og vatnskennd matvæli	D og C
Öll feit, áfeng og súr matvæli	D, C og B

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er í í XII. kafla, II. viðauka, tilskipunar nr. 97/48/EB um breytingu á tilskipun nr. 82/711/EEC. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. nóvember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

I. KAFLI

Stjórn safnsins.

1. gr.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er sjálfstæð háskólastofnun sem hóf starfsemi 1. desember 1994 og tók þá við hlutverki hins fyrra Landsbókasafns sem stofnað var 1818, og Háskólabókasafns, sem stofnað var 1940.

2. gr.

Bókasafnið heyrir stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra. Hann skipar því fimm manna stjórn, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir: Tvo að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands, einn að tilnefningu Rannsóknarráðs Íslands, einn að tilnefningu Bókavarda-félags Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti, þó þannig að um varamenn sem háskólaráð tilnefnir skal greint frá hvor er 1. varamaður og hvor 2. varamaður, og skulu þeir kallaðir til í þeirri röð, óháð því hvor stjórnarmannanna forfallast.

Ráðherra skipar einn stjórnarmanna formann og annan varaformann.

3. gr.

Landsbókavörður situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt, svo og einn fulltrúi starfsmanna bókasafnsins. Kjósa starfsmenn safnsins fulltrúa sinn til tveggja ára í senn og annan til vara.

Stjórnin getur ákveðið að aðstoðarlandsbókavörður og fjármálastjóri bókasafnsins skuli boðaðir á stjórnarfundi.

Stjórnarfundi skal að jafnaði halda eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Landsbókavörður boðar til þeirra í umboði formanns stjórnar með skriflegri dagskrá og þriggja daga fyrirvara. Boða skal til stjórnarfundar ef formaður, landsbókavörður eða tveir stjórnarmenn óska þess. Við atkvæðagreiðslur ræður einfaldur meirihluti, nema atkvæði falli jöfn, þá ræður atkvæði formanns.

Ritaðar skulu fundargerðir um stjórnarfundi.

4. gr.

Stjórnin markar bókasafninu stefnu, hefur umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana þess, samþykkir gjaldskrá safnsins og hefur eftirlit með starfsemi þess. Stjórnin veitir enn fremur umsögn við skipun í embætti landsbókavarda og við ráðningu í starf aðstoðarlandsbókavarda.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar landsbókavörð til fimm ára í senn úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn bókasafnsins telur hæfa. Heimilt er að endurskipa landsbókavörð einu sinni án þess að staðan sé auglýst, að fenginni umsögn stjórnar.

Landsbókavörður ræður aðstoðarlandsbókavörð úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn bókasafnsins telur hæfa. Aðstoðarlandsbókavörður er staðgengill landsbókavarda.

Landsbókavörður ræður jafnframt aðra starfsmenn bókasafnsins.

6. gr.

Stjórn safnsins gerir tillögu til menntamálaráðuneytis um auglýsingu á embætti landsbókavarda. Landsbókavörður auglýsir starf aðstoðarlandsbókavarda að höfðu samráði við stjórn safnsins.

Stjórnin fjallar um umsóknir um embætti landsbókavardar og lætur menntamálaráðherra í té álit um hverjir umsækjenda teljast hæfir til að gegna embættinu. Stjórninni ber að skila rökstuddu álitu um hæfi hvers umsækjanda fyrir sig.

Stjórn safnsins fjallar einnig um umsóknir um starf aðstoðarlandsbókavardar og lætur landsbókaverði í té álit um hverjir umsækjenda teljast hæfir. Í álitinu skal felast rökstudd umsögn um hæfi hvers umsækjanda fyrir sig.

7. gr.

Landsbókavörður annast daglegan rekstur og stjórn bókasafnsins, ræður að því starfsfólk, sbr. 5. gr., sér um útfærslu og framkvæmd kjarasamninga að því leyti sem þeir koma til kasta stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar út á við. Hann semur og tillögu að starfsáætlun og fjárhagsáætlun bókasafnsins og leggur fyrir stjórn þess ásamt ársskýrslu fyrra árs.

8. gr.

Stjórn bókasafnsins setur, að fengnum tillögum landsbókavardar, reglur um umgengni í safninu og notkun safnkostsins.

II. KAFLI

Skipulag.

9. gr.

Auk skrifstofu landsbókavardar eru í bókasafninu þessar megindeildir sem hafa hver sinn forstöðumann: Aðfangadeild, handritadeild, skráningardeild, upplýsingadeild, útlána-deild og þjóðdeild.

Einnig eru í safninu stoðdeildir og starfseiningar samkvæmt nánari ákvörðun landsbókavardar að höfðu samráði við stjórn safnsins, svo sem bókbandsstofa, viðgerðarstofa og myndastofa. Skal jafnan vandlega metið hvort hagfelldara sé að safnið annist sjálft tiltekna þjónustu eða skipti við aðila utan stofnunarinnar, sbr. 3. málsg. 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins.

Kvennasögusafn Íslands er sérstök starfseining í safninu, sbr. samning þar um, dagsettan 26. mars 1996.

Unnið skal að því að byggja upp öfluga tón- og mynddeild í safninu.

10. gr.

Safnráð er samráðsvettvangur yfirmanna bókasafnsins og forstöðumanna deilda. Í safnráði eiga sæti landsbókavörður, sem er formaður ráðsins, aðstoðarlandsbókavörður, fjármála-stjóri, forstöðumenn þeirra deilda sem greindar eru í 1. mgr. 9. gr. og allt að tveir aðrir forstöðumenn einstakra starfsþátta samkvæmt ákvörðun stjórnar safnsins að fengnum tillögum landsbókavardar.

III. KAFLI

Þjónusta við Háskóla Íslands.

11. gr.

Sem bókasafn Háskóla Íslands leitast safnið við að veita sérhæfða þjónustu á helstu fræðasviðum sem stunduð eru við Háskóla Íslands. Bókasafnið og háskólinn gera með sér samkomulag um fjárhagsmál, þjónustu safnsins við háskólann og um samskipti stofnananna að öðru leyti. Í samkomulaginu skal m.a. kveðið á um þann tíma sem lestraradstaða í safninu skal vera opin nemendum háskólans.

IV. KAFLI

Almenn þjónusta og samstarf við önnur söfn.

12. gr.

Sem þjóðbókasafn þjónar safnið ekki einungis vísindastarfsemi, heldur sinnir það einnig þörfum atvinnulífs og hins almenna borgara sem til þess leitar vegna fræðiidkana eða til þekkingaröflunar.

13. gr.

Bókasafnið stuðlar að samstarfi þeirra safna í landinu sem víða að sér handritum, skjölum og öðrum sambærilegum menningarverðmætum. Samstarfið miðar m.a. að eðlilegri verkaskiptingu um viðtöku gagna, samráði um varðveislu þeirra og viðgerðir, færslu þeirra á nýja miðla, sýningu þeirra og kynningu innan lands og utan.

14. gr.

Landsbókasafn stuðlar að samvinnu bókasafna í landinu og að samræmingu starfshátta, sbr. 11. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Meðal annars er um að ræða ráðgjafarstarf og útgáfu handbóka, þróun og útgáfu bókfræðilegra staðla, viðhald samskrár í tölvukerfi safnsins og starfrækslu millisafnalána.

Bókasafninu er heimilt, eftir því sem stjórn þess ákveður, að veita viðtöku víkjandi efni í öðrum bókasöfnum og varðveita það í geymslusafni sínu, sbr. 20. gr.

V. KAFLI

Almenn starfsemi.

15. gr.

Bókasafnið sér um úthlutun alþjóðabóknumera og alþjóðatímaritanúmera og um samvarandi merkingu annarra safngagna eftir því sem stjórn þess ákveður.

16. gr.

Bókasafnið veitir viðtöku skilaskyldum gögnum í samræmi við lög sem gilda um það efni á hverjum tíma. Safnið tekur frá eitt eintak þeirra gagna sem berast í skylduskilum, eftir því sem við á, og kemur þannig upp safni varaeyntaka sem undanþegin eru venjulegri notkun og geymd tryggilega. Með varaeyntakasafni er stefnt að því að koma upp sem heillegustu safni eldra og yngra efnis sem varðveita ber til framtíðar við bestu skilyrði.

17. gr.

Safnið starfrækir bókminjasafn. Um er að ræða rit, íslensk og erlend, sem eru mjög verðmæt eða hafa sérstakt minjagildi, svo sem vegna aldurs, ferils, afbrigða, áritunar eða markverðs bókbands. Þeim er hlíft við óþarfri og ógætilegri notkun, en ekki er krafa um að ritum sem teljast til bókminja sé öllum haldið á einum stað í safninu. Einnig er heimilt að koma bókminjasafni fyrir að hluta til á tryggum stað utan safns.

18. gr.

Bókasafnið heldur uppi rannsóknum á vettvangi íslenskrar bókfræði, bóksögu og bókaútgáfu, svo og á öðrum sviðum sem tengjast starfsemi eða efni bókasafnsins. Til stuðnings þessum viðfangsefnum stendur bókasafnið fyrir bókaútgáfu, útgáfu fræðilegs ársrits og birtingu efnis í rafrænu formi. Safnið leitast m.a. við að gefa út merk rit í eigu þess, ljósprentuð eða með öðrum hætti.

Safnið gefur út með reglubundnum hætti þjóðbókaskrá þar sem tilgreind eru rit prentuð á Íslandi, svo og hljóðrit og eftir atvikum gögn á öðrum miðlum.

19. gr.

Bókasafnið starfrækir bókasafnskerfi sem hýsir skrá um rit safnsins og styður fleiri þætti í rekstri þess. Safnið veitir einnig öðrum bókasöfnum fulla aðild að kerfinu samkvæmt nánara samkomulagi, auk þess sem einstök söfn eiga að því samskráaðild, þannig að unnt er að ganga á einum stað að upplýsingum um ritaeign þátttökusafnanna.

20. gr.

Þeim hluta efniskosts safnsins sem einna minnst er notaður er komið fyrir í geymslu-húsnæði utan safns. Þá er einnig heimilt, samkvæmt reglum sem landsbókavörður setur að fengnu samþykki stjórnar, að grisja efniskostinn, selja eða gefa það sem frá er tekið, eða farga því á annan hátt.

21. gr.

Bókasafnið sér notendum fyrir aðgengi að rafrænum gögnum eftir því sem tók eru á. Það kostar einnig kapps um að nýta nýjustu upplýsingatækni til að færa gögn safnsins á stafrænt form og gera þau þannig aðgengileg umheiminum.

VI. KAFLI

Heimild og gildistaka.

22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. og 12. gr. laga nr. 71/1994 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 504/1994, sbr. reglugerð nr. 558/1994.

Menntamálaráðuneytinu, 30. nóvember 1998.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990-2010, Reykjavík (Saltvík).**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990-2010 frá 1. júní 1990, nú í umdæmi Reykjavíkur.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði er stækkað til norðvesturs og suðvesturs, opnu, óbyggðu svæði á mótum Vesturlandsvegur og aðkeyrslu að Saltvík er breytt í iðnaðarsvæði. Þá er skilgreind gönguleið meðfram ströndinni og stofnæðar boð- og rafveitna eru færðar inn á uppdráttinn.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, mislæg gatnamót.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Í breytingunni felst að almennu útivistarsvæði sunnan Miklubrautar og athafnasvæði norðan Miklubrautar við Skeiðarvog er breytt í helgunarsvæði stofnbrauta, þar sem fyrirhuguð eru mislæg gatnamót.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðar 1980-2000, hafnarsvæðið.

Að ósk bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar hefur ráðherra þann 7. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Siglufjarðarkaupstaðar frá 15. mars 1982, sbr. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin er í fimm liðum:

- Gránugata endar við Tjarnargötu í stað þess að liggja niður á „Fjörugötu“ við bensínlóð.
- „Fjörugata“ verður samfelld frá Aðalgötu að Öldubrjót með þrengingu við SR-verksmiðju.
- Iðnaðarlóð er felld út á Hafnarbryggju í stað byggingar sem er í smíðum við hús Þormóðs ramma.
- Nýr hafnarkantur og fylling milli Öldubrjóts og SR-bryggju.
- Lenging Öldubrjóts til suðurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 7. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ um tilkynningarskyldu skipa sem flytja hættulegan varning.

1. gr.

Rekstraraðilum og skipstjórum skipa er flytja hættulegan eða mengandi varning, í lausu eða pakkaðan svo og farmsamningshöfum slíks varnings er skylt að tryggja að farið sé eftir lágmarkskröfum þeim sem settar eru með reglugerð þessari.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

- a) Herskip og önnur skip í opinberri þágu sem eru ekki notuð í atvinnuskyni.
- b) Eldsneyti, birgðir og búnað sem notaður er um borð í skipum.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *Rekstraraðili* er eigandi, leigutaki, útgerðar- eða umboðsmaður skipsins;
- b) *Skip* er sérhvert flutningaskip, tankskip sem flytur olíu, kemísk efni eða gas eða farþegaskip á leið til eða frá íslenskum höfnum með hættulegan eða mengandi varning innanborðs, í lausu eða pakkaðan;
- c) *Hættulegur varningur* er hver sá varningur sem flokkaður er í IMDG-kóðanum, í 17. kafla IBC-kóðans og í 19. kafla IGC-kóðans, þ.m.t. geislavirk efni sem vísað er til í INF-kóðanum;
- d) *Mengandi varningur* er:
 - olíur samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka við MARPOL,
 - fljótandi eiturefni samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka við MARPOL,
 - skaðleg efni samkvæmt skilgreiningu í III. viðauka við MARPOL;
- e) *MARPOL* er alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun sjávar frá skipum ásamt bókun við hann frá 1978;
- f) *IMDG-kóðinn* er alþjóðlegur kóði um flutning hættulegs varnings á sjó;
- g) *IBC-kóðinn* er alþjóðlegur kóði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um smíði og búnað skipa sem flytja hættuleg efni í lausu;
- h) *IGC-kóðinn* er alþjóðlegur kóði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um smíði og búnað skipa sem flytja fljótandi gas í lausu;
- i) *INF-kóðinn* er kóði Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um öruggan flutning á geisla-virkum efnum um borð í skipum;
- j) *Ályktun IMO* er ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A. 851(20) sem samþykkt var á 20. allsherjarþinginu þann 27. nóvember 1997 undir yfirskriftinni „General principles for ship reporting systems and ship reporting requirements, including guidelines for reporting incidents involving dangerous goods, harmful substances and/or marine pollutants“;
- k) *Farmsamningshafi* er hver sá aðili sem gerir samning við farmflytjanda um flutning á varningi á sjó. Á það jafnt við þegar slíkur samningur er gerður af farmsamningshafa sjálfum, í hans nafni eða fyrir hans hönd;
- l) *EES-svæðið* er hið Evrópska efnahagssvæði (EES);
- m) *Hafnaryfirvöld* er hafnarstjóri viðkomandi hafnar eða annar starfsmaður í hans umboði.

3. gr.

Hafnaryfirvöld taka á móti þeim tilkynningum og upplýsingum sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

4. gr.

Ekki má bjóða flutning með skipum á hættulegum eða mengandi varningi, né taka um borð, nema skipstjóri eða rekstraraðili skips hafi fengið yfirlýsingu frá farmsamningshafa með réttum tækniheitum þessa hættulega eða mengandi varnings, númerum Sameinuðu þjóðanna ef einhver eru, hættuflokkum IMO í samræmi við IMDG-, IBC- og IGC-kóðanna og magni slíkra efna og ef þau eru í færanlegum geymum eða flutningagámum, auðkenni þeirra.

Farmsamningshafi ber ábyrgð á að afhenda skipstjóra eða rekstraraðila þá yfirlýsingu sem krafist er samkvæmt reglugerð þessari og að tryggja að farmurinn sem boðinn er til flutnings sé raunverulega sá sem lýst er yfir, í samræmi við 1. mgr.

5. gr.

Rekstraraðili skips sem lætur úr höfn skal láta hafnaryfirvöldum þeirrar hafnar í té allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt I. viðauka.

Rekstraraðili skips sem kemur erlendis frá til hafnar á Íslandi eða inn á akkerislægi í íslenskri landhelgi skal sem skilyrði fyrir aðgangi, láta hafnaryfirvöldum í té allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt I. viðauka. Þessar upplýsingar skulu berast hafnaryfirvöldum við brottför skipsins frá lestunarhöfn.

Þegar hafnaryfirvöldum hefur verið tilkynnt um upplýsingar í samræmi við 1. eða 2. mgr. skulu þau senda Siglingastofnun Íslands þær upplýsingar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að undanþiggja reglubundnar áetlunarferðir, sem eru innan við einnar klukkustundar sigling, frá ákvæði 1. mgr.

Skip sem koma til hafnar eða fara frá höfn skulu í samræmi við reglur þar um:

- a) nota skipaumferðarþjónustu (VTS); og
- b) nota hafnsögumenn.

6. gr.

Ef óhapp verður á sjó eða þær aðstæður skapast sem ógnað geta strandlengju eða hagsmunum tengdum henni ber skipstjóra viðkomandi skips þegar í stað að tilkynna Landhelgisgæslu Íslands þar um og þurfa að koma fram í þeirri tilkynningu í það minnsta málsatvik varðandi atburðinn auk þeirra upplýsinga sem fjallað er um í I. viðauka.

Landhelgisgæsla Íslands getur litið svo á að tilkynningarskyldunni samkvæmt 1. mgr., varðandi upplýsingar samkvæmt I. viðauka, sé fullnægt ef skipið tilgreinir hvaða lögbært yfirvald innan EES-svæðisins hafi upplýsingar þær sem krafist er samkvæmt 5. gr. undir höndum.

Tilkynningin sem kveðið er á um í 1. mgr. skal vera í samræmi við ályktun IMO við allar aðstæður sem getið er um í þeirri ályktun.

7. gr.

Skipstjórar skulu fylla út, rétt og nákvæmlega, gátlista þann sem er sýndur í II. viðauka þessarar reglugerðar og hafa hann tiltækan til glöggvunar fyrir hafnsögumann og fyrir hafnaryfirvöld ef þau æskja þess.

Hafnsögumenn sem sjá um að koma skipi í og úr legurými eða annast aðra stjórnun skips skulu þegar í stað tilkynna Siglingastofnun Íslands ef þeir fá vitneskju um vanbúnað sem getur haft áhrif á siglingaöryggi.

8. gr.

Siglingastofnun Íslands skal ef nauðsyn krefur sjá um að tilkynna sjófarendum um öll óhöpp sem tilkynnt hafa verið samkvæmt 1. mgr. 6. gr. svo og upplýsingum um skip sem öðrum skipum getur stafað hættu af.

9. gr.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um leiðsögu skipa nr. 34/1993, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 9. gr. laga um leiðsögu skipa nr. 34/1993 með síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning til eða frá höfnum innan bandalagsins, sbr. tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar nr. 96/39/EB, 97/34/EB og 98/74/EB tilskipun ráðsins nr. 98/55/EB, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 19. nóvember 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar um skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning.

(5. gr.)

1. Nafn og kallmerki skipsins.
2. Þjóðerni skipsins.
3. Lengd og djúprista skipsins.
4. Ákvörðunarhöfn.
5. Áætlaður komutími til ákvörðunarhafnar eða hafnsögustöðvar, eftir því sem hafnar-yfirvöld krefjast.
6. Áætlaður brottfarartími.
7. Fyrirhuguð leið.
8. Rétt tækniheiti hins hættulega eða mengandi varnings, númer Sameinuðu þjóðanna, ef einhver eru, hættuflokkar IMO í samræmi við IMDG-, IBC- og IGC-kóðana og þar sem það á við flokkur skipsins eins og hann er skilgreindur samkvæmt INF-kóðanum, magn slíks varnings og staðsetning hans um borð og, ef hann er í færanlegum geymum eða gámum, auðkenni þeirra.
9. Staðfesting á að í skrá eða farmskrá eða viðeigandi hleðsluáætlun séu nákvæmar upplýsingar um hættulegan eða mengandi varning um borð í skipinu og staðsetningu hans.
10. Fjöldi skipverja.

II. VIÐAUKI

Gátlisti fyrir skip.

(7. gr. og III. viðauki)

A. Upplýsingar um skipið.

Nafn skipsins:

.....

Eigandi:

.....

Smíðaár:

.....

Fáni:

.....

Brúttótonnatala:

.....

Heimahöfn:	Lengd:		
.....
Kallmerki:	IMO-skipaskrárnúmer, ef við á:		
.....		
Flokkunarfélag:	Hafsvæði þar sem skipinu er heimilt að starfa:		
.....		
Flokkunartákn:	Bolur:	Vélbúnaður:	
.....	
Aðalvélbúnaður:		Afl:	
.....		
Umboðsmaður:			
.....			
Djúprista:	Að framan:	Miðskips:	Að aftan:
.....
Rúmtak/massi hættulegs eða mengandi farms:			
.....			

B. Öryggisbúnaður um borð.

	Í góðu lagi		Vanbúnaður
	Já	Nei	
<i>1. Smíði og tæknibúnaður</i>			
Aðal- og aukavélar	()	()
Aðalstýrisbúnaður	()	()
Varastýrisbúnaður	()	()
Akkerisbúnaður	()	()
Fast slökkvikerfi	()	()
Eðalgaskerfi (ef við á)	()	()
<i>2. Siglingatæki</i>			
Upplýsingar um stýrieiginleika	()	()
Aðalratsjá	()	()
Aukaratsjá	()	()
Gíróáttaviti	()	()
Aðalseguláttaviti	()	()
Radíómiðunartæki	()	()
Bergmálsdýptarmælir	()	()
Annar rafeindabúnaður til staðarákvörðunar	()	()

Búnaður til að mæla hraða og vegalengd (log)	()	()
- Hraði í gegnum vatn	()	()
- Hraði yfir botni	()	()

3. Fjarskiptabúnaður

Loftskeytastöð	()	()
Talstöð	()	()
GMDSS-fjarskiptabúnaður	()	()
Fjarskiptabúnaður fyrir björgunartæki	()	()

C. Skjöl.

	Gild skírteini / skjöl um borð		Athugasemdir
	Já	Nei	
Alþjóðlega mælibréfið (1969)	()	()
Öryggisskírteini farþegaskips	()	()
Öryggisskírteini vöruflutningaskips	()	()
Öryggisskírteini um smíði vöru- flutningaskips	()	()
Skírteini fyrir öryggisbúnað vöru- flutningaskips	()	()
Öryggisskírteini fyrir fjarskiptabúnað vöruflutningaskips	()	()
Öryggisskírteini fyrir loftskeyta- stöðvar vöruflutningaskips ¹⁾	()	()
Öryggisskírteini fyrir talstöðvar vöruflutningaskips ¹⁾	()	()
Alþjóða hleðslumerkjaskírteinið	()	()
Alþjóða hleðslumerkjaundanþágu- skírteinið	()	()
Skírteini flokkunarfélags	()	()
Tryggingarskírteini eða önnur fjárhagsleg trygging gegn skaða- bótaábyrgð á tjóni af völdum olú- mengunar	()	()
Skjal til staðfestingar því að skip uppfylli sérkröfur um flutning hættulegra efna (SOLAS)	()	()
Útfyllt olíudagbók/farmbók	()	()
Alþjóðahæfnisskírteini fyrir flutning hættulegra efna í lausu	()	()
Alþjóðahæfnisskírteini fyrir flutning fljótandi lofttegunda í lausu	()	()

¹⁾ Þetta á einungis við um skip sem smíðuð voru fyrir 1. febrúar 1995.

Alþjóðlega olíumengunarvarnar- skírteinið (IOPP-skírteinið)	()	()
Alþjóðlega mengunarvarnar- skírteinið fyrir flutning fljótandi eiturefna í lausu (NLS-skírteinið)	()	()
Öryggisskírteini fyrir hraðskreið skip (HSC)	()	()
Leyfisbréf fyrir starfsemi hrað- skreiðra skipa (HSC)	()	()
Lestunaráætlun fyrir hættulegan varning	()	()
Gögn um stöðugleika	()	()
Öryggismönnunarskírteini	()	()
Afrit af samræmisvottorði (ISM - kóðinn)	()	()
Öryggisstjórnunarskírteini (ISM - kóðinn)	()	()

D. Yfirmenn og áhöfn.

	Réttindaskírteini		Gefin út af lögbæru yfirvaldi	Frá (stað/landi)	GMDSS ¹⁾
	(nákvæm lýsing og raðnúmer)	Já			
Skipstjóri	()	()			()
Yfirstýrimaður	()	()			()
2. stýrimaður	()	()			()
3. stýrimaður	()	()			()
Yfirvélstjóri	()	()			()
1. vélstjóri	()	()			()
2. vélstjóri	()	()			()
3. vélstjóri	()	()			()

Fjöldi undirmanna

Á þilfari

Í vélarúmi

.....

.....

Úthafsleiðsögumaður
um borð

() ()

.....
Dags......
Undirskrift skipstjóra eða staðgengils í fjarveru hans.¹⁾ Merkið við ef viðkomandi hefur almennt skírteini fjarskiptamanns (GOC).

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Hamraborgar í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 10. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi Hamraborgar 8 í miðbæ Kópavogs. Uppdráttur í mkv. 1:1000 dags. 7. júlí 1998 ásamt greinargerð. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 31. ágúst til 28. september 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Kópavogi, 2. desember 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 4. desember 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Blásali í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 19. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Blásali 16, 18, 22 og 24. Í breytingunni felst að lóðir fjölbýlishúsanna nr. 16 og 18 eru stækkaðar, afmörkun og stærð leiksvæðis er breytt; byggingarreitur háhýsanna nr. 22 og 24 er færður ofar í hlíðina (norðar); fjórar íbúðir verði á hverri hæð í húsunum nr. 22 og 24 í stað þriggja; íbúðum fjölgað úr 54 í 72 og staðsetningu bílastæða og bílgeymslu er breytt.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. september til 28. október 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 8. desember 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.

1. gr.

Gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna skulu auglýst í Einkaleyfatíðindum.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991, um einkaleyfi, sbr. 46. gr. reglugerðar nr. 574/1991, varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt falla þá úr gildi auglýsing nr. 639/1995, 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 288/1996, auglýsing nr. 200/1997 og auglýsing nr. 758/1997.

Þnaðarráðuneytinu, 3. desember 1998.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

3. desember 1998

Nr. 715

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpstöð Hafnar, Höfn, Hornafirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpstöð Hafnar, Höfn, Hornafirði, kt. 590169-4639. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 1. janúar 2003.

Reykjavík, 3. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

3. desember 1998

Nr. 716

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sorpförgun Öxarfjarðarhrepps, Kópaskeri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpförgun Öxarfjarðarhrepps, Kópaskeri, kt. 520269-4529. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 1. janúar 2003.

Reykjavík, 3. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Blásali í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 19. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Blásali 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13. Í breytingunni felst eftirfarandi:

1. Parhús við Blásali 1, 3, 5 og 7, ásamt raðhúsum við Blásali nr. 9, 11 og 13 verði felld út af skipulagi og í þeirra stað komi fjögur fjórbylíshús.
2. Í stað sjö lóða komi fjórar.
3. Í stað þriggja bygginga komi fjórar.
4. Húsin verði tveggja hæða í stað einnar hæðar og í hverju þeirra verði tveir innbyggðir bílskúrar.
5. Íbúðum fjölgar um níu.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. september til 28. október 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 8. desember 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Námssjóður Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Eskifirði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungt og efnalítið fólk á Eskifirði til framhaldsnáms í viðurkenndum menntastofnunum jafnt innanlands sem erlendis.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., leggur fram kr. 1.000.000 sem stofnfé. Tekjur sjóðsins til framtíðar verða frjáls framlög, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en kr. 471.000 að raungildi miðað við lánskjaravísitölu septembermánaðar 1998.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Einum kjörnum af stjórn Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. og skal hann gegna stjórnarformennsku. Stjórnarformaðurinn skal velja sér tvo meðstjórnendur úr hópi kvenna er starfa hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. Jafnframt skal stjórnarformaðurinn velja tvo varastjórnarmenn úr sama hópi.

Starfstímabil hvernar stjórnar er tvö ár.

Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi sjóðsins og annast rekstur hans.

Stjórnin skal halda bókhald um rekstur og eignir sjóðsins og gera árlega skýrslu um störf sín, sem kynna skal á aðalfundi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. ár hvert.

Stjórnin skal halda fundagerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

Stjórnin setur sér nánari starfsreglur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á ári hverju og úthluta úr honum telji hún umsókn eða umsóknir falla að tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.

7. gr.

Kostnað af starfsemi sjóðsins skal greiða af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Til að leggja megi sjóðinn niður þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Þar að auki þarf endanlegt samþykki meirihluta aðalfundar Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. Verði ákveðið að leggja sjóðinn niður skal stjórn sjóðsins úthluta öllum fjármunum sjóðsins í samræmi við tilgang hans eða láta eignir sjóðsins renna til viðurkennds góðgerðarmálefnis.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari er unnt að breyta með samþykki meirihluta sjóðstjórnar. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. desember 1998.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

1. desember 1998

Nr. 719

REGLUR

um heiti og merkingu textílvára.

I. KAFLI

Gildissvið, undanþágur og skilgreiningar.

1. gr.

- 1.1 Reglur þessar taka til heita og merkinga textílvára.
- 1.2 Einungis er heimilt að markaðssetja textílvörur fullbúnar, meðan á vinnslu stendur eða áður en hún hefst og á öllum stigum dreifingar séu þær í samræmi við ákvæði reglna þessara.

2. gr.

- 2.1. Ákvæði reglna þessara gilda ekki um textílvörur sem:
 1. eru ætlaðar til útflutnings,
 2. eru fluttar með umflutningi (transit purposes) undir eftirliti tollyfirvalda,
 3. eru fluttar inn með tilliti til útflutnings aftur eftir vinnslu.

3. gr.

- 3.1. Í reglum þessum merkir orðið „textílvörur“ þær vörur óunnar, hálfunnar eða fullunnar sem innihalda textíltrefjar, nefndar í viðauka I, sem eru minnst 80% af þyngd þeirra.
- 3.2. Eftirfarandi vörur teljast einnig til textílværa:
1. húsgagnaáklæði, regnhlífir- og sóhlífirfæni sem er að hluta textíltrefjar, minnst 80% af þyngd. Þetta á einnig við um textílflefnishluta í marglaga gólfteppum (floor coverings), í teppum og viðlegubúnaði og varmafóðri í fótubúnaði, hönskum og vettlingum svo fremi slíkir hlutar eða fóður sé minnst 80% af heildarþyngd hlutarins,
 2. textílfæni sem felld eru inn í aðrar framleiðsluvörur og mynda óaðskiljanlegan hluta þeirra, svo fremi samsetningar sé getið.

4. gr.

- 4.1 Í reglum þessum merkir orðið „textíltrefja“:
1. efniseiningu sem einkennist af sveigjanleika, fínleika og mikilli lengd samanborið við mesta þvermál og gerir hana þannig nothæfa í textílfæni,
 2. sveigjanlegar lengjur, flatar eða holar, þar sem sýnileg breidd er ekki meiri en 5 mm. Einnig á þetta við um lengjur sem skornar eru af breiðari lengjum eða lögum sem gerðar eru úr efnum sem notuð eru við framleiðslu trefja þeirra sem skráðar eru undir töluliðum 17–44 í viðauka I og eru nothæfar í textílfæni. Sýnileg breidd er breidd hinnar flötu eða holu lengju samanbrotinnar, útflattrar, samþjappaðrar eða undnar eða meðalbreidd þar sem breiddin er ekki alls staðar sú sama.

II. KAFLI

Heiti og lýsing textíltrefja.

5. gr.

- 5.1. Heiti og lýsing trefja í skilningi 3. gr. er skráð í viðauka I. Notkun heita í töflunni í viðauka I er bundin við þær trefjar sem lýst er undir sömu málsgrein í töflunni. Ekkert þessara heita má nota um aðrar trefjar, eitt sér, í orðasamböndum eða sem lýsingarorð.

Silki.

6. gr.

- 6.1. Óheimilt er að nota orðið silki til að gefa til kynna lögun eða sérstaka eiginleika textíltrefja sem óslitins þráðar nema silkitrefjar séu hluti af vörunni.

Hrein textílværa.

7. gr.

- 7.1. Óheimilt er að lýsa textílvöru sem „100%“, „hreinni“, „al-“ eða nota önnur áþekk orð nema hún sé einvörðungu samsett úr trefjum sömu tegundar.
- 7.2. Heimilt er að textílværa innihaldi aðrar trefjar, allt að 2% af þyngd, svo fremi tæknilegar orsakir liggi að baki og að ekki sé aukið við þær á kerfisbundinn hátt. Sé um kembdar (carded) textílvörur að ræða skal hækka vikmörkin í 5%, sbr. þó 8. gr. 4. mgr.

„Ný ull.“

8. gr.

8.1. Einungis er heimilt að lýsa ullarvöru með orðunum:

- „Ný ull“
- „Laine vierge“ eða „Laine de tonte“
- „Schurwolle“
- „Lana virgine“ eða „Lana di tosa“
- „Scheerwol“
- „Friskklippet uld“

ef hún er einvörðungu samsett úr trefjum sem ekki hafa áður verið notaðar í fullunna vöru, hafa ekki verið spunnar og/eða þæfðar nema vegna framleiðslu fyrrnefndrar ullarvöru og hafa ekki skemmst í meðhöndlun eða notkun.

8.2. Heimilt er að nota orðin hér að framan til þess að lýsa ull í trefjablöndu þegar:

1. öll ull í blöndunni stenst kröfur skilgreindar í 1. mgr.,
2. ullin vegur ekki minna en 25% af heildarþyngd blöndunnar,
3. ullinni er einvörðungu blandað saman við eina tegund trefja af annarri gerð þegar um grófkembda blöndu (scribbled mixture) er að ræða.

8.3. Í tilviki sem um getur í 2. mgr. skal gefa upp hundradshluta allra efna í samsetningunni.

8.4. Takmarka skal þau vikmörk sem má réttlæta vegna tæknilegra orsaka og tengjast framleiðslu við 0,3% annarra trefja þegar um ræðir framleiðsluvörur sem lýst er með einu framantalinna orða í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr., þar með taldar kembdar (carded) ullarvörur.

Textílvörur úr tveimur eða fleiri tegundum trefja.

9. gr.

9.1. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur eða fleiri tegundum trefja, þar sem ein tegundin nemur a.m.k. 85% af heildarþyngd.

Þetta er hægt að gera:

1. með heiti þeirrar trefjategundar og hundradshluta hennar miðað við þyngd, eða
2. með heiti þeirrar trefjategundar og orðunum „minnst 85%“ þar á eftir, eða
3. með hundradshlutum allra efna sem framleiðsluvaran er samsett úr.

9.2. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur trefjum eða fleirum, þar sem engin trefjategund nær 85% af heildarþyngd,

- með heiti og hundradshluta a.m.k. tveggja helstu trefjanna miðað við þyngd, ásamt heitum annarra trefjaefnisþátta sem skulu koma á eftir í rétttri röð, sem miðast skal við þyngd. Upplýsingarnar eiga að vera með eða án upplýsinga um hundradshluta miðað við þyngd.

9.3. Heimilt er að merkja allar trefjategundir, sem hver um sig eru minna en 10% af heildarþyngd framleiðsluvöru, í einu lagi með orðunum „aðrar trefjar“. Þar á eftir skal greina frá samanlögðum hundradshlutum miðað við þyngd. Sé heiti trefjategundar sem ekki nær 10% af heildarþyngd vörunnar tilgreint, skal gefa upp hundradshluta allra efna sem framleiðsluvara er samsett úr.

Vefnaðarblanda úr baðmull og hör.

10. gr.

10.1. Heimilt er að gefa framleiðsluvörum með hreina baðmullaruppistöðu og hreint hörívaf, þar sem hundradshluti hörs er ekki undir 40% af heildarþyngd ósteinds

vefnaðar, heitið „vefnaðarblanda úr baðmull og hör“ og skal þessi lýsing á samsetningu fylgja „hrein baðmullaruppistaða-hreint hörívað“.

Leyfileg frávik í hundraðshlutum.

11. gr.

- 11.1. Textílvörur til sölu á neytendamarkaði með samsetningu í hundraðshlutum eins og fram kemur í 1., 2. og 3. mgr. 9. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skal leyfa eftirfarandi frávik án þess að gera grein fyrir því:
1. þegar aðrar trefjar eru allt að 2% af heildarþyngd textílvörunnar enda sé það gert vegna tæknilegra forsendna og ekki er um fasta vengu að ræða. Heimild skal aukin í 5% sé um kembdar (carded) framleiðsluvörur að ræða.
 2. þegar frávik allt að 3% miðað við heildarþyngd eru milli uppgefina hundraðshluta trefja á vörumiða og þeirra er fram koma við greiningu. Sömu frávik gilda einnig um trefjar sem í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr., eru skráðar í röð eftir þyngd án þess að hundraðshluti þeirra komi fram. Vikmörk þessi gilda einnig um þá trefjablöndu sem getið er um í b-lið 2. mgr. 8. gr.
- 11.2. Við greiningu skal reikna fyrrnefnd frávik út hvert fyrir sig. Heildarþyngdin sem taka skal mið af við útreikning frávika og getið er um í 1. mgr. 2. tölul. er heildarþyngd trefja fullunninnar vöru, að frátalinni þyngd allra annarra trefja sem fram koma þegar beitt er ákvæðum um frávik sem um getur í 1. tölulið. Einungis er heimilt að leggja saman tölurnar fyrir frávikin sem um getur í 1. mgr. 1. og 2. tölul. ef einhverjar utanaðkomandi trefjar, sem fram koma við greiningu, þegar frávikin sem um getur í 1. tölul. eru notuð, reynast vera af sömu gerð og trefjar sem fram koma á vörumiða.
- 11.3. Ekki er unnt að leyfa hærri vikmörk en frá er greint í 1. mgr. 1. og 2. tölul. nema fyrir sérstakar textílvörur, vegna tæknilegra ástæðna, svo framarlega að gild rök liggja fyrir af hálfu framleiðanda.

Blandaðar trefjar.

12. gr.

- 12.1. Heimilt er að nota hugtakið „blandaðar trefjar“ eða hugtakið „ótiltekin textílsamsetning“ um allar vörur sem ekki er auðveldlega unnt að tilgreina samsetningu fyrir þegar framleiðsla fer fram.

13. gr.

- 13.1. Með fyrirvara um frávik sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr. og 1.–3. mgr. 11. gr. er ekki þörf á að nefna:
1. sýnilegar, aðgreinanlegar trefjar, sem einungis eru til skrauts og ekki eru yfir 7% af þyngd fullunninnar vöru,
 2. trefjar (t.d. málmtréttar) sem felldar eru inn í efnið til að koma í veg fyrir rafmögnum og ekki eru yfir 2% af þyngd fullunninnar vöru.
- 13.2. Í framleiðsluvörum sem um getur í 10. gr. með hreina baðmullaruppistöðu og hreint hörívað skal ekki reikna þessa hundraðshluta út miðað við þyngd vefnaðarins heldur þyngd uppistöðunnar og ívafsins hvort í sínu lagi.

14. gr.

- 14.1. Þegar athugað er hvort samsetning textílvára sé í samræmi við það sem segir í reglum þessum skal ákvarða hundraðshluta trefja með því að leggja viðeigandi frávik við þurrt efnismagn hverrar trefjategundar sem mælt er fyrir um í viðauka II.

14.2. Draga skal frá eftirtalda hluti áður en hundraðshluti trefja er ákvarðaður:

1. *Allar textílvörur.*

Draga skal frá hluti sem ekki eru gerðir úr textílefnum, jaðra, miða og merki, bryddingar, bönd og leggingar, sem ekki eru óaðskiljanlegur hluti vörunnar, hnappa og spennur þakta textílefnum, fylgihluti, skraut, borða, teygjanlega þræði og bönd sem bætt er við vöruna á tilteknum og afmörkuðum stöðum og með fyrirvara um skilyrði, tilgreind í 13. gr., sýnilegar, aðgreinilegar trefjar til skrauts eingöngu og trefjar sem koma í veg fyrir rafmögnun.

a) *Gólfteppi (floor coverings and carpets),*

(sbr. 16. gr. 3. mgr. f-lið).

Draga skal frá alla aðra hluti en slitlag (use-surface).

b) *Húsgagnaáklæði.*

Draga skal frá uppistöðu og ívaf til bindingar og fyllingar sem ekki er hluti slitlags.

c) *Hengi og gluggatjöld.*

Draga skal frá uppistöðu og ívaf til bindingar og fyllingar sem ekki eru hluti af réttu efnisins (right side of the fabric).

d) *Aðrar textílvörur.*

Draga skal frá undirlag, fyllingar, millifóður og annað fóður notað til styrktar og til að viðhalda sniði og lögum vörunnar. Einnig skal draga frá saumagarn svo fremi að það komi ekki í stað uppistöðu og/eða ívafs efnisins. Þetta er með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 16. gr., (fóður).

Ekki má þó draga frá efni sem gegnir hlutverki undirlags fyrir réttuna einkum í ábreiðum og tvöföldum efnum, og fyrir flauel eða flosefni og ámóta framleiðsluvörur.

2. *Steining og önnur viðbótarefni.*

Draga skal frá fituefni, bindiefni, efni til þyngingar og steiningar, gegnsýringarefni, viðbótarefni notuð í sambandi við litun og prentun ásamt öðrum efnum sem notuð eru við meðferð á textílvörum.

Ofangreind efni mega ekki vera til staðar í þeim mæli í textílvörum á markaðnum að þau geti villt um fyrir neytendum.

III. KAFLI

Merkingar.

Merking með vörumiða eða á textílvöru.

15. gr.

15.1. Merkja skal textílvöru með upplýsingum sem eru í samræmi við ákvæðin í 5.–12. gr. í hvert sinn sem vara er markaðssett. Gildir það um öll framleiðslu- og sölustig vörunnar sbr. þó 4. mgr. Öðrum upplýsingum en kveðið er á um í reglum þessum skal haldið algerlega aðskildum, að frátöldum vörumerkjum og fyrirtækjaheitum.

Sala til neytenda.

16. gr.

16.1. Við sölu eða í tilboðum til neytenda skal tilgreina á skýran hátt í viðskiptaskjölum heiti, lýsingu og upplýsingar varðandi trefjainnihald sem um getur í 5.–12. gr. og í viðauka I með greinilegu og læsilegu prentletri sömu tegundar, einkum í verðlistum, auglýsingabæklingum, á umbúðum, vörumiðum og merkingum. Á textílvörum sem seldar eru í metratali, skal gefa upp samsetningu á lengju þeirri eða stranga sem boðin er til sölu þannig að neytendur geti auðveldlega kynnt sér upplýsingarnar.

- 16.2. Ef í vörumerki eða fyrirtækjaheiti kemur fram heiti, skráð í viðauka I, sem hætt er við að ruglað verði saman við upplýsingar um trefjainnihald í vörunni, skal vörumerkið eða fyrirtækjaheitið koma strax á eftir eða undan heitum, lýsingum og einstökum upplýsingum um trefjainnihald sem um getur í 5.—12. gr. og í viðauka I. Það skal prentað með auðlæsilegum og áberandi bókstöfum.

Sala til annarra en neytenda.

17. gr.

- 17.1. Á textílvörur, sem ekki eru boðnar neytendum til sölu eða sem eru afgreiddar samkvæmt pöntun frá ríki eða öðrum opinberum aðilum, mega í staðinn fyrir merkingar í samræmi við ákvæðin í 5.—12. gr. koma greinilegar upplýsingar í viðskiptaskjölum. Notkun skammstafana í viðskiptaskjölum, á fylgireikningum og vörureikningum er ekki heimil, nema notað sé vélrænt tákhróf (mechanised processing code) og það útskýrt í sama skjali.

Notkun annarra heita eða tákna.

18. gr.

- 18.1. Önnur tilgreind heiti eða tákni sem nefnd eru í 5.—8. gr. og varða sérkenni textílvara, má nota þegar þessi heiti eða tákni eru í samræmi við góða verslunarsíði.

Textílvörur úr tveimur eða fleiri efnisþáttum.

19. gr.

- 19.1. Á öllum textílvörum samsettum úr tveimur eða fleiri efnisþáttum - og er innihalda ólíkar trefjategundir - skal vera áfestur vörumiði þar sem fram kemur trefjainnihald hvers efnisþáttar. Ekki er skylt að merkja á sama hátt efnisþætti sem eru undir 30% af heildarþyngd framleiðsluvörunnar, nema um sé að ræða sýnilegt fóður.
- 19.2. Innihaldi tvær eða fleiri textílvörur sömu trefjategund, sem mynda venjulega eina samstæðu, er aðeins þörf á einum áfestum miða.
- 19.3. Sérstök ákvæði gilda um merkingu eftirfarandi textílvara:

1. *Lífstykjavörur.*

Sýna skal trefjasamsetningu eftirfarandi lífstykkjavara með því að tilgreina samsetningu framleiðsluvörunnar í heild eða þeirra hluta sem taldir eru upp hér að neðan. Þetta skal gert í einu lagi eða með því að merkja hvern hlut sérstaklega:

- brjóstahaldarar: efni í ytri og innri hluta skála og bakhluta,
- lífstykki: framstykki, bakstykki og hliðarstykki,
- samfellur, (korselet): efni í ytri og innri hluta skála, framstykki, bakstykki og hliðarstykki,
- trefjasamsetningu annarra lífstykkjavara, skal gefa til kynna með því að tilgreina samsetningu framleiðsluvörunnar í heild eða samsetningu ólíkra hluta varanna, annað hvort sameiginlega eða hvern um sig. Ekki er skylt að merkja vörunnar þannig þegar um ræðir hluta sem eru minna en 10% af heildarþyngd framleiðsluvörunnar.

Aðskildar vörumerkingar ólíkra hluta lífstykkjavara, sem um getur að ofan, skal gera þannig að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á hvaða hluta vörunnar upplýsingarnar á vörumiðanum vísa.

2. *Ættar textílvörur (etch-printed textiles).*

Gefa skal upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu ættu hlutanna. Hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu.

3. *Útsaumaðar textílvörur.*

Gefa skal upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu útsaumsgarnsins. Hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu, en séu útsaumuðu hlutarnir minna en 10% af yfirborði vörunnar nægir að tilgreina samsetningu grunnefnisins.

4. *Garn, samsett.*

Fyrir garn sem samanstendur af kjarna og slíðri (a core and a cover) sem er gert úr ólíkum trefjum og boðið neytendum til sölu sem slíkt, skal gefa upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild. Heimilt er að tilgreina samsetningu kjarnans og samsetningu slíðursins sérstaklega, en þá skal tilgreina þessa hluta með heiti sínu.

5. *Textílvörur úr flaueli og flosi (velvet and plush) eða textílvörur sem líkjast flaueli eða flosi.*

Gefa skal upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild. Ef umrædd vara hefur framhlið og sérstaka bakhlið sem er gerð úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa upp trefjasamsetningu fyrir hvorn þessara hluta sérstaklega, sé heitis þeirra getið.

6. *Gólfteppi (floor coverings and carpets).*

Ef undirlag og slitlag (the backing and the use-surface) er úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa aðeins upp samsetningu slitlagsins, enda sé heiti þess getið.

Undanþága frá kröfu um merkingu.

20. gr.

20.1. Ákvæðin í 15.–19. gr. gilda ekki um þær vörur sem nefndar eru í viðauka III þrátt fyrir framleiðslustig, sem vörunnar kunna að vera á, nema vörunnar séu með merkingu sem gefa til kynna heiti, trefjasamsetningu, vörumerkingu eða nafn fyrirtækis nema orð sem fram koma í viðauka I séu notuð sem aðalheiti, heiti um eiginleika eða í orðasamböndum.

Sameiginlegur vörumiði.

21. gr.

21.1. Fyrir textílvörur nefndar í viðauka IV má nota sameiginlegan vörumiða svo framarlega sem vörunnar eru af sömu gerð og hafa sömu trefjasamsetningu. Hinn sameiginlegi vörumiði skal innihalda þau heiti er varða trefjar og trefjasamsetningu sem mælt er fyrir um í þessum reglum.

21.2. Sama ákvæði gildir ef einstakar einingar textílvara, nefndar í viðauka IV nr. 18, eru merktar.

21.3. Vörur nefndar í 1. mgr. skal bjóða til sölu á þann hátt að neytendur geti með góðu móti kynnt sér upplýsingar um trefjainnihald.

IV. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

22. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

23. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 öðlast gildi við birtingu.

Með reglum¹⁾ er Ísland að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 1. desember 1998.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

VIÐAUKI I
Tafla yfir textíltrefjar
sbr. 3., 5., 15. og 17. gr.

Númer	Heiti	Lýsing trefja
1	ull (1)	trefjar úr reyfi sauðfjár <i>Ovis aries</i>
2	alpaka, lama, úlfaldi, kasmír, móhár, angóra, vikúnja, jakuxi, gúanakó, kasgóra með eða án heitisins „ull“ eða „hár“ (1)	hár af eftirtöldum dýrum: alpaka, lamadýri, úlfalda, kasmírgeit, angórageit, angórákanínu, vikúnja, jakuxa, gúanakó, kasgórageit (kynblendingur kasmírgeitar og angórageitar)
3	dýrahár eða hrosshár með eða án upplýsinga um dýrategund (t.d. - nautshár, algeng geitarull, hrosshár)	hár af ýmsum dýrum sem ekki eru talin upp undir 1 eða 2
4	silki	trefjar einungis fengnar frá skordýrum sem spinna silki
5	baðmull	trefjar úr fræbelgjum baðmullarplöntunnar <i>Gossypium</i>
6	kapok	trefjar úr innveggjum hýðisaldina kapoktrésins <i>Ceiba pentandra</i>
7	hör	basttrefjar úr stönglum línplöntunnar <i>Linum usitatissimum</i>
8	hampur	basttrefjar úr stönglum hamplöntunnar <i>Cannabis sativa</i>
9	júta	basttrefjar úr plöntunum <i>Corchorus olitorius</i> og <i>Corchorus capsularis</i> . Að því er varðar tilskipanir þessar nr. 96/74/EB og 97/37/EB skal fara með basttrefjar úr eftirfarandi tegundum á sama hátt og júta: <i>Hibiscus cannabinus</i> , <i>Hibiscus sabdariffa</i> , <i>Abutilon avicennae</i> , <i>Urena lobata</i> , <i>Urena sinuata</i>
10	abaca (manillahampur)	trefjar úr blaðslíðri plöntunnar <i>Musa textilis</i>

1) Reglurnar taka mið af tilskipunum ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílheiti nr. 96/74/EB og 97/37/EB.

Númer	Heiti	Lýsing trefja
11	alfa	trefjar úr laufi plöntunnar <i>Stipa tenacissima</i>
12	kókostrefjar (kókoshmeta)	trefjar úr ávexti kókospálmans <i>Cocos nucifera</i>
13	gífíll	bastrefjar úr stönglum plöntunnar <i>Cytisus scoparius</i> og/eða <i>Spartium junceum</i>
14	ramí	bastrefjar úr <i>Boehmeria nivea</i> og <i>Boehmeria tenacissima</i>
15	sísal	trefjar úr laufi <i>Agave sisalana</i>
16	trefja súnnplöntu	bastrefjar úr <i>Crotalaria juncea</i>
17	sísalhampur	bastrefjar úr <i>Agave fourcroydes</i>
18	trefja eyðimerkurlilju	bastrefjar úr <i>Agave cantala</i>
19	asetat	trefjar úr sellulósaasetati með minna en 92% en a.m.k. 74% hýdroxílhópa af edikssýru (acetylated)
20	algínat	trefjar úr málmsöltum úr algínsýru
21	kúpró (kúprammóníum reion)	endurmyndaðar beðmitrefjar fengnar með kúprammóníummeðferðinni
22	módal	Endurmynduð beðmitrefja, fengin með breyttri viskósuadferð, með mikinn slitkraft og mikið þanþol í vætu. Slitkraftur (B_c) við skilyrtar prófaðstæður og kraftur (B_m) sem þarf til að lengja trefjategundina um 5% í vætu eru: B_c (CN) $\geq 1,3 \sqrt{T} + 2T$ B_m (CN) $\geq 0,5 \sqrt{T}$ þar sem T er meðalþéttleiki trefja í decitex
23	eggjahvítuefni (1)	trefjar úr náttúrlegum hvítuefnum, endurmyndaðar og komið í jafnvægi fyrir tilverknad efna
24	tríasetat	trefjar úr sellulósaasetati með a.m.k. 92% hýdroxílhópa af edikssýru (acetylated)
25	viskósa	endurmyndaðar beðmitrefjar (trefjar úr hárfnum þræði og samfelldum) fengnar með viskósuadferðinni
26	akríl (1)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem ná a.m.k. yfir 85% af keðju þeirri sem akrílnítríl myndar (miðað við efnismagn)
27	klórtrefjar	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum þar sem vínýlklóríð eða vínýlidenklóríð einliða einingar myndar meira en 50% keðjunnar miðað við efnismagn

Númer	Heiti	Lýsing trefja
28	flúortrefjar	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum úr alifatískum einliða sameindum flúorkolefnis
29	móðakríl (2)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum þar sem akrílnítríl myndar meira en 50% og minna en 85% keðjunnar (miðað við efnismagn)
30	pólýamíð eða nælon (2)	trefja mynduð úr syntetískum línulaga stórsameindum með endurteknum amíðtengingum í keðjunni, þar sem að minnsta kosti 85% þeirra eru bundnar alifatískum eða hringalifatískum einingum
31	aramíð	trefja mynduð úr syntetískum línulaga stórsameindum sem eru myndaðar úr arómatískum hópum, innbyrðis bundnum með amíð- eða ímíðtengingum, þar sem að minnsta kosti 85% tenginganna bindast beint tveimur arómatískum hringjum og þar sem ímíðtengingar, séu þær til staðar, eru ekki fleiri en amíðtengingar
32	pólýímíð	trefja mynduð úr syntetískum línulaga stórsameindum með endurteknum ímíðeiningum í keðjunni
33	lýósell (3)	endurmynduð beðmitrefja fengin með uppleysingu og spuna í lífrænu leysiefni, án þess að afleiður verði til
34	pólýester	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem ná a.m.k. yfir 85% (miðað við efnismagn) af keðju þeirri sem mynduð er af ester úr díól- og tereþalsýru
35	pólýetýlen (2)	trefjar myndaðar úr mettuðum línulaga stórsameindum úr alifatískum vetniskolefnum sem ekki er unnt að fjarlægja með skiptiefnavörfum
36	pólýprópýlen (2)	trefjar myndaðar úr mettuðum línulaga stórsameindum úr alifatískum kolvatnsefnum þar sem önnur hver kolefnisfrumeind er tengd metýlkeðju samkvæmt ísótaktískri niðurröðun og án frekari skiptiefnavarfa
37	pólýkarbamíð (2)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem hafa í keðjunni hinn virka þvagefnishóp sem kemur fram aftur og aftur (NH-CO-NH)
38	pólýúretan (2)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem myndaðar eru úr keðjum með hinum virka úretanhópi sem kemur fram aftur og aftur

Númer	Heiti	Lýsing trefja
39	vínýlal stigi asetaliseringar	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem hafa keðju byggða upp af pólývínýlalkóhóli með breytilegu
40	trívínýl (2)	trefjar myndaðar úr þremur mismunandi einliða vínýl sameindum, þ.e. akrílnítríl, klórborinni einliða vínýl sameind þar sem engin þeirra nær svo miklu sem 50% af heildarefnismagni
41	elastódíen (2)	teygjanlegar trefjar úr náttúrlegu eða syntetísku pólýísópreni eða úr einum eða fleiri díenum, fjölliðuðum með eða án einnar einliða vínýlsameindar eða fleiri og skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd þegar þær eru teygðar þrisvar upphaflega lengd sína og sleppt aftur
42	elastan	teygjanlegar trefjar úr minnst 85% (miðað við efnis magn) af niðurhlutuðu pólýúretani og sem skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd þegar þær eru teygðar í þrisvar sinnum upphaflega lengd sína og sleppt aftur
43	glertrefjar	trefjar úr gleri
44	heiti sem svarar til efnis þess sem trefjarnar eru myndaðar úr, t.d. málmí (málmkenndur, málmgerður), asbesti, pappír, með eða án viðbótarinnar „garn“ eða „trefjar“	trefjar úr ýmiss konar efnum eða nýjum efnum sem ekki eru skráðar að ofan

- Einnig er heimilt að nota heitið „ull“ í 1. tölulið viðauka þessa til að auðkenna trefjablöndu úr sauðfjárreyfi og hárum sem skráð eru í þriðja dálki 2. tölulið. Ákvæði þetta gildir um textílvörur sem skráðar eru í 7. og 8. gr. og þær sem um getur í 9. gr. svo fremi sem þær síðarnefndu eru að hluta samansettar úr trefjum þeim sem skráðar eru í 1. og 2. tölulið.
- Orðið „trefjar“ er undirskilið.
- Litið er svo á að „lífrænt leysiefni“ merki fyrst og fremst blöndu lífrænna kemískra efna og vatns.

VIÐAUKI II

Viðurkennd frávik notuð til útreikninga á efnismagni trefja í textílvöru sbr. 14. gr.

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
1-2	Ull og dýrahár: Greiddar trefjar (combed fibres) Kembdar trefjar (carded fibres)	18,25 17,00 (1)

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
3	Dýrahár: Greiddar trefjar (combed fibres) Kembdar trefjar (carded fibres) Hrosshár: Greiddar trefjar (combed fibres) Kembdar trefjar (carded fibres)	18,25 17,00 (1) 16,00 15,00
4	Silki	11,00
5	Baðmull: Venjulegar trefjar Styrktar trefjar (merceriseraðar trefjar)	8,50 10,50
6	Kapok	10,90
7	Hör	12,00
8	Hampur	12,00
9	Júta	17,00
10	Abaca	14,00
11	Alfa	14,00
12	Kókostrefjar	13,00
13	Gífill	14,00
14	Ramí (bleikt trefja)	8,50
15	Sísal	14,00
16	Trefja súnnplöntu	12,00
17	Sísalhampur	14,00
18	Trefja eyðimerkurlilju	14,00
19	Asetat	19,00
20	Algínat	20,00
21	Kúpró	13,00
22	Módal	13,00
23	Eggjahvíuefni	17,00
24	Triasetat	7,00
25	Viskósa	13,00
26	Akríl	2,00
27	Klórtrefjar	2,00
28	Flúortrefjar	0,00
29	Móðakríl	2,00
30	Pólýamíð eða nælon: Ósamfelldar trefjar Samfelldur þráður	6,25 5,75
31	Aramíð	8,00
32	Pólýímíð	3,50
33	Lýósell	13,00
34	Pólýester: Ósamfelldar trefjar Samfelldur þráður	1,50 1,50
35	Pólýtýlen	1,50
36	Pólýprópýlen	2,00
37	Pólýkarbamíð	2,00

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
38	Pólýúretan: ósamfelldar trefjar samfelldur þráður	3,50 3,00
39	Vínýlal	5,00
40	Trívínýl	3,00
41	Elastódíen	1,00
42	Elastan	1,50
43	Glertrefjar: meðalbreidd meiri en 5 mikron meðalbreidd minni en 5 mikron	2,00 3,00
44	Málmtréfjar Málmgerðar trefjar Asbest Pappírs garn	2,00 2,00 2,00 13,75

1. Textílværa sem inniheldur ull og/eða dýrahár þar sem ómögulegt er að ganga úr skugga um hvort þau eru greidd eða kembd skal einnig nota 17% samþykkt frávik.

VIÐAUKI III

Framleiðsluvörur sem ekki er unnt að krefjast vörumerkinga eða merkinga fyrir samkvæmt 1. mgr. 17. gr.

1. Ermabönd.
2. Úrarmbönd úr textílefnum.
3. Vörumiðar og einkennismerki.
4. Stoppaðir pottaleppar úr textílefnum.
5. Tehettur.
6. Kaffihettur.
7. Ermahlífar.
8. Handskjól önnur en úr flosvefnaði (múffur).
9. Gerviblóm.
10. Nálapúðar.
11. Málaður strigi eða málað léreft.
12. Textílvörur notaðar í millifóður og til styrktar í fatnaði o.fl.
13. Flóki (filt).
14. Notaðar textílvörur (t.d. fatnaður) sem greinilega eru seldar sem slíkar.
15. Legghlífar.
16. Umbúðir, ekki nýjar og seldar sem slíkar.
17. Flókahattar.
18. Reið- og aktýgi úr textílefnum.
19. Ferðavörur úr textílefnum.
20. Handunninn útsaumur.
21. Rennilásar.
22. Hnappar og spennur þaktar textílefnum.
23. Bókahlífar úr textílefnum.

24. Leikföng.
25. Textílhútar í fótabúnaði að undanskildu varmafóðri.
26. Borðmottur gerðar úr ýmsum hlutum, yfirborðið ekki stærra en 500 cm².
27. Ofnhanskar og -leppar.
28. Eggjahettur.
29. Snyrtibuddur.
30. Tóbakspýngjur úr textílefnunum.
31. Veski eða hylki úr textílefnunum fyrir gleraugu, vindlinga og vindla, kveikjara og greiður.
32. Hlífðarvörur sem notaðar eru við íþróttir nema hanskar.
33. Snyrtiveski.
34. Veski fyrir skóbursta og skóáburð.
35. Varningur við útfarir.
36. Einnota vörur, að vatti (baðmull) undanskildu. Í reglum þessum ber að líta á textílvörur, sem ætlaðar eru til notkunar aðeins einu sinni eða í takmarkaðan tíma og þar sem eðlileg nýting slíkra vara útilokar alla endurnýjun til frekari notkunar í sama eða líkum tilgangi, sem einnota vörur.
37. Textílvörur sem heyra undir reglur evrópsku lyfjaskrárinnar sem tilvísun í þær reglur ná til, margnota umbúðir og textílvörur notaðar vegna sjúkdóma og bæklunar.
38. Textílvörur sem heyra undir 12. tölul. í viðauka IV, þar á meðal kaðlar, taugar og reimar, venjulega ætlaðar til:
 - a notkunar sem íhlutar í búnað við framleiðslu og vinnslu vara;
 - b innsetningar í vélar, í uppsetningar (t.d. hitunarbúnaðar, loftkælingar eða lýsingar), heimilistæki og önnur tæki, ökutæki og önnur flutningatæki eða til notkunar við rekstur þeirra og viðhald eða til notkunar sem búnaður með þeim, að undanskildum ábreiðum úr segldúk og aukabúnaði úr textílefnunum sem seldur er sér til notkunar í vélknúin ökutæki.
39. Textílvörur, ætlaðar til verndar og öryggis, svo sem öryggisbelti, fallhlífar, björgunarvesti, neyðarrennur, slökkvibúnaður, skotheld vesti og sérstakur hlífðarfatnaður (t.d. vörn gegn eldi, kemískum efnum eða annarri vá).
40. Loftupplásin búnaður (t.d. íþróttahallir, sýningastæði eða geymslur), svo fremi upplýsingar um afkastagetu og tæknilýsingar fylgi.
41. Segl.
42. Textílvörur fyrir dýr.
43. Flögg og merki.

VIÐAUKI IV

**Framleiðsluvörur sem einungis er skylt að nota
sameiginlegan vörumiða eða merki fyrir samkvæmt 2. mgr. 17. gr.**

1. Gólfklútar, borðklútar.
2. Hreingerningarklútar.
3. Bryddingar og leggingar.
4. Kögur, snúrur, fléttuð bönd.
5. Belti.
6. Axlabönd.
7. Sokkabönd.

8. Skóreimar.
9. Borðar.
10. Teygjur.
11. Nýjar umbúðir, seldar sem slíkar.
12. Bogglasnæri og baggabönd, reimar, kaðlar og taugar sem ekki falla undir 39. tölulið í viðauka III.¹⁾
13. Borðmottur o.þ.h.
14. Vasaklútar.
15. Hárnét.
16. Hálstau og slaufur fyrir börn.
17. Smekkir, þvottapokar og andlitsþurrkur.
18. Garn til sauma, viðgerða og útsaums selt í smásölu í litlu magni, (1 gramm eða minna).
19. Bönd fyrir gluggatjöld, rimlatjöld o.þ.h.

1) Þegar um ræðir framleiðsluvörur sem falla undir lið þennan og seldar eru afskornar í lengjum skal sameiginleg vörumerking vera sú sama og á rúllunni. Telja skal kaðla og taugar til notkunar í fjallaklifri og siglingaþróttum til kaðla og tauga sem falla undir lið þennan.

AUGLÝSING

um álagningarstofn fasteignaskatts 1999.

1. gr.

Fasteignamat ríkisins hefur í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 4/1995, sbr. lög nr. 122/1996 um breyting á þeim, reiknað álagningarstofn fasteignaskatts fyrir hverja einstaka fasteign í landinu.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest skrá um álagningarstofn fasteignaskatts fyrir landið allt eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti. Skráin er hluti af fasteignaskrá þeirri sem ráðuneytið staðfesti hinn 25. nóvember sl. og mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofninn með tilkynningu um fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 676/1998 um nýtt fasteignamat.

3. gr.

Með vísan til laga nr. 4/1995 tilkynnir ráðuneytið hér með, að álagningarstofn fasteignaskatts eins og hann er ákveðinn með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins tekur gildi frá og með 1. janúar 1999 og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 670 2. desember 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 9. desember 1998.

Geir H. Haarde.

Björn Hafsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin á Eyrargötu milli Túngötu og Vetrarbrautar.
2. Stöðvunarskylda verði á Kirkjustíg gagnvart umferð um Lindargötu.
3. Biðskylda verði á Vallargötu gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.
4. Biðskylda verði á Ránargötu gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.
5. Biðskylda verði á Mjóstræti gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.
6. Biðskylda verði á botngötu við hús nr. 29 við Hvanneyrarbraut gagnvart umferð um Hvanneyrarbraut.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Siglufirði sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Siglufirði, 7. desember 1998.

Guðgeir Eyjólfsson.

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæð í aksturskeppni.

1. gr.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 41.000.000 króna vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 20.000 krónur að lágmarki og 200.000 krónur að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna við keppni utan vega skuli vera 4.100.000 krónur við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi, sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um akstursíþróttir og aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990 með síðari breytingum, gildi fyrir árið 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. desember 1998.

F. h. r.

Björg Thorarensen.

Stefán Eiríksson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/1998 um verðbreytingarstuðul fyrir árið 1998.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 75, 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, hefur ríkisskattstjóri reiknað verðbreytingarstuðul fyrir árið 1998 og nemur hann 1,0127 miðað við 1,0000 á árinu 1997.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

10. desember 1998

Nr. 724

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Áshamar við Ásland í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Áshamar við Ásland í Mosfellsbæ á fundi sínum þann 16. september 1998. Breytingin felst í tilfærslu lóðarmarka þriggja lóða innbyrðis innan óbreytts reits við Ásland. Felldur er niður bílskúrsréttur fyrir 3 bílskúra á lóð nr. 5 en fallið frá því að rífa bílskúr sem átti að rýma fyrir þreföldum bílskúr fyrir lóð nr. 3. Meðferð skipulagstillögunnar var samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga, sem fjallar um óverulegar breytingar. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar og um leið fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn 21. janúar 1996.

Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ, 10. desember 1998.

Tryggvi Jónsson.

8. desember 1998

Nr. 725

GJALDSKRÁ

Fasteignamats ríkisins.

1. gr.

Verð fyrir upplýsingar úr fasteignaskrá er tvíþætt:

a. Grunnverð fyrir upplýsingar.

b. Viðbótarverð ef um tekjuöflun á grundvelli upplýsinga úr skránni er að ræða.

Grunnverð skv. a-lið skal vera kr. 20,00 á matseiningu og viðbótarverð, skv. b-lið skal vera 1% af tekjum, sem aflað er á grundvelli upplýsinga úr skránni.

Séu keypt fleiri en eitt eintak af skrá skal verð fyrir hvert aukaeintak vera kr. 10,00 á matseiningu.

Sveitarfélög fá 50% afslátt af grunnverði, skv. 2. mgr. Sama gildir um aukaeintaksverð, skv. 3. mgr. Viðbótarverð til sveitarfélaga, skv. b-lið skal vera 0,005% af álagningarstofni fasteignaskatts.

2. gr.

Fyrir eftirfarandi sérvinnslur úr fasteignaskrá er verðlagning þessi:

- a. Fyrir stöðulista úr skráum greiðist kr. 700,00 í grunngjald og kr. 25,00 til viðbótar á hverja matseiningu.

Fyrir vinnslu á eignarkönnunarlista, skv. leyfi tölvunefndar greiðast kr. 700,00 í hvert sinn á hverja kennitölu.

Fyrir aðrar sérvinnslur gildir eftirfarandi verðlagning:

- b. Byrjunargjald kr. 10.000,00.
 c. Fyrir hverja klst. umfram eina greiðast kr. 4.500,00. Þetta gjald innifelur álag á vinnu sérfræðings vegna afnota gagna og tölvu.
 d. Fyrir límmiðaútprentun greiðast að auki kr. 2,00 fyrir hvern límiða.

3. gr.

Fyrir beinlínutengingu við tölvuskrá Fasteignamats ríkisins til uppflettingar á tölvuskjá skal greiða svo sem hér segir:

1. Fyrir *almennt leyfi*:

- a. kr. 3.400,00 á mánuði fyrir allt að 200 aðgerðir.
 b. kr. 14,00 á hverja aðgerð umfram það.

Almennt leyfi innifelur almennar lágmarksupplýsingar úr fasteigna skrá, t.d. heiti eignar og greinitölur, fasteignamat, stærðir, heiti eigenda o.fl. Unnt er að leita að eignum eftir heiti og greinitölum eigna.

2. Fyrir *sérstakt leyfi*:

- a. kr. 3.400,00 á mánuði fyrir hvern notanda.
 b. kr. 14,00 á hverja almenna aðgerð umfram 200 aðgerðir.
 c. kr. 700,00 í hvert sinn á hverja kennitölu.

Sérstakt leyfi innifelur víðtækari upplýsingar um eignir en almennt leyfi, t.d. að geta flett upp eftir kennitölu eigenda skv. leyfi tölvunefndar.

4. gr.

Fyrir sérmat skal greiða sem hér segir:

- a. Sérmat á íbúð: kr. 9.500,00
 b. Annað sérmat: Samkvæmt tímavinnugjaldi, sbr. 5. gr.

5. gr.

Tímavinnugjald fyrir aðra þjónustu Fasteignamats ríkisins skal vera svo sem hér segir:

- | | |
|----------------------|--------------------|
| a. Sérfræðingur: | 4.000,00 kr./klst. |
| b. Matsfulltrúi: | 3.000,00 kr./klst. |
| c. Aðrir starfsmenn: | 2.000,00 kr./klst. |

6. gr.

Fyrir endurmat brunabótamats skal greiða skv. gjaldskrá sem ráðherra váttryggingarmála setur.

7. gr.

Annað:

Vottorð úr fasteignaskrá	300,00 kr.	hvert vottorð.
Staðfest vottorð	700,00 kr.	hvert vottorð.
		(t.d. á ensku /dönsku).
Ljósrit	100,00 kr.	hvert ljósrit.
Ljósrit úr fasteignaskrá	300,00 kr.	hvert ljósrit.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. 27. gr. laga nr. 1/1992 um breytingu á þeim, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá nr. 596/1996 um sama efni.

Fjármálaráðuneytinu, 8. desember 1998.

Geir H. Haarde.

Björn Hafsteinsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Bessastaðahrepp.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Með almannafæri er í samþykkt þessari átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota, og eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, íþróttamannvirki, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn, bryggjur o.fl.

2. gr.

Bannað er að valda ónæði sem raskar næturró manna.

3. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, mega ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman eða viðhafa háttsemi sem truflar umferð eða veldur öðrum vegfarendum óþægindum.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun tækja, hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

5. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

Góðir umgengnishættir og hreinlæti á almannafæri.

6. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða þrýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Slíkar auglýsingar skal fjarlægja þegar þær hafa þjónað tilgangi sínum og er þeim sem setti þær upp skylt að bæta úr spjöllum sem uppsetning eða brott nám auglýsinga kann að hafa valdið, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaskilti eða aðrar varanlegar auglýsingar. Staðsetning og útlit skilta má ekki fara í bága við umferðaröryggi og fullt tillit skal tekið til nábylis- eða grenndarréttar.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannaferi og bannað er að slíta þar upp gróður.

7. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbyli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

8. gr.

Í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhuta, báta, skipsskrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bíflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta eða mengun o.s.frv. stafar af.

Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Bessastaðahrepps í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með áorðnum breytingum, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

9. gr.

Sveitarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

10. gr.

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sérákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 15/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 64/1994.

11. gr.

Um búfjárhald og lausagöngu búfjár fer eftir samþykkt um búfjárhald í Bessastaðahreppi, nú nr. 31 frá 14. janúar 1994.

Um hundahald og lausagöngu hunda fer eftir samþykkt um hundahald í Bessastaðahreppi, nú nr. 115 frá 10. febrúar 1995.

Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.

12. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif og gluggaþvott, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gangstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. olíum, spilliefnum o.s.frv.

Húseigandi eða umráðamaður skal halda gangstígum, stéttum og tröppum á lóð sinni hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum sveitarstjórnar um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t. trjágróður, sem liggur að almannafæri og hamlar umferð vegfarenda eða tálmar útsýni við gatnamót. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af byggingarnefnd Bessastaðahrepps og kynntar með tryggilegum hætti. Hliti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum sveitarstjórnar um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

13. gr.

Húseiganda eða umráðamanni húseignar er skylt að sjá til þess að hreinsa upp allt rusl sem frá þeim berst og annað er veldur óþrifnaði og óþrýði við hús þeirra, lóðir, aðliggjandi götur eða torg.

14. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um skipulagðar hópögngur og útifundi. Þátttakendur skulu hlýða fyrirmælum lögreglu svo gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

15. gr.

Á almannafæri má ekki ganga með logandi blys, kveikja í bálköstum, kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem um áramót og á þrettándanum.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum hreppsins eða annars staðar á almannafæri. Skotfélögum eða öðrum aðilum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði, sem hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra.

16. gr.

Ef ís á vötnum eða tjörnum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á ísinn.

17. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg sveitarfélagsins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi hreppsyfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Að öðru leyti geta sveitarstjórn og lögreglustjóri gert þær ráðstafanir er þykja þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Lögreglustjóri getur bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu bygðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá geta sveitarstjórn og lögreglustjóri, ef þau telja framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar.

18. gr.

Hvers kyns taka jarðefna og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask er almennt óheimil innan sveitarfélagsins, þ.m.t. í fjörum, nema með samþykki hreppsyfirvalda.

19. gr.

Losun hvers kyns úrgangs, sorps, jarðefna og annars er bönnuð innan hreppsins nema á stöðum sem ætlaðir eru til þess og sveitarstjórn vísar á til þeirra nota.

20. gr.

Þegar hús er byggt, rífið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það fjarlægt eða rífið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

21. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi byggingarnefndar, sbr. ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Framangreint bann tekur til hverskonar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsýnilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingaryfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein, sbr. 39. gr. samþykktar þessarar og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

II. KAFLI

Um ökutæki, umferð o.fl.

22. gr.

Enga atvinnu sem tálmar umferð má reka á almannafæri.

23. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það er hindrar umferð eða veldur hættu. Vöru- og flutningabifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúsahverfum eða almenningsbifreiðastæðum sveitarfélagsins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna, hestaflutningsvagna og þess háttar tækja eru bannaðar á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

24. gr.

Lögreglustjóri eða sveitarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

25. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, fjórhjóra, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps og á öðrum þeim svæðum í umdæminu, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega. Þó skal eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilfellum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka frá heimilum sínum út úr bænum stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama á við um eldsneytistöku. Við slíkan akstur í þéttbýli skal gæta ýrtrustu varkárni og haga honum þannig að ekki stafi af hætta eða ónæði fyrir íbúa. Hámarks hraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

26. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annarskonar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en tvær mínútur, svo komast megi hjá loftmengun og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

27. gr.

Peir, sem flytja hvers konar farm um götur hreppsins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

28. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðar eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem byggingarnefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Byggingarnefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

29. gr.

Börn yngri en fimmtán ára skulu nota hlífðarhjálms við hjólreiðar.

Á götum hreppsins, eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki hindra umferð með skemmtunum eða leikjum.

III. KAFLI

Um götuspjöld, húsnúmer og önnur opinber skilti.

30. gr.

Sveitarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín greinilega með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum eða nafni þar sem það á við, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

Húseigandi skal sjá um allt venjulegt viðhald á merkingum á húsi sínu.

31. gr.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinber skilti eða aðrar opinberar merkingar sem komið hefur verið fyrir innan lögsagnarumdæmis Bessastaða-hrepps.

Óheimilt er að skemma, fjarlægja eða á annan hátt eiga við opinberar auglýsingar sem settar hafa verið upp af hálfu sveitarfélagsins.

IV. KAFLI

Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

32. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Sveitarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi sveitarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

33. gr.

Um slit á skemmtunum og öðrum samkomum fer að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim, nú reglugerð nr. 587/1987. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

34. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, leikhús eða annað samkomuhús, eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

35. gr.

Opnunartími verslana og annarra þjónustufyrirtækja er frjálst að því marki er heimilt er að lögum sem gilda á hverjum tíma eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Sveitarstjórn getur takmarkað opunar- eða þjónustutíma hjá einstökum aðilum, sbr. lög nr. 17/1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

36. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 14 ára aðgang að leiktækjum. Miðað skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 - 23.30 daglega.

V. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

37. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingarlögum, umferðarlögum, lögum um meðferð skotvopna, lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit o.s.frv.

38. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsímál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

Ef kenna má yfirsjón barns skorti á hæfilegri umsjá foreldris eða þess, sem gengur barninu í foreldris stað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

39. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem er skylda hans samkvæmt þessari lögreglusamþykkt eða reglum sem settar eru samkvæmt henni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta greiðist af þeim sem ábyrgð ber. Sama er um kostnað af ráðstöfun sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra fyrirhugaða athöfn eða stöðva athöfn sem ekki er að fullu lokið en bönnuð er með lögreglusamþykkt þessari eða samkvæmt henni. Ef sá sem ábyrgð ber er eigi fær um að greiða slíkan kostnað, greiðist hann úr ríkissjóði.

40. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórn Bessastaðahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi í Bessastaðahreppi lögreglusamþykkt fyrir Kjósarsýslu nr. 146/1941 með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Stefán Eiríksson.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við
sameiningu Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps,
Selfossbæjar og Stokkseyrarhepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 187/1998, skal vera Sveitarfélagið Árborg.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. desember 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 728

10. desember 1998

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Setbergsholts, suður-axlar,
vegna Lindarbergs 42-48, Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 17. febrúar 1998 breytingu á deiliskipulagi Setbergsholts, suður-axlar, vegna Lindarbergs 42-48.

Breytingin felst í, að fjórum einbýlishúsalóðum er breytt í tvær parhúsalóðir

Tillagan var kynnt fyrir nágrönnum, samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, 10. desember 1998.

Magnús Gunnarsson.

Nr. 729

10. desember 1998

STARFSREGLUR

um kirkjuþing.

Kjör til kirkjuþings.

Kosningarréttur og kjörgengi. Tilnefningar.

1. gr.

Sóknarnefndarmenn í 1., 2. og 3. kjördæmi, hverju fyrir sig skulu kjósa úr sínum hópi tvo kirkjuþingsmenn og tvo til vara fyrir hvorn þeirra. Sóknarnefndarmenn í 4. og 9. kjördæmi hvoru fyrir sig kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og tvo til vara.

Leikmenn á héraðsfundi hvers prófastsdæmis árið fyrir kirkjuþingskosningar skulu tilnefna fimm kjörgenga menn til kjörs á kirkjuþingi hið næsta ár. Í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum skal tilnefna tíu menn. Heimilt er ennfremur tíu mönnum með kosningarrétt og kjörgengi í hverju prófastsdæmi að tilnefna kjörgengan mann til kjörs. Prófastur leitar samþykkis þeirra, sem tilnefndir hafa verið og tilkynnir kjörstjórn hverjir hafa verið tilnefndir og hafa samþykkt tilnefningu eigi síðar en 1. mars það ár sem kjósa skal. Tilnefning er leiðbeinandi en ekki skilyrt.

Þjónandi prestar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo til vara.

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör.

2. gr.

Kjörstjórn skipa þrjú menn til fjögurra ára.

Biskup skipar formann og varaformann og skulu þeir vera lögfræðingar. Kirkjuþing kýs tvo kjörstjórnarmenn og tvo varamenn hvors þeirra um sig. Varamenn skulu kosnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns.

Kjörstjórnarmenn mega hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.

Kosning til kjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kjör kirkjuþings. Biskup skal kunngerá skipun formanns og varaformanns á því kirkjuþingi, áður en þingið kýs til kjörstjórnar.

Kjörtími kjörstjórnar er frá 1. desember það ár sem þriðja kirkjuþing er haldið.

Kjörskrá.

3. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá fyrir 1. mars það ár sem kjósa skal. Miða skal kosningarrétt og kjörgengi til kirkjuþings við embætti og trúnaðarstörf hinn 1. febrúar næstliðinn. Kjörskrá skal liggja frammi til 1. apríl á biskupsstofu og hjá próföstum landsins.

Heimilt er kjörstjórn að láta kjörskrá liggja frammi á fleiri stöðum svo og að birta hana á Kirkjunetinu.

Kjörstjórn auglýsir framlagningu kjörskrár og kærufrest. Kæruheimild er bundin við þá sem eru í þjóðkirkjunni á því tímamarki sem tiltekið er í 2. ml. 1. mgr. Hún úrskurðar kærur og gengur endanlega frá kjörskrá. Heimilt er að skjóta úrskurði kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, sbr. 9. gr., innan sjö daga frá því að kæranda er birtur úrskurðurinn.

Kosning.

4. gr.

Eigi síðar en 1. maí á því ári þegar kjósa skal, sendir kjörstjórn þeim sem kosningarrétt eiga nauðsynleg kjörgögn: Auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjóсандans um það að hann hafi kosið og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Þá skal fylgja leiðbeining um það hvernig kosning fari fram. Greina skal glögglega fyrir hvaða tíma kjörseðill skal sannalega póstagður. Að jafnaði skal miða við að kosningu sé lokið eigi síðar en 20. maí.

Kjósandi ritar nafn þess sem hann vill kjósa aðalmann, svo og nöfn tveggja varamanna á kjörseðilinn í þeirri röð sem hann vill að þeir taki sæti, setur hann í óáritaða umslagið sbr. 1. mgr. og lokar því. Hann fyllir út eyðublaðið og undirritar og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti sbr. 1. mgr.

Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera hvort með sínum lit. Kjörgögnum

leikmanna skal fylgja skrá yfir samþykktar tilnefningar sbr. 2. mgr. 1. gr. auk kjörskrár leikmanna í hlutaðeigandi kjördæmi.

Talning atkvæða, birting nafna kjörinna kirkjuþingsmanna og útgáfa kjörbréfa.

5. gr.

Kjörstjórn telur atkvæði eigi síðar en að viku liðinni frá þeim skilafresti á pósthús sem hún setur sbr. 1. mgr. 4. gr. og úrskurðar þau.

Sá er kjörinn aðalmaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður. Sá er kjörinn 1. varamaður sem flest fær atkvæði sem varamaður að viðbættum þeim atkvæðum sem hann fær sem aðalmaður og sá 2. varamaður sem næstflest fær atkvæðin talin með sama hætti.

Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði ræður hlutkesti og gildir það einnig um röð varamanna ef því er að skipta.

Kjörstjórn skal birta nöfn þeirra er kosningu hlutu, strax að lokinni talningu.

Kjörstjórn gefur út kjörbréf til þingmanna, aðalmanna og varamanna og skal röð varamanna greind sérstaklega.

Gerðabók kjörstjórnar.

6. gr.

Kjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda, kærumál og úrlausnir þeirra, svo og úrslit kosninga.

Varamenn.

7. gr.

Ef kirkjuþingsmaður andast á kjörtímabilinu, flytur burt úr kjördæminu eða forfallast varanlega eða tímabundið, tekur varamaður hans sæti í þeirri röð sem hann er til kjörinn. Hafi hlutaðeigandi kirkjuþingsmaður gegnt embætti forseta kirkjuþings, skal kirkjuþing kjósa til embættisins að nýju.

Varamaður tekur sæti aðalmanns í föstum þingnefndum og þarf ekki að kjósa að nýju um sæti aðalmannsins.

Kærur vegna kirkjuþingskosninga.

8. gr.

Rétt til að kæra eiga þeir einir sem hafa kosningarrétt við kirkjuþingskjör. Kærur vegna kirkjuþingskosninga skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 4 vikum eftir að atkvæði eru talin sbr. 1. mgr. 5. gr. Leggur hún þær fyrir yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar sbr. 9. gr. til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kirkjuþingskosninga.

10. gr.

Kæra má til yfirkjörstjórnar:

1. Úrlausnir kjörstjórnar vegna kjörskrármála, sbr. 3. gr. starfsreglna þessara.
2. Framkvæmd kirkjuþingskosninga að öðru leyti, sbr. 8. gr. starfsreglna þessara.

11. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar er skipuð þremur mönnum og þremur til vara, til fjögurra ára í senn. Kosning til yfirkjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kjör kirkjuþings og skal einn þeirra vera löglærður sem og varamaður hans.

12. gr.

Yfirkjörstjórn hefur eftirfarandi úrræði:

1. Hún getur fallist á — eða synjað — kröfu manns um að vera á kjörskrá.
2. Hún getur fallist á kröfu — eða synjað — um að tiltekinn maður skuli ekki vera á kjörskrá.
3. Hún getur staðfest lögmati framkvæmdar kirkjuþingskosninga, eftir atvikum með athugasemdum.
4. Hún getur ógilt kosningu tiltekins kirkjuþingsmanns eða kirkjuþingsmanna og lagt fyrir kjörstjórn að endurtaka kosningu í hlutaðeigandi kjördæmi.
5. Hún getur ógilt tiltekna þætti í framkvæmd kirkjuþingskosninga og lagt fyrir kjörstjórn að endurtaka þann þátt svo og aðra þætti sem nauðsynlegt þykir, þannig að niðurstaða fáiast.
6. Hún getur ógilt kirkjuþingskosningu að öllu leyti og lagt fyrir kjörstjórn að láta kjósa að nýju.

13. gr.

Yfirkjörstjórn vísar kæru frá ef:

- a) kærandi hefur ekki kæruaðild
- b) hún er of seint fram komin
- c) mál heyrir ekki undir yfirkjörstjórn
- d) kröfugerð er óskýr eða vanreifðuð þrátt fyrir ábendingar yfirkjörstjórnar.

14. gr.

Formaður boðar fundi í yfirkjörstjórn.

Aðsetur yfirkjörstjórnar skal vera á biskupsstofu. Biskupsstofa sér nefndinni fyrir aðstöðu og þjónustu.

15. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og að jafnaði ekki síðar en 10 dögum eftir að mál barst.

Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

Þingsköp kirkjuþings.**Boðun til kirkjuþings.**

16. gr.

Forseti kirkjuþings í samráði við biskup Íslands boðar kirkjuþing árlega saman til fundar á haustmánuðum með eigi skemmri fyrirvara en eins mánaðar. Kirkjuþing starfar allt að 10 dögum í senn. Heimilt er að gera allt að sex vikna hlé á þingfundum á milli umræðna. Þinginu skal að jafnaði lokið fyrir 1. nóvember. Heimilt er forseta í samráði við formenn fastra þingnefnda að boða til aukakirkjuþings með eigi skemmri fyrirvara en eins mánaðar.

Forseti kirkjuþings.

17. gr

Forseti kirkjuþings er kjörinn til fjögurra ára í senn.

Forseti stjórnar umræðum á kirkjuþingi og sér um að allt fari fram með góðri reglu.

Forseti tekur við erindum til kirkjuþings og skýrir frá þeim á þingfundi. Forseti skýrir á þingfundi frá skjölum og öðru sem lagt er fram á fundinum.

Forseti annast um afgreiðslu þeirra mála er frá þinginu eiga að fara og fylgir þeim eftir milli þinga.

Forseti ber ábyrgð á rekstri kirkjuþings og hefur æðsta vald í stjórnábyrgð þess. Honum ber að sjá til þess að rekstur sé innan samþykktra fjárheimilda. Forseti hefur starfsaðstöðu á biskupsstofu.

Fastar þingnefndir.

18. gr.

Fastar þingnefndir kirkjuþings eru:

1. Kjörbréfanefnd skipuð 5 kirkjuþingsmönnum. Nefndin rannsakar kjörbréf, kosningu þingmanna og kjörgengi.
2. Lögjafarnefnd skipuð 7 kirkjuþingsmönnum. Nefndin skal fjalla um öll þau mál sem fram eru borin á þinginu og varða löggjöf og starfsreglur.
3. Fjárhagsnefnd skipuð 7 kirkjuþingsmönnum. Nefndin skal fá til umsagnar fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar og yfirlit reikninga kirkjulegra embætta, stofnana og sjóði kirkjunnar sem séu endurskoðaðir svo og önnur mál fjárhagslegs eðlis sem fram eru borin á þinginu.
4. Allsherjarnefnd skipuð 6 kirkjuþingsmönnum. Allsherjarnefnd fær skýrslu kirkjuráðs til umfjöllunar svo og öll önnur þingmál, sem falla utan verksviðs hinna nefndanna.
5. Þingfararkaupnefnd skipuð 3 kirkjuþingsmönnum.

Fastar þingnefndir kirkjuþings eru kjörnar í upphafi hvers kirkjuþings og gildir kosningin uns kosið hefur verið til nefndanna að nýju á næsta kirkjuþingi á eftir. Formenn þeirra skulu kosnir á þingfundi. Kjörbréfanefnd starfar þó út kjörtímabilið.

Forseti kirkjuþings getur, í samráði við biskup og formann, kallað saman fasta þingnefnd milli kirkjuþinga ef brýna nauðsyn ber til.

Kirkjuþing getur kosið nefndir til að fjalla um einstök mál.

Þingmál.

19. gr.

Mál skal leggja fram skriflega í nægilegum fjölda eintaka, daginn áður en það er tekið fyrir og gerð tillaga um til hvaða nefndar því skuli vísað. Ný þingmál skulu lögð fram eigi síðar en fyrir fundarlok á öðrum þingdegi.

Ef samþykkt máls felur í sér kostnað skal greinargerð (áætlun) um helstu kostnaðarliði fylgja málinu. Greina skal kostnað í stofnkostnað og árlegan rekstrarkostnað ef við á. Ef tekjur geta komið til greina skal einnig gerð grein fyrir þeim. Skýringar við einstaka liði skulu fylgja með. Að jafnaði skal gerð tillaga um hvaðan fjármunir eigi að koma til greiðslu á kostnaði. Umsögn biskupsstofu um greinargerðina skal fylgja með málinu.

Að jafnaði skal mál reifað af flutningsmanni eða greinargerð lätin fylgja því.

Um hvert mál, sem fer til nefndar, skulu fara fram tvær umræður með a.m.k. einnar nætur millibili.

Fyrir hverju máli sem nefnd skilar skal ákveðinn framsögumaður. Nefndaráliti skal útbýtt meðal kirkjuþingsmanna daginn áður en málið er tekið til umræðu á þinginu. Það skal undirritað af nefndarmönnum og tilgreindur framsögumaður.

Á hverju kirkjuþingi skal vera sérstakur fyrirspurnatími þar sem kirkjuþingsmönnum gefst kostur á að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra, biskups og kirkjuráðs. Skal einn þingfundur tekinn til slíkra fyrirspurna, að jafnaði þegar fyrri umræðu mála er lokið. Efni fyrirspurna skal lagt fram með sólarhrings fyrirvara.

Skriflegum fyrirspurnum sem bornar eru fram með leyfi forseta, skal svara skriflega. Svára skal fyrirspurnum ef kleift er í umræðu og þær snerta fyrirbyggjandi málefni.

Gerðabók kirkjuþings.

20. gr.

Kjörnir þingskrifarar halda gerðabók undir umsjón forseta. Þar skal geta framlagðra og fyrirtekinnna mála ásamt meginatriðum umræðna og úrslita mála. Ráða skal sérstakan ritara sem annast færslu fundargerða undir yfirumsjón og á ábyrgð hinna kjörnu skrifara, enda undirrita þeir fundargerðir. Fundargerð liggur frammi í upphafi fundar og geta fulltrúar gert athugasemdir við skrifara til næsta fundar og skal þá fundargerðin undirrituð af forseta og skrifurum. Hljóðrita skal umræður á kirkjuþingi og geyma.

Fundarsköp.

21. gr.

Forseti stýrir umræðum og kosningum á þinginu og heldur mælendaskrá. Kosningar skulu vera skriflegar. Varaforseti gegnir starfi forseta í forföllum hans. Ef forseti tekur þátt í umræðum, öðrum en þingstjórn gefur tilefni til, viku hann sæti á meðan og annar stýrir fundi.

22. gr.

Forseti ákveður fyrir lok hvers fundar dagskrá fyrir næsta fund og lætur dreifa henni til kirkjuþingsmanna eftir því sem við verður komið og ef með þarf, í samráði við þingið, enda skal þar tilgreint hvenær næsti fundur verður, nema seinna boðist með dagskrá. Dagskrár, umræður og úrslit mála má birta jafnóðum í fjölmiðlum eftir því sem um semst og forseti leyfir. Annast forsetar og þingritarar framkvæmd þessa.

23. gr.

Málfrelsi og tillögurétt á fundum kirkjuþings hafa auk kirkjuþingsmanna, biskup, vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, sem eigi eru þingfulltrúar, kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands.

24. gr.

Flutningsmaður máls en ekki nema einn þótt fleiri flytji og framsögumenn nefnda mega við hverja umræðu um mál, tala þrisvar. Í fyrsta sinn í allt að þrjátíu mínútur, í annað sinn í allt að tíu mínútur og í þriðja sinn í allt að fimm mínútur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar, tíu mínútur í fyrsta sinn og fimm mínútur í annað sinn.

Fyrirspyrjandi, sbr. 6. mgr. 19. gr., en ekki nema einn þótt fleiri standi að fyrirspurn -og sá sem svarar fyrirspurn- mega ekki tala oftar en tvisvar. Í fyrra skiptið má tala í allt að þrjár mínútur og í seinna skiptið í allt að tvær mínútur.

Forseti getur heimilað lengri ræðutíma en greinir í 1. og 2. mgr., ef hann telur þess þörf.

Ræðumenn skulu halda sér við málefni það, er fyrir liggur.

Rétt er að leyfi forseta komi til, ef lesa skal prentað mál, aðfengið.

Forseti getur lagt til að umræðu sé slitið og má bera það undir atkvæði.

Ef tillaga er borin fram sérstaklega um frávísun máls, skal hún rædd áður en til atkvæða kemur.

Í umræðum má bera fram ritaða, rökstudda dagskrá um að taka skuli fyrir næsta mál, og skulu atkvæði um hana greidd án frekari umræðna.

Flutningsmaður máls má draga mál til baka, allt til þess að það er komið til endanlegrar atkvæðagreiðslu. Dragi flutningsmaður máls það til baka, innan greindra tímamarka, getur annar kirkjuþingsmaður tekið málið upp á því stigi sem það þá er og gerst flutningsmaður þess.

Úrslit mála. Atkvæðagreiðsla.

25. gr.

Atkvæðisrétt hafa kirkjuþingsmenn einir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Ef um er að ræða samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu eða altarissakramenti þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða, enda hafi prestastefna fjallað um þau og samþykkt.

Afgreiðsla mála á kirkjuþingi er því aðeins gild að 2/3 hlutar kirkjuþingsmanna séu á fundi.

Atkvæðagreiðsla fer fram á þann hátt, að kirkjuþingsmaður réttir upp hönd, en nafnakall eða skriflega atkvæðagreiðslu má viðhafa, ef þess er óskað, og forseti getur endurtekið atkvæðagreiðslu ef óglögg þykir. Lýsir forseti úrslitum.

Ávallt skulu liggja fyrir hæfilega margir nafnalistar þingmanna.

Fundarsókn.

26. gr.

Skylt er kirkjuþingsmönnum að sækja alla boðaða fundi þingsins, nema nauðsyn banni eða leyfi forseta komi til.

Aðgangur áheyrenda.

27. gr.

Áheyrendum er heimill aðgangur ef húsrúm leyfir, nema öðruvísi sé ákveðið af kirkjuþingi.

Agavald forseta.

28. gr.

Öllum kirkjuþingsmönnum, svo og áheyrendum, er skylt að hlíta valdi forseta og settum reglum. Forseti má beita vítum, ef fulla nauðsyn ber til.

Afbrigði. Breytingar á þingsköpum.

29. gr.

Veita má afbrigði frá þingsköpum þessum er 2/3 greiddra atkvæða koma til, enda séu 2/3 kirkjuþingsmanna á fundi.

Þingsköpum kirkjuþings verður ekki breytt nema 2/3 greiddra atkvæða komi til enda séu 2/3 kirkjuþingsmanna á fundi.

Störf nýkjörins kirkjuþings.

30. gr.

Biskup Íslands setur fyrsta kirkjuþing og stýrir þinginu á fyrsta fundi eftir kirkjuþingskjör, uns forseti hefur verið kosinn, sbr. 32. gr. Hefur hann öll sömu réttindi og ber sömu skyldur og kjörinn forseti.

31. gr.

Í upphafi fyrsta fundar eftir kirkjuþingskjör skal kjósa kjörbréfanefnd, sbr. 18. gr. Að loknum störfum kýs nefndin úr sínum hópi framsögumann sem gerir þinginu grein fyrir álit og tillögum hennar um afgreiðslu kjörbréfa. Fresta skal þingfundi meðan á athugun kjörbréfa stendur. Að lokinni rannsókn kjörbréfa skal fundi fram haldið og koma þau þá til afgreiðslu þingsins.

32. gr.

Að lokinni afgreiðslu kirkjuþings á kjörbréfum kýs þingið skriflega forseta og 1. og 2. varaforseta úr röðum leikmanna.

33. gr.

Að loknu kjöri forseta og varamanna hans fara störf nýkjörins kirkjuþings að öðru leyti eftir ákvæðum 36. - 39. gr. starfsreglna þessara.

34. gr.

Að lokinni síðari umræðu þingmála skal þingið kjósa til kirkjuráðs.

35. gr.

Að lokinni kosningu til kirkjuráðs skal kjósa stjórn prestssetrasjóðs, sbr. lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 26. maí 1997 og lög um prestssetur nr. 137 31. desember 1993, tvo menn í stjórn kirkjubýggingasjóðs, sbr. lög um kirkjubýggingasjóð nr. 21 18. maí 1981 og mann í skipulagsnefnd kirkjugarða, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 4. maí 1993.

Að því búnu skal tilnefna menn í nefndir og stjórnir og kjósa til fastanefnda kirkjunnar. Tilnefna eða kjósa skal jafnmarga varamenn og aðalmenn eru og skal jafnframt ákveða í hvaða röð varamenn taka sæti. Nefndir og stjórnir sem tilnefna skal til eru sem hér segir:

1. Bygginga- og listanefnd skipuð 5 mönnum. Nefndin starfar samkvæmt reglum um kirkjur og kirkjubýggingar settum af kirkjuþingi 1994. Kirkjuþing skal tilnefna einn mann í nefndina.
2. Stjórn Leikmannaskóla þjóðkirkjunnar skipuð 3 mönnum. Stjórnin er skipuð af kirkjuráði, sbr. starfsreglur um kirkjurád. Kirkjuþing skal tilnefna einn mann í stjórnina. Stjórnin gerir áætlun um starfsemi Leikmannaskólans, sem gengst fyrir fræðslu og þjálfun fyrir leikmenn innan íslensku þjóðkirkjunnar.
3. Löngumýrarnefnd skipuð 3 mönnum. Nefndin er skipuð af kirkjuráði, sbr. starfsreglur um kirkjurád. Kirkjuþing skal tilnefna einn mann í nefndina. Nefndin er forstöðumanni Löngumýrarskóla til fulltingis um málefni og rekstur skólans.
4. Safnaðaruppbyggingarnefnd skipuð 3 mönnum. Nefndin er skipuð af kirkjuráði, sbr. starfsreglur um kirkjurád. Kirkjuþing skal tilnefna einn mann í nefndina. Nefndin er ráðgefandi um safnaðaruppbyggingu í íslensku þjóðkirkjunni og stuðningsnefnd verkefnisstjóra safnaðaruppbyggingar.
5. Úrskurðarnefnd sbr. 12. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Leikmenn á kirkjuþingi tilnefna einn mann í nefndina og einn til vara.
6. Þóknananefnd kirkjunnar skipuð þremur mönnum. Kirkjurád tilnefnir tvo en kirkjuþing tilnefnir einn. Nefndin ákveður þóknun nefnda á vegum kirkjunnar.

Með fastanefnd kirkjunnar er átt við nefnd sem sinnir verkefnum er varða starf þjóðkirkjunnar almennt og eru í eðli sínu ótímabundin. Hver nefnd er skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara.

Aðrar nefndir er stofnað er til með lögum þessum eða starfsreglum þessum teljast ekki til fastanefnda kirkjunnar í þessum skilningi.

Fastanefnd sem kirkjuþing kýs er jafnréttisnefnd kirkjunnar. Nefndinni er ætlað að sjá til þess að kirkjan og stofnanir hennar fylgi ákvæðum laga um jafnrétti.

Kirkjuþing ákveður hver formaður fastanefndar er og varamaður hans, svo og röð annarra varamanna. Fastanefndir hafa heimild til að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar í samráði við forseta.

Við kosningar eða tilnefningar skv. þessu ákvæði eða 34. gr. starfsreglna þessara, skal gæta ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Fastanefndir skulu árlega gera kirkjuþingi grein fyrir störfum sínum.

Störf kirkjuþings við upphaf þings.

36. gr.

Ákvæði þessa kafla fjalla um kirkjuþing, önnur en fyrsta kirkjuþing, að aflokinni kirkjuþingskosningu.

37. gr.

Biskup setur kirkjuþing og afhendir forseta að því búnu stjórn þingsins.

Á fyrsta fundi kirkjuþings skal kjósa 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara úr hópi kirkjuþingsmanna.

Að loknu kjöri varaforseta og skrifara, skulu fastar þingnefndir þingsins kosnar, að fengnum tillögum forseta og varaforseta þingsins. Þá skulu kosnir formenn fastra þingnefnda.

38. gr.

Að loknu kjöri til fastra þingnefnda skal kirkjuráð leggja fram skýrslu um störf sín og yfirlit um reikninga þjóðkirkjunnar, fjárhagsstöðu ársins og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Að umræðu lokinni er þeim síðan vísað til hlutaðeigandi nefnda.

Þingfararkaup, ferða- og dvalarkostnaður.

39. gr.

Kirkjuþingsmenn og aðrir þeir sem seturétt hafa á kirkjuþingi fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem þingið situr.

Ef varamaður er kvaddur til skal hann fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem hann situr þingið, en greiðsla til aðalmanns fellur brott sama tíma.

Þingfararkaupsnefnd skal leggja fyrir þingið tillögu að upphæð þingfararkaups. Fjárhæð þingfararkaups nemur að jafnaði greiðslu fyrir setu á þremur fundum hvern starfsdag þingsins eins og þóknananefnd ákveður hverju sinni.

Kirkjuþingsmenn sem eiga lengri sókn á kirkjuþing en 50 km skulu fá greiddan sanngjarnan ferðakostnað vegna þingsóknar. Greiða skal eina ferð á kirkjuþing og til baka.

Ef kirkjuþingsmaður leggur til eigin bifreið skal greitt fyrir hvern ekinn kílómetra sömu fjárhæð og ríkið greiðir starfsmönnum sínum, en ella er greitt fyrir ferðakostnað samkvæmt framlögðum reikningi.

Kirkjuþingsmenn sem eiga lengri sókn á kirkjuþing en 50 km skulu fá greidda dagpeninga eftir sömu reglum og ríkið greiðir starfsmönnum sínum. Fjárhæðir skulu vera þær sömu og ríkið greiðir.

Gildistaka.

40. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 21., 22. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð þeirra nefnda er teljast til fastanefnda þjóðkirkjunnar, sbr. 35. gr. starfsreglna þessara fellur brott 31. desember 1998, en jafnframt öðlast kjörnar fastanefndir umboð frá sama tíma.

Kjósa skal til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar svo og kjörstjórnar við kirkjuþingskjör á kirkjuþingi 1998 og gildir sú kosning til 30. nóvember árið 2000. Kjósa skal til framan- greindra kjörstjórna á reglulegu kirkjuþingi að hausti árið 2000 og skal sú kosning gilda frá og með 1. desember það ár til fjögurra ára.

Starfsreglur þessar skal taka til endurskoðunar eigi síðar en á kirkjuþingi árið 2000.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar.

I. KAFLI

Stjórnsýsluleg staða úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar.

1. gr.

Úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd eru stjórnsýslunefndir sem starfa samkvæmt 12. og 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

2. gr.

Úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd hafa starfsstöð og pósthöfn í Reykjavík. Biskupsstofa veitir nefndunum upplýsingar og aðstoð ef þess er óskað af nefndanna hálfu.

II. KAFLI

Um úrskurðarnefnd.

1. Verksvið úrskurðarnefndar.

3. gr.

Með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi er átt við ágreining milli þeirra aðila sem taldir eru upp í 4. gr. og sem varðar með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar.

Úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varðar lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

2. Upphaf máls hjá úrskurðarnefnd.

4. gr.

Allir sem hagsmuna eiga að gæta geta borið mál undir úrskurðarnefnd, svo sem kirkjustjórnin (biskup og kirkjuráð), sóknarnefnd, einstakir starfsmenn kirkjunnar og aðrir sem starfa innan kirkjunnar, hvort sem greitt er fyrir starfann eða ekki.

Máli skal vísa til nefndarinnar skriflega, sbr. 8. gr.

3. Málsmæðferð fyrir úrskurðarnefnd.

5. gr.

Þegar beiðni um úrlausn hefur borist úrskurðarnefnd metur hún annars vegar hvort úrlausnarefnið heyri undir nefndina, sbr. 3. gr. og hins vegar hvort málshefjandi teljist eiga hagsmuna að gæta, sbr. 4. gr.

Telji nefndin að aðild máls og úrslausnarefnið uppfylli skilyrði reglna þessara, tekur hún málið til meðferðar, sbr. 6. gr.

Telji nefndin að aðild máls eða úrlausnarefnið uppfylli ekki skilyrði reglna þessara vísar hún málinu frá. Þeirri ákvörðun nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar.

6. gr.

Þegar fram hefur komið beiðni um úrlausn máls sem úrskurðarnefnd ákveður að taka til meðferðar, sbr. 5. gr., skal formaður hennar eða varamaður hans, ef hann fer með málið, tilkynna hlutaðeigandi aðila eða aðilum þegar í stað um beiðnina. Ef um einstakling er að ræða skal upplýsa hann um stöðu nefndarinnar og hlutverk.

Varði mál siðferðis- eða agabrot starfsmanna þjóðkirkjunnar eða embættisfærslu prests skal nefndin í upphafi meta hvort rétt sé að leggja til að hlutaðeigandi verði vikið úr starfi meðan um málið er fjallað hjá nefndinni.

Jafnframt skal nefndin kanna á þessu stigi hvort grundvöllur er til sátta. Telji nefndin sættir koma til greina eða að nauðsynlegt sé að reyna sættir, kveður hún málsaðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund. Færa skal í gerðabók, sbr. 26. gr., það sem aðilar eða umboðsmenn þeirra hafa um málið að segja við það tækifæri.

7. gr.

Formaður stjórnar fundi úrskurðarnefndar. Að ósk aðila getur nefndin heimilað öðrum en aðilum að sitja fund.

Nefndin getur, að undangenginni áminningu, vikið þeim af fundi sem raskar fundarfriði og góðri reglu á fundinum.

8. gr.

Aðilar skulu að jafnaði bera fram kröfur sínar og rökstuðning fyrir þeim skriflega og með skýrum hætti.

9. gr.

Takist ekki að ná sáttum og úrskurðarnefnd telur gögn þau sem henni bárust með beiðni um úrlausn máls ekki fullnægjandi skal hún gefa málshefjanda kost á að senda frekari gögn og greinargerð um málið. Málshefjanda skal veittur frestur til að skila þessum gögnum og greinargerð, og skal sá frestur að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur. Veita má þó lengri frest, þegar sérstaklega stendur á. Gefa skal gagnaðila kost á að skila gögnum að liðnum sama fresti.

Sinni málshefjandi ekki tilmælum nefndarinnar samkvæmt 1. málsg. innan tilgreinds frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti sem skal að jafnaði ekki vera lengri en ein vika. Ef málshefjandi sinnir enn ekki tilmælum nefndarinnar er henni heimilt að synja um úrlausn máls.

Synjun um úrlausn máls, sbr. 2. málsg. skal vera skrifleg og afrit sent gagnaðila. Synjunin er kæránleg til áfrýjunarnefndar.

10. gr.

Í lok frests samkvæmt 9. gr. skal haldinn fundur í nefndinni með málshefjanda og gagnaðila þar sem málshefjandi leggur fram gögn og greinargerð sína ef við á og gagnaðili þau gögn, sem hann kýs þá að leggja fram.

Gagnaðila skal veittur frestur til þess að tjá sig skriflega um gögn þau sem málshefjandi hefur lagt fram og greinargerð hans. Frestur gagnaðila skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur, en veita má þó lengri frest, þegar sérstaklega stendur á.

Sinni gagnaðili ekki tilmælum nefndarinnar samkvæmt 2. málsg. innan tilgreinds frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti sem skal að jafnaði ekki vera lengri en ein vika. Ef gagnaðili sinnir enn ekki tilmælum nefndarinnar byggir hún úrlausn máls á framlögðum gögnum og öðrum þeim upplýsingum er hún aflar sjálf um málið.

11. gr.

Í lok frests sem gagnaðila hefur verið veittur, sbr. 10. gr., skal halda fund í úrskurðar-nefndinni með málshefjanda og gagnaðila þar sem greinargerð gagnaðila og önnur skjöl, sem hann kýs að leggja fram eru afhent.

Þegar öll gögn hafa verið lögð fram getur úrskurðarnefnd ákveðið að fjalla um mál munnlega. Að jafnaði skal framlagningu gagna lokið á þessu tímamarki.

Ef ákveðið verður að fjalla um málið munnlega, skal ákveðinn stuttur frestur til þess og að honum liðnum skal málshefjandi tjá sig fyrst um málið, en gagnaðili að því búnu.

Nú er ekki ákveðið að aðilar tjái sig munnlega um málið fyrir nefndinni og skal þá málshefjanda veittur frestur til að tjá sig skriflega um það en að því búnu skal gagnaðila gefinn kostur á að koma að skriflegum athugasemdum sínum. Miðað skal við að frestir, sem veittir eru til þess að málsaðilar megi koma að skriflegum sjónarmiðum sínum samkvæmt þessari málsgrein verði ekki lengri en tvær vikur samtals.

12. gr.

Nefndin skal í upphafi málsmeðferðarinnar og einnig síðar, ef ástæða þykir til, rita stjórnvöldum, einkaaðilum, rannsóknaraðilum eða öðrum bréf og óska eftir því að fá send tilgreind eða ótilgreind gögn, sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik. Strax og slík gögn berast nefndinni skulu afrit þeirra afhent málsaðilum. Nefndin getur einnig ákveðið, ef þörf krefur, að kveðja sér til fulltingis, sérfróða aðila um úrlausnarefni það sem til meðferðar er, innan þjóðkirkjunnar eða utan.

13. gr.

Hafi aðili neytt réttar síns til þess að óska eftir að fram fari opinber rannsókn af sama tilefni og mál það sem til úrlausnar er, skal úrskurðarnefnd leitast við að fá öll þau gögn, sem aflað hefur verið við þá rannsókn, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir rannsóknaraðilum.

14. gr.

Nefndin getur óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni, sem tengjast úrlausnarefninu, en gefa skal málsaðilum kost á að vera viðstadda á slíkum fundum.

Slíkar skýrslur má bóka eða hljóðrita eftir því sem henta þykir og skal gera þeim sem skýrslu gefur grein fyrir því hvernig upplýsingar, sem hann gefur, eru skráðar.

15. gr.

Nú neitar maður að koma til viðtals hjá nefndinni eða neitar að afhenda eða láta uppi efni skjals og nefndin telur útilokað að útkljá málefni það, sem til meðferðar er, án þess að skýrsla þeirra eða upplýsingar um efni skjals liggi fyrir, er nefndinni heimilt, ef hún telur nauðsyn bera til, að afla sönnunargagna eftir því sem heimilt er samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sé grunur um refsiverða háttsemi getur nefndin hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á þeirri háttsemi.

16. gr.

Þegar aðilar hafa skilað þeim greinargerðum og gögnum, sem þeir eiga kost á, og tjáð sig munnlega um málið, hafi það verið ákveðið, skal nefndin fjalla um málið á fundum eins og þurfa þykir og komast að niðurstöðu.

Nefndin skal semja skriflegan og rökstuddan úrskurð um úrlausnarefnið.

Séu nefndarmenn ekki allir á einu máli um niðurstöðu úrlausnarefnisins, skal sá sem er í minnihluta skila séráliti um hana.

4. Úrræði nefndar.

17. gr.

- Í úrskurði vegna siðferðis- eða agabrota getur nefndin gripið til eftirfarandi úrræða:
- Lagt til að starfsmanni verði veitt áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun.
 - Lagt til að starfsmaður skuli fluttur til í starfi.
 - Lagt til að starfsmaður skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi eða köllun á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar.
 - Lagt til endanlega brottvikningu hans úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

18. gr.

Í úrskurði skal eftirfarandi koma fram:

- Hverjir séu aðilar málsins.
- Hverjir séu helstu málavextir.
- Sjónarmið málsaðila og málsástæður sem skipta máli.
- Hver úrskurður nefndarinnar sé og hvernig hann er rökstuddur.
- Kæruheimild og kærufrestur.

Ef einhver nefndarmaður skilar sératkvæði, sbr. 16. gr., skal í því einungis fjallað um þau atriði, sem tilgreind eru í 4. tl. 1. málsg.

19. gr.

Úrskurðarnefnd tekur ekki afstöðu til þess, hver aðila skuli bera kostnað af meðferð málsins fyrir nefndinni.

20. gr.

Úrskurðarnefnd skal leitast við að skila álitu sínu eigi síðar en fjórum vikum eftir að málsaðilar hafa lagt fram nauðsynleg gögn, eða tjáð sig munnlega um málið, sbr. 11. gr.

21. gr.

Dragist málsmeðferð fyrir nefnd lengur en reglur þessar gera ráð fyrir, svo sem vegna þess að mál er til opinberrar rannsóknar, sem nauðsynlegt er að bíða eftir að ljúki, skal sá dráttur skýrður í álitu nefndarinnar. Tilkynna skal málsaðilum um dráttinn.

22. gr.

Þegar úrskurðarnefnd hefur lokið við að semja úrskurð sinn skal hún senda hann til málsaðila.

*5. Skjöl og gerðabækur.**23. gr.*

Úrskurðarnefnd skal árita eða stimpla öll bréf og erindi, sem þeim berast um móttöku þar sem fram kemur móttökudagur og einnig önnur atriði ef þurfa þykir.

Nefndin skráir innkomin bréf og erindi í sérstaka bréfabók og varðveitir í möppu. Útsend bréf skulu skráð og varðveitt með sama hætti.

24. gr.

Öll skjöl sem lögð eru fram í máli eða berast með öðrum hætti skulu árituð um móttökudag og þeim gefið númer í áframhaldandi töluröð. Heimilt er að leggja fram sem eitt málskjal, skjalamöppu með skjölum, eða skjöl sem fest eru saman, ef henta þykir. Á skjöl skal einnig rita hvenær þau eru lögð fram á fundum nefnda.

Málsaðilar skulu leggja öll skjöl fram í fjórriti (frumrit og þrjú ljósrít). Frumrit ásamt tveimur afritum fá nefndarmenn og fjórða afritið (ljósrítið) fær gagnaðili.

25. gr.

Skjöl úrskurðarnefndar skulu varðveitt tryggilega og í samræmi við þau lög og þær reglur sem um það gilda á hverjum tíma.

26. gr.

Nefnd skal halda gerðabók þar sem skráð skal meginefni þess sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Gildir þetta bæði um fundi sem varða undirbúning að málsmeðferð, fundi sem eru þáttur í meðferð máls og aðra fundi. Formaður eða varamaður hans færir gerðabókina. Endurrit úr slíkri gerðabók má afhenda þeim, sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta.

27. gr.

Í bókun í gerðabók skal jafnan greina eftirfarandi eftir því sem við á:

1. Hvar og hvenær mál er tekið fyrir.
2. Númer máls og nöfn málsaðila.
3. Hverjir eru mættir.
4. Hvaða skjöl lögð eru fram, hvers eðlis þau eru og hvaða númer þau fá.
5. Frásögn og afstöðu aðila í skýru og stuttu máli.
6. Í niðurlagi bókunar að hún hafi verið lesin í heyranda hljóði og staðfest rétt af aðilum eða umboðsmönnum þeirra með undirritun þeirra.

III. KAFLI*Um áfrýjunarnefnd.**28. gr.*

Niðurstöðu úrskurðarnefndar má skjóta til áfrýjunarnefndar. Málsaðilar og kirkjuráð hafa heimild til áfrýjunar. Áfrýjunarfrestur er þrjár vikur.

Ef úrlausn úrskurðarnefndar er skotið til áfrýjunarnefndar skal áfrýjunarnefnd tilkynna úrskurðarnefnd um það án tafar. Úrskurðarnefnd afhendir áfrýjunarnefnd strax þrjú eintök af málskjölum og málsaðilum eitt eintak hverjum.

29. gr.

Ákvæði starfsreglna þessara um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skulu gilda við málsmeðferð fyrir áfrýjunarnefnd eftir því sem við á og að teknu tilliti til að úrskurður áfrýjunarnefndar skal að jafnaði kveðinn upp innan sex vikna frá því að mál barst nefndinni.

30. gr.

Úrskurðir áfrýjunarnefndarinnar skulu rökstuddir og eru endanlegir og bindandi innan valdsviðs þjóðkirkjunnar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Kirkjulegir framkvæmdavaldshafar skulu framfylgja úrskurðum úrskurðarnefndar eða áfrýjunarnefndar undir yfirumsjón kirkjuráðs og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði einstakra starfsmanna.

32. gr.

Úrskurðir úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar skulu gefnir út með reglubundnum hætti en þess gætt að málsaðila sé ekki getið með nafni.

33. gr.

Úrskurðarnefnd gefur biskupi og kirkjuráði árlega stutta skýrslu um störf sín.

34. gr.

Kostnaður við störf úrskurðarnefndar og áfrýjunarnefndar greiðist úr kristnisjóði.

35. gr.

Þóknun til nefndarmanna í úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd skal ákveðin af þóknarnefnd þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp.

36. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 12., 13. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, öðlast þegar gildi.

Starfsreglur þessar skal endurskoða innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um skipan sókna.

1. gr.

Skipan sókna skal haldast óbreytt frá því sem verið hefur, nema breyting verði gerð þar á samkvæmt reglum þessum. Sóknir landsins eru tilgreindar í sérstöku fylgiskjali með starfsreglum þessum.

2. gr.

Þess skal gætt að sókn geti uppfyllt skilyrði um rekstur og fjárhag sókna, sbr. starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir, og starfsreglur um sóknarnefndir.

Um breytingu á sóknum, prestaköllum og prófastsdæmum.

3. gr.

Hver þjóðkirkjuþegn getur gert tillögu um breytingu á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Tillögur um breytingar á skipan sókna og prestakalla skulu fá umsögn á aðalsafnaðarfundum viðkomandi sókna og því næst bornar upp á héraðsfundi, sem sendir þær biskupafundi. Hann býr málið til kirkjuþings. Tillögur um breytingar á skipan prófastsdæma skulu fá umsögn á viðkomandi héraðsfundum og því næst sendar biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings.

4. gr.

Biskupafundur kannar árlega hvort þörf er á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðháttum eða aðstæðum að öðru leyti. Við mat á skipan sókna skal líta til þjónustubarfa, sögulegra og menningarlegra verðmæta.

5. gr.

Ef prestakalli er skipt hefur skipaður sóknarprestur rétt á að ráða hvoru prestakallinu hann þjónar eftirleiðis. Ef prestaköll eru sameinuð skal sá prestur ganga fyrir sem lengur hefur gegnt prestsembætti innan þjóðkirkjunnar. Ber kirkjustjórninni að bjóða presti sem missir kall af þessum orsökum sambærilegt embætti eða starf.

Um breytingu á sóknum.

6. gr.

Sameining sókna eða skipting sóknar skal að jafnaði taka gildi um næstu áramót eftir að kirkjuþing hefur samþykkt sameiningu eða skiptingu.

Um fjárskipti þegar sókn er skipt.

7. gr.

Sé sókn skipt skal uppgjör vegna eigna og skulda fara eftir hlutfallstölu sóknarmanna. Sóknarkirkja ásamt búnaði tilheyrir þeirri sókn þar sem hún stendur. Þegar kirkjusókn er skipt og ný stofnuð, í nýju byggðahverfi, á hin nýja sókn óskert tilkall til þeirra fjármuna, sem sóknarmenn hinnar nýju sóknar hafa sannanlega lagt til eldri sóknarinnar, þó að frádreginni sanngjarnri þóknun fyrir þá þjónustu, sem sóknarmenn nýju sóknarinnar nutu, meðan sóknin var óskipt. Heimilt er að hafa fjárskil eftir annarri reglu ef um það næst samkomulag milli sóknanna.

Framkvæmd fjárskipta er í höndum þriggja manna skilanefndar er biskup skipar hverju sinni.

Samstarf sókna um kirkju og safnaðarheimili.

8. gr.

Ef sóknir óska eftir að eiga samstarf sín á milli um byggingu og/eða rekstur kirkju og safnaðarheimilis skal gera skriflegan samstarfssamning, þar sem kveðið er á um hvaða starfi skuli haldið uppi, hvaða reglur gildi um afnot og umgengni, sbr. starfsreglur um afnot af safnaðarheimilum og hver ábyrgist daglegan rekstur og stjórn. Einnig skal tiltaka hvaða endurgjald skuli innt af hendi fyrir afnotin.

9. gr.

Með tillögu um breytingu skv. 4. gr., skal leggja fram tillögu að staðsetningu prestseturs ef þörf krefur, að höfðu samráði við sóknarprest og sóknarnefndir, biskupafund og stjórn prestssetrasjóðs. Enn fremur skulu fylgja tillögur um hvaða kirkja skuli verða

sóknarkirkja, sbr. reglur um kirkjur og kirkjubyggingar samþykktar á kirkjuþingi 1994. Ef heppilegt þykir að sóknir sameinist um kirkju og/eða safnaðarheimili skal biskupafundur gera tillögur um þau efni. Biskupafundur skal enn fremur leggja fram tillögur um það hvaða kirkjur skuli verða kapellur.

10. gr.

Sóknarkirkja skal vera í hverri sókn. Þó er sóknum heimilt að sameinast um sóknarkirkju.

11. gr.

Ef sóknir sameinast skal aðalsafnaðarfundur hinnar sameinuðu sóknar ákveða hvar sóknarkirkja skal vera og hvaða kirkjur verða kapellur, svo og hvaða kirkjur skuli afleggjast, verða afhentar til minjavörslu, ef því er að skipta, eða ráðstöfun þeirra með öðrum hætti.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 50. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá 1. janúar 1999 sameinast Kálfafellssókn Prestsbakkasókn í Skaftafellsprófastsdæmi, sbr. fylgiskjal um skipan prestakalla.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

Fylgiskjal.**Skipan prófastsdæma prestakalla, sókna og prestssetra.****Múlaprófastsdæmi.**

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Skeggjastaðaprestakall	Skeggjastaðasókn	Skeggjastaðir
Hofsprestakall	Vopnafjarðar- og Hofssóknir	Hof
Valþjófsstaðarprestakall	Valþjófsstaðar-, Ás-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir	Valþjófsstaður
Vallanesprestakall	Egilsstaða-, Vallanes- og Þingmúlasóknir	Egilsstaðir
Eiðaprestakall	Eiða-, Hjaltastaða-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir	Eiðar
Desjarmýrarprestakall	Bakkagerðissókn	Desjarmýri
Seyðisfjarðarprestakall	Seyðisfjarðarsókn	Seyðisfjörður

Austfjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Norðfjarðarprestakall	Norðfjarðar- og Brekkusóknir	Neskaupstaður
Eskifjarðarprestakall	Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir	Eskifjörður
Kolfreyjustaðarprestakall	Kolfreyjustaðarsókn	Kolfreyjustaður
Heydalaprestakall	Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir	Heydalir
Djúpavogsprestakall	Berunes-, Djúpavogs-, Berufjarðar- og Hofssóknir	Djúpivogur

Skaftafellsprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Bjarnanesprestakall	Stafafells-, Bjarnanes- og Hafnarsóknir	Höfn
Kálfafellsstaðarprestakall	Brunnhóls-, Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir	Kálfafellsstaður
Kirkjubæjarklaustursprestakall	Prestsbakkasókn	Kirkjubæjarklaustur
Ásaprestakall	Langholts-, Grafar- og Þykkvabæjarsóknir	Ásar
Víkuprestakall	Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir	Vík í Mýrdal

Rangárvallaprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Holtsprestakall	Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir	Holt
Bergþórshvolsprestakall	Akureyjar- og Krosssóknir	Bergþórshvoll I
Breiðabólstaðarprestakall	Hlíðarenda-, Breiðabólstaðar- og Stórolfshvolssóknir	Breiðabólstaður
Oddaprestakall	Odda-, Keldna- og Þykkvabæjarsóknir	Oddi
Fellsmúluprestakall	Árbæjar-, Kálhólts-, Haga-, Marteinstungu- og Skarðssóknir	Fellsmúli

Árnesprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Hrunaprestakall	Hruna- og Hrepphólasóknir	Hruni
Stóra-Núpsprestakall	Stóra-Núps og Ólafsvallasóknir	Tröð
Hraungerðisprestakall	Hraungerðis-, Villingaholts- og Laugardælasóknir	Hraungerði
Skálholtsprestakall	Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir	Skálholt
Mosfellsprestakall	Mosfells-, Stóru-Borgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfjótssvatnssóknir	Mosfell
Selfossprestakall	Selfossókn	Selfoss
Eyrbakkaprestakall	Eyrbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir	Eyrbakki
Hveragerðisprestakall	Hveragerðis - og Kotstrandarsóknir	Hveragerði
Þorlákshafnarprestakall	Hjalla- og Strandarsóknir	Þorlákshöfn
Þingvallaprestakall	Þingvallasókn	Þingvellir

Kjalarnesprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Grindavíkuprestakall	Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir	Grindavík
Útskálaprestakall	Útskála- og Hvalsnessóknir	Útskálar
Keflavíkuprestakall	Keflavíkursókn	
Njarðvíkurprestakall	Innri- og Ytri-Njarðvíkursóknir	
Garðaprestakall	Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir	
Hafnarfjarðarprestakall	Hafnarfjarðarsókn	
Víðistaðaprestakall	Víðistaðasókn	
Mosfellsprestakall	Lágafellssókn	Mosfell
Reynivallaprestakall	Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir	Reynivellir
Vestmannaeyjaprestakall	Ofanleitissókn	Vestmannaeyjar

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra.

Prestakall	Sóknir
Árbæjarprestakall	Árbæjarsókn
Breiðholtsprestakall	Breiðholtssókn
Digranesprestakall	Digranessókn
Fellaprestakall	Fellasókn
Grafarvogsprestakall	Grafarvogssókn
Hjallaprestakall	Hjallasókn
Hólabrekkuprestakall	Hólabrekkusókn
Kársnesprestakall	Kársnessókn
Seljaprestakall	Seljasókn

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra.

Prestakall	Sóknir
Ásprestakall	Ássókn
Bústaðaprestakall	Bústaðasókn
Dómkirkjuprestakall	Dómkirkjusókn
Grensásprestakall	Grensásókn
Hallgrímssprestakall	Hallgrímssókn
Háteigsprestakall	Háteigssókn
Langholtsprestakall	Langholtssókn
Laugarnesprestakall	Laugarnessókn
Nesprestakall	Nessókn
Seltjarnarnesprestakall	Seltjarnarnessókn

Borgarfjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Saurbæjarprestakall	Saurbæjar-, Innra-Hólms- og Leirársóknir	Saurbær
Garðaprestakall á Akranesi	Akranessókn	Akranes
Hvanneyrarprestakall	Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir	Staðarhóll
Reykholtsprestakall	Reykholts-, Stóra-Ás-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir	Reykholt
Stafholtsprestakall	Stafholts-, Norðtungu- og Hvammssóknir	Stafholt
Borgarprestakall	Borgar-, Borgarnes-, Álftanes-, Álftartungu- og Akrasóknir	Borg

Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Staðastaðarprestakall	Staðastaðar-, Staðarhrauns-, Fáskrúðarbakka- og Kolbeinsstaðasóknir	Staðastaður
Ingjaldshólsprestakall	Hellna-, Búða- og Ingjaldshólsóknir	Hellisandur
Ólafsvíkuprestakall	Ólafsvíkursókn	Ólafsvík
Setbergsprestakall	Setbergssókn	Grundarfjörður
Stykkishólmsprestakall	Bjarnhafnar-, Helgafells-, Stykkishólms-, Narfeyrar- og Breiðabólstaðarsóknir	Stykkishólmur
Hjarðarholtsprestakall	Snóksdals-, Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns- og Hjarðarholtssóknir	Búðardalur
Hvammsprestakall	Hvammis-, Staðarfells-, Dagverðarnes-, Skarðs- og Staðarfellssóknir	Hvoll

Barðastrandarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Reykhólaprestakall	Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals- og Flateyjarsóknir	Reykhólar
Patreksfjarðarprestakall	Patreksfjarðar-, Sauðlauksdals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir	Patreksfjörður
Tálknafjarðarprestakall	Stóra-Laugardals-, Haga- og Brjáns-lækjarsóknir	Tálknafjörður
Bíldudalsprestakall	Bíldudalssókn	Bíldudalur

Ísafjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Pingeyrarprestakall	Hrafnsøyar-, Þingeyrar-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir	Þingeyri
Holtsprestakall	Kirkjubóls-, Holts- og Flateyjarsóknir	Holt
Staðarprestakall	Staðarsókn	Suðureyri
Bolungarvíkurprestakall	Hólssókn	Bolungarvík
Ísafjarðarprestakall	Hnífsdals-, Ísafjarðar- og Súðavíkursóknir	Ísafjörður
Vatnsfjarðarprestakall	Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Melgraseyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir	Vatnsfjörður

Húnavatnsprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Árnesprestakall	Árnessókn	Árnes
Hólmavíkurprestakall	Kaldrananes-, Drangnes-, Hólmavíkur- og Kollafjarðararnessóknir	Hólmavík
Prestsbakkaprestakall	Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir	Prestsbakki
Melstaðarprestakall	Staðarbakka-, Melstaðar- og Víðidalstungusóknir	Melstaður
Breiðabólstaðarprestakall	Hvammstanga-, Tjarnar-, Vesturhóphóla- og Breiðbólsstaðarsóknir	Hvammstangi
Þingeyraklaustursprestakall	Blönduós-, Þingeyra-, og Undirfellssóknir	Blönduós
Bólstaðarhlíðarprestakall	Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Holtastaða-, Svínavatns- og Auðkúlusóknir	Bólstaður
Skagastrandarprestakall	Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir	Skagaströnd

Skagafjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Sauðárkróksprestakall	Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir	Sauðárkrókur
Glaumbæjarprestakall	Reynistaðar-, Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir	Glaumbær
Mælifellsprestakall	Mælifells-, Goðdala-, Ábæjar- og Reykjarsóknir	Mælifell
Miklabæjarprestakall	Silfrastaða-, Miklabæjar-, Flugumýrar- og Hofstaðasóknir	Miklibær
Hólaprestakall	Hóla-, Víðvíkur- og Rípursóknir	Hólar
Hofsósprestakall	Hofsós-, Hofs-, Fells- og Barðssóknir	Hofsós
Siglufjarðarprestakall	Siglufjarðarsókn	Siglufjörður

Eyjafjarðarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Ólafsfjarðarprestakall	Ólafsfjarðarsókn	Ólafsfjörður
Dalvíkurprestakall	Upsa-, Tjarnar-, Urða- og Vallasóknir	Dalvík
Hríseyjarprestakall	Hríseyjar- og Stærta-Árskógssóknir	Hrísey

Möðruvallaprestakall	Möðruvalla-, Bakka-, Bægisár- og Glæsibæjarsóknir	Möðruvellir
Glerárprestakall	Lögmannshlíðarsókn	
Akureyrarprestakall	Akureyrar- og Miðgarðasóknir	
Laugalandsprestakall	Grundar-, Saurbæjar-, Hóla-, Möðruvalla-, Munkaþverár- og Kaupangssóknir	Syðra-Laugaland

Þingeyjarprófastsdæmi.

Prestakall	Sóknir	Prestssetur
Laufásprestakall	Svalbarðs-, Laufás- og Grenivíkursóknir	Laufás
Ljósavatnsprestakall	Draflastaða-, Háls-, Illugastaða-, Ljósavatns-, Lundarbreyku- og Þóroddsstaðarsóknir	Háls
Skútustaðaprestakall	Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir	Skútustaðir
Grenjaðarstaðarprestakall	Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarstaða- og Nessóknir	Grenjaðarstaður
Húsavíkurprestakall	Húsavíkursókn	Húsavík
Skinnastaðarprestakall	Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðarsóknir	Skinnastaður
Raufarhafnarprestakall	Raufarhafnarsókn	Raufarhöfn
Þórshafnarprestakall	Sauðanes- og Svalbarðssóknir	Þórshöfn

STARFSREGLUR

um sóknarnefndir.

I. Staða og störf. Ábyrgð og verkefni.

1. gr.

Sóknarnefnd starfar á grundvelli laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og á evangelísk - lútherskum grunni.

Aðalsafnaðarfundur og safnaðarfundur sóknar bera ábyrgð á öllum málum er varða fjármál og skipulagsmál sóknarinnar.

Sóknarnefnd heldur formlega fundi með reglulegum hætti þar sem málefni sóknarinnar eru til umræðu og ákvörðunar. Hún fylgir eftir markaðri stefnu og ákvörðunum aðalsafnaðarfunda og er bundin af þeim. Sóknarnefnd annast um rekstur og framkvæmdir á vegum sóknarinnar samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir í lögum og starfsreglum.

2. gr.

Sóknarnefnd fer með fjárstjórn sóknarinnar og umráð eigna hennar og ber ábyrgð þar á gagnvart safnaðarfundum.

3. gr.

Helstu önnur störf sóknarnefndar eru sem hér segir:

1. Hafa ásamt prestum forgöngu um kirkjulegt starf á vegum sóknarinnar.
2. Sjá til þess að viðunandi húsnæði og búnaður sé til guðsþjónustuhalds og annars safnaðarstarfs í sókninni.
3. Gæta þess að kirkju, búnaði hennar og safnaðarheimili sé vel við haldið.
4. Gæta að réttindum kirkju, að því leyti sem þau heyra undir nefndina og hafa umsjón með öllum fjárumum sóknar, kirkju og safnaðarheimilis.

5. Að sjá til þess að skráðir kirkjugripir og minningamörk séu verndaðir sbr. 4. kafla Þjóðminjalaga nr. 88/1989.
6. Ráða starfsfólk sóknar í samráði við sóknarprest.

II. Starfshættir sóknarnefnda.

Fjármál.

4. gr.

Sóknarnefnd skal í samráði við sóknarprest gera fjárhagsáætlun fyrir hvert almanaksár og hafa þar m.a. hliðsjón af starfsáætlun sóknarprests og annarra starfsmanna sóknarinnar. Fjárhagsáætlunin skal lögð fram á aðalsafnaðarfundi til kynningar og afgreiðslu.

Sóknarnefnd og sóknarpresti ber síðan að sinna verkefnum sínum og halda uppi starfsemi á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar.

5. gr.

Við ráðstöfun fjármagns sóknarinnar til skamms eða langs tíma skal ávallt gæta þess að fjárskuldbindingar vegna ýmissa framkvæmda komi sem minnst niður á almennu kirkjustarfi.

6. gr.

Sóknarnefnd er óheimilt að efna til fjárskuldbindinga með persónulegum ábyrgðum einstaklinga öðruvísi en fyrir liggja raunhæf áætlun um tekjur sóknarinnar er standi að fullu undir endurgreiðslu þessara skuldbindinga.

7. gr.

Sóknarnefnd getur ekki veðsett eignir sóknarinnar nema með samþykki safnaðarfundar.

8. gr.

Sóknarnefnd sér til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og skal nota samræmdan bókhaldslykil eða annað form sem biskupsstofa leggur til.

9. gr.

Sóknarnefnd sér til þess að ársreikningur sóknar sé gerður fyrir hvert almanaksár. Ársreikningurinn skal áritaður af sóknarnefnd, endurskoðaður af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðanda og lagður fram á aðalsafnaðarfundi til kynningar og afgreiðslu og síðan sendur prófasti.

10. gr.

Verði svo miklir fjárhagserfiðleikar í sókn að til vandræða horfi í fjármálum ber að boða til safnaðarfundar þar sem sóknarnefnd gerir söfnuði grein fyrir stöðu mála. Á þennan fund skal boða prófast. Ef hann að fengnum upplýsingum og að lokinni umfjöllun fundarmanna telur ástæðu til að styrkja fjármálastjórn safnaðarins hefur hann heimild til að skipa fulltrúa, einn eða fleiri, til að starfa með sóknarnefndinni á meðan verið er að koma málum í réttan farveg.

Fundir.

11. gr.

Sóknarnefnd boðar til aðalsafnaðarfundar með minnst viku fyrirvara og skal greina frá dagskrá fundarins í fundarboði. Fundinn skal auglýsa með þeim hætti sem venja er til um messubod.

Þar skal taka fyrir eftirfarandi:

1. Gerð sé grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
5. Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna til 4ra ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
7. Kosning í aðrar nefndir og ráð.
8. Önnur mál.

12. gr.

Sóknarnefnd skiptir með sér verkum formanns, gjaldkera og ritara og varamanna þeirra þegar eftir að kjör í sóknarnefnd hefur farið fram. Sóknarnefnd er heimilt að kjósa úr sínum hópi framkvæmdanefnd er starfi á milli funda sóknarnefndar. Hún kys jafnframt safnaðarfulltrúa og varamann hans og ákveður verkefni er hann hafi með höndum.

13. gr.

Formaður boðar fundi í sóknarnefnd og stýrir þeim og er fundur ályktunarfær ef meiri hluti nefndarmanna sækja fundinn.

Sóknarprestur og aðrir prestar í prestakallinu skulu að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi og sóknarprestur fundi framkvæmdanefndar ef hún starfar. Enn fremur aðrir starfsmenn sóknarinnar ef málefni þeirra eru sérstaklega til umræðu á fundinum. Sóknarnefnd skal fylgja vanhæfisreglum stjórnarsýslulaga um meðferð einstakra mála.

14. gr.

Allir fundir sóknarnefndar sem og safnaðarfunda skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal sóknarnefnd gæta þess að varðveita bréf, bækur og skjöl er snerta kirkjuna og starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985.

15. gr.

Sóknarnefnd getur skipað nefndir úr sínum hópi eða utan hans til að fjalla um einstök málefni. Slíkar nefndir starfa á ábyrgð og í umboði sóknarnefndar sem setur þeim jafnframt erindisbréf.

16. gr.

Ef sóknarnefnd fer með stjórn kirkjugarðs sbr. 2. mgr. 8. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993, skal halda fjárhag kirkjugarðs algerlega aðgreindum frá fjárhag sóknar.

Ráðningar starfsmanna.

17. gr.

Sóknarnefnd, í samráði við sóknarprest, ræður starfsmenn sóknarinnar. Ráðningarsamningur starfsmanna skal vera skriflegur og með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti, en mánaðar uppsagnarfresti á fyrstu þremur mánuðum í starfi. Sóknarnefnd í samráði við sóknarprest semur erindisbréf fyrir þessa starfsmenn.

18. gr.

Ef upp kemur ágreiningur um störf starfsmanna innan sóknar sem ekki tekst að leysa þar á vettvangi, skal vísa málinu til prófasts.

Nýbyggingar og viðhald.

19. gr.

Ef aðalsafnaðarfundur ákveður að reisa nýja kirkju, endurbyggja eða breyta verulega kirkju skal sóknarnefnd hafa samráð við bygginga- og listanefnd þjóðkirkjunnar. Sama hátt skal hafa á um aðrar fasteignir sóknarinnar svo sem safnaðarheimili.

Gildistaka.

20. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 55. og 57. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosið skal til allra sóknarnefnda landsins á aðalsafnaðarfundum á árinu 1999, sbr. 52. og 53. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Að tveimur ár-um liðnum frá kosningunni skal nokkur hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr nefndinni, þ.e. einn af þremur, tveir af fimm, þrír af sjö og fjórir af níu, og ræður hlutkesti, nema samkomulag sé innan nefndarinnar. Kjörtímabili annarra nefndarmanna lýkur eftir fjögur ár. Skal þessi tilhögun síðan gilda til frambúðar að breyttu breytanda. Að lokinni kosningu sóknarnefndar skal kjósa safnaðarfulltrúa og varamann hans úr hópi sóknarnefndar til fjögurra ára, sbr. 56. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason

forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson

þingskrifari.

STARFSREGLUR**um héraðsfundi og héraðsnefndir.****Hlutverk héraðsfunda, réttur til setu á héraðsfundi.**

1. gr.

Héraðsfundur er aðalfundur prófastsdæmis og fjallar um málefni sem varða starf þjóðkirkjunnar í prófastsdæminu. Þar fara fram starfsskil héraðsnefndar og sókna vegna síðasta árs, svo og reikningsskil héraðssjóðs og kirkna. Héraðsfundur samræmir og markar sameiginlegt kirkjustarf í prófastsdæminu og ráðstafar héraðssjóði fyrir næsta ár.

2. gr.

Á héraðsfundi mæta:

- a) þjónandi prestar í prófastsdæminu
- b) tveir sóknarnefndarmenn, þar af annar formaður
- c) djákna, starfandi í prófastsdæminu
- d) kirkjuþingsmenn.

Starfsmönnum sókna og prófastsdæmis svo og öllum áhugamönnum innan þjóðkirkjunnar um kirkjuleg málefni er heimilt að mæta á héraðsfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Á héraðsfundi hafa atkvæðisrétt 2 fulltrúar frá hverri sókn, og starfandi prestar og djáknar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á héraðsfundi. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði prófasts.

Fundarboð, fundarstaður og fundarefni.

3. gr.

Héraðsfund skal halda eigi síðar en 1. október ár hvert. Héraðsnefnd ákveður fundarstað.

4. gr.

Prófastur boðar héraðsfund skriflega með hálfis mánaðar fyrirvara og skal í fundarboði greina frá dagskrá fundar. Fundarboð skal sent öllum sóknarnefndum, prestum og djáknum í prófastdæminu. Fundurinn skal einnig auglýstur.

Rétt boðaður fundur er lögmætur.

5. gr.

Á fundinum skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Héraðsnefnd skal skýra frá starfsemi sinni á liðnu ári og gera grein fyrir framkvæmd ályktana og samþykktu síðasta héraðsfundar.
2. Starfsskýrslur sókna og nefnda frá síðasta ári skulu kynntar.
3. Skýrslur frá prestastefnu, kirkjuþingi og leikmannastefnu skulu kynntar.
4. Reikningar sókna, kirkjugarða og héraðsnefndar fyrir síðasta reikningsár lagðir fram til afgreiðslu.
5. Tillögur héraðsnefndar um starfsemi á vegum prófastsdæmis, þ.m.t styrkir til einstakra sókna og fjárhagsáætlun fyrir héraðssjóð fyrir næsta almanaksár.
6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til héraðsnefndarmanna fyrir störf þeirra á liðnu ári.
7. Sameiginleg mál sóknarnefnda er varða rekstur og starfsmannahald.
8. Kosningar:
 - a) kosning aðalmanna og varamanna til héraðsnefndar, annarra en formanns, til tveggja ára í senn
 - b) kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðenda reikninga héraðssjóðs tveggja til vara til tveggja ára í senn
 - c) kosning tveggja fulltrúa og tveggja varamanna þeirra á leikmannastefnu til fjögurra ára í senn
 - d) kosning aðalmanns og varamanns til fulltrúaráðs Hjálparstofnunar kirkjunnar til tveggja ára í senn.
9. Aðrar kosningar eða tilnefningar sem heyra undir héraðsfund.
10. Önnur mál.

Aukahéraðsfundir.

6. gr.

Prófastur boðar aukahéraðsfund, ef þurfa þykir. Skyrt er að boða slíkan fund, ef fjórðungur atkvæðisbærra héraðsfundarmanna óskar þess. Akvæði starfsreglna þessara eiga við um slíka fundi eins og við getur átt.

Hlutverk héraðsnefnda.

7. gr.

Héraðsnefnd er framkvæmdanefnd héraðsfundar. Hún er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni prófastsdæmisins.

Héraðsnefnd skipa þrír menn. Formaður nefndarinnar er starfandi prófastur. Héraðsfundur kýs aðra nefndarmenn, einn prest og einn leikmann, til tveggja ára í senn og varamenn þeirra með sama hætti. Skál haga kosningu þannig að prestur og varamaður hans er kosinn annað árið en leikmaður og varamaður hans hitt. Nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Verkefni héraðsnefndar.

8. gr.

Verkefni héraðsnefndar eru sem hér segir:

1. Héraðsnefnd fylgir eftir samþykktum héraðsfunda og sendir þær biskupi og öðrum, sem hlut eiga að máli.
2. Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs, sbr. 12. gr.
3. Héraðsnefnd ræður starfsmenn til að gegna einstökum verkefnum, sem héraðsfundur hefur samþykkt.
4. Héraðsnefnd sér til þess að starfsemi og rekstur, samkvæmt ákvörðunum héraðsfundar, færsla bókhalds, varsla gagna og önnur atriði í rekstri séu jafnan í góðu horfi.

9. gr.

Prófastur kveður héraðsnefnd saman til fundar svo oft sem þörf krefur. Skyllt er að halda fund ef tveir nefndarmanna óska þess. Nefndarmenn fá greidda reikninga fyrir útlagðan kostnað úr héraðssjóði, og fyrir fundarsetu.

Um héraðssjóði og framlög til þeirra.

10. gr.

Starfræktur skal héraðssjóður er kostar kirkjulega starfsemi innan prófastsdæmis.

11. gr.

Tekjur héraðssjóðs eru sértekjur og allt að 5% sóknargjalda prófastsdæmisins samkvæmt ákvörðun héraðsfundar.

12. gr.

Héraðsnefnd fer með stjórn héraðssjóðs. Hún ákveður úthlutanir úr sjóðnum og sér um reikningshald hans.

13. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins annast tveir endurskoðendur eða skoðunarmenn kjörnir af héraðsfundi til tveggja ára í senn.

Gildistaka.

14. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 32., 55. og 57. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

15. gr.

Kjósa skal til héraðsnefndar sbr. 5. og 7. gr. á héraðsfundi árið 1999. Umboð núverandi kjörinna nefndarmanna fellur brott þegar kosning hefur farið fram.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR**um prófasta.****Útnefning prófasts.**

1. gr.

Biskup útnefnir prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu að höfðu samráði við héraðsnefnd. Presti er skylt að takast á hendur prófastsembætti.

Gildistími útnefningar.

2. gr.

Útnefning gildir í fimm ár. Útnefning skal enn fremur gilda sjálfkrafa áfram ef prófastur tekur við öðru prestsembætti innan sama prófastsdæmis í beinu framhaldi af starfslokum í fyrra embætti.

Starfslok prófasts.

3. gr.

Útnefning prófasts fellur sjálfkrafa niður við lok prestsþjónustu hans í prófastsdæminu, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Gildir það einnig þótt hlutaðeigandi sé í beinu framhaldi af starfslokum settur til að gegna áfram prestsembætti innan prófastsdæmis.

Telji prófastur sér óhægt að gegna embættinu vegna veikinda eða af öðrum sérstökum persónulegum ástæðum er biskupi heimilt að leysa hann undan prófastsembættinu þótt hann gegni prestsembætti sínu eftirleiðis.

Forföll eða leyfi prófasts.

4. gr.

Biskup setur annan sóknarprest í prófastsdæminu eða nágrannaprófast til að gegna prófastsembætti um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna fjarveru, leyfis eða veikinda prófasts, prófasts missir við, eða er veitt lausn um stundarsakir.

Vanhæfisreglur.

5. gr.

Reglur stjórnsýslulaga um sérstakt hæfi gilda um störf prófasta. Biskup sker úr um hvort um vanhæfi er að ræða. Víki prófastur sæti í tilteknu máli vegna vanhæfis setur biskup prófast til að fara með málefni það sem um er að tefla.

Ef prófastur er fyrirsjáanlega vanhæfur til að sinna tilteknu verkefni almennt, svo sem eftirliti með eigin prestssetri, skal biskup setja nágrannaprófast til að sinna því verkefni.

Setning skal að jafnaði ótímabundin. Biskup getur ákveðið að slíkt verkefni fylgi prófastsskyldum í tilteknu prófastsdæmi og þarf þá ekki sérstakrar setningar við. Ákvörðun biskups um þessi efni skal að jafnaði vera ótímabundin.

Brottfall setningar.

6. gr.

Tímabundin setning eða ákvörðun samkvæmt 4. og 5. gr. fellur sjálfkrafa brott þegar hún rennur út án þess að frekari aðgerða sé þörf.

Ótímabundin setning eða ákvörðun samkvæmt 4. og 5. gr. fellur brott án sérstakra aðgerða, þegar málefninu hefur verið ráðið til lykta eða þær aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi sem leiddu til setningar.

Ef óljóst þykir hvort setning er fallin brott eða ekki getur biskup gefið út yfirlýsingu um að setning sé í gildi eða fallin brott eftir því sem við á. Slík yfirlýsing skal gefin út ef óskað er af þeim sem í hlut eiga.

Almennt um hlutverk prófaste.

7. gr.

Prófastur er fulltrúi biskups í prófastsdæminu, trúnaðarmaður hans og ráðgjafi í kirkjulegum málum. Prófastur hefur í umboði biskups almenna tilsjón með kirkjulegu starfi í prófastsdæminu, stuðlar að því að það gangi sem best fyrir sig og lögum samkvæmt.

Prófastur er ráðgjafi og tilsjónarmaður presta og sóknarnefnda.

Prófastur, sem formaður héraðsnefndar, er í fyrrisvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess, gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum. Hann fylgist með því að réttur kirkjunnar sé virtur í hvívetna.

Prófasti ber að ástunda góða stjórnsýsluhætti og gæta hagkvæmni við rækslu prófaststarfa sinna í hvívetna.

Prófastur skal varðveita embættisbækur og önnur gögn prófastsdæmisins tryggilega.

Aðstoð við biskup.

8. gr.

Prófastur veitir biskupi alla aðstoð og fyrirgreiðslu sem óskað er. Prófastur tekur að sér einstök mál sem varða kirkjulegt starf í prófastsdæminu óski biskup sérstaklega eftir því. Prófastur skipuleggur og undirbýr vísitasíur biskups og fylgir honum um prófastsdæmið á vísitasisuferðum.

Val á prestum.

9. gr.

Prófastur situr í valnefnd prestakalls, sbr. starfsreglur um presta. Prófastur veitir jafnframt liðsinni sitt við almennar prestskosningar, sbr. starfsreglur um presta.

Skipting starfa milli presta.

10. gr.

Prófastur sér til þess að samið sé skriflega um skiptingu starfa milli presta í presta-köllum þar sem fleiri en einn prestur er.

Skipulag staðgengilsþjónustu.

11. gr.

Prófastur stýrir samstarfi presta prófastsdæmisins um kirkjulega þjónustu (staðgengilsþjónustu) og skipuleggur afleysingaþjónustu vegna vikulegs frídags, skammvinnra veikinda

og sumarleyfa presta, sbr. starfsreglur um skiptingu starfa presta í prestaköllum þar sem fleiri en einn prestur er, um val á sóknarpresti og presti og um starfsskyldur presta.

Skipulag stoðþjónustu.

12. gr.

Prófastur í samráði við biskup, vígslubiskup og héraðsnefnd, skipuleggur starf héraðsprests. Héraðsprestur starfar undir stjórn prófasts.

Setning nýrra presta í embætti.

13. gr.

Prófastur setur nýja presta í embætti og afhendir þeim embættisbækur og gögn að boði biskups.

Héraðsnefnd.

14. gr.

Prófastur er formaður héraðsnefndar og annast þá stjórnarsýslu sem honum er falin í starfsreglum um héraðsfundi og héraðsnefndir. Hann tekur við erindum og fyrirspurnum og sér til þess að leyst sé úr þeim.

Fjármálaumsýsla.

15. gr.

Prófastur er formaður stjórnar héraðssjóðs, sbr. starfsreglur um héraðsfundi og héraðsnefndir.

Prófastur heimtir og fer yfir ársreikninga sókna, kirkna og kirkjugarða og leggur fram á héraðsfundi, sbr. 5. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir. Hann sér til þess að reikningarnir séu jafnframt sendir biskupsstofu og Ríkisendurskoðun og kemur jafnframt athugasemdum sínum á framfæri við þessa aðila telji hann þess þörf.

Prófastur hefur vörslur og annast gjafa- og líknarsjóði í prófastsdæmi ef því er að skipta og gerir árlega reikningsskil til Ríkisendurskoðunar.

Stjórn kirkjugarða.

16. gr.

Prófastur fer, ásamt biskupi, með yfirstjórn kirkjugarða í prófastsdæminu, sbr. lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36 4. maí 1993 og sinnir öðrum lögboðnum skyldum samkvæmt þeim lögum.

Úttektir.

17. gr.

Prófastur annast þær úttektir í prófastsdæminu sem hér greinir:

- a) úttekt á nýbyggðri kirkju og eignum hennar svo og þegar kirkja hefur verið endurbyggð
- b) úttekt á kirkju þegar hún hefur verið afhent söfnuði, sbr. lög um umsjón og fjárhald kirkna nr. 22 16. nóvember 1907
- c) úttekt á prestssetri við starfslok sóknarprests og við afhendingu prestsseturs til viðtakandi sóknarprests eða prestssetrasjóðs sbr. lög um prestssetur nr. 137 31. desember 1993
- d) úttekt á prestssetri þegar gagngerðar endurbætur hafa farið fram eða þegar þess er óskað af lögbærum aðilum sbr. lög um prestssetur nr. 137 31. desember 1993
- e) úttekt á bókasafni prestakalls, sbr. lög nr. 17 6. júlí 1931
- f) úttekt á kirkju, sem lögð er niður eða réttarstöðu hennar er breytt.

Tilsjón.

18. gr.

Prófastur hefur tilsjón með prestssetrum, kirkjum, kirknaeignum og kirkjugörðum. Í eftirlitsskyldu prófasts felst að hann gæti þess að réttindi gangi ekki undan, að umgengni sé góð og að rekstur og öll meðferð og afnot eigna séu við hæfi og samkvæmt lögum og reglum. Prófastur beitir sér fyrir því að hlutaðeigandi vörslumaður eða umráðandi bæti úr ef annmarkar þykja vera á meðferð réttinda og eigna samkvæmt framanskráðu. Ef tilmælum prófasts er ekki sinnt sendir prófastur hlutaðeigandi stjórnvöldum eða biskupi málið til úrlausnar. Prófastur skal haga tilsjón þannig að ekki líði meira en þrjú ár að jafnaði milli athugunar á réttindum, eignum og kirkjugörðum skv. 1. mgr. Prófastur veitir tilsjón ef sérstaklega stendur á eða að tilmælum réttbærra aðila. Biskup getur ákveðið aðra tilhögun mála ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Vísitasíur.

19. gr.

Prófastur vísitarar söfnuði, kirkjur, kirkjugarða og heimagrafreiti reglubundið og þegar þess er óskað svo sem vegna meiri háttar framkvæmda á vegum safnaða eða vegna sérstakra viðburða svo sem kirkjuhátíða.

Umsögn um mál o.fl.

20. gr.

Prófastur veitir kirkjustjórninni umsögn um tiltekin málefni ef óskað er eða vekur athygli kirkjustjórnar á málefni að eigin frumkvæði telji hann það nauðsynlegt, þ.m.t. mál er varða almennt framtíðarskipulag kirkjustarfs.

Tilsjón með bókasöfnum.

21. gr.

Prófastur hefur þá stjórnýslu á hendi sem kveðið er á um í lögum um bókasöfn prestakalla nr. 17 6. júlí 1931.

Áritanir bóka.

22. gr.

Prófastur áritar þær bækur sem hér greinir:

- a) bók undir bókaskrá prestakalls sbr. lög um bókasöfn prestakalla nr. 17 6. júlí 1931
- b) gerðabók sóknarnefnda og safnaðarfunda, sbr. starfsreglur um sóknarnefndir.

Námskeiðahald.

23. gr.

Prófastur beitir sér fyrir námskeiðahaldi til fræðslu fyrir presta, starfsmenn safnaða og aðra sem taka þátt í starfi kirkjunnar. Hafa skal samráð við önnur prófastsdæmi um námskeiðahald ef henta þykir.

Prófastafundur.

24. gr.

Prófasti er skylt að mæta á árlegan prófastafund er biskup boðar.

Skýrslugerð og upplýsingamiðlun til kirkjustjórnarinnar.**Færsla bréfabókar**

25. gr.

- a) Prófasti ber að senda biskupi árlega skýrslur úr öllum prestaköllum prófastsdæmisins
- b) prófastur hefur með höndum skýrslugerð og upplýsingamiðlun til kirkjustjórnarinnar
- c) prófasti ber að halda skrá um allar sóknarnefndir og safnaðarfulltrúa og starfsmenn safnaða og gera biskupi viðvart um allar breytingar
- d) prófastur færir bréfabók.

Sáttaumleitan.

26. gr.

Prófastur hefur með höndum sáttaumleitanir ef ágreiningur verður í söfnuði, eða milli starfsmanna sókna og á milli prests og sóknarfólks hans eða samstarfsmanna.

Eftirlit með skilum embættisskýrsla.

27. gr.

Prófastur skal hafa eftirlit með því, að prestar skili embættisskýrslum til Hagstofu Íslands.

Friðlýstir gripir kirkna og minningarmörk í kirkjugörðum.

28. gr.

Prófastur tekur við og varðveitir skrá frá þjóðminjaværði um friðlýsta gripir hvernar kirkju og minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. 31. gr. þjóðminjalaga nr. 88 29. maí 1989.

Leysing á sóknarbandi.

29. gr.

Prófastur hefur þá stjórnslu á hendi sem kveðið er á um í lögum um leysing sóknarbanda nr. 9 12. maí 1882.

Prestar sem starfa erlendis o.fl.

30. gr.

Ef starf prests getur fallið undir tvö eða fleiri prófastsdæmi, prestur starfar erlendis eða óljóst þykir að öðru leyti undir hvaða prófastsdæmi embætti fellur, ákveður biskup undir hvaða prófastsdæmi viðkomandi embætti heyrir.

Gildistaka.

31. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 29. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78 26. maí 1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Prófastar sem skipaðir hafa verið í embætti fyrir gildistöku starfsreglna þessara halda óbreyttum skipunartíma samkvæmt eldri skipan meðan þeir gegna prestsembætti innan þjóðkirkjunnar í hlutaðeigandi prófastsdæmi óslitið.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um presta.

I. Um starfsskyldur þjónandi presta þjóðkirkjunnar.

Almennt.

1. gr.

Prestur er skyldur að sinna starfi sínu samkvæmt þeirri köllun sem hann hefur hlotið og vígslubrési, svo og samkvæmt þeim lögum og reglum sem um starf hans gilda á hverjum tíma. Enn fremur ber prestur að fara að ákvæðum ráðningarsamnings, ef því er að skipta og erindisbréfs.

Prestur sér til þess, svo sem honum er fært, að allt starf þjóðkirkjunnar í prestakallinu eða á starfssviði hans að öðru leyti gangi vel og greiðlega fyrir sig. Prestur ber að sýna nauðsynlegt frumkvæði til að svo megi verða.

Prestur ber að gæta ýrustru hagkvæmni við embættisrekstur sinn í hvívetna.

Prestur ber að hlýða löglegu boði tilsjónarmanns síns.

Prestur ber að vera viðlátinn í prestakalli sínu eða starfsstöð á þeim tíma sem fyrirmæli, samningar eða lög þjóða.

Prestur ber við rækslu starfa sinna að hafa samráð og samstarf við kirkjustjórnina, aðra presta, sóknarnefndir, starfsmenn safnaða og aðra þá aðila sem tengjast starfi hans eftir eðli málsins og því sem við getur átt.

Prestur ber að láta í té þá aukþjónustu eða afleysingaþjónustu sem óskað er eftir enda sé hún á starfssviði hans skv. starfsreglum þessum eða erindisbréfi gegn launum skv. ákvæðum laga um starfsmenn ríkisins.

Prestur ber að viðhalda þekkingu sinni og menntun eftir föngum til að geta ávallt sem best sinnt starfi sínu.

Almenn ákvæði um presta.

2. gr.

Sóknarprestur ber að hafa samstarf um kirkjulega þjónustu innan hvers prófastsdæmis undir tilsjón prófests. Sóknarprestur ber að láta í té þá aukþjónustu í prófastsdæminu sem ákveðin er og að leysa af á vikulegum frídegi grannprests.

Samstarf presta skal skv. þessu m.a. lúta að:

- a) afleysingaþjónustu í sumarleyfum og á frídögum presta
- b) samvinnu um ýmsa kirkjulega þjónustu sem er með einhverjum hætti sameiginleg fyrir prófastsdæmið í heild eða hluta þess.

3. gr.

Biskupi er heimilt að fela sóknarpresti að annast bæði tiltekin verkefni og þjónustu utan prestakalls síns í samráði við prófast gegn þóknun og greiðslu kostnaðar.

4. gr.

Sóknarprestur er skyldur að taka að sér aukþjónustu sókna innan prófastsdæmis, ef þörf krefur, samkvæmt boði biskups gegn launum samkvæmt ákvæðum laga um starfsmenn ríkisins.

5. gr.

Sóknarprestur skal vera í fyrirsvari um kirkjulegt starf (safnaðarstarf) í sóknunum prestakalls síns og hafa forystu um mótun þess og skipulag.

6. gr.

Sóknarprestur skal í samráði við sóknarnefnd taka ákvörðun um hvernig afnotum af kirkju er háttað, sbr. starfsreglur um afnot af kirkjum og safnaðarheimilum, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram.

7. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi, starfsmannafundi, héraðsfundi og fundi er biskup og prófastur boða hann til, nema forföll hamli eða nauðsyn banni.

Sérstakar starfsskyldur presta.

8. gr.

Biskup, í samráði við hlutaðeigandi prest, prófast og sóknarnefnd eða sóknarnefndir eða héraðsnefnd ef um héraðsprest er að ræða, gefur út erindisbréf fyrir hvern prest þjóðkirkjunnar, er lýsir almennum og sérstökum starfsskyldum prestsins. Erindisbréf skal vera í fullu samræmi við vígslubríf prests og ráðningarsamning, ef því er að skipta. Við gerð erindisbréfs ber að gæta samræmis við ákvörðun um skiptingu starfa ef um slíkt er að ræða.

Ef því er að skipta, skal við gerð erindisbréfs, hafa samráð við stofnun eða annan þann aðila sem prestur kann að vera ráðinn hjá eða starfa fyrir og aðra þá sem kunna að hafa hagsmuna að gæta eða tengjast starfi prests með þeim hætti að eðlilegt eða heppilegt sé að samráð sé haft.

9. gr.

Breyta má erindisbréfi prests ef nauðsynlegt þykir, þegar svo stendur á sem hér segir:

- a) breyting hefur verið gerð á skipan sókna, prestakalla eða prófastsdæma
- b) þegar endurskoðuð er skipting starfa í prestaköllum þar sem fleiri en einn prestur er
- c) tekin er upp ný prestsþjónusta héraðsprests eða sérþjónustuprests
- d) forsendur erindisbréfs hafa breyst eða eru ekki til staðar
- e) nýjar forsendur koma til, nýjar aðstæður skapast eða sérstök tilvik ber að höndum
- f) presti er falið verkefni á grundvelli 37. gr. starfsreglna þessara.

10. gr.

Prófastur skal ótilkvaddur hafa gætur á því hvort breyta þurfi erindisbréfi prests. Beiðni um breytingu getur komið frá hlutaðeigandi presti og sóknarnefnd eða sóknarnefndum, eða stofnun sem prestur vinnur hjá, ef því er að skipta. Einnig getur prestur, sem vinnur að einhverju leyti með hlutaðeigandi presti, óskað breytingar.

11. gr.

Í erindisbréfi prests skal, eftir því sem við getur átt, greina eftirfarandi atriði svo glögglega sem verða má:

- a) skyldu prests til viðveru og bakvakta
- b) messuskyldu í sóknarkirkjum og kapellum í prestakalli
- c) skyldu til að færa lögboðnar embættisbækur, skrár og til að sinna lögboðinni skjalagerð vegna embættisins
- d) skyldu til að eiga frumkvæði að og taka þátt í gerð starfs-, rekstrar- og fjárhagsætlana sóknar samkvæmt starfsreglum þar um
- e) skyldu til hagsmunagæslu vegna prestsseturs og samstarfs við stjórn prestssetrasjóðs, sbr. l. nr. 137 31. desember 1993, ef prestur nýtur prestsseturs
- f) skyldu til aukþjónustu og afleysingþjónustu

- g) fasta viðtalstíma prests að lágmarki
- h) skyldu til að sinna aukaverkum og undirbúningi þeirra
- i) ákvæði um helgistundir og vitjanir á sjúkrastofnanir og sambýli á vegum heilbrigðisþjónustunnar
- j) ákvæði um önnur verk ótalin sem nauðsynlegt eða eðlilegt þykir að sinna.

12. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á erindisbréfi, geti prestur ekki sætt sig við erindisbréf eða sé ekki fallist á beiðni um breytingar á erindisbréfi má vísa málinu til úrskurðar biskups. Sá er krefst úrskurðar skal gera skriflega grein fyrir máli sínu og kröfum sem hann hefur uppi. Biskup aflar umsagnar allra hlutaðeigandi og óskar gagnkrafna ef einhverjar eru. Biskup úrskurðar að því búnu um ágreininginn.

II. Um val og veitingu prestsembætta.**Auglýsingar.**

13. gr.

Biskup Íslands skal auglýsa laust embætti í Lögbirtingablaði og á öðrum opinberum vettvangi og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en fjórar vikur frá útgáfudegi blaðsins. Beri auglýsing ekki árangur skal embættið auglýst að nýju. Skal að jafnaði auglýsa innan þriggja mánaða frá birtingu fyrri auglýsingar skv. 1. mgr., en ef sérstaklega stendur á, má fresta að auglýsa um allt að ár í senn. Beri auglýsing ekki árangur skal auglýsa að nýju samkvæmt ákvæðum 3. og 4. ml.

Í auglýsingu skal eftirtalið koma fram:

- a) hver skipi í embættið eða ráði til starfans, frá hvaða tíma og til hve langs tíma
- b) hver skipunar- eða ráðningarkjör eru
- c) hvort prestssetur fylgi - og ef svo er - að það sé með þeim réttindum og skyldum sem því fylgi að lögum
- d) hvort lögð sé sérstök áhersla á hæfni umsækjenda til að sinna tilteknum þáttum safnaðarstarfs
- e) að umsækjendur geri grein fyrir persónulegum upplýsingum, menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska að taka fram
- f) hvar unnt sé að fá nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, svo og prestssetur ef því er að skipta
- g) hvaða reglur gildi um breytingar á starfsskyldum
- h) hvenær umsóknarfrestur rennur út
- i) hvert umsóknir skuli senda
- j) ákvæði um skilyrði almennra kosninga skv. 20. gr.

Skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Val sóknarprest og prests sem starfar í prestakalli.

14. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup valnefnd umsóknir þeirra er sótt hafa um, enda hafi ekki borist ósk um almennar prestskosningar innan tilskilins frests.

15. gr.

Valnefnd velur sóknarprest og prest. Hún skal skipuð viðkomandi vígslubiskupi, prófasti og fimm fulltrúum prestakalls. Fulltrúar prestakalls og jafnmargir varamenn þeirra eru valdir til fjögurra ára á sóknarnefndarfundi eða á sameiginlegum fundi sóknarnefnda í

prestaköllum þar sem sóknir eru fleiri en ein. Það val skal fara fram að loknum fyrstu sóknarnefndarkosningum eftir gildistöku þessara reglna. Sé ein sókna prestakallsins fjölmennari en hinar samanlagt skulu varamenn hennar einnig taka þátt í vali fulltrúanna. Þess skal gætt að sanngirni gagnvart íbúafjölda sóknanna ráði við val fulltrúa.

16. gr.

Biskup felur vígslubiskupi að boða valnefnd til fundar innan tilskilins frests.

Fundir valnefndar eru lokaðir. Á fyrsta fundi skulu umsóknir ásamt fylgigögnum skv. 4. ml. 17. gr. liggja frammi til athugunar. Þeim presti sem áfram þjónar í prestakallinu skal boðið að tjá sig um umsækjendur við valnefndina sé hann sjálfur ekki einn umsækjendanna.

17. gr.

Við mat á hæfni umsækjenda skal valnefnd m.a. líta til menntunar þeirra, starfsaldurs, starfsreynslu og starfsferils. Sé áskilin sérstök þekking eða reynsla í auglýsingu um laust embætti eða starf er að öðru leyti mjög sérhæft, skal meta umsækjendur eftir því hvernig þeir uppfylla þau sérstöku skilyrði. Við val samkvæmt ofanskráðu skal gæta ákvæða jafnréttislaga nr. 28/1991. Valnefnd aflar þeirra gagna og upplýsinga sem hún telur að öðru leyti þörf. Nefndin boðar alla umsækjendur á sinn fund. Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er.

18. gr.

Við ákvörðun í valnefnd telst það samstaða ef enginn mótmælir niðurstöðu. Hjáseta rýfur ekki samstöðu. Valnefnd skal reiðubúin að rökstyðja ákvörðun sína verði eftir því leitað af þeim sem eiga hagsmuni í málinu.

Náist ekki samstaða skila valnefndarmenn álitum sínum til biskups sem sker úr.

Biskup skal setja leiðbeinandi reglur fyrir valnefndir.

19. gr.

Vígslubiskup sendir biskupi þegar í stað niðurstöðu fundar valnefndar.

Ef um embætti sóknarprests er að ræða sendir biskup kirkjumálaráðherra niðurstöðu valnefndar.

Biskup skipar þann umsækjanda í prestsembætti sem valnefnd hefur náð samstöðu um.

Hafi ekki náðst samstaða í valnefnd ákveður biskup með hvaða umsækjanda hann mæli að skipaður verði.

Í annað hvort skipti sem embætti prests losnar getur biskup veitt embættið án afskipta valnefndar og skal þess þá getið í auglýsingu.

Almenn kosning.

20. gr.

Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mánuði liðnum frá þeim degi er kallið var auglýst laust til umsóknar.

Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá 1. desember næstliðinn. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram úrskurðar yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjubings og þingsköp, um það.

21. gr.

Jafnskjótt og biskup hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu, sbr. 12. gr., skal hann tilkynna kjörstjórn um framkomnar óskir. Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp, er jafnframt kjörstjórn við almennar prestskosningar. Kjörstjórn getur kvatt prófast sér til liðsinnis við framkvæmd kosninga samkvæmt reglum þessum. Biskupsstofu ber að láta kjörstjórn í té nauðsynlega aðstöðu og þjónustu svo kjörstjórn geti rækt starfa sinn.

22. gr.

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning skuli fara fram og annast prentun kjörseðla. Á kjörseðla skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Kjörstjórn auglýsir hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Í prestakalli, þar sem eru fleiri en ein sókn, skal kosning fara fram í öllum sóknum á sama degi.

Sóknamefndum er heimilt að sameinast um kjördeild, að fengnu samþykki kjörstjórnar.

23. gr.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Skal hún lögð fram eigi síðar en fjórum vikum fyrir kjördag.

Kjörskrá skal liggja frammi til sýnis hið minnsta í tvær vikur á hentugum stað er kjörstjórn auglýsir samkvæmt því sem venja er að birta opinberar auglýsingar á þeim stað.

24. gr.

Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, þarf að hafa afhent kjörstjórn kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en tveimur vikum fyrir kjördag. Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal kjörstjórn senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærinni.

Um aðfinnslum þær við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi viku fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kæran varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kæran er úrskurðuð.

25. gr.

Úrskurði kjörstjórnar má kæra til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp. Hún skal hafa úrskurðað fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

26. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem voru í íslensku þjóðkirkjunni og áttu lögheimili í prestakallinu 1. desember næstan á undan og hafa náð 16 ára aldri þegar kosning fer fram.

27. gr.

Þeir sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan sinnar sóknar þegar kosning fer fram og af þeim sökum geta ekki sótt kjörfund hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá kjörstjórn og getur hún hafist þá er tvær vikur eru til kjördags.

Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðinn tíma á degi hverjum, þó eigi skemur en klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

Kjörstjórn ákveður gerð atkvæðaseðla fyrir atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og kveður nánar á um framkvæmd hennar.

28. gr.

Talning atkvæða fer fram hjá kjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur.

Kjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók.

Ef um embætti sóknarprests er að ræða sendir biskup kirkjumálaráðherra úrslit kosningar.

29. gr.

Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða er kosningin bindandi og skal skipa þann umsækjanda í embættið. Að öðrum kosti ákvarðar ráðherra eða biskup hvern skuli skipa, að fenginni umsögn valnefndar prestakallsins um umsækjendur.

Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og fer þá fram kosning með sama hætti.

Kjósendur, sem hafna vilja honum, skila auðum atkvæðaseðli.

30. gr.

Greiði helmingur kjósenda atkvæði en umsækjandi, sbr. 2. mgr. 29. gr., fær ekki fullan helming greiddra atkvæða er óheimilt að veita honum embættið.

31. gr.

Prestskosningar má kæra skriflega fyrir yfirkjörstjórn innan viku frá því að kosning fór fram. Getur yfirkjörstjórn ógilt kosninguna og fyrirskipað nýja ef verulegir gallar eru á undirbúningi eða framkvæmd hennar.

Áður en yfirkjörstjórn úrskurðar skal hún leita umsagnar kjörstjórnar.

32. gr.

Með þeim frávikum, sem starfsreglur þessar ákveða og eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til Alþingis gilda um framkvæmd prestskosninga.

Um héraðspresta.

33. gr.

Biskup skipar þann í embætti héraðsprests sem vígslubiskup mælir með að fenginni umsögn héraðsnefndar. Við mat á hæfni umsækjenda skal nefndin hafa til hliðsjónar menntun, starfsaldur, starfsferil og reynslu.

34. gr.

Héraðsprestur skal vera prófasti innan handar og aðstoðar í störfum hans.

35. gr.

Héraðsprestur annast reglulega messuafleysingu, þar sem ástæða þykir til.

36. gr.

Héraðsprestur aðstoðar prófast og presta við að skipuleggja fræðslumál á þjónustusvæði sínu, svo sem á sviði fermingarfræðslu, öldrunarstarfs, við barna- og æskulýðsstarf o.fl.

37. gr.

Um starfsskyldur héraðspresta gilda að öðru leyti ákvæði starfsreglna um starfsskyldur presta.

38. gr.

Um val á héraðspresti fer eftir ákvæðum um val á sóknarpresti og presti eftir því sem við getur átt.

39. gr.

Ef héraðsprestur er skipaður til þjónustu í fleiri en einu prófastsdæmi skal kveðið á um þjónustu hans í erindisbréfi sem biskup gefur út sbr. 8. gr. starfsreglna þessara. Þar skal sérstaklega kveðið á um hvaða prófastur fari með umsjón og hvernig hlutaðeigandi héraðsnefndum ber að uppfylla skyldur sínar gagnvart héraðspresti skv. 1. gr.

40. gr.

Söfnuður getur leitað heimildar biskups Íslands til þess að ráða sér prest til almennra eða sérstakra preststarfa. Um slíka ráðningu, ef heimiluð er, fari að reglum um val á sóknarpresti og presti.

Aukaþjónusta og setning.

41. gr.

Sé um tímabundin forföll eða leyfi skipaðs eða ráðins prests að ræða önnur en sumarleyfi, reglubundinn frídag eða skammvinn veikindi, eða sæki enginn um laust prests-embætti ákveður biskup, að höfðu samráði við hlutaðeigandi prófast, hvort grannprestur skuli gegna embættinu í aukapjónustu eða hvort setja skuli prest í embættið. Að jafnaði skal ekki veita aukapjónustu til lengri tíma en þriggja mánaða og ekki setja í embætti til lengri tíma en til árs í senn.

Ef um embætti sóknarprests er að ræða, skal biskup fara að fyrirætlum 1. mgr. við gerð tillagna til ráðherra um tímabundna setningu eða aukapjónustu.

III. Um verkaskipti.

42. gr.

Sóknarprestur og prestar ákveða hvernig skiptingu starfa þeirra í prestakallinu skuli háttáð í samráði við sóknarnefnd og skulu þeir gera sóknarnefnd og prófasti grein fyrir því skriflega.

43. gr.

Við verkaskipti skal taka af því mið að sóknarbörn njóti þjónustu samkvæmt því sem nánar er um mælt í I. kafla reglna þessara. Hafa ber hliðsjón af heildarskipulagi prestsþjónustu í prestakallinu og prófastsdæminu. Aukaverkum skal skipta jafnt milli presta eftir því sem við verður komið. Við ákvörðun um skiptingu starfa ber enn fremur að hafa hliðsjón af eftirtöldu:

- a) ábyrgð sóknarprests á starfrækslu embættisins
- b) vinnutíma og álagi sem fylgir einstökum verkefnum
- c) hvernig starf var auglýst og kynnt, ef því er að skipta
- d) sérstakri hæfni eða reynslu presta á ákveðnum sviðum
- e) stoðþjónustu annarra presta eða sérhæfðri prestsþjónustu sem kann að vera veitt í prestakallinu
- f) skyldu til að sinna aukapjónustu
- g) sérstökum atvikum eða aðstæðum í prestakalli ef því er að skipta sem gera nauðsynlegt að grípa til sérstakra eða óvenjulegra ráðstafana.

44. gr.

Breyta má skiptingu starfa hafi forsendur breyst. Fer um breytingar eftir ákvæðum 1. og 2. gr. starfsreglna þessara eftir því sem við getur átt.

Komi upp ágreiningur um skiptingu starfa skal málinu vísað til prófasts til úrlausnar. Prófastur leitar álits sóknarnefnda í prestakallinu og allra annarra hlutaðeigandi áður en hann ræður máli til lykta.

45. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 35., 39., 43. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999. Þær skal endurskoða innan tveggja ára frá setningu þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Setja skal prestum erindisbréf fyrir lok ársins 2000.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um þjálfun prestsefna.

1. gr.

Á vegum og á ábyrgð biskups starfar þriggja manna þjálfunarteymi, sem sér um undirbúning guðfræðinema og kandiðata fyrir prestsþjónustu. Biskup ákvarðar starfsviðmið og verklag þjálfunarteymis.

2. gr.

Eigi síðar en í upphafi þriðja árs guðfræðináms skulu þau, sem hug hafa á kirkjulegu starfi að loknu námi, skrá sig til þjálfunar og fundar með biskupi. Þjálfunarteymi fundar árlega með skráðum þátttakendum og oftár ef þurfa þykir.

3. gr.

Komist þjálfunarteymið að þeirri niðurstöðu, að prestsstarf henti einstaklingnum illa, skal það kynnt biskupi, sem fundar síðan með nema/kandiðat.

4. gr.

Árlega skulu þau, sem hafa skráð sig til þjálfunar, sækja námskeið, sem þjálfunarteymi heldur. Þá skulu guðfræðinemar taka þátt í starfi safnaðar með reglulegum hætti og með því kynnast kirkjulífi af eigin raun.

5. gr.

Að fengnum jákvæðum umsögnum heimilar biskup kandiðat að hefja kandiðatsþjálfun. Þjálfunin skal vera minnst tveir mánuðir, hefjast með stofnanakynningu og ljúka með þjálfun

í dreifbýlis- og þéttbýlissöfnuðum. Þjálfunarteymi gerir starfs- og umsagnarreglur fyrir leiðbeinendur og handleiðara og undirbýr vitnisburð í hendur biskupi, áður en kandiðat getur sótt um embætti.

6. gr.

Biskup kallar nývígða presta til vinnuviku eða -vikna tvö fyrstu ár eftir vígslu og tryggir þeim aðgang að handleiðslu.

7. gr.

Um greiðslu til kandiðata og handleiðara fer eftir ákvörðun kirkjuráðs hverju sinni.

8. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um íslensku þjóðkirkjuna erlendis.

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan erlendis er sérstakt viðfangsefni þjóðkirkjunnar og heyrir undir biskup Íslands.

2. gr.

Biskupsstofa hefur þessi verkefni með höndum fyrir íslensku þjóðkirkjuna erlendis:

1. Umsjón með þjónustu, starfrækslu og fjárreiðum þeirra embætta sem biskup semur um.
2. Aðstoð við öflun fjár til starfseminnar og undirbúning samningsgerðar um embætti við hlutaðeigandi aðila, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, ráðuneyti, kirkjuleg stjórnvöld erlendis og íslenska söfnuði.
3. Kynningu á starfseminni jafnt innan kirkjunnar sem utan.
4. Önnur þau verkefni sem biskup felur henni.

3. gr.

Biskup ákveður hvar skuli veita prestsþjónustu meðal Íslendinga erlendis með þeim fjárhagsskorðum sem settar eru í 4. gr.

4. gr.

Til þjónustu íslensku þjóðkirkjunnar erlendis er heimilt að nýta sértekjur og andvirði þriggja þeirra prestsembætta er getur í 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, að meðtöldum embættiskostnaði við jafnmörg prestsembætti á Íslandi.

5. gr.

Um störf og starfsskyldur presta sem starfa innan vébanda íslensku þjóðkirkjunnar erlendis gilda ákvæði starfsreglna um presta eftir því sem við á.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gildandi samningum um og samkomulagi við íslenska presta erlendis, sem þiggja laun frá þjóðkirkjunni, verði sagt upp með löglegum fyrirvara og gengið verði til nýrra samninga á grundvelli þessara starfsreglna eftir því sem við getur átt.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR**um djákna.**

1. gr.

Djákna er skylt að sinna starfi sínu samkvæmt þeirri köllun sem hann hefur hlotið og vígslubréfi, svo og samkvæmt þeim lögum og reglum sem um starf hans gilda á hverjum tíma. Enn fremur ber djákna að fara að ákvæðum ráðningarsamnings og erindisbréfs.

2. gr.

Djáknar starfa á sviði fræðslu- og líknarmála. Djáknar starfa innan safnaðar, stofnunar eða á vegum líknarfélags.

3. gr.

Biskup Íslands auglýsir laus störf djákna í samráði við vinnuveitanda. Biskup kannar hvort umsækjendur uppfylli lögboðin skilyrði til starfsins. Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup umsóknir ásamt umsögn sinni til hlutaðeigandi vinnuveitanda (sóknarnefndar, stofnunar eða líknarfélags), sem ákveður, að höfðu lögboðnu samráði, hver skuli ráðinn og tilkynnir það prófasti.

4. gr.

Vinnuveitandi skal gera skriflegan ráðningarsamning við djákna sem kveður á um starfsskyldur hans. Tilgreina skal sérstaklega í ráðningarsamningi hvaða störfum á sviði líknar- og fræðslumála djákna ber að sinna. Drög að ráðningarsamningi skulu liggja fyrir þegar starfið er auglýst.

5. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði starfsreglna um stöðu, störf og starfshætti sóknarnefnda þegar djákni er ráðinn til starfa af sóknarnefnd.

6. gr.

Djákna ber að hlýða löglegu boði yfirboðara síns.

7. gr.

Djákna ber að viðhalda þekkingu sinni og menntun eftir föngum til að geta ávallt sem best sinnt starfi sínu.

8. gr.

Djákni situr héraðsfundi í því prófastsdæmi sem hann starfar og hefur þar málfrelsi og atkvæðisrétt. Prófastur skal boða djákna prófastsdæmisins til héraðsfundar og annarra funda á vegum prófastsdæmisins eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Biskup skipuleggur starfsþjálfun djákna. Starfsþjálfun skal felast í eftirtöldu:

1. Kynningu á djáknaþjónustu innan íslensku þjóðkirkjunnar.
2. Kynningu á starfi og skipulagi þjóðkirkjunnar.
3. Kynningu á félagslegri þjónustu ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka.

10. gr.

Djáknanemi skal standast faglegt mat biskups til þess að mega öðlast vígslu. Biskup skilgreinir þá þætti sem metnir eru og setur þær kröfur sem djáknanemi skal uppfylla í þessu skyni.

11. gr.

Biskup setur djáknum erindisbréf.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

STARFSREGLUR

um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Með hugtakinu kynferðisbrot í reglum þessum er átt við kynferðislegt ofbeldi annars vegar og kynferðislega áreitni hins vegar.

Kynferðislegt ofbeldi er misnotkun á annarri manneskju þar sem gerandinn beitir eða hótar að beita ofbeldi eða þvingar þolanda á annan hátt kynferðislega. Þessi misnotkun getur verið allt frá káfi, þukli og klúru orðbragði upp í fullframið nauðgunarbrot í skilningi refsilaga.

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu hvort sem áreitnin er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu þar sem kynferði þolandans er í brennidepli. Það sem greinir slíka framkomu frá daðri, vinnahótum og vinsamlegri stríðni er að hún er í óþökk þess sem fyrir henni verður, hún er ekki gagnkvæm og ekki á jafnréttisgrundvelli.

2. gr.

Kirkjuráð útnefnið fagráð á sviði kynferðisbrotamála. Fagráð er skipað þremur mönnum og þremur til vara er hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum. Formaður skal vera lögfræðingur, einn ráðsmaður skal vera læknir eða sálfræðingur eða hafa sambærilega menntun og einn ráðsmanna skal vera guðfræðingur. Varamenn hvers ráðsmanns skulu uppfylla sömu skilyrði.

3. gr.

Hlutverk fagráðs er eftirfarandi:

- að tilnefna talsmenn, sbr. 4. gr. og veita þeim faglegan stuðning
- að fjalla um einstök mál sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og veita henni ráðgjöf um meðferð þeirra
- að meta árangur starfsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf
- að hafa umsjón með fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar í samvinnu við fræðsludeild kirkjunnar, sbr. 9. gr.
- að sinna forvörnum á sviði kynferðisbrota, sbr. 9. gr.

4. gr.

Kirkjuráð útnefnið til fjögurra ára í senn, á grundvelli tillagna fagráðs, sbr. 3. gr., talsmann/talsmenn þeirra sem telja sig þolendur kynferðisbrota innan kirkjunnar. Kirkjuráð ákveður fjölda talsmanna og þjónustusvæði hvers þeirra.

Hlutverk talsmanns er að vera þeim sem telur sig þolanda kynferðisbrots til ráðgjafar og stuðnings.

5. gr.

Talsmaður, að jafnaði kona, skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- hann skal hafa reynslu af því að vinna með þolendum kynferðisbrota
- hann skal hafa háskólamenntun sem getur nýst við verkefnið, s.s. djáknanám, félagsráðgjöf, guðfræði, hjúkrunarfræði, læknisfræði, lögfræði eða sálfræði
- hann skal hafa hlotið þjálfun á vegum kirkjunnar, sbr. 3. gr.

Talsmaður má ekki gegna öðrum störfum innan kirkjunnar.

Heimilt er kirkjuráði að víkja frá ofangreindum skilyrðum ef ógerlegt reynist að uppfylla þau.

6. gr.

Nú telur einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr. og skal hann þá fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá talsmanni. Talsmaður aðstoðar hann við að meta aðstæður og ákveða frekari aðgerðir. Talsmaður aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Talsmaður aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega hjálp og aðstoð. Talsmaður skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt. Eigi barn eða börn í hlut, skal talsmaður eða sá sem hefur vitneskju um ætlað

kynferðisbrot, gegna skilyrðislausri tilkynningaskyldu til hlutaðeigandi barnaverndarnefndar, sbr. 12. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.

Óheimilt er að afgreiða í söfnuði eða sóknarnefnd mál er varðar ætlað kynferðisbrot.

7. gr.

Mæli lög ekki á annan veg er talsmanni og starfsmönnum þjóðkirkjunnar skylt að gæta pagmælsku um einstök mál sem kunna að verða rekin á grundvelli starfsreglna þessara.

Um aðgang að upplýsingum um einstök mál skal farið að gildandi lögum á hverjum tíma.

8. gr.

Meintur gerandi í kynferðisbrotamálum skal talinn saklaus meðan mál hans er til meðferðar.

Skal veita honum og fjölskyldu hans stuðning eftir föngum og aðstoða hann við að finna aðra nauðsynlega hjálp.

9. gr.

Kostnaður við starfrækslu fagráðs og talsmanna, svo og annar kostnaður sem hlýst af starfsreglum þessum, skal greiddur úr kristnisjóði, samkvæmt nánari ákvörðun kirkjuráðs. Kirkjuráð ákveður við gerð fjárhagsáætlunar fyrir kristnisjóð hverju sinni, framlög til fræðslustarfs og forvarna sbr. 3. gr.

10. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar öðlast gildi 1. janúar 1999. Starfsreglur þessar skal endurskoða innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

- a. Liðir 01.13 (1) og (2), sbr. reglugerð nr. 83/1997, orðist svo:
- (1) Bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna sem aðallega er ætluð til vöruflutninga, eða hefur áfestan búnað, og hlotið hefur viðurkenningu sem sendibifreið skv. EBE tilskipun nr. 70/156 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/14, enda hafi bifreiðinni ekki verið breytt hvað varðar fólks- eða farmrými.
 - (2) Bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna, sem aðallega er ætluð til vöruflutninga eða hefur áfestan búnað og er að hámarki fyrir 6 farþega og ekki hefur hlotið viðurkenningu skv. lið (1) telst vera sendibifreið ef munur á burðargetu bifreiðar og reiknaðri þyngd ökumanns og farþega er meiri en sem nemur samanlagðri þyngd farþega samkvæmt eftirfarandi:

$P-(M+75+N \times 68) > N \times 68$.

P = heildarþyngd bifreiðar

M = eiginþyngd bifreiðar

N = fjöldi farþega. *

* Ökumaður reiknast 75 kg en hver farþegi 68 kg.

- b. Liður 01.14 (1), 1. mgr., orðist svo:

Bifreið sem aðallega er ætluð til vöruflutninga, eða hefur áfestan búnað, með leyfða heildarþyngd meiri en 3500 kg og er að hámarki fyrir 6 farþega. Munur á burðargetu bifreiðar og reiknaðri þyngd ökumanns og farþega skal vera meiri en sem nemur samanlagðri þyngd farþega samkvæmt eftirfarandi:

$P-(M+75+N \times 68) > N \times 68$.

P = heildarþyngd bifreiðar

M = eiginþyngd bifreiðar

N = fjöldi farþega. *

* Ökumaður reiknast 75 kg en hver farþegi 68 kg.

2. gr.

4. gr. breytist þannig:

Liður 04.10 (3), sbr. reglugerð nr. 70/1998 og nr. 102/1998, orðist svo:

Ef uppblásanlegur öryggispúði er við framsæti fyrir farþega skal á vel sýnilegum stað við sætið vera myndmerki skv. ECE reg. nr. 94. Þetta gildir þó ekki um sæti sem hefur búnað sem hindrar að púðinn geti blásist upp á meðan barnabílstóllinn er í sætinu.

3. gr.

5. gr. breytist þannig:

Liður 05.30 (3), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

Stýrisbúnaður dráttarvélar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 75/321 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/39, eru uppfyllt.

4. gr.

6. gr. breytist þannig:

- a. Liður 06.07 (1), orðist svo:

Hemlarnir skulu uppfylla ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/12, eða ákvæði ECE reglna nr. 13 hvað varðar gerð og uppbyggingu, eða sambærileg ákvæði.

- b. Liður 06.10 (9), sbr. reglugerð nr. 83/1997, orðist svo:

Aksturshemill skal uppfylla kröfur um lágmarkshemlunargetu við heithemlun skv. EBE tilskipun nr. 71/320 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/12, eða sambærileg ákvæði.

- c. Liður 06.10 (18), sbr. reglugerð nr. 401/1994, orðist svo:

Hemlabúnaður bifreiðar og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/12, eru uppfyllt.

- d. Liður 06.50 (16), sbr. reglugerð nr. 401/1994, orðist svo:

Hemlabúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr. 71/320 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/12, eru uppfyllt.

e. Liður 06.52 (7), orðist svo:

Aksturshemill skal uppfylla kröfur um lágmarks hemlunargetu við heithemlun skv. EBE tilskipun nr. 71/320 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/12, eða sambærileg ákvæði.

5. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. Liður 7.10 (8), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

Glitaugu bifreiðar skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/757 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 97/29, E-merkt í samræmi við ECE reg. nr. 3.02 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.

b. Liður 07.50 (6), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

Glitaugu eftirvagns skulu vera viðurkennd og e-merkt í samræmi við EBE tilskipun nr. 76/757 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 97/29, E-merkt í samræmi við ECE reg. nr. 3.02 eða DOT-merkt í samræmi við FMVSS staðal nr. 571.108.

6. gr.

9. gr. breytist þannig:

a. Liður 09.10 (6), orðist svo:

Bifreið sem dregur ökutæki sem hindrar baksýn með áskildum speglum skal búin viðbótar baksýnisspeglum á báðum hliðum. Speglnir skulu gera ökumanni kleift að sjá beggja vegna aftur með ækinu.

b. Liður 09.30 (4) orðist svo:

Dráttarvél skal búin a.m.k. einum spegli í flokki I. Ef dráttarvélin dregur eftirvagn eða tengitæki sem hindrar baksýn skal hún búin viðbótar baksýnisspeglum á báðum hliðum. Speglnir skulu gera ökumanni kleift að sjá beggja vegna aftur með ækinu.

c. Liður 09.30 (7), sbr. reglugerð nr. 242/1994, orðist svo:

Baksýnisspeglar dráttarvélar og speglunarsvið þeirra með tilliti til staðsetningar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/346 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/40, eru uppfyllt.

7. gr.

12. gr. breytist þannig:

Nýr liður, 12.30 (8), orðist svo:

(8) Hönnunarbundinn hámarkshraði dráttarvélar telst innan marka ef ákvæði í EB tilskipun nr. 97/54 eru uppfyllt.

8. gr.

14. gr. breytist þannig:

Liður 14.30 (3), sbr. reglugerð nr. 83/1997, orðist svo:

Hámarksþyngd dráttarvélar og þyngd á ása hennar telst innan marka ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 74/151 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/38, eru uppfyllt.

9. gr.

18. gr. breytist þannig:

a. Liður 18.10 (14), sbr. reglugerð nr. 70/1998, orðist svo:

Ef bifreið með dísilhreyfli uppfyllir ekki ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/77, skal dísilhreyfill bifreiðarinnar uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna

í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 88/77 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 96/1, eða sambærilegar reglur.

- b. Liður 18.11 (2), sbr. reglugerð nr. 283/1996 og nr. 70/1998, orðist svo:
Fólksbifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun á mengandi efnum í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/77, eða sambærilegar reglur.
- c. Liður 18.12 (8), sbr. reglugerð nr. 401/1994 og nr.70/1998, orðist svo:
Hópbifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/77 eða sambærilegar reglur.
- d. Liður 18.13 (2), sbr. reglugerð nr. 401/1994 og nr. 70/1998, orðist svo:
Sendibifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/77, eða sambærilegar reglur.
- e. Liður 18.14 (2), sbr. reglugerð nr. 401/1994 og nr. 70/1998, orðist svo:
Vörubifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með síðari breytingum, síðast með tilskipun nr. 98/77, eða sambærilegar reglur.

10. gr.

19. gr. breytist þannig:

Liður 19.12 (1), orðist svo:

Ef í hópbifreið er höfuðrofi skal hann geta rofið straum til allra straumrásna nema til ökurita, fjarskiptabúnaðar, hættuljóska og opunarrofa fyrir hurð að utanverðu.

11. gr.

21. gr. breytist þannig:

- a. Liður 21.10 (5), orðist svo:

Tengistóll fyrir festivagn skal þannig gerður og honum þannig komið fyrir að eðlilegur þungi komi frá vagninum á ása bifreiðarinnar og að vagninn hafi nægilegt rými við bifreiðina.

Rofi til að aflétta læsingu á færanlegum tengistól skal tengdur gaumljóni og þannig gerður og frá læsingarbúnaðinum gengið að stóllinn haldist læstur þegar rofanum er ekki haldið í virkri stöðu.

- b. Nýr liður 21.10 (6), orðist svo:

- (6) **Gildistaka:** Ákvæði liðar 21.10 (4) og (5) gilda einnig um bifreið sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

12. gr.

Viðauki II, sbr. reglugerð nr. 83/1997, breytist þannig:

- a. Í stað „3“ í kröfum við tilskipun nr. 72/245/EBE komi 4.
- b. Í niðurlag töflu komi:

97/54/EB

Hönnunarbundinn
hámarkshraði dráttarvélar.

Talan 5 í dálkunum
D1 og D2

13. gr.

Viðauki III, sbr. reglugerð nr. 83/1997, breytist þannig:

Í niðurlag skrár undir liðnum „Dráttarvélar“ komi:

97/54/EB

12.30 (8)

Hönnunarbundinn
- a. Að laust kennslustarf í grunnskóla hafi verið auglýst í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 86/1998, þar sem kveðið er á um að í auglýsingum um laus kennslustörf í grunnskólum skuli m.a. tilgreina sérsvið, þ.e. aðalkennslugreinar og aldursstig nemenda og í samræmi við leiðbeinandi reglur sem Samband íslenskra sveitarfélaga skal setja skv. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 86/1998 og í samræmi við 5. gr. laga nr. 72/1996 um réttindi og skyldur kennara og skólustjórnenda grunnskóla til stundakennarastarfa. Ákvæði þetta um skyldu til auglýsingar á einnig við um lausráðningu starfsmanns sem ekki hefur leyfi skv. 1. gr. laga nr. 86/1998.

- b. Að enginn grunnskólakennari hafi sótt um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar.
- c. Að þrátt fyrir að grunnskólakennari hafi sótt um starfið geti hvorki skólastjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mælt með ráðningu hans og skriflegur rökstuðningur þessara aðila fylgi með umsókninni.
- d. Að upplýsingar og gögn samkvæmt 3. gr. liggi fyrir eftir því sem við á.

5. gr.

Undanþágunefnd kannar hvort skilyrðum 4. gr. sé fullnægt áður en nefndin tekur umsókn efnislega til umfjöllunar. Telji nefndin að ekki hafi verið staðið rétt að auglýsingum ber henni að tilkynna það skólastjóra bréflega og leita skýringa. Ef skriflegar skýringar skólastjóra reynast ekki fullnægjandi að mati nefndarinnar, vísar hún umsókninni frá og kemur hún ekki til úrskurðar nefndarinnar.

6. gr.

Séu skilyrði 4. gr. uppfyllt metur undanþágunefnd umsókn og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða réttindalausán starfsmann til kennslu.

Undanþágunefnd grunnskóla ber að leggja mat á umsókn um lausráðningu starfsmanns á faglegum grunni. Nefndinni ber að byggja mat sitt á málefnalegum sjónarmiðum sem eru til þess fallin að markmið 1., 2., 29. og 30. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 nái fram að ganga.

Nefndin skal taka mið af upplýsingum um menntun, kennsluferil og starfsreynslu þess sem óskað er að ráða og öðrum atriðum er fram koma í umsögn er snerta hæfi hans til starfans.

7. gr.

Ef sótt er um undanþágu vegna þess að hvorki skólastjóri né skólanefndarmaður treystir sér til að mæla með grunnskólakennara til kennslustarfa ber nefndinni að gefa grunnskólakennaranum kost á að tjá sig um framkomin gögn í málinu áður en nefndin kveður upp úrskurð sinn.

8. gr.

Nefndin skal kveða upp úrskurð eins fljótt og verða má, að jafnaði innan tveggja vikna frá því að umsókn barst henni í hendur. Sé mál viðamikið og fyrisjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tilgreina hvenær afgreiðslu sé að vænta.

9. gr.

Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Úrskurður nefndarinnar skal vera skriflegur. Synji undanþágunefnd grunnskóla umsókn, skal fylgja úrskurði nefndarinnar rökstuðningur þar sem fram koma þau sjónarmið sem nefndin byggir niðurstöðu sína á.

Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir skólastjóra svo fljótt sem auðið er.

Nefndin skal halda málaskrá og gerðabók. Nefndin skal árlega senda menntamálaráðherra og þeim sem tilnefna fulltrúa í nefndina, skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.

10. gr.

Undanþágunefnd og starfsmönnum hennar ber að gæta þagmælsku um öll einkamál sem þeir komast yfir í starfi sínu eða í tengslum við það. Undanþágunefnd endursendir skólastjóra fylgigögn með umsókn að uppkveðnum úrskurði.

11. gr.

Málsaðili, skólastjóri, umsækjandi eða grunnskólakennari sem sótt hefur um stöðuna, getur skotið ákvörðun undanþágunefndar grunnskóla til menntamálaráðherra. Skólastjóra er ekki heimilt að ráða leiðbeinanda til starfa ef undanþágunefnd hefur synjað umsókn, þrátt fyrir að úrskurði nefndarinnar hafi verið skotið til ráðherra.

12. gr.

Um málsmeðferð hjá undanþágunefndinni fer að öðru leyti skv. stjórnisýslulögum.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 10. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 14. desember 1998.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 60/1991, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 0,06% í 1. gr. komi: 0,055%.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sturlaugur Tómasson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluta, til að öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis, B-hluti, nr. 266 22. apríl 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

H.1 Almenn notkun:

Vatnsgjald	236 kr./ferm.
Fast gjald	5.607 kr./ár

H.2 Garðyrkjunotkun:

Vatnsgjald	236 kr./ferm.
Fast gjald	14.024 kr./ár

Aðrir taxtar standi óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0407.0000	Frjóegg (af tegund Gallus domesticus)	01.01.-31.12.99	ótilgr.	0	77
0404.9000	Annað (mysuduft)	01.01.-31.12.99	ótilgr.	0	5

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1999 og gildir til 1. janúar 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Nordmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 498, 12. ágúst 1998, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Í stað „31. desember 1998“ í B.-lið 2. gr. komi: 31. ágúst 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 11/1998 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 31. júlí 1998.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1997 og eigna í lok þess árs 19. janúar 1999 í stað 22. desember 1998.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna u-beygju á gatnamótum Gullinbrúar og Hallsvegar. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. desember 1998.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Galtar, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Galtar, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 11. desember 1998.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Lækjasmára í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 19. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 8 við Lækjasmára. Í breytingunni felst að grunnflötur fjölbýlishúss sem fyrirhugað er á lóðinni verði minnkaður; í stað þriggja hæða verði húsið fimm og sjö hæða og bílastæðum á landi verði fækkað um 16 og þau sett í bílgeymslu neðanjarðar. Fjöldi íbúða í fyrirhuguðu húsi breytist ekki. Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. september til 28. október 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 14. desember 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Efra-Hrísness í landi Gufuár við Hálsabyggð í landi Ánabrekku í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. desember 1998.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um niðurfellingu flutningsjöfnunargjalds af olíuvörum.

1. gr.

Ekki skal innheimta flutningsjöfnunargjald af olíuvörum vegna reksturs álversins á Grundartanga. Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara jafnar ekki flutningskostnað vegna rekstursins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 103/1994, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, öðlast gildi 1. febrúar 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 11. desember 1998.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Malbikunarstöðina Höfða, Sævarhöfða 6-12, Reykjavík.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Malbikunarstöðina Höfða, kt. 581096-2919, Sævarhöfða 6-12, Reykjavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. desember 2002.

Reykjavík, 15. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Íslakk hf., Smiðjuvegi 11E, Kópavogi.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Íslakk hf., kt. 601192-2769, Smiðjuvegi 11E, Kópavogi. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. desember 2002.

Reykjavík, 15. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Íslenska járnblendifélagið hf., Grundartanga.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Íslenska járnblendifélagið hf., kt. 640675-0209, Grundartanga. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi 1. júní 1999 og gildir til 30. maí 2009.

Reykjavík, 16. desember 1998.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

SAMÞYKKT

og gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík.

I. KAFLI

Almenn ákvæði um sorphirðu.

1. gr.

Reykjavíkurborg annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu, endurnýtingu eða urðun) frá öllu íbúðarhúsnæði í Reykjavík og frá atvinnuhúsnæði þar sem eigendur þess óska og því verður við komið.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari.

2. gr.

Hreinsunardeild gatnamálastjóra undir yfirstjórn borgarverkfræðings annast sorphirðu fyrir Reykjavíkurborg og sér um samskipti við Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins bs. (Sorpu), sem annast rekstur endurvinnslustöðva, flokkun, endurnýtingu, böggun og urðun.

Heimilt er borgarverkfræðingi að fela verktökum hluta af sorphirðu í borginni. Þeir aðilar sem annast sorphirðu skulu hafa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda íbúðarhúsnæðis er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem borgarstjórn ákveður. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Óheimilt er að láta garðúrgang, jarðefni eða grjót í sorpílát. Jarðvegsefnum þ.m.t. grjóti eða múrbroti skal komið fyrir á sérmerktum losunarstað. Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum öðrum endurvinnanlegum úrgangi skal skilað á endurvinnslustöð.

5. gr.

Hreinsunardeild útvegar sorpílát til notkunar við íbúðarhúsnæði, yfirleitt 240 l plastílát. Þar sem stærra ílát henta við fjölþýlishús getur hreinsunardeild ákveðið notkun þeirra.

Við atvinnuhúsnæði útvegar hreinsunardeild ílát af mismunandi stærðum eftir því sem best þykir henta og við verður komið.

Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað eða fækkað og greiðir hann kostnað af flutningi íláta samkvæmt reikningi. Fjöldi íláta skal ekki vera svo takmarkaður að þau yfirfyllist.

6. gr.

Borgarstjórn ákveður, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, tíðni sorphreinsunar, þ.e. hversu langt er að meðaltali milli tæmingar sorpílata. Er gert ráð fyrir að tíðni verði annað hvort miðuð við vikulega tæmingu að meðaltali eða að tæming verði að meðaltali á 10 daga fresti, en þó aldrei sjaldnar en á 14 daga fresti. Ákvörðun um tíðni getur verið bundin við hluta borgarinnar, svo sem tiltekin hverfi eða borgarhluta eða árstíma, og skal hún kynnt íbúum og fyrirtækjum með hæfilegum fyrirvara.

II. KAFLI

Sorphirðugjald.

7. gr.

Sorphirðugjald við íbúðarhúsnæði miðast við 7 eða 10 daga hreinsunartíðni. Árlegt gjald er sem hér segir og er tunnuleiga innifalin.

	Vikuleg tæming	Tæming á 10 daga fresti
Ílát 240 l	6.000 kr.	5.500 kr.
Gámur 660 l	21.000 kr.	19.250 kr.
Gámur 1100 l	39.000 kr.	37.750 kr.
Poki 100 l	2.700 kr.	2.500 kr.

8. gr.

Árlegt sorphirðugjald við atvinnuhúsnæði er sem hér segir og er ílátaleiga innifalin.

	Vikuleg tæming	Tæming á 10 daga fresti
Ílát 240 l	7.800 kr.	7.000 kr.
Gámur 660 l	27.300 kr.	24.500 kr.

	Vikuleg tæming	Tæming á 10 daga fresti
Gámur 1100 l	50.700 kr.	45.500 kr.
Poki 100 l	3.510 kr.	3.100 kr.

9. gr.

Við atvinnuhúsnæði þar sem mikill úrgangur fellur til, svo og við íbúðir og atvinnuhúsnæði þar sem lítið pláss er fyrir sorpílát, getur húsráðandi óskað eftir aukahreinsun, þ.e. tæmingu íláta milli reglulegra tæminga. Hreinsunardeild sinnir þessu eftir því sem við verður komið og innheimtir kostnað vegna þess með reikningi, sem miðast við raunkostnað.

10. gr.

Í fjölbýlishúsum ákveður hússtjórn umbeðinn fjölda íláta. Sorphirðugjaldið skiptist milli eignarhluta miðað við stærð íbúða.

11. gr.

Í atvinnuhúsnæði skiptist sorphirðugjald miðað við eignarhluta nema eigendur komi sér saman um annað. Hreinsunardeild annast skráningu íláta, og skiptingu gjalds á eigendur.

Í húsum þar sem bæði er atvinnuhúsnæði og íbúðir er fjöldi og stærð íláta, sem skráist á hvern aðila fyrir sig, ákveðinn af hreinsunardeild nema að eigendur komi sér saman um annað.

Við venjulegar aðstæður er 0.85 eining til 1.0 eining skrifuð á íbúð eftir stærð íbúðar, en afgangurinn á atvinnuhúsnæðið. Ein eining svarar til 240 l íláts. Séu íbúðir fleiri en ein skiptist gjald milli þeirra miðað við stærð.

12. gr.

Sorphirðugjald miðast við fjölda og stærð íláta og hreinsunartíðni. Sé þessu breytt, breytist gjaldið miðað við hluta úr ári reiknað í vikum.

Sorphirðugjald innheimtist með fasteignagjöldum og með sömu gjalddögum.

13. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu sorphirðugjalds skal beina til hreinsunardeildar gatnamálastjóra.

14. gr.

Til tryggingar á greiðslu samkvæmt gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun til hreinsunardeildar.

16. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

17. gr.

Framangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur, sem samin er af heibrigðisnefnd Reykjavíkur, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, staðfestist hér samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt og gjaldskrá nr. 147/1991 fyrir sorphirðu í Reykjavík, sbr. br. nr. 46/1996.

Umhverfissráðuneytinu, 21. desember 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um upphafsstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

1. gr.

Til grundvallar við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, skal leggja eftirfarandi upphafsstuðla, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 511, 18. ágúst 1998 um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð:

		Nýtingar- stuðull
Þorskur	- hausadur, án klumbubeins	70,0
	- hausadur, með klumbubeini	77,0
	- flök, með roði og beinum	44,5
	- flök, roðflett, með beinum	41,5
	- flök, roðflett, án þunnilda með beinum	41,5
	- flök, með roði, beinlaus	40,0
	- flök, roðflett og beinlaus	37,0
Ýsa	- hausuð	74,0
	- flök, með roði og beinum	43,0
	- flök, roðflett með beinum	41,0
	- flök, með roði, beinlaus	41,0
Ufsi	- flök, roðflett og beinlaus	39,0
	- hausadur	80,0
	- flök, með roði og beinum	53,0
	- flök, roðflett, með beinum	50,0
Karfi	- flök, roðflett, án þunnilda með beinum	50,0
	- flök, roðflett og beinlaus	48,0
	- skorinn,	55,0
	- slægður, með haus	94,0
	- flök, með roði og beinum	30,0
	- flök, með roði og beinlaus	28,0
	- flök, roðflett, með beinum	27,0
	- flök, roðflett og beinlaus	26,0

		Nýtingar- stuðull
Grálúða	- hausuð	72,0
	- hausuð og sporðskorin	70,0
Steinbítur	- hausauður	68,0
	- flök, roðlaus með beini	35,0
Koli	- hausauður	72,0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 511, 18. ágúst 1998 um mælingar á vinnslu-nýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda vegna ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota skal árið 1999 vera 0,04% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. desember 1998.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um reglur um lágmarksúrtað við úrtaksvigtun.

1. gr.

Ef vigtun afla fer fram með úrtaksvigtun, sbr. 10. gr., 13. gr., 18. gr., og 20. gr. reglugerðar nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávaraflla, skal úrtak tekið í samræmi við auglýsingu þessa.

2. gr.

Úrtak skal tekið af handahófi úr aflanum þannig að það gefi sem réttasta mynd af aflanum.

3. gr.

Um lágmarksfjölda fláta sem tekin eru í úrtak úr afla hvernar tegundar af ísuðum botnfiski eða ísaðri rækju fer skv. þessari grein.

Heildarfjöldi fláta með afla	Lágmarksfjöldi fláta sem tekin eru í úrtak				
	Ísaður botnfiskur			Ísuð rækja	
	Stór kör	Lítill kör	Kassar	Kör	Kassar
1	1	1	1	1	1
2	2	2	2	2	2
3	3	3	3	2	2
4	4	4	4	2	3
5	4	5	5	2	3
6	5	5	6	2	3
7	6	6	6	2	3
8	6	6	7	3	3
9	6	7	8	3	4
10	7	7	9	3	4
11	7	8	9	3	4
12	8	8	10	3	4
13	8	9	10	3	4
14	8	9	11	3	4
15	9	9	11	3	4
16	9	10	12	3	4
17	9	10	13	3	4
18	9	10	13	3	4
19	10	11	13	3	4
20	10	11	14	3	4
21	10	11	14	3	4
22	10	11	15	3	4
23	10	12	15	3	4
24	11	12	16	3	4
25	11	12	16	3	4
26	11	12	16	3	5
27	11	13	17	3	5
28	11	13	17	3	5

Heildarfjöldi fláta með afla	Lágmarksfjöldi fláta sem tekin eru í úrtak				
	Ísaður botnfiskur			Ísuð rækja	
	Stór kör	Lítill kör	Kassar	Kör	Kassar
34	12	14	19	3	5
35	12	14	19	3	5
36	12	14	20	3	5
37	12	14	20	3	5
38	13	14	20	3	5
39	13	14	21	3	5
40	13	15	21	3	5
41	13	15	21	3	5
42	13	15	21	3	5
43	13	15	22	3	5
44	13	15	22	3	5
45	13	15	22	3	5
46	13	15	22	3	5
47	13	15	22	3	5
48	13	16	23	3	5
49	13	16	23	3	5
50	13	16	23	3	5
51	14	16	23	3	5
52	14	16	23	3	5
53	14	16	24	3	5
54	14	16	24	3	5
55	14	16	24	3	5
56	14	16	24	3	5
57	14	16	24	3	5
58	14	16	25	3	5
59	14	16	25	3	5
60	14	17	25	3	5
61	14	17	25	3	5
62	14	17	25	3	5
63	14	17	25	3	5
64	14	17	26	3	5
65	14	17	26	3	5
66	14	17	26	3	5
67	14	17	26	3	5
68	14	17	26	3	5
69	14	17	26	3	5
70	15	17	26	3	5
71	15	17	27	3	5
72	15	17	27	3	5
73	15	17	27	3	5
74	15	17	27	3	5
75	15	17	27	3	5
76	15	17	27	3	5
77	15	18	27	3	5
78	15	18	27	3	5
79	15	18	28	3	5
80	15	18	28	3	5
81	15	18	28	3	5
82	15	18	28	3	5
83	15	18	28	3	5
84	15	18	28	3	5
85	15	18	28	3	5

Heildarfjöldi fláta með afla	Lágmarksfjöldi fláta sem tekin eru í úrtak				
	Ísaður botnfiskur			Ísuð rækja	
	Stór kör	Lítil kör	Kassar	Kör	Kassar
86	15	18	28	3	5
87	15	18	28	3	5
88	15	18	29	3	5
89	15	18	29	3	5
90	15	18	29	3	5
91	15	18	29	3	5
92	15	18	29	3	5
93	15	18	29	3	5
94	15	18	29	3	5
95	15	18	29	3	5
96	15	18	29	3	5
97	15	18	29	3	5
98	15	18	29	3	5
99	15	18	30	3	5
100 og yfir	15	18	30	3	5

4. gr.

Ef afli er geymdur í ískrapa skal vigta allan aflann.

5. gr.

Um lágmarksúrtak við vigtun á hverri tegund afurðar sem unnin er um borð í fiskiskípum fer skv. þessari grein. Úrtak skal tekið fyrir hverja tegund afurðar þannig að það gefi sem réttasta mynd af framleiðslunni. Ef afurð er í fleiri en einni tegund umbúða, skal vigta sérstaklega afurðina í hverri tegund umbúða.

Um vigtun á rækju, annarrar en þeirrar sem skilgreind er í 22. gr. reglugerðar nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, fer samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Heildarmagn afurðar

Eitt tonn eða minna
1 til 25 tonn
25 til 50 tonn
50 til 100 tonn
100 tonn og yfir

Lágmarksúrtak

Öll framleiðslan eða eitt bretti, eftir því sem við á.
1 tonn eða 1 bretti, eftir því sem við á.
2 tonn eða 2 bretti, eftir því sem við á.
3 tonn eða 3 bretti, eftir því sem við á.
4 tonn eða 4 bretti, eftir því sem við á.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 522, 18. ágúst 1998, um vigtun sjávarafla, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar á úthafskarfa 1999.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á úthafskarfa á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V

og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi úr punkti 3 að mörkum fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

Þá er skipum, sem fengið hafa heimild til veiða úr aflamarki annarra aðildarríkja NEAFC en Íslands, óheimilt að hefja veiðar skv. slíkri heimild fyrr en Fiskistofu hefur borist yfirlýsing frá viðkomandi aðildarríki NEAFC um slíkan rétt skipsins til veiða á úthafskarfa. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði 5.-8. gr. gilda um þessar veiðar.

3. gr.

Á árinu 1999 er þeim íslensku skipum, sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr., heimilt að veiða samtals 45.000 lestir af úthafskarfa á svæði því sem skilgreint er í 1. gr. Af því heildarmagni skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki í úthafskarfa á grundvelli aflahlutdeildar þess í úthafskarfa.

4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark, sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

5. gr.

Í upphafi hvernar veiðiferðar skulu skipstjórar með skeyti eða símbréfi, tilkynna til Fiskistofu hvenær veiðar hefjast á úthafskarfa. Þá skulu þeir einnig tilkynna til Fiskistofu hvenær veiðum á úthafskarfa lýkur hverju sinni. Í þessum tilkynningum til Fiskistofu skal áætla magn og samsetningu afla um borð, m.v. afla úr sjó. Ennfremur skal tilkynna fyrirhugaðan löndunartíma og löndunarstað.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku m.v. afla úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags. Í tilkynningunni skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn innan fiskveiðilandhelgi Íslands og hve mikill hluti er fenginn utan. Einnig skal koma fram hve mikill afli er fenginn á 500 m dýpi eða grynnra, hve mikill á 500 - 600 m dýpi og hve mikill á 600 m dýpi eða meira.

Stundi skip veiðar skv. 3. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, skal það koma fram í tilkynningum skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til, nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hvort aflinn eða hve mikill hluti hans er fenginn innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða afla er blandað saman sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 3. gr.

Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 55% nýtingu, sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 28% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinlausum og 26% nýtingu sé honum landað flökuðum roðlausum og beinlausum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,70.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9030	Matjurta og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Inniplöntur:				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.04.99	2.500	30	0
0602.9099	Annars (Pottapl. yfir 1. metri á hæð)	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Úr tollnúmeri:				
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plöntur af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Tollnúmer:				
0603.1002	Innflutningur á öðrum tíma (Nellikur, lokaskegg o.fl.)	01.05.-30.11.99	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslimar Prote, Bankasía o.fl.	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.01.-30.04.99	5.500	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Úr tollnúmeri:				
0603.1009	Blóm af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0603.1009	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
	Tollnúmer:				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.11.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.11.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.99	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Nordmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla nr. 653/1997.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Útreiknuð framlög hvers árs skal leiðrétta þegar endanlegur álagningarstofn útsvars viðkomandi árs liggur fyrir. Leiðréttingin skal fara fram fyrir 31. desember árið á eftir og skal leiðrétting hvers sveitarfélags koma til frádráttar/viðbótar áætluðu almennu jöfnunarframlagi fyrir næsta fjárhagsár eftir leiðréttingardag. Reynist áætlunin lægri en frádráttur er heimilt að taka af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs til að mæta mismuninum.

2. gr.

Síðasta málsgrein 5. töluliðar A hluta 3. greinar verði svohljóðandi:

Þá skal einnig leiðrétta niðurstöðuna m.t.t. kennsluafsláttar kennara og leiðbeinenda vegna aldurs og kennsluferils. Ennfremur skal leiðrétta niðurstöðuna m.t.t. mismunandi meðalgrunnlauna skólastjóra, kennara og leiðbeinenda í grunnskólum þannig að þeir skólar, þar sem meðalgrunnlaun eru umfram meðaltal landsins, fá leiðréttingu til hækkunar en skólar, þar sem meðalgrunnlaunin eru undir meðaltali landsins, fá leiðréttingu til lækkunar. Við þá leiðréttingu skal miða við heildarkjarasamning milli Kennarasambands Íslands annars vegar og launaneftdar sveitarfélaga hins vegar eins og hann er hverju sinni. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja nánari vinnureglur um útreikning slíkra leiðréttinga.

3. gr.

Þriðja málsgrein 5. gr. fellur út.

Á eftir fjórðu málsgrein 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Framlagið skal greitt í einu lagi eftir á fyrir 31. janúar. Við útreikning framlagsins skal raunkostnaður þessara forfalla ársins á undan lagður til grundvallar ásamt áætluðum útsvarstofni sama árs.

Síðasta málsgrein 5. greinar fellur út.

4. gr.

6. grein reglugerðarinnar verði svohljóðandi:

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg framlög til nýbúafræðslu á grunnskólastigi þar sem um slíkt er að ræða. Sveitarfélög, sem ekki reiknast með jöfnunarframlög skv. 3. gr., fá þó ekki framlög samkvæmt þessari grein.

Framlagið skal vera 75.000 kr. á hvern nýbúa á ári miðað við einstaklingskennslu. Þar sem mögulegt er að kenna saman fleiri nemendum lækkar framlagið á hvern nemanda um 7.000 kr. á ári vegna hvers viðbótarnemanda, en verður þó aldrei lægra en 40.000 kr. á nemanda. Framlagið greiðist beint til viðkomandi heimasveitarfélags.

Reykjavíkurborg annast fyrir Jöfnunarsjóð upplýsingaöflun vegna útreiknings framlagsins samkvæmt sérstökum samningi milli Reykjavíkurborgar, Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á grundvelli samningsins annast Reykjavíkurborg einnig kennsluráðgjöf fyrir sveitarfélög utan höfuðborgarinnar.

Í lok hvers skólaárs skal Reykjavíkurborg senda Jöfnunarsjóði og Sambandi íslenskra sveitarfélaga skýrslu um þjónustu þessa.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1998.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

15. desember 1998

Nr. 772

AUGLYSING

um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum.

Með vísun til 12. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 1998 frá 4. september 1998, hefur Vegagerðin ákveðið mestu leyfilega heildarþyngd og leyfðan áspunga ökutækja á þjóðvegum sem hér segir:

A Eftirtaldir þjóðvegir falla undir viðauka I:

Vegur nr.	Heiti	Kaflar
1	Hringvegur	Reykjavík - Austurhlíðarvegur í Reykjadal Reykjahlíð - Hamar Hamarsfirði (náma) Reykjavík - Kirkjubæjarklaustur Hornsvegur - Hoffellsvegur
25	Þykkvabæjarvegur	

Vegur nr.	Heiti	Kafli
26	Landvegur	
264	Rangárvallavegur	Hringvegur við Hellu - Gunnarsholt
F26	Sprengisandsleið	Þjórsárdalsvegur - Hrauneyjafossvirkjun
30	Skeiðavegur	Hringvegur - Flúðir
32	Þjórsárdalsvegur	
34	Eyrbakkavegur	
35	Biskupstungnabraut	Hringvegur - Reykholt
37	Laugarvatnsvegur	Biskupstungnabr. hjá Svínavatni - Laugarvatn
38	Þorlákshafnarvegur	Ásamt ferjuleið til Vestmannaeyja
39	Þrengslavegur	
40	Hafnarfjarðarvegur	
41	Reykjanesbraut	
42	Krýsuvíkurvegur	Norðan Vatnsskarðs
43	Grindavíkurvegur	
44	Hafnavegur	
45	Garðskagavegur	
46	Víknavegur	
49	Nesbraut	
411	Arnarnesvegur	
413	Breiðholtsbraut	
415	Álftanesvegur	
421	Vogavegur	
422	Njarðvíkurvegur	
425	Nesvegur	
431	Hafravatnsvegur	Hringvegur í Mosfellsbæ - Reykjalundarvegur
433	Reykjalundarvegur	
51	Akrafjallsvegur	
53	Hvítárvallavegur	Hringvegur á Seleyri - Grjóteyri (náma)
54	Ólafsvíkurvegur	Borgarnes - Vegamót Snæfellsnesvegur - Ólafsvík
56	Kerlingarskarðsvegur	
57	Snæfellsnesvegur	Stykkishólmsvegur - Ólafsvíkurvegur
58	Stykkishólmsvegur	Ásamt ferju til Brjánslækjar
575	Flugvallarvegur	
576	Framsveitarvegur	Snæfellsnesvegur - Spjör, (náma)
59	Laxárdalsvegur	
506	Grundartangavegur	
509	Akranesvegur	
574	Útnesvegur	Ólafsvík - Móðulækur (náma)
60	Vestfjarðarvegur	Laxárdalsvegur - Króksfjarðarnes Barðastrandarvegur - Djúpvegur
61	Djúpvegur	
62	Barðastrandarvegur	Vestfjarðavegur - Patreksfjörður
63	Bíldudalsvegur	Patreksfjörður - Ketildalavegur
64	Flateyjarvegur	
65	Súgandafjarðarvegur	
617	Tálknafjarðarvegur	Bíldudalsvegur - Stórilaugardalur

Vegur nr.	Heiti	Kafli
619	Ketildalavegur	Bíldudalsvegur - Bíldudalur
72	Hvammstangavegur	
74	Skagastrandarvegur	
75	Sauðárkróksbraut	
76	Siglufjarðarvegur	
77	Hofsósbraut	
711	Vatnsnesvegur	Hvammstangi - Kárastaðir (náma)
741	Neðribyggðarvegur	Skagastrandarv. hjá Enni - Steypustöð
753	Vindheimavegur	Hringvegur - Vallholtsnáma
7230	Uppsalavegur	
82	Ólafsfjarðarvegur	Hringvegur - Ólafsfjörður
83	Grenivíkurvegur	
85	Norðausturvegur	Hringvegur við Kross - Fjallgarðsnáma Hringvegur við Vegaskarð - Hölkná í Þistilf.
87	Kísilvegur	
805	Svarfaðadalsvegur	Ólafsfjarðarvegur - Bakki (náma)
808	Árskógssandsvegur	
809	Hauganesvegur	
811	Hjalteyrarvegur	
815	Hörgárdalsvegur	Ólafsfjarðarvegur - Björg (náma)
816	Dagverðareyrarvegur	Hringvegur - Skipalón (náma)
817	Blómsturvallavegur	Hringvegur - Blómsturvellir (náma)
821	Eyjafjarðarbraut vestri	Hringvegur - Miðbraut
823	Miðbraut	
829	Eyjafjarðarbraut eystri	Hringvegur - Miðbraut
830	Svalbarðseyrarvegur	
845	Aðaldalsvegur	
846	Austurhlíðarvegur	Hringvegur - Laugafiskur (fyrirtæki)
863	Kröfluvegur	
870	Kópaskersvegur	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
92	Norðfjarðarvegur	
96	Suðurfjarðavegur	
98	Djúpavogsvegur	
99	Hafnarvegur	
984	Hoffellsvegur	

B Aðrir þjóðvegir falla undir viðauka II.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1 janúar 1999.

Vegagerðin, 15 desember 1998.

Helgi Hallgrímsson.

Björn Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 579/1993 um aukefni í matvælum, með síðari breytingu nr. 767/1997.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar í kafla A-1 í viðauka 3:

Matvælaflokkar Breyting

- 1-4, 6, 7, 10, 14 og 16 Neðanmálgreinin: „Samanlagt magn litarefnanna Sunset Yellow FCF (E110), Asórábín (E 122), Ponceau 4R (E 124) og Brúnt HT (E 155) má ekki fara yfir 50 mg/kg“ við matvælaflokkanna 1-4, 6, 7, 10, 14 og 16 fellur brott og í staðinn kemur neðanmálgreinin: „Magn Sunset Yellow (E 110), Asórábín (E 122), Ponceau 4R (E 124) og Brúnt HT (E 155) skal ekki fara yfir 50 mg/kg, fyrir hvert efni“ við matvælaflokkanna 1.7, 2.4, 3, 4.3.7, 5.2, 5.3, 6.5, 7.2, 10.5, 14.1.4 og 16.1.
- 1.3.2 Í stað orðanna „þurrt rjómalíki“ kemur „kaffirjómalíki“.
- 2.1.1 Í stað orðsins „askorbýlsterat“ kemur „askorbýlesterar“.
- 2.1.2 Í stað orðsins „askorbýlpalmitat“ kemur „askorbýlesterar“.
- 2.4 Í stað athugasemdarinnar „Alls 3 g/kg, aðeins í vörur í duftformi. Alls 7 g/kg í aðrar vörur“ vegna notkunar á fosfórsýru og fosfötum kemur athugasemdin „Alls 3 g/kg, en 7 g/kg í vörur í duftformi“.
- 4.3.1 Í stað orðsins „—flögur“ í athugasemdum um notkun E 100 kemur „-kirmi“.
- 4.3.4.1 Í stað orðsins „marmelaði“ í athugasemdum um notkun rotvarnarefna og litarefna kemur: „sultur“.
- 4.3.4.1 Tilvísun í neðanmálgrein 3 í athugasemdum vegna notkunar á sykuralkóhólum (E 420, E 421, E 953, E 965, E 966 og E 967) fellur brott og í staðinn kemur tilvísun í neðanmálgrein 1.
- 7.1 Þar sem vísað er til brauða úr hveiti, vatni, salti og geri eða súrdeigsgerlum kemur orðið „eingöngu“ á eftir „brauð“.
- 12.9 Í stað athugasemdarinnar „Aðeins í kjöt-, fisk- og skeldýraeftirlíkingar að mestu gert úr jurtaþróteinum“ vegna notkunar litarefnanna E 100, E 102, E 104, ... , E 160f og E 161b kemur athugasemdin „Alls 100 mg/kg, aðeins í kjöt-, fisk- og skeldýraeftirlíkingar að mestu gert úr jurtaþróteinum“.

- 14.1.4 Í nánari skilgreiningu á heiti matvælaflokksins, sbr. stjórnúmerkingu, komi orðið „saft“ í stað orðsins „safí“.
Í heimildum fyrir notkun fosfórsýru og fosfata komi númerin E 338, E 339-341 í stað númeranna E 339-341.
Athugasemd fyrir kaffein breytist og orðast svo: „135 mg/l, aðeins í tilbúna gosdrykki“.
- 15.2 Athugasemdin „Alls 300 mg/kg“ sem á við um sorbínsýru og sorböt fellur brott og í staðinn kemur athugasemdin „Alls 300 mg/kg“ sem á við um notkun p-Hýdroxýbensóata.
- 16.2 Fyrir litarefnið tartrasín kemur númerið E 102.

2. gr.

Við neðanmálsgreinina „Má ekki nota í þurrkaðar vörur“ í kafla A-2 í viðauka 3 bætist: sem er ætlað að draga í sig vatn við inntöku.

3. gr.

Við a. lið í kafla A-5 í viðauka 3 bætist: • Hámarksákvæði fyrir nítrít og nítröt, sbr. einnig d lið, gilda um það magn efnanna sem notað er við framleiðslu vörunnar. Nítrít skal eingöngu nota sem nítrítsalt, þ.e. matarsalt (NaCl) með 0,4-0,6% af natríum- eða kalíum-nítríti. Með nítríti er æskilegt að nota askorbínsýru eða natríumaskorbat.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 94/36/EB um notkun litarefna og tilskipun 95/2/EB um notkun aukefna, annarra en litar- og sætuefna, með breytingu 96/85/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnun, 21. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERD

um sérsveit ríkislögreglustjórans.

1. gr.

Ríkislögreglustjórnin annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu lögregluliða á landsvísi. Hann skal starfrækja sérsveit lögreglu til að takast á við vopnuð lögreglustörf og öryggismál þegar þörf krefur hvar sem er á landinu og innan efnahagslögsögu Íslands.

2. gr.

Allt forræði sérsveitar lögreglunnar er hjá ríkislögreglustjóranum svo sem starfræksla, stærð, búnaður, þjálfun, rekstur og stefnumótun um verkefni og vinnuaðferðir.

Ríkislögreglustjórinn skal setja verklagsreglur um starfsemi sveitarinnar.

3. gr.

Dómsmálaráðherra felur ríkislögreglustjóranum að fara með lögreglustjórn þar sem sérsveit lögreglunnar er kölluð út vegna vopnaðra lögreglustarfa og öryggismála. Við störf sín lýtur sérsveitin yfirstjórn ríkislögreglustjórans.

4. gr.

Heimilt er að starfrækja sveitina með þeim hætti að stjórnendur hennar starfi hjá ríkislögreglustjóranum í fullu starfi en aðrir lögreglumenn í henni komi til starfa frá öðrum lögreglulíðum vegna þjálfunar eða verkefna hverju sinni.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 7. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996 öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Björg Thorarensen.

GJALDSKRÁ

**yfir þjónustumælingar og aðra útselda vinnu
er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.**

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.080
2. Sérfræðingur I	4.400
3. Sérfræðingur II	5.800

2. gr.

Örverumælingar:	kr./klst.
Undirbúningur sýna	1.200
<i>Clostridium perfringens</i> , forpróf	1.680
<i>Clostridium perfringens</i> , staðfesting	1.560
Enterococci	1.260
Ger- og myglusveppir	1.470
Iðragerlar	1.260
* Kólí- og saurkólígerlar, MPN	1.545

	kr./klst.
* Kólígerlar, MPN	1.200
* <i>Listeria</i> +/-	2.575
* <i>Listeria</i> , greining ef forpróf er jákvætt	2.885
* <i>Listeria</i> , talning	2.575
Mjólkursýrugerlar	1.680
<i>Pseudomonas</i>	1.680
RODAC-skálar með æti, stk.	180
Roðagerlar	1.320
* <i>Salmonella</i>	2.575
Saurkólígerlar og E.coli, MUG	1.545
* Saurkólígerlar, MPN	1.200
* Saurkólígerlar, MPN (eingöngu frárennsli)	2.100
Skálar með sérhæfðu æti	210
* <i>Staphylococcus</i> (forpróf)	1.100
* <i>Staphylococcus</i> (staðfesting)	840
Sterilitetsprófanir á lyfjum	5.180
* Súlfit-afoxandi clostridia	1.295
* Örverutalning, heildarfjöldi	1.080

Stjórnumerkta mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum EN45001.

Efnamælingar:

	kr./klst.
Undirbúningur sýna	1.200
Undirbúningur fljótandi sýnis	795
Undirbúningur stórra sýna.....	1.050
A vítamín	3.990
Ammoníak	1.200
Anisidín	3.700
Aska	1.210
C vítamín	7.230
Drip (vatnstap við þiðnun)	1.400
Ediksýra	1.260
Eðlisþyngd (pycnometer)	4.015
* Fita	2.110
Fitusýrugreining (hrein fita)	9.240
Fitusýrugreining með útdrætti	13.020
Íshúð	1.400
Járn	5.740
Joðtala.....	3.100
Kaldhreinsunarpróf.....	780
Ljósbrott við 20°C	1.205
Meltanleiki	9.700
Nítrít í fóðri og fóðurvörum	2.100
Óbundnar fitusýrur í lýsi	960
Óbundnar fitusýrur í mjölfitu	3.220

	kr./klst.
Ósápanlegt	4.015
Peroxyðtala.....	1.585
* Prótein (Kjeldahl)	2.265
Rotamín	12.870
* Salt (NaCl, AOAC)	1.545
* Salt (NaCl, Volhard)	1.080
Sáputala	2.510
Súlfít	9.800
Sýrustig pH	880
TBA-gildi	6.955
Tegundagreining fiska	12.810
TMA, trimethylamin	2.300
TVN og TMA	2.645
TVN, heildarmagn reikulla basa	2.045
* Vatn.....	790
Vatnsleysanlegt prótein	4.160
Vatnsmæling með toluol	1.250

Stjórnumerktað mælingar hafa hlotið faggildingu samkvæmt staðlinum EN45001.

Snefilefnamælingar:

	kr./klst.
Undirbúningur fyrir þungmálmamælingar	3.650
Arsen	4.370
Blý	4.370
Fosfór	3.260
Járn	3.425
Joð	5.140
Joð (kínétísk mæling)	6.300
Kadmín	4.370
Kalíum	3.425
Kalsíum	3.425
Kopar	3.425
Króm	3.425
Kvikasilfur	4.370
Mangan	3.425
Natríum	3.425
Nikkel.....	3.425
Selen	4.370

Mælingar á salti:

	kr./klst.
Kalíum	5.740
Kalsíum	5.740
Klóríð (titer)	2.100
Kopar	8.950
Kornastærð	5.735
Magnesíum.....	5.740

	kr./klst.
Natríum	5.740
Óleysanlegt í vatni.....	3.235
Raki og bundið vatn	2.225
Súlfat	6.410

3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. gr., er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður rannsókna.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum eða auka mæliblað/vottorð, er tekið sérstakt gjald kr. 1.885. Fyrir greinargerð með niðurstöðum er greitt skv. tímamælingu.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. gr., skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. gr.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og er þá stuðst við taxa sbr. 1. gr. og 2. gr. gjaldskrárinnar.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hún öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 257, 4. maí 1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 21. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um snyrtivörur.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til framleiðslu, innflutnings, dreifingar, notkunar, innihalds og merkinga snyrtivara ásamt kynningu þeirra. Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til vöru sem fellur undir lyfjalög nr. 93/1994.

2. gr.

Snyrtivörur eru efni eða efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar á mannlíkamann s.s. hörund, hár, neglur, varir, ytri kynfæri, tennur eða slímhimnu í munni.

Snyrtivörum er einkum ætlað að hreinsa, breyta útliti, veita ilm, bæta líkamsþef eða vernda og halda líkamshlutum í góðu ástandi.

Í viðauka 1 við reglugerð þessa er leiðbeinandi listi yfir flokka snyrtivara.

Takmarkanir.

3. gr.

Snyrtivörur mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna.

4. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða dreifa snyrtivörum sem innihalda:

- a) Efni sem talin eru upp í viðauka 2. Þó eru leyfar af efnum í viðauka 2 heimilar í snyrtivörum ef tæknilega er ókleift að komast hjá efnaleyfum þrátt fyrir góða framleiðsluhætti.
- b) Efni sem talin eru upp í viðauka 3 ef þau eru notuð utan þeirra marka eða án þeirra skilyrða sem þar er kveðið á um.
- c) Litarefni önnur en þau sem tilgreind eru í viðauka 4. Litarefnin ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Snyrtivörur sem eingöngu eru ætlaðar til hárlitunar eru undanþegnar þessu ákvæði.
- d) Rotvarnarefni önnur en þau sem tilgreind eru í viðauka 5. Rotvarnarefnin ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Heimilt er í sérstökum tilgangi að nota efni sem merkt eru með (x) í viðauka 5 í öðrum styrk en mælt er fyrir um, ef tilgangurinn kemur greinilega fram í kynningu vörunnar.
- e) Efni til síunar útfjólublárra geisla önnur en þau sem tilgreind eru í viðauka 6. Efnin sem ætluð eru til síunar útfjólublárra geisla ber að nota innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um.
- f) Efni eða efnablöndur sem prófuð hafa verið á dýrum. Ákvæði þetta tekur gildi 30. júní 2000.

Merkingar.

5. gr.

Við merkingu og kynningu snyrtivara skal hafa til hliðsjónar að þær mega ekki, við eðlilega notkun, vera skaðlegar heilsu manna. Þess skal einnig gætt að ekki sé notað orðalag, heiti, ímyndir eða önnur tákni, sem gefa til kynna eiginleika sem snyrtivörur hafa ekki.

6. gr.

Ílát og umbúðir fyrir snyrtivörur skulu merktar með óafmáanlegu, auðlæsilegu og greinilegu lettri. Merkingar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Þó skulu notkunarreglur og varnaðarorð sem fram koma í viðaukum 3, 5 og 6 vera á íslensku. Snyrtivörur á úðabrusum skulu vera merktar í samræmi við sérákvæði um merkingar í reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, nr. 236/1990, með síðari breytingum.

7. gr.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á íláti og umbúðum fyrir snyrtivörur:

- a) Nafn og heimilisfang framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

- b) Nettómagn vörunnar gefið upp í einingum metrakerfisins (kg, g, l, ml), nema innihaldið sé minna en 5 g eða 5 ml. Umbúðir ókeypis sýna eða innri umbúðir utan um einstaka skammta eru einnig undanþegin þessum kröfum.
- c) Fyrningardagsetning, fyrir vörur með minna geymsluþol en 30 mánuði. Geymsluþol skal merkjast sem „best fyrir“ þar sem fram kemur dagsetning eða getið er um hvar dagsetninguna er að finna á umbúðunum. Fyrningardagsetning er gefin upp sem mánuður og ár.
- d) Sérstakar varúðarráðstafanir sem viðhafa skal við notkun sem tilgreindar eru í dálkinum „*notkunarreglur og varnaðarorð sem skylt er að prenta á merkimiðann*“ í viðaukum 3, 5 og 6 skulu prentaðar á ílát og umbúðir á íslensku. Ef framangreindum áletrunum verður ekki við komið skulu þær koma fram á fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti sem fylgja íláti og umbúðum og skal það gefið til kynna á umbúðum og íláti annað hvort með styttnum upplýsingum eða tákni, sbr. viðauki 8.
- e) Númer framleiðslulotu eða framleiðslunúmer. Ef vörur eru í smáum ílátum er nægjanlegt að þessar upplýsingar komi fram á ytri umbúðum.
- f) Tilætluð notkun vörunnar, nema það komi skýrt fram í kynningu hennar.
- g) Innihaldsefni snyrtivara í röð eftir minnkandi magni, sbr. 8., 9., 10. og 11. gr. Ef þessu verður ekki við komið skal innihald vörunnar tilgreint á fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti sem fylgja íláti og umbúðum og skal það gefið til kynna á umbúðum og íláti annað hvort með styttnum upplýsingum eða tákni, sbr. viðauki 8.

8. gr.

Heimilt er að skrá innihaldsefni að styrkleika undir 1% á ílát og umbúðir í hvaða röð sem er á eftir efnum sem eru yfir 1% að styrkleika.

Heimilt er að skrá litarefni í hvaða röð sem er á eftir öðrum innihaldsefnum.

9. gr.

Innihaldsefni sem skráð eru á ílát og umbúðir skal tilgreina með heiti í samræmi við nafnakerfi fyrir innihaldsefni snyrtivara INCI¹⁾. Ef slíkt heiti er ekki til skal nota efnaheiti, CTFA²⁾-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni, heiti samkvæmt tilmælum WHO³⁾-, EINECS⁴⁾-, IUPAC⁵⁾-, CAS⁶⁾- eða CI⁷⁾-númer (litaskrárnúmer).

Fyrir efnablöndur sem gefa ilm og angan og þau hráefni sem þær eru unnar úr skal nota orðin „ilmefni“ eða „lyktarefni“ („perfume“ eða „flavour“).

Fyrir snyrtivörur sem framleiddar eru í mörgum litbrigðum er heimilt að skrá öll litarefni á merkimiðann, að því tilskildu að orðunum „getur innihaldið“ („may contain“) sé bætt við.

10. gr.

Þar sem því verður ekki við komið að birta upplýsingarnar sem um getur í staflið g), 7. gr. á íláti, umbúðum, fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti, vegna stærðar, gerðar eða

¹⁾ INCI: International Nomenclature Cosmetic Ingredient

²⁾ CTFA: Cosmetic, Toiletry and Fragrance Association in USA

³⁾ WHO: World Health Organization - Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

⁴⁾ EINECS: European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances — Evrópuskrá yfir markaðssett efni

⁵⁾ IUPAC: International Union of Pure and Applied Chemistry

⁶⁾ CAS: Chemical Abstract Service

⁷⁾ CI: Color-Index - Litaskrá, sbr. Rowe Index, 3. útgáfa, Society of Dyers and Colourists, Bradford, England 1979.

lögunar vörunnar, t.d. þegar um er að ræða sápu, baðkúlur og aðrar smávörur, skal birta þær í tilkynningu við ílátið þar sem viðkomandi snyrtivara er til sýnis og sölu.

11. gr.

Ef snyrtivara inniheldur efni sem fellur undir ákvæði reglugerðar um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, nr. 236/1990, með síðari breytingum, skal merkja vöruna á íslensku í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Undanþágur frá merkingum.

12. gr.

Þegar snyrtivara er markaðssett á Íslandi og um er að ræða fyrstu markaðssetningu hennar á Evrópska efnahagssvæðinu er framleiðanda, innflytjanda eða umboðsmanni heimilt vegna viðskiptaleyndar að sækja um undanþágu frá ákvæðum um merkingu með upplýsingum um ákveðin innihaldsefni, sbr. staflíð g), 7. gr. Sækja skal um undanþáguna áður en varan er sett á markað og skal umsóknin send Hollustuvernd ríkisins.

13. gr.

Umsókn um undanþágu frá innihaldsmerkingum samkvæmt 12. gr. skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- a) Nafn umsækjanda og/eða heiti fyrirtækis.
- b) Heimilisfang umsækjanda.
- c) Nákvæmar upplýsingar um innihaldsefni sem undanþágan á að ná til, þar með talið:
 - 1) CAS-, EINECS- og CI-númer, almennt efnaheiti, IUPAC-heiti, INCI-heiti, heiti í Evrópsku lyfjaskránni og heiti samkvæmt tilmælum WHO,
 - 2) ELINCS⁸⁾-heiti og númer sem efninu er úthlutað ef tilkynnt hefur verið um það í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE⁹⁾, ásamt upplýsingum um samþykki eða synjun umsóknar um undanþágu samkvæmt 19. gr. þeirrar tilskipunar.

Ef heiti eða númer sem um getur í 1. og 2. tl. hér að framan eru ekki til, t.d. þegar um er að ræða náttúruleg innihaldsefni, skal getið um heiti undirstöðuefnis, heiti plöntu- eða dýrahlutans sem efnið er unnið úr svo og heiti hjálpar- og burðarefna, t.d. leysiefna.

- c) Mat á öryggi fullunninnar vöru með tilliti til heilsu manna. Taka skal mið af efnafræðilegri byggingu og áhrifum innihaldsefna á heilsu ásamt notkunarsviði vörunnar.
- d) Fyrirhuguð notkun efnisins, einkum upplýsingar um vöruflokkana sem það er ætlað í.
- e) Ítarleg greinargerð um ástæður fyrir því að sótt er um undanþágu.
- f) Heiti allra vörutegunda sem nota á efnið eða efnin í, séu þau þekkt, ásamt nákvæmum upplýsingum um sérhvert vöruheiti. Ef varan hefur ekki fengið nafn má tilkynna það síðar, þó eigi síðar en 15 dögum áður en hún er sett á markað. Ef efnið er notað í margar vörutegundir er nægilegt að leggja fram eina umsókn, að því tilskildu að Hollustuvernd ríkisins fái skýrar upplýsingar um hverja vörutegund fyrir sig.
- g) Yfirlýsing þar sem fram kemur hvort samskonar umsókn vegna viðkomandi efnis hefur verið send lögbæru yfirvaldi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu ásamt upplýsingum um niðurstöðu þeirrar umsóknar.

14. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal taka umsókn um undanþágu til umfjöllunar og tilkynna umsækjanda ákvörðunina skriflega innan fjögurra mánaða frá því að umsókn berst. Við

⁸⁾ ELINCS: European List of Notified Chemical Substances — Evrópskrá yfir tilkynnt efni

⁹⁾ Stjttíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1

sérstakar aðstæður er heimilt að lengja umfjöllun um umsókn um allt að tvo mánuði en skal þá tilkynna umsækjanda það skriflega og hvenær ákvörðun muni liggja fyrir.

Ef umsókn er samþykkt skal senda umsækjanda skráningartölu sem vörunni er úthlutað. Skráningartalan skal koma fram í innihaldslýsingu í stað innihaldsefnis vörunnar sem um ræðir, sbr. staflíð g), 7. gr.

Sé umsækjanda synjað um undanþágu skal það rökstutt og skulu umsækjanda látnar í té upplýsingar um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfrest.

15. gr.

Allar breytingar á upplýsingum, sem lagðar hafa verið fram samkvæmt 13. gr., skulu sendar svo skjótt sem verða má til Hollustuverndar ríkisins.

Verði breytingar gerðar á heitum snyrtivara með umræddu efni skal tilkynna það Hollustuvernd ríkisins eigi síðar en 15 dögum áður en vörunar eru markaðssettar undir nýju heiti.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að fella undanþágu úr gildi með hlíðsjón af breytlingunum sem um getur í 1. mgr. eða ef þörf krefur vegna nýrra upplýsinga, einkum ef þær varða heilsu manna. Slík ákvörðun skal tilkynnt umsækjanda innan þess frests og í samræmi við þá málsmeðferð sem um getur í 14. gr.

16. gr.

Veitt undanþága gildir í fimm ár. Ef aðili sem fengið hefur undanþágu telur, að sérstakar ástæður séu til þess að lengja gildistíma undanþágunnar, getur hann lagt fram rökstudda umsókn um slíka beiðni til Hollustuverndar ríkisins.

Úrskurða skal um umsókn um framlengingu gildistíma innan sama frests og með sömu skilyrðum og um getur í 14. gr.

Gildistíma undanþágu má ekki framlengja lengur en þrjú ár.

Tilkynningaskylda, eftirlit og rannsóknir.

17. gr.

Þegar snyrtivara er markaðssett á Íslandi og um er að ræða fyrstu markaðssetningu á Evrópska efnahagssvæðinu skal framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður tilkynna Hollustuvernd ríkisins um heimilisfang framleiðanda snyrtivörunnar eða heimilisfang þess aðila sem annast innflutning hennar áður en hún er sett á markað.

18. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt og fer um slíkt samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

19. gr.

Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsmaður snyrtivara skal hafa eftirfarandi upplýsingar tiltækar fyrir eftirlitsaðila:

- Efnasamsetningu vörunnar. Þegar um er að ræða ilmvötn eða ilmgefandi blöndur skal einnig koma fram heiti og flokkunarnúmer ilmefnablöndu ásamt upplýsingum um birgja.
- Eðlisefna- og örverufræðilegar tækniforskriftir hráefna og fullunninna vara, hreinleika efnanna og vottorð um örverufræðilegt eftirlit sem gilda fyrir viðkomandi snyrtivörur.
- Framleiðsluaðferð í samræmi við góða framleiðsluhætti.
- Mat á öryggi fullunninnar vöru með tilliti til heilsu manna. Taka skal mið af efna-

- fræðilegri byggingu og áhrifum innihaldsefna á heilsu ásamt notkunarviði vörunnar.
- e) Nafn og heimilisfang eins eða fleiri einstaklinga sem annast matið, sbr. staflið d).
 - f) Fyrirliggjandi upplýsingar um óæskileg áhrif á heilsu manna vegna notkunar viðkomandi snyrtivöru.
 - g) Gögn er staðfesta verkun sem viðkomandi vara er sögð hafa ef eðli vörunnar eða áhrifanna gefa tilefni til þess.

20. gr.

Rannsóknir á efnainnihaldi snyrtivara skulu framkvæmdar samkvæmt ákvæðum tilskipana um greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, sbr. viðauka 7.

21. gr.

Hollustuvernd ríkisins skal ef svo ber undir annast rannsóknir vegna opinbers eftirlits með snyrtivörum. Stofnunin getur þó falið öðrum viðurkenndum rannsóknarstofnunum, innlendum eða erlendum, að annast slíkar rannsóknir. Farið skal með niðurstöður rannsókna sem trúnaðarmál.

22. gr.

Hafi eftirlitsaðili rökstudda ástæðu til að ætla að tiltekna snyrtivörur, þrátt fyrir að uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar, geti skaðað heilsu manna, þá er honum heimilt að stöðva sölu eða takmarka dreifingu vörunnar tímabundið á meðan rannsókn, sem ekki skal taka lengri tíma en fjórar vikur fer fram. Þó er heimilt að framlengja þennan frest um allt að fjórar vikur ef sérstakar ástæður vegna rannsóknarinnar krefjast að stöðvun sölu eða takmörkun á dreifingu vörunnar verði framlengd.

Telji eftirlitsaðili eftir rannsókn á snyrtivöru þeirri sem sala hefur verið stöðvuð á eða dreifing hennar takmörkuð, að hún sé skaðleg heilsu manna þá er honum heimilt með rökstuðningi að stöðva sölu og dreifingu vörunnar. Framleiðandi eða innflytjandi ber kostnað vegna þeirra sýnishorna sem send eru til rannsóknar svo og allan kostnað af afturköllun vöru. Framleiðandi eða innflytjandi ber allan kostnað af tilkynningu um hættulega vöru sem beint er til almennings, svo sem kostnaðar við tilkynningu í fjölmiðlum.

Ýmis ákvæði og gildistaka.

23. gr.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að snyrtivörur hér á markaði séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

24. gr.

Með brot gegn ákvæðum 1. til 4. og 17. til 22. gr. reglugerðar þessarar skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

25. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu að höfðu samráði við viðskiptaráðherra um merkingar og undanþágu frá merkingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 1. til 8. tl., XVI. kafla, II. viðauka, samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE, 91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EB, 95/17/EB, 95/34/EB, 96/41/EB, 97/1/EB, 97/18/EB, 97/45/EB, 98/16/EB og 98/62/EB, svo og tilskipun 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE, 95/32/EB og 96/45/EB).

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 690/1994, um snyrtivörur, reglugerð nr. 628/1996 um breytingu á reglugerð nr. 690/1994, um snyrtivörur og 9. gr. reglugerðar nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

VIDAUKI 1

Leiðbeinandi listi yfir flokka snyrtivara.

1. Krem, fleyti, húðmjólk, hlaup og olíur fyrir húð (hendur, andlit, fætur o.s.frv.).
2. Andlitsmaskar.
3. Lituð dagkrem (fljótandi, pastí, púður).
4. Föðunarpúður, baðpúður, hreinlætispúður o.s.frv.
5. Handsápa, ilmsápa o.s.frv.
6. Ilmvatn, snyrtivatn og kölnarvatn.
7. Bað- og steypibaðsvörur (sölt, froða, olía, hlaup o.s.frv.).
8. Háreyðingarvörur.
9. Lyktareyðir, svitalyktareyðir.
10. Hársnyrtivörur;
hárlitunar- og aflitunarvörur,
hárlitunar- og aflitunarvörur, festir,
hárlagningarvörur,
hárhreinsivörur (vökvi, hárhreinsiduft, hárfvottalögur),
hárnæringarvörur (vökvi, krem, olía),
hárgreiðsluvörur (vökvi, hárlakk, hárgljái).
11. Rakstursvörur (sápa, froða, vökvi o.s.frv.).
12. Andlits- og augnföðunarvörur og viðeigandi hreinsiefni.
13. Varaáburður.
14. Vörur til tann- og munnhirðu.
15. Naglasnyrtivörur og naglalakk.
16. Vörur fyrir viðkvæm þrif útvortis.
17. Sólbaðsvörur.
18. Brúnkukrem án sólar.

19. Efni til að lýsa húð.
20. Efni sem vinna gegn hrukkum.

VIÐAUKI 2

Listi yfir efni sem óheimilt er að nota í snyrtivörur.

Viðauki 2 er gefinn út í sérstakri handbók sem hægt er að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

VIÐAUKI 3

Listi yfir efni sem leyfð eru í snyrtivörur með ákveðnum skilyrðum.

Viðauki 3 er gefinn út í sérstakri handbók sem hægt er að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

VIÐAUKI 4

Listi yfir litarefni sem leyfð eru í snyrtivörur.

Viðauki 4 er gefinn út í sérstakri handbók sem hægt er að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

VIÐAUKI 5

Listi yfir rotvarnarefni sem leyfð eru í snyrtivörur.

Viðauki 5 er gefinn út í sérstakri handbók sem hægt er að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

VIÐAUKI 6

Listi yfir efni til síunar útfjólublárra geisla sem leyfð eru í snyrtivörur.

Viðauki 6 er gefinn út í sérstakri handbók sem hægt er að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

VIÐAUKI 7

Greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara.

Viðauki 7 er gefinn út í sérstakri handbók sem hægt er að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

VIÐAUKI 8

Tákn sem gefur til kynna að lesa skuli meðfylgjandi leiðbeiningar.



REGLUGERÐ

um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

1. gr.

Eftirlitsskyldir aðilar sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins skulu standa undir kostnaði við rekstur þess. Reglugerð þessi segir til um með hvaða hætti Fjármálaeftirlitið leggur á eftirlitsgjald og hvernig hinir eftirlitsskyldu aðilar skuli standa skil á því.

2. gr.

Eftirlitsskyldir aðilar tilnefna menn til setu í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila skv. 7. gr. laga nr. 87/1998. Í nefndinni skulu eiga sæti einn maður tilnefndur sameiginlega af félögum og einstaklingum sem stunda miðlun váttrygginga, Kvótapingi Íslands, Verðbréfaþingi Íslands og Verðbréfaskráningu Íslands, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra viðskiptabanka, einn tilnefndur af samtökum verðbréfafyrirtækja, einn tilnefndur af samtökum lífeyrissjóða, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sparisjóða og einn tilnefndur af samtökum lánastofnana. Berist ósk um slíkt frá aðilum sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins og ekki eru upp taldir hér að framan er heimilt að fjölga um allt að tvo menn í nefndinni enda sé meirihluti nefndarmanna því samþykktur. Tilkynna skal stjórn Fjármálaeftirlitsins um slíka ráðstöfun.

Eftirlitsskyldir aðilar bera kostnað af starfi samráðsnefndar.

3. gr.

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn Fjármálaeftirlitsins senda samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila áætlun um heildarlaunakostnað, húsnæðiskostnað og samandreginn annan kostnað úr rekstraráætlun fyrir næsta ár.

Eigi síðar en 15. september boðar stjórn Fjármálaeftirlitsins samráðsnefndina til fundar þar sem samráðsnefndinni er gefinn kostur á því að tjá sig um áætlað rekstrarumfang.

Fyrir 20. september sendir stjórn Fjármálaeftirlitsins endanlegar niðurstöðutölur vegna þeirra útgjaldaliða sem tilgreindir eru í 1. mgr. til samráðsnefndar. Samráðsnefnd sendir stjórn Fjármálaeftirlitsins álit sitt á áætluðu rekstrarumfangi fyrir 25. september. Berist álit samráðsnefndar eigi fyrir þann tíma skal svo litið á að nefndin hafi ekki talið tilefni til þess að gefa álit.

Eigi síðar en 25. september skal stjórn Fjármálaeftirlitsins senda viðskiptaráðherra rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins til samþykktar. Skal álit samráðsnefndar fylgja áætluninni. Samþykki ráðherra skal liggja fyrir eigi síðar en 5. október.

Viðskiptaráðuneytið auglýsir í Stjórnartíðindum hundradshluta álagðs eftirlitsgjalds á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila samkvæmt samþykktri rekstraráætlun.

4. gr.

Til þess að standa undir rekstri Fjármálaeftirlitsins greiða eftirlitsskyldir aðilar eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 87/1998.

Álagningargrunnur eftirlitsgjalds er ársreikningur eftirlitsskylds aðila vegna næstliðins árs þegar helstu kennitölur áætlunar Fjármálaeftirlits fyrir næsta ár eru lagðar fyrir samráðsnefnd. Falli starfsemi eftirlitsskylds aðila undir fleiri en eitt svið getur Fjármálaeftirlitið óskað eftir nauðsynlegum gögnum til að unnt sé að leggja á eftirlitsgjald í samræmi við ákvæði 4. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998.

Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast á yfirstandandi ári skal miða álagningu við samanlagða ársreikninga þeirra vegna næstliðins árs.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er nýr á markaði skal miða álagningu við áætlun hans um rekstur fyrir næsta ár. Eftirlitsgjald vegna fyrsta starfsárs nýs eftirlitsskylds aðila skal miðast við áætlun hans um rekstur á því ári. Mismunur álagðs eftirlitsgjalds samkvæmt þessari reikniaðferð og þess sem það hefði orðið samkvæmt rauntölum skal gerður upp þegar ársreikningar vegna viðkomandi ára liggja fyrir. Heimilt er Fjármálaeftirlitinu að semja um að greiðslum vegna þessa mismunar verði dreift á fjóra mánuði. Sé mismunur á þann veg að lagt hafi verið á hærra gjald en lagt hefði verið á samkvæmt ársreikningi skal mismunur dreginn frá næstu greiðslu viðkomandi aðila á álögðu eftirlitsgjaldi.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili hefur ekki skilað inn ársreikningi skal Fjármálaeftirlitið áætla niðurstöðutölur ársreiknings á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga og miða álagningu við þá áætlun.

Verði álagningu eftirlitsgjalds að öðru leyti ekki við komið í samræmi við ákvæði greinar þessarar skal um hana fara skv. 7. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Að fengnu samþykki ráðherra sendir Fjármálaeftirlitið fyrir 1. desember ár hvert hverjum einstökum eftirlitsskyldum aðila tilkynningu um álagningu eftirlitsgjalds næsta árs.

6. gr.

Eftirlitsgjald greiðist ársfjórðungslega með fjórum jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársfjórðungs er 1. janúar og eindagi 15. janúar, gjalddagi 2. ársfjórðungs er 1. apríl og eindagi 15. apríl, gjalddagi 3. ársfjórðungs er 1. júlí og eindagi 15. júlí og gjalddagi 4. ársfjórðungs er 1. október og eindagi 15. október.

Sé eftirlitsgjald ekki greitt fyrir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um dráttarvexti.

7. gr.

Fyrir eftirlit með starfsemi annarri en þeirri sem upp er talin í 1.-7. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998 greiðist samkvæmt reikningi.

Gjaldskrá fyrir eftirlit samkvæmt þessari grein skal samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og liggja þar frammi.

Sé nauðsynlegt að sinna eftirliti samkvæmt þessari grein utan starfsstöðvar Fjármálaeftirlitsins skal akstur, og eftir atvikum annar flutnings- og dvalarkostnaður, greiddur í samræmi við útlagðan kostnað.

8. gr.

Telji Fjármálaeftirlitið að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit gerir ráð fyrir, og að ekki sé eðlilegt að jafna þeim kostnaði á aðra eftirlitsskylda aðila, skal hún gera stjórn stofnunarinnar grein fyrir slíku. Stjórn Fjármálaeftirlitsins getur þá ákveðið að viðkomandi eftirlitsskyldum aðila verði gert að greiða samkvæmt reikningi það umframeftirlit sem nauðsynlegt var að viðhafa. Ákvæði 7. gr. eiga við eftir því sem kostur er í slíkum tilvikum.

9. gr.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi Fjármálaeftirlitsins skal hann ganga hlutfallslega upp í álagt eftirlitsgjald næsta árs.

Verði rekstrartap af starfsemi Fjármálaeftirlitsins skal lagt á eftirlitsskylda aðila viðbótareftirlitsgjald næsta ár á eftir sem nemur rekstrartapinu. Álagning þessi kemur til

framkvæmda þegar niðurstöðutölur rekstrar Fjármálaeftirlitsins liggja fyrir og skal hún vera í sömu hlutföllum og álagning yfirstandandi árs. Heildarálagning afmarkast af hámarki því sem tilgreint er í 3. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998.

10. gr.

Um álagningu eftirlitsskjalds sem eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða til þess að standa undir kostnaði við starfsemi Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999 fer samkvæmt eftirfarandi:

- a. Stjórn Fjármálaeftirlitsins kynnir samráðsnefnd skv. 2. gr., eins og hún er tilnefnd við gildistöku reglugerðar þessarar, drög að helstu útgjaldaliðum rekstraráætlunar fyrir árið 1999. Skal nefndinni gefinn kostur á að láta í ljós álit á áætluðu rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins áður en áætlunin er send ráðherra til samþykktar.
- b. Að liðnum fresti samráðsnefndar til þess að skila álit sendir stjórn Fjármálaeftirlitsins ráðherra eins fljótt og kostur er rekstraráætlun fyrir árið 1999 til samþykktar. Álit samráðsnefndar skal fylgja rekstraráætluninni hafi það borist innan tilskilins tíma.
- c. Þegar ráðherra hefur samþykkt rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 1999 auglýsir viðskiptaráðuneytið þá þegar í Stjórnartíðindum hundraðshluta álagðs eftirlitsskjalds á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila samkvæmt samþykktri rekstraráætlun.
- d. Eins fljótt og kostur er í ársbyrjun 1999 skal senda hverjum einstökum eftirlitsskyldum aðila tilkynningu um álagningu eftirlitsskjalds fyrir árið 1999. Gjaldldagi fyrstu greiðslu skal vera 20. janúar 1999 og eindagi 1. febrúar 1999.
- e. Að öðru leyti en greinir í a.-d. lið þessarar greinar gilda ákvæði reglugerðar þessarar um álagningu og innheimtu eftirlitsskjalds sem lagt er á eftirlitsskylda aðila á árinu 1999.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 7. gr. og 8. mgr. 16. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og öðlast hún gildi þann 1. janúar 1999.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. desember 1998.

Finnur Ingólfsson.

Þórður Friðjónsson.

22. desember 1998

Nr. 778

AUGLYSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 1999.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hlutfall útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitastjórna sbr. lög um tekjustofna sveitafélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 1999 verður 26,41%. Meðalútsvar á árinu 1999, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitastjórna, verður 11,93%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1999 verður því 38,34%.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 1998.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í viðauka II orðist svo:

Til 31. desember 1999 er heimilt að:

- skoða bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II sem hefur tæki til að mæla hemlunarvirgni í akstri, sbr. 3. gr., enda sé fjarlægð að næstu skoðunarstofu I yfir 35 km,
- skoðunarstofa II, endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, og skoðunarstofa I utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar, sé ekki búin tæki til að mæla reykþykkni frá dísilhreyfli bifreiðar,
- endurskoðunarverkstæði og annað verkstæði, þar sem skoðunarstofa annast skoðun ökutækja, sé ekki búin hreyfiplötu og hljóðstyrksmæli.

Til 31. desember 2005 er heimilt að skoðunarstofur á skoðunarsvæði í Vestfjarðakjördæmi séu í flokki II, enda verði séð fyrir viðunandi aðstöðu til að mæla hemlun ökutækja sem eru yfir 3.500 kg.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976, með síðari breytingum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákveða má að í 10. flokki 1999 skuli að loknum útdrætti samkvæmt a) - f) liðum 1. mgr. 13. gr. draga sérstaklega út tiltekinn fjölda vinninga þannig að valdar eru tveggja stafa tölur.

Valið fer fram með notkun átta hólfa stokks og er sú tala, sem fram kemur og síðustu tveir stafir mynda, skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningsnúð. Val er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölnar verða hluti af vinningaskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklastrjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.*Jón Thors.***AUGLÝSING****um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekkubæjar á Hellnum, Snæfellsbæ.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 19. júní 1998 samþykkt nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Brekkubæjar á Hellnum, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan heimreiðar að Brekkubæ og austan þjóðvegur og gerir ráð fyrir 33 húsa sumarhúsabyggð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 22. desember 1998.

Bæjarverkfræðingur Snæfellsbæjar,

Örn T. Johnsen.**TILKYNNING****nr. 5/1998 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.**

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. janúar 1999 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið.

Bifreiðabensín	0,80 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,20 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við

innflutt mótttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 22. desember 1998.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um viðbótarlán.

I. KAFLI

Gildissvið reglugerðarinnar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til lána Íbúðalánasjóðs skv. VII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem ætluð eru einstaklingum, er búa við erfiðar aðstæður og þurfa aðstoð, til kaupa á eigin íbúðarhúsnæði og kemur til viðbótar almennu húsnæðisláni, sbr. 2. tölul. 15. gr. sömu laga.

Um merkingu orða samkvæmt reglugerð þessari fer eftir því sem segir í 2. gr. laga um húsnæðismál.

2. gr.

Gildissvið gagnvart öðrum reglugerðum.

Við meðferð og afgreiðslu umsókna einstaklinga um viðbótarlán skal ennfremur beita ákvæðum reglugerðar um húsbref og húsbrefaviðskipti eftir því sem við á.

II. KAFLI

Veiting viðbótarlána.

3. gr.

Lánshlutfall og lánskjör.

Viðbótarlán má nema allt að 25% af matsverði íbúðar. Um matsverð íbúða gilda ákvæði 20. gr. laga um húsnæðismál, og ákvæði reglugerðar um húsbref og húsbrefaviðskipti.

Að teknu tilliti til áhvílandi veðskuldbindinga má heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs (almennt lán og viðbótarlán) ekki leiða til hærri veðsetningar en 90% af matsverði íbúðar.

Viðbótarlán eru veitt til allt að 40 ára. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 31. gr. laga húsnæðismál.

4. gr.

Réttur til viðbótarláns.

Réttur til viðbótarláns, er auk skilyrða um greiðslugetu, sbr. 8. gr., bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk, sbr. 5. og 6. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja í reglur nánari fyrirmæli um þau atriði, er húsnæðisnefnd skal líta til, við mat á þörf umsækjanda fyrir viðbótarlán, er taki meðal annars mið af:

1. Núverandi húsnæðisaðstæðum.
2. Gerð húsnæðis og ástandi þess.
3. Fjölskyldustærð og fjölda barna.
4. Heilsufari og vinnugetu.

Reglur sveitarfélags samkvæmt 2. mgr. skulu vera aðgengilegar almenningi og birtar með þeim hætti, sem almennt tíðkast um tilkynningar sveitarstjórnar.

5. gr.

Tekjumörk.

Tekjumörk miðast við meðaltekjur sl. þriggja ára, skv. skattskrá. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks og barna, 20 ára og eldri, sem búa á heimilinu.

Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu, er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt Þjóðskrá.

Húsaleigubætur teljast ekki til tekna samkvæmt 1. mgr.

Tekjumörk vegna viðbótarlána miðast við að meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæð en 1.682.000 kr. fyrir hvern einstakling og 280.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna og sambúðarfólks skulu vera 40% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 2.355.000 kr.

Að fengnum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um breytingar á atvinnutekjum milli ára og þróun íbúðarverðs lætur félagsmálaráðherra reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

6. gr.

Eignamörk

Eignamörk miðast við heildareign, að frádregnum heildarskuldum skv. síðustu skattskrá. Eignamörk við veitingu viðbótarlána eru 1.900.000 kr.

Að fengnum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um breytingar á atvinnutekjum milli ára og þróun íbúðarverðs lætur félagsmálaráðherra reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

7. gr.

Undanþágur frá tekju- og eignamörkum.

Húsnæðisnefnd er heimilt að veita umsækjanda, sem hefur tekjur og/eða eignir fyrir ofan tilgreind mörk 5. og 6. gr. undanþágu frá tekju- og/eða eignamörkum á grundvelli mats á högum hans svo sem vegna mikilla skuldsetninga, atvinnuleysis, veikinda eða ef hann býr við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

Í reglum er sveitarstjórn setur skv. 2. mgr. 4. gr. skal kveðið nánar á um beitingu undanþáguheimildar 1. mgr.

Undanþága samkvæmt þessari grein er bundin því að umsækjandi hafi gengist undir greiðslumat, sbr. 2. mgr. 8. gr.

8. gr.

Greiðslumat.

Fjármálastofnanir sem Íbúðalánasjóður hefur gert samninga við, sbr. 3. mgr. 18. gr. laga um húsnæðismál, leggja mat á greiðslugetu umsækjanda um viðbótarlán til kaupa hans á eigin húsnæði.

Greiðslumat samkvæmt reglugerð þessari skal segja til um möguleika umsækjanda til þess að standa undir greiðslubyrði lána, er mega nema allt að 90% af matsverði íbúðar. Um framkvæmd greiðslumats skal beita ákvæðum reglugerðar um húsbref og húsbrefa-viðskipti.

9. gr.

Staðfesting húsnæðisnefndar.

Peir sem telja sig eiga rétt til viðbótarláns, sbr. 4. gr. snúa sér til hlutaðeigandi húsnæðisnefndar. Umsókn um viðbótarlán skal fylgja greiðslumat fjármálastofnunar, sbr. 8. gr. ásamt nauðsynlegum gögnum svo ákveða megi eignir og tekjur umsækjanda, sbr. 5. og 6. gr. Húsnæðisnefnd getur óskað eftir því að umsækjandi og hlutaðeigandi fjármálastofnun láti í té frekari gögn og upplýsingar áður en hún staðfestir umsókn um viðbótarlán.

Telji húsnæðisnefnd, að uppfyllt séu skilyrði fyrir veitingu viðbótarláns og að aðgættum heimildum sveitarfélagsins til þess að ráðstafa viðbótarlánnum, sbr. 14. gr. er nefndinni heimilt að samþykkja veitingu viðbótarláns fyrir allt að 25% af matsverði íbúðar.

Húsnæðisnefnd getur á grundvelli gjaldskrár, er sveitarstjórn hefur staðfest, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga um húsnæðismál, tekið gjald fyrir þjónustu, sem nefndin veitir skv. 1. mgr.

Húsnæðisnefndir geta falið starfsmönnum sínum meðferð og afgreiðslu umsókna samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Íbúðir með áhvílandi viðbótarláni.

Sé íbúð seld með áhvílandi viðbótarláni skal viðbótarlán að jafnaði greitt upp.

Kaupanda sem fengið hefur staðfestingu húsnæðisnefndar á rétti sínum til viðbótarláns er heimilt að fengnu samþykki Íbúðalánasjóðs að yfirtaka áhvílandi viðbótarlán. Íbúðalánasjóður skal gæta þess í samráði við húsnæðisnefnd sveitarfélags að nýr kaupandi uppfylli öll skilyrði laga og reglugerðar þessarar sem sett eru gagnvart þeim sem ætluð eru slík lán.

Heimild til yfirtöku viðbótarláns takmarkast af því, að heildarlánveiting úr Íbúðalánasjóði getur aldrei orðið hærri en 90% af matsverði íbúðar.

11. gr.

Framlag í varasjóð.

Samþykki húsnæðisnefnd veitingu viðbótarláns, sbr. 9. gr., tilkynnir hún hlutaðeigandi fjármálastofnun og Íbúðalánasjóði um það. Á sama tíma skuldbindur sveitarfélag sig til þess að inna af hendi framlag í varasjóð viðbótarlána sem nemur 5% af viðbótarláni sem veitt er til kaupa á íbúðinni.

Þegar Íbúðalánasjóður hefur samþykkt yfirtöku viðbótarláns, sbr. 10. gr. greiðir sveitarfélag 5% framlag af nýju viðbótarláni, er nemur mismun á uppfærðum eftirstöðvum hins yfirtekna láns í skilum og viðbótarláni, er nema má allt að 25 % af matsverði íbúðar, sbr. 1. mgr. 3. gr.

Íbúðalánasjóði er heimilt að ákveða, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að greiðsla á framlagi sveitarstjórnar skuli miðast við fyrirfram ákveðin uppgjörs-tímabil.

Um framlag sveitarstjórnar í varasjóð fer að öðru leyti eftir því sem segir í 45. gr. laga um húsnæðismál og reglugerð um varasjóð viðbótarlána.

12. gr.

Afgreiðsla Íbúðalánasjóðs.

Íbúðalánasjóður fer yfir kaupsamninga, sem gerðir hafa verið með fyrirvara um samþykki sjóðsins, og önnur gögn. Skal sjóðurinn gæta þess að heimild sé fyrir hendi til að ávísá á viðbótarlán svo og að hlutfall lána af kaupverði sé innan tilskilinna marka.

Íbúðalánasjóður skal gæta að því, hvort íbúðarkaupandi sé þegar skráður sem skuldari að viðbótarláni, en hver einstaklingur getur einvörðungu verið skráður skuldari að viðbótarláni vegna einnar íbúðar til eigin nota nema tímabundið við íbúðarskipti. Sama gildir um hjón og sambúðarfólk sem fengið hafa viðbótarlán hvort sem annar aðili eða báðir eru skráðir skuldarar. Íbúðalánasjóði er heimilt að gjaldfella viðbótarlán sé einstaklingur, hjón eða sambúðarfólk skráð fyrir viðbótarláni vegna fleiri en einnar íbúðar.

Samþykki Íbúðalánasjóður kaupin fyrir sitt leyti, heimilar sjóðurinn útgáfu fasteigna-veðbréfs og skuldabréfs vegna viðbótarláns.

Íbúðalánasjóður tilkynnir húsnæðisnefnd um ákvörðun sína og að greiða beri framlag sveitarfélags í varasjóð.

Íbúðalánasjóður afhendir sveitarfélögum ársfjórðungslega skrá yfir fjölda viðbótarlána og með sama hætti skrá yfir gild viðbótarlán í viðkomandi sveitarfélagi. Umrædd skrá skal vera án persónuupplýsinga og hvorki að hafa að geyma upplýsingar um nöfn né önnur auðkenni viðtakenda viðbótarlána.

III. KAFLI

Heimildir sveitarfélaga til þess að ráðstafa viðbótarlánnum.

13. gr.

Áætlanir.

Húsnæðisnefnd sveitarfélags skal árlega gera áætlun um þörf fyrir viðbótarlán í sveitarfélaginu jafnframt því að aðstoða fólk við húsnæðisöflun.

Auk áætlunar samkvæmt 1. mgr. skal í þriggja ára áætlun sveitarfélags, sbr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga áætla þörf fyrir viðbótarlán og greiðslur sveitarfélagsins vegna þeirra í varasjóð viðbótarlána.

Á grundvelli áætlunar sendir sveitarfélag ósk til Íbúðalánasjóðs um að sjóðurinn veiti viðbótarlán upp að tilteknu hámarki sem húsnæðisnefnd hafi heimild til að ávísa á, enda verði gert ráð fyrir framlagi í varasjóð af þeirri fjárhæð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir viðkomandi ár.

Áætlun ásamt umsókn skal berast Íbúðalánasjóði fyrir 1. október ár hvert.

14. gr.

Ákvörðun lánsheimilda.

Þegar fyrir liggur það fjármagn, sem Íbúðalánasjóður hefur til ráðstöfunar hverju sinni til viðbótarlána og vaxtakjör slíkra lána fer Íbúðalánasjóður yfir áætlanir og óskir sveitarfélaga um viðbótarlán og ákveður fyrir 15. nóvember þær lánsheimildir sem hverju sveitarfélagi er heimilt að nýta á næsta ári.

Við afgreiðslu umsóknar litur Íbúðalánasjóður til áætlaðrar þarfar sveitarfélags og þess heildarfjármagns, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Samþykki á yfirtöku viðbótarláns, sbr. 10. gr. skerðir ekki það heildarfjármagn til viðbótarlána sem húsnæðisnefnd sveitarfélags hefur heimild til að ávísa á hverju sinni.

Húsnæðisnefnd skal gæta þess að halda viðbótarlánnum innan þeirra marka sem Íbúðalánasjóður hefur samþykkt og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins kveður á um, sbr. 13. gr.

15. gr.

Endurskoðun lánsheimilda.

Að ósk sveitarfélags er Íbúðalánasjóði heimilt að endurskoða heimildir sveitarfélagsins til þess að ráðstafa viðbótarlánnum, sem ákveðnar hafa verið samkvæmt 14. gr.

Íbúðalánasjóði er heimilt að samþykkja rökstudda umsókn sveitarfélags um auknar heimildir til ráðstöfunar viðbótarlána, enda fylgi slíkri umsókn endurskoðuð áætlun sveitarfélags, sbr. 13. gr.

Samþykki Íbúðalánasjóðs á umsókn samkvæmt 1. mgr. er háð árlegu fjármagni Íbúðalánasjóðs til viðbótarlána, sbr. 14. gr.

Komi í ljós, að sveitarfélag hyggst ekki nýta sér þær lánsheimildir, sem það hefur heimild til að ráðstafa, er Íbúðalánasjóði heimilt að úthluta þeim til annarra sveitarfélaga, sbr. 2. mgr.

Lánsheimildir sem ekki hafa verið nýttar 31. desember falla niður.

IV. KAFLI

Sérákvæði um innlausnaríbúðir.

16. gr.

Viðbótarlán vegna innleystra íbúða.

Á árunum 1999 og 2000 er sveitarfélögum heimilt eftir tillögu húsnæðisnefnda sveitarfélags að ákveða að tiltekinn hluti árlegra viðbótarlána skuli fara til að mæta endursölu innleystra íbúða, enda taki söluverð slíkra íbúða mið af markaðsverði íbúða á viðkomandi svæði.

17. gr.

Umsóknir sem borist hafa fyrir 1. janúar 1999.

Hafi umsókn um félagslega eignaríbúð borist húsnæðisnefnd eftir 15. júní 1998 og uppgjör og lánveiting vegna hennar ekki átt sér stað fyrir 1. janúar 1999 skal umsækjandi eiga kost á viðbótarláni. Áður en húsnæðisnefnd afgreiðir umsókn um viðbótarlán samkvæmt þessari grein skal umsækjandi gangast undir mat á getu sinni til þess að standa undir afborgun lána, sbr. 8. gr.

V. KAFLI

Meðferð ágreiningsmála.

18. gr.

Telji umsækjandi um viðbótarlán eða lánþegi slíks láns á rétt sinn hallað af hálfu húsnæðisnefndar eða sveitarstjórnar, þar sem slík nefnd er ekki starfandi við framkvæmd laga um húsnæðismál eða reglugerðar þessarar, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

VI. KAFLI

Gildistaka.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 30., 31. og 50. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. desember 1998.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

I. KAFLI Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerðin gildir um eftirlit með innflutningi sjávarafurða og afurða vatnafiska.

Reglugerðin gildir ekki um innflutning lifandi vatnafiska. Ennfremur gildir reglugerðin ekki um lifandi sjávardýr, sem ætluð eru til eldis, en tekur til barrahagna og lúðuseiða sem ætluð eru til eldis.

2. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari telst:

Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr.

Fiskafurðir: Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafli.

Sjávarafurðir: Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fóðurvörur unnar úr fiski eða fiskúrgangi.

Eftirlitsaðili: Fiskistofa eða annar eftirlitsaðili sem á vegum hennar er falið eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

Vinnsluskip: Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað og hann hefur verið flakaður, fluttur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip.

Vinnsluleyfishafi: Aðili sem fengið hefur tölusett leyfi frá Fiskistofu til vinnslu, meðferðar, þökkunar eða geymslu sjávarafurða til staðfestingar því að settum skilyrðum laga og reglugerða sé fullnægt.

Þriðja ríki: Ríki sem er utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Viðauka-B-skjal: Vottorð til staðfestingar heilbrigðiseftirliti með vörum sem fluttar eru inn á Evrópska efnahagssvæðið frá þriðja ríki, sbr. viðauki B með reglugerð þessari.

II. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. gr.

Innflytjandi skal tilkynna Fiskistofu um komu sendingar með 24 klst. fyrirvara.

Tilkynningin skal vera skrifleg og í henni koma fram áætlaður komutími, innflutningsstaður, magn, tegund, lýsing á vöru og ákvörðunarstaður, nafn flutningatækis, og eftir því sem við á, skipaskrárnúmer eða flugnúmer.

4. gr.

Vinnsluleyfishafi eða annar viðtakandi sendingar frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins skal halda dagbók yfir mótteknaðar vörur og ganga úr skugga um að samræmi sé milli þeirra og meðfylgjandi skjala áður en þær fara til vinnslu eða dreifingar. Komi fram misræmi skal tilkynna Fiskistofu það án tafar.

Varðveita skal vottorð og önnur skilríki þeim viðkomandi í eitt ár svo að unnt sé að framvísa þeim að kröfu eftirlitsaðila.

5. gr.

Eftirlitsaðila er heimil, án mismununar, skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna úr vörum, sem fluttar eru inn frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Fiskistofa skal gera áætlun um fjölda skyndiskoðana og nánari tilhögun þeirra og senda til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi ef hún óskar eftir að skoða vöruna eða taka sýni úr henni til rannsókna. Berist viðtakanda ekki slík tilkynning áður en losun hefst er honum heimilt að ráðstafa sendingunni.

6. gr.

Komist eftirlitsaðili að því að um sé að ræða fisksjúkdóm, eða að fyrir hendi sé eitthvert það ástand sem stofnað geti dýrum eða mönnum í hættu eða að vörur komi frá svæði sem smitað sé af fisksjúkdómi skal Fiskistofa þegar í stað óska þess að fisksjúkdómanefnd ákveði viðeigandi ráðstafanir.

Fiskistofa skal þegar í stað tilkynna skriflega lögbærum yfirvöldum annarra EES-ríkja og Eftirlitsstofnun EFTA með viðeigandi hætti um þær upplýsingar sem fyrir liggja, ákvarðanir sem teknar hafa verið og rökstuðning fyrir þeim.

7. gr.

Komist eftirlitsaðili að því að vörusending fullnægi ekki skilyrðum sem sett eru í lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim, getur Fiskistofa leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess að eyða vörum eða nota þær í öðrum tilgangi, þar með talið að endursenda þær með leyfi lögbærs yfirvalds framleiðslulands.

Reynist vottorð eða skýrslur ekki samkvæmt settum reglum skal veita sendanda hæfilegan frest til að koma skjölum í lag áður en gripið er til framangreindra úrræða.

Fiskistofa skal þegar í stað senda lögbærum yfirvöldum sendingarríkis tilkynningu um ákvarðanir skv. 1. mgr., rökstuðning fyrir þeim og um ráðstafanir sem hafa verið gerðar.

Komi í ljós, ítrekað, að vörur frá sama aðila fullnægi ekki skilyrðum skv. 1. mgr. skal Fiskistofa tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og viðkomandi yfirvöldum annarra EES-ríkja. Þar til Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir Fiskistofu um ráðstafanir gagnvart viðkomandi starfstöð er Fiskistofu heimilt að auka tíðni skoðana á vörum frá henni.

8. gr.

Fiskistofa skal tilkynna sendanda eða fulltrúa hans skriflega um ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. mgr. 6. og 1. mgr. 7. gr. og rökstuðning fyrir þeim.

Fiskistofa skal að ósk sendanda eða fulltrúa hans veita honum nákvæmar upplýsingar um réttarúrræði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, um málsmeðferðarreglur og tímafresti.

III. KAFLI

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

9. gr.

Innflutningur frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hlotið hafa viðurkenningu þess efnis að framleiðsla og eftirlit með vörum uppfylli kröfur sem gilda á því svæði. Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir ríki, svæði og starfstöðvar sem innflutningur er heimill frá og birtir auglýsingu um hana og breytingar á henni í Stjórnartíðindum.

Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá 1. mgr. ef geyma á vörur í tollvöruhegrymslu og þær á að flytja þaðan til þriðja ríkis, enda sé samræmi milli sendingar og meðfylgjandi skjala, skilyrði 20. gr. reglugerðar þessarar uppfyllt og vörurnar aðskildar frá þeim vörum sem leyfa á innflutning á til Evrópska efnahagssvæðisins.

10. gr.

Skylt er að tilkynna Fiskistofu með 24 klst. fyrirvara um komu sendingar til landsins. Tilkynningin skal send á formi sem fram kemur í viðauka B. Skjalið skal vera í fjórum eintökum, eitt frumrit og þrjú afrit, og skal innflytjandi eða fulltrúi hans fylla út 1. lið á öllum fjórum eintökunum. Hann skal senda eitt eintak til viðkomandi tollyfirvalda, og senda frumritið og hin afritin tvö til Fiskistofu.

11. gr.

Innflutningur skal fara um landamærastöðvar, sbr. 1. mgr. 12. gr.

Heimilt er að landa afla fiskiskipa utan landamærastöðva og skal skoða hann á sama hátt og afla íslenskra skipa.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal landa ónunnum frystum afla fiskiskipa, sem ætlaður er til vinnslu hjá vinnsluleyfshafa, á landamærastöðvum sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. 12. gr. Aflann skal skoða á sama hátt og afurðir vinnsluskipa, sem eru á skrá ráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 9. gr.

12. gr.

Landamærastöðvar skulu staðsettar á Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, Vestmannaeyjum, Keflavíkurlugvelli, Hafnarfirði og í Reykjavík. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar í Reykjavík og á Akureyri. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurlugvelli.

Ennfremur skal staðsetja landamærastöð til eftirlits með ónunnum frystum afla fiskiskipa, sem ætlaður er til vinnslu hjá vinnsluleyfshafa, í Keflavík, Grundarfirði, Patreksfirði, Þingeyri, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, Seyðisfirði, Höfn, Þorlákshöfn og Dalvík.

13. gr.

Fiskistofa eða annar eftirlitsaðili, sem á vegum hennar er falið eftirlit, annast eftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

14. gr.

Eftirlit á landamærastöðvum er þrjúþætt og skal fara fram þegar við komu sendingar til landsins:

1. *Eftirlit með skjölum.* Með því er átt við eftirlit með heilbrigðisvottorðum, vinnsluleyfisnúmerum og öðrum skjölum sem fylgja sendingu.
2. *Eftirlit með auðkenningu.* Með því er átt við að fram fari samanburður á skjölum og sendingu og sannreynt sé að samræmi sé þar á milli.
3. *Eftirlit með heilnæmi.* Í því felst að með skynmati sé kannað hvort sending uppfylli heilbrigðiskröfur Evrópska efnahagssvæðisins. Sé eftirlitsmaður í vafa um niðurstöðu er honum heimilt að taka sýni til efna- eða örverugreiningar.

Frekari reglur um eftirlit samkvæmt 1., 2., og 3. lið eru í viðauka A, C, og D við reglugerð þessa.

15. gr.

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1., 2. og 3. lið 14. gr.:

1. Þegar flytja á vörur inn til landsins.
2. Þegar geyma á vörur í tollvörugeymslu og flytja þær þaðan inn á Evrópska efnahagssvæðið eða móttökustaður er ókunnur.
3. Þegar geyma á vörur í tollvörugeymslu og flytja þær þaðan til þriðja ríkis.

Eftirlit skal fara fram samkvæmt 1. og 2. lið 14. gr.:

1. Þegar um umflutning vara er að ræða eða tímabundna affermingu og þær á að flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið.
2. Þegar um tímabundna affermingu vara er að ræða og þær á að flytja til þriðja ríkis.

Eftirlit má fara fram samkvæmt 1. lið 14. gr. þegar um umflutning vara er að ræða og þær á að flytja til þriðja ríkis.

Vakni grunur um að reglur séu brotnar eða að misræmi sé milli skjala og sendingar er eftirlitsaðila heimilt að hafa ríkara eftirlit.

16. gr.

Að loknu eftirliti skal eftirlitsaðili gefa út viðauka-B-skjal og staðfesta það með undirritun sinni. Frumritið skal síðan afhent viðkomandi tollfyrvöldum áður en tollafgreiðsla fer fram. Eitt afrit skal afhent innflytjanda eða fulltrúa hans og annað afrit varðveitt á landamærastöð.

Eftirlitsaðili skal varðveita, í þrjú ár hið minnsta, frumrit heilbrigðisvottorða sem fylgja með sendingu, ásamt eintaki af viðauka-B-skjali.

17. gr.

Áður en tollafgreiðsla fer fram verður að inna greiðslu vegna eftirlitsins af hendi og, ef við á, að leggja fram tryggingu fyrir þeim kostnaði sem getur fallið til við að endursenda vöru, geyma hana, taka til annarra nota eða eyða henni.

18. gr.

Við flutning vara til tollvörugeymslu og meðan á geymslu stendur skulu vörur vera undir opinberu eftirliti.

Þegar vörur koma til tollvörugeymslu skal fara fram skoðun samkvæmt 1. og 2. lið 14. gr. Fyrir flutning þeirra úr tollvörugeymslu skal gefið út nýtt viðauka-B-skjal, nema þær eigi að flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið og eftirlit skv. 1.-3. lið 14. gr. hafi farið fram á landamærastöð.

19. gr.

Sé sendingu skipt í fleiri hluta skal gefa út nýtt viðauka-B-skjal fyrir hvern hluta fyrir sig. Skjalið skal fylgja viðkomandi hluta til ákvörðunarstaðar ásamt afriti af upprunalegu heilbrigðisvottorði.

20. gr.

Komi sending frá þriðja ríki og áfangastaður hennar er annað þriðja ríki, skal eftirlitsaðili heimila slíkan flutning að því tilskyldu að sönnur séu lagðar fram um að fyrsta ríkið sem vörur eru sendar til skuldbindi sig til þess að vísa þeim ekki frá eða endursenda þær.

21. gr.

Ef vörur eiga að fara til ríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda, sýni hafa verið tekin en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar vara fer frá viðkomandi landamærastöð eða innflutningur er leyfður í sérstökum tilgangi, skal eftirlitsaðili senda upplýsingar um það til viðkomandi landamærastöðvar í móttökuríki með viðeigandi hætti.

22. gr.

Ákvæði þessa kafla nema 4. mgr. 15. gr. gilda ekki um vörur:

1. Sem eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra, að því tilskildu að magnið sé ekki meira en 1 kíló og að vörurnar komi frá þriðja ríki eða svæði sem er að finna á skrá sjávarútvegsráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 9. gr., og að innflutningur sé ekki bannaður frá ríkinu eða svæðinu.
2. Sem eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara vara sé ekki viðskiptalegs eðlis, að magnið sé ekki meira en 1 kíló, að vörurnar komi frá þriðja ríki eða svæði sem talið er upp í skránni, sbr. 2. mgr. 9. gr. og að innflutningur frá landinu sé ekki bannaður.
3. Sem eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatækjum í milli-landaflytningum, að því tilskildu að þær komi frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, svæði eða starfstöð sem innflutningur er ekki bannaður frá. Slíkum vörum eða matar-úrgangi skal fargað þar sem afferming fer fram. Ekki er þó nauðsynlegt að farga vörum ef þær eru fluttar beint eða eftir að hafa verið undir tímabundnu tolleftirliti úr einu flutningatæki í annað.
4. Sem hafa fengið hitameðhöndlun í loftþéttum ílátum með Fo-gildi 3,00 eða meira, ef magnið er ekki meira en 1 kíló og eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra eða eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara vara sé ekki viðskiptalegs eðlis.

23. gr.

Leiði eftirlit í ljós að vörur uppfylla ekki kröfur sem settar eru í lögum eða reglum skal Fiskistofa, í samráði við innflytjanda, fyrirskipa endursendingu innan ákveðinna tíma- marka. Upplýsingar um slíka ákvörðun skulu sendar viðkomandi aðilum með viðeigandi hætti.

Ef endursending er óframkvæmanleg skal farga vörinni.

Unnt er að veita undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. mgr., meðal annars til þess að heimila að vörur séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis.

Innflytjandi eða fulltrúi hans skulu vera ábyrgir fyrir kostnaði sem fellur til vegna framangreindra aðgerða.

24. gr.

Ef ákveðið er að farga vörum skal Fiskistofa gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vörurnar og förgun á þeim sé undir stöðugu opinberu eftirliti. Förgun skal fara fram eins nálægt viðkomandi landamærastöð og kostur er.

Heimili Fiskistofa að vörur séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis, sbr. 3. mgr. 23. gr., skal eftirlitsaðili fylgjast með meðhöndlun og flutningi þeirra, sem fram skal fara í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 342/1996 um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi.

25. gr.

Ef Fiskistofa telur, á grundvelli eftirlits á vörum sem markaðssettar skulu hér á landi, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar reglugerðar í öðru aðildarríki Evrópska efnahags-

svæðisins skal Fiskistofa þegar í stað gera lögbærum yfirvöldum þess ríkis viðvart. Ef Fiskistofa telur skýringar eða ráðstafanir ófullnægjandi skal hún ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi ríkis leita leiða til að bæta ástandið.

Leiði eftirlit, sem um getur í 1. mgr., í ljós ítrekað brot á ákvæðum þessarar reglugerðar skal Fiskistofa tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Þar til tilkynning berst frá Eftirlitsstofnun EFTA um aðgerðir sem grípa á til er Fiskistofu heimilt að efla eftirlit með vörum sem koma frá viðkomandi eftirlitsstað.

26. gr.

Fiskistofa skal tilkynna hlutaðeigandi aðilum skriflega um ákvarðanir sem teknar eru skv. 23. gr. og um rökstuðning fyrir þeim.

Óski viðkomandi aðili þess, skal Fiskistofa einnig veita nákvæmar upplýsingar um réttarúrræði sem hann hefur samkvæmt íslenskum lögum, málsmeðferðarreglur og tímafresti.

IV. KAFLI

Öryggisákvæði.

27. gr.

Í þeim tilfellum þegar sjúkdómur eða annað, sem kann að stofna heilbrigði almennings eða heilbrigði dýra í alvarlega hættu, kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði annars ríkis eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði manna eða dýra réttlætir slíkt getur sjávarútvegsráðuneytið, án fyrirvara, stöðvað innflutning frá viðkomandi ríki eða sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi.

Sjávarútvegsráðuneytinu ber tafarlaust að tilkynna lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja EES, Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn ESB um ákvörðun skv. 1. mgr. Varði ákvörðunin þriðja ríki skal tilkynningin berast framkvæmdastjórn ESB.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar sem framin eru af ásetningi eða gáleysi skal refsa með sektum eða fangelsi ef miklar sakir eru.

29. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

Við gerð þessarar reglugerðar var höfð hliðsjón af tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 89/662, eins og henni var breytt með tilskipunum nr. 90/675, 91/493, 91/494, 91/495, 91/496, 92/45, 92/46, 92/67 og 92/118, tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 90/425 eins og henni var breytt með tilskipunum nr. 90/539, 90/667, 90/675, 91/174, 91/496, 91/628, 92/60, 92/65, 92/118, tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 90/675 eins og henni var breytt með tilskipunum nr. 91/496, 92/118, 92/1601, 92/438, 95/52 og 96/43, tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/496 eins og henni var breytt með tilskipunum 91/628, 92/438 og 96/43, ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 93/13, eins og henni var breytt með ákvörðunum nr. 94/43, 94/305 og 96/32, ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 93/14, ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 94/360 eins og henni var breytt með ákvörðunum

nr. 94/658, 95/54, 95/270 og 96/104 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 94/344 eins og henni var breytt með ákvörðunum nr. 94/461, 94/775, 95/88, 95/230 og 96/106.

30. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. Þó skulu 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. apríl 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

VIÐAUKI A

Reglur um sannprófun skjala og auðkenna vara frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Skjalaskoðun.

Skoða skal hvert heilbrigðisvottorð sem fylgir sendingu frá þriðja ríki, til þess að ganga úr skugga um eftirfarandi:

1. Að það sé frumrit vottorðs eða skjals.
2. Að það eigi við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða svæði slíks ríkis, sem hefur heimild fyrir útflutningi til Evrópska efnahagssvæðisins.
3. Að framsetning og efni sé í samræmi við fyrirmynd vottorðs sem samþykkt hefur verið fyrir viðkomandi vörur og hlutaðeigandi ríki.
4. Að það sé ein pappírsörk.
5. Að það sé fullfrágengið.
6. Að útgáfudagur vottorðs sé sá sami og þegar vörur voru fermdar til flutnings til Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Að það sé stílað á einn viðtakanda.
8. Að það varði starfsstöð sem hefur heimild fyrir útflutningi til Evrópska efnahagssvæðisins.
9. Að það sé á íslensku eða ensku.
10. Að það sé undirritað af lögbæru yfirvaldi og að nafn hans og staða sé skráð með læsilegum hástöfum, og enn fremur að opinber heilbrigðisstimpill viðkomandi ríkis utan Evrópska efnahagssvæðisins sé í öðrum lit en annar texti vottorðsins.
11. Að upplýsingarnar á vottorðinu séu í samræmi við upplýsingarnar á viðauka-B-skjali.

Auðkennaskoðun.

Auðkennaeftirlit skal meðal annars fela í sér eftirfarandi:

1. Sannprófun á innsigli flutningatækis í þeim tilvikum þegar krafa er gerð um slíkt;
2. Að því er allar tegundir vara varðar, athugun á því hvort opinber stimpill eða heilbrigðismerkingar sem gefa upprunalandið og upprunastarfstöðina til kynna séu til staðar og séu í samræmi við vottorðið eða skjalið;
3. Enn fremur, að því er varðar vörur í umbúðum, skoðun á merkingum sem krafist er í lögum eða reglum.

VIÐAUKI B

Vottorð til staðfestingar heilbrigðiseftirliti með vörum sem fluttar eru inn til EES frá þriðja ríki – Certificate for Veterinary Checks on Products introduced into the EEA from Non-Member Countries.

Allar leiðréttingar eða ústrikanir sem ekki eru staðfestar af réttu lögmætu yfirvaldi gera þetta skjal ógilt – Any alteration or erasure on this document by an unauthorized person makes it invalid

1. Upplýsingar um vörusendingu til skoðunar¹⁾

Details of consignment presented¹⁾

Landamærastöð með heilbrigðiseftirlit

Border inspection post carrying out the veterinary checks

Upprunaland

Country of Origin

Útflutningsland

Country where consigned

Sendandi

Consignor

Innflytjandi

Importer

Ákvörðunarland innan EES

Country of destination in the EEA

Tollmeðferð

Customs destination

(Land, viðtakandi, heimilisfang) (Country, establishment, address)

(innflutningur, umflutningur, geymsla) (import, transit, storage)

Flutningsfar

Means of transport

Flug

Flug nr.

Air

Flight No.

Sjó

Nafn skips og gámanúmer

Sea

Vessel name and container No.

Innsigli nr.

Seal No.

Vörunúmer CN code	Vörulýsing Nature of Goods	Geymsluaðferð Type of Preservation	Stykkjafjöldi Number of Packages	Brúttóþyngd Gross Weight	Nettóþyngd Net Weight
Alls Total					

Ætlaður komutími sendingar, dags.,klst. Probable date and time of arrival	Heilnæmis- eða heilbrigðisvottorð: Animal Health and/or Public Health Certificate: Nr: No. _____ Útgáfudagur: Date of issue: _____ Lögmætt stjórnvald: Issuing authority: _____	Innflytjandi fullt nafn: Complete Identification of Declarer:	Dagsetning: Date:
--	---	--	----------------------

¹⁾ Útfyllt af innflytjanda eða umbjóðanda hans.

¹⁾ To be completed by the importer or his representative.

2. Ákvörðun varðandi vörusendingu til skoðunar ¹⁾Decision on consignment ¹⁾

Tilvisunarnúmer:

Reference number: _____

<p>Leyft til notkunar innan EES: Release for free use in the EEA:</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur hæfar til neyslu Products fit for Human Consumption</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur hæfar til dýrafóðurs til: Products destined for animal feed to: _____ (land, fyrirtæki) (country, establishment)</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur til lyfjafæðilegrar notkunar Products destined for pharmaceutical use _____ (land, fyrirtæki) (country, establishment)</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur óhæfar til neyslu og dýrafóðurs Products unfit for human consumption or animal feed use</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur til annarrar úrvinnslu (lýsing) Products destined to undergo other technical treatment (indicate) _____</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur til annarrar notkunar (lýsing) Products for other uses (indicate) _____</p>	<p>Innflutningur til EES undir toll eftirliti Entry into the EEA under Custom Surveillance</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur sendar áfram til annars þriðja ríkis án umhleðslu: Products consigned to another third country without unloading: (Nafn þriðja lands): _____ (Name of third country): _____</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur til geymslu á frísvæði eða í frígeymslu: Products for storage in free zone or free warehouse: (Skrá svæðis eða geymslu): _____ (Name and Address): _____</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur til geymslu í tollvörugeymslu: Products for storage in Customs Warehouse: (nafn tollvörugeymslu): _____ (Name and Address): _____</p> <p><input type="checkbox"/> Vörur til flutnings áfram til aðildaríkis með sérstakur kröfur: Products consigned to a Member State with specific requirements: (Nafn lands og fyrirtækis) og samkvæmt ákvörðun nr.: _____ (Country and establishment and conforming to Decision No. _____)</p>
---	--

<p>Sendingu vísað frá: Importation refused</p> <p>Ástæða: Reason:</p>	<p>Aðgerð ákveðin: Action:</p> <p>Endursendist fyrir: To be returned before: _____</p> <p>Eyðist fyrir: To be destroyed before: _____</p> <p>Til vinnslu í samræmi við 4. gr. ákvörðunar nr. 93/13/EEC: (Nafn vinnslufyrirtækis) To be processed in conformity with Article 4 of Decision 93/13/EEC: (Name, address of processing establishment) _____</p>
---	--

<p>Fullt nafn landamærastöðvar og opinber stimpill:²⁾ Full identification of border inspection post and official seal:²⁾</p>	<p>Dagsetning:²⁾ Date:²⁾</p>	<p>Lögmætt stjórnvald: Competent Authority: _____ Undirskrift: Signature _____ Nafn í stórum prentstöfum: Name in capital letters: _____</p>
--	--	--

<p>Athugasemdir: Remarks:</p>			
<p>Eftirlit framkvæmt: Checks carried out:</p>	<p>Skjalaskoðun: Documents: <input type="checkbox"/></p>	<p>Sannpröfun merkinga: Identity: <input type="checkbox"/></p>	<p>Vöruskoðun: Physical: <input type="checkbox"/></p>
<p>Framkvæmdar rannsóknir: Laboratory tests carried out:</p>	<p>Niðurstöður: Results:</p>		

Innsigli lögmæts stjórnvalds á landamærastöð:
Seal number of official service:

Lögmætt stjórnvald viðtökulands:
Competent authority of place of destination:

¹⁾ Útfyllt á ábyrgð lögmæts yfirvalds. Stríkað yfir það sem ekki á við og merkt við það sem við á.

¹⁾ To be completed by ticking the applicable entry and deleting the others.

²⁾ Útfyllist af lögmætu yfirvaldi á landamærastöð.

²⁾ To be completed by the competent authority responsible for the border inspection post.

VIÐAUKI C

Reglur um eftirlit með heilnæmi.

Heilnæmisskoðun skal framkvæmd við þær aðstæður sem tryggja að skoðun verði með fullnægjandi hætti. Skoða skal 20% sendinga með ferskum og frystum fisk og þurrkuðum og/eða söltuðum fiskafurðum og afurðum í loftþéttum lokuðum ílátum. Sendingar með öðrum afurðum svo sem samlokum skal skoða í 50% tilvika.

Heilnæmisskoðun skal m.a. fela í sér athugun á því:

1. Hvort hitaskilyrði séu í samræmi við kröfur vegna viðkomandi vara sem mælt er fyrir um í reglum þar um;
2. Hvort flutningsskilyrði séu þannig að vörurnar haldist í tilskildu ástandi;
3. Hvort engin ástæða sé til að ætla að frávik frá reglum eigi sér stað meðan á flutningi stendur.

Staðfesting á því að vörur séu í samræmi við upplýsingar á vottorði skal einkum byggjast á eftirfarandi:

1. Sannprófun á því að fjöldi og þyngd stykkja eða pakka sem um getur á meðfylgjandi vottorði samsvari þyngd vörusendingar miðað við þyngd eins stykkis eða eins pakka;
2. Sannprófun á því að ytri og innri umbúðir standist kröfur um efni, ástand, merkingar. Þegar ytri og innri umbúðir hafa verið opnaðar skal kanna heilnæmi hversar vörusendingar til að sannprófa að vörur uppfylli þau skilyrði sem kveðið er á um í reglum um viðkomandi vörur. Fram skal fara skynmat, einkum sjónræn skoðun, til þess að athuga hvort frávik finnist er gera vörur óhæfar til þeirrar notkunar sem tilgreind er á heilbrigðisvottorðum og fylgiskjölum. Þessi skoðun skal að meginreglu til gerð á 1% stykkja eða pakka úr vörusendingu og minnst tveimur og mest tíu stykkjum eða pökkum. Skoðun á vörum í lausri vigt skal framkvæmd á fimm sýnum hið minnsta og skulu þau tekin úr sendingunni á mismunandi stöðum. Meðan skoðun vara stendur yfir er eftirlitsaðila jafnan heimilt að víkja frá hámarki því sem mælt er fyrir um hér að framan. Auk heilnæmisskoðunar sem um getur hér að framan skal heilnæmisskoðun vara, sem ætlaðar eru til manneldis, fela í sér mælingu á hitastigi, ef við á, og athugun á frávikum í útliti, þéttleika, lykt og hugsanlega bragði. Skoða skal frystar og djúpfrystar vörur þegar búið er að þíða þær.

Að auki skal eftirlitsaðili hvenær sem hann telur þörf á slíku fara fram á frekari rannsókn til að sannprófa að farið sé að reglum um innflutning á vörum eða viðskiptum með þær.

Í vafatilvikum skal, þegar búið er að afferma alla sendinguna, fara fram frekari könnun á heilnæmi vara ásamt prófun á viðurkenndri rannsóknastofu, meðal annars til að ákvarða um hvaða tegund sé að ræða ef þurfa þykir.

Að loknu eftirliti og útgáfu viðauka-B-skjals skal eftirlitsaðili gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að staðfesta að opinber athugun á heilnæmi vörusendingar hafi farið fram, einkum með því að innsigla að nýju allar umbúðir sem meðhöndlaðar hafa verið og setja á þær opinberan stimpil, innsigla að nýju alla gáma sem hafa verið opnaðir og tilgreina innsiglisnúmerið sem kemur fram í viðauka-B-skjali og á vottorðum og skjölum sem fylgja með vörusendingunni.

Fiskistofa skal skrá niðurstöður heilbrigðiseftirlits í samræmi við neðangreint form. Skráning skal varðveitt í 18 mánuði hið minnsta frá því að skoðun átti sér stað. Fiskistofa skal senda Eftirlitsstofnun EFTA neðangreint form útfyllt á sex mánaða fresti.

Skráning á skoðunum á sendingum ætluðum inn á EES-svæðið

Vörur	Upprunaland (tveir stafir í ISO skammstöfun)	Númer sendingar	Númer hafnað	Ástæða fyrir höfnun	Athugasemdir ¹⁾
¹⁾ M.a., ef við á, upplýsingar um leyfisnúmer þeirrar starfsstöðvar sem vörusending sem hafnað er kemur frá.					
Höfnun skilgreind: A. Niðurstaða skjalaskoðunar B. Niðurstaða heilnæmisskoðunar ófullnægjandi varðandi heilbrigði dýra C. Niðurstaða heilnæmisskoðunar ófullnægjandi varðandi manneldiskröfur					

VIDAUKI D
Rannsóknarstofuprófanir.

Fiskistofa skal útbúa eftirlitsáætlun vegna prófana á viðurkenndri rannsóknastofu til að sannprófa að farið sé að heilbrigðisreglum. Í áætluninni skal koma fram hvernig staðið skuli að sýnatöku, meðferð og geymslu sýna og tilkynningum til annarra eftirlitsaðila og Eftirlitstofnunar EFTA.

REGLUGERÐ

um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Fiskiskip er hvert það skip sem notað er í atvinnuskyni annað hvort til fiskveiða eða til að veiða og vinna fisk eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.

Nýtt fiskiskip er hvert það fiskiskip sem er 15 metrar eða lengra milli lóðlína og um er gerður 23. nóvember 1995 eða síðar:

- a) samningur um smíði eða meiri háttar breytingu; eða
- b) samningur um smíði eða meiri háttar breytingu sem gerður er fyrir 23. nóvember 1995 og er afhent þremur eða fleiri árum eftir þann dag; eða
- c) ef smíðasamningur er ekki fyrir hendi:
 - kjölur er lagður, eða
 - smíði sem tengja má beint við tiltekið skip hefst, eða
 - samsetning hefur hafist þar sem notuð eru að minnsta kosti 50 tonn eða 1% af áætluðum massa alls smíðaefnis, hvort sem minna er.

Eldra fiskiskip er hvert það fiskiskip sem er 18 metrar eða lengra milli lóðlína og er ekki nýtt fiskiskip.

Fiskiskip er nýtt fiskiskip eða fiskiskip í notkun.

Starfsmaður er einstaklingur sem gegnir starfi um borð í skipi, þar með taldir viðvaningar og lærlingar en að undanskildum landmönnum sem gegna starfi um borð í skipum sem liggja við bryggju og hafnsögumönnum.

Eigandi er skráður eigandi skips, nema skipið hafi verið leigt samkvæmt samningi, eða sé annaðhvort að fullu eða að hluta undir stjórn einstaklings eða lögaðila annars en skráðs eiganda samkvæmt skilmálum stjórnunarsamnings; í slíkum tilvikum skal eigandi vera tilgreindur, eftir því sem við á, sem samningsleigutaki eða einstaklingur eða lögaðili með skipið undir stjórn.

Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.

2. gr.

Almenn ákvæði.

Eigendur skulu tryggja að skip þeirra séu notuð þannig að öryggi og heilsu starfsmanna verði ekki stofnað í hættu, einkum ef horfur eru á tvísýnum veðurskilyrðum, með fyrirvara um ábyrgð skipstjóra.

Taka verður tillit til hættu sem aðrir starfsmenn eru í þegar 4. mgr. 8. gr. reglugerðar um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, er beitt.

Öllum atvikum á sjó sem hafa eða geta haft áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna um borð skal lýst í nákvæmri skýrslu sem senda skal Siglingastofnun Íslands og þau skráð gaumgæfilega og nákvæmlega í dagbók skipsins.

Siglingastofnun Íslands skal með reglulegu millibili hafa eftirlit með því hvort reglugerð þessari er framfylgt. Slík skoðun má fara fram á sjó.

3. gr.

Ný fiskiskip.

Ný fiskiskip skulu uppfylla lágmarkskröfur um öryggi og hollustu sem mælt er fyrir um í I. viðauka eigi síðar en 15. desember 1999.

4. gr.

Eldri fiskiskip.

Eldri fiskiskip skulu uppfylla lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka eigi síðar en 23. nóvember 2002.

5. gr.

Viðamiklar viðgerðir og breytingar.

Séu framkvæmdar viðamiklar viðgerðir eða breytingar á skipum skulu viðgerðir eða breytingar þessar uppfylla viðeigandi lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

6. gr.

Búnaður og viðhald.

Að teknu tilliti til ábyrgðar skipstjóra skulu eigendur til að gæta öryggis og heilsu starfsmanna tryggja:

- a) að skipunum ásamt útbúnaði og tækjum, einkum þeim sem um getur í I. og II. viðauka, sé tæknilega við haldið og komi í ljós gallar í þeim sem geta haft áhrif á öryggi og/eða heilsu starfsmanna verði þeir lagfærðir eins fljótt og auðið er;
- b) að gerðar séu þær ráðstafanir að tryggt sé að skipið og allur útbúnaður og tæki þess séu hreinsuð reglulega til þess að viðhalda nægilegu hreinlæti;
- c) að um borð í skipi sé nægilega mikið af öryggis- og björgunarbúnaði í góðu ásigkomulagi;
- d) að hafðar séu til hliðsjónar lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði í tengslum við öryggis- og björgunarbúnað sem um getur í III. viðauka;
- e) að teknu tilliti til ákvæða reglna nr. 497/1994, um notkun persónuhlífa, að höfð sé hliðsjón af tækniforskriftum fyrir persónuhlífar sem um getur í IV. viðauka.

7. gr.

Upplýsingar fyrir starfsmenn.

Að teknu tilliti til 10. gr. reglugerðar um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, skal upplýsa starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra um allar þær ráðstafanir sem gerðar eru vegna öryggis og hollustu um borð í skipum.

Upplýsingarnar skulu vera settar fram með þeim hætti að þeir starfsmenn sem þeim er beint til geti með auðveldum hætti skilið þær.

8. gr.

Þjálfun starfsmanna.

Að teknu tilliti til 12. gr. reglugerðar um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum, skulu starfsmenn hljóta viðeigandi þjálfun, einkum í forni nákvæmra og skiljanlegra leiðbeininga um öryggi og hollustu um borð í skipum og sérstaklega um slysavarnir.

Þjálfunin sem um getur í 1. mgr. skal einkum taka til slökkvistarfa, notkunar öryggis- og björgunarbúnaðar fyrir starfsmennina sem í hlut eiga, notkunar veiðarfæra og lyftibúnaðar ásamt notkun ýmissa tegunda merkja, að handmerkjum meðtöldum.

Slík þjálfun skal eftir þörfum aðlöguð breytingum á starfsháttum um borð.

9. gr.

*Umfangsmikil þjálfun einstaklinga
sem vænta má að hafi með höndum stjórn á skipum.*

Að teknu tilliti til 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 365/1998 um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, skulu einstaklingar sem vænta má að hafi með hendi stjórn á skipum fá umfangsmikla þjálfun í:

- a) að koma í veg fyrir veikindi af völdum vinnu, slysa um borð í skipum og viðbrögð við slysum sem kunna verða;
- b) stöðugleika og viðhaldi skips við allar fyrirsjáanlegar hleðsluaðstæður þess við fiskveiðar;
- c) siglingu með hjálp radíómerkja og fjarskiptum, þ.m.t. aðferðum þar að lútandi.

10. gr.

Samráð við starfsmenn.

Samráð starfsmanna og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka í viðræðum um mál sem falla undir reglugerð þessa eða viðauka hennar skulu fara samkvæmt 11. gr. reglugerðar um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

11. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 29. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

12. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum og með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/103/EBE frá 23. nóvember 1993 um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum (þrettánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE), öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 14. desember 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um öryggi og hollustuhætti um borð í nýjum fiskiskipum.

(3., 5. gr. og a-liður 1. mgr. 6. gr.)

Almenn athugasemd.

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka þessum eiga ávallt við þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, vegna þeirrar starfsemi sem stunduð er, umhverfis eða aðsteðjandi hættu um borð í nýju fiskiskipi.

1. Haffæri og stöðugleiki.

- 1.1. Skipinu skal haldið í haffæru ástandi og um borð í því skal vera viðeigandi búnaður sem hentar tilgangi þess og notkun.
- 1.2. Upplýsingar um stöðugleika skipsins skulu vera fyrir hendi um borð og vera aðgengilegur mönnum sem ganga vaktir.

2. Vél- og rafbúnaður.
- 2.1. Rafbúnaður skal þannig hannaður og útfærður að engin hætta fylgi og að tryggt sé:
 - að skip og skipshöfn sé varin gegn hættu af völdum rafmagns,
 - að allur búnaður sem nauðsynlegur er til að viðhalda eðlilegri starfsemi og líffsskilyrðum virki með eðlilegum hætti án þess að neyðarorkubirgðir séu nýttar,
 - að raftæki sem eru nauðsynleg vegna öryggis í öllum neyðartilvikum starfi rétt.
- 2.2. Séð skal fyrir neyðarorkuveitu.

Neyðarorkuveitan skal staðsett utan vélarrúms, nema ef um er að ræða opið skip, og skal í öllum tilvikum þannig komið fyrir að þótt eldsvoði eða bilun verði í aðalraforkuveitu skuli í minnst þrjár klukkustundir vera hægt að starfrækja:

 - innanhússboðskiptakerfi, eldskynjara og neyðarmerkjagjafa,
 - siglingaljós,
 - rafknúna neyðarslökkvidælu, ef hún er fyrir hendi.

Ef neyðarorkuveita er rafgeymir og aðalorkuveitan bregst skal rafgeymirinn tengjast sjálfvirkt við skiptiborð fyrir neyðarraforku og veita orku óslitið í þrjár klukkustundir til kerfanna sem um getur í fyrsta, öðrum og þriðja undirlitð annarrar undirgreinar. Aðalraforkuskriptiborð og neyðarskriptiborð skulu eftir fremsta megni vera sett þannig upp að þau verði ekki samtímis fyrir vatns- eða eldskemmdum.
- 2.3. Skiptiborð skulu greinilega merkt; útsláttaröryggiskassar og -hylki skulu reglulega skoðuð til að tryggja að rétt stærð vartappa sé notuð.
- 2.4. Rafeindasiglingatæki skulu prófuð oft og þeim haldið vel við.
- 2.5. Allur spil- og lyftibúnaður skal prófaður og skoðaður reglulega.
- 2.6. Öllum hlutum spil- og lyftibúnaðar og tengds búnaðar skal haldið vel við og vera í góðu lagi.
- 2.7. Ef kæli- og þrýstiloftskerfi eru um borð skal þeim haldið vel við og þau skoðuð reglulega.
- 2.8. Eldunar- og heimilistæki sem brenna þungu gasi skulu eingöngu notuð þar sem loftræsting er fullnægjandi og þess skal gætt að ekki myndist hættulegar lofttegundir við notkun þeirra. Þrýstihylki sem innihalda eldfimar og aðrar hættulegar lofttegundir skulu merkt með innihaldi þeirra og varðveitt á opnum þilförum. Allir lokar, þrýstijafnarar og leiðslur frá þrýstihylkjunum skulu varin fyrir skemmdum.
3. Undankomuleiðir og neyðarútgangar.
- 3.1. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við reglur nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.
- 3.2. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.
4. Eldvarnir og slökkvistarf.
- 4.1. Ávallt skal ganga úr skugga um að slökkvitæki og annar færanlegur slökkvibúnaður sé á sínum stað áður en skip lætur úr höfn.
- 4.2. Handvirkur slökkvibúnaður skal vera innan seilingar og auðveldur í notkun auk þess sem hann skal auðkenndur með skiltum í samræmi við reglur nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera endingargóð.
5. **Loftræsting á lokuðum vinnustöðum.**

Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið í nothæfu ástandi.
6. **Lýsing.**

Neyðarlýsingur skal haldið í starfhæfu ástandi auk þess sem hún skal prófuð reglulega.
7. **Hurðir.**
- 7.1. Hurðir skulu ávallt vera opnanlegar innan frá hvenær sem er án sérstakrar aðstoðar.

- 7.2. Hurðir skal vera hægt að opna bæði innan frá og utan meðan starfsmenn eru á vinnustað.
- 7.3. Hurðir, sérstaklega rennihurðir ef nauðsynlegt er að nota þær, skulu virka eins örugglega og unnt er fyrir starfsmenn, einkum við slæm veðurskilyrði og í sjógangi.

8. Umferðarleiðir — hættusvæði.

- 8.1. Gangar, lokaðir gangar, hlutar af þilfarsyfirbyggingu sem eru utanhúss og almennt allar umferðarleiðir skal útbúa með handriðum, rekkverkum og líflinum eða með öðrum útbúnaði til að tryggja öryggi starfsmanna við vinnu um borð í skipi.
- 8.2. Ef hætta er á að starfsmenn falli niður um op á þilfari eða frá einu þilfari til annars skal sjá fyrir fullnægjandi vörn þar sem því verður við komið. Ef slík vörn er veitt með handriðum skulu þau vera að minnsta kosti 1m há.
- 8.3. Aðgangur að starfsstöðvum ofan þilfars þar sem vinna og viðhald fer fram skal vera þannig gerður að öryggi starfsmanna sé tryggt. Séð skal fyrir handriðum eða varnarbúnaði af svipaðri gerð sem er nægilega há til að koma í veg fyrir fall.
- 8.4. Borðstokkum og öðrum búnaði til að koma í veg fyrir að menn falli fyrir borð skal haldið í góðu ásigkomulagi.
- 8.5. Borðstokkar skulu búnir lensiopum eða öðrum álíka búnaði svo sjór og vatn renni burt með skjótum hætti.

9. Skipulag verkstöðva.

- 9.1. Vinnusvæðum skal haldið hreinum og þau skulu eftir fremsta megni vera varin fyrir sjógangi og þau skulu þannig búnar að starfsmenn séu nægilega vel varðir gegn falli og gegn því að falla fyrir borð. Fiskvinnslusvæði skulu vera nægilega rúmgóð, bæði með tilliti til hæðar og svigrúms.
- 9.2. Sé skipsvélum stjórnað frá vélarrúmi skal þeim stjórnað frá aðskildu rými, hljóð- og hitaeinangruðu frá vélarrúminu sjálfu og aðgengilegu án þess að ganga um vélarrúmið. Stjórnarpallurinn telst vera svæði sem uppfyllir skilyrði gr. 9.1.
- 9.3. Stjórnstækjum lyftibúnaðar skal komið fyrir á svæði sem er nægilega rúmgott svo stjórnendur þeirra geti unnið þar hindrunarlaust. Lyftibúnaðurinn skal einnig búinn viðeigandi öryggistækjum ef um neyðartilvik er að ræða, þar með töldum búnaði til neyðarstöðvunar.
- 9.4. Stjórnandi lyftibúnaðar skal hafa nægilega góða yfirsýn yfir lyftibúnaðinn og þá starfsmenn sem eru að störfum. Sé lyftibúnaðinum stjórnað frá stjórnspalli ætti stjórnandi hans einnig að hafa óhindrað útsýni til starfsmanna sem eru að störfum, annað hvort beint eða með öðrum miðlum sem henta til þess.
- 9.5. Nota skal ábyggilegt samskiptakerfi til boðskipta milli stjórnspalls og vinnuþilfars.
- 9.6. Ábyggileg vaktstaða skal ætíð viðhöfð á stjórnspalli og áhöfnin vörud við aðsteðjandi hættu vegna brotsjóa meðan á fiskveiðum stendur eða meðan önnur vinna fer fram á þilfari.
- 9.7. Með hjálp hlífðarbúnaðar skal eftir fremsta megni reynt að koma í veg fyrir snertingu við óvarin reipi og víra sem og hreyfanlega hluta búnaðar.
- 9.8. Koma skal fyrir búnaði til að festa hreyfanlega hluta, einkum á togskipum:
 - búnaði til að sjóbúa toghlera,
 - búnaði til að koma í veg fyrir að trollpokinn sveiflist.

10. Vistarverur.

- 10.1. Staðsetning, bygging, hljóðeinangrun, hitaeinangrun og fyrirkomulag vistarvera starfsmanna og annarrar aðstöðu, ef hún er fyrir hendi, og aðgengi þar að ætti að vera með þeim hætti að nægileg vernd sé til staðar gegn veðri og sjógangi, titringi, hávaða og óþægilegri lykt frá öðrum hlutum skipsins sem kynni að trufla starfsmenn meðan hvíldartími þeirra stendur yfir.

10.2. Ef byggingarlag skips, stærð og hlutverk þess leyfir skulu vistarverur starfsmanna staðsettar þar sem áhrif hreyfingar og hraðabreytinga eru sem minnst.

11. Landgöngustigar og -brýr.

11.1. Landgöngustigi, landgöngubrú eða álíka búnaður til að komast með öruggum hætti um borð í skipið skal vera fyrir hendi.

II. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um öryggi og hollustuhætti um borð í eldri fiskiskipum.

(4. gr. og a-liður 1. mgr. 6. gr.)

Almenn athugasemd.

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka þessum eiga ávallt við, eftir því sem gerð og ástand eldra fiskiskips leyfir, þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, vegna þeirrar starfsemi sem þar er stunduð, umhverfis eða aðsteðjandi hættu um borð í eldra fiskiskipi.

1. Haffæri og stöðugleiki.

- 1.1. Skipinu skal haldið í haffæru ástandi og vera búið viðeigandi búnaði sem hentar tilgangi þess og notkun.
- 1.2. Upplýsingar um stöðugleika skipsins skulu vera fyrir hendi um borð og vera aðgengilegar vakthafandi mönnum.

2. Vél- og rafbúnaður.

- 2.1. Rafbúnaður skal þannig hannaður og útfærður að engin hætta fylgi og að tryggt sé:
 - að skip og skipshöfn sé varin gegn hættu af völdum rafmagns,
 - að allur búnaður sem nauðsynlegur er til að viðhalda eðlilegri starfsemi og lífsskilyrðum virki með eðlilegum hætti án þess að neyðarorkubirgðir séu nýttar,
 - að raftæki sem eru nauðsynleg vegna öryggis í öllum neyðartilvikum starfi rétt.
- 2.2. Séð skal fyrir neyðarorkuveitu. Neyðarorkuveita skal staðsett utan vélarrúms, nema ef um er að ræða opið skip, og skal í öllum tilvikum þannig komið fyrir að þótt eldsvoði eða bilun verði í aðalraforkuveitu skal í minnst þrjár klukkustundir vera hægt að starfrækja:
 - innanhúsbodskiptakerfi, eldskynjara og neyðarmerki,
 - siglingarljós,
 - rafknúna neyðarslökkvidælu, ef hún er fyrir hendi.

Ef neyðarorkuveita er rafgeymir og aðalorkuveitan bregst skal rafgeymirinn tengjast sjálfvirkt við skiptiborð fyrir neyðarraforku og veita orku óslitið í þrjár klukkustundir til kerfanna sem um getur í fyrsta og öðrum lið upptalningarinnar hér að ofan. Aðalraforkuskriptiborð og neyðarskriptiborð skulu eftir fremsta megni vera sett þannig upp að þau verði ekki samtímis fyrir vatns- eða eldskemmdum.

- 2.3. Skriptiborð skulu greinilega merkt; útsláttaröryggiskassar og -hylki skulu reglulega skoðuð til að tryggja að rétt stærð vartappa sé notuð.
- 2.4. Rafeindaleiðsögutæki skulu prófuð oft og þeim haldið vel við.
- 2.5. Allur spil- og lyftibúnaður skal prófaður og skoðaður reglulega.
- 2.6. Öllum hlutum lyfti-, spilbúnaðar og tengds búnaðar skal haldið við og þeir skulu vera í góðu lagi.
- 2.7. Ef kælibúnaður og þrýstiloftskerfi eru um borð skal þeim haldið vel við og þau skoðuð reglulega.
- 2.8. Eldunar- og heimilistæki sem brenna þungu gasi skulu eingöngu notuð þar sem

loftræsting er fullnægjandi og þess skal gætt að ekki myndist hættulegar lofttegundir við notkun þeirra. Þrýstihylki sem innihalda eldfimar og aðrar hættulegar lofttegundir skulu merkt með innihaldi þeirra og varðveitt á opnum þilförum. Allir lokar, þrýstijafnarar og leiðslur frá þrýstihylkjunum skulu varin fyrir skemmdum.

3. Undankomuleiðir og neyðarútgangar.

- 3.1. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við reglur nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.
- 3.2. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.

4. Eldvarnir og slökkvistarf.

- 4.1. Ávallt skal ganga úr skugga um að slökkvitæki og annar færanlegur slökkvibúnaður sé á sínum stað áður en skip lætur úr höfn.
- 4.2. Handvirkur slökkvibúnaður skal vera innan seilingar og auðveldur í notkun auk þess sem hann skal auðkenndur með skiltum í samræmi við reglur nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera endingargóð.

5. Loftræsting á lokuðum vinnustöðum.

- 5.1. Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið í nothæfu ástandi.

6. Lýsing.

- 6.1. Neyðarlýsingu skal haldið í starfhæfu ástandi auk þess sem hún skal prófuð reglulega.

7. Hurðir.

- 7.1. Hurðir skulu ávallt vera opnanlegar innan frá hvenær sem er án sérstakrar aðstoðar. Hurðir skal vera hægt að opna á báða vegu meðan starfsmenn eru á vinnustað.
- 7.2. Hurðir, sérstaklega rennihurðir ef nauðsynlegt er að nota þær, skulu virka eins örugglega og unnt er fyrir starfsmenn, einkum við slæm veðurskilyrði og í sjógangi.

8. Umferðarleiðir – hættusvæði.

- 8.1. Gangar, lokaðir gangar, hlutar af þilfarsyfirbyggingu sem eru utanhúss og almennt allar umferðarleiðir skal útbúa með handriðum, rekkverkum og líflínum eða með öðrum útbúnaði til að tryggja öryggi starfsmanna við vinnu um borð í skipi.
- 8.2. Ef hætta er á að starfsmenn falli niður um op á þilfari eða frá einu þilfari til annars skal sjá fyrir fullnægjandi vörn þar sem því verður við komið. Ef slík vörn er veitt með handriðum skulu þau vera að minnsta kosti eins metra há.
- 8.3. Aðgangur að starfsstöðvum ofan þilfars þar sem vinna og viðhald fer fram skal vera þannig gerður að öryggi starfsmanna sé tryggt. Séð skal fyrir handriðum eða varnarbúnaði af svipaðri gerð sem er nægilega há til að koma í veg fyrir fall.
- 8.4. Borðstokkum og öðrum búnaði til að koma í veg fyrir að menn falli fyrir borð skal haldið í góðu ásigkomulagi. Borðstokkar skulu búnir lensiopum eða öðrum álíka búnaði svo sjór og vatn renni burt með skjótum hætti.

9. Skipulag verkstöðva.

- 9.1. Vinnusvæðum skal haldið hreinum og þau skulu eftir fremsta megni vera varin fyrir sjógangi og þau skulu þannig búnar að starfsmenn séu nægilega vel varðir gegn falli og gegn því að falla fyrir borð. Fiskvinnslusvæði skulu vera nægilega rúmgóð, bæði með tilliti til hæðar og svigrúms.

- 9.2. Sé skipsvélum stjórnad frá vélarrúmi skal þeim stjórnad frá aðskildu rými, hljóð- og hitaeinangruðu frá vélarrúminu sjálfu og aðgengilegu án þess að ganga um vélarúmið. Stjórnvallurinn telst vera svæði sem uppfyllir skilyrði gr. 9.1.
- 9.3. Stjórnækjum lyftibúnaðar skal komið fyrir á svæði sem er nægilega rúmgott svo stjórnendur þeirra geti unnið þar hindrunarlaust. Lyftibúnaðurinn skal einnig búinn viðeigandi öryggistækjum ef um neyðartilvik er að ræða, þar með töldum búnaði til neyðarstöðvunar.
- 9.4. Stjórnandi lyftibúnaðar skal hafa nægilega góða yfirsýn yfir lyftibúnaðinn og þá starfsmenn sem eru að störfum. Sé lyftibúnaðinum stjórnad frá stjórnalli ætti stjórnandi hans einnig að hafa óhindrað útsýni til starfsmanna sem eru að störfum, annað hvort beint eða með öðrum miðlum sem henta til þess.
- 9.5. Nota skal ábyggilegt samskiptakerfi til boðskipta milli stjórnalls og vinnuþilfars.
- 9.6. Ábyggileg vaktstaða skal ætíð viðhöfð á stjórnalli og áhöfnin vöruð við aðsteðjandi hættu vegna brotsjóa meðan á fiskveiðum stendur eða meðan önnur vinna fer fram á þilfari.
- 9.7. Með hjálp hlífðarbúnaðar skal eftir fremsta megni reynt að koma í veg fyrir snertingu við óvarin reipi og víra sem og hreyfanlega hluta búnaðar.
- 9.8. Koma skal fyrir búnaði til að festa hreyfanlega hluta, einkum á togskipum:
 - búnaði til að sjóbúa toghlera,
 - búnaði til að koma í veg fyrir að trollpokinn sveiflist.

10. Vistarverur.

- 10.1. Vistarverur starfsmanna, ef þær eru fyrir hendi, skulu vera með þeim hætti að hávaði, titringur og áhrif hreyfingar og hraðabreytinga auk óþægilegrar lyktar frá öðrum hlutum skipsins séu sem minnst. Sjá skal fyrir nægilega sterkri lýsingu í vistarverum.

11. Landgönguleiðir og -brýr.

- 11.1. Landgöngustigi, landgöngubrú eða álfka búnaður til að komast með öruggum hætti um borð í skipið skal vera fyrir hendi.

III. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um öryggi og hollustuhætti í tengslum við öryggis- og björgunarbúnað.

(d-liður 1. mgr. 6 gr.)

Almenn athugasemd.

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka eiga ávallt við þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, vegna þeirrar starfsemi sem stunduð er, umhverfis eða aðsteðjandi hættu um borð í skipi.

1. Um borð í skipinu skal vera fullnægjandi öryggis- og björgunarbúnaður, þar með talinn fullnægjandi búnaður til að bjarga starfsmönnum úr sjó eða vatni og radíóbjörgunarbúnaður, einkum baujur með neyðarútvarpssvita til staðsetningar, búnar vatnsþrýstingsvirkum sleppibúnaði, að teknu tilliti til fjölda einstaklinga um borð og staðsetningar skipsins.
2. Allir hlutar öryggis- og björgunarbúnaðar skulu varðveittir á þar til gerðum stöðum, þeim skal viðhaldið í góðu ásigkomulagi og vera tiltækir til tafarlausrar notkunar. Starfsmenn skulu yfirfara búnaðinn áður en skip lætur úr höfn og meðan á sjóferð stendur.
3. Öryggis- og björgunarbúnaður skal skoðaður reglulega.

4. Allir starfsmenn skulu hljóta viðeigandi þjálfun og leiðbeiningar í slysavörnum.
5. Sé skip lengra en 45 metrar eða starfsmenn fimm eða fleiri skal séð fyrir nafnaskrá til útkalls með skýrum fyrirmælum handa hverjum starfsmanni sem hann skal fara eftir í neyðartilviki.
6. Útkall starfsmanna til björgunaræfingar skal fara fram mánaðarlega í höfn og á sjó. Þessar æfingar skulu tryggja að starfsmenn séu færir um að gegna þeim skyldum sem þeim eru faldar vegna meðhöndlunar og notkunar alls öryggis- og björgunarbúnaðar. Starfsmenn skulu hljóta þjálfun í að setja upp og nota færnanlegan fjarskiptabúnað ef hann er fyrir hendi um borð.

IV. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um öryggi og hollustuhætti í tengslum við persónuhlífar.

(e-liður 1. mgr. 6. gr.)

Almenn athugasemd.

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka eiga ávallt við þegar þess er krafist vegna aðstæðna á vinnustað, þeirrar starfsemi sem stunduð er, umhverfis eða aðstæðjandi hættu um borð í skipi.

1. Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir að hætta steðji að starfsmönnum eða draga nægilega úr henni með sameiginlegum eða tæknilegum varnarráðstöfunum skal þeim séð fyrir persónuhlífum.
2. Persónuhlífar í formi fatnaðar eða yfirhafna skulu vera í skærum andstæðulitum miðað við sjávarumhverfið auk þess sem þær skulu vera vel sýnilegar.

REGLUGERÐ

um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að gera ráðstafanir til að stuðla að því að öryggi og heilsa starfsmanna um borð í skipum verði bætt.

Í þessu skyni eru í reglugerð þessari settar fram almennar meginreglur um forvarnir gegn áhættu við störf, verndun öryggis og heilsu, útilokun þeirra þátta er bjóða hættu heim eða valda slysum, upplýsingar, samráð, eðlilega þátttöku starfsmanna og fulltrúa þeirra, svo og almennar viðmiðanir við framkvæmd téðra meginreglna.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alla vinnu sem fer fram um borð í skipum.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda þó ekki þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, sem tengdar eru tiltekinni starfsemi hins opinbera, svo sem á varðskipum, eða tiltekinni starfsemi á sviði almannavarna.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Starfsmaður er hver sá sem ráðinn er í vinnu á skip af vinnuveitanda, þar með taldir nemar og lærlingar.

Vinnuveitandi er hver sá aðili sem hefur starfsmenn í vinnu á skipi.

Öryggis- og heilbrigðisfulltrúi starfsmanna er hver sá einstaklingur sem kosinn er, valinn eða tilnefndur í samræmi við landslög og/eða venjur til að vera fulltrúi starfsmanna þegar upp koma vandamál í tengslum við öryggi og heilsu þeirra við vinnu.

Forvarnir eru allar aðgerðir eða ráðstafanir sem hafa verið eða verða gerðar í tengslum við alla þætti í starfsemi skipsins, er miða að því að fyrirbyggja eða draga úr áhættu við störf.

II. KAFLI

Skyldur vinnuveitanda.

4. gr.

Almenn ákvæði.

Vinnuveitanda er skylt að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna við allar aðstæður í vinnu.

Þótt vinnuveitandi fái til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga, skv. 3. mgr. 7. gr., leysir það hann ekki undan ábyrgð skv. 1. mgr.

Skyldur starfsmanna á sviði öryggis og hollustu við vinnu skulu ekki hafa áhrif á meginregluna um ábyrgð vinnuveitandans.

Vinnuveitandi skal þó undanþeginn ábyrgð skv. 1. mgr., enda sé orsaka atvika að leita í óvenjulegum og ófyrirsjáanlegum kringumstæðum sem vinnuveitandi fær ekki stjórnáð, eða í atburðum er til undantekninga teljast og hafi ekki verið gerlegt að forðast afleiðingarnar þótt ítrasta aðgát hafi verið sýnd.

5. gr.

Almennar skyldur vinnuveitanda.

Ábyrgð vinnuveitanda felst í því að hann skal gera nauðsynlegar ráðstafanir er lúta að öryggi og heilsuvernd starfsmanna, þar með taldar forvarnir gegn áhættu í starfi, fræðsla og þjálfun, svo og að séð sé fyrir nauðsynlegri skipulagningu og viðbúnaði.

Vinnuveitandi skal vera vakandi fyrir því að laga þessar ráðstafanir að breyttum kringumstæðum og hafa að markmiði að bæta ríkjandi aðstæður.

Vinnuveitandi skal koma í framkvæmd ráðstöfunum þeim sem um getur í 2. málslíð 1. mgr. er byggjast á þeim almennu meginreglum um forvarnir sem hér fara á eftir:

- a) að forðast áhættu;
- b) að framkvæma hættumat á þeim hættum sem ekki er hægt að forðast;
- c) að sporna gegn því að áhætta geti skapast;
- d) að laga vinnuferlið að einstaklingnum, einkum þegar vinnustaður er hannaður og þegar valin eru tæki og vinnu- og framleiðsluáferðir; skal þetta einkum gert í því augnamiði að draga úr einhæfni við færibandavinnu eða vinnu sem líkist henni svo koma megi í veg fyrir heilsuspillandi áhrif sem slíkt kann að hafa á starfsmenn;
- e) að aðlagast tækniframförum;
- f) að skipta á því sem er hættulegt og því sem er ekki hættulegt eða er síður hættulegt;
- g) að móta heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar, vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfi;
- h) að ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt hafi forgang fram yfir ráðstafanir til að vernda einstaka menn;

i) að starfsmenn fái viðeigandi tilsögn.

Að teknu tilliti til annarra ákvæða reglugerðar þessarar og með hliðsjón af því hvers eðlis starfsemi skipsins er, skal vinnuveitandi:

a) meta þá áhættu sem tekin er hvað varðar öryggi og heilsu starfsmanna, meðal annars með vali á tækjum, efnum eða efnablöndum sem notaðar eru, sem og innréttingar á vinnustað.

Eftir að áhættan hefur verið metin og á þann hátt sem nauðsynlegt er, skulu forvarnir, vinnu- og framleiðsluaðferðir sem vinnuveitandi beitir:

- tryggja starfsmönnum betri vernd með tilliti til öryggis og heilsu,
- vera felldar inn í alla starfsemi skipsins og á öllum þrepum;

b) þegar starfsmanni eru falin tiltekin verkefni, taka tillit til færni hans að því er varðar heilsu og öryggi;

c) tryggja að þegar gerðar eru áætlanir um nýja tækni eða hún innleidd sé haft samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra, hvað varðar afleiðingar sem val á tækjum, vinnuskilyrði og vinnuumhverfi hafa fyrir öryggi og heilsu starfsmanna;

d) að taka viðeigandi skref í þá átt að tryggja að einungis þeir starfsmenn sem hlotið hafa nægilega tilsögn hafi aðgang að svæðum þar sem alvarleg og sérstök hættu er á ferðum.

Kostnaður af ráðstöfunum er tengjast öryggi, hollustuháttum og heilbrigði um borð í skipum má ekki undir neinum kringumstæðum leggjast á starfsmenn.

6. gr.

Þjónusta á sviði verndar og forvarna.

Að teknu tilliti til skyldna vinnuveitanda skv. 5. og 6. gr., skal vinnuveitandi tilnefna einn eða fleiri starfsmenn til að vinna að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi innan skipsins.

Þeir starfsmenn sem tilnefndir eru skulu í engu gjalda vinnu sinnar að vernd og forvörnum gegn áhættu í starfi. Starfsmönnum, sem tilnefndir eru, skal ætlaður nægilegur tími til að sinna skyldum þeim er reglugerð þessi leggur þeim á herðar.

Ef ekki er unnt að gera slíkar ráðstafanir til verndar eða forvarna, vegna þess að hæft starfsfólk er ekki að finna á skipinu skal vinnuveitandi fá til liðs við sig hæfa utanaðkomandi þjónustuaðila eða einstaklinga.

Þegar vinnuveitandi fær slíka þjónustuaðila eða einstaklinga til liðs við sig skal hann upplýsa þá um þætti sem vitað er eða grunur leikur á að hafi áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna og skulu þeir hafa aðgang að upplýsingum þeim sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

Undir öllum kringumstæðum skulu:

- a) þeir starfsmenn sem tilnefndir eru hafa nauðsynlega færni og aðstöðu,
- b) þeir utanaðkomandi þjónustuaðilar eða einstaklingar, sem leitað er ráða hjá, hafa nauðsynlega hæfni og einstaklingsbundin og fagleg ráð, og
- c) starfsmenn sem eru tilnefndir og utanaðkomandi þjónustuaðilar eða ráðgjafar vera nægilega margir til að fást við skipulagningu verndar- og forvarnarráðstafana, með hliðsjón af stærð skipsins og/eða þeirri áhættu sem starfsmenn búa við, sem og því hvernig hún dreifist á skipinu.

Einn eða fleiri starfsmenn, eða þjónustuaðilar á skipinu eða utan skipsins, skulu bera ábyrgð á vernd og forvörnum gegn þeirri áhættu varðandi öryggi og heilsu sem grein þessi fjallar um.

Starfsmenn og þjónustuaðilar skulu vinna saman þegar þörf krefur.

7. gr.

Skyndihjálp, slökkvistarf og brottflutningur starfsmanna, bráð hætta.

Vinnuveitandi skal:

- a) gera nauðsynlegar ráðstafanir til skyndihjálpar, slökkvistarfs og brottflutnings starfsmanna, eins og hæfir eðli starfseminnar og stærð skipisins og að teknu tilliti til annarra á staðnum,
- b) koma á sambandi við utanaðkomandi þjónustuaðila, einkum að því er varðar skyndihjálp, læknishjálp í neyð, björgun og slökkvistarf.

Samkvæmt 1. mgr. skal vinnuveitandi í sambandi við skyndihjálp, slökkvistarf og brottflutning starfsmanna meðal annars tilnefna þá starfsmenn sem koma skulu slíkum ráðstöfunum í framkvæmd. Fjöldi slíkra starfsmanna, þjálfun þeirra og búnaður sem þeir hafa yfir að ráða skal vera eins og hæfir stærð skipsins og/eða sérstakrar hættu sem tengist því.

Vinnuveitandi skal:

- a) upplýsa alla starfsmenn sem eru í eða kunna að lenda í bráðri hættu, svo skjótt sem auðið er, um hver áhættan er og til hvaða aðgerða hefur verið eða á að grípa í verndarskyni;
- b) grípa til aðgerða og gefa fyrirmæli svo að starfsmenn geti samstundis lagt frá sér vinnu og/eða forðað sér af vinnustað á annan öruggari stað ef um bráða og óhjákvæmilega hættu er að ræða;
- c) eigi æskja þess að starfsmenn hefji vinnu á ný á meðan bráð hætta er fyrir hendi, nema í undantekningartilvikum og af rækilega rökstuddum ástæðum.

Starfsmenn skulu í engu gjalda þess hafi þeir yfirgefið vinnuástöðu sína vegna bráðrar og óhjákvæmilegrar hættu.

Vinnuveitanda ber að tryggja að starfsmenn geti, ef öryggi þeirra og/eða annarra er stefnt í bráða hættu og ekki er hægt að ná sambandi við næstráðandi yfirmann sem er ábyrgur, gripið sjálfir til viðeigandi aðgerða til að komast hjá afleiðingum hættunnar, í ljósi vitneskju sinnar og tæknilegra ráða sem tiltæk eru.

Aðgerðir þeirra mega ekki bitna á þeim, nema þeir hafi sýnt kæruleysi eða vanrækslu.

8. gr.

Ýmsar skyldur vinnuveitenda.

Vinnuveitandi skal:

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í vopnalögum nr. 16 25. mars 1998 og með hliðsjón af XXIX. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun 93/15/EBE) öðlast gildi 1. janúar 1999.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð um skotvopn og skotfæri nr. 265 16. apríl 1997 með síðari breytingum.

EB gerðin sem vísað er til er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 3, bls. 663-679.

Ákvæði til bráðabirgða

Þrátt fyrir 2. tölul. viðauka reglugerðarinnar er heimilt að keppa í þeim greinum skotfimi er þar greinir fyrir skammbyssur allt að cal. 45, enda sé um að ræða skráð skotvopn sem flutt hafa verið til landsins fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Björg Thorarensen.

Endurprentað blað.

VIÐAUKI.

Viðurkenndar keppnisgreinar í skotfimi.

Í viðauka þessum greinir þær skotiþróttagreinar sem viðurkenndar eru á Íslandi og þau skotvopn sem notuð eru í hverri grein.

1. Skotgreinar Alþjóða skotsambandsins.

Skotgrein	Tegund skotvopns	Hlaupvídd	Fjöldi skota
300 m: þríþraut	rifill	allt að 8 mm	1
300 m: liggjandi	rifill	allt að 8 mm	1
300 m, staðlaður: þríþraut	rifill	allt að 8 mm	1
50 m: þríþraut	rifill	cal. 22	1
50 m: liggjandi	rifill	cal. 22	1
50 m running target	rifill	cal. 22	1
10 m: loftrifill	loftrifill	4.5 mm	1
10 m running target	loftrifill	4.5 mm	1
50 m frjáls	skammybyssa	cal. 22	5
25 m rapid fire	skammybyssa	cal. 22	5
25 m gróf	skammybyssa	7.62 mm-9.65 mm	5
25 m stöðluð	skammybyssa	cal. 22	5
25 m sport	skammybyssa	cal. 22	5
10 m lofiskotvopn	skammybyssa	4.5 mm	1
Gildra (trap)	haglabýssa	nr. 12	2
Sjálfvirk gildra (trap)	hagalabyssa	nr. 12	2
Tvöföld gildra (trap)	haglabýssa	nr. 12	2
Skeet	haglabýssa	nr. 12	2

2. Aðrar viðurkenndar keppnisgreinar.

Skotgrein	Tegund skotvopns	Hlaupvídd	Fjöldi skota
Silhouette	rifill	allt að cal. 30	5
Silhouette	skammybyssa	allt að cal. 22	5
Bench rest	rifill	allt að cal. 30	1

SKIPULAGSSKRÁ

Hússtjórnarskólans á Hallormsstað.

1. gr.

Stofnunin heitir Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og er sjálfseignarstofnun sem starfar undir verndarvæng bakhjarla sinna, sem eru: Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, kt. 560276-0289, Samband austfirskra kvenna, kt. 590239-7759, Búnaðarsamband Austurlands, kt. 490169-0679 og Ferðamálasamtök Austurlands, kt. 711085-0849. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er að Hallormsstað á Austur-Héraði.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að reka framhaldsskóla með áherslu á starfsbrautir á sviði hússtjórnar og ferðaþjónustu. Námið skal falla að áfangakerfi framhaldsskólanna og unnið skal í nánú samstarfi við framhaldsskóla á Austurlandi og aðra framhaldsskóla með svipaðar áherslur.

Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórn stofnunarinnar, skólanefnd, heimilt f.h. stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila og gerast í því skyni aðilar að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

3. gr.

Stofnfé, kr. 500.000.-, sem gefið er af fyrrverandi nemendum og öðrum velunnurum skólans skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtaður með tryggilegum hætti.

4. gr.

Tekjur Hússtjórnarskólans á Hallormsstað eru eftirfarandi:

- a) framlag frá ríki skv. sérstökum samningi um rekstur framhaldsskóla, gerður skv. 41. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996 og 30. gr. fjárreiðulaga nr. 88/1997
- b) tekjur af ferðaþjónustu
- c) nemendagjöld
- d) leigutekjur, tekjur af hugsanlegum námskeiðum o.fl.

Tekjum stofnunarinnar má aðeins ráðstafa til greiðslu rekstrarkostnaðar, þ.m.t. kaup og sala eigna, lán og styrkir.

5. gr.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað starfar skv. skipulagsskrá þessari að svo miklu leyti sem hún stangast ekki á við lög og reglugerðir um framhaldsskóla. Starfsemin fer fram í samnefndu húsnaði skólans á Hallormsstað, sem tekið er á leigu frá menntamálaráðuneytinu skv. sérstökum samningi þar um.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar er jafnframt skólanefnd skólans. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi skipar tvo menn í skólanefnd, Samband austfirskra kvenna einn, Búnaðarsamband Austurlands einn og Ferðamálasamtök Austurlands einn. Á sama hátt skal skipa jafn marga varamenn. Skólanefndarmenn eru skipaðir til tveggja ára og skal þess gætt að ekki sé meirihluti nefndarmanna vinnandi við skólann. Umboð skólanefndarmanns stendur þar til nýr hefur verið skipaður. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn og skiptir árlega með sér verkum, eigi síðar en í lok apríl (sbr. 9. gr.). Auk formanns skal kjósa varaformann og ritara.

7. gr.

Skólanefnd ber að vinna í samræmi við skipulagsskrá þessa að svo miklu leyti sem hún stangast ekki á við reglugerð um skólanefndir við framhaldsskóla nr. 132/1997.

Skólanefnd ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar.

Skólanefnd markar stefnu skólans í samræmi við markmið hans skv. 2. gr. og ákveður námsframboð, inntökuskilyrði og starfstilhögun skólans.

Skólanefnd skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð fjármuna hans. Skólanefnd afgreiðir rekstraráætlun fyrir skólann og ársreikning og sendir til stjórna bakhjarla skólans.

8. gr.

Formaður skólanefndar sér um að láta boða fundi skólanefndar með a.m.k. tveggja daga fyrirvara og er fundur lögmætur ef meirihluti skólanefndarmanna situr þá. Formanni er skylt að boða fund ef tveir skólanefndarmanna, skólameistari eða endurskoðandi skólans krefjast þess. Á fundum skólanefndar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Það sem gerist á fundum skal bókað í gerðabók. Skólameistari situr skólanefndarfundi með tillögurétt og málfrelsi. Hann er framkvæmdastjóri skólanefndar.

9. gr.

Skólanefnd ræður skólameistara, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til. Með ráðningarsamningi skólameistara skal fylgja skjal sem kveður nánar á um verkefni hans.

10. gr.

Skólameistari kemur fram fyrir hönd skólans gagnvart nemendum, starfsfólki og út á við og annast daglegan rekstur skólans.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenju kostnaðarsamar. Slíkar ráðstafanir getur skólameistari aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá skólanefnd, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana skólanefndar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi skólans. Í slíkum tilvikum skal skólanefnd tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Skólameistari skal sjá um að bókhald skólans sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna skólans sé með tryggilegum hætti.

Skólameistari ræður kennara og aðra starfsmenn og vísar þeim frá, hvort tveggja í samráði við skólanefnd. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs.

11. gr.

Reikningsár skólans telst vera frá 1. janúar til 31. desember hvert ár. Skólanefnd skal senda bakhjörllum sjálfseignarstofnunarinnar áritaða ársreikninga endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda og ársskýrslu eigi síðar en í aprílmánuði hvert ár. Þó ber að senda eintak ársreikninga til Ríkisendurskoðunar.

12. gr.

Verði Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað lagður niður verður hinu leigða skólahúsnaði skilað til menntamálaráðuneytis og fellur leigusamningur skv. 5. gr. þá niður. Eignum sjálfseignarstofnunarinnar skal þá ráðstafað af bakhjörllum stofnunarinnar.

13. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri stofnunarinnar getur stjórn gert með samþykki 3/5 stjórnarmanna að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og staðfestingu dómsmálaráðherra.

14. gr.

Ofangreinda skipulagsskrá sjálfseignarstofnunar um Hússtjórnarskólann á Hallormsstað staðfesta eftirtaldir (skv. 1. gr.) f.h. þar greindra stofnana og samtaka.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá Hússtjórnarskólans á Hallormsstað og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

um breytingu á gjaldskrá nr. 353/1994 vegna mats á umhverfisáhrifum.

1. gr.

Í stað orðanna „embætti skipulagsstjóra ríkisins“ í 1. mgr. 1. gr. kemur: Skipulagsstofnun.

2. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Gjaldið skal vera kr. 3.935 fyrir hverja klukkustund hvers sérfræðings.

Til viðbótar kemur útlagður kostnaður Skipulagsstofnunar vegna málsins s.s. ferða-kostnaður, auglýsingakostnaður o.þ.h. skv. viðurkenndum reglum þar sem það á við en annars skv. framlögðum reikningum.

3. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Heimilt er Skipulagsstofnun að krefjast fyrirframgreiðslu allt að kr. 150.000 vegna hvorrar athugunar sbr. 1. gr. Gjaldið kemur í slíkum tilvikum því aðeins til endurgreiðslu að svo miklu leyti sem kostnaður Skipulagsstofnunar af verkinu er minni en sem því nemur.

4. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Áður en Skipulagsstofnun hefur málsmeðferð skv. 9.-12. gr. eða 13.-18. gr. reglugerðar nr. 179/1994 skal það semja sundurliðaða áætlun um kostnað þess af málsmeðferð og senda framkvæmdaraðila.

Eftir að úrskurður hefur gengið skv. 12. eða 18. gr. reglugerðar nr. 179/1994 skal Skipulagsstofnun gera upp heildarkostnað við verkið, sundurliða hann og senda til framkvæmdaraðila. Rökstyðja skal þau frávik frá upphaflegri áætlun sem leiða til hækkunar.

5. gr.

Í stað orðanna „embætti skipulagsstjóra ríkisins“ í 6. gr. kemur: Skipulagsstofnun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er skv. 12. gr. laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 18. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, Rafhareitur, Hringbraut 4.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin varðar landnotkun á Rafhareit, lóðin Hringbraut 4 breytist frá því að vera lóð fyrir þjónustu í lóð fyrir íbúðir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, Staðarberg 6.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. desember 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Landnotkun lóðarinnar Staðarberg 6 breytist úr íbúðarhúsalóð í lóð fyrir opinbera stofnun. Jafnframt stækkar lóðin lítillega.

Uppdrátturinn hefur hlotið á meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 21. desember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 1998

29. desember 1998

2461

Nr. 792

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. janúar 1999.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 40 7. janúar 1998 breytist þannig:

Niður fellur: II. Heildsala til almenningsveitna, liðir 1 til 6 að Gjaldskrá fyrir ótryggða orku, í staðinn kemur eftirfarandi:

II. Heildsala til almenningsveitna.

1. Almenn.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna bs. og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Aðilar skulu gera með sér viðskiptasamning á grundvelli gjaldskrárinnar með nánari útfærslu eftir því sem þeir telja þörf á.

2. Gjöld.

1. Áskriftarafgjald	8.952,06	kr/kW/ári
2. Yfirafli	0	kr/kW/ári
3. Vetrargjald orku	2,22	kr/kWh
4. Sumargjald orku	1,11	kr/kWh
5. Tengigjald	336.260	kr/ári
6. Fastagjald	36.400	kr/ári
7. Flutningsorkugjald	0,11	kr/kWh
8. Flutningsafgjald	1.400	kr/kW
9. Umframorkugjald	20,00	kr/kWh
10. Afltöp	gjaldtaka	sbr. grein 3.8
11. Orkutöp	gjaldtaka	sbr. grein 3.9
12. Nettengigjald	gjaldtaka	sbr. grein 3.10
13. Gjöld fyrir launafl	gjaldtaka	sbr. grein 3.11

3. Skilgreiningar.

- Vetrargjald gildir tímabilin: 1. janúar til 30. apríl og 1. október til 31. desember. Sumargjald gildir tímabilið: 1. maí til 30. september.
- Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan árs eða mánaðar skal ávallt reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

3. Með afli er í gjaldskrá þessari ávallt miðað við 60 mínútna meðalálag.
4. Áskriftarafl er umsamið afl samkvæmt nánari skilgreiningu í viðskiptasamningi.
5. Yfirafl er viðbótarafli sem nánar skal skilgreint í viðskiptasamningi.
6. Flutningsaflgjald skal greiða fyrir hæsta afltopp ársins. Í viðskiptasamningi er þó heimilt að víkja frá ákvæðinu um hæsta topp ef sérstakar aðstæður valda.
7. Umframorka er orka umfram markafli, en markafli er summa áskriftarafls og yfirafls á hverjum tíma. Aðilum er heimilt að semja um að hafa annan hátt á gjaldtöku umframorku, en samkvæmt gjaldskrá þessari.
8. Í viðskiptasamningi skal skilgreina afltapahlutfall og útreikning á afltöpum. Fyrir afltöp skal greiða áskriftaraflgjald.
9. Í viðskiptasamningi skal skilgreina nýtingartíma afltapa og útreikning á orkutöpum. Fyrir orkutöp skal greiða vetrar- eða sumargjald orku eftir því sem við á.
10. Fyrir orku skal greiða nettengigjald. Einingarverð gjaldsins skal reikna í árslok og nema heildarkostnaði RARIK á árinu vegna tengigjalda Landsvirkjunar jafnað á heildarkaup RARIK á forgangorku frá Landsvirkjun.
11. Falli meðalfasvixstuðull í tilteknum mánuði á tímabili vetrargjalds, sbr. grein 3.1, niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast 2% viðbótarorkugjalds, sbr. grein 2.3, fyrir hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasvixstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

4. Greiðslukjör.

1. Fyrir orku, sbr. greinar 2.3, 2.4, 2.7 og 2.9, skal greiða mánaðarlega samkvæmt mælingu.
2. Fyrir áskriftaraflgjald, tengigjald, fastagjald, flutningsaflgjald, afltöp, orkutöp og nettengigjald, sbr. greinar 2.1, 2.5, 2.6, 2.8, 2.10, 2.11 og 2.12, skal árgreiðsla áætluð í upphafi árs. Fyrir mánuðina janúar til nóvember skal mánaðarlega greiða 1/12 hluta áætlaðrar árgreiðslu og teljast þær greiðslur vera innborganir. Fyrir desember skal greiða útreiknaða árgreiðslu að frádregnum innborgunum. Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin.
3. Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kalli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. desember 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUGERÐ

Orkuveitu Reykjavíkur.

1. Almenn.

1. gr.

Markmið og hlutverk.

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er fyrirtæki sem Reykjavíkurborg á og starfrækir í þeim tilgangi að afla, dreifa og selja orku á veitusvæði sínu.

OR leggur áherslu á hagkvæma nýtingu auðlinda. Skal fyrirtækið efla markaðs- og þróunarstarf í því skyni að afla markaða fyrir orkuframleiðslu sína og auka nýtingu vistvænna orkugjafa.

OR er heimilt að starfa á ýmsum tæknisviðum í því skyni að stuðla að bættri nýtingu dreifikerfis síns, enda sé sá rekstur bókhaldslega aðskilinn öðrum rekstri OR.

Þá er fyrirtækinu heimilt að eiga önnur fyrirtæki, að öllu leyti eða með öðrum, þ.m.t. hlutafélög, er vinna að framgangi verkefna tengdum starfssviði félagsins.

OR skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstakri stjórn, sem starfar í umboði borgarstjórnar og samkvæmt sérstökum samþykktum er borgarstjórn samþykkir.

2. gr.

Verksvið og veitusvæði.

OR vinnur raforku í eigin orkuverum eða kaupir af öðrum, veitir og selur um dreifikerfi sitt.

OR vinnur heitt vatn og jarðgufu úr eigin borholum eða kaupir af öðrum, veitir og selur um dreifikerfi sitt.

Veitusvæði OR er lögsagnarumdæmi Reykjavíkurborgar svo og nágrannabyggðir, eftir því sem borgarstjórn semur um og ákveður og ráðherra samþykkir.

OR hefur einkarétt til sölu heits vatns, jarðgufu og raforku á orkuveitusvæði sínu, í samræmi við samninga og gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

3. gr.

Stjórn.

Stjórn OR er í höndum stjórnar og forstjóra í umboði borgarstjórnar. Stjórn OR er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara og er hún kjörin hlutfallskosningu í borgarstjórn Reykjavíkur, til jafnlengdar kjörtímabili borgarstjórnar. Borgarstjórn kýs formann stjórnarinnar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt hafa tveir fulltrúar starfsmanna sem þeir kjósa úr sínum hópi.

Stjórn OR skal setja fyrirtækinu skipurit. Stjórnin setur fyrirtækinu verðskrá og fjárhagsáætlun sem staðfest skal í borgarstjórn. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerð um stjórnarfund. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri.

4. gr.

Forstjóri.

Forstjóri hefur á hendi framkvæmd stefnu stjórnar fyrirtækisins. Skal hann og vinna sjálfstætt að stefnumótun þess og áætlanagerð. Hann annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, allar framkvæmdir þess og undirbúning þeirra, sjóðvörslu og reikningshald og ráðningu starfslíðs. Hann kemur og fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstjóra ber að veita stjórn, endurskoðanda og borgarráði allar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem þeir kunna að óska eða veita ber samkvæmt lögum. Stjórn skal setja forstjóra starfslýsingu.

5. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

OR hefur sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda orku og öðrum tekjum. Skal tekjunum varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun mannvirkja og tækja.

Við það skal miðað að OR skili eðlilegum arði miðað við það fjármagn sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Ákvörðun um ráðstöfun arðsins skal tekin af eiganda.

Rekstur hinna ýmsu deilda OR skal aðgreindur reikningslega og fjárhagslega í samræmi við þarfir OR og lagaáskilnað. Aðgreiningunni skal háttáð þannig að unnt sé að sannreyna raunverulegan kostnað af orkuöflun, flutningi, dreifingu og sölu. Sameiginlegum kostnaði skal skipt á hinar ýmsu deildir samkvæmt áætlun sem staðfest skal af stjórn OR.

Við rekstur OR skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaréttar- eða verndaðri starfsemi.

2. Nýsköpun og þróun.

6. gr.

Markaðs- og þróunarstarf.

Innan OR skal starfrækt sérstakt svið eða deild sem sinnir markaðsstarfi vegna sölu á orku og þróunar- og rannsóknarverkefnum tengdum orkuíðnaði, hérlandis og erlendis. Skal starfsemi þessari markaður rammi í stefnumótun fyrirtækisins.

3. Orkuöflun.

7. gr.

Öflun orku.

OR aflar orku í eigin orkuverum eða með kaupum á markaði.

OR er heimilt að kaupa orkuver og starfrækja þessi mannvirki, enda fái til þess tilskilin leyfi.

4. Orkuveita.

8. gr.

Orkuflutningur og dreifing.

OR flytur orku um eigin flutnings-, aðveitu-, og dreifikerfi, eða eftir slíkum kerfum í eigu annarra enda fái til þess tilskilin leyfi. OR er heimilt að kaupa flutnings-, aðveitu- og dreifikerfi af öðrum til eigin nota eða rekstrar.

OR annast lagningu, viðhald og endurnýjun flutnings-, aðveitu- og dreifikerfis, þ.m.t. heimtauga og heimæða.

9. gr.

Húsveitur.

OR er heimilt að setja í tengiskilmála ákvæði um lagningu heimtauga og heimæða og tengingu þeirra við húsveitur húseigenda. Húsveita sem tengist veitukerfi OR skal fullnægja kröfum sem settar eru í reglugerðum og tengiskilmálum.

Heimtaugar með stofnvári og heimæðar ásamt tengigrind eru eign OR ef ekki er sérstaklega um annað samið og þótt tengigjald hafi verið greitt.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss og getur OR þá ákveðið að húsið skuli tengt dreifikerfi þess með takmörkunum. Fullnægi húsveita ekki þeim skilyrðum sem sett eru í orkulögum, skipulagslögum, byggingarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, þá getur OR ákveðið að tengja hús með takmörkunum eða að hús sé ekki tengt.

Umsókn um heimtaug og heimæð eða breytingar á þeim skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig jafnframt til þess með undirskrift sinni að greiða tengigjald það sem kveðið er á um í verðskrá OR. Húseigandi ber kostnað við þær breytingar á heimtaugum og heimæðum sem framkvæmdar eru að hans ósk. Þegar heimæð eða heimtaug hefur verið tengd er tengigjald gjaldkræft.

Telji OR nauðsynlegt að komið verði upp tengivirki í húsi eða á lóð viðkomandi húseignar vegna væntanlegrar orkuafhendingar, skal OR látið í té húsrými með sérstökum samningi eða ókeypis lóð. Þetta gildir þó aðeins ef um er að ræða mikla orkunotkun og hagkvæmnissjónarmið eiga við að mati OR.

Óski OR eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseiganda/orkukaupanda skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað OR.

Viðskiptavinur skal gæta þess að ekki sé hætt á að vatn frjósi í tengigrind eða inntaki og viðskiptavinur skal tryggja nægjanlegt rennsli til þess. Sé þess ekki kostur ber honum að tilkynna það OR eins fljótt og auðið er, svo unnt sé að aftengja húsið. Kostnaður við það skal greiddur af viðskiptavini samkvæmt verðskrá.

OR getur krafist breytinga á húsveitum eða sett skilyrði fyrir tengingu þeirra ef af þeim er bein slysaþætta og ef tækjabúnaður eða virkni húsveitna hafa óæskileg áhrif á rekstur veitukerfa OR eða á nærliggjandi viðskiptavini. Sinni viðskiptavinur ekki kröfum OR um úrbætur er heimilt að stöðva orkuafhendingu.

Ef viðskiptavinur óskar eftir því að aftengjast dreifikerfinu um tíma, er heimilt að taka aukagjald samkvæmt verðskrá.

10. gr.

Takmörkun á orkuafhendingu.

Komi til skömmtunar á heitu vatni í lengri eða skemmri tíma, skal þess gætt að orka til húshitunar njóti forgangs.

Við afhendingu orku til fjarliggjandi staða eða til staða þar sem lóðareigendur neita að leggja til lóð fyrir nauðsynlega spennistöð og lóð eða aðstöðu fyrir stólpa eða festur fyrir raflínur án endurgjalds, getur OR krafist sérstakra greiðslna frá viðskiptavini. Á þeim stöðum í veitukerfinu, þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki hið umbeðna afl án sérstakra ráðstafana, ákveður OR nánari skilmála.

OR er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri OR þær ráðstafanir sem má ætlast til af henni til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.

OR er heimilt að nota bakrennslisvatn sem runnið hefur í gegnum húsveitur.

11. gr.

Takmörkuð bótaábyrgð.

Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðgerða og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.

Réttur viðskiptavinar til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki OR til þess að tryggja að þrýstingur í dreifiæðum sé ávallt nægilegur, enda geri OR þær ráðstafanir sem ætlast má til af henni til að halda þrýstingnum í eðlilegu horfi.

OR undanþiggur sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til frosts, bilana eða takmarkana á orkuvinnslunni, spennubreytinga rafmagns, þrýstibreytinga heits vatns, stöðvunar orkuafhendingar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í hitaveituæð er stöðvað eða rafstraumur rofinn vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra aðgerða OR. Viðskiptavinir eiga ekki bótakröfu á hendur OR, þótt straumur hafi verið rofinn eða rennsli stöðvað fyrirvaralaust.

OR ber ekki ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni orkukaupanda eða húseiganda. OR tekur ekki ábyrgð á veitu viðskiptavinar með úttekt eða tengingum.

Ábyrgðartakmörkun samkvæmt þessari grein er bundin því að beint tjón orkukaupanda/húseiganda verði ekki rakið til mistaka starfsmanna OR.

12. gr.

Mælar.

OR á og setur upp nauðsynlegan mælíbúnað vegna sölu og ákveður fjölda, tegund og staðsetningu. Mælíbúnaðinn má ekki flytja til án samþykkis OR en OR getur krafist

flutnings hans, ef staðsetningin er óhentug. Starfsmenn OR skulu ætíð hafa aðgang að mælíbúnaði og þeir einir mega rjúfa innsigli hans.

Verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda þann orkukaupanda sem ábyrgur er fyrir notkun um mælitækið til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Mælitæki telst sýna rétt ef mesta skekkja þess er innan 5% marka. Hafi mælitækið sýnt meira en sem nemur mestri leyfilegri skekkju þess, ber félaginu að leiðrétta reikninga viðkomandi orkukaupanda. Hafi mælitækið sýnt minna en sem nemur mestri leyfilegri skekkju þess er félaginu heimilt að leiðrétta reikninga viðkomandi viðskiptavinar, enda sé um veruleg frávík frá hámarksskekkju að ræða.

Við leiðréttingu á reikningum skal miða við mælt frávík mælisins að teknu tilliti til fyrri notkunar viðkomandi orkukaupanda og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingar um það hvenær mælitækið bilaði. Ekki skal miða leiðréttingu reikninga við lengra tímabil en eitt ár enda hafi orkukaupanda ekki verið ljóst eða mátt vera það ljóst, að um bilun mælitækis væri að ræða.

5. Orkusala.

13. gr.

Sala orku.

OR selur orku í samræmi við reglugerð þessa, tengiskilmála og verðskrá.

OR er heimilt að gera sérsamninga um sölu á þjónustu og orku.

OR skal setja sér verðskrá sem samþykkt skal í borgarstjórn og staðfest af ráðherra.

14. gr.

Orkureikningar.

Notkunargjöld verða krafín mánaðarlega samkvæmt nánari ákvæðum verðskrár, en heimilt er að láta lengri tíma líða milli gjalddaga. Við verðbreytingar á orku og fastagjöldum skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar verðskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. OR ákveður gjalddaga reikninga.

OR má byggja orkureikninga á áætlun um orkunotkun viðskiptavinar og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun. Reikningar sem eru byggðir á orkunotkun nefnast „uppgjör-reikningar“, en reikningar sem eru byggðir á áætlaðri orkunotkun nefnast „áætlunarreikningar“.

Orkunotkun skal sannreyna u.þ.b. árlega. Þegar orkunotkun hefur verið sannreynd skal hún reikningsfærð og gerð upp fyrir tímabilið milli álestra og koma þá áætlunarreikningar til frádráttar.

Leiði aukin orkunotkun af galla á búnaði orkukaupanda, er OR ekki skylt að lækka orkureikning vegna þess.

Viðskiptavinur getur jafnan, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjör miðað við melda notkun. Enn fremur getur hann óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna nýrra forsendna.

Heimilt er að skipta reikningi vegna orkukaupa um einn mæli. Sé það gert bera orkukaupendur um þann mæli hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslu hvers reiknings. Við vanskil á einum eða fleiri reikningum er heimilt að stöðva orkuafhendingu um hinn sameiginlega mæli. Bera viðkomandi viðskiptavinir allan aukakostnað sem hinni auknu þjónustu er samfara.

Reikninga skal að jafnaði senda viðskiptavini á notkunarstað.

Heimilt er að beita rafrænni greiðslumiðlun til greiðslu á reikningum að ósk viðskiptavinar. Í þeim tilfellum skal senda viðkomandi viðskiptavini yfirlit um skuldfærslur og notkun árlega. Notkun greiðslumæla er heimil með samþykki OR og viðskiptavinar.

Viðskiptavinum er skylt að hlíta ákvæðum gildandi verðskrár og breytingum sem þar kunna að verða á.

Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunar- eða uppgjörreikning, má OR áskilja sér og innheimta dráttarvexti frá og með gjalddaga reiknings til greiðsludags, auk kostnaðar sem af innheimtu kröfunnar hlýst.

15. gr.

Lokun fyrir orkuafhendingu.

OR hefur rétt til að loka fyrir rafmagn og rennsli heits vatns að húsi eða íbúð viðskiptavinar, sem vanrækir að greiða orkureikninga eða vanrækir skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir gjalddaga og að undangenginni skriflegri aðvörum, sem send er viðskiptavini með hæfilegum fyrirvara, sem eigi skal vera skemmri en þrjú dagar. OR ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar lokunar.

Heimild þessi er til staðar hvort sem um er að ræða uppgjörreikning eða áætlunarreikning.

Beri viðskiptavinur ábyrgð á orkukaupum um fleiri en einn mæli má stöðva orkuafhendingu um hvern þeirra sem er eða alla, vegna vanskila eða vanefnda í sambandi við einn þeirra.

Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu orkukaupenda á skuldum við OR.

Skuldari greiðir allan kostnað af lokun og opnun á ný samkvæmt verðskrá hverju sinni.

Sé lokað vegna vanskila getur OR ákveðið að opna ekki aftur, nema ekki sé lengur um vanskil eða aðrar vanefndir að ræða og/eða trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis.

16. gr.

Orkukaupendur.

Skráður orkukaupandi ber ábyrgð á notkun um þau mælitæki húsveitunnar sem hann er skráður fyrir, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkun eða tilkynnt flutning. Uppsögn eða flutning skal tilkynna OR með eðlilegum fyrirvara, sem annast lokaálestur.

OR getur átt kröfu á hendur öðrum en skráðum notanda, færi OR sönnur fram á að um málamyndagerning sé að ræða.

Hafi eigi annar viðskiptavinur sótt um að fá mælitæki skráð á sitt nafn, skal loka því, og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nýjan kaupanda.

Tilkynningu um breytingu á notkun, þ.e. hún geti fallið undir annan verðskrárlíð, skal senda OR með mánaðarfyrirvara.

Ef húseigandi eða trúnaðamaður hans verður þess var, að orkukaupendaskipti hafa orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt OR, ber honum að gera OR aðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningarskyldu sína ber hann einfalda ábyrgð vegna ógreiddrar orkunotkunar þess aðila.

6. Misnotkun – viðurlög.

17. gr.

Misnotkun.

Verði uppvíst að orka hafi verið notuð með öðrum hætti en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingum þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal OR áætla þá orku sem notuð hefur verið í óleyfi og gera reikning fyrir þá orku í samræmi við verðskrá og skal notandi greiða fyrir það verð eftir verðskrá þann tíma sem liðinn er frá síðasta aflestri. Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um sennilega notkun má miða við undangengna hámarksnotkun. Við endurtekningu skal rjúfa tengingar viðkomandi við veitukerfið.

18. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari eða skilmálum OR varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum eða öðrum refsheimildum. Með mál út af slíkum brotum skal fara að hætti opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

Brot á reglugerð þessari getur og varðað bótaskyldu samkvæmt almennum reglum.

Vanræki viðskiptavinur að gera úrbætur sem OR hefur mælt fyrir um, í samræmi við reglugerð þessa, getur OR látið framkvæma það sem þörf krefur, á kostnað viðskiptavinar.

7. Gildistaka.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38, 12. febrúar 1940 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar eftirfarandi reglugerðir: Rg. nr. 451/1977, sbr. rg. nr. 776/1983 og nr. 132/1989 fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur og nr. 208/1961, sbr. 122/1979 um hitalagnir o.fl. í Reykjavík og nr. 406/1989 um Hitaveitu Reykjavíkur.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Orkuveita Reykjavíkur er stofnuð með ákvörðun borgarstjórnar Reykjavíkur.

OR yfirtekur starfsemi Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá og með 1. janúar 1999. OR yfirtekur eignir og skuldir Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur miðað við sama dag. Verðmæti eigna og réttinda hvors fyrirtækis um sig skal endurmetið við stofnun OR. OR yfirtekur með sama hætti allar skuldbindingar, skyldur og réttindi veitustofnananna beggja með sérstakri tilkynningu borgarstjórnar og OR til viðsemjenda þeirra, enda helst ábyrgð borgarsjóðs óbreytt á öllum fyrri skuldbindingum veitustofnananna.

Þrátt fyrir setningu reglugerðar þessarar skulu áfram vera í gildi tengiskilmálar og verðskrár Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þar til endurskoðun þeirra hefur farið fram.

II.

Starfsmenn.

Vegna sameiningar Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur skulu allir starfsmenn eiga rétt á starfi hjá Orkuveitu Reykjavíkur á sambærilegum kjörum. Skulu þeir halda óbreyttri réttarstöðu gagnvart Reykjavíkurborg.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. desember 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

REGLUR

um bindiskyldu við Seðlabanka Íslands.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur, að höfðu samráði við bankaráðið, og að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, ákveðið eftirfarandi reglur um bindiskyldu lánastofnana, skv. 1. - 3. mgr. 8. gr laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 með áorðnum breytingum og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 123/1993 með áorðnum breytingum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um útreikning og greiðslu bindiskyldu af ráðstöfunarfé innlánsstofnana og annarra lánastofnana í lok hvers mánaðar, eins og það er fundið á grundvelli mánaðarskýrslu til tölfraeðisviðs Seðlabankans, sbr. 7. gr.

2. gr.

Bindiskyldar stofnanir.

Bindiskylda nær til viðskiptabanka og sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er skv. lögum að taka við innlánnum frá almennungi til geymslu og ávöxtunar og þeirra lánastofnana sem starfa á grundvelli laga nr. 123/1993 og eru ekki bundnar af ákvæðum sérlaga eða fjárlaga hverju sinni um öflun fjár til starfsemi sinnar. Í viðauka með þessum reglum er skrá um bindiskyldar stofnanir. Skráin er breytanleg án fyrirvara af hálfu Seðlabankans.

3. gr.

Bindifjárhæð.

Eftir útreikning bindiskyldu hverju sinni skal bindifjárhæðin, ásamt áföllnum ófærðum vöxtum hennar, vera jöfn samtölu tveggja eftirtalinna stærða, sbr. þó næstu tvær mgr.

a. 1,5% af bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.

b. 4,0% af mismuni ráðstöfunarfjár skv. 4. gr. og bundnu ráðstöfunarfé skv. 5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal aukning bindifjárhæðar frá einum útreikningi til annars, ekki vera meiri en 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá einum mánuði til annars skv. 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skal aukning bindifjárhæðar frá einum útreikningi til annars aldrei vera lægri en 0,1% af samtölu ráðstöfunarfjár skv. 4. gr. hjá þeim stofnunum sem ekki uppfylla bindiskyldu skv. 1. mgr.

Bankastjórn Seðlabankans getur, þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr., ákveðið með sérstakri tilkynningu til bindiskyldra stofnana að hækka eða lækka hámarksbindingu skv. staflíðum a eða b í 1. mgr. um allt að 1% af ráðstöfunarfé. Uppgjör á bindiskyldum fjárhæðum vegna breytinga á hámarksbindingu skv. þessari mgr. getur verið á öðrum gjalddaga en gert er ráð fyrir í 7. gr. enda sé það jafnframt tilkynnt sérstaklega.

4. gr.

Ráðstöfunarfé.

Með ráðstöfunarfé í reglum þessum er átt við niðurstöðutölu efnahagsreiknings bindiskyldrar stofnunar þ.m.t. veðdeildar að meðtöldum tekjum en að frádragnum eftirfarandi efnahags- og rekstrarliðum:

1. Skuldir við bindiskyldar stofnanir samkvæmt 2. gr. þessara reglna aðrar en markaðs-verðbréf.
2. Innlán vegna viðbótarlífeyrissparnaðar sbr. lög nr. 129/1997 með áorðnum breytingum.

3. Afskriftareikningur útlána enda sé hann meðtalinn á skuldahlið efnahagsreiknings.
4. Eigið fé og víkjandi lán.
5. Gjöld enda séu þau tilgreind á eignahlið og tekjur meðtaldar á skuldahlið efnahagsreiknings.
6. Viðskiptareikningur höfuðstöðvar/útibús/veðdeildar.

Þessi liður myndast vegna innbyrðis viðskipta bindiskyldrar stofnunar t.d. viðskipta útibúa við höfuðstöðvar. Þegar efnahagsreikningar allra rekstrareininga lánastofnunar eru lagðir saman á að koma fram sama fjárhæð slíkra viðskipta á eignahlið og skuldahlið. Séu fjárhæðirnar ólíkar, vegna rangrar bókuunar, er hér í 6. tl. átt við lægri fjárhæðina.

5. gr.

Bundið ráðstöfunarfé.

Með bundnu ráðstöfunarfé er átt við eftirfarandi skuldaliði:

- a. Útistandandi verðbréf útgefin af hlutaðeigandi stofnun, enda hafi upphaflegur lánstími þeirra ekki verið skemmri en eitt ár.
- b. Innlán á bundnum sparireikningum, þ.e. reikningum sem aðeins eru opnaðir til úttektar í tiltekinn tíma, mest einn mánuð í senn, en þess á milli líði minnst eitt ár án þess að höfuðstóllinn sé aðgengilegur reikningseiganda að neinu leyti. Innlánsreikningar, sem um tiltekinn tíma eru opnir til úttektar, skulu teljast hér með, enda geri samningar eða reglur ráð fyrir að þeir lokist á ný. Innlánsreikningar, sem að hluta eða öllu leyti eru opnir til úttektar í ótiltekinn tíma, skulu ekki teljast hér með, enda þótt þeir hafi einhverju sinni verið lokaðir fyrir úttektum. Innlánsreikningar með ákvæði um bindingu þar sem innstæðueigandi getur tekið út innstæðu fyrir lok binditíma gegn gjaldi skulu ekki teljast hér með.
- c. Innlán á reikningum sem stofnaðir hafa verið vegna samninga um reglubundinn sparnað til a.m.k. eins árs, þó ekki innlán vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, sbr. 2. tl. 4. gr. Slík innlán skulu þó ekki teljast hér með að loknum samningstímanum.
- d. Aðrar skuldir, þ.m.t. mótvirði endurkaupasamninga, til lengri tíma en eins árs.
- e. Áfallnir ófærðir vextir staflíða a, b, c og d.

6. gr.

Uppgjör bindingar.

Útreikningur bindifjárhæðar fer fram fyrir 21. hvers mánaðar og miðast við upplýsingar um stöðu ráðstöfunarfjár sbr. 4., 5. og 7. gr. um næstliðin mánaðamót eða breytingu þess frá næstu mánaðamótum á undan. Binditímabil er frá og með 21. hvers mánaðar til 20. næsta mánaðar og skal bindiskyldum stofnunum tilkynnt fyrir upphaf þess um bindifjárhæð. Bindiskyldar stofnanir skulu sjá til þess að innstæða þeirra á bindireikningi í Seðlabankanum sé að meðaltali á hverju binditímabili eigi lægri en tilkynnt bindifjárhæð.

Sé innstæða á bindireikningi að meðaltali á binditímabili lægri en tilskilin bindifjárhæð reiknar Seðlabanki viðurlög á þá fjárhæð sem á vantar að meðalinnstæða bindireiknings nái tilskilinni bindifjárhæð og skulu viðurlögin skuldfærð á viðskiptareikning viðkomandi stofnunar í upphafi næsta binditímabils. Refsivextir skulu vera dráttarvextir af óverðtryggðum peningakröfum, eins og þeir eru á hverjum tíma deilt með 12, sbr. ákvæði 70. gr. reglna nr 470/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum.

Meðalinnstæða á bindireikningi umfram bindifjárhæð ber sömu vexti og viðskiptareikningar bindiskyldra lánastofnana í Seðlabankanum.

7. gr.

Skýrsluskil.

Mánaðarskýrslur frá bindiskyldum stofnunum skulu hafa borist Seðlabankanum eigi síðar en 11. dag hvers mánaðar eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna.

Vanræki bindiskyld stofnun að skila skýrslum til Seðlabankans innan þeirra tímamarka, sem greind eru í 1. mgr., er Seðlabankanum heimilt, skv. 70. gr., sbr. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 470/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, að úrskurða bindiskylda fjárhæð á grundvelli síðustu skýrslu frá viðkomandi stofnun auk 10% álags fyrir hvern mánuð. Sé þessu ákvæði beitt skal stjórn og endurskoðendum þeirrar stofnunar, sem í hlut á, þegar tilkynnt um það, en bankaeftirlitinu ber jafnframt að rannsaka sem fyrst bókhald og eignir stofnunarinnar, sbr. 72. gr. greindrar reglugerðar.

8. gr.

Milliganga um bindiskyldu.

Heimilt er einni bindiskyldri stofnun að fela annarri bindiskyldri stofnun að annast bindiskyldu fyrir sína hönd. Eigi að síður skulu allar bindiskyldar stofnanir láta Seðlabankanum í té upplýsingar skv. 7. gr. Seðlabankinn mun tilkynna þeim stofnunum sem annast bindiskyldu fyrir aðrar stofnanir bindifjárhæðir þeirra. Heildarbindifjárhæð þeirrar stofnunar, sem fer með bindiskyldu fyrir aðrar bindiskyldar stofnanir, skal vera jöfn samtölu bindifjárhæðar hennar og hveirrar þeirrar stofnunar sem hún fer með bindiskyldu fyrir.

Bindiskyldar stofnanir sem fela öðrum bindiskyldum stofnunum að annast uppfyllingu bindiskyldu skulu tilkynna Seðlabankanum þar um með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og uppsögn slíks samkomulags skal tilkynnt Seðlabankanum með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara. Aðilar að slíku fyrirkomulagi skulu gera með sér sérstakan samning þar sem meðal annars komi fram að vanefndir einstakra aðila á uppfyllingu bindiskyldu beri sömu viðurlög og tilgreind eru í 6. gr. þessara reglna. Samningar þessir skulu háðir staðfestingu Seðlabankans.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 1999 en reglur um bindiskyldu við Seðlabanka Íslands frá 30. mars 1998 falla úr gildi frá sama tíma. Reglurnar gilda fyrst við útreikning bindiskyldu í janúar 1999.

Reykjavík, 30. desember 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Gunnarsson.

VIÐAUKI

með reglum um bindiskyldu við Seðlabanka Íslands.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með tilvísan til 1.-3. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986 og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 123/1993 um aðrar lánastofnanir með áorðnum breytingum að eftirtöldum lánastofnunum beri að uppfylla ákvæði reglna Seðlabankans um bindiskyldu, nú frá 30. desember 1998. Skrá um bindiskyldar stofnanir frá 18. nóvember 1998 fellur úr gildi frá sama tíma.

Bindiskyldar stofnanir

Landsbanki Íslands hf.	Sparisjóður Ólafsvíkur
Búnaðarbanki Íslands hf.	Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis
Íslandsbanki hf.	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
Sparisjóðabanki Íslands hf.	Sparisjóður Strandamanna
Sparisjóður Hafnarfjarðar	Sparisjóður Vestmannaeyja
Sparisjóður Siglufjarðar	Sparisjóður Norðlendinga
Sparisjóður Mýrasýslu	Sparisjóður vélstjóra
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	Sparisjóður Bolungarvíkur
Sparisjóður Norðfjarðar	Sparisjóður Svarfdæla
Sparisjóðurinn í Keflavík	Sparisjóður Önundarfjarðar
Sparisjóður S-Þingeyinga	Sparisjóður Höfðhverfinga
Sparisjóður Súðavíkur	Póstgíró, Íslandspóstur hf.
Eyrasparisjóður	Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.
Sparisjóður Árneshrepps	Kaupþing hf.
Sparisjóður Hólahrepps	Samvinnusjóður Íslands hf.
Sparisjóður Ólafsfjarðar	Glitnir hf.
Sparisjóður Þingeyrarhrepps	Lýsing hf.
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	SP-fjármögnun hf.
Sparisjóður Kópavogs	

Reykjavík, 30. desember 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Eiríkur Gunnarsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja,
nr. 84 30. janúar 1997.**

1. gr.

Í stað 4. mgr. 3. gr. komi tvær mgr. sem orðist svo:

Gjald fyrir vörslu skráningarmarkja sem eigandi ökutækis leggur inn hjá skráningarstofu eða aðila í umboði hennar skal vera 600 kr. Gjaldið greiðist fyrirfram.

Gjald fyrir aðra vörslu skráningarmarkja umfram einn mánuð skal vera 600 kr.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um verðtilfærslugjald af mjólk.

1. gr.

Innheimta skal 2,65 kr. verðtilfærslugjald hjá afurðastöðvum af hverjum innvegnum mjólkurlítra í afurðastöð innan greiðslumarks, í fyrsta sinn af mjólk innlagðri í afurðastöð 1. september 1998. Afurðastöðvum ber að standa skil á gjaldinu til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Framleiðsluráð skal halda sérstakan reikning um fjárreiður verðtilfærslugjalds sbr. 24. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Álagning verðtilfærslugjalds skal byggja á skýrslu um mánaðarlegt innlegg hvers framleiðanda og skal hún hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 10. næsta mánaðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins sendir út álagningarseðla til afurðastöðva í samræmi við skýrslur þeirra. Gjaldalagi greiðslu til Framleiðsluráðs landbúnaðarins er 25. hvers mánaðar og eindagi 25. næsta mánaðar. Framleiðsluráð gerir upp við hver verðlagsáramót hver heildargreiðsla hverrar afurðastöðvar skal vera á verðtilfærslugjaldi, sem fer eftir innvegnu mjólkurmagni í afurðastöðina, innan heildargreiðslumarks.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir verðtilfærslugjald til afurðastöðva út á tilteknar mjólkurafurðir við sölu skv. ákvörðunum verðlagsnefndar búvara sbr. 22. gr. laga nr. 99/1993. Verðlagsnefnd skal ákveða til hvaða mjólkurafurða endurgreiðsla á verðtilfærslugjaldi skal taka hverju sinni, fjárhæð á einingu afurðar og fyrir hvaða tímabil hún skal gilda og tilkynnir það Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Ákveði verðlagsnefnd að breyta endurgreiðslu á verðtilfærslugjaldi skal breytingin taka gildi miðað við 1. dag mánaðar. Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir afurðastöðvum hverju sinni um ákvarðanir verðlagsnefndar.

4. gr.

Endurgreiðsla verðtilfærslugjalds fer fram mánaðarlega út á sölu í mánuðinum á undan. Afurðastöð skal skila sölu- og birgðaskýrslum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins mánaðarlega á því formi sem Framleiðsluráð ákveður. Skýrsluskil skulu fara fram eigi síðar en 10. hvers mánaðar til að fá greitt í þeim mánuði. Skýrslur afurðastöðva um selt magn skulu staðfestar af löggiltum endurskoðendum eða á annan þann hátt sem Framleiðsluráð landbúnaðarins samþykkir. Gjald dagar greiðslna skulu vera þeir sömu og gilda um innheimtu gjalda af afurðastöð skv. 2. gr. þessarar reglugerðar.

5. gr.

Sé gerður samningur milli afurðastöðva í mjólkuriðnaði um verðtilfærslu milli seldra afurða sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 99/1993, skulu ákvæði 1. til 4. gr. reglugerðarinnar gilda um þá verðtilfærslu eftir því sem við getur átt. Í slíkum samningi, sem gerður skal til eins verðlagsárs í senn, skal kveða á um hvaða aðili hafi á höndum umsjón og fjárreiður og um að ársreikningur skuli endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Verði verulegar breytingar á heildsöluverði mjólkurvara sbr. 15. gr. laga nr. 99/1993, geta samningsaðilar leitað heimildar verðlagsnefndar búvara til breytinga á fjárhæðum í samningnum.

6. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs landbúnaðarins ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi skal Framleiðsluráð áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Áætlunin skal vera innlagt magn mjólkur í afurðastöðina árið á undan í sama mánuði og áætlað er fyrir, að viðlögðum 20%. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 22. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, sbr. 69. gr. sömu laga, og öðlast hún þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. september til 31. desember 1998 skal verðtilfærsla skv. 13. og 22. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, fara eftir verklagsreglum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um verðtilfærslu frá 24. ágúst 1995. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir verðtilfærslugjald sem tekið er yfir þetta tímabil skv. 1. gr. til afurðastöðva að fullu. Framleiðsluráð landbúnaðarins skal láta fara fram birgðatalningu hjá afurðastöðvum á þeim afurðum sem verðtilfærslugjald skv. 3. gr. greiðist til. Hafi birgðir sem til eru 31. desember 1998 notið verðtilfærslu skv. verklagsreglum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði frá 24. ágúst 1995, skal ekki greiða á þær birgðir verðtilfærslugjald við sölu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. desember 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vídalínssjóð Skálholtsskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vídalínssjóður Skálholtsskóla, stofnaður 19. nóvember 1995, til minningar um einn áhrifamesta prédikara á íslenskri tungu fyrr og síðar, Jón biskup Vídalín, biskup í Skálholti.

Stofnendur eru síra Jónas Gíslason vígslubiskup og Leifur Agnarsson, framkvæmdastjóri Kassagerðarinnar. Sá fyrrnefndi gaf sjóðnum handrit hugvekjubókar sinnar: „Hver dagur nýr“ og annaðist sölu bókarinnar, en sá síðarnefndi greiddi allan kostnað af útgáfu hennar. Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til sjóðsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.500.000 auk óseldra eintaka af bókinni. Stofnfé skal ekki skerða. Helmingur fjármagnstekna skal lagður við höfuðstól.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við framlögum, gjöfum og áheitum og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu kristinnar prédikunar í íslensku kirkjunni, með því m.a. að hvetja til og styrkja námskeið og/eða ráðstefnuhald í Skálholti í prédikunarfræðum í samráði og samvinnu við guðfræðideild Háskóla Íslands og Guðfræðistofnun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa vígslubiskupinn í Skálholti, rektor Skálholtsskóla og forstöðumaður Guðfræðistofnunar auk stofnenda. Síra Jónas Gíslason er formaður sjóðstjórnar, meðan hann óskar þess, en síðan taki vígslubiskup við formennsku sjóðsins. Að stofnendum látnum geta erfingjar hvors þeirra um sig skipað mann í sjóðstjórn, ef þeir óska þess, en að öðrum kosti skipa hinir þrír stjórn sjóðsins.

6. gr.

Rektor Skálholtsskóla annast um varðveislu fjár sjóðsins og reikningshald. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Skálholtsskóla á hverjum tíma.

7. gr.

Leitað skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. desember 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við
sameiningu Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar
og Reyðarfjarðarhrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 61/1998, skal vera Fjarðabyggð.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. desember 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 109 – 1998

30. desember 1998

2477

Nr. 799

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

84. gr. orðist svo:

Fyrir hvert próf (fræðilegt próf og verklegt próf) skal greiða sérstakt gjald, þannig:

Flokkur	M, T	A, B	BE	C	CE	D	DE	Farþegaflutningar í atvinnuskyni		
								B	D	
Fræðilegt próf	1100	1100								krónur
Verklegt próf	2400	3400	4200	6000	6000	6000	6000	6000	4000	krónur

Fyrir verklegt próf fyrir stórt bifhjól, sbr. b-lið 2. mgr. 15. gr., skal greiða 3.400 krónur.

Ef verklegt próf fyrir flokk D og til farþegaflutninga í atvinnuskyni fer fram samtímis skal greiða 9.000 krónur.

Fyrir fyrsta hæfnispróf skal ekki greiða gjald nema prófið fari fram skv. 68. gr.

2. gr.

86. gr. orðist svo:

Fyrir ökuskírteini skal greiða:

- Ökuskírteini (fullnaðarskírteini) fyrir flokkana A, B, BE, C, CE, D og DE, svo og til farþegaflutninga í atvinnuskyni, að 65 ára aldri 3.500 kr.
 - Bráðabirgðaökuskírteini 2.000 kr.
 - Ökuskírteini 65 ára og eldri 2.000 kr.
 - Ökuskírteini fyrir flokkana M og T 2.000 kr.
 - Alþjóðlegt ökuskírteini 1.000 kr.
- Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 110 – 1998

Nr. 800

2478

17. desember 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar
á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða
á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 589/1994.

1. gr.

1.-8. og 12. töluliðir í X. viðauka skulu orðast á eftirfarandi hátt:

- 1) CTR 5, 2. útgáfa: GSM tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/526/EB) um notendabúnað, sem á að tengja við almenna stafræna GSM farsímakerfið og tekur til almennra krafna um tengingu á notendabúnaði í 1. fasa GSM farsímakerfisins.

Samhæfði staðallinn er:

Kröfur um tengingu fyrir farstöðvar í GSM – aðgangur
TBR 5 / 2. útgáfa – október 1995 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. TBR5 – nóvember 1993, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 94/11/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 7. ágúst 1998.

Ákvörðun nr. 94/11/EB hefur fallið úr gildi.

- 2) CTR 9, 2. útgáfa: GSM talsímanotkun (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/527/EB) um notendabúnað, sem á að tengja við almenna stafræna GSM farsímakerfið og tekur til krafna um talgæði í notendabúnaði í 1. fasa GSM farsímakerfisins.

Samhæfði staðallinn er:

Kröfur um tengingu fyrir farstöðvar í GSM – talsímanotkun
TBR 9 / 2. útgáfa – október 1995 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. TBR9 – nóvember 1993, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 94/12/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 7. ágúst 1998.

Ákvörðun nr. 94/12/EB hefur fallið úr gildi.

- 3) CTR 12, ONP, 2084 Kbit/s, óskipulegar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/520/EB) um kröfur, sem gera skal við tengingu notendabúnaðar samkvæmt ONP skilmálum við óskipulegar leigulínur í almenna símakerfinu, sem vinna á 2048 Kbit/s hraða.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 12 – desember 1993, eins og breyttur með TBR012/A1 – janúar 1996
(að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. TBR12 – desember 1993, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 94/470/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 9. júlí 1998.

Ákvörðun nr. 94/470/EB hefur fallið úr gildi.

- 4) CTR 6, DECT tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/523/EB) um almennar kröfur, sem gera skal við tengingu notendabúnaðar sem vinnur samkvæmt hinu stafræna, samevrópska, þráðlausa fjarskiptakerfi DECT á tíðnisviðinu 1880-1900 MHz.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 6, 2. útgáfa – janúar 1997 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. TBR6 – desember 1993, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 94/471/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 9. janúar 1998.

Ákvörðun nr. 94/471/EB hefur fallið úr gildi.

- 5) CTR 10, DECT talsímanotkun (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/524/EB) um kröfur, sem gera skal við notkun hins stafræna, samevrópska, þráðlausa fjarskiptakerfis DECT við talsímabjónustu.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 102, 2. útgáfa – janúar 1997 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. TBR10 – desember 1993, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 94/472/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 9. janúar 1998.

Ákvörðun nr. 94/472/EB hefur fallið úr gildi.

- 6) CTR 4 – ISDN-stofntenging (ákvörðun framkvæmdastjórnar EB, nr. 97/347/EB) um notendabúnað, sem á að tengja með stofntengingu við almenna ISDN samnetið við T-viðmiðunartengipunkt eða samliggjandi S- og T-viðmiðunartengipunkt.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 4 – nóvember 1995 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. NET 5, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 94/796/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 20. maí 1998.

Ákvörðun nr. 94/796/EB hefur fallið úr gildi.

- 7) CTR 3 – ISDN-grunttenging (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/346/EB) um notendabúnað, sem á að tengja með grunttengingu við almenna ISDN samnetið við T-viðmiðunartengipunkt eða samliggjandi S- og T-viðmiðunartengipunkt.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 3 – nóvember 1995 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. NET 3, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 94/797/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 20. maí 1998. Ákvörðun nr. 94/797/EB hefur fallið úr gildi.

- 8) CTR 14 – ONP 64 kbit/s (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/522/EB) um notendabúnað, sem á að tengja við nettengipunktinn fyrir stafrænar, óskipulegar leigulínur með 64 kbit/s flutningsgetu í almenna fjarskiptanetinu.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 14 – apríl 1994, eins og breytt með TBR014/A1 – janúar 1996 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli fyrri útgáfu staðalsins, þ.e. TBR 14 – apríl 1994, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ESB, nr. 94/821, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 9. júlí 1998.

Ákvörðun nr. 94/821/EB hefur fallið úr gildi.

- 12) CTR 2, 2. útgáfa: Almennt pakkaskipt gagnanet (PSPDN) - tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/545/EB): um almennar kröfur um tengingu, sem gera skal til notendabúnaðar, sem tengist almennu, pakkaskiptu gagnaneti skv. CCITT tilmælum X.25 og sem notar skilfleti skv. CCITT tilmælum X.21 og X.21 bis.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 2 – janúar 1997 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli eldri staðals, þ.e. NET 2 – önnur útgáfa 1994, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 96/71/EB, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 7. ágúst 1998.

Ákvörðun nr. 96/71/EB hefur fallið úr gildi.

2. gr.

Á eftir 12. tölulið í X. viðauka komi nýir töluliðir, sem orðist svo:

- 13) CTR 20, GSM - 2. fasi, talsímanotkun (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 96/629/EB) um notendabúnað, sem á að tengja við almenna stafræna GSM farsímakerfið og tekur til krafna um talgæði í notendabúnaði í 2. fasa GSM farsímakerfisins.

Samhæfði staðallinn er:

Kröfur um tengingu fyrir farstöðvar í GSM – talsímanotkun

TBR 20 – október 1996

(undanskilin eru formáli og allar kröfur nema þær, sem vísað er til í viðauka II í TBR 20)

Notendabúnaður skv. GSM – 1. fasa, sbr. tölulið 1) í viðauka þessum, má áfram setja á markað og taka í notkun, að því tilskyldu að hann hafi verið samþykktur af tilkynntum aðila fyrir 24. október 1998.

- 14) CTR 19, GSM - 2. fasi, tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 96/630/EB) um notendabúnað, sem á að tengja við almenna stafræna GSM farsímakerfið og tekur til almennra krafna um tengingu á notendabúnaði í 2. fasa GSM farsímakerfisins.

Samhæfði staðallinn er:

Kröfur um tengingu fyrir farstöðvar í GSM – tenging

TBR 19 – október 1996

(undanskilin eru formáli og allar kröfur nema þær, sem vísað er til í viðauka II í TBR 19)

Notendabúnaður skv. GSM – 1. fasa, sbr. tölulið 1) í viðauka þessum, má áfram setja á markað og taka í notkun, að því tilskyldu að hann hafi verið samþykktur af tilkynntum aðila fyrir 24. október 1998.

- 15) CTR 15: (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/486/EB): um almennar kröfur sem gera skal við tengingu notendabúnaðar við 2ja víra hliðrænar leigulínur skv. skilmálum um frjálstan aðgang að netum (ONP).

Samhæfði staðallinn er:

TBR 15 – janúar 1997 (að formála undanskildum)

- 16) CTR 17: (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/487/EB): um almennar kröfur sem gera skal við tengingu notendabúnaðar við 4ra víra hliðrænar leigulínur skv. skilmálum um frjálstan aðgang að netum (ONP).

Samhæfði staðallinn er:

TBR 17 – janúar 1997 (að formála undanskildum)

- 17) CTR 31, DCS 1800 tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/528/EB), um almennar kröfur um tengingu á notendabúnaði, sem á að tengja við almenna stafræna farsímakerfið, sem vinnur á DCS 1800 tíðnisviðinu.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 31 – janúar 1997

(að formála undanskildum, en aðeins þær kröfur, sem vísað er til í viðauka II í staðlinum)

- 18) CTR 32, DCS 1800 talsímanotkun (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/529/EB), um kröfur um talgæði í notendabúnaði, sem á að tengja við almenna stafræna farsímakerfið, sem vinnur á DCS 1800 tíðnisviðinu.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 32 – janúar 1997

(að formála undanskildum, en aðeins þær kröfur, sem vísað er til í viðauka II í staðlinum)

- 19) CTR 1: (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/544/EB): um notendabúnað, sem tengja skal við almennt, rásaskipt gagnaflutningsnet og leigulínur með ONP skilmálum, sem nota skilfleti af gerð X.21 samkvæmt ITU-T tilmælum. Gagnaflutningshraði getur verið allt að 1.984 kbit/s.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 1 – október 1995

- 20) CTR 24: 34 Mbit/s leigulínur skv. ONP skilmálum (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/639/EB): um kröfur til notendabúnaðar sem tengja á við nettengipunktinn fyrir 34 368 kbit/s stafrænar óskipulegar leigulínur (D34U) eða 34 368 kbit/s stafrænar skipulegar leigulínur (D34S) með gagnaflutningshraða 33 920 kbit/s.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 24 – júlí 1997 (að formála undanskildum)

- 21) CTR 13: 2 Mbit/s leigulínur skv. ONP skilmálum (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/521/EB): um kröfur til notendabúnaðar sem tengja á við nettengipunktinn fyrir 2 048 kbit/s stafrænar skipulegar leigulínur. Ákvörðunin nær einnig til notendabúnaðar, sem ætlað er að tengjast leigulínunum af ofangreindri gerð, þegar flutningsgetunni er skipt niður í eina eða fleiri 64 kbit/s rásir.

Samhæfði staðallinn er:

TBR 13 – janúar 1996 (að formála undanskildum)

- 22) CTR 22: DECT, (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/525/EB): um notendabúnað fyrir Evrópska stafræna og þráðlausu fjarskiptakerfið (DECT), kröfur varðandi almenna tengingu (Generic Access Profile, GAP)

Samhæfði staðallinn er:

TBR 22 – janúar 1997 (að formála undanskildum)

Notendabúnað, sem samþykktur hefur verið á grundvelli eldri staðals um DECT, þ.e. TBR11 – september 1994, sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 95/525/EB og tölulíð 11) í viðauka þessum, má setja á markað og taka í notkun að því tilskyldu að slíkt samþykki hafi verið veitt fyrir 9. janúar 1998.

Ákvörðun nr. 95/525/EB hefur fallið úr gildi.

- 23) CTR 25: 140 Mbit/s leigulínur skv. ONP skilmálum (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 97/751/EB): um kröfur til notendabúnaðar sem tengja á við nettengipunktinn fyrir 139 264 kbit/s stafrænar óskipulegar leigulínur (D140U) eða 139 264 kbit/s stafrænar skipulegar leigulínur (D140S) með gagnaflutningshraða 138 240 kbit/s.

Samhæfði staðallinn er:
TBR 25 – júlí 1997 (að formála undanskildum)

- 24) CTR 21: PSTN tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, nr. 98/482/EB): um almennar kröfur sem gera skal við tengingu notendabúnaðar við hliðræna almenna talsímakerfið, PSTN (Public Switched Telephone Network). Ákvörðunin nær þó ekki til búnaðar sem fellur undir lið g) í 5. gr. reglugerðar nr. 589/1994.

Samhæfði staðallinn er:
TBR 21 – janúar 1998 (að formála undanskildum)

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 143/1996 og með hliðsjón af ofangreindum ákvörðunum framkvæmdastjórnar EB, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 17. desember 1998.

Halldór Blöndal.

Einar Hannesson.

REGLUGERÐ

um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga.

Almennt.

1. gr.

Ársreikningaskrá skal annast þau störf félagaskrár, sbr. VIII. kafla laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, sem varða móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga, úrtakskannanir og athuganir.

Skilaskyldir aðilar.

2. gr.

Félögum sem tilgreind eru í 1. og 2. gr. laga nr. 144/1994, ber að skila til ársreikningaskrár gögnum samkvæmt reglugerð þessari til birtingar.

Skilaskyldan hvílir á stjórn og framkvæmdastjóra. Hjá félögum sem ekki hafa formlega stjórn hvílir skilaskyldan á öllum félagsaðilum sameiginlega.

Birtingarskyld gögn.

3. gr.

Ársreikning eða eftir atvikum samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur skal senda ársreikningaskrá.

Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram í ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal til viðbótar gögnum skv. 1. mgr. senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er félagi, sem tvö ár í röð fer ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum á reikningsskiladegi, heimilt að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum sbr. reglugerð nr. 694/1996, um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi:

1. eignir nema 200 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 400 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Heimild þessi nær þó hvorki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi né til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluta sína.

5. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisáðstæður mæla með því geta félög sem fara tvö reikningsár í röð á reikningsskiladegi ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, sent ársreikningaskrá samandreginn rekstrarreikning sbr. reglugerð nr. 694/1996:

1. eignir nema 500 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 1.000 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

6. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 144/1994, skal senda ársreikningaskrá með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

Form birtingar og fyrirvarar.

7. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi og með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Vekja skal athygli á hvers konar fyrirvara endurskoðenda eða fyrirsvarsmanna og tilgreina ástæður þeirra.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild, sbr. 4. og 5. gr., skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritun var með fyrirvara og hvers efnis hann er.

Heimilt er að birta ársreikning á tölvutæku formi. Skal þá fylgja með yfirlýsing frá endurskoðanda eða skoðunarmanni um að skjalið sé í samræmi við frumrit ársreiknings og skýrslu stjórnar.

Skilafrestur.

8. gr.

Félagi sem skylt er að gera ársreikninga eða samstæðureikning samkvæmt lögum nr. 144/1994, skal eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, senda ársreikningaskrá gögn samkvæmt 3. gr.

Félag, sem hefur hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal senda ársreikning sinn þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.

Árlega skal birta í Lögbirtingablaði lista yfir þau félög sem skilað hafa ársreikningi samkvæmt reglugerð þessari til ársreikningaskrár.

Aðgangur að gögnum.

9. gr.

Veita skal aðgang að þeim gögnum sem skilað er samkvæmt reglugerð þessari. Heimilt er að afhenda ljósrit af gögnum þessum gegn gjaldi, sbr. lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Skoðun gagna.

10. gr.

Ársreikningaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórnna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994. Heimilt er að krefjast þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Hafi ársreikningur verið tekinn til skoðunar samkvæmt þessari grein skal það koma fram í gögnum ásamt athugasemdum og niðurstöðum ársreikningaskrár.

Erlend félög og sameignar- og samlagsfélög.

11. gr.

Útibú erlendra félaga, erlend dótturfélög og sameignar- og samlagsfélög sem skráð eru hér á landi skulu með sama hætti senda ársreikningaskrá ársreikninga sína eða eftir atvikum samstæðureikninga eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 73. - 76. gr. laga nr. 144/1994.

Skattstjórar.

12. gr.

Ársreikningaskrá getur ákveðið að félög skv. 2. gr. megi skila þessum gögnum til skattstjóra þess umdæmis þar sem félögin eru framtalsskyld.

Viðurlög og málsmeðferð.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum sbr. 83. gr. laga nr. 144/1994. Ef ekki er sinnt ákvæðum reglugerðar þessarar skal ársreikningaskrá senda skattrannsóknarstjóra ríkisins málið til meðferðar skv. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 361/1995, um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, sbr. 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 89. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 1998.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag íbúðabygðar við Klettaberg, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 8. desember 1998 breytingu á deiliskipulagi íbúðarbygðar við Klettaberg, samþykkt 29. desember 1995.

Breytingin felst í því, að í stað fjögurra þriggja hæða parhúsa með 8 íbúðum alls að Klettabergi 26-40, komi fjögur þriggja hæða fjölbýlishús með 16 íbúðum alls. Fjögurra hæða stallað tvíbýlishús að Klettabergi 66 verði fellt niður og lóðinni bætt við almennt grænt svæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 29. desember 1995.

22. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íþrótta- og útivistarsvæðis Hauka á Ásvöllum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 13. október 1998 deiliskipulag íþrótta- og útivistarsvæðis Hauka á Ásvöllum.

Á svæðinu, sem liggur við Ásbraut, er gert ráð fyrir íþróttahúsi, sundlaug, vallahúsi, söluturni og æfingasvæðum utanhúss.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

22. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs, vegna Staðarbergs 6, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs.

Breytingin felst í því að byggingunni að Staðarbergi 6 er breytt úr íbúðarhúsi í heilsdagsskóla.

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 30. september til 28. október 1998, og yfirfarin af Skipulagsstofnun.
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

10. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,
Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu-Hringbrautar-Öldugötu, Hringbraut 2-4, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi, Lækjargötu-Hringbrautar-Öldugötu í Hafnarfirði, sem staðfest var 26. nóvember 1985.

Breytingin felst í að í stað 9 einbýlishúsa og vistgötu komi tvö þriggja hæða og eitt tveggja hæða fjölbýlishús með allt að 31 íbúð og bílakjallara. Auk þess fellur út byggingareitur fyrir einbýlishús við Öldugötu og þar verða bílastæði. Að Hringbraut 4 þar sem nú er gamalt verslunarhúsnæði komi fjölbýlishús með allt að 10 íbúðum.

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 28. ágúst til 25. september 1998, og yfirfarin af Skipulagsstofnun.
Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

10. desember 1998.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,
Magnús Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum.

1. gr.

Allar rækjuveiðar eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Norðaustur af landinu á svæði, er markast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

- | | |
|----------------------------|-----------------------------|
| 1. 67°40,00 N - 18°00,00 V | 7. 67°04,00 N - 14°49,60 V |
| 2. 67°12,00 N - 18°00,00 V | 8. 66°50,80 N - 13°14,50 V |
| 3. 67°11,00 N - 16°40,00 V | 9. 66°34,90 N - 12°39,80 V |
| 4. 67°16,00 N - 16°19,70 V | 10. 66°30,00 N - 12°35,80 V |
| 5. 67°19,80 N - 15°20,00 V | 11. 66°30,00 N - 12°01,50 V |
| 6. 67°13,00 N - 14°35,17 V | 12. 67°40,00 N - 14°30,00 V |

2. Á Héraðsflóa á svæði, innan eftirgreindra punkta:
1. 65°42,21 N - 14°21,55 V
 2. 65°42,14 N - 14°05,50 V
 3. 65°37,00 N - 13°53,42 V

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 10. janúar 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. desember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 1999 að telja um 4,0 % frá því sem þær voru í desember 1998.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

REGLUGERÐ

um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993

1. gr.

Skilyrði greiðslu tekjutryggingar.

Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan ellilífeyri, örorku-, endurhæfingar- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og eiga lögheimili hér á landi eða í ríki sem Ísland hefur gert samninga við á sviði almannatrygginga.

Óskert tekjutrygging greiðist þeim sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 - 67 ára aldurs, sbr. þó 2. og 3. gr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist tekjutrygging í hlutfalli við lögheimilistímann.

Við ákvörðun lögheimilistíma örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs.

2. gr.

Tekjutrygging elli- og sjómannalífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps ellilífeyrisþega eru ekki hærri en 241.344 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu á lífeyri hans að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 241.344 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur einungis annað hjóna ellilífeyris, en hitt ekki, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærri en 724.032 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 347.244 kr. á ári. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta ellilífeyris, en hafa sameiginlega tekjur sem fara ekki fram úr 482.688 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 482.688 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

3. gr.

Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Ef tekjur einhleyps örorkulífeyrisþega eru ekki hærri en 362.016 kr. á ári skal greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri hans að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 362.016 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna örorkulífeyris, en hitt ekki, og eru sameiginlegar tekjur þeirra hjóna ekki hærri en 1.086.048 kr. á ári og skal þá greiða tekjutryggingu til viðbótar lífeyri þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hans vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

4. gr.

Ákvæði varðandi hjón og sambúðarfólk.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Vegna tekjutryggingar skulu tekjur hjóna, sem bæði njóta lífeyris, metnar sameiginlega og ef aðeins annað hjóna nýtur lífeyris, en hitt ekki, þá skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans.

Sama rétt til bóta og hjón hafa einnig karl og kona sem eru í óvígðri sambúð er skráð hefur verið í þjóðskrá lengur en eitt ár eða ef þau hafa átt barn saman eða konan þunguð af hans völdum, enda sé óvígð sambúð þeirra skráð í þjóðskrá. Sameiginlegt lögheimili eða sambúð eftir öðrum ótvíræðum gögnum lengur en eitt ár skal lagt að jöfnu við skráningu sambúðar í þjóðskrá. Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri rétt en það hefði haft í hjónabandi.

5. gr.

Tekjur úr lífeyrissjóðum.

Tekjur ellilífeyrisþega úr lífeyrissjóði, allt að 109.260 kr. á ári hjá einhleypingi eða 152.966 kr. á ári hjá hjónum eða sambúðarfólki, sem bæði eru lífeyrisþegar, sbr. 4. gr., reiknast ekki inn í framangreindar viðmiðunartekjur.

Til lífeyrissjóðstekna í þessu sambandi teljast greiðslur úr lífeyrissjóðum, sem starfa eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og háðir eru eftirliti Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, sbr. IX. kafla laga nr. 129/1997.

6. gr.

Tekjuhugtakið og aðrar frádráttarbærar tekjur.

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frádregnum bótum almannatrygginga, húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu fjármagnstekjur metnar að 50 hundraðshlutum.

7. gr.

Tekjur erlendis frá.

Tekjur, sem bótaþegi fær greiddar erlendis frá, skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að því marki sem slíkar tekjur hefðu áhrif á ákvörðun tekjutryggingar, væri þeirra aflað hérlendis. Auk þess er heimilt að skerða greiðslur vegna bóta erlendis frá og sem eru fyrir sama tímabil og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

8. gr.

Eignatekjur.

Eignir hafa ekki áhrif á útreikning tekjutryggingar, ef þær skila engum tekjum, sem skattskyldar teljast. Hafa skal þó hliðsjón af því hvort eignum bótaþega hafi verið ráðstafað með þeim hætti að tekjur falli niður og þannig hafi skapast tölulegur grundvöllur hækkunar bótanna.

9. gr.

Ákvörðun tekna og tekjufirlýsing.

Við ákvörðun tekna, samkvæmt reglugerð þessari, skal fara eftir nýjustu upplýsingum, sem skattayfirvöld geta látið í té, enda geti umsækjandi eða Tryggingastofnunin ekki fært sönnur á nýrri upplýsingar.

Nú hættir elli- eða örorkulífeyrisþegi vinnu eða missir á annan hátt tekjur, sem hafa komið í veg fyrir að hann fengi hækkun tekjutryggingar samkvæmt þessari reglugerð, og skal hann þá, eftir því sem við verður komið, færa sönnur á tekjulækkunina og gefa skriflega yfirlýsingu um hana. Er þá heimilt að taka tillit til tekjulækkunarinnar, en komi síðar í ljós

að gefnar voru rangar upplýsingar eða tekjur hafa hækkað aftur, skal ofgreiðslan endurheimt.

10. gr.

Endurskoðun bótaupphæða.

Ákvarðaðar bætur samkvæmt þessari reglugerð skal endurskoða árlega með tilliti til breytinga á tekjum bótaþega. Hinar nýju ákvarðanir skulu almennt gilda frá 1. september ár hvert. Í sérstökum undantekningartilfellum skal þó heimilt að láta hinar breyttu tekjur hafa áhrif á útreikning bóta þegar eftir að lífeyrisþegi hefur fært sönnur á tekjulækkun.

Hafi um breytingu tekna verið að ræða, er heimilt að láta hina nýju ákvörðun gilda aftur í tímann allt að tveimur árum. Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum sem orðið hafa.

11. gr.

Úrskurðir og kæra til tryggingaráðs.

Lífeyristryggingadeild ákvarðar um vafatilfelli og ágreiningsmál vegna tekjutryggingar og skal þá gæta ákvæða stjórnisýslulaga.

Ákvarðanir lífeyristryggingadeildar eru kærnanlegar til tryggingaráðs.

12. gr.

Verklagsreglur.

Tryggingastofnun ríkisins setur verklagsreglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar og skulu þær hljóta umfjöllun og samþykkt tryggingaráðs.

13. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 66. gr., sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 485/1995 með síðari breytingu. Fjárhæðir í reglugerð þessari breytast í samræmi við reglur 18. og 65. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. desember 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn sameinaðs
sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar
og Reyðarfjarðarhrepps og fundarsköp bæjarstjórnar.**

1. gr.

Heiti samþykktarinnar verður: Samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Í stað „sameinaðs sveitarfélags Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps“ í 3. gr. samþykktarinnar kemur: Fjarðabyggðar.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur gert samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Árneshrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Árneshrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstími hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Árneshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Árneshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndarinnar, og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi eigi sjaldnar, en ársfjórðungslega. Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir mati oddvita og skylt er að halda fundi í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hún ákvörðun um hvernig fundir hennar eru auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengsta setu í hreppsnefndinni kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefndinni átt jafnlengi setu í hreppsnefndinni fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningu nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar helstu starfsmanna sveitarfélagsins.
2. Önnur mál sem falla undir verkvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerðar síðasta fundar.

10. gr.

Oddviti skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

11. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingastað sveitarfélagsins, og á skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma.

12. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim a.m.k. sólarhring fyrir fund.

13. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur meirihluta atkvæða þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Verði atkvæði þá jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndarinnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddviti hreppsnefndarinnar skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

14. gr.

Hreppsnefndarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum og almenningi heimilaður aðgangur, að þeim eftir því, sem húsrúm leyfir. Hreppsnefndin getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum.

Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

15. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

16. gr.

Oddviti hreppsnefndarinnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og skipulega bókaðar.

17. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddvitinn eða hreppsnefndin ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

18. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

19. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmat forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Hreppsnefndin getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

20. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

21. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita.

22. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefndinni með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefndinni til annarar nefndar eða ráðs.

Máli sem hreppsnefndinni ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefndinni er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

23. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi skal að jafnaði fara fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddvitinn mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddvitinn frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Slíkar kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

24. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

25. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndarinnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd er getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í fundarlok skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddvitinn og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu eða færðar í gerðabók.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefndinni er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefndin felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

27. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefndinni af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun,

ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

29. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

30. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefndinni.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

32. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

33. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar, getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

34. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI Nefndir, og stjórnir.

35. gr.

Hreppsnefndin kýs fulltrúa í nefndir, og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar.

36. gr.

Við nefndarkjör kýs hreppsnefndin formann nefnda, sem tekur ásamt nefndarmönnum við réttindum og skyldum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum þessum, sem eru í meginatriðum þær sömu og hreppsnefndarmanna. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

37. gr.

Hreppsnefnd kýs nefndir og stjórnir í embætti á vegum sveitarfélagsins:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Kjörstjórn við alþingiskosningar:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.
- B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum hreppsnefndarkosningum:
 1. *Kjörstjórn við hreppsnefndarkosningar:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 2. *Búfjáreftirlitsmaður:* Einn og annar til vara.
 3. *Byggingar- og skipulagsnefnd:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 4. *Skoðunarmenn:* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. (Kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar.)
 5. *Skólanefnd grunnskóla:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
 6. *Fulltrúa á Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga:* Einn aðalmaður og einn til vara.
 7. *Fulltrúa á Fjórðungsþing Vestfjarða:* Einn aðalmaður og einn til vara. Gildir í tvö ár.
 8. *Fulltrúi í héraðsnefnd Strandasýslu:* Einn aðalmaður og einn til vara.
 9. *Fulltrúi í stjórn Sparisjóðs Strandamanna á Hólmavík:* Einn aðalmaður og einn til vara.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

38. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningurinn skal staðfestur af hreppsnefndinni.

39. gr.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi hreppsnefndarinnar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndarinnar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita þegar ekki er starfandi framkvæmdastjóri skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu sveitarfélagsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

40. gr.

- 2.4. Matsstuðullinn er tákn fyrir óvissu þegar niðurstöður úr prófunum fyrir afmarkaðan fjölda af dýrategundum eru framreiknaðar fyrir raunverulegt umhverfi. Þetta þýðir að yfirleitt minnkar óvissan og þar með matsstuðullinn eftir því sem gögnin verða umfangsmeiri og prófanirnar vara lengur⁸⁾.

3. Mat á mengunarálagi

- 3.1. Markmiðið með mati á mengunarálagi er að spá fyrir um þann styrk efnisins sem að lokum verður í umhverfinu. Þessi styrkur, *áætlaður styrkur í umhverfinu*, er kallaður PEC⁹⁾. Í sumum tilvikum reynist ekki unnt að ákveða PEC og þarf þá að meta eðli mengunarálagsins.
- 3.2. Aðeins þarf að ákveða PEC eða, ef ástæða er til, að meta eðli (qualitative estimation) mengunarálagsins fyrir þá þætti umhverfisins þar sem búast má við að efnið berist út, verði losað, því fargað eða dreift.

7) PNEC: Predicted No Effect Concentration.

8) Venjulega er matsstuðull af stærðargráðunni 1000 notaður fyrir gildið L(E)C50 sem fæst við niðurstöður prófana á bráðum eiturrhifum en lækka má þennan stuðul í ljósi annarra upplýsinga sem máli skipta. Venjulega er lægri matsstuðull notaður fyrir NOEC sem fæst við niðurstöður prófana á langvinnum eiturrhifum.

9) PEC: Predicted Environmental Concentration.

3.3. Meta skal PEC eða gerð mengunarálagsins á grundvelli upplýsinga sem gefnar eru í tækniskjölunum sbr. I. — IV. viðauka.

Þau skulu innihalda eftir því sem við á:

3.3.1. Nákvæm gögn um mengunarálag

3.3.2. Upplýsingar um magn efnisins sem markaðssett er innan EES

3.3.3. Form efnisins við markaðssetningu og/eða notkun (t.d. efnið eitt sér eða sem efnisþáttur í blöndu)

3.3.4. Notkunarflokkur og umbúðir/umbúnaður

3.3.5. Gögn um vinnsluferli, þar sem það á við

3.3.6. Eðlisefnafræðilegir eiginleikar efnisins, einkum bræðslumark, suðumark, gufuþrýstingur, yfirborðsspenna, vatnsleysni og oktanól/vatn-deilistudull

3.3.7. Líkleg dreifingarferli efnisins til umhverfisþátta og möguleiki á aðsogi/afsogi og niðurbroti

3.3.8. Tíðni og lengd mengunarálags

3.4. Þegar magn markaðssetts efnisins er 10 tonn eða minna á ári (eða minna en 50 tonn alls) skal venjulega ákveða PEC eða meta eðli mengunarálags fyrir staðbundið umhverfi þar sem efnið kann að vera losað.

4. Áhættulýsing

4.1. Í áhættulýsingunni skal, eftir því sem mögulegt er, gerður samanburður á PEC og PNEC fyrir umhverfisþáttinn sem um ræðir til þess að fá fram PEC/PNEC-hlutfallið. Ef hlutfallið PEC/PNEC er jafnt og eða minna en einn gildir niðurstaðan í lið 4 a) III. kafla. Ef hlutfallið er stærra en einn skal Hollustuvernd ríkisins ákveða hver af niðurstöðunum í lið 4 b), c) eða d) III. kafla gildir. Ákvörðunin er tekin á grundvelli stærðar PEC/PNEC-hlutfallsins og annarra viðkomandi þátta, t.d. þeirra sem taldir eru upp í lið 1.1.1-1.1.4 hér að framan.

4.2. Ef ekki reynist unnt að reikna út PEC/PNEC-hlutfallið skal í áhættulýsingunni vera mat á líkum á skaðlegum áhrifum við áætlað mengunarálag. Hollustuvernd ríkisins skal ákveða hver af niðurstöðunum fjórum í 4. lið III. kafla gilda þegar slíkt mat hefur verið gert, og að teknu tilliti til viðkomandi þátta, eins og þeirra sem taldir eru upp í lið 1.1 hér að framan.

5. Samþætting

Í samræmi við 1. lið V. kafla má gera áhættulýsingu fyrir fleiri en einn umhverfisþátt. Í slíkum tilvikum ber Hollustuvernd ríkisins að ákveða hver af fjórum niðurstöðunum í 4. lið III. kafla gilda fyrir hvern hluta. Þegar áhættumatinu er lokið skal Hollustuvernd ríkisins yfirfara niðurstöðurnar og semja samþætta niðurstöður á grundvelli heildaráhrifa efnisins á umhverfið.

D. HLUTI

HEILDARSAMÞÆTTING NIÐURSTAÐNA

1. Hollustuvernd ríkisins ber að yfirfara niðurstöðurnar sem fást í samræmi við 5. lið í A.II., 4. lið í B.II. og 5. lið í C.-hluta og samþætta þær með tilliti til þeirrar áhættu sem fram kemur í áhættumati einstakra hluta.
2. Ef krafist er frekari upplýsinga sbr. lið 4 b) og c) í III. kafla eða gerð tilmæli um að draga úr áhættu sbr. lið 4 d) í III. kafla ber að færa rök fyrir því. Varðandi hið síðarnefnda ber að taka tillit til 6. liðar III. kafla.

VII. VIÐAUKI

Prófunaraðferðir sem nota á skv. 16. gr.

Prófanir sem krafist er skv. þessari reglugerð eiga almennt að vera framkvæmdar í samræmi við þær prófunaraðferðir sem tilgreindar eru í V. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE¹⁰⁾.

Eðlisefnafræðilegir eiginleikar efnisins skulu ákvarðaðir í samræmi við aðferðir sem tilgreindar eru í V. viðauka A.-hluta.

Eiturefnafræðilegir eiginleikar efnisins skulu ákvarðaðir í samræmi við aðferðir sem tilgreindar eru í V. viðauka B.-hluta.

Umhverfiseiturfræðilegir eiginleikar efnisins skulu ákvarðaðir í samræmi við aðferðir sem gefnar eru í V. viðauka C.-hluta.

VIII. VIÐAUKI

Listi yfir þau lönd sem undanþegin eru kröfu um tilkynningaskyldu við útflutning á nýjum efnum sbr. 1. mgr. 9. gr.

Eftirfarandi lönd utan EES hafa tilsvarendi löggjöf varðandi tilkynningu um ný efni og eru þar með undanþegin tilkynningu um ný efni vegna útflutnings á nýju efni sem framleitt er á Íslandi.

Ástralía	Sviss
Kanada	Bandaríkin
Filippseyjar	Suður Kórea
Japan	

IX. VIÐAUKI

Listi yfir lönd sem tilheyra EES, sbr. 3. gr.

Eftirfarandi lönd eru þátttakendur í EES-samningnum og hafa sameiginlega löggjöf um tilkynningaskyldu varðandi ný efni, í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE með síðustu breytingu í tilskipun ráðsins 92/32/EBE:

Austurríki	Ítalía
Belgía	Lichtenstein
Danmörk	Lúxemborg
Finnland	Noregur
Frakkland	Portúgal
Grikkland	Spánn
Holland	St. Bretland og N-Írland (UK)
Írland	Svíþjóð
Ísland	Þýskaland

10) Prófunaraðferðir eru birtar í tilskipun 67/548/EBE eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 92/69/EBE, sjá „Official Journal of the European Communities“, nr. L 383 A, frá 29. desember 1992 og 4. tl., 1. gr. tilskipunar 93/21/EBE, birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 426-427 og tilskipun 96/54/EB, sjá „Official Journal of the European Communities“, nr. L 248, frá 30. september 1996.

STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 1998

10. desember 1998

2541

Nr. 816

STARFSREGLUR

um embættiskostnað sóknarpresta.

1. gr.

Prestar og prófastar þjóðkirkjunnar fá greiddan embættiskostnað í samræmi við reglur þessar.

Til embættiskostnaðar teljast eftirtaldir kostnaðarþættir:

1. Skrifstofukostnaður.
 - 1.1. Afnot af húsgögnum á skrifstofu.
 - 1.2. Afnot af skrifstofuáhöldum.
 - 1.3. Pappír, skriffæri, handbækur o.fl.
 - 1.4. Ræsting og lýsing skrifstofurýmis.
 - 1.5. Kynding skrifstofurýmis.
2. Símakostnaður.
3. Póstkostnaður.
4. Embættisklæði.

Prestar og prófastar sem reka embættisskrifstofu á heimili sínu fá greiddan kostnað skv. liðum 1 til 3. Allir prestar og prófastar fá greiddan kostnað skv. 4. lið.

2. gr.

Skrifstofukostnaður samkvæmt liðum 1.1., 1.2., 1.3., og 1.4. í 1. grein greiðist mánaðarlega. Skrifstofukostnaður prests er ákveðinn kr. 4.200 en prófasta kr. 4.500.

3. gr.

Prestar og prófastar, sem búa í húsnæði, er prestssetrasjóður leggur þeim til, fá mánaðarlega greiddan kostnað við kyndingu vegna skrifstofurýmis sem hér segir:

1. Fyrir húsnæði, sem kynt er með olíu, rafmagni eða vatni frá hitaveitu á sambærilegu verði, greiðist kr. 1.284.
2. Fyrir húsnæði, sem kynt er með vatni frá hitaveitu á verðlagi, sem er allt að 60-80% af kostnaði skv. lið 1, greiðist 70% eða kr. 899.
3. Fyrir húsnæði, sem kynt er með vatni frá hitaveitu á verðlagi, sem er allt að 60% af kostnaði skv. lið 1, greiðist 40% eða kr. 513.

Fyrir húsnæði, þar sem prestar eða prófastar greiða óverulegan eða engan hitunarkostnað, kemur engin greiðsla fyrir upphitun skrifstofurýmis.

Biskupsstofa framkvæmir ofangreinda flokkun embættisbústaða í samráði við Prestafélag Íslands.

4. gr.

Símakostnaður greiðist þannig:

1. Stofngjald af sínum í bústöðum ríkissjóðs (eitt tæki) greiðist samkvæmt framlögðum reikningum, enda sé síminn skráður á embættið.
2. Prestar fá greidda mánaðarlega fjárhæð er samsvarar 500 umframskrefum vegna notkunar síma í embættisþágu. Á sama hátt greiðist próföstum fjárhæð er samsvarar 700 umframskrefum.

3. Nemi símanotkun presta á ársfjórðungi (þ.e. langlínusamtöl og símskeyti í embættisþágu eða yfirsímtöl) hærri fjárhæð en sem svarar 1.500 umframskrefum, hjá próföstum 2.100 umframskrefum, sbr. 2. tl., þá eiga þeir rétt á að fá helming umframkostnaðar greiddan gegn framlagningu reikninga. Umframfjárhæð má þó eigi vera hærri en sem samsvarar 2000 umframskrefum hjá prestum og 2400 umframskrefum hjá próföstum.

5. gr.

Póstkostnaður greiðist þannig:

1. Prestar fá greiddar mánaðarlega vegna póstkostnaðar kr. 500.
2. Prófastar fá greiddar mánaðarlega vegna póstkostnaðar kr. 800.
3. Telji prestur eða prófastur umrædda greiðslu ekki nægja fyrir nauðsynlegum póstkostnaði, þá getur hann fengið viðbótarkostnað greiddan í árslok gegn framvísun reikninga eftir úrskurði biskupsstofu.

6. gr.

Kostnaður vegna prestsklæða greiðist þannig:

1. Biskupsstofa leggur prestum og próföstum til hennu á hverjum 10 árum. Heimilt er þó að endurnýja hennu í fyrsta sinn eftir 5 ár.
2. Vegna annarra embættisklæða þ.m.t. prestakragar, prestaflibbar og prestavesti, svo og vegna hreinsunar embættisklæða, greiðist öllum prestum og próföstum mánaðarlega kr. 300.

7. gr.

Prestar og prófastar, sem ekki njóta prestssetra, skulu fá greidda mánaðarlega leigu fyrir afnot eigin húsnæðis í þágu embættis, sem nemur 10% af mánaðarlaunum í launaflokki sóknarprests, 6. þrepi.

8. gr.

Fjárhæðir samkvæmt 2., 3., 5. og 6. gr. skulu breytast í samræmi við breytingar er verða á vísitölu vöru og þjónustu, miðað við 114,8 stig.

Allar greiðslur samkvæmt reglum þessum greiðast eftir á.

9. gr.

Þegar prestur/prófastur er settur til að þjóna nágrannaprestakalli í aukþjónustu, ber honum greiðsla embættiskostnaðar skv. 2., 4., 5. og 6. gr. að hálfu.

Fyrir aukþjónustu vegna sumarleyfa presta greiðist embættiskostnaður í sama hlutfalli og föst laun.

10. gr.

Greiðslur skv. reglum þessum skerðast eigi þótt prestur/prófastur sé frá starfi vegna veikinda, sem nemur allt að einum mánuði. Sé veikindatími lengri falla niður greiðslur skv. 4. og 5. gr. Aðrar greiðslur haldast óbreyttar þann tíma sem laun í veikindum greiðast.

11. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, svo og heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 1999. Starfsreglur þessar skal taka til endurskoðunar fyrir kirkjuþing að hausti 1999 og skal fjallað um þær að nýju á kirkjuþingi 1999.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gildi reglna þessara er háð því að frumvarp um breyting á lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36 8. september 1931 verði að lögum. Meðan svo er ekki, taka reglur þessar ekki gildi, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 11. gr., og skulu þá eldri reglur um greiðslu embættiskostnaðar gilda.

Reykjavík, 10. desember 1998.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 193 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á tímabilinu 1. janúar til 31. júlí 1998:

Í umdæmi sýslumannsins á Selfossi:

Ósavatn á skógræktarbýli úr landi Egilsstaða I, Villingaholtshreppi, Árnessýslu,

Myrkholt á hrossaræktar- og þjónustubýli úr landi Kjóstastaða II, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu,

Mön á loðdýrabýli úr landi Ása, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu og

Brúnir á smábýli/lögbýli úr landi Gnúpverjahrepps (upphaflega landi Skaftholts), Árnessýslu.

Menntamálaráðuneytinu, 31. desember 1998.

F. h. r.

Árni Gunnarsson.

Karitas H. Gunnarsdóttir.

SAMÞYKKTIR

**um breytingu á samþykktum nr. 196/1997
fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.**

1. gr.

Grein 2 orðast svo:

Sjóðurinn starfar í þremur deildum, A-deild, B-deild og séreignardeild (S-deild). Um aðild að hverri deild um sig fer eftir II. og X. kafla samþykktu þessara. Fjárhagur deildanna skal vera aðgreindur. Rekstrarkostnaði skal skipt á milli þeirra í hlutfalli við umfang hvorrar deildar í rekstri sjóðsins samkvæmt nánari reglum er stjórn sjóðsins setur.

2. gr.

Fyrirsögn yfir 3.–7. gr. (verður 3.–9. gr.) verði þannig:

Stjórn sjóðsins, starfsmenn og innra eftirlit.

3. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 8. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Við lífeyrissjóðinn skal starfa endurskoðunardeild eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili sem annast innra eftirlit. Innra eftirlit skal vera hluti af skipulagi lífeyrissjóðsins og þáttur í eftirlitskerfi hans. Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila.

Sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili getur verið löggiltur endurskoðandi eða sá sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins.

4. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 9. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðsins skv. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 skal m.a. annast eftirfarandi verkefni:

1. hafa eftirlit með að skráning iðgjalda og lífeyrisréttinda sé samkvæmt lögum og samþykktum sjóðsins,
2. hafa eftirlit með að lífeyrisréttindi séu reiknuð í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins,
3. gera tillögu til stjórnar um skipulagningu innra eftirlits og annast sérstakar úttektir á virkni innra eftirlits,
4. hafa eftirlit með að í viðskiptum með eignir lífeyrissjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka,
5. hafa eftirlit með því að fjárfestingarstefnu sé fylgt og að ávöxtun eigna sé eðlileg,
6. hafa eftirlit með að iðgjöldum og öðru ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins.

5. gr.

20. gr. sem verður 22. gr. orðast svo:

Gjaldstofn fyrir iðgjald til A-deildar skal vera heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu vegna þess starfs sem veitir sjóðfélaga aðild að sjóðnum. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga.

6. gr.

Við 21. gr. sem verður 23. gr. bætist ný mgr. sem verði 1. mgr. og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því. Málsgreinin orðast svo:

Gegni sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til A-deildar sjóðsins skv. ákvæðum 15. gr. vegna starfs hjá tilteknum launagreiðanda, jafnframt aukastarfi hjá sama launagreiðanda, er heimilt að greiða iðgjald til sjóðsins vegna slíkra aukastarfa.

7. gr.

25. gr. sem verður 27. gr. orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn lífeyrissjóðs er heimilt að móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja deild í sjóðnum. Lífeyrissjóði er heimilt að ávaxta fé sitt með eftirfarandi hætti:

1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 65% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.
4. Með innlánnum í bönkum og sparisjóðum.
5. Í skuldabréfum og vixlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.
6. Í hlutabréfum fyrirtækja.
7. Í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, en verðbréfasafni að baki skírteininum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.
8. Í öðrum verðbréfum.
9. Í innlendum hlutabréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu engar hömlur lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningar hlutaðeigandi hlutafélaga öllum aðgengilegir.
10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.

Verðbréf skv. 1., 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem starfar reglulega, er opin almennungi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 10% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum sem falla undir 1., 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. og ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu verðbréfin gefin út af innlendum aðilum.

Eign lífeyrissjóðsins skv. 2., 5. og 8. tölul. 1. mgr. hverjum um sig og 6. og 9. tölul. 1. mgr. samanlagt skal ekki vera meiri en 35% af hreinni eign sjóðsins. Þó skal eign skv. 9. tölul. ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.

Samánlögð eign sjóðsins í verðbréfum skv. 2.–9. tölul. 1. mgr. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun skal vera 5% fyrir verðbréf skv. 8. tölul. Eigi er lífeyrissjóðnum heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki né meira en 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Þó er lífeyrissjóðnum heimilt að eiga stærri hluta en 15% í fyrirtæki sem eingöngu sinnir þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn sjálfan.

Lífeyrissjóðurinn skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðsins.

Með hreinni eign í 3.–6. mgr. er átt við hreina eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Takmarkanir í 3.–6. mgr. skulu halda á hverjum tíma.

Lífeyrissjóðnum er ekki skylt að selja eignir í því skyni að fullnægja þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein en skal þegar hann kaupir verðbréf gæta þess að þessi takmörk séu virt.

8. gr.

30. gr. sem verður 32. gr. orðast svo:

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun. Endurskoðun skal vera lokið eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Endurskoðun reikninga skal gerð í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur og reglur bankaeftirlits Seðlabanka Íslands þar að lútandi. Með endurskoðun sinni skal endurskoðandi

komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Hann skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykktar varðandi meðferð fjármuna, ráðstöfun fjár, ávöxtun og upplýsingaskyldu lífeyrissjóða.

Telji ríkisendurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram eða hafi aðrar ábendingar og athugasemdir, sem hann vill koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra, skal bera þær fram skriflega og veita hæfilegan frest til svara. Þyki ríkisendurskoðanda ástæða til skal hann gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðsins um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti og öðru því sem hann telur að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðsins.

Ríkisendurskoðandi skal að lokinni endurskoðun árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit ríkisendurskoðanda á því hvort ársreikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna, samþykktar og góða reikningsskilavenju svo og greinargerð um niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef ríkisendurskoðandi telur að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skal hann taka það fram sérstaklega. Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem þar ber að veita að hans áliti, eða er ekki í samræmi við ársreikninginn skal ríkisendurskoðandi vekja athygli á því í áritun sinni.

Ríkisendurskoðandi hefur rétt til að sitja stjórnarfundum þar sem fjallað er um ársreikning.

9. gr.

Á 2. mgr. 65. gr. sem verður 67. gr. eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Í stað orðsins „sjóðnum“ í a. lið komi: B-deild sjóðsins.

Í stað orðsins „sjóðnum“ í b. lið komi: B-deild sjóðsins.

Í stað orðsins „sjóðsins“ í c. lið komi: B-deildar sjóðsins

10. gr.

Eftir IX. kafla kemur nýr kafli, X. kafli Séreignardeild (S-deild) en töluröð síðari kafla breytist til samræmis við það.

11. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 89. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Almennt.

Sjóðurinn starfrækir séreignardeild (S-deild) sem tekur við iðgjaldi til myndunar séreignar.

12. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 90. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Aðild.

Aðilar að S-deild geta verið þeir sem greiða eða greitt hafa iðgjald til einhvers eftirgreindra sjóða: A- eða B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga, Lífeyrissjóðs alþingismanna og Lífeyrissjóðs ráðherra og þeir, sem átt gætu rétt til aðildar að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins skv. 3. gr. laga um sjóðinn.

Sjóðfélagar í séreignardeild skulu gera skriflegan samning við lífeyrissjóðinn, þar sem tilgreindir eru skilmálar varðandi framlög og tryggingavernd, ásamt yfirlýsingu um að þeir hlíti samþykktum sjóðsins.

13. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 91. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Líf- og heilsutrygging.

Lífeyrissjóðnum er heimilt, samkvæmt skriflegri beiðni viðkomandi sjóðfélaga, að draga frá iðgjöldum hans upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- og heilsutryggingar. Það er þó skilyrði fyrir slíkum kaupum, að réttur til útborgunar tryggingar hlíti sömu reglum og sé í samræmi við 93. gr. samþykktta þessara.

14. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 92. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Hlutdeild í ávöxtun.

Framlög hvers sjóðfélaga í séreignardeild skulu færð á sérreikning hans. Auk þess skal færa til eignar hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum.

Nettótekjur séreignardeildar skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikninga þeirra.

15. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 93. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Útborgun.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá lífeyrissparnað sinn greiddan með jöfnum, mánaðarlegum eða árlegum greiðslum, á eigi skemmri tíma en 7 árum, þó aldrei fyrr en tveimur árum eftir fyrstu innborgun eða á þeim tíma, sem sjóðfélagi vantar á að hafa náð 67 ára aldri. Sama rétt hefur sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar, áður en hann nær 60 ára aldri. Nú er örorka metin minni en 100% og lækkar þá árleg endurgreiðsla í sama hlutfalli og endurgreiðslutíminn lengist sem því svarar.

Eigi síðar en við upphaf lífeyristöku skulu sjóðfélagar í séreignardeild gera skriflegan samning um útborgun séreignar.

Við andlát sjóðfélaga, fellur eign hans í séreignardeild til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Hlut eftirlifandi maka, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 129/1997, ber að greiða með jöfnum greiðslum á sjö árum. Greiðslum skal þó lokið fyrir 67 ára aldur maka, hafi hann ekki þegar náð honum við andlát rétthafa. Hlut barns undir 18 ára aldri skal greiða með jöfnum greiðslum á fimm árum eða á þeim árum sem upp á vantar að barnið nái 18 ára aldri, hvort sem lengra er.

Láti rétthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús rétthafa án takmarkana 2. msl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er undir kr. 500.000. Skal viðmiðunarfjárhæð þessi breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar til tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

16. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein sem verði 94. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Uppsagnarákvæði.

Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með sex mánaða fyrirvara.

Samningurinn fellur þó úr gildi ef sjóðfélagi hættir störfum, sem veita aðild að lífeyrissjóðum skv. 1. mgr. 90. gr., nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignardeildar.

Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Aðilar samnings um lífeyrissparnað geta samið um að heimilt sé að flytja innstæðu eða réttindi eftir uppsögn milli þeirra, sem boðið geta upp á samninga af þessu tagi sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 gegn greiðslu kostnaðar.

17. gr.

Breytingar þessar öðlast þegar gildi.

Með vísan til laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins staðfestast breytingar þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1998.

F. h. r.

Ragnheiður Snorradóttir.

Tómas N. Möller.

STJÓRNARTÍÐINDI B 112 – 1998

2549

Nr. 819

EMBÆTTI OG SÝSLANIR

1997:

7. apríl var Jaak Oja skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Tallinn, Eistlandi.

10. nóvember var Felicity McCartan skipuð kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Dublin, Írlandi.

S.d. var Patrick J. McCartan leystur frá störfum sem aðalræðismaður í Dublin.

S.d. var Hafdal B. Jacobsen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Aabenraa, Danmörku.

20. nóvember var Líneyju Emmu Jónsdóttur veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

27. nóvember var Kolbeini Kristóferssyni lækni veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar 1998 til og með 31. desember 1998.

18. desember var Bogi Nilsson skipaður til þess að vera ríkissaksóknari frá 1. janúar 1998 að telja.

S.d. var Pétur Kr. Hafstein hæstaréttardómari kjörinn forseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1998 til og með 31. desember 1999.

S.d. var Garðar Gíslason hæstaréttardómari kjörinn varaforseti Hæstaréttar frá 1. janúar 1998 til og með 31. desember 1999.

S.d. var Jónasi Guðmundssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

31. desember var Eyþóri Þorbergssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

1998:

2. janúar var Hans Holch skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Thisted á Norður-Jótlendi, Danmörku.

S.d. var Jørgen Hammer skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi á Borgundarhólmi, Danmörku.

S.d. var Henrik Ove Knudsen skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Randers, Danmörku.

S.d. var Carl Christian Nielsen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Odense, Danmörku.

S.d. var Ulf Martin von Huth Smidt skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Tønder, Danmörku.

S.d. var dr. Gísli Þór Reynisson skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Riga, Lettlandi.

S.d. var Maria Cristina Rizzi skipuð kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Genóva, Ítalíu.

S.d. var dr. Eyþór Eyjólfsson skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Tokyo, Japan.

S.d. var Arne W. Aanensen skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Haugesund, Noregi.

S.d. var Wouter Johann Pieter Jongeper skipaður kjörræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Amsterdam, Hollandi.

S.d. var Jacobus Bernardus Mulders veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Amsterdam, Hollandi.

S.d. fékk V. Srinivasan lausn frá embætti sem kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Madras, Indlandi.

S.d. fékk M. Ellen Lahey lausn frá embætti sem kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Ottawa, Kanada.

S.d. fékk Elinor Brammer lausn frá embætti sem kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Helsingør, Danmörku.

S.d. var Eyþóri Arnalds veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Botswana með ræðismannsstigi í Reykjavík.

S.d. var Kristbjörgu Ágústsdóttur veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Kanada með vararæðismannsstigi í Reykjavík.

5. janúar var Eddu Björnsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. janúar lagði Jónas Þór Guðmundsson inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. janúar var Hrafnkatli Helgasyni veitt lausn frá stöðu dósents við Háskóla Íslands frá og með 1. apríl 1998.

12. janúar var Esra S. Pétursson sviptur lækningaleyfi að fengnum tillögum landlæknis, skv. 27. gr. sbr. 28. gr. læknalaga nr. 53/1988.

14. janúar var gefin út löggilding handa Gunnari Viðar héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

16. janúar var Kristínu Edwald lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. janúar var Ásdísi Lindu Sverrisdóttur veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

S.d. var gefin út löggilding handa Viggó Jörgenssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. lagði Baldur P. Erlingsson inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. janúar lagði Sigurður Skúli Bergsson inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

21. janúar var Óttari Pálssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

26. janúar var Herði Sigurðssyni veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

29. janúar var Jóni Hannessyni veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar 1998 til og með 31. desember 1998.

30. janúar var Völu Valtýsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Margréti Steinarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Katli Sigurjónssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Haraldur Johannessen skipaður til þess að vera ríkislögreglustjóri frá 1. febrúar 1998 að telja.

4. febrúar var Stanislaw Laskowski skipaður kjörræðismaður Íslands með aðalræðismannsstigi í Gdansk/Sopot/Gdynia, Póllandi.

5. febrúar var Páli Gunnari Pálssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

6. febrúar var Ásu Ólafsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

9. febrúar var gefin út löggilding handa Ingrid Markan til þess að vera skjalþýðandi úr ensku á íslensku.

12. febrúar var Ingibjörgu Ingvadóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

13. febrúar var Tone Eidnes Andersen skipuð kjöræðismaður Íslands með vararæðismannsstigi í Fredericia, Danmörku.

17. febrúar var Láru V. Júlíusdóttur héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflytninga fyrir Hæstarétti.

18. febrúar var Kristbjörgu Stephensen lögfræðingi veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

19. febrúar var Jóni Sigurðarsyni veitt viðurkenning sem kjöræðismanni Eistlands með aðalræðismannsstigi í Reykjavík.

20. febrúar var Jörundi Gauksyni lögfræðingi veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

S.d. fékk Helga Loftsdóttir afhent leyfisbréf sitt til málflytninga fyrir héraðsdómi.

23. febrúar var Lárusi L. Blöndal héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflytninga fyrir Hæstarétti.

27. febrúar var séra Þóreyju Guðmundsdóttur veitt lausn frá embætti sóknarprests í Desjarmýrarprestakalli í Múlaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. mars 1998 að telja.

S.d. var gefin út löggilding handa Magnúsi Guðnasyni til þess að vera skjalfýðandi úr dönsku á íslensku.

S.d. var Jón Finnbjörnsson skipaður til þess að vera héraðsdómari við héraðsdóm Suðurlands frá 1. mars 1998 að telja.

S.d. var Stefáni Geir Þórisyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

6. mars var gefin út löggilding handa Ásgeiri Magnússyni hæstaréttarlögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

11. mars var Þórarinn Baldursson að fengnum tillögum landlæknis sviptur lækningaleyfi, skv. 27. gr. sbr. 28. gr. læknalaga nr. 53/1988.

12. mars var gefið út skipunarbréf handa sr. Bjarna Karlssyni sem sóknarprestur í Laugarnesprestakalli í Reykjavíkurborgardæmi vestra. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. júní 1998 að telja.

16. mars var gefin út löggilding handa Salvöru Aradóttur til þess að vera skjalfýðandi úr dönsku á íslensku.

17. mars var Georg Kr. Lárússon skipaður til þess að vera varalögreglustjóri í Reykjavík frá 1. maí 1998 að telja.

22. mars var Guðmundi Skúla Hartvigssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

26. mars fékk Margrét María Sigurðardóttir afhent leyfisbréf sitt til málflytninga fyrir héraðsdómi.

S.d. var Sveini Ólasyni veitt leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi.

27. mars var séra Hirti Magna Jóhannssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Útskálaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. júní 1998 að telja.

30. mars var Sigurði B. Halldórssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þorleifi Pálssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi.

31. mars var séra Hjálmar Jónssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests og prófasts í Sauðárkróksprestakalli, Skagafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. september 1998 að telja.

3. apríl var séra Jóni Bjarman veitt lausn frá embætti sjúkrahúsprests þjóðkirkjunnar, að eigin ósk, frá 1. september 1998 að telja.

6. apríl var gefin út löggilding handa Berglindi Svavarsdóttur héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Jónas Jóhannsson héraðsdómari skipaður til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Vestfjarða til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Halldór Halldórsson héraðsdómari skipaður til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Norðurlands vestra til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Logi Guðbrandsson héraðsdómari skipaður til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Austurlands til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari skipuð til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Vesturlands til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Freyr Ófeigsson héraðsdómari skipaður til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Kristján Torfason héraðsdómari skipaður til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Suðurlands til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari skipuð til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Reykjaness til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Friðgeir Björnsson héraðsdómari skipaður til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur til næstu fimm ára frá og með 1. júlí 1998 að telja.

15. apríl var Skúla Bjarnasyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Brynjari Þór Níelssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. skilaði Axel Kristjánsson löggiltur fasteigna- og skipasali leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

16. apríl var Stefáni Karlssyni veitt lausn frá stöðu forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi frá og með 1. janúar 1999.

17. apríl var Hannesi Júlíusi Hafstein lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. apríl var séra Jónu Hrönn Bolladóttur veitt lausn frá embætti prests í Vestmannaeyjaprestakalli, Kjalarnessprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. júlí 1998 að telja.

21. apríl var Ásgeiri Guðmundssyni veitt lausn samkvæmt eigin ósk frá stöðu forstjóra Námsgagnastofnunar frá og með 1. júlí 1998.

S.d. var Jóni Sveinbjörnssyni veitt lausn frá stöðu prófessors við Háskóla Íslands frá og með 1. ágúst 1998.

22. apríl var Óskari Sigurðssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

24. apríl var gefin út löggilding handa Ólafi Thoroddsen til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Guðmundi Benediktssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

27. apríl var Hermanni Guðmundssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. apríl var gefin út löggilding handa Örlygi Hnefli Jónssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var Jóhannes Einarsson skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Mónakó.

S.d. var Ronald Pfeiffer skipaður kjörræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Rotterdam, Hollandi.

S.d. var Andra Má Ingólfssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismaður Mexíkó með ræðismannsstigi í Reykjavík.

S.d. var Colin Crosby skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Aberdeen, Skotlandi.

29. apríl var Magnúsi K. Hannessyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

4. maí var Sif Guðjónsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. maí var Brynjari Kvaran lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Höllu Bergþóru Björnsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Kristínu Völundardóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Pétri Þór Sigurðssyni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

13. maí var Jóhanni Hjartarsyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

14. maí var Gísla Guðna Hall lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

16. maí var Árni Arnason skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðismannsstigi í Vilnius, Litháen.

19. maí var Sjöfn Kristjánsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Guðmundi H. Péturssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

22. maí var endurútféið leyfi handa Bjarna Stefánssyni lögfræðingi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

25. maí var Gísla Tryggvasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

26. maí var Tryggva Þórhallssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. lagði Hjalti Pálmason inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

27. maí var Karl Gauti Hjaltason skipaður til þess að vera sýslumaður í Vestmannaeyjum frá 1. júlí 1998 að telja.

S.d. lagði Oddný Mjöll Arnardóttir inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. maí var Reimari Snæfells Péturssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Guðmundi Karli Brynjarssyni sem sóknarprestur í Skagastrandarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. júní 1998 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa cand. theol. Birni Sveini Björnssyni sem sóknarprestur í Útskálaprestakalli í Kjalarnessprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. júní 1998 að telja.

5. júní lagði Hallgrímur Ásgeirsson inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Friðrikkú Hörpu Ævarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

11. júní var gefið út skipunarbréf handa Agli Stephensen til þess að vera saksóknari við embætti lögreglustjórans í Reykjavík frá 1. júlí 1998 að telja.

16. júní var Ragnari Arnasyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

22. júní var gefið út leyfisbréf handa Sigrúnu Brynju Einarsdóttur lögfræðingi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. júní var Ólafi Björnssyni héraðsdómsslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Hrafkatli Óskarssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var séra Sigurpáli Óskarssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hofsóssprestakalli, Skagafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. október 1998 að telja.

S.d. var Friðriki Ásgeiri Hermannssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

30. júní var Viðari Lúðvíkssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Gunnari Jóhanni Birgissyni hæstaréttarlögmanni veitt að nýju heimild til að stunda fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

S.d. var Einarí Símónarsyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

1. júlí fékk Bjarnfreður Ólafsson héraðsdómslögmaður afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Bjarna Eiríkssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

2. júlí lagði Auður Hörn Freysdóttir inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

7. júlí var Runólfi Ágústssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Óskari Páli Óskarssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. júlí var Rúnu Soffíu Geirsdóttur lögfræðingi afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Guðjóni Ægi Sigurjónssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jónu Björk Helgadóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ólafi Þór Haukssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

10. júlí var Sigurði Gizurarsyni afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Bjarna Guðnasyni veitt lausn frá stöðu prófessors við Háskóla Íslands frá og með 1. október 1998.

13. júlí var Ingibjörg Ásgeirsdóttir skipuð forstjóri Námsgagnastofnunar til fimm ára frá 1. júlí 1998 að telja.

S.d. var Lárus Hagalín Bjarnason skipaður skólameistari Menntaskólans við Hamrahlíð frá 1. ágúst 1998 að telja.

14. júlí var Bjarna Benediktssyni lögfræðingi afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Hreini Benediktssyni veitt lausn frá stöðu prófessors við Háskóla Íslands frá og með 1. nóvember 1998.

17. júlí var gefin út löggilding handa Sigurði S. Wium til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var séra Sigurjóni Einarssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Kirkjubæjarklaustursprestakalli og prófests í Skaftafellsprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. september 1998 að telja.

S.d. var séra Sváfni Sveinbjarnarsyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Breiðabólstaðarprestakalli og prófests í Rangárvallaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. ágúst 1998 að telja.

S.d. var Gunnari Stefánssyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. júlí var gefið út skipunarbréf handa Ragnheiði Harðardóttur sem saksóknara við embætti ríkissaksóknara frá 1. júlí 1998 að telja.

S.d. lagði Jónas Friðrik Jónsson inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

29. júlí var gefið út skipunarbréf handa séra Bryndísi Möllu Elíadóttur sem sóknarprestur í Kirkjubæjarklaustursprestakalli í Skaftafellsprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. október 1998 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Önundi Björnssyni sem sóknarprestur í Breiðabólstaðarprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september 1998 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Kristjáni Björnssyni sem sóknarprestur í Vestmannaeyjaprestakalli í Kjalarnessprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september 1998 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa séra Örnólfi Jóhannesi Ólafssyni sem sóknarprestur í Skútustaðaprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. nóvember 1998 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Láru G. Oddsdóttur guðfræðingi sem sóknarprestur í Valþjófsstaðarprestakalli í Múlaprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. nóvember 1998 að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Guðbjörgu Jóhannesdóttur guðfræðingi sem sóknarprestur í Sauðárkróksprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september 1998 að telja.

S.d. var Önnu Guðmundsdóttur veitt lausn samkvæmt eigin ósk frá stöðu lektors við Kennaraháskóla Íslands frá og með 1. ágúst 1998.

S.d. var Jóni G. Ásgeirssyni veitt lausn frá stöðu prófessors við Kennaraháskóla Íslands frá og með 1. nóvember 1998.

31. júlí var Birgi Snæbjörnssyni veitt lausn frá embætti prófests í Eyjafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. janúar 1999 að telja.

1. ágúst var Örn Guðmundsson skipaður skólastjóri Listdansskóla Íslands til fimm ára frá 1. ágúst 1998 að telja.

5. ágúst var Steingrímur Ari Arason skipaður framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna til fimm ára frá 1. janúar 1999 að telja.

6. ágúst fékk Ásmundur Vilhjálmsson afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

10. ágúst var Bjarni Stefánsson skipaður til þess að vera sýslumaður á Hólmavík frá 1. október 1998 að telja.

12. ágúst var Árna Harðarsyni lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. ágúst var leyfi Ragnars Tómassonar til málflutnings fyrir héraðsdómi afturkallað meðan svo er ástatt að hann fullnægir ekki almennu skilyrði.

21. ágúst lagði Unnur Gunnarsdóttir inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

24. ágúst var Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður skipaður formaður matsnefndar eignarnámsbóta. Skipunin gildir í fimm ár frá 24. ágúst að telja.

S.d. var Allan V. Magnússon héraðsdómari skipaður varaformaður matsnefndar eignarnámsbóta. Skipunin gildir í fimm ár frá 24. ágúst að telja.

28. ágúst var Þórði Eydal Magnússyni veitt lausn samkvæmt eigin ósk frá stöðu prófessors við tannlæknadeild Háskóla Íslands frá og með 1. september 1998.

1. september var Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

10. september var Halldóri H. Backman lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefin út löggilding handa Pétri Einarssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

S.d. var gefin út löggilding handa Pétri Erni Sverrissyni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

11. september var Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari skipaður til þess að vera dómstjóri héraðsdóms Suðurlands til næstu fimm ára frá og með 16. september 1998 að telja.

16. september var Árna Páli Árnasyni afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

17. september var Bryndísi Björk Kristjánsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

21. september var gefið út skipunarbréf handa Sigurði Grétari Sigurðssyni cand. theol. sem sóknarprestur í Breiðabólstaðarprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. október 1998 að telja.

22. september var Guðrúnu Agnesi Þorsteinsdóttur veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Guðmundínu Ragnarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

23. september lagði Ásta Sigrún Helgadóttir inn leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

24. september fékk Erla Jónsdóttir afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d fékk Erla Jónsdóttir héraðsdómslögmaður leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

29. september var gefin út löggilding handa Sigurjóni Halldórssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalþýðandi úr frönsku á íslensku og íslensku á frönsku.

S.d. var Tómasi Jónssyni veitt leyfi til þess að stunda dýralækningar hér á landi.

30. september var gefin út löggilding handa Sigurði I. Halldórssyni héraðsdómslögmanni til þess að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.

1. október var Erlingur Sigtryggsson skipaður til þess að vera héraðsdómari frá 1. október að telja. Frá sama tíma var Erlingur skipaður til þess að vera dómstjóri við héraðsdóm Vestfjarða til næstu fimm ára.

2. október var Grétu Gunnarsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa Ragnheiði Jónsdóttur cand. theol. sem sóknarprestur í Hofsóssprestakalli í Skagafjarðarprófastsdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 15. október 1998 að telja.

6. október var Sæmundi Óskarssyni veitt lausn samkvæmt eigin ósk frá stöðu prófessors við verkfræðideild Háskóla Íslands frá og með 1. janúar 1999.

7. október var Áslaugu Þórarinsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Drífu Pálsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Aðalsteini E. Jónssyni héraðsdómslögmanni veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

14. október var Margréti Ríkarðsdóttur lögfræðingi veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. fékk Runólfur Ágústsson afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur afhent leyfisbréf sitt til málflutnings fyrir héraðsdómi.

